Hæstaréttardómar 1991 - 1. bindi

Útgáfa 3.1 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af dómasafni Hæstaréttar. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af dómum Hæstaréttar án endurgjalds. Hæstiréttur Íslands stendur ekki fyrir útgáfu þessa skjals né komið að henni með öðrum hætti en lýst er hér að neðan.

Sérstakar þakkir fær Bókasafn Hafnarfjarðar fyrir að gefa flest bindanna til skönnunar og Óli Gneisti Sóleyjarson fyrir sín framlög til verkefnisins. Fjárhagslegir styrktaraðilar fá einnig þakkir fyrir fjárframlög sín.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta dómar ekki verndar höfundalaga. Skrifstofa Hæstaréttar hefur tjáð höfundi skjalsins að Hæstiréttur hyggst ekki gera neinar athugasemdir vegna birtingar þessara rafrænu eintakanna í heilu lagi, en hefur hins vegar ekki útilokað að annað efni en dómar gæti notið verndar höfundalaga. Ef ætlunin er að nýta aðra hluta skjalsins en dómana sjálfa er mælt með því að viðkomandi hafi samband við Hæstarétt eftir því sem við á.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu

Gallar á bls. 207, 222, 223, 269, 272, 334, 344, 346, 362, 378, 386, og 430 á prenteintaki.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

HÆSTARÉTTARDÓMAR 1991

Efnisskrá til bráðabirgða

1. hefti

Bls.

Aðfinnslur ... 758
Aðflutningsgjöld ... 138
Aðild ... 42, 118, 212, 707
Afsal ... 145
Ábyrgð ... 404
Áfrýjun ... 32, 38, 216, 767
Ávana- og fíkniefni ... 290, 522
Bankastofnanir ... 686
Biðlaun ... 14
Bifreiðar:
  Einkamál ... 426
  Opinber mál ... 157, 203, 306, 393, 500, 508, 600, 608, 691, 767, 773
Brot gegn 195. gr. alm. hgl. ... 802, 812
Búskipti ... 242
Byggingarmál ... 219
Dómarar ... 38, 242, 758, 767
Dómsátt felld úr gildi ... 22, 262
Dómstólar ... 256
Eignarnám ... 118
Eignarréttindi ... 118
Eignaupptaka ... 290
Erfðaskrá ... 570
Fasteignakaup ... 145, 178
Fjárnámsgerð felld úr gildi ... 518, 745
Framkvæmd aðfarar ... 758
Framlagning skjala ... 520
Frávísun:
  a) frá héraðsdómi ... 242, 331, 514, 853
  b) frá Hæstarétti ... 32, 34, 49, 212, 247, 415, 482, 721, 842
Frávísunardómur felldur úr gildi ... 749
Frávísunardómur staðfestur ... 50
Frávísunarkröfu hafnað ... 216
Frávísunarkröfu hrundið ... 777
Frestur ... 36, 247, 248, 249, 251, 480, 844
Gagnaöflun ... 25
Gallar ... 97, 178
Gatnagerðargjald ... 615, 635, 638, 641, 644, 651, 654, 657, 660, 663, 666, 673, 676, 679
Geðheilbrigðisrannsókn ... 259, 312
Gjafsókn ... 561, 570, 857

Bls.
Gjaldþrotaskipti 12, 721
Greiðsla 145, 707
Grenndarréttur 219
Gæsluvarðhald 55, 135, 160, 162, 164, 259, 312, 488
1. tl. 1. mgr. 67. gr. l. nr. 74/1974 847
3. og 5. tl. 1. mgr. 67. gr. l. nr. 74/1974 82
Hafning máls 289, 846
Hefð 118
Hegningarauki 58, 108
Heimvísun 68, 256, 703, 894
Hjón 242, 745
Húsaleiga 334
Húsbrot 802
Hylming 58
Hæfi dómara 30
Höfundaréttur 795
Innsetningargerð 239, 412, 415
Kaupgjald 827
Kröfu um að hæstaréttardómarar víki sæti hafnað 25
Kæruheimild 721
Kærumál:
Aðfinnslur 758
Aðild 212
Dómarar 758
Dómsátt feld úr gildi 22, 262
Framkvæmd aðfarar 758
Framlagning skjala 520
Frávísun:
a) frá héraðsdómi 331
b) frá Hæstarétti 49, 212, 415, 721
Frávísunardómur felldur úr gildi 749
Frávísunardómur staðfestur 50
Frávísunarkröfu hrundið 777
Gagnaöflun 25
Geðheilbrigðisrannsókn 259, 312
Gjaldþrotaskipti 12, 721
Gæsluvarðhald 55, 135, 160, 162, 164, 259, 312, 488
1. tl. 1. mgr. 67. gr. l. nr. 74/1974 847
3. og 5. tl. 1. mgr. 67. gr. l. nr. 74/1974 82
Hæfi dómara 30
Innsetningargerð 415
Kröfu um að hæstaréttardómarar víki sæti hafnað 25
Kæruheimild 721
Lausnargerð 3, 423
Lögbann 3
Lögræðislög 236, 718
Málflutningsumboð 765
Munnlegur málflutningur 312

Bls.
Nauðungaruppboð ... 212
Sjálfræðissvipting ... 236, 718
Skjöl ... 872
Stefnubirting ... 50
Vitni ... 872
Þinglýsing ... 49, 209, 762 879
Lausnargerð ... 3, 423
Lán ... 419
Leiðbeiningarskylda ... 745
Líkamsárás ... 166, 393, 724
Líkamsmeiðingar ... 253, 494, 857
Læknaráð ... 449
Lögbann ... 3
Löghald ... 570
Lögræðislög ... 236, 718
Lögskýring ... 138, 256
Lögveð ... 138, 615, 635, 638, 641, 644, 651, 654, 657, 660, 663, 666, 673, 676, 679
Mannréttindasáttmáli Evrópu ... 256
Matsgerðir ... 178
Málflutningslaun ... 785
Málflutningsumboð ... 765
Málskostnaður ... 289
Meðdómendur ... 68
Miskabætur ... 264, 795
Misneyting ... 561, 570
Munnlegur málflutningur ... 312
Nauðgun ... 84, 264
Nauðungaruppboð ... 212, 703
Opinberir starfsmenn ... 14
Ógildi samnings ... 561, 570
Ómaksbætur ... 113, 114, 115, 117, 304, 682, 683, 684, 846
Ómerking ... 68, 242, 256, 514, 703, 853, 894
Rán ... 277
Riftun ... 97
Röskun á húsfriði ... 393
Sameining mála ... 588
Samninga ... 194
Sératkvæði ... 118, 157, 178, 264, 334, 443, 615, 635, 638, 641, 644, 651, 654, 657, 660, 663, 666, 673, 676, 679, 785, 802, 812, 857
Sjálfræðissvipting ... 236, 718
Sjómannalög ... 484
Sjómenn ... 70
Skaðabætur, skaðabótamál 97, 108, 178, 426, 443, 449, 588, 707, 724, 857
Skilorð ... 38, 58, 724, 802, 812
Skilorðsrof ... 773
Skipulag ... 219
Skjalafals ... 38, 473, 588, 780

Bls.
Skjöl 872
Skuldamál 42, 194, 228
Stefnubirting 50, 490, 853
Stjórnarskrá .. 256, 615, 635, 638, 641, 644, 651, 654, 657, 660, 663, 666, 673, 676, 679
Svik 868, 883, 889
Sýkna 691, 883
Sönnun 166, 522
Tékkalög 883
Tékkar 686, 889
Tilraun 739
Tómlæti 70
Tómlæti hafnað 404
Umferðarlög 58, 157, 203, 306, 393, 500, 508, 600, 608, 691, 767, 773
Uppboð 894
Upptaka 522
Úrskurður um útburð 32
Útivistardómar 1, 2, 112, 113, 114, 115, 116, 117, 304, 305, 682, 683, 684, 685, 717, 754, 755, 756, 757
Vanhæfi dómara 894
Varnarsamningur Íslands og Bandaríkjanna 827
Vatnsréttindi 118
Vátrygging 868
Veikindaforföll 484
Verðtrygging 348, 367, 385
Verkfall 443
Verksamningur 404, 849
Vinnusamningur 70, 484, 827
Vinnuslys 449, 707
Vitni 872
Þingfestingu synjað 840
Þinglýsing 49, 209, 762, 879
Þjófnaður 58, 108, 473, 588, 739, 780
Þóknun fyrir arkitektastörf 321
Örorka 426, 449, 707

Hæstaréttardómar.

Útgefandi: Hæstiréttur.

LXXII. árgangur. 1. hefti. 1991

Mánudaginn 7. janúar 1991.

Nr. 425/1990. **Tölvuverslun Reykjavíkur hf.**

gegn

Ístel hf.,
Íslandsbanka hf.,
Íspan hf.,
Endurskoðun hf.,
Húsasmiðjunni hf.,
Sandi hf.,
Trésmiðju Björns Ólafssonar hf.,
Sverri Kristjánssyni,
Steypuverksmiðjunni Ósi hf.,
Búnaðarbanka Íslands,
Lífeyrissjóði Dagsbrúnar og Framsóknar,
Landsbanka Íslands og
Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Tölvuverslun Reykjavíkur hf., er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 2.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Mánudaginn 7. janúar 1991.

Nr. 430/1990. **Ísþór hf.**

gegn

Ewos hf.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ísþór hf., er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 2.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Mánudaginn 7. janúar 1991.

Nr. 438/1990. **Erna Bjarnadóttir**

gegn

Sigríði L. Sigmundsdóttur.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Erna Bjarnadóttir, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 2.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Mánudaginn 7. janúar 1991.

Nr. 447/1990. **Olíuverslun Íslands h/f**
gegn
Samvinnufélaginu Hreyfli.

Kærumál. Lögbann. Lausnargerð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Jónsson, Haraldur Henrysson og Þór Vilhjálmsson.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í 5. mgr. 25. gr. laga nr. 18/1949 um kyrrsetningu og lögbann, sbr. 27. gr. sömu laga, skotið úrskurði fógeta til Hæstaréttar með kæru 20. nóvember 1990. Hann krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi varnaraðila í héraði og kærumálskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Varnaraðili krefst þess, „að hafnað verði kröfugerð sóknaraðila og hinn kærði úrskurður verði staðfestur". Þá krefst hann kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

I.

Af hálfu sóknaraðila er því haldið fram, að fógeti leggi sönnunarbyrði á sóknaraðila um, að sóknaraðili hafi ennþá lögmæta hagsmuni af því, að lögbannið haldi gildi sínu. Rökstuðningur fógeta sé þannig andstæður þeirri meginreglu réttarfars, að sönnunarbyrði um tiltekna staðhæfingu hvíli á þeim, sem haldi henni fram, enda sé beinlínis gert ráð fyrir því í upphafsákvæði 2. mgr. 25. gr. laga nr. 18/1949, sem varnaraðili byggi kröfur sínar á. Þá beri að hafa í huga, að sóknaraðila hafi með dómi H.1987,1395,verið meinað að nýta sér eignir sínar á lóð varnaraðila að svo stöddu, og sé tilvísun fógeta til notkunarleysis eignanna því torskilin. Þá hafi varnaraðili ekki boðið sóknaraðila bætur fyrir einhliða samningsrof, svo sem almennar kröfuréttarreglur áskilji, sbr. H.1968,145.

Sóknaraðili vísar til úrskurðar fógetaréttar Reykjavíkur í málinu nr. E 4/1990 milli sömu aðila, þar sem varnaraðili krafðist útburðar á eignum sóknaraðila. Í forsendum úrskurðarins segi m.a. svo:

„Það er skoðun fógetaréttar að ekki þyki útilokað að gerðarþoli

eigi enn lögvarða hagsmuni af því að lögbannið haldi gildi sínu. Með hliðsjón af þessu er krafa gerðarbeiðanda ekki studd svo augljósum lagarökum að unnt sé að verða við henni í fógetamáli þessu án þess að krafan hljóti rannsókn og meðferð fyrir hinum almennu dómstólum. Verður því ekki hjá því komist að synja um framgang hinnar umbeðnu gerðar."

Sóknaraðili heldur því fram, að hinn kærði úrskurður sé þannig í andstöðu við fyrri niðurstöðu fógeta, enda þótt engar þær aðstæður hafi breyst, sem heimili nú varnaraðila að fá lögbanninu aflétt, frekar en að fá útburð viðurkenndan í hinu fyrra máli. Nauðsynlegt sé, að heildarágreiningsmál aðila fái efnislega meðferð fyrir hinum almennu dómstólum, og því beri að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

II.

Af hálfu varnaraðila er vakin sérstök athygli á eftirfarandi:

a. Eins og rakið sé ýtarlega í gögnum málsins, séu tilgreindar forsendur lögbannsins fallnar niður, og beri fógeta því að fella það niður.
b. Varnaraðili geti ekki borið þá kröfu upp við almenna dómstóla, að lögbannið verði fellt niður, enda yrði slíkri kröfu vísað frá, sbr. 68. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Slík krafa eigi undir fógeta samkvæmt 25., sbr. 27. gr. laga nr. 18/1949.
c. Mótmælt sé þeim skilningi sóknaraðila, að úrskurður fógeta í málinu nr. E 4/1990 sé í andstöðu við hinn kærða úrskurð. Í fyrra málinu hafi fógeti hafnað útburði vegna þess, að í því máli hafi engar kröfur verið gerðar um, að lögbannið yrði fellt úr gildi. Lögbannið sem slíkt hafi því ekki komið til skoðunar í fyrra málinu.
d. Ljóst sé af gögnum kærumálsins, að fógeti telji, að gerðarbeiðanda hafi tekist að sanna, að forsendur lögbannsins væru niður fallnar. Fógeti hafi því ekki snúið sönnunarbyrði við í málinu.

III.

Í máli þessu krefst varnaraðili þess, að fellt verði úr gildi lögbann við því, að samvinnufélagið fjarlægi nokkrar eignir sóknaraðila af leigulóð þess við Fellsmúla í Reykjavík. Lögbannið var lagt á í

fógetarétti 14. maí 1985 og síðar staðfest, eins og lög bjóða, sbr. H.1987,1374.

Fógeta er heimilt að ákveða, að lögbann skuli falla niður, sbr. 27. gr. og 25. gr. 2. mgr. 2. tl. laga nr. 18/1949, og er ljóst af ákvæðinu, að ekki skiptir í því sambandi máli, að lögbannið hefur verið staðfest í dómsmáli.

Úrskurður fógeta í Reykjavík í máli nr. E 4/1990, sem fyrr er nefndur og kveðinn var upp 16. mars 1990, er ekki bindandi um úrslit þessa máls.

Þegar haft er í huga bréf það, sem varnaraðili ritaði sóknaraðila 17. desember 1987, og sú staðreynd, að eignir sóknaraðila á lóðinni nr. 24-26 við Fellsmúla hafa verið ónotaðar í um 3 ár, verður, eins og málavöxtum er háttað, að fallast á, að sóknaraðili eigi ekki lengur lögvarða hagsmuni af, að þessar eignir séu á lóðinni. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð. Taka verður þó tillit til þess, að lögbann það, sem fellt er niður, er við því, að varnaraðili fjarlægi eignir sóknaraðila af lóð sinni. Ber sóknaraðila því nokkur frestur, svo að honum gefist tóm til þess sjálfum að koma eignunum af lóðinni, sbr. 1. mgr. 57. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Er rétt að fella lögbannið niður frá 1. mars 1991.

Krafa sóknaraðila um málskostnað í héraði er ekki tekin til greina.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur, þó þannig, að þar greint lögbann fellur niður frá 1. mars 1991.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 20. nóvember 1990.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar þann 6. nóvember að loknum munnlegum málflutningi.

Gerðarbeiðandi er Samvinnufélagið Hreyfill, kt. 640169-3549, Fellsmúla 24 - 26, Reykjavík.

Gerðarþoli er Olíuverslun Íslands hf., kt. 500269-3249, Héðinsgötu 10, Reykjavík.

Af hálfu gerðarbeiðanda eru gerðar þær kröfur, að lögbann það, sem

gerðarþoli fékk lagt við því, að gerðarbeiðandi fjarlægði söluskála úr timbri (stöðvarhús), olíudælur og jarðgeyma fyrir olíu og bensín, eign gerðarþola, Olíuverslunar Íslands hf., af lóð gerðarbeiðanda nr. 24-26 við Fellsmúla í Reykjavík, og staðfest var með dómi Hæstaréttar 26. október 1987, verði fellt niður.

Af hálfu gerðarþola er þess krafist, að gerðin nái ekki fram að ganga. Þá gerir gerðarþoli kröfu um málskostnað eftir mati réttarins.

II.

Málavextir eru þeir helstir, að 30. desember 1975 gerðu aðilar málsins með sér viðskiptasamning. Með samningi þessum veitti gerðarþoli gerðarbeiðanda söluumboð í Reykjavík fyrir bensín og olíur frá bensínstöðinni við Fellsmúla í Reykjavík, en stöð þessa hafði gerðarþoli byggt á lóðinni, sem var í eigu gerðarbeiðanda. Í samræmi við samninginn lagði gerðarþoli gerðarbeiðanda til afgreiðsluhús, bensíndælur, þvottaplan og geyma til notkunar á lóðinni. Skyldu afnot þessi vera gerðarbeiðanda endurgjaldslaus, meðan samningur aðila væri í gildi. Gerðarbeiðanda var hins vegar heimilt og skylt að nota við starfsemi sína þau vörumerki, sem gerðarþoli notaði við sölu á þessum vörum, auk þess sem stjórn gerðarbeiðanda skyldi „eftir bestu getu sjá um að bílar Hreyfils kaupi allt bensín og dieselolíu til sinna þarfa á bensínstöðinni við Fellsmúla. Skal öllum bifreiðum, sem afgreiðslu fá hjá bifreiðastöð Hreyfils, gert að skilyrði að þeir (sic) kaupi allt bensín og dieselolíu í Reykjavík hjá bensínstöðinni við Fellsmúla“, eins og segir í 7. gr. samningsins.

Í 8. gr. samningsins segir, að hann taki gildi frá og með 1. janúar 1975 og gildi án uppsagnar í 10 ár, en framlengist að þeim tíma liðnum af sjálfu sér um eitt ár í senn, verði honum ekki sagt upp af öðrum hvorum aðila með 6 mánaða fyrirvara. Síðan segir: „Vegna fyrirgreiðslu þeirrar, sem Olíuverslun (gerðarþoli) hefur veitt í sambandi við samningsgerð þessa, heitir stjórn Hreyfils því að Olíuverslun skuli eiga forgangsrétt að viðskiptum við Hreyfil með framlengingarsamningum, enda bjóði Olíuverslun jafngóð kjör og önnur félög bjóða sannanlega á þeim tíma.“

Með bréfi gerðarþola, dags. 29. júní 1984, var áðurgreindum viðskiptasamningi sagt upp. Í niðurlagi bréfsins var ítrekaður vilji gerðaþola til að taka upp viðræður um nýjan samning. Sá samningur hefur ekki verið gerður, en þann 23. apríl 1985 undirritaði hins vegar gerðarbeiðandi viðskiptasamning við Olíufélagið hf. Með þeim samningi veitti Olíufélagið hf. gerðarbeiðanda söluumboð í Reykjavík fyrir bensín og olíur frá bensínstöðinni við Fellsmúla í Reykjavík, enda seldi gerðarbeiðandi ekki vörur frá öðrum aðilum nema með samþykki Olíufélagsins hf. Í 6. gr. þessa nýja samnings er ákvæði þess efnis, að Olíufélagið hf. láti gerðarbeiðanda

endurgjaldslaust í té aðstöðu við Hafnarstræti í Reykjavík, þannig að afmörkuð verði allt að 10 bílastæði fyrir leigubíla gerðarbeiðanda jafnframt því, að bílstjórar fái þar aðstöðu í húsi á lóðinni.

Gerðarþoli óskaði þess skriflega við gerðarbeiðanda að fá að kynna sér efni samningsins, svo að hann gæti tekið afstöðu til þess, hvort hann kysi að hagnýta sér forgangsréttarákvæði skv. 8. gr. samningsins frá 1975. Inn í ágreining aðila spunnust einnig deilur um uppgjör viðskiptaskulda gerðarbeiðanda við gerðarþola. Þann 7. maí 1985 greiddi gerðarbeiðandi upp viðskiptaskuld sína, að því er hann taldi, og krafðist þess jafnframt, að gerðarþoli yrði burtu með eignir sínar af lóðinni við Fellsmúla fyrir kl. 12 á hádegi fimmtudagsins 9. maí 1985. Að öðrum kosti myndi gerðarbeiðandi fjarlægja eignirnar sjálfur af lóðinni á kostnað gerðarþola. Gerðarbeiðandi lét verða af þessari hótun, og krafðist gerðarþoli þess þá fyrir fógetarétti Reykjavíkur, að lögbann yrði lagt við þeim aðgerðum. Við þeirri kröfu var orðið þann 14. maí 1985.

Með dómi Hæstaréttar, sem kveðinn var upp 26. október 1987, var staðfest, að gerðarþola hefði með viðskiptasamningi frá 30. desember 1975 verið veittur réttur til að ganga inn í samninga, sem gerðarbeiðandi kynni að gera við þriðja aðila að uppfylltum þeim skilyrðum, sem í samningsákvæði þessu greinir. Síðan segir orðrétt í forsendum dóms Hæstaréttar: „Miðað við þau samskipti aðila, sem ofangreindur forgangsréttur gagnáfrýjanda (gerðarþola) hefur óhjákvæmilega í för með sér, verði hans neytt, verður hins vegar ekki talið, að lagaskilyrði séu til þess, að gagnáfrýjandi geti knúið fram efndir á umræddu samningsákvæði beinlínis eftir aðalefni þess gegn mótmælum aðaláfrýjanda. Af þeim sökum verður aðeins veitt dómsviðurkenning fyrir forgangsréttinum út af fyrir sig, enda verður heldur ekki fullyrt fyrirfram, að gangáfrýjandi geti veitt aðaláfrýjanda sömu kjör og samið hefur verið um í samningi þeim, sem aðaláfrýjandi hefur samkvæmt gögnum málsins gert við Olíufélagið hf. Aðaláfrýjanda er því skylt að kynna gagnáfrýjanda síðastgreindan samning, þar sem undir því er komið, hvort gagnáfrýjandi neytir umræddS forgangsréttar. Ber því að staðfesta úrlausn héraðsdóms um skyldu aðaláfrýjanda til að leggja nefndan samning fyrir gagnáfrýjanda að viðlögðum 10.000 kr. dagsektum, er renni til gagnáfrýjanda, og verði fullnægingarfrestur skyldunnar 15 dagar frá birtingu dóms þessa."

Þá er í dóminum viðurkenndur eignarréttur gerðarþola að stöðvarhúsi, olíudælum og jarðgeymum fyrir olíu og bensín á lóðinni nr. 24 og 26 við Fellsmúla í Reykjavík. Hins vegar var gerðarbeiðandi sýknaður af kröfu gerðarþola um viðurkenningu á leigulóðarréttindum á lóðinni. Í dómi Hæstaréttar er enn fremur staðfest lögbann frá 14. maí 1985 með þeirri forsendu, að fallist sé á þá úrlausn héraðsdóms, að staðfesta beri lögbann

það, sem krafa samkvæmt þessum lið lýtur að. Í dómsorði héraðsdóms um þetta atriði segir, að staðfest sé lögbann fógetaréttar Reykjavíkur frá 14. maí sl. við því, að stefndi, Samvinnufélagið Hreyfill, fjarlægi eigur stefnda, Olíuverslunar Íslands hf., af lóðinni nr. 24 - 26 við Fellsmúla í Reykjavík. Í forsendum dómsins segir, að stefnandi (gerðarþoli) hafi ekki fengið tækifæri til að kynna sér samning þann, sem stefndi gerði við Olíufélagið hf., og þannig ekki fengið hæfilegt færi á að segja til um, hvort hann hyggist bjóða jafngóð eða betri kjör, en á því þyki hann eiga rétt, sbr. ofanskráð.

Í samræmi við niðurstöðu í dómi Hæstaréttar sendi gerðarbeiðandi þann 29. október 1987 gerðarþola eintak af samningi gerðarbeiðanda og Olíufélagsins hf. frá 23. apríl 1985. Skorað var á gerðarþola að taka afstöðu til efnis samningsins.

Svar gerðarþola barst með bréfi, dags. 20. nóvember 1987, þar sem fram kom, að gerðarþoli óskaði eftir því að neyta forgangsréttar síns um viðskipti við gerðarbeiðanda við þeim kjörum, sem greinir í samningi Hreyfils við Olíufélagið hf., dags. 23. apríl 1985. Í bréfinu segir, að ljóst sé, að gerðarþoli geti ekki boðið gerðarbeiðanda aðstöðu, sem Olíufélagið hf. hafi boðið gerðarbeiðanda á lóðinni við Hafnarstræti. Þrátt fyrir það bjóði gerðarþoli sambærilega aðstöðu á bensínafgreiðslustöð sinni að Klöpp við Skúlagötu. Í bréfinu kemur fram, að gerðarþoli telji hæpið, að ákvæði 6. greinar samnings Olíufélagsins hf. við gerðarbeiðanda um allt að 10 bílastæði við Hafnarstræti geti skert forgangsrétt þann, sem gerðarþola hafi verið dæmdur, þar sem það sé aðeins á færi þess aðila að bjóða nákvæmlega þá aðstöðu, en annarra ekki. Þá segir enn fremur, að til greina komi einnig að bæta gerðarbeiðanda það hagræði, sem hann teldi sig hafa af ákvæði 6. gr., fébótum samkvæmt mati. Er þess krafist, að forgangsréttur gerðarþola komi til framkvæmda hið allra fyrsta og eigi síðar en innan fjögurra vikna frá dagsetningu bréfsins.

Svarbréf gerðarbeiðanda er dagsett 17. desember 1987. Þar er vísað til bókunar á stjórnarfundi gerðarbeiðanda þess efnis, að nýfengin aðstaða gerðarbeiðanda við Hafnarstræti sé gífurlega mikils virði og ekki sé á nokkurn hátt verjanlegt gagnvart bifreiðastjórum á Hreyfli að láta hana af hendi fyrir þá aðstöðu, sem gerðarþoli býður nú að Klöpp, eða fyrir fébætur skv. mati. Af þessu leiði, að gerðarbeiðandi muni ekki gera viðskiptasamning við gerðarþola á þeim kjörum, sem boðin eru í bréfinu frá 20. nóvember 1987, og líti jafnframt svo á, að forgangsréttur gerðarþola til viðskipta við gerðarbeiðanda skv. 8. gr. samnings frá 30. desember 1975 sé fallinn niður. Í samræmi við þessa ákvörðun gerðarbeiðanda skorar hann á gerðarþola að fjarlægja lausafjármuni sína af lóð gerðarbeiðanda við Fellsmúla hið fyrsta.

Af hálfu gerðarbeiðanda er á því byggt, að Hæstiréttur hafi með dómi staðfest, að gerðarbeiðandi sé einn rétthafi skv. lóðarleigusamningi að lóðinni nr. 24 - 26 við Fellsmúla í Reykjavík.

Hæstiréttur hafi jafnframt ákveðið, að forgangsréttur gerðarþola til viðskipta við Hreyfil skv. samningi frá 31.12. 1975 væri fyrir hendi. Af bréfaskiptum aðila, sem rakin hafa verið, sé ljóst, að gerðarbeiðandi fallist ekki á að eiga áframhaldandi viðskipti við gerðarþola. Dómur Hæstaréttar sé skýr um það, að ekki sé unnt að dæma gerðarbeiðanda til þess að halda áfram viðskiptum við gerðarþola gegn vilja hans.

Lausafjármunir gerðarþola á lóðinni komi í veg fyrir, að gerðarbeiðandi geti nýtt lóðina, eins og hann eigi rétt á. Gerðarbeiðanda sé hins vegar fyrirmunað að fjarlægja eignir gerðarþola af lóðinni sjálfur, en í dómi Hæstaréttar hafi verið staðfest lögbann við því, að gerðarbeiðandi fjarlægði eignir gerðarþola af lóðinni. Um staðfestingu lögbannsins sé vísað til forsendna héraðsdómsins. Forsendur lögbannsins séu nú niður fallnar. Samkvæmt 25. gr. laga nr. 18/1949 skuli gerðarþoli losna undan kyrrsetningu, ef gerðarþoli hafi losnað undan þeirri kröfu, sem kyrrsetningunni var ætlað að tryggja. Fógeta beri því að leysa gerðarþola undan lögbanni, ef ekki séu lengur fyrir hendi skilyrði lögbannsins, þ.e. sú athöfn, sem bönnuð var með lögbanninu, raski ekki með ólögmætum hætti þeim rétti gerðarbeiðanda, sem varinn skyldi með lögbanninu. Í dómi Hæstaréttar svo og í dómi héraðsdóms sé tilgreind forsenda lögbannsins, og hún sé nú fallin niður samkvæmt framlögðum gögnum.

Af hálfu gerðarþola er á því byggt, að með dómi Hæstaréttar frá 26. október 1987 hafi verið hafnað aðalkröfu gerðarbeiðanda um, að gerðaþoli verði dæmdur til að fjarlægja umræddar eignir sínar af lóð gerðarbeiðanda. Hins vegar hafi verið staðfest, að forgangsréttur gerðarþola til viðskipta væri í fullu gildi. Það mál hafi aldrei verið til lykta leitt, hvorki með samningum né með dómi. Gerðarþoli hafi hins vegar lýst yfir því, að hann óski eftir að neyta forgangsréttar síns. Sá forgangsréttur sé því virkur og geti ekki fallið niður með einhliða yfirlýsingu gerðarbeiðanda. Gegn mótmælum gerðarþola sé ekki unnt að líta svo á, að sá forgangsréttur, sem hann fékk viðurkenndan með dómi Hæstaréttar, sé niður fallinn, og enn frekar hefur gerðarbeiðandi engar bætur boðið fram.

Þá er því mótmælt af hálfu gerðarþola, að gerðarbeiðanda hafi yfirleitt verið heimilt að tengja samning um viðskiptaaðstöðuna við Fellsmúla við allt aðra og ólíka aðstöðu í hinum enda bæjarins, þ.e. bílastæðin við Hafnargötu. Gerðarbeiðanda hafi borið að halda sig við gerða samninga, sem náðu til sömu réttinda og samningur gerðarþola og gerðarbeiðanda frá 1975 tók til. Samningur um allt aðra hluti en aðstöðuna við Fellsmúla leiði ekki til þess, að forgangsréttur þar falli niður.

Þá bendir gerðarþoli á forsendur úrskurðar fógetaréttar Reykjavíkur í málinu E 4/1990 milli sömu aðila. Frá því að sá úrskurður hafi verið kveðinn upp, hafi ágreiningur aðila í engu breyst. Augljóst sé, að gerðarbeiðandi þurfi að snúa sér til hinna almennu dómstóla og fá skorið úr ágreiningi aðila með efnisdómi, áður en hann geti fengið umbeðna gerð framkvæmda.

Með dómi Hæstaréttar hafi lögbann verið lagt við, að gerðarbeiðandi fjarlægði eigur gerðarþola af lóðinni nr. 24 - 26 við Fellsmúla í Reykjavík. Með gerðarbeiðni sinni freisti gerðarbeiðandi þess nú að fá lögbann þetta fellt úr gildi með vísan til 2. tl. 25. gr., sbr. 27. gr. laga nr. 18/1949. Þær aðstæður, sem heimila upptöku lögbanns, eru ekki tæmandi taldar í tilvitnuðu lagaákvæði. Hins vegar megi ætla af orðanna hljóðan, að full vissa þurfi að vera fyrir hendi um, að lögbannið hafi ekki lengur réttarlega þýðingu fyrir lögbannshafa. Gerðarbeiðandi hafi því sönnunarbyrði fyrir þeirri fullyrðingu sinni, að lausnargerð raski ekki rétti gerðarþola, sem varinn sé af lögbanninu.

Þá mótmælir gerðarþoli því, að forsendur lögbannsins séu niður fallnar. Í dómsorði Hæstaréttar segi, að lögbannið sé staðfest. Undan slíku dómsorði verði ekki vikist með hæpnum ályktunum og samanburði við héraðsdóm. Gildandi lögbanni verði ekki aflétt með þeirri gerð, sem mál þetta tekur til.

Þá byggir gerðarþoli á því, að engin þörf sé á svo skjótri úrlausn ágreiningsmála sinna við gerðarþola, sem lausnarbeiðni hans lýtur að. Einhliða yfirlýsing gerðarbeiðanda um, að forgangsréttur sé niður fallinn, hafi verið sett fram 17. desember 1987. Síðan séu liðin tæp þrjú ár, án þess að gerðarbeiðandi hafi gert reka að því að ná fram þeim rétti, sem hann nú telur sig eiga, fyrir hinum almennu dómstólum.

III.

Með dómi Hæstaréttar frá 26. október 1987 var úr því skorið, að mannvirkjum þeim í eigu gerðarþola, sem standa á lóð gerðarbeiðanda nr. 24 - 26 við Fellsmúla í Reykjavík, fylgi ekki leigulóðarréttindi, þar sem þau réttindi séu óskert gerðarbeiðanda. Í sama dómi viðurkennir Hæstiréttur forgangsrétt gerðarþola til viðskipta við gerðarbeiðanda samkvæmt 8. grein samnings aðila frá 30. desember 1975. Er gerðarbeiðanda gert skylt að viðlögðum dagsektum að leggja fyrir gerðarþola samning hans við Olíufélagið hf. frá 23. apríl 1985. Þá staðfesti Hæstiréttur lögbann fógetaréttar Reykjavíkur frá 14. maí 1985 við því, að gerðarbeiðandi fjarlægði umrædd mannvirki gerðarþola af lóð sinni.

Gerðarbeiðandi krefst þess nú, að fógeti felli lögbann þetta úr gildi, enda séu forsendur brostnar fyrir gildi þess.

Í 2. tl. 2. mgr. 25. gr. laga 18/1949 segir, að gerðarþoli leysist undan

kröfu, eftir að kyrrsetningargerð fór fram, svo sem vegna greiðslu eða sýknudóms eða fram er boðin lögleg greiðsla eða trygging o.s.frv. Samkvæmt 27. gr. laganna tekur 25 gr. þeirra til lögbanns, eftir því sem við á og eigi er öðruvísi fyrir mælt. Samkvæmt því verður að telja, að fógeti geti tekið upp lögbannsgerð að nýju, þegar fallin er niður sú forsenda, sem varð tilefni hennar.

Gerðarbeiðandi hefur nú fullnægt þeirri skyldu að kynna gerðarþola samning þann, sem hann gerði við Olíufélagið hf., svo sem honum var boðið að gera samkvæmt dómi Hæstaréttar frá 26. október 1987. Vanræksla þeirrar skyldu leiddi til þess, að staðfest var lögbann frá 14. maí 1985 við því, að gerðarbeiðandi fjarlægði mannvirki gerðarþola af lóðinni nr. 24 - 26 við Fellsmúla.

Gerðarþoli hefur óskað að neyta forgangsréttar síns og talið sig geta boðið sambærileg kjör og Olíufélagið hf. bauð gerðarbeiðanda. Gerðarbeiðandi lýsti hins vegar yfir, að hann myndi ekki gera viðskiptasamning við gerðarþola, enda sé samningur hans við Olíufélagið hf. honum hagstæðari.

Ljóst er, að ekki verður úr því skorið hér fyrir fógetarétti, hvort gerðarþoli hafi getað boðið gerðarbeiðanda jafngóð kjör og Olíufélagið hf. bauð honum sannanlega, enda byggist slík niðurstaða á sönnunarfærslum, sem fram verður að færa fyrir hinum almennu dómstólum. Gerðarbeiðandi verður hins vegar ekki gegn mótmælum knúinn til efnda beinlínis eftir aðalefni 8. gr. samningsákvæðisins milli aðila frá 30. desember 1975.

Eignir gerðarþola hafa nú staðið ónýttar á lóð gerðarbeiðanda í tæp 3 ár, frá því að gerðarbeiðandi lýsti yfir, að forgangsréttur gerðarþola til olíuviðskipta væri niður fallinn. Hefur gerðarþoli ekki sýnt fram á í máli þessu, að hann hafi lögvarða hagsmuni af því, að lögbannið haldi gildi sínu.

Það er álit fógetaréttar, að gerðarbeiðandi hafi, svo sem fram hefur komið, fullnægt þeirri forsendu, sem varð tilefni lögbanns frá 14. maí 1985 og staðfest var með dómi Hæstaréttar frá 26. október 1987. Ber því að taka kröfu gerðarbeiðanda til greina og fella það niður.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Valtýr Sigurðsson borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Krafa gerðarbeiðanda, Samvinnufélagsins Hreyfils, um, að lögbann það, sem gerðarþoli, Olíuverslun Íslands hf., fékk lagt við því, að gerðarbeiðandi fjarlægði söluskála úr timbri (stöðvarhús), olíudælur og jarðgeyma fyrir olíu og bensín, eign gerðarþola, af lóð gerðarbeiðanda nr. 24 - 26 við Fellsmúla í Reykjavík, og staðfest var með dómi Hæstaréttar 26. október 1987, verði fellt niður, er tekin til greina.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 8. janúar 1991.

Nr. 484/1990. **Brynjar Viggósson**
gegn
Vilhjálmi H. Vilhjálmssyni hrl.
f.h. þrotabús Stranda h/f.

Kærumál. Gjaldþrotaskipti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason, Haraldur Henrysson og Þór Vilhjálmsson.

Sóknaraðili hefur með vísan til 2. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 12. desember 1990. Hann krefst þess, „að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og hafnað verði að taka nefnda gjaldþrotabeiðni til meðferðar". Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

I.

Benedikt Bogason, fulltrúi sýslumannsins í Kjósarsýslu, hefur í skiptarétti Kjósarsýslu hinn 29. nóvember 1990 kveðið upp hinn kærða úrskurð. Úrskurðurinn er án forsendna og er svohljóðandi:

„Úrskurður:

Mál þetta er tekið til meðferðar hjá skiptarétti Kjósarsýslu. Kröfu um málskostnað er hafnað."

Héraðsdómarinn hefur með vísan til 2. mgr. 190. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. 23. gr. laga nr. 54/1988, sent Hæstarétti svofelldar forsendur og rökstuddar ástæður sínar fyrir úrlausninni:

„Þann 22. nóvember 1990 barst skiptarétti Kjósarsýslu beiðni Vilhjálms H. Vilhjálmssonar hrl. um gjaldþrotaskipti á búi Brynjars Viggóssonar, kt. 290751-4119, Markholti 15, Mosfellsbæ. Með beiðninni fylgdi staðfest endurrit úr fógetabók Kjósarsýslu frá 16. október 1990, í málinu þrotabú Stranda hf. gegn Brynjari Viggóssyni. Í því máli krafðist Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl., fyrir hönd þrotabúsins, löggeymslu hjá gerðarþola en gerðin var árangurslaus.

Í þinghaldi skiptaréttar Kjósarsýslu, þann 29. nóvember s.l., mætti af hálfu skiptabeiðanda, Pétur Kjerúlf hdl. og af hálfu skiptaþola, Brynjólfur Kjartansson hrl. Lögmaður skiptaþola krafðist þess, að beiðni skiptabeiðanda yrði ekki tekin fyrir, þar sem hún væri ekki studd þeim gögnum, sem áskilin eru í c-lið 1. mgr. 13. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978, sbr. 3. tl. 15. gr. sömu laga. Krafðist lögmaðurinn einnig málskostnaðar í þessum þætti málsins.

Krafa lögmanns skiptaþola byggir á þeirri forsendu, að mál þetta skuli ekki tekið fyrir þar sem gjaldþrotaskiptabeiðni styðjist ekki við þau gögn sem áskilin eru í c-lið 1. mgr. 13. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Telja verður, samkvæmt gildandi réttarfarsreglum, að hafna skuli beiðni um gjaldþrotaskipti, sé henni áfátt, hvort sem varðar málatilbúnað eða að skilyrði skipta séu ekki fyrir hendi. Ber því að taka afstöðu til mótmæla skiptaþola, byggðum á þeim forsendum, þegar kveðinn verður upp úrskurður um hvort framkomin skiptabeiðni verði tekin til greina, en ekki við þingfestingu málsins."

II.

Varnaraðili styður frávísunarkröfu sína þessum rökum: „Í máli þessu virðist kærð „synjun á höfnun" beiðni um töku bús kæranda til gjaldþrotameðferðar. Eins og málið liggur fyrir er nærtækast að telja þetta úrskurð sem sæti áfrýjun skv. a lið 2.tl. 21. gr. l. 75/1973 og beri því að vísa kærumálinu frá Hæstarétti."

III.

Hinn kærði úrskurður varðar það eitt, hvort framkominni beiðni um gjaldþrotaskipti skuli þegar í stað hafnað eða hvort hana skuli taka til frekari meðferðar í skiptarétti. Er kæran heimil samkvæmt því ákvæði í lögum nr. 75/1973, sem sóknaraðili byggir á. Verður frávísunarkröfu varnaraðila því ekki sinnt.

Staðfesta ber hinn kærða úrskurð með þeim rökum, sem héraðsdómari hefur borið fram og fyrr eru greind.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Mánudaginn 14. janúar 1991.

Nr. 165/1989. **Guðrún Ágústsdóttir**
(Gestur Jónsson hrl.)
gegn
fjármálaráðherra og menntamálaráðherra vegna ríkissjóðs
(Gunnlaugur Claessen hrl.).

Biðlaun. Opinberir starfsmenn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Guðmundur Jónsson, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. maí 1989. Hún krefst þess, að stefndu verði dæmdir til greiðslu biðlauna að fjárhæð 120.300 krónur með ársvöxtum svo sem hér segir: 27% af 19.768 krónum frá 1. mars 1987 til 1. apríl s.á., 30% af 39.536 krónum frá þeim degi til 1. maí s.á., 30% af 59.304 krónum frá þeim degi til 1. júní s.á., 33.6% af 79.636 krónum frá þeim degi til 1. júlí s.á., 36% af 99.968 krónum frá þeim degi til 1. ágúst s.á., en af 120.300 krónum með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Þess er krafist, að leggja megi áfallna dráttarvexti við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. ágúst 1988, sbr. 12. gr. vaxtalaga. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda. Til vara krefjast stefndu þess, að upphafstími vaxta miðist ekki við fyrra tímamark en þingfestingu málsins í héraði og að málskostnaður verði felldur niður.

Eins og lýst er í héraðsdómi, var starf áfrýjanda sem fulltrúa við Hjúkrunarskóla Íslands lagt niður 1. mars 1987, eftir að skólinn hætti störfum. Samkvæmt 1. mgr. 14. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins átti áfrýjandi rétt á biðlaunum í 6 mánuði, frá því að hún lét af starfi, þó með því skilyrði, að hún hefði ekki hafnað annarri sambærilegri stöðu á vegum ríkisins. Í málinu er upplýst, að í desember 1986 var áfrýjanda boðið starf við námsbraut í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands. Áfrýjandi

heldur því fram, að hún hafi hafnað starfinu vegna þess, að hún hafi talið, að um væri að ræða annað og ábyrgðarminna starf en hún hafði áður gegnt. Ingibjörg R. Magnúsdóttir námsbrautarstjóri hefur borið fyrir dómi, að starf það, sem hún bauð áfrýjanda, hafi í raun ekki verið til. Þetta hafi verið nýtt starf og ómótað og erfitt að sjá, hvernig starfið yrði í framtíðinni. Á þessum tíma var aðeins eitt skrifstofustarf við námsbrautina, og var það ritarastarf. Í málinu er fram komið, að starf þessa ritara var ekki sambærilegt við fulltrúastarf áfrýjanda. Áfrýjanda var kunnugt um, að sú, sem gegndi ritarastarfinu, vildi losna úr því. Það var einnig skilningur Þórunnar Stefánsdóttur, er hafði starfað sem fulltrúi við Hjúkrunarskólann með áfrýjanda. Þótt líkur hafi verið leiddar að því, að starf það, sem áfrýjanda var boðið, hafi seinna þróast í starf fulltrúa eða deildarfulltrúa, sem er fyllilega sambærilegt við fyrra starf áfrýjanda, þá er ekki unnt við það að miða, heldur verður að líta til þess, hvernig málið horfði við á þeim tíma, sem áfrýjanda var boðið starfið. Verður að telja ósannað, að stefndu hafi boðið áfrýjanda sambærilegt starf, og gat áfrýjandi hafnað því án þess að missa rétt sinn til biðlauna. Samkvæmt framansögðu er krafa áfrýjanda tekin til greina með vöxtum, eins og í dómsorði greinir, en ekki er ágreiningur um höfuðstól kröfunnar, eins og hún er nú gerð.

Rétt þykir, að stefndu greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 160.000 krónur.

Dómsorð:

Stefndu, fjármálaráðherra og menntamálaráðherra vegna ríkissjóðs, greiði áfrýjanda, Guðrúnu Ágústsdóttur, 120.300 krónur með 27% ársvöxtum af 19.768 krónum frá 1. mars 1987 til 1. apríl s.á., 30% ársvöxtum af 39.536 krónum frá þeim degi til 1. maí s.á., af 59.304 krónum frá þeim degi til 1. júní s.á., 33.6% ársvöxtum af 79.636 krónum frá þeim degi til 1. júlí s.á., 36% ársvöxtum af 99.968 krónum frá þeim degi til 1. ágúst s.á., en af 120.300 krónum með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr., sbr. 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndu greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 160.000 krónur.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. mars 1989.

Mál þetta, sem dómtekið var 20. febrúar 1989, er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, sem þingfest var 14. apríl 1988, af Guðrúnu Ágústsdóttur, nnr. 3214-0041, Ártúnsbletti 2, Reykjavík, á hendur þáverandi menntamálaráðherra, Birgi Ísleifi Gunnarssyni, nnr. 1120-4503, með starfsstöð í menntamálaráðuneytinu, Hverfisgötu 4-6, Reykjavík, og þáverandi fjármálaráðherra, Jóni Baldvin Hannibalssyni, nnr. 5141-5450, með starfsstöð í Arnarhváli, Reykjavík, f.h. ríkissjóðs.

Við uppkvaðningu dóms er menntamálaráðherra Svavar Gestsson og fjármálaráðherra Ólafur Ragnar Grímsson.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði dæmdir til greiðslu biðlauna, að fjárhæð kr. 134.234, auk [nánar tilgreindra dráttarvaxta].

— — —

Þá er krafist málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ.

Af hálfu stefndu eru þær kröfur gerðar aðallega, að stefndu verði sýknaðir af kröfum stefnanda og þeim tildæmdur málskostnaður að mati réttarins úr hendi stefnanda. Til vara krefjast stefndu lækkunar stefnukrafna og að málskostnaður verði þá felldur niður.

Málavextir, málsástæður og lagarök.

Stefnandi kveðst hafa verið ráðinn fulltrúi við Hjúkrunarskóla Íslands, sem hafi verið ríkisstofnun undir stjórn menntamálaráðherra, með skriflegum ráðningarsamningi, dags. 5.10. 1978. Með bréfi menntamálaráðuneytisins, dags. 30.10. 1986, hafi stefnanda verið tilkynnt, að starf sitt yrði lagt niður frá og með 1. janúar og hún yrði leyst frá störfum frá og með sama tíma. Kveðst stefnandi hafa móttekið bréf þetta í byrjun nóvember 1986.

Stefnandi kveður Ingibjörgu R. Magnúsdóttur, námsbrautarstjóra í hjúkrunarfræði, hafa haft samband við sig skömmu fyrir jól 1986 og boðið sér ritarastarf við námsbraut í hjúkrunarfræði, þ.e., að hún yrði starfsmaður Háskóla Íslands. Stefnandi kveðst hafa afþakkað þetta starf, enda kveðst hún hafa talið, að í boði væri bæði einfaldara og ábyrgðarminnna starf en hún hafði áður gegnt.

Stefnandi kveðst byggja á því, að staða sín hjá ríkinu hafi verið lögð niður, og beri sér því föst laun, er starfanum fylgdu, í 6 mánuði, frá því að hún lét af störfum, sbr. 14. gr. laga nr. 38/1954. Þá er á því byggt, að henni hafi verið boðið ritarastarf við námsbraut í hjúkrunarfræði, en það starf hafi ekki verið sambærilegt þeirri fulltrúastöðu, sem hún hafði við Hjúkrunarskóla Íslands. Þar sem staða sú, er henni hafi verið boðin, hafi ekki verið sambærileg þeirri, er hún gegndi á vegum ríkisins, hafi hún ekki misst rétt sinn til biðlauna skv. 14. gr. laga nr. 38/1954.

Stefnandi heldur því fram, að stefndu hafi sönnunarbyrðina fyrir því, að þeir hafi boðið sambærilega stöðu. Starf ritara hafi verið fólgið í því að vélrita eftir handriti, en starf sitt í Hjúkrunarskóla Íslands kveður hún hafa verið mjög sjálfstætt, og hafi hún þar m.a. séð um launaútreikninga og tilkynningar allra starfsmanna, útreikninga og innfærslur einkunna í prófbók skólans og frágang prófskírteina, séð um uppgjör sjóða skólans, unnið við fjárhagsáætlunargerð, séð um að útfylla ýmiss konar pappíra fyrir hjúkrunarfræðinga vegna framhaldsnáms eða starfa erlendis o.s.frv. Legið hafi fyrir, að í námsbrautinni sæju aðrir aðilar um þessa þætti. Þá hafi ekki verið ljóst, hver launakjör fylgdu hinu nýja starfi. Hafi sér verið bent á að tala við Herbert Haraldsson hjá Háskóla Íslands. Hann hafi ekki getað gefið nákvæmar upplýsingar um, hvaða launaflokki yrði greitt eftir, en talið líklegt, að um svipuð laun yrði að ræða og þau, er hún hafi haft í Hjúkrunarskóla Íslands.

Stefnandi heldur því fram, að ekki sé nægilegt, að starf sé jafnvel launað og annað starf til þess að teljast sambærilegt. Þar verði að koma til önnur atriði einnig, eins og ábyrgð, verkefni, starfsumhverfi o.fl. Réttur ríkisstarfsmanna til biðlauna skv. 14. gr. l. 38/1954 myndi vera þrengdur óhæfilega, ef biðlaunarétturinn félli niður við þær aðstæður, sem séu til staðar í þessu máli.

Fjárhæð dómkröfunnar kveður stefnandi vera skv. útreikningi stéttarfélags síns. Endanleg dómkrafa sé miðuð við, að starf stefnanda við Hjúkrunarskóla Íslands hafi verið lagt niður 1. mars 1987. Stefnandi hafi gegnt 50% starfi. Vaxtakrafa sé miðuð við, að biðlaun hefðu komið til greiðslu mánaðarlega fyrir fram og orlof við lok biðlaunaréttar.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að stefnandi hafi afþakkað stöðu þá, er henni hafi verið boðin við námsbraut í hjúkrunarfræði í byrjun janúar 1987, eftir að hafa tekið sér tíma til umhugsunar. Hafi hún borið við önnum, en ekkert hafi komið fram þá um þá afstöðu stefnanda, að hún teldi hina nýju stöðu ósambærilega þeirri stöðu, sem hún áður gegndi. Stefnandi hafi verið á launum sem fulltrúi við Hjúkrunarskóla Íslands til 28.2. 1987.

Stefndu byggja á því, að með 14. gr. l. nr. 38/1954 hafi verið lögfest

sú regla, að sé staða ríkisstarfsmanns lögð niður, skuli starfsmaður jafnan fá greidd föst laun, er starfinu fylgdu, ýmist í 6 eða 12 mánuði. Þó sé það skilyrði sett fyrir þessum launagreiðslum, — biðlaunum —, að starfsmaðurinn hafi ekki hafnað annarri sambærilegri stöðu á vegum ríkisins. Ríkisstarfsmanni sé skv. þessu skylt að hlíta flutningi í sambærilega stöðu á vegum ríkisins, sé staða hans lögð niður. Vilji hann það ekki, eigi hann þess að sjálfsögðu kost að hætta störfum fyrir ríkið, en þá án biðlauna. Stefndu halda því fram, að það starf, er stefnanda var boðið, hljóti að teljast sambærilegt við það starf, sem lagt hafi verið niður, í merkingu laga nr. 38/1954, og eigi því niðurlagsákvæði 1. mgr. 14. gr. þeirra laga hér við. Er meta skuli, hvort eitt starf teljist sambærilegt öðru starfi, skuli ekki eingöngu litið til launa, heldur einnig viðfangsefnis og virðingar. Fjalla stefndu nánar um hvert þessara þriggja atriða:

a) Að því er varði laun, telja stefndu fullljóst með vísan til dómskjala, að ekki yrði um neina tekjuskerðingu að ræða við flutning yfir í stöðu fulltrúa við Háskóla Íslands. Stefnanda hafi hlotið að vera það ljóst eða mátt vera það ljóst, að um sömu laun yrði að ræða. Launaþátturinn varði miklu við mat á því, hvort tvær stöður eru sambærilegar eða ekki, þar sem einungis sé hægt að meta þann þátt hlutlægt að öllu leyti.

b) Í annan stað telja stefndu, að viðfangsefnin í þessum tveim stöðum séu sambærileg og jafnvel þau sömu að verulegu leyti. Viðfangsefnin þurfi þó ekki að vera þau sömu, enda geri 1. mgr. 14. gr. in fine aðeins kröfu um, að starf sé sambærilegt. Við starfslýsingu stefnanda gera stefndu þá athugasemd, að launaútreikninga annist launadeild fjármálaráðuneytisins. Starf stefnanda hafi því væntanlega falist í því að taka saman vinnutíma starfsmanna og senda tilkynningar til launadeildarinnar. Að þessu leyti gildi hér hið sama og almennt gildi um samskipti ríkisstofnana við launadeild fjármálaráðuneytisins. Telja stefndu, að vinna stefnanda hafi falist í almennum skrifstofustörfum, sem séu sambærileg í flestum skólum á framhalds- og háskólastigi. Þeirri fullyrðingu er mótmælt, að stefnanda hafi verið boðið starf við Háskóla Íslands, er hafi verið fólgið í vélritun eftir handriti. Svo sem sjáist af dómskjölum, hafi starf þetta verið í meginatriðum hliðstætt fyrra starfi. Undir það hafi virst falla hvers kyns almenn skrifstofustörf, og krafist hafi verið þekkingar, sjálfstæðis og vandvirkni í þessu starfi, og í því hafi verið fólgin fjölbreytt viðfangsefni. Af þessu leiði, að telja megi störf fulltrúa við Hjúkrunarskóla Íslands og störf fulltrúa við námsbraut í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands sambærileg. Stefndu mótmæla þeirri skoðun, sem komið hafi fram af hálfu stefnanda, að starfið við Háskóla Íslands hafi í raun verið einfaldara og ábyrgðarminna en starf hennar við Hjúkrunarskóla Íslands. Telja stefndu, að sé sambærilegt starf

boðið fram, þá ráði það úrslitum, en ekki persónulegt mat starfsmanns á því, hvort nýja starfið sé áhugavert.

c) Að lokum telja stefndu, að að því er varði þá virðingu, er starfanum fylgdi, þá verði ekki séð, að stefnanda hefði orðið minnkun gerð við að þiggja stöðu þá, sem boðist hafi við Háskóla Íslands, þvert á móti. Fulltrúi á skrifstofu námsbrautar í hjúkrunarfræði sé næsti yfirmaður ritara. Alls ósannað sé, hvort stefnandi hafi talist yfirmaður á skrifstofu Hjúkrunarskóla Íslands.

Stefndu telja, að þegar öll þau atriði séu virt í heild sinni, sem hér hafi verið reifuð, geti niðurstaðan ekki orðið önnur en sú, að stöðurnar tvær séu sambærilegar í merkingu laga nr. 38/1954. Staðan við Háskóla Íslands sé nefnd fulltrúastaða, en ekki ritarastaða.

Að dómi stefndu hafi stefnandi hafnað sambærilegri fulltrúastöðu við Háskóla Íslands sökum anna. Ekkert sé fram komið í sóknargögnum, sem hnekki þeirri fullyrðingu. Stefnandi taki mikinn þátt í félagsmálum og eigi m.a. sæti í borgarstjórn Reykjavíkur. Einnig hafi stefnandi hugað á nokkurra mánaða utanlandsferð. Stefnandi hafi ekki lýst því yfir á þeim tíma, að hún teldi hið nýja starf ósambærilegt fyrra starfi sínu, en stefnandi hafi þó tekið sér tíma til umhugsunar, áður en hún tók ákvörðun.

Stefnandi haldi því fram í greinargerð sinni, að stefndu beri sönnunarbyrði fyrir því, að henni hafi verið boðin sambærileg staða. Stefndu telji, að hvað sem þeirri staðhæfingu líði, sé sönnun um það fram komin með þeim gögnum, sem lögð hafi verið fram í málinu. Eins og málið liggi fyrir, telji stefndu stefnanda bera alla sönnun fyrir því, að stöðurnar hafi verið ósambærilegar.

Varakröfu sína byggja stefndu á því, að vegna tómlætis stefnanda og óútskýrðs dráttar á málshöfðun sé þess krafist, að upphafstími vaxta miðist ekki við fyrra tímamark en þingfestingu málsins.

Verði ekki á það fallist, séu ekki gerðar athugasemdir við þann vaxtafót, sem stefnandi áskilji sér fram til þingfestingardags. Eftir það beri að miða við dráttarvexti, svo sem þeir séu ákvarðaðir af Seðlabanka Íslands á hverjum tíma, sbr. 14. og 10. gr. laga nr. 25/1987.

Niðurstaða.

Stefnandi gegndi fulltrúastöðu við Hjúkrunarskóla Íslands, þegar sú kennslustofnun var lögð niður. Var stefnandi einn þeirra starfsmanna, sem vann allt til loka við stofnunina. Niðurlagning skólans og stofnun námsbrautar í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands átti sér nokkurn aðdraganda.

Stöður fulltrúa við framhaldsskóla eru hliðstæðar frá einni stofnun til annarrar að því leyti, að í þeim öllum þarf að leysa svipuð verkefni. Þetta er staðfest með vitnisburði Sigrúnar B. Ásgeirsdóttur, deildarstjóra í launa-

deild ríkisins, og Stefáns Ólafs Jónssonar, deildarstjóra í verk- og tæknimenntunardeild menntamálaráðuneytisins. Störf skólafulltrúa eru hins vegar ólík að umfangi eftir stærð hverrar skólastofnunar um sig. Fulltrúum við framhaldsskóla hefur verið raðað í nokkra launaflokka. Samkvæmt vitnisburði Sigrúnar Ásgeirsdóttur miðast sú röðun eingöngu við stærð skólanna. Var stefnandi í miðhópi, að því er laun varðaði. Ljóst er, að framhaldsskólar landsins eru þrátt fyrir þetta ólíkir vinnustaðir, og ræður því t.d. starfsaðstaða, staðsetning og samstarfsmenn. Á sama hátt getur ytri starfsaðstaða tekið breytingum frá einum tíma til annars. Þegar metið er, hvort um sambærilegt starf er að ræða í skilningi 14. gr. laga 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, myndu slíkir persónulegir þættir vart verða metnir, en eitt fulltrúastarf vera talið sambærilegt öðru við hliðstæða menntastofnun. Við úrlausn þeirrar deilu, er hér er til umfjöllunar, þykir því verða að meta starf stefnanda í ljósi þessarar heildarflokkunar starfsgreinarinnar, frekar en að vegnir verði einstakir verkþættir, sem hún sinnti.

Af gögnum málsins og vætti vitna þykir vera sannað, að unnið hafi verið að því að fá öll stöðugildi Hjúkrunarskóla Íslands flutt yfir til Háskóla Íslands. Af gögnum málsins má sjá, að lokaskrefið hefur verið stigið í janúar 1987. Hinn 26. janúar staðfestir ráðninganefnd ríkisins 9,5 stöðuheimildir fluttar af Hjúkrunarskóla Íslands, þar af er einu stöðugildi fulltrúa og tveimur stöðugildum skrifstofumanna ráðstafað til námsbrautar í hjúkrunarfræði. Þessi staðfesting var gerð vegna beiðni menntamálaráðuneytisins að beiðni Háskóla Íslands, báðar dagsettar 7. janúar 1987.

Telja verður stöðu fulltrúa við námsbraut við Háskóla Íslands sambærilega fulltrúastöðu við framhaldsskóla, að því er verkefni varðar, þótt ekki séu allir verkþættir hinir sömu, m.a. af þeirri ástæðu, að sum störf, sem unnin eru í hinum einstöku framhaldsskólum, eru unnin af aðalskrifstofu Háskólans fyrir allar deildir hans sameiginlega. Ekki verður það talinn álitshnekkir að færast til Háskóla Íslands af framhaldsskólastigi, enda benda skjöl málsins ekki til þess, að minni ábyrgð eða sjálfstæði fylgi almennt fulltrúastöðu þar en almennt í framhaldsskólum. Upplýst er, að laun hefðu hækkað um a.m.k. einn flokk.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að stefnanda hafi verið boðið fulltrúastarf við námsbraut í hjúkrunarfræði. Það, að eigi hafði verið endanlega gengið frá stöðuheimild, er starfstilboð var sett fram, þykir ekki koma í veg fyrir, að um gilt starfstilboð hafi verið að ræða. Upplýst er, að menntamálaráðuneytið vann að því, að starf stefnanda yrði flutt yfir til Háskóla Íslands sem og önnur störf hjá Hjúkrunarskóla Íslands. Óumdeilt er, að Ingibjörg R. Magnúsdóttir námsbrautarstjóri bauð stefnanda munnlega starf við námsbrautina. Hins vegar er ágreiningur um það, hvaða starf

var boðið. Ingibjörg R. Magnúsdóttir kvaðst í framburði sínum fyrir dómi gegna að aðalstarfi stöðu deildarstjóra í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, en hafa farið með starf námsbrautarstjóra í hjúkrunarfræði að auki. Kvað hún starf námsbrautarstjóra vera tímabundið starf, á meðan námsbrautin væri að komast á legg, og hefði núverandi deildarfulltrúi þegar yfirtekið nokkuð af þeim störfum, er námsbrautarstjóri sinnti. Í framburði stefnanda fyrir dómi kom fram, að hún taldi, að verið væri að bjóða sér ritarastarf, en einn ritari var þá í bráðabirgðastarfi hjá námsbrautinni án stöðuheimildar. Stefnandi vildi þó ekki fullyrða, hvaða starfsheiti var nefnt. Stefnandi kvað rétt, að talað hefði verið um, að starfið ætti eftir að þróast, sérstaklega í sambandi við það, að Ingibjörg hætti sem námsbrautarstjóri. Hvenær og hvernig, hafi hins vegar verið óljóst. Þykir ofangreindur framburður stefnanda að þessu leyti styrkja þá fullyrðingu stefndu og Ingibjargar R. Magnúsdóttur, að stefnanda hafi verið boðið fulltrúastarf við námsbrautina. Eðli málsins samkvæmt hlaut það starf að vera ómótað á þeirri stundu. Hafi stefnandi hafnað slíku starfi, telst hún hafa hafnað annarri sambærilegri stöðu, sbr. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 38/1954.

Stefnandi byggir á því, að sér hafi verið boðið ritarastarf. Telja verður, að slíkt starfstilboð hefði ekki fullnægt ákvæðum 1. mgr. 14. gr. laga nr. 38/1954 um sambærilegt starf. Líkur hafa hins vegar verið að því leiddar, að ætlun ráðamanna hafi verið að bjóða stefnanda fulltrúastarf og að starf það, sem henni var boðið, hafi verið fulltrúastarf. Stefnandi þykir hafa mátt vænta þess fyrir fram, að sér yrði boðið fulltrúastarf, þar sem það hlýtur að teljast hið eðlilega við umræddar aðstæður. Hafi hún eigi að síður skilið tilboðið svo, að um annað og lægra starf væri að ræða, og þar sem umtalsverðir hagsmunir voru í húfi fyrir hana, verður stefnandi að bera hallann af því að hafa ekki aflað sér órækra sannana fyrir því, að ritarastarf væri boðið, enda hefði hún átt hægt með að afla þeirra þá, ef þessi var í raun staða mála, en fá ella leiðréttingu sinna mála.

Af þessum ástæðum ber að sýkna stefndu af kröfum stefnanda.

Þar eð komast hefði mátt hjá þeirri réttaróvissu, er leiddi til þessa dómsmáls, með formfestu við gerð starfstilboðs til stefnanda og starfslok hennar, sbr. ákvæði 2. mgr. 10. gr. laga nr. 38/1954, þykir rétt með vísan til 178. gr. laga nr. 85/1936, að málskostnaður falli niður.

Dóminn kvað upp Hjördís Hákonardóttir borgardómari.

Dómsorð:

Stefndu, menntamálaráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, skulu vera sýknir af öllum kröfum stefnanda, Guðrúnar Ágústsdóttur.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 15. janúar 1991.

Nr. 472/1990. **Ákæruvaldið**

gegn

Þórði Jónssyni.

Kærumál. Dómsátt úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason og Haraldur Henrysson og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari hefur með heimild í 6. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 14. desember 1990. Krefst hann þess, að hin kærða dómsátt verði úr gildi felld.

Varnaraðila var kynnt krafa ríkissaksóknara á dómþingi sakadóms Rangárvallasýslu 28. desember 1990. Krafðist hann þess, að kröfu ákæruvaldsins í málinu yrði hafnað og að dómsáttin frá 4. desember 1990 héldi gildi sínu. Hann hafi þann dag játað brot sitt fyrir fulltrúa sýslumanns og staðið í þeirri trú, að málið væri úr sögunni, er hann hefði greitt þá sekt, sem honum var ákvörðuð af fulltrúanum.

Með dómi 12. september 1988 var varnaraðili dæmdur í sakadómi Rangárvallasýslu í þriggja mánaða fangelsi skilorðsbundið í 3 ár og 30.000 króna sekt fyrir brot gegn ýmsum ákvæðum almennra hegningarlaga og umferðarlaga, þar á meðal fyrir ölvun og réttindaleysi við akstur. Var hann sviptur ökuréttindum í 18 mánuði frá 2. nóvember 1987 að telja. Með dómi sama dómstóls 20. ágúst 1990 var varnaraðili dæmdur í 150.000 króna sekt fyrir ýmis brot á umferðarlögum og lögreglusamþykkt, þar á meðal fyrir ölvun og réttindaleysi við akstur. Var hann þá sviptur ökuleyfi í 3 ár og 6 mánuði frá 19. september 1990 að telja.

Hinn 24. september 1990 stöðvaði lögreglan í Reykjavík varnaraðila við akstur bifreiðar á Suðurlandsvegi á móts við Rauðhóla. Gerði lögreglan í Reykjavík skýrslu um málið, og gaf varnaraðili skýrslu samdægurs hjá rannsóknardeild lögreglunnar, þar sem hann viðurkenndi að hafa ekið bifreiðinni frá Hveragerði, þrátt fyrir það að hann hefði verið sviptur ökuleyfi frá 1987. Lögreglustjórinn í

Reykjavík sendi mál þetta til sýslumannsins í Rangárvallasýslu, sem framsendi það ríkissaksóknara til ákvörðunar með bréfi 8. október 1990. Ríkissaksóknari endursendi málið með bréfi 1. nóvember 1990 ásamt ákæru, sem gefin var út sama dag á hendur varnaraðila fyrir ofangreint atferli, en það var talið varða við 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Var þess krafist í bréfi ríkissaksóknara, að lokið yrði rannsókn málsins og það síðan tekið „til dómsálagningar samkvæmt meðfylgjandi ákæru".

Þrátt fyrir þetta var málinu lokið með hinni kærðu dómsátt í sakadómi Rangárvallasýslu hinn 4. desember 1990. Viðurkenndi varnaraðili ofangreint atferli, sem heimfært var undir 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga, og samþykkti hann að greiða 50.000 krónur í sekt til ríkissjóðs fyrir 10. janúar 1991.

Svo sem fyrr er rakið, hafði ríkissaksóknari gefið út ákæru á hendur varnaraðila hinn 1. nóvember 1990 og krafist þess, að héraðsdómari kvæði upp dóm í máli hans. Var því óheimilt að hafa annan hátt á málalokum, sbr. 115. gr. laga nr. 74/1974. Þegar af þeirri ástæðu ber samkvæmt 6. mgr. 112. gr. sömu laga að fella hina kærðu dómsátt úr gildi.

Dómsorð:

Hin kærða dómsátt er úr gildi felld.

Dómur sakadóms Rangárvallasýslu 4. desember 1990.

Ár 1990, þriðjudaginn 4.12. kl. 11, var sakadómur Rangárvallasýslu settur í skrifstofu embættisins á Hvolsvelli og haldinn af fulltrúa sýslumanns, Harra Ormarssyni, með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Málið nr. A8/90: Rannsókn í tilefni af kæru um umflbrot Þórðar Jónssonar, Litlagerði 10, kt. 050764-3979.

Dómarinn leggur fram ofangreinda kæru, dskj. nr. 1, svohljóðandi:

Fyrir dómi er mættur kærði, áminntur um sannsögli. Nafn: Þórður Jónsson. Stétt eða atvinna: sjómaður. Heimili: Litlagerði 10, Hvolsvelli. Fæðingardagur: 5. júlí 1964. Fæðingarstaður: Vestmannaeyjar.

Gætt er ákvæða 2. mgr. 77. gr. laga nr. 74/1974.

Kærði játar, að efni kærunnar sé rétt, og kannast við ofangreint brot sitt, að hafa ekið bifreiðinni X-35 frá Hverageröi áleiðis til Reykjavíkur án ökuréttinda.

Hann samþykkir að greiða kr. 50.000 í sekt til ríkissjóðs til að sleppa

við málsókn út af brotinu, sem varðar við 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umfl. nr. 50/1987.

Sektin greiðist fyrir 10. janúar 1991, en ella sæti kærði í hennar stað varðhaldi í 20 daga.

Málskostnaður, kr. 500, greiðist f. sama tíma.

Framangreint brot hefur ítrekunarverkun á síðara brot, sbr. 71. gr. l. nr. 19, 1940.

Dómarinn lét málsókn falla niður.

Þriðjudaginn 15. janúar 1991.

Nr. 464/1990. **Ingi B. Ársælsson**
gegn
ríkisendurskoðun
og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

Kærumál. Gagnaöflun. Kröfu um, að hæstaréttardómarar víki sæti, hafnað.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hjörtur Torfason.

Með kæru 20. nóvember 1990 kærði sóknaraðili til Hæstaréttar úrskurð bæjarþings Reykjavíkur frá 7. sama mánaðar, en þar var hafnað kröfu hans um, að dómari málsins viki sæti. Í kærunni krefst sóknaraðili þess, „að dómari málsins, Garðar Gíslason borgardómari, víki sæti í málinu og að skipaður verði setudómari í málinu, sem ekki er fastur starfsmaður stofnunar, sem er háð fjárveitingum, fjárhagslegu eftirliti og faglegu eftirliti málsaðila eða stofnana, þar sem vitni og mögulegur sökunautur í máli kæranda er yfirmaður". Í greinargerð sóknaraðila 10. janúar 1991 setur hann auk þess fram tvær aðrar kröfur á eftirfarandi hátt:

„A. Krafa um að kæranda verði með gagnaöflunarúrskurði Hæstaréttar þar um gefinn kostur á að kynna sér öll gögn, sem varða möguleg óeðlileg tengsl Hæstaréttar við aðila málsins, stefndu Ríkisendurskoðun og Fjármálaráðuneytið, svo og Dóms- og kirkjumálaráðuneytið. ...

B. Meðan ekki liggur fyrir greiður aðgangur kæranda að öllum gögnum, sem greind eru í lið A, er krafist, að hæstaréttardómarar þeir, sem kvaddir hafa verið til að fjalla um kærumál þetta, víki sæti. Er jafnframt áskilið að halda við þessa kröfu ef gögn gefa tilefni til þess og rökstyðja hana síðar með vísun í gögn."

I.

Í kæru sinni frá 20. nóvember 1990 fjallar lögmaður sóknaraðila um nauðsyn þess, að hann fái sem gleggstar upplýsingar um „stöðu Hæstaréttar gagnvart málsaðilum og Dóms- og kirkjumálaráðuneytisins" (sic). Er óskað upplýsinga um „öll atriði, sem varða

umfang fjárveitinga umfram það, sem venjuleg fjárlög gera ráð fyrir, öllum athugasemdum og fyrirspurnum Ríkisendurskoðunarinnar, vegna starfsemi Hæstaréttar, svo sem vegna svo nefnds „áfengiskaupamáls", svo og öll önnur atriði, sem varða fagleg skipti Dóms- og kirkjumálaráðuneytisins síðustu þrjú ár. Einnig að lögmaður kæranda fái ljósrit af þeim gögnum, sem hann telur máli geta skipt við rekstur málsins".

Í bréfi forseta Hæstaréttar til lögmanns sóknaraðila 20. desember 1990 var honum tilkynnt, að ekki væri talið, að lagarök væru til að verða við tilmælum hans.

Í bréfi lögmanns sóknaraðila til Hæstaréttar 21. desember 1990 var krafist gagnaöflunarúrskurðar í málinu. Segir svo m.a. í bréfinu:

„Sérstök tilefni sem kærandi telur geta verið til óeðlilegra tengsla Hæstaréttar við málsaðila eða Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, eru, að Rétturinn hafi farið fram úr fjárveitingum Alþingis og sé eða hafi verið í óeðlilegri stöðu gagnvart málsaðilum af þeim ástæðum, eða sætt sérstökum athugasemdum af þeim ástæðum. Einnig telur kærandi, að mögulegt sé, að svo nefnt „áfengiskaupamál", tengt fyrrum forseta Hæstaréttar og aldrei var upplýst til fulls, svo almenningur fengi vitneskju um, sé hér athugunarefni. Er talið mögulegt, að Ríkisendurskoðunin hafi haft óeðlileg afskipti af „áfengiskaupamálinu", fyrst með mögulegu aðgerðarleysi, en síðar haft áhrif á málsóknarákvarðanir. Þá telur kærandi mögulegt, að umsagnir Hæstaréttar til Dóms- og kirkjumálaráðuneytisins um umsækjendur um lausar stöður hæstaréttardómara séu athugunarefni. ..."

Þessi krafa sóknaraðila um upplýsingar varðandi starfsemi Hæstaréttar er síðan áréttuð í greinargerð hans, sem fyrr er til vitnað.

II.

Krafa sóknaraðila um upplýsingar í kærumáli þessu hefur ekki þýðingu um það álitaefni, sem hann hefur kært til réttarins, þ.e. hvort dómari málsins í héraði eigi að víkja sæti. Er hún fremur tengd þeirri spurningu, sem hann hefur varpað fram, hvort dómarar við Hæstarétt séu hæfir til að leysa úr kærumálinu, eins og rekstri dómstólsins og skipan hans sé háttað. Í því tilliti vísar sóknaraðili

til þess, að í máli sínu eigi hann við ríkisendurskoðun og fjármálaráðuneytið, sem hann nefnir „yfirstofnanir dómstólanna", auk þess sem ráðuneytisstjóri í dómsmálaráðuneytinu hafi átti aðild að umræðum og aðgerðum varðandi uppsögn hans úr starfi hjá ríkisendurskoðun á árinu 1984.

Staða Hæstaréttar sem æðsta dómstóls í landinu er tryggð með ákvæðum í stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 og lögum um Hæstarétt Íslands nr. 75/1973, sem á henni eru byggð. Samkvæmt stjórnarskránni fara dómendur með dómsvaldið og skulu í starfi sínu fara einungis eftir lögum í landinu. Dómarar Hæstaréttar eru þannig óháðir handhöfum framkvæmdarvaldsins, en til þeirra telst ríkisendurskoðun, þó svo að hún starfi nú á vegum Alþingis.

Með vísan til þessa eru engin efni til þess, að Hæstiréttur stofni til gagnaöflunar af því tagi, sem um ræðir í kæru sóknaraðila, né heldur til þess, að dómarar máls þessa í Hæstarétti víki sæti. Er staða þeirra gagnvart sakarefni og málsaðilum ekki með þeim hætti, að þeir séu vanhæfir til að dæma í málinu, sbr. 6. gr. laga nr. 75/1973. Verður kröfu sóknaraðila um, að þeir víki sæti, því ekki sinnt.

Dómsorð:

Framangreindum kröfum kæranda, Inga B. Ársælssonar, um gagnaöflun og að dómarar málsins í Hæstarétti víki sæti, er hafnað.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 7. nóvember 1990.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 31. f.m., er höfðað hér fyrir þinginu með stefnu, birtri 8. apríl 1988.

Stefnandi er Ingi Björgvin Ársælsson, Lynghaga 8, Reykjavík.

Stefndu eru ríkisendurskoðun, Laugavegi 105, Reykjavík, og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, Arnarhvoli við Lindargötu, Reykjavík.

Stefnukröfur eru þessar:

1. Að staðfest verði með dómi bæjarþings Reykjavíkur, að lausn stefnda ríkisendurskoðunar, sem veitt var stefnanda sem fulltrúa í ríkisendurskoðun 14. febrúar 1984, hafi verið óréttmæt og ólögmæt.

2. Að staðfest verði með dómi bæjarþings Reykjavíkur, að stefnda fjár-

málaráðuneytinu fyrir hönd ríkissjóðs Íslands beri að greiða stefnanda 96% ógreiddra launa fyrir mánuðina janúar 1984 og febrúar 1984, alls kr. 3.014.40, ásamt [nánar tilgreindum dráttarvöxtum].

— — —

3. Að staðfest verði með dómi bæjarþings Reykjavíkur, að fjármálaráðuneytinu fyrir hönd ríkissjóðs Íslands sé skylt að greiða til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins vegna stefnanda til viðbótar þegar greiddum iðgjöldum hans fyrir mánuðina janúar og febrúar 1984 kr. 157 fyrir hvorn mánuð, þannig að iðgjaldagreiðslur stefnanda miðist við 23. launaflokk, 3. þrep, í launatöflu ríkisstarfsmanna í BSRB nr. 92, mánuðina janúar og febrúar 1984.

4. Að staðfest verði með dómi bæjarþings Reykjavíkur, að fjármálaráðuneytinu fyrir hönd ríkissjóðs Íslands beri að greiða stefnanda skaðabætur og miskabætur vegna óréttmætrar uppsagnar 14. febrúar 1984 til viðbótar áður greiddum bótum, kr. 6.000.000, —sex milljónir króna—.

5. Að staðfest verði með dómi bæjarþings Reykjavíkur, að stefndu fjármálaráðuneytinu og ríkisendurskoðuninni verði gert að greiða stefnanda málskostnað vegna reksturs máls þessa eftir framlögðum málskostnaðarreikningi eða mati bæjarþingsins.

Stefndu krefjast sýknu og málskostnaðar.

Málið var tekið til úrskurðar um framkomna kröfu stefnanda um, „að dómarinn, Garðar Gíslason borgardómari, sem stýrt hefur rekstri málsins fyrir Bæjarþingi Reykjavíkur til þessa frá því skömmu eftir að málið var þingfest, víki sæti í málinu, og jafnframt að fenginn verði annar dómari, setudómari, sem er hæfur til að fara með málið og ekki er fastur starfsmaður stofnunar, sem sætir fjármálastjórn og fjármálaeftirliti stefndu í málinu, þ.e. fjármálaráðherra og Ríkisendurskoðunarinnar".

Stefndu hafa andmælt kröfu þessari og krafist þess, að henni verði hrundið og þeim tildæmdur málskostnaður í þessum þætti málsins.

— — —

III.

Kröfu sína um, að dómarinn víki sæti, styður stefnandi með því, að hann eigi stjórnarskrárvarinn rétt á að leggja dómsmál sín fyrir óvilhalla kunnáttumenn um þau mál, sem til úrlausnar eru, sbr. m.a. lokaákvæði 2. gr. og ákvæði 60. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944. Þessi stjórnarskrárákvæði séu m.a. studd ákvæðum í 36. gr. laga nr. 85/1936. Stefnandi eigi skilyrðislausan rétt á, að óhlutdrægni þess opinbers dómstóls, sem hann reki mál sitt fyrir, sé hafið yfir allan vafa.

Við þær sérstöku aðstæður, sem skapast hafi í máli þessu, þar sem stað-

fest séu réttarbrot annars málsaðilans og hann hafi jafnframt á hendi fjármálastjórn og eftirlit með stofnun þeirri, sem dómarinn starfi hjá, sé rétt og eðlilegt, að dómarinn víki sæti. Þetta eigi enn frekar við, að (sic) aðrar æðstu stofnanir stjórnkerfisins, svo sem dómsmálaráðuneytið, sem hafi á hendi faglegt eftirlit með framkvæmd dómsmála og dómarinn kynni að sækja um stöðubreytingar til, hafi ekki brugðist eðlilega við kröfum stefnanda um opinbera rannsókn í málinu. Framhald á rekstri málsins undir stjórn dómara, sem háður sé öðrum málsaðilanum, kynni að kalla á fleiri undanfærslur á sjálfsögðum opinberum starfsskyldum og lögbrot opinberra embættismanna. Hér eigi sérstaklega við lokaákvæði 7. tl. 36. gr. laga nr. 85/1936.

IV.

Stefndu hafa mótmælt framangreindri kröfu stefnanda. Þeir benda á, að hvorugur stefndu hafi nokkuð að segja yfir dómsvaldinu í stjórnskipun landsins. Í kröfu stefnanda felist í raun, að allir dómarar ríkisins eigi að víkja í málum hans. Þetta sé fáheyrð krafa, sem byggist á haldlausum og ósönnuðum fullyrðingum stefnanda um réttarbrot opinberra aðila og hlutdrægni íslenskra dómara. Engin lagarök liggi til þess, að dómarinn víki sæti í málinu, og honum sé það bæði óskylt og óheimilt.

V.

Ekkert af því, sem stefnandi bendir á til stuðnings kröfu sinni um, að dómarinn víki sæti í máli þessu, leiðir til þess, að krafa hans verði tekin til greina skv. 7. tl. 36. gr. laga nr. 85/1936 eða öðrum réttarheimildum. Ber því að hrinda kröfu stefnanda.

Málskostnaður bíður efnisdóms í málinu.

Garðar Gíslason borgardómari kvað upp úrskurðinn.

Því úrskurðast:

Garðar Gíslason borgardómari víkur eigi sæti í máli þessu.

Málskostnaður bíður efnisdóms í málinu.

Þriðjudaginn 15. janúar 1991.

Nr. 464/1990. **Ingi B. Ársælsson**
gegn
ríkisendurskoðun
og fjármálaráðherra f.h ríkissjóðs.

Kærumál. Hæfi dómara.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hjörtur Torfason.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 20. nóvember 1990. Í greinargerð 10. janúar 1991 krefst sóknaraðili þess, „að hrundið verði úrskurði Bæjarþings Reykjavíkur frá 7. nóvember 1990 í máli kæranda og lagt verði fyrir hinn reglulega dómara, Garðar Gíslason, borgardómara, að víkja sæti í málinu og að dómari sá, sem fenginn verður til að fara með málið verði ekki í nokkrum starfslegum, fjárhagslegum eða óeðlilegum embættislegum tenglsum við aðila málsins eða Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, meðan Þorsteinn Geirsson er þar ráðuneytisstjóri eða ekki hefur verið fallist á kröfu kæranda um hlutlausa opinbera rannsókn á brottvikningarmáli hans og hvarfi á frumskjali urskj. nr. 9".

Kæran er heimil samkvæmt a-lið 1. tölulíðar 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Af hálfu varnaraðila er þess krafist, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og að varnaraðilum verði dæmdur kærumálskostnaður.

Samkvæmt 2. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 fara dómendur með dómsvaldið í landinu. Eru þeir ekki háðir stofnunum framkvæmdarvaldsins um meðferð þess. Skipun dómsvaldsins er ákveðin með lögum samkvæmt 59. gr. stjórnarskrárinnar. Dómari máls þessa í héraði er skipaður dómari við borgardómaraembættið í Reykjavík, sbr. lög nr. 74/1972 um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o.fl. með síðari breytingum. Starfskjör hans sem embættisdómara, er ráðast meðal annars af 20. gr. og 61. gr. stjórnarskrárinnar, eru ákveðin á grundvelli laga. Enda þótt hann teljist til starfsmanna ríkisins, veldur það ekki vanhæfi hans til að fjalla um mál, er varða varnaraðila eða aðrar ríkis-

stofnanir, heldur leiðir hið gagnstæða af ákvæðum stjórnarskrárinnar. Sóknaraðili hefur ekki leitt nein önnur rök að því, að dómarinn sé vanhæfur til að fara með málið, sbr. 36. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Dæma ber sóknaraðila til að greiða varnaraðilum kærumálskostnað eins og í dómsorði segir.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Ingi B. Ársælsson, greiði varnaraðilum, ríkisendurskoðun og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, samtals 15.000 krónur í kærumálskostnað.

Miðvikudaginn 16. janúar 1991.

Nr. 337/1989. **Gunnar Björnsson**
(Jón Oddsson hrl.)
gegn
Fríkirkjusöfnuðinum í Reykjavík
(Skúli Pálsson hrl.).

Úrskurður um útburð. Áfrýjun. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason og Haraldur Henrysson og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. september 1989. Hann gerir þær dómkröfur, „að hinum áfrýjaða úrskurði fógetaréttar Reykjavíkur verði hrundið, úrskurðurinn felldur úr gildi og synjað verði um, að útburðarkröfur stefnda nái fram að ganga og þeim verði hafnað að öllu leyti". Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst þess, „að hin áfrýjaða útburðargerð verði staðfest". Jafnframt krefst hann málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Við hinn munnlega flutning málsins fyrir Hæstarétti var upplýst, að stefndi hefði um mánaðamótin ágúst/september 1989 fengið umráð húsnæðisins að Garðastræti 36. Aðilar málsins hafa því ekki lengur réttarhagsmuni af því, að hinn áfrýjaði úrskurður komi til endurskoðunar fyrir Hæstarétti. Ber því að vísa máli þessu sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 23. ágúst 1989.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að kröfu gerðarbeiðanda þann 14. ágúst sl.

Gerðarbeiðandi er stjórn Fríkirkjusafnaðarins í Reykjavík, kt. 560169-4509, Laufásvegi 13, Reykjavík.

Gerðarþoli er séra Gunnar Björnsson, kt. 151044-7519, Garðastræti 36, Reykjavík.

Með útburðarbeiðni, dags. 9. júní 1989, sem barst embættinu þann 22. júní sl., krefst gerðarbeiðandi þess, að gerðarþoli verði borinn út af fasteigninni Garðastræti 36, Reykjavík.

Gerðarþoli hefur engar kröfur haft uppi í máli þessu.

— — —

Úrskurðarorð:

Umbeðin útburðargerð á séra Gunnari Björnssyni úr húsnæði gerðarbeiðanda, stjórnar Fríkirkjusafnaðarins í Reykjavík, Garðastræti 36, nær fram að ganga á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Miðvikudaginn 16. janúar 1991.

Nr. 66/1990. **Hrafnkell Ásgeirsson**

gegn

Íslandsbanka hf.,
Landsbanka Íslands,
Sambandi íslenskra samvinnufélaga,
Sparisjóði Hafnarfjarðar,
Gjaldheimtunni í Hafnarfirði,
innheimtumanni ríkissjóðs í Hafnarfirði og
Kreditkortum hf.

Máli vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. febrúar 1990. Áfrýjað er úrskurði uppboðsréttar Hafnarfjarðar frá 5. febrúar 1990. Málið var þingfest í Hæstarétti 2. apríl 1990, og fékk áfrýjandi þá frest til október 1990. Málinu var síðan að hans ósk frestað til nóvember, þá til desember og þá enn til reglulegs þingdags í janúar 1991. Er málið kom fyrir þann dag, óskaði áfrýjandi eftir fresti í tvo mánuði, en til vara í einn mánuð, til að ganga frá ágripi í málinu.

Af hálfu stefndu Íslandsbanka hf. og innheimtumanns ríkissjóðs í Hafnarfirði hefur frestbeiðninni verið mótmælt og þess krafist, að málinu verði vísað frá Hæstarétti. Báðir aðilar krefjast málskostnaðar sér til handa úr hendi áfrýjanda.

Stefndi Samband íslenskra samvinnufélaga hefur og mótmælt því, að áfrýjanda verði veittur frekari frestur í málinu.

Mótmæli sín styðja stefndu Íslandsbanki hf. og innheimtumaður ríkissjóðs í Hafnarfirði þeim rökum, að áfrýjanda hafi tvívegis verið veittur lokafrestur í málinu til framlagningar gagna, ágrips og greinargerðar. Enn fremur kemur fram í greinargerð af hálfu stefnda Íslandsbanka hf., að dómsgerðir í málinu hafi legið ósóttar hjá embætti bæjarfógetans í Hafnarfirði frá 18. apríl 1990.

Þann 7. janúar voru liðnir rúmir 10 mánuðir frá útgáfu áfrýjunarstefnu í málinu. Hefur áfrýjandi ekki nýtt sér þennan frest til

að búa málið til flutnings fyrir Hæstarétti og ekki enn aflað sér dómsgerða, en rúmir 8 mánuðir eru nú liðnir, síðan þær voru tilbúnar til afhendingar.

Með þetta í huga og með því að áfrýjandi hefur ekki réttlætt frekari frestun málsins, ber að synja frestbeiðni hans og vísa málinu frá Hæstarétti. Dæma ber áfrýjanda til að greiða stefndu Íslandsbanka hf. og innheimtumanni ríkissjóðs í Hafnarfirði málskostnað fyrir Hæstarétti svo sem segir í dómsorði.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjandi, Hrafnkell Ásgeirsson, greiði stefndu Íslandsbanka hf. og innheimtumanni ríkissjóðs í Hafnarfirði 15.000 krónur til hvors um sig í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 16. janúar 1991.

Nr. 427/1990. **Matthías Einarsson,**
Ingibjörg Matthíasdóttir og
Ragnhildur Matthíasdóttir

gegn

Arnmundi Backman hrl.,
Matthíasi Matthíassyni,
Brynjólfi Kjartanssyni hrl.,
Eimskipafélagi Íslands hf.,
Gísla Baldri Garðarssyni hrl. f.h.
Sparkassen SDS,
Helga Aðalsteinssyni,
Jónasi Björnssyni,
Ragnari Hall skiptaráðanda f.h.
þb. verslunarinnar Víðis sf.,
Póst- og símamálastofnun,
Rafmagnsveitu Reykjavíkur,
Sjóvá-Almennum tryggingum hf.,
Flugleiðum hf.,
Agnari Gústafssyni hrl. f.h.
A.G. Broone Camp. Inc.,
Islandsbanka hf.,
Gjaldheimtunni í Garðabæ,
Landsbanka Íslands hf.,
Kaupfélagi Berufjarðar,
Gjaldheimtunni í Reykjavík,
bæjarstjóranum í Keflavík f.h.
bæjarsjóðs Keflavíkur,
Þorbirni Einarssyni,
Pétri Péturssyni,
Helgu Rósantsson,
Markaðssjóðnum hf.,
Prentsmiðjunni Odda hf.,
Skuldaskilum hf.,
tollstjóranum í Reykjavík,
Sambandi íslenskra samvinnufélaga og
Útilífi hf.

Frestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. nóvember 1990. Áfrýjað er þriðja og síðasta nauðungaruppboði á hluta í Laufásvegi 17, Reykjavík, sem fram fór 6. júlí 1990. Í áfrýjunarstefnu kveða áfrýjendur málinu hafa verið áfrýjað með stefnu 3. ágúst 1990 sem máli nr. 299/1990, en það mál var ekki þingfest.

Er mál þetta var þingfest 7. janúar 1991, fóru áfrýjendur fram á frest til 3. maí 1991 til gagnaöflunar og ágripsgerðar.

Af hálfu stefndu Þorbjörns Einarssonar og bæjarsjóðs Keflavíkur var þess krafist, að áfrýjendum yrði synjað um langan frest til ágripsgerðar.

Af hálfu annarra stefndu var umbeðinn frestur samþykktur.

Rétt er með hliðsjón af ákvæði 41. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands að veita áfrýjendum frest til 3. maí 1991 til gagnaöflunar og ágripsgerðar. Málskostnaðar hefur ekki verið krafist.

Á l y k t a r o r ð:

Máli þessu er frestað til 3. maí 1991.

Miðvikudaginn 16. janúar 1991.

Nr. 261/1990. **Ákæruvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

Jóni Val Guðmundssyni

(Haraldur Blöndal hrl.).

Skjalafals. Skilorð. Áfrýjun. Dómarar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Guðmundur Jónsson, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Héraðsdómi var áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 10. október 1989 af hálfu ákæruvaldsins til endurskoðunar á refsiákvörðun og til refsilækkunar. Af þess hálfu er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms, að því er varðar sakfellingu og greiðslu bóta.

Af hálfu ákærða er krafist vægustu refsingar, er lög leyfa, og að hún verði skilorðsbundin.

Ákærði játaði brot sitt af hreinskilni fyrir rannsóknarlögreglu og héraðsdómi. Í héraðsdómi er brotum hans skilmerkilega lýst. Ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm um sakfellingu ákærða og heimfærslu til hegningarlagaákvæðis. Ákærði var nýorðinn 21 árs, þegar brot hans voru framin, og hafði ekki áður hlotið refsingu. Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt sakavottorð ákærða frá 17. desember sl. Þar kemur fram, að hann hefur síðan gengist undir eftirfarandi sáttir fyrir umferðarlagabrot: 10.000 króna sekt 28. mars 1989, 16.000 króna sekt og ökuleyfissviptingu í tvo mánuði 19. júní 1989 og loks 40.000 króna sekt og ökuleyfissviptingu í tvö ár 3. maí 1990. Brot þau, sem hér er ákært fyrir, eru mörg og öll sams konar. Þau eru framin á skömmum tíma, og hvert fyrir sig varða þau lágar fjárhæðir.

Refsing ákærða þykir með hliðsjón af ofangreindum málavöxtum og samkvæmt 70. og 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 hæfilega ákveðin sex mánaða fangelsi, en rétt er að fresta fullnustu fjögurra mánaða af dæmdri refsingu, og falli sá hluti niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákvæði héraðsdóms um bótagreiðslur er staðfest.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Allur áfrýjunarkostnaður málsins skal greiðast úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun ákærða.

Héraðsdómari birti ákærða áfrýjunarstefnu 23. febrúar 1990 og gaf honum 15 daga frest til að taka afstöðu til þess, hvern hann vildi fá skipaðan verjanda fyrir Hæstarétti. Héraðsdómari endursendi síðan ríkissaksóknara dómsgerðir málsins og stefnuna áritaða um birtingu 20. júní s.á. Þessi dráttur á að endursenda málið hefur ekki verið réttlættur.

Jafnframt því að endursenda ríkissaksóknara dómsgerðir málsins ritaði héraðsdómarinn honum bréf, sem hann óskaði eftir, að komið yrði á framfæri við Hæstarétt. Í bréfinu gagnrýnir dómarinn áfrýjun málsins. Með henni var ríkissaksóknari að sinna embættisskyldum sínum skv. 2. tl. 175. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála. Bréf þetta var því óþarft og orðalag þess um sumt óviðurkvæmilegt.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Valur Guðmundsson, sæti 6 mánaða fangelsi, en fresta skal fullnustu 4 mánaða af refsingunni og sá hluti falla niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa, haldi hann almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslur bóta er staðfest.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað skal vera óraskað.

Allur áfrýjunarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Haralds Blöndals hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur sakadóms Garðakaupstaðar 31. maí 1989.

Árið 1989, miðvikudaginn 31. maí, er á dómþingi sakadóms Hafnarfjarðar og Garða, sem háð er að Strandgötu 31, Hafnarfirði, af Guðmundi L. Jóhannessyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 236/1989: Ákæruvaldið gegn Jóni Val Guðmundssyni.

Mál þetta, sem dómtekið er í dag, er með ákæruskjali ríkissaksóknara, dags. 11. janúar 1989, höfðað gegn Jóni Val Guðmundsyni, Faxatúni 17, Garðabæ, fyrir skjalafals með því að hafa á tímabilinu frá 22. desember 1987 til 16. janúar 1988 falsað nafn Sveinbjörns Jóhannessonar á eftirtalda 101 sölunótu og hagnýtt sér nóturnar í viðskiptum jafnframt því að framvísa Visa Ísland-greiðslukorti Sveinbjörns Jóhannessonar, Aðallandi 2, Reykjavík, nr. 4548 9000 0022 3687, en greiðslukortið fann ákærði þann 19. desember 1987 á gangstéttinni fyrir framan Hótel Borg í Reykjavík: — — —

Framanlýst háttsemi ákærða telst varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.

Ákærði er sakhæfur, fæddur 9. desember 1966 í Reykjavík, og hefur ekki sætt refsingu, svo að kunnugt sé.

Samkvæmt framburði ákærða, skýrslum lögreglu og öðrum rannsóknargögnum eru málavextir þessir:

Aðfaranótt laugardagsins 19. desember 1987 kl. 3.00 - 4.00 hafði ákærði fundið visa-greiðslukort á gangstéttinni fyrir framan Hótel Borg í Reykjavík. Greiðslukortið var við Landsbanka Íslands og á nafn Sveinbjörns Jóhannessonar, nnr. 3709-1767, og er ekki upplýst, hvernig hann hafði glatað kortinu. Ákærði hafði svo á tímabilinu frá 22. desember 1987 til 16. janúar 1988 notað kortið til að fá út ýmsa vöru og þjónustu í viðskiptum án þess að reiða fram fé fyrir hana. Greiðslukortið bar með sér, hver væri eigandi þess, og falsaði ákærði sölunótur vegna úttektanna með því að skrifa undir þær í nafni Sveinbjörns Jóhannessonar og líkti þá sem mest eftir rithandarsýnishorninu á kortinu, en þó að það hafi tekist misvel, var aldrei gerð athugasemd af hálfu þeirra, sem hann skipti við, og kvaðst hann aldrei hafa verið krafinn um önnur skilríki í sambandi við viðskiptin, heldur framvísaði hann einungis greiðslukortinu. Alls falsaði ákærði með þessum hætti 101 sölunótu og fékk vöru og þjónustu fyrir sömu upphæðir og nóturnar hljóðuðu upp á, en afrit og ljósrit þeirra hafa verið lögð fram í málinu, og kannast ákærði við að hafa skrifað undir þær allar og að þeim sé rétt lýst í ákæru og hvernig hann hagnýtti sér þær. Samtals voru nóturnar að fjárhæð kr. 222.841,60.

Með játningu ákærða og öðrum gögnum málsins er sannað, að hann notaði framangreindar sölunótur í viðskiptum, eftir að hafa falsað á þær nafnritunina Sveinbjörn Jóhannesson, og hefur hann með þessum verknaði gerst sekur um brot á 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Ákærði hefur ekki greitt framkomnar kröfur vegna þessara brota sinna,

og gaf dómarinn honum 21. mars sl. frest til að greiða eða semja um greiðslu þeirra fyrir 20. apríl sl., en fyrir liggur, að Visagreiðslumiðlun h/f var tilbúin að leyfa honum að greiða skuldina á einhverjum tíma, ef hann kæmi með skuldabréf með ábyrgðarmönnum, sem fyrirtækið tæki gilda. Ákærði hefur ekki lagt fram nein gögn í réttinum um að hafa samið eða reynt að semja um skuldina, en hann kvaðst ekki m/v tekjumöguleika sína hafa getu til að greiða skuldina nema á löngum tíma.

Refsing ákærða þykir samkvæmt framangreindu ákvæði almennra hegningarlaga og með hliðsjón af 77. gr. sömu laga hæfilega ákveðin fangelsi í 22 mánuði.

Vísa-Ísland, Greiðslumiðlun h/f, Höfðabakka 9, Reykjavík, hefur gert kröfu um, að ákærði greiði því kr. 207.351,60 ásamt dráttarvöxtum frá 22. des. 1987, eins og þeir eru á hverjum mánuði til greiðsludags.

Karnabær, Nýbýlavegi 4, Kópavogi, hefur gert kröfur um kr. 13.590 í bætur vegna viðskiptanna, sem greind eru í 1. og 2. tölulið ákæru.

Ákærði hefur samþykkt kröfur þessa, og þykir mega taka þær til greina, en allt bendir til þess, að Vísa-Ísland, Greiðslumiðlun h/f, hafi orðið fyrir því tjóni, sem það heldur fram í kröfugerð sinni, og skulu dráttarvextirnir, sem þar er gerð krafa um, ákveðast samkv. 15., sbr. 10. gr. vaxtalaga nr. 25, 1987.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Valur Guðmundsson, sæti fangelsi í 22 mánuði.

Ákærði greiði Vísa-Ísland, Greiðslumiðlun h/f, Höfðabakka 9, Reykjavík, kr. 207.351,60 ásamt dráttarvöxtum samkv. 15. gr., sbr. 10. gr. vaxtalaga nr. 25, 1987, frá 22. des. 1987 til greiðsludags og Karnabæ, Nýbýlavegi 4, Kópavogi, kr. 13.590.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 16. janúar 1991.

Nr. 79/1989. **Grétar Haraldsson**
(Hilmar Ingimundarson hrl.)
gegn
Vinnustofunni Klöpp hf.
(Othar Örn Petersen hrl.).

Skuldamál. Aðild.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason og Þór Vilhjálmsson og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. mars 1989 að fengnu áfrýjunarleyfi 7. sama mánaðar. Hann krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi, en til vara, að hann verði sýknaður að svo stöddu af kröfum stefnda, og til þrautavara, að kröfur stefnda verði lækkaðar. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Af hálfu áfrýjanda hafa verið lögð fyrir Hæstarétt nokkur ný skjöl.

II.

Svo sem í héraðsdómi greinir, varða reikningar þeir, sem krafa stefnda í málinu byggist á, fasteignirnar Skálagerði 4-6, Framnesveg 25 og Grettisgötu 9, allar í Reykjavík.

Afsal fyrir Skálagerði 4-6 er dagsett 11. maí 1984. Seljandi er Taflfélag Reykjavíkur o.fl., en kaupendur Eggert Magnússon og áfrýjandi. Um var að ræða óbyggðar lóðir með rétti til byggingar raðhúsa samkvæmt þegar samþykktum uppdráttum.

Afsöl fyrir Framnesvegi 25 og Grettisgötu 9 eru bæði dagsett 8. júlí 1985. Seljandi í báðum tilvikum er Hjörtur Jónsson, en kaupendur Eignaval sf. að 2/3 og Ingimar Haukur Ingimarsson að 1/3. Gömul hús voru á báðum þessum lóðum. Létu kaupendur rífa þau

og byggðu á lóðunum fjölbýlishús samkvæmt uppdráttum, dagsettum 1. september 1983 og 6. september 1984, er gerðir voru á teiknistofu stefnda.

III.

Samkvæmt tilkynningu til Firmaskrár Reykjavíkur 1. desember 1982 eru áfrýjandi og Eggert Magnússon fullábyrgir eignaraðilar sameignarfélagsins Eignavals sf. Svo var og á þeim tíma, er hér skiptir máli.

Samkvæmt stofnsamningi um Vinnustofuna Klöpp hf. 16. desember 1976 átti Ingimar Haukur Ingimarsson þá langstærstan hlut í félaginu. Samkvæmt vottorði Hlutafélagaskrár 7. janúar 1991 er Ingimar Haukur bæði formaður stjórnar félagsins og framkvæmdastjóri.

Gögn þau, sem vitnað er til hér að framan, voru öll lögð fram við upphaf munnlegs málflutnings fyrir Hæstarétti.

IV.

Áfrýjandi greindi frá því í aðilaskýrslu á bæjarþingi Reykjavíkur, að ákveðið hefði verið að láta breyta uppdráttum að fyrirhuguðum húsum á lóðunum nr. 4-6 við Skálagerði og stefndi skyldi fenginn til þess verks. Hafi Eggert Magnússon falast eftir verkinu hjá stefnda og átt um það við Ingimar Hauk Ingimarsson. Er lögmaður stefnda kynnti áfrýjanda, að forsvarsmaður stefnda fullyrti, að áfrýjandi hefði sjálfur beðið um þetta verk, kvaðst hann álíta það rangt, en sagði síðan: „Þetta er náttúrlega hlutur sem ég man ekki. Við vorum í miklu sambandi við Ingimar Hauk. Ég er þeirrar skoðunar að Eggert Magnússon hafi aðallega haft samband við hann út af þessum hlutum."

Ingimar Haukur Ingimarsson skýrði svo frá við yfirheyrslu á bæjarþingi Reykjavíkur, að Eggert Magnússon og áfrýjandi hefðu beðið um umrædda þjónustu stefnda vegna Skálagerðis 4-6, og kvaðst hann hafa vitað, að þeir ættu þessar lóðir. Áfrýjandi hefði annast samskipti við stefnda vegna þessa, og því hefði hann snúið sér til áfrýjanda um greiðslu fyrir þjónustuna. Uppdrættir vegna Framnesvegar 25 og Grettisgötu 9 hefðu verið gerðir fyrir áfrýjanda, Eggert, og hann sjálfan.

Eggert Magnússon skýrði svo frá við yfirheyrslu á bæjarþingi

Reykjavíkur, að það hefði verið áfrýjandi, sem aðallega sá um samskipti varðandi uppdrætti og annað vegna allra umræddra byggingaframkvæmda. Hann kvaðst þó líklega sjálfur upphaflega hafa rætt við Ingimar Hauk varðandi breytingar á fyrirhugðum húsum, beðið hann að athuga möguleika í því efni og annast það verkefni.

V.

Af framanskráðu er ljóst, að áfrýjandi átti aðild að þeim viðskiptum, sem kröfur stefnda í málinu byggjast á. Hann ber beina og ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum Eignavals sf., að því er varðar Skálagerði 4-6, og óskipta ábyrgð með sameigendum sínum gagnvart stefnda á greiðslum vegna eignanna Framnesvegar 25 og Grettisgötu 9. Á stefndi því rétt á að fá efnisdóm í málinu, að því er áfrýjanda varðar. Voru því lagaskilyrði fyrir því, að stefndi beindi kröfum sínum að áfrýjanda einum, enda kemur ekki fram, að fyrirvari hafi verið gerður um takmarkaða greiðsluskyldu hans. Hefur frávísunarkrafa áfrýjanda ekki við rök að styðjast.

VI.

Hvorki í greinargerð áfrýjanda í héraði né síðar undir rekstri málsins hefur mótmælum eða athugasemdum verið hreyft við fjárhæð stefnukröfu. En í fyrrnefndri aðilaskýrslu sinni vék áfrýjandi sérstaklega að þeim framlögðu reikningum, er varða Framnesveg 25 og Grettisgötu 9. Kvaðst hann telja, að við kaup á þeim lóðum hefði verið greitt fyrir þá þjónustu, er þær varðar, í reikningum stefnda. Eigi verður séð, að áfrýjandi hafi borið þetta fyrir sig sem málsástæðu í héraði.

Við aðalflutning málsins var lögð fram kvittun Hjartar Jónssonar, dagsett 17. júlí 1984, þar sem viðurkennt er, að áfrýjandi, Eggert Magnússon og Ingimar Ingimarsson hafi þann dag greitt 240.000 krónur, er séu andvirði aukabílastæðis vegna Framnesvegar 25, teikninga af nýbyggingum á Grettisgötu 9 og Framnesvegi 25 og vegna flutnings á tré. Er því nú haldið fram, að kvittun þessi sanni, að reikningar stefnda vegna þessara eigna séu þegar greiddir.

Stefndi reisir kröfur sínar á fimm reikningum. Tveir þeirra eru vegna Framnesvegar 25 og Grettisgötu 9, sinn fyrir hvora eign. Hvorum reikningi fylgir „útreikningur arkitektaþóknunar fyrir

hönnun húss". Þar kemur m.a. fram, að vinnutímabil vegna beggja eignanna hafi verið frá ágúst 1984 til desember 1986. Samkvæmt því hefur verk það, er stefndi vann vegna þessara eigna, verið framkvæmt, eftir að fyrrnefnd kvittun var látin í té. Kvittunin verður því ekki talin fullgild sönnun fyrir því, að þessi hluti kröfufjárhæðar stefnda hafi verið greiddur.

VII.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms, en vaxtaákvæði hans hefur ekki verið mótmælt.

Rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefnda 100.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Grétar Haraldsson, greiði stefnda, Vinnustofunni Klöpp hf., 100.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 22. nóvember 1988.

Í greinargerð stefnda á dskj. nr. 14 var af hans hálfu gerð sú varakrafa, að máli þessu yrði vísað frá dómi með vísan til 46. gr. l. nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði.

Kröfu sína styður varnaraðili þeim rökum, að verk þau, sem umstefndir reikningar byggist á, hafi ekki verið unnin fyrir sig einan, heldur einnig fyrir þá Eggert Magnússon, Lindarflöt 36, Garðabæ, og Ingimar Hauk Ingimarsson, Klapparási 7, Reykjavík. Af þessum sökum beri að vísa málinu frá dómi.

Lögmaður stefnanda mótmælti þessari kröfu í málflutningi sínum.

Málið var tekið til dóms að loknum munnlegum málflutningi.

Rétt þykir með vísan til 2. mgr. 108. gr. l. nr. 85/1936 að taka afstöðu sérstaklega til frávísunarkröfunnar, áður en efnisdómur er kveðinn upp.

Engin efni þykja vera til að taka frávísunarkröfu stefnda til greina, og er hennar því synjað.

Arnfríður Einarsdóttir, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp þennan úrskurð.

Úrskurðarorð:

Frávísunarkröfu stefnda, Grétars Haraldssonar, er synjað.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. nóvember 1988.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi þann 2. maí sl., endurupptekið, flutt og dómtekið 1. október sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri þann 12. maí 1987, af Vinnustofunni Klöpp hf., nafnnúmer 5638-2682, Laugavegi 26, Reykjavík, gegn Grétari Haraldssyni, nafnnúmer 2741-3978, Furugerði 7, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 664.734 ásamt 3,5% drv. á mánuði frá 1. júlí 1985 af kr. 77.915 til 1. september 1985 og 3,75% drv. á mánuði frá þeim degi til 1. mars 1986 og með 2,75% drv. á mánuði frá þeim degi til 1. apríl 1986 og með 2,25% drv. á mánuði frá þeim degi til 1. mars 1987 og með 2,5% drv. á mánuði af kr. 664.734 frá þeim degi til stefnubirtingardags og með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ.

Við munnlegan málflutning gerði stefnandi þá varakröfu með samþykki stefnda, að stefndi greiði kr. 344.140 ásamt 3,5% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 77.915 frá 1.7. 1985 til 1.9. 1985 og með 3,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1.3. 1986 og með 2,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1.4. 1986 og með 2,25% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1.3. 1987 og með 2,5% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 344.140 frá þeim degi til stefnubirtingardags og dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að málinu verði vísað frá dómi. Þá krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda skv. taxta LMFÍ.

Með úrskurði, uppkveðnum 22. nóvember 1988, var frávísunarkröfu stefnda hrundið, og koma því aðeins sýknukrafa og málskostnaðarkrafa til álita hér.

II.

Stefnandi kveður málavexti vera þá, að stefnandi hafi unnið fyrir stefnda við arkitektavinnu og ráðgjafarþjónustu vegna útboða. Skuldin sé skv. 5 reikningum, sem allir séu stílaðir á stefnda.

Stefnandi kveður fyrsta reikninginn vera nr. 1339, dags. 10. maí 1985, að fjárhæð kr. 36.695, og sé verkheiti hans Skálagerði 4-6. Hann sé tilkominn vegna ráðgjafarþjónustu vegna útboðs á uppsteypu húss skv. meðfylgjandi sundurliðun á tímavinnu. En af þeirri sundurliðun sé ljóst, að starfsmaður stefnanda, Þorsteinn Friðþjófsson, hafi unnið 42,5 stundir við þetta verk, samtals kr. 28.475. Auk þess er á reikningnum ljósritun vegna

útboðs 274 stk. á kr. 30, þ.e. kr. 8.220. Reikningurinn sé því samtals að fjárhæð kr. 36.695.

Reikningur nr. 1349 sé dags. 7. júní 1985 og sé að fjárhæð kr. 41.220, sömuleiðis vegna Skálagerðis 4-6. Hann sé tilkominn vegna ráðgjafar vegna útboðs á rafmagni, deiliteikninga af gluggum og hurðum, breytinga á frárennslislagnateikningum og fleira. Í viðfestu skjali, sem beri heitið „sundurliðun tímavinnu", sjáist, að Þorsteinn Friðþjófsson, starfsmaður stefnanda, hafi unnið í 57 tíma við verk þetta. Að auki sé á þessu skjali ljósritun kr. 1.890. Samtals sé því reikningurinn að fjárhæð kr. 41.220. Stefnandi kveður báða þessa reikninga stílaða á stefnda, Grétar Haraldsson, Laugavegi 18, Reykjavík.

Þriðji reikningurinn sé nr. 1597, dags. 22. janúar 1987, að fjárhæð kr. 174.923. Hann sé tilkominn vegna arkitektavinnu skv. meðfylgjandi útreikningi, verkheiti reikningsins sé Framnesvegur 25, Reykjavík, og sé hann stílaður á Grétar Haraldsson, Furugerði 7, Reykjavík. Á meðfylgjandi útreikningi með reikningi þessum sjáist greinilega, hvernig arkitektaþóknunin sé reiknuð út.

Fjórði reikningurinn sé nr. 1598, dags. 23. janúar 1987, að fjárhæð kr. 266.225. Verkheiti hans sé Skálagerði 4-6, Reykjavík. Samkvæmt honum sé arkitektavinnan skv. hjálögðum útreikningi kr. 279.546, en frá þeirri fjárhæð dragist kr. 13.321, og sé reikningurinn því að fjárhæð kr. 266.225. Þessi reikningur sé stílaður á Grétar Haraldsson, Furugerði 7, Reykjavík.

Stefnandi kveður fimmta reikninginn vera nr. 1596, dags. 23. janúar 1987, að fjárhæð kr. 145.671. Verkheiti hans sé Grettisgata 9, Reykjavík. Hann sé tilkominn vegna arkitektavinnu, og sjáist á viðfestu fylgiskjali, hvernig þóknun fyrir arkitektahönnun sé fundin.

Stefnandi kveður ofannefnda fimm reikninga vera samtals að fjárhæð kr. 664.734, sem sé jafnframt stefnufjárhæðin. Innheimtutilraunir hafi reynst árangurslausar, og því sé málshöfðun þessi nauðsynleg.

Stefnandi kveður stefnda hafa samið við sig um að vinna umrædd verk fyrir stefnda, og hafi hann staðið við skuldbindingar sínar skv. þeim samningi, en stefndi hafi ekki sinnt greiðsluskyldu sinni. Því kveðst stefnandi byggja málshöfðun sína á reglum kröfuréttar um efndir skuldbindinga, sbr. samningalögin nr. 7/1936.

III.

Stefndi krefst þess, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Sýknukröfuna byggir hann á því, að verk þau, er unnin hafa verið skv. þeim reikningum, sem fyrir liggi í málinu, hafi ekki verið unnin fyrir sig. Beri því að sýkna sig skv. 2. mgr. 45. gr. l. nr. 85/1936.

IV.

Forsendur og niðurstaða.

Stefndi styður sýknukröfu sína þeim rökum, að verk þau, sem umstefndir reikningar byggjast á, hafi ekki verið unnin fyrir sig, og því beri að sýkna sig af kröfum stefnanda skv. 2. mgr. 45. gr. l. nr. 85/1936.

Undir rekstri málsins er í ljós leitt, að verk þau, sem unnin voru af stefnanda skv. umþrættum reikningum, voru unnin fyrir fleiri en stefnda einan. Teikningar fyrir Skálagerði 4-6 voru unnar fyrir stefnda og Eggert Magnússon, en teikningar vegna Framnesvegar 25 og Grettisgötu 9 voru unnar fyrir stefnda, Eggert Magnússon, og Ingimar Hauk Ingimarsson. Ekkert er fram komið í máli þessu, sem bendir til annars en ábyrgð stefnda á umstefndri skuld sé „solidarisk" með áðurnefndum mönnum.

Þá hefur því ekki verið mótmælt af hálfu stefnda, að vinna skv. umstefndum reikningum hafi verið unnin, og engin töluleg mótmæli hafa heldur komið fram gegn fjárhæð reikninganna.

Með vísan til ofanritaðs þykir því verða að fallast á aðalkröfu stefnanda, að stefnda beri að greiða stefnanda stefnukröfurnar með þeim vöxtum, sem krafist er í stefnu, að öðru leyti en því, að frá 14. apríl 1987 reiknast drv. 30% ársvextir til stefnubirtingardags, en hæstu lögleyfðu drv. frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir úrslitum málsins ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir eftir atvikum hæfilega ákveðinn kr. 142.450, þar með talinn söluskattur.

Uppkvaðning dóms þessa hefur dregist vegna embættisanna dómarans.

Arnfríður Einarsdóttir, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Grétar Haraldsson, greiði stefnanda, Vinnustofunni Klöpp hf., kr. 664.734 með 3,5% drv. á mánuði frá 1. júlí 1985 af kr. 77.915 til 1. sept. 1985, með 3,75% drv. á mánuði frá þeim degi til 1. mars 1986, með 2,75% drv. á mánuði frá þeim degi til 1. apríl s.á., með 2,25% drv. á mánuði frá þeim degi til 1. mars 1987, með 2,5% drv. á mánuði af kr. 664.734 frá þeim degi til 14. apríl s.á., með 30% ársvöxtum frá þeim degi til stefnubirtingardags, en með hæstu lögleyfðum drv. frá þeim degi til greiðsludags og kr. 142.450 í málskostnað, þar með talinn söluskattur, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 17. janúar 1991.

Nr. 344/1990. **Bjarni Þ. Guðmundsson**
gegn
Elínborgu Brynjólfsdóttur og
Guðmundi Pálma Kragh.

Kærumál. Þinglýsing. Máli vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Hjörtur Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Með símskeyti, sem sent var sýslumanninum í Árnessýslu 10. ágúst 1990, kærði sóknaraðili þinglýsingu tveggja skjala varðandi jörðina Gölt í Grímsneshreppi. Kæran barst Hæstarétti 21. september með bréfi fulltrúa sýslumanns, sem ritað var tveim dögum fyrr.

Í greinargerð lögmanns sóknaraðila, sem dagsett er 27. september, er þess krafist, að skjöl nr. 1745/1990 og 1809/1990 verði afmáð úr fasteignabók Árnessýslu og vísað frá þinglýsingu.

Í greinargerð lögmanns varnaraðila, sem dagsett er 5. október, er krafist frávísunar kærumálsins frá Hæstarétti og kærumálskostnaðar.

Sýslumaður hefur sent Hæstarétti bréf, sem hann ritaði varnaraðilum 13. nóvember. Er þar tilkynnt, að fyrrgreindum skjölum hafi verið þinglýst vegna mistaka. Samkvæmt 27. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978 hafi þinglýsingin verið felld úr gildi og færslur í fasteignabók strikaðar út.

Sóknaraðili hefur ekki, eins og málum er nú komið, lögvarða hagsmuni af að fá dóm um kröfur sínar í kærumáli þessu. Ber því að vísa málinu frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 21. janúar 1991.

Nr. 9/1991. **Þrotabú Dalverks h/f**

gegn

Höskuldi Davíðssyni.

Kærumál. Stefnubirting. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason og Haraldur Henrysson og Gunnar M. Guðmundsson settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 20. desember 1990 samkvæmt heimild í b-lið 1. töluliðar 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Héraðsdómarinn sendi kæruna til Hæstaréttar með bréfi 7. janúar 1991, sem barst Hæstarétti sama dag.

Sóknaraðili krefst þess, „að frávísunardóminum verði hrundið og lagt verði fyrir héraðsdómarann að leggja efnisdóm á málið". Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Í áðurgreindu bréfi tekur héraðsdómarinn m.a. fram:

„Gætt var ákvæða 27. gr. l. nr. 75/1973, hvað varðar stefnanda, sbr. meðfylgjandi ljósrit símskeytis til umboðsmanns stefnanda.

Þar sem heimilisfang stefnda er óupplýst, hefur eigi reynst unnt að gæta ákvæða 27. og 28. gr. l. nr. 75/1973, hvað hann áhrærir."

I.

Lögmaður sóknaraðila hefur í greinargerð með kæru sinni til Hæstaréttar meðal annars tekið fram:

„Er ég fékk í hendur vottorð þjóðskrár á Hagstofu Íslands hinn 18. júní 1990 um að stefndi væri fluttur til Svíþjóðar, innti ég eftir því hvort á þjóðskrá væri nánara erlent heimilisfang að finna. Var mér tjáð að svo væri ekki.

Vottorð þjóðskrár um að stefndi hafi flutt til Svíþjóðar og hafi verið búsettur þar hinn 1. desember 1989 var lagt fram í málinu. Stefna máls þessa var birt í Lögbirtingablaði hinn 9. maí 1990, með eins mánaðar stefnufresti og málið þingfest í bæjarþingi Reykjavíkur hinn 19. júní 1990. Ég tel að ákvæðum 2. mgr. 95. gr. og 3. tl. 99. gr. einkamálalaga hafi þar með verið fullnægt ...

Heimildin í 2. mgr. 95. gr. eml. hlýtur að vera veitt til þess að kröfuhafar geti fengið dóm fyrir kröfum sínum hér á landi á skuldara er „á heimili eða dvöl erlendis", sbr. 3. tl. 99. gr. eml., á sem fljótlegastan og auðveldastan máta.

Það er alkunna að fjöldi dóma hefur undanfarin mörg ár verið kveðinn upp hjá borgardómaraembættinu í Reykjavík, sem og hjá öðrum héraðsdómaraembættum landsins, gegn aðilum búsettum erlendis með ókunnu heimilisfangi, skv. heimild í 2. mgr. 95. gr. eml. Hefur þá ekki verið gerður greinarmunur á því, hvort búseta eða dvöl hefur verið á Norðurlöndum eða annars staðar.

Fordæmi hefur því hér skapað dómvenju. Þeirri dómvenju verður ekki hnekkt nú með tilvísun í auglýsingu um tilkynningarskyldu manna, er flytjast frá Íslandi til Norðurlanda og birt var fyrir rúmum 20 árum."

II.

Vottorð Hagstofu Íslands, sem um ræðir í héraðsdómi, gefur ekki ótvírætt til kynna, hvort stofnunin hafi haft tiltækar upplýsingar um lögheimili varnaraðila í Svíþjóð. Lögmanni sóknaraðila gafst kostur á við endurupptöku málsins í héraði að afla afdráttarlausra upplýsinga um þetta. Af því varð ekki. Við svo búið ber að staðfesta niðurstöðu hins kærða dóms.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. desember 1990.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 4. desember 1990, er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri opinberri birtingu í Lögbirtingablaðinu hinn 9. maí 1990, af þrotabúi Dalverks h/f, kt. 560187-2119, sem aðsetur hafði að Vesturbraut 18, Búðardal, Dalasýslu, gegn Höskuldi Davíðssyni, kt. 010148-2009, áður til heimilis að Hnúki, Fellsstrandarhreppi, Dalasýslu, en nú með óþekktu heimilisfangi í Svíþjóð.

Mál þetta var þingfest á reglulegu bæjarþingi þann 19. júní 1990, og var þá eigi sótt þing af hálfu stefnda. Málið var að kröfu lögmanns stefnanda dómtekið þann sama dag. Málið var endurupptekið á reglulegu bæjarþingi þann 4. desember síðastliðinn til framlagningar frekari gagna af hálfu stefn-

anda málsins með heimild í 1. mgr. 120. gr. laga nr. 85/1936. Málið var dómtekið á ný þann sama dag.

Dómkröfur:

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi greiði stefnanda skuld að fjárhæð kr. 31.072,50 ásamt [nánar tilgreindum vöxtum og málskostnaði].

— — —

Málsatvik og málsástæður.

Stefnandi kveður Dalverk h/f hafa rekið bifreiðaverkstæði og varahlutaverslun í Búðardal um árabil. Bú þess hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði, uppkveðnum hinn 16. mars 1989, af setuskiptaráðanda við bæjarfógetaembættið í Reykjavík. Stefnandi kveður stefnda hafa fengið viðgerðarþjónustu og varahluti hjá Dalverki h/f, sem framkvæmd hafi verið einkum í mánuðunum júní, júlí og september 1986. Hinn 4. september 1986 hafi skuld stefnda numið kr. 50.472,50, en þá hafi hann greitt kr. 20.000,00 upp í viðskiptaskuld sína, sbr. reikningsyfirlit, réttarskjal nr. 4. Eftirstöðvar skuldarinnar, er nemi stefnufjárhæð, hafi ekki enn fengist greiddar þrátt fyrir ítrekuð greiðslutilmæli, og kveður stefnandi því málsókn þessa óhjákvæmilega.

Lagarök.

Stefnandi kveðst skírskota til hinna almennu reglna kröfuréttar. Hann kveður kröfu um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun reista á lögum nr. 50/1988, þar sem lögmönnum sé gert að innheimta virðisaukaskatt af þjónustu sinni. Stefnandi kveðst ekki vera virðisaukaskattsskyldur. Því beri honum nauðsyn til þess að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnda.

Stefndi hefur hvorki sótt né látið sækja þing.

Stefna máls þessa var birt opinberri birtingu í Lögbirtingablaðinu hinn 9. maí 1990 með heimild í 2. mgr. 95. gr. laga nr. 85/1936. Stefnandi kveður stefnda búsettan í Svíþjóð, en heimilisfang hans þar óþekkt. Á framlögðu vottorði Hagstofu Íslands kemur fram, að lögheimili stefnda er í Svíþjóð, og má af vottorðinu ráða, að svo hefur verið a.m.k. frá 1. desember 1989. Á framangreindu vottorði Hagstofunnar kemur og fram, að síðasta lögheimili stefnda á Íslandi var að Túngötu 37, Tálknafirði.Í sókn, er stefnandi lagði fram í málinu á reglulegu bæjarþingi hinn 4. desember sl., kveður hann ekki tök á að upplýsa frekar um heimilisfang stefnda erlendis.

Hinn 20. febrúar 1969 var af Íslands hálfu fullgiltur samningur milli

Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um almannaskráningu, sbr. auglýsingu nr. 2 frá 24. febrúar 1969. Samningur þessi tók gildi hinn 1. október 1969, sbr. auglýsingu nr. 178 frá 22. september 1969. Ákvæði þessarar auglýsingar taka til þeirra, sem flytjast til Íslands frá Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð eða frá Íslandi til einhvers þessara landa.

Í 6. gr. framangreindrar auglýsingar kemur fram, að sá, sem áformar að flytjast til einhvers Norðurlandanna, skuli, áður en hann fer, fá gefið út samnorrænt flutningsvottorð með tilheyrandi útfylltu eyðublaði undir samnorræna flutningsboðun. Í 7. gr. auglýsingarinnar segir, að brottflutningur frá Íslandi til einhvers Norðurlandanna skuli ekki færður á almannaskrá, fyrr en Þjóðskráin hefur móttekið samnorræna flutningsboðun um hann frá hlutaðeigandi skráningaryfirvaldi. Sá, sem flytji, skuli skráður sem brottfluttur þann dag, sem hann er skráður innfluttur samkvæmt flutningsboðun um hann.

Ákvæði framangreindrar auglýsingar um skyldu manna til að fá út gefið samnorrænt flutningsvottorð eru sett samkvæmt heimild í 2. gr. laga nr. 16/1963 um breyting á lögum nr. 73/1952 um tilkynningu aðsetursskipta, sbr. 10. gr. auglýsingar nr. 178/1969.

Í. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 73/1952, sbr. lög nr. 16/1963, segir, að hver sá, sem fer til útlanda og hættir að eiga lögheimili hér á landi, skuli tilkynna það viðkomandi sveitarstjórn, áður en hann fer, og meðal annars upplýsa fullt aðsetur sitt erlendis. Í 6. gr. áðurgreindra laga segir, að fjármálaráðherra sé heimilt að ákveða, að hver sá, sem flytur lögheimili sitt héðan til einhvers Norðurlandanna, skuli, um leið og hann fullnægir tilkynningarskyldu samkvæmt 2. mgr. 5. gr., fá afhent vottorð um flutninginn, sem gefið er út af Þjóðskránni eða af sveitarstjórn í umboði hennar.

Hver sá, sem fær út gefið flutningsvottorð, áður en hann fer úr landi, og hefur undirritað samrit þess, telst með því hafa fullnægt tilkynningarskyldu samkvæmt lögum nr. 73/1952 með síðari breytingum, sbr. 2. mgr. 9. gr. auglýsingar nr. 178/1969.

Svo sem fyrr greinir, er lögheimili stefnda samkvæmt vottorði Hagstofu Íslands í Svíþjóð. Samkvæmt 7. gr. auglýsingar nr. 178/1969 mun Þjóðskráin því hafa móttekið norræna flutningsboðun um brottflutninginn frá hlutaðeigandi skráningaryfirvaldi í Svíþjóð. Heimilisfang stefnda í Svíþjóð ætti því samkvæmt framanrituðu að vera þekkt. Hvorki hefur verið sýnt fram á, að reynt hafi verið að birta stefnu þessa á heimili stefnda í Svíþjóð né að heimili hans þar sé ókunnugt. Framlagt vottorð Hagstofu Íslands þykir og eigi bera það með sér, að heimilisfang stefnda í Svíþjóð sé óþekkt.

Þegar framanritað er virt, þykir 2. mgr. 95. gr. laga nr. 85/1936 ekki eiga við í máli þessu. Þykir af þeim sökum eigi hjá því komist að vísa máli þessu frá dómi ex officio. Málskostnaður dæmist ekki.

Dóminn kvað upp Ragnheiður Bragadóttir, ftr. yfirborgardómara.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi án kröfu. Málskostnaður dæmist ekki.

Mánudaginn 21. janúar 1991.

Nr. 39/1991. **Ákæruvaldið**

gegn

Sigurði Hólm Sigurðssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason og Haraldur Henrysson og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tölulið 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 17. janúar 1991, sem barst Hæstarétti 18. sama mánaðar. Hann krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur.

Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Ríkissaksóknari hefur lagt fram í Hæstarétti sakavottorð varnaraðila, dagsett 21. janúar 1991. Samkvæmt því hefur varnaraðili frá árinu 1979 sætt alls 16 refsidómum fyrir ýmis brot á almennum hegningarlögum nr. 19/1940. Frá febrúar 1988 hefur hann verið dæmdur í samtals 29 mánaða fangelsi.

Samkvæmt framansögðu og að öðru leyti með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður um gæsluvarðhaldsvist varnaraðila, Sigurðar Hólm Sigurðssonar, á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 17. janúar 1991.

Ár 1991, fimmtudaginn 17. janúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Júlíusi B. Georgssyni aðalfulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess, að Sigurði Hólm Sigurðssyni, kt. 010563-2849, töldum til lögheimilis að Goðheimum 18, Reykjavík, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til fimmtudagsins 28. febrúar nk. kl. 16.00.

Aðfaranótt laugardagsins 12. þ.m. var brotist inn í íbúð Jóhanns Þóris Jóhannssonar að Austurgötu 3 í Hafnarfirði, þar sem stolið var ýmsum verðmætum, svo sem verðmætri ljósmyndavél, geislaspilara, seðlaveski og tékkhefti í eigu Jóhanns á ávísanareikning hans við Íslandsbanka. Við rannsókn málsins féll grunur á kærða um aðild hans að innbrotsþjófnaðinum. Leiddi það til þess, að um miðjan dag í gær var hann handtekinn.

Mánudaginn 14. þ.m. innleysti Ómar Aðalsteinsson tékka, að fjárhæð kr. 320.000, í útibúi Íslandsbanka við Hlemm hér í borg. Viðurkenndi kærði við skýrslutöku hjá RLR nú í morgun, að hann hefði brotist inn í fyrrnefnda íbúð í Hafnarfirði og stolið verðmætum þeim, er áður er að vikið. Kvaðst hann hafa fengið Ómar til þess að útfylla og selja í banka tékka úr heftinu, að fjárhæð kr. 320.000. Fyrir viðvikið hafi Ómar fengið kr. 20.000, sjálfur hafi hann fengið kr. 200.000 af andvirði tékkans, sem hann hafi eytt m.a. til kaupa á fíkniefnum, en afganginn, kr. 100.000, hafi Jónas James Ásmundsson fengið. RLR hefur enn ekki tekist að hafa uppi á Jónasi til að taka af honum skýrslu, og enn hefur ekki tekist að koma höndum yfir allt þýfið.

Við yfirheyrslu hér fyrir dómi sneri kærði hins vegar við blaðinu og kvað skýrslu sína hjá RLR í öllum atriðum ranga. Gaf hann þá skýringu á afturhvarfi frá framburði sínum hjá RLR, að hann hefði, er hann gaf skýrsluna þar, verið undir áhrifum lyfja, en auk þess hefði hann talið, að með því að viðurkenna verknaðina myndi hann verða látinn laus úr haldi.

Krafa RLR um gæsluvarðhald yfir kærða er byggð á 1. og 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974. Er í því sambandi vísað til þess, að með úrskurði sakadóms Reykjavíkur, uppkveðnum 9. nóvember sl., hafi kærða verið gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til 28. desember sl. Sá gæsluvarðhaldsúrskurður var reistur á sömu töluliðum tilvitnaðrar lagagreinar, en í því máli voru til rannsóknar sjö kærumál hjá RLR, er vörðuðu skjalafals og þjófnað kærða.

Eins og fram kemur í rannsóknargögnum málsins, sat kærði í fangelsi frá 14. desember 1989 til 5. júní sl. Brotaferill hans er samfelldur, og því verður að telja kærða vera síbrotamann. Þykir veruleg hætta á, að hann haldi áfram afbrotum, haldi hann óskertu frelsi. Þá þykir með hliðsjón af framburði kærða hér fyrir dómi verða að telja, að rannsókn máls þess, sem RLR hefur nú til meðferðar á hendur kærða og fleirum, sé enn á frumstigi.

Með vísan til alls framanritaðs og skírskotun til 1. og 5. tl. 67. gr. laga nr. 74, 1974, þykir rétt að taka kröfu RLR til greina, eins og hún er fram sett, en brot kærða geta varðað hann fangelsisrefsingu skv. 155. og 244. gr. almennra hegningarlaga.

Úrskurðarorð:

Kærði, Sigurður Hólm Sigurðsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til fimmtudagsins 28. febrúar nk. kl. 16.00.

Miðvikudaginn 23. janúar 1991.

Nr. 233/1990. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Guðmundi Gunnari Hólmarssyni
(Björgvin Þorsteinsson hrl.).

Þjófnaður. Hylming. Umferðarlög. Skilorð. Hegningarauki.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason og Haraldur Henrysson og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. apríl 1990 að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákæruvalds, að því er hann varðar, til þyngingar á refsingu.

Mál þetta var höfðað með 4 ákærum ríkissaksóknara. Ákærur 30. mars 1989 og 6. nóvember 1989 voru á hendur ákærða einum, en fleiri voru ákærðir með ákærum 19. desember 1988 og 28. júní 1989. Meðákærðu samkvæmt þeim ákærum una héraðsdómi.

Í 1. lið ákæru frá 19. desember 1988 eru ákærði og meðákærði G saksóttir fyrir að hafa í félagi við þriðja mann stolið 23.000 krónum og tóbaki í versluninni Laugarási, Norðurbrún 2, Reykjavík, hinn 11. júní 1988. Ákærði hefur viðurkennt þjófnað greint sinn á peningum og tóbaki. Samkvæmt frásögn hans hjá lögreglu 21. júlí 1988, sem hann hefur staðfest fyrir dómi, voru u.þ.b. 2000 krónur teknar úr afgreiðslukassa í versluninni og einnig nokkur þúsund krónur í skrifstofu. Framburður þeirra, sem með ákærða voru, er ekki samhljóða um þetta. Taldi annar, meðákærði G, að þeir hefðu tekið þarna samtals um 15.000 krónur, en hinn, að það hefðu verið 10 - 12.000 krónur. Með hliðsjón af framansögðu þykir sannað, að ákærði hafi umrætt sinn stolið tóbaki og peningum á greindum stað, en ósannað þykir, að um hærri fjárhæð hafi verið að ræða en 10.000 krónur. Er þetta atferli ákærða réttilega heimfært í héraðsdómi undir 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Að því er varðar önnur ákæruatriði á hendur ákærða, ber að

staðfesta sakarmat í hinum áfrýjaða dómi og heimfærslu til refsiákvæða.

Svo sem fram kemur í héraðsdómi, var ákærði með dómi sakadóms Reykjavíkur hinn 18. ágúst 1989 dæmdur í 12 mánaða fangelsi fyrir líkamsárás samkvæmt 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga og þjófnað samkvæmt 244. gr. sömu laga. Voru 9 mánuðir af refsingunni skilorðsbundnir til þriggja ára. Í vottorði Fangelsismálastofnunar ríkisins 15. janúar 1991, sem lagt hefur verið fyrir Hæstarétt, kemur fram, að ákærði hefur tekið út hina óskilorðsbundnu refsingu samkvæmt dómi þessum. Ekki eru skilyrði til að láta hinn skilorðsbundna hluta dómsins haldast. Ber nú samkvæmt 60. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 7. gr. laga nr. 22/1955, að taka ofangreint mál til meðferðar, að því er hann varðar, og dæma refsingu í einu lagi. Er refsingin með hliðsjón af 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi í 12 mánuði.

Rétt þykir að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms varðandi kröfu ákæruvalds um ökuleyfissviptingu ákærða og um sakarkostnað.

Dæma ber ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar sakarinnar svo sem í dómsorði greinir.

Aðfinnsluvert er, að við yfirheyrslur yfir ákærða hjá rannsóknarlögreglu ríkisins vegna nokkurra þeirra brota, sem til umfjöllunar eru í máli þessu, hafa ekki verið viðstaddir vottar, sbr. 37. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála.

Dómsorð:

Ákærði, Guðmundur Gunnar Hólmarsson, sæti fangelsi í 12 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms, er varðar kröfu ákæruvalds um ökuleyfissviptingu og um sakarkostnað ákærða, eru staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Björgvins Þorsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 40.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 19. janúar 1990.

Ár 1990, föstudaginn 19. janúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er að Borgartúni 7 af Ingibjörgu Benediktsdóttur sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 25-32/1989: Ákæruvaldið gegn A, B, Guðmundi Gunnari Hólmarssyni, C, D, E, F og G, sem tekið var til dóms þann 15. þ.m.

Málið er höfðað með fjórum ákærum ríkissaksóknara, dagsettum þann 19. desember 1988, 30. mars 1989, 28. júní 1989 og 6. nóvember 1989.

Með ákæru, dagsettri 19. desember 1988, er málið höfðað á hendur ákærðu G [...], og Guðmundi Gunnari Hólmarssyni verkamanni, kt. 100270-5529, til lögheimilis að Laugateigi 19 hér í borg, dvst. Sveinbjarnargerði við Eyjafjörð, ,,fyrir eftirgreind þjófnaðarbrot framin á árinu 1988:

I.

Mál er höfðað á hendur báðum ákærðu fyrir eftirgreind brot:

1. Fyrir að hafa aðfaranótt laugardagsins 11. júní brotist inn í verslunina Laugarás, Norðurbrún 2, Reykjavík, í félagi við Hauk Guðjónsson, kt. 17.05.66-4169, og stolið 23.000 krónum og tóbaki.

2. Aðfaranótt sunnudagsins 10. júlí brotist inn í veitingahúsið Dugguna í Þorlákshöfn ásamt Árna Snævarr Guðmundssyni, kt. 31.07.67-5659, og stolið 2 áfengisflöskum, útvarpstæki, peningakassa, sælgæti, tóbaki og um 2.300 krónum.

3. Stolið sömu nótt talstöð úr óþekktri bifreið í Þorlákshöfn í félagi við Hauk Guðjónsson.

4. Sunnudaginn 10. júlí brotist ásamt ofangreindum Hauki inn í sundlaugina að Varmá í Mosfellsbæ og stolið þar 3 armbandsúrum, 500 happdrættismiðum og 9.794 krónum.

5. Í júlímánuði brotist inn í geymslur í kjallara fjölbýlishússins nr. 4 við Þverbrekku í Kópavogi og stolið nokkrum svefnpokum, gítar, silfurskeið, verkfæratösku og gaskút.

6. Í júlímánuði brotist inn í húsnæði Kjötmiðstöðvarinnar við Laugalæk í Reykjavík og stolið gosdrykkjum.

7. Aðfaranótt miðvikudagsins 13. júlí brotist inn í húsnæði fiskverkunarfyrirtækja í Útskálalandi, Garði, Gullbringusýslu, og stolið þar örbylgjuofni og reiknivél.

8. Sömu nótt brotist inn í húsnæði fyrirtækjanna Sveinborgar hf. og Fiskþurrkunar hf. við Skagabraut í Garði og stolið þar segulbandstæki og 2 reiknivélum.

9. Aðfaranótt föstudagsins 15. júlí brotist inn í unglingaathvarfið í húsinu nr. 12 við Tryggvagötu og stolið þar segulbandstæki og matvælum.

10. Í júlímánuði brotist inn í vinnuskúr og nýbyggingu við Vesturgötu 7, Reykjavík, og stolið verkfærum, útvarpstæki og 25 hnífapörum.

11. Aðfaranótt miðvikudagsins 27. júlí stolið úr bifreiðum á athafnasvæði Vöku hf., Eldshöfða 6, Reykjavík, 10 hátölurum, 2 útvarpstækjum, tónjafnara og myndavél.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Með ákæru, dagsettri 30. mars 1989, er málið höfðað gegn framangreindum Guðmundi Gunnari Hólmarssyni „fyrir að aka aðfaranótt laugardagsins 3. desember 1988 undir áhrifum áfengis og án ökuréttinda bifreiðinni R-58216 úr Mjóstræti í Reykjavík inn í Fischerssund, en þar stöðvaði lögreglan akstur hans.

Telst þetta varða við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 45. gr., 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101. gr. og 102. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Með ákæru, dagsettri 28. júní sl., er málið höfðað gegn A [...], B [...], Guðmundi Gunnari Hólmarssyni verkamanni, Laugateigi 19, Reykjavík, kt. 10.02.70-5529, nú dvst. Sveinbjarnargerði v/Eyjafjörð, C, D, E og F „fyrir eftirgreind hegningarlagabrot:

— — —

V.

Þjófnaður.

Ákærða Guðmundi Gunnari er gefið að sök að hafa aðfaranótt þriðjudagsins 14. febrúar 1989 um kl. 02.50 ásamt ungum pilti brotist inn í Verslunina Bergstaðastræti 48, Reykjavík, og stolið þar sælgæti, gosdrykkjum, pylsum og vindlum.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

— — —

Hylming.

Ákærðu Guðmundi Gunnari og E er gefið að sök að hafa tekið við ofannefndum kúrekastígvélum að gjöf frá ákærða A, þótt þeim væri ljóst, hvernig stígvél þessi voru fengin. (RLR-mál nr. 3934/88.)

Telst þetta varða við 254. gr. almennra hegningarlaga.

— — —

Með ákæru, dagsettri 6. nóvember sl., er málið enn fremur höfðað gegn

ofangreindum ákærða Guðmundi Gunnari Hólmarssyni „fyrir eftirgreind brot, framin aðfaranótt fimmtudagsins 17. ágúst 1989 á Akureyri:

1) Fyrir þjófnað með því að stela um 25 lítrum af bensíni af bifreiðunum KR-707 og A-11223, sem stóðu á bifreiðastæði við Skarðshlíð 40 A.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

2) Því næst aka án ökuréttinda og undir áhrifum áfengis bifreiðinni Þ-2882 um götur í bænum, uns lögreglan stöðvaði akstur hans á Skarðshlíð við Litlu-Hlíð.

Telst þetta varða við 1., sbr. 3. mgr. 45. gr. og 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Ákæra, dagsett 19. desember 1988.

Málavextir eru þessir samkvæmt játningu ákærðu svo og öðrum gögnum málsins:

1. Aðfaranótt laugardagsins 11. júní 1988 brutust ákærðu ásamt Hauki Guðjónssyni inn í verslunina Laugarás við Norðurbrún 2 í Reykjavík með því að spenna upp opinn glugga á austurhlið hússins. Þarna stálu þeir um 15.000 kr. í peningum og nokkrum lengjum af vindlingum. Þýfinu skiptu þeir á milli sín.

2. Aðfaranótt sunnudagsins 10. júlí sama ár brutust ákærðu inn í veitingahúsið Dugguna í Þorlákshöfn ásamt Árna Snævarr Guðmundssyni með því, að meðákærðu spenntu upp opinn glugga á vesturhlið hússins, sem ákærði Guðmundur fór inn um, en opnaði síðan útidyrnar fyrir hinum. Þarna slógu þeir eign sinni á 2 rauðvínsflöskur, útvarpstæki, 1.100 kr. úr peningakassa, peningakassa með 1.200 kr. í, eitthvert smáræði af sælgæti og 2 karton af Prince-vindlingum og um 30 pakka af ýmsum tegundum vindlinga. Þýfinu skiptu þeir með sér.

3. Í framhaldi af þessu fóru þeir þrír að óþekktri bifreið þar skammt frá og stálu úr henni talstöð. Komu þeir henni í geymslu að Vesturgötu 24 hér í borg, sem er óíbúðarhæft greni, sem útigangsunglingar hafast við í, en þegar RLR leitaði hennar þar, fannst hún ekki.

Í ákæru er þess ranglega getið, að ofangreindur Haukur Guðjónsson hafi tekið þátt í þjófnaðinum með ákærðu, en samkvæmt framburði ákærðu og Árna Snævarr var hann ekki með þeim, enda kemur ekkert fram um það í gögnum málsins.

4. Að kvöldi sama dags fóru ákærði G og Árni Snævarr í heimildarleysi inn um ólæstar dyr í sundlauginni við Varmá í Mosfellsbæ, en ákærði Guðmundur Gunnar beið fyrir utan í bifreið á meðan og vissi, hvað fram fór. Þarna stálu þeir 3 armbandsúrum, 500 skafhappdrættismiðum að and-

virði um 5.000 kr. og kr. 9.794 í peningum. Skiptu þeir þremenningarnir með sér þýfinu, en af því komust 249 skafmiðar til skila við rannsókn málsins.

Í ákæru er þess hér einnig ranglega getið, að með ákærðu hafi verið Haukur Guðjónsson í stað Árna Snævarr.

5. Fyrri hluta júlímánaðar sama ár brutust ákærðu inn í nokkrar geymslur í kjallara fjölbýlishússins við Þverbrekku 4 í Kópavogi og stálu þar verkfæratösku, gaskút, nokkrum svefnpokum, gítar og silfurskeið. Einn svefnpokanna komst til skila.

6. Í sama mánuði brutust ákærðu einnig inn í húsnæði Kjötmiðstöðvarinnar við Laugalæk hér í borg og stálu þar 3 - 4 pakkningum af ½ lítra gosdrykkjum með 6 stykkjum hverri. Ákærðu fóru með fenginn í grenið að Vesturgötu 24, þar sem þeir drukku hann.

7. Aðfaranótt miðvikudagsins 13. sama mánaðar brutust ákærðu og þrír aðrir piltar inn í Fiskverkun Guðbergs Ingólfssonar og annað fiskverkunarfyrirtæki í sama húsi í eigu Reynis Guðbergssonar í Útskálagarði, Garði, Gullbringusýslu. Komust þeir inn með því að rífa stormjárn úr glugga á austurhlið hússins. Þarna slógu þeir eign sinni á litla reiknivél og örbylgjuofn, en ofninn komst til skila við rannsókn málsins.

8. Sömu nótt brutust ákærðu og sömu þrír piltar inn í húsnæði fyrirtækjanna Sveinborgar hf. og Fiskþurrkunar hf. við Skagabraut í Garði, en þessi fyrirtæki eru í sameiginlegu húsnæði. Ákærðu brutu rúðu í útidyrum og gátu opnað dyrnar með því að smeygja hendi inn um rúðugatið. Þarna stálu þeir 2 reiknivélum og útvarps- og segulbandstæki. Önnur reiknivélin og útvarps- og segulbandstækið komust til skila.

9. Aðfaranótt föstudagsins 15. sama mánaðar brutust ákærðu inn í húsnæði unglingaathvarfsins við Tryggvagötu 12 hér í borg ásamt tveim öðrum piltum og slógu þar eign sinni á segulbandstæki og eitthvað af matvælum úr ísskáp.

10. Í sama júlímánuði brutust ákærðu inn í vinnuskúr við nýbyggingu fyrirtækisins Ístaks hf. við Vesturgötu 7 hér í borg með því að spenna upp hurð skúrsins og stálu þar ýmsum verkfærum, m.a. kíttisbyssu, kíttistúpum, hamri, nöglum, skrúfjárni, klippum og kúbeini svo og útvarpstæki og 25 hnífapörum. Hnífapörin, kíttisbyssan og 3 kíttistúpur ásamt einum hamri og einum pakka af nöglum komust til skila, en þýfið ásamt öðru því þýfi, sem komst til skila í máli þessu, fannst í ofangreindu greni að Vesturgötu 24.

11. Aðfaranótt 27. sama mánaðar stálu ákærðu og piltur einn 10 hátölurum, 2 útvarpstækjum og tónjafnara ásamt myndavél úr ýmsum bifreiðum á athafnasvæði Vöku hf. við Eldshöfða 6 hér í borg. Næturvörður á staðnum handsamaði ákærða G, en meðákærði og pilturinn komust

undan á bifreið, sem þeir höfðu komið á. Lögreglan stöðvaði akstur bifreiðarinnar skömmu síðar og handtók ákærða Guðmund Gunnar og piltinn. Í bifreiðinni fannst framangreint þýfi.

Öll framangreind brot ákærðu varða við 244. gr. alm. hegningarlaga.

Engin skaðabótakrafa hefur verið lögð fram vegna framangreindra mála.

Ákæra, dagsett 30. mars 1989.

Málavextir eru þessir samkvæmt játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins:

Um kl. 2.58 aðfaranótt laugardagsins 3. desember 1988 veittu lögreglumenn bifreiðinni R-58216 athygli, þar sem henni var ekið úr Mjóstræti í Fischerssund, og var ljósabúnaður bifreiðarinnar í ólagi. Var aksturinn því stöðvaður og tal haft af ökumanni, sem reyndist vera ákærði í máli þessu Guðmundur Gunnar. Þar sem grunur lék á, að hann væri undir áhrifum áfengis, var hann færður til töku alkóhólsýnis á Borgarspítalann kl. 3.45. Samkvæmt niðurstöðu alkóhólrannsóknar mældust 1,06‰ alkóhóls í blóði hans.

Ákærði hefur viðurkennt, að hann hafi umrætt sinn ekið framangreindri bifreið stuttan spöl um Mjóstræti í Fischerssund undir áfengisáhrifum og án ökuréttinda, en ákærði hefur aldrei öðlast þau.

Telst háttsemi hans varða við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 45. gr. og 1. mgr. 48. gr., sbr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Ákæra, dagsett 28.júní 1989.

— — —

IV.

1. Ákærði A seldi tékkana úr ofangreindu hefti í liðum 1 - 3 í þessum kafla ákæru, samtals að fjárhæð kr. 13.000, fyrir vörur og peninga í staðgreiðsluviðskiptum á þeim stöðum, er þar greinir, síðari hluta október 1988. Þá greiddi hann B fyrir umrætt tékkhefti kr. 5.000 með tékkanum í 4. lið ákæru og seldi B tékkann í Kaupstað. Er gerð þeirra rétt lýst í ákæru. Guðmundur Gunnar Hólmarsson útfyllti tékkana, en B afhenti ákærða A þá, sbr. III. kafla hér að framan. Guðmundur Gunnar útfyllti tékkana með tilbúnum útgefandanöfnum, svo sem lýst er í ákæru.

Varðar sala ákærða A á tékkunum við 1. mgr. 155. gr. alm. hegningarlaga.

B og Guðmundur Gunnar eru ekki ákærðir í þessum þætti málsins.

— — —

V.

Aðfaranótt þriðjudagsins 14. febrúar sl. braust ákærði Guðmundur Gunnar inn í verslunina Bergstaðastræti 48 hér í borg ásamt ungum

pilti. Komust þeir inn með því að brjóta rúðu í útidyrum með felgulykli.

Þarna slógu þeir eign sinni á lítils háttar af sælgæti, gosdrykkjum, pylsum og einum pakka af vindlum.

Varðar þessi háttsemi ákærða við 244. gr. alm. hegningarlaga.

Engin skaðabótakrafa var lögð fram vegna þessa þjófnaðar.

— — —

Ákærði A keypti fyrir tvo framangreinda tékka 12 skinnskott með lyklahring og tvö pör af kúrekastígvélum. Gaf ákærði meðákærðu Guðmundi Gunnari og E sitt parið hvorum, og þágu þeir stígvélin, þótt þeim væri kunnugt um, hvernig ákærði var að þeim kominn, en Guðmundur Gunnar og E voru staddir á göngum Kringlunnar, á meðan A seldi tékkana. Ákærðu voru handteknir í strætisvagnabiðskýli í grennd við Kringluna skömmu eftir sölu ákærða A á tékkunum, og voru framangreind 12 skinnskott tekin af þeim, og kúrekastígvélin komust til skila.

Svo sem ákæru í máli þessu er háttað, að því er viðvíkur ákærðu Guðmundi Gunnari og E, verður brot þeirra talið varða við 254. gr. alm. hegningarlaga.

— — —

Ákæra, dagsett 6. nóvember 1989.

Málavextir eru þessir samkvæmt játningu ákærða og öðrum gögnum málsins:

Aðfaranótt fimmtudagsins 17. ágúst sl. var lögreglunni á Akureyri tilkynnt frá húsi við Skarðshlíð 40 A, að tveir piltar væru að fikta í bifreiðum þar fyrir utan. Er lögreglumenn komu á staðinn, voru piltarnir farnir, en skömmu síðar sást til bifreiðar, sem ók eftir göngustíg suðvestan við Skúta. Akstur bifreiðarinnar var stöðvaður við Litluhlíð. Ökumaðurinn reyndist vera ákærði Guðmundur Gunnar, og lék grunur á, að hann væri undir áhrifum áfengis. Mikil bensínstybba var af ákærða svo og í bifreiðargeymslunni, en þar fannst slanga og brúsi.

Vakthafandi læknir tók blóðsýni úr ákærða að beiðni lögreglunnar kl. 4.45 um nóttina. Samkvæmt niðurstöðu alkóhólrannsóknar mældust 1,47‰ alkóhóls í blóði ákærða.

Ákærði hefur viðurkennt, að hann hafi ásamt öðrum pilti stolið 25 lítrum bensíns af bifreiðunum KR-707 og A-11223, þar sem þær stóðu á bifreiðastæði við Skarðshlíð 40 á Akureyri umrædda nótt, svo og að hafa ekið bifreiðinni Þ-2882 í framhaldi af því undir áfengisáhrifum og án þess að hafa öðlast ökuréttindi um ýmsar götur bæjarins, uns lögreglan stöðvaði aksturinn við Litluhlíð, svo sem að framan er rakið.

Varðar þjófnaður ákærða á bensínlítrunum 25 við 244. gr. alm. hegningarlaga, en akstur hans á bifreiðinni Þ-2882 við 1., sbr. 3. mgr. 45. gr. og 1. mgr. 48. gr., sbr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

— — —

Sakaferill ákærðu.

— — —

Ákærða Guðmundar Gunnars:

1988 11/4 3 mánaða fangelsi skb. í 3 ár fyrir tilraun til þjófnaðar, nytjastuld og umferðarlagabrot.

1988 12/7 6 mánaða fangelsi, þar af 5 mán. skb. í 3 ár, fyrir skjalafals, þjófnað, eignaspjöll, nytjastuld, tilraun til nytjastuldar og ölvun og réttindaleysi við akstur. Dómur frá 11/4 1988 dæmdur með.

1988 15/11 Sakfelldur fyrir ölvun og réttindaleysi við akstur. Ekki dæmd refsing.

1988 6/12 7 mánaða fangelsi skb. í 3 ár fyrir fjársvik. Skilorðshluti dóms frá 12/7 1988 dæmdur með.

1989 12/8 12 mánaða fangelsi, þar af 9 mánuðir skb. í 3 ár, fyrir líkamsárás. Dómur frá 6/12 1988 dæmdur með.

— — —

Viðurlög.

Refsing ákærðu allra verður ákveðin með hliðsjón af 77. gr. alm. hegningarlaga.

— — —

Brot ákærða Guðmundar Gunnars, sem hér er fjallað um, eru öll framin fyrir uppkvaðningu dómsins frá 18. ágúst sl. og öll að undanskildum brotunum skv. V. kafla ákæru, dags. 28. júní sl., og ákæru, dags. 6. nóvember sl., áður en refsidómurinn frá 5. desember var kveðinn upp. Verður honum því nú ákveðinn hegningarauki skv. 78. gr. alm. hegningarlaga. Með vísan til 60. gr. sömu laga og þess, að ákærði hefur þegar hlotið 9 mánaða skilorðsbundna refsingu og brot hans eru fjölmörg og sum ítrekuð, þykir rétt að láta hinn skilorðsbundna hluta refsingarinnar samkvæmt dóminum frá 18. ágúst sl. haldast, en dæma honum nú óskilorðsbundna refsingu í 8 mánuði.

Ákærði hefur aldrei öðlast ökuleyfi. Verður hann ekki sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi, sbr. hæstaréttardóm frá 27. júní 1989, en samkvæmt þeim dómi er talið, að ekki sé fullnægjandi réttarheimild í núgildandi

umferðarlögum til að svipta mann rétti til að öðlast ökuleyfi, er svo stendur á. Er því kröfu ákæruvaldsins á hendur ákærða um sviptingu réttar til að öðlast ökuleyfi hafnað.

— — —

Ákærði Guðmundur Gunnar er dæmdur til að greiða kr. 27.858 í sakarkostnað.

— — —

Að öðru leyti greiði ákærðu sakarkostnað óskipt.

Dómarinn lætur þess getið, að hann fékk ákærur dags. 19. desember 1988, 30. mars 1989 og 28. júní s. ár til meðferðar þann 11. október sl.

Dómsorð:

— — —

Ákærði Guðmundur Gunnar Hólmarsson sæti 8 mánaða fangelsi.

— — —

Synjað er kröfu ákæruvalds um, að ákærði Guðmundur Gunnar verði sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi.

— — —

Ákærði Guðmundur Gunnar greiði í sakarkostnað kr. 27.858.

Ákærði C greiði skipuðum verjanda sínum, Þuríði I. Jónsdóttur, í málsvarnarlaun kr. 25.000.

Að öðru leyti greiði ákærðu allir sakarkostnað óskipt.

Fimmtudaginn 24. janúar 1991.

Nr. 260/1989. **Frum h/f**
(Helgi V. Jónsson hrl.)
gegn
Jóni Baldvinssyni
(Ingi Ingimundarson hrl.).

Ómerking. Heimvísun. Meðdómendur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason og Haraldur Henrysson og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. júní 1989.

Dómkröfur áfrýjanda eru þær aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda og stefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað, en til vara, að kröfur stefnda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður verði þá felldur niður.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómur verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Í máli þessu er m.a. verulegur ágreiningur um, hvernig reikna eigi hlutdeild stefnda í hagnaði áfrýjanda á tilteknu tímabili og um reikningsskil og „viðteknar reikningsskilavenjur" í því sambandi. Var því brýnt, að héraðsdómur væri skipaður sérfróðum meðdómendum á því sviði, sbr. 1. mgr. 37. gr. A laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. 9. gr. laga nr. 28/1981. Þar sem málið hefur ekki sætt þeirri meðferð, sem lýst hefur verið, er óhjákvæmilegt að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og meðferð málsins í héraði frá og með munnlegum málflutningi, sem fram fór í þinghaldi 4. apríl 1989, og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu dóms að nýju.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð frá og með munnlegum málflutningi, sem fram fór í þinghaldi 4. apríl 1989, eiga

að vera ómerk, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu dóms að nýju.

Málskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 10. apríl 1989.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 4. apríl sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu af Jóni Baldvinssyni, nnr. 5110-9120, Furuvöllum, Mosfellsbæ, með stefnu, birtri 19. október 1987, á hendur Frum hf., nnr. 2506-0504, Reykjavík.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði gert að greiða stefnanda kr. 394.292 ásamt [nánar tilgreindum vöxtum, svo og málskostnað].

Til vara krefst stefnandi annarrar og lægri fjárhæðar að mati dómara og málskostnaðar eins og í aðalkröfu.

Stefndi krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans skv. gjaldskrá LMFÍ, en til vara, að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður felldur niður.

Sættir hafa verið reyndar árangurslaust.

— — —

Dómsorð:

Stefndi, Frum hf., Reykjavík, greiði stefnanda, Jóni Baldvinssyni, Furuvöllum, Mosfellsbæ, kr. 316.870 ásamt [nánar tilgreindum vöxtum]. Þá greiði stefndi stefnanda kr. 88.500 í málskostnað, og ber hann dráttarvexti samkvæmt III. kafla l. nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Fimmtudaginn 24. janúar 1991.

Nr. 370/1989. **H/f Eimskipafélag Íslands**
(Pétur Guðmundarson hrl.)
gegn
Kristjáni Guðmundssyni
(Guðni Á. Haraldsson hrl.)
og gagnsök.

Vinnusamningur. Sjómenn. Tómlæti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason og Haraldur Henrysson og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Aðaláfrýjandi áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. september 1989 og krefst aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjanda, en til vara verulegrar lækkunar á þeim. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 19. janúar 1990 að fengnu áfrýjunarleyfi 15. sama mánaðar. Hann gerir þær dómkröfur aðallega, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum kr. 147.997 ,,með 2,75% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 3.978,- frá 1. okt. 1984 til 1. nóv. s.á., en frá þeim degi af kr. 19.890,- til 1. des. 1984, en frá þeim degi af kr. 52.418,- til 1. febr. 1985, en frá þeim degi með 3,75% dráttarvöxtum til 1. mars 1985, en frá þeim degi af kr. 59.253,- með 4,0% á mánuði til 01.06.1985, en frá þeim degi af sömu fjárhæð með 3,5% dráttarvöxtum á mánuði til 01.09.1985, en frá þeim degi með 3,75% dráttarvöxtum á mánuði til 01.03.1986, en frá þeim degi með 2,75% dráttarvöxtum á mánuði til 01.04.1986, en frá þeim degi með 2,25% dráttarvöxtum á mánuði til 01.10.1986, en frá þeim degi með 2,25% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 73.527,- til 01.11.1986, en frá þeim degi af kr. 102.075,- með 2,25% dráttarvöxtum á mánuði til 01.12.1986, en frá þeim degi með 2,25% dráttarvöxtum af kr. 137.760,- til 01.03.1987, en frá þeim degi með 2,5% dráttarvöxtum til 01.05.1987, en frá þeim degi af kr. 147.997,- með 2,5% dráttarvöxtum til 01.07.1987, en frá þeim degi með 2,75% dráttarvöxtum til 01.08.1987, en frá þeim degi með

3,4% dráttarvöxtum á mánuði til 01.09.1987, en frá þeim degi með 3,5% dráttarvöxtum á mánuði til 01.10.1987, en frá þeim degi með 3,6% dráttarvöxtum á mánuði til 01.11.1987, en frá þeim degi með 3,8% dráttarvöxtum á mánuði til 01.12.1987, en frá þeim degi með 4,1% dráttarvöxtum á mánuði til 01.01.1988, en frá þeim degi með 4,3% dráttarvöxtum á mánuði til 01.03.1988, en frá þeim degi með 3,8% dráttarvöxtum á mánuði til 01.05.1988, en frá þeim degi með 3,7% dráttarvöxtum á mánuði til 01.07.1988, en frá þeim degi með 4,4% dráttarvöxtum á mánuði til 01.08.1988, en frá þeim degi með 4,7% dráttarvöxtum á mánuði til 01.09.1988 en frá þeim degi með dráttarvöxtum, sbr. III. kafla laga nr. 25/1987, þannig að vextir taki breytingu skv. auglýstum mánaðarlegum dráttarvöxtum hverju sinni. Þess er krafist, að gagnáfrýjanda sé heimilt að bæta vöxtum við höfuðstól, eins og hann er hverju sinni, á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. október 1985, og að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir báðum réttum að mati Hæstaréttar Íslands, til vara, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað að mati Hæstaréttar Íslands fyrir báðum réttum".

Við aðilayfirheyrslu á bæjarþingi Reykjavíkur 30. maí 1989 var gagnáfrýjandi inntur eftir því, hvort hann hefði reynslu af túlkun kjarasamninga. Svar hans var svohljóðandi: „Ég hef verið við túlkun þessara samninga, þ.e.a.s. stýrimanna- og skipstjórasamninganna, í yfir 20 ár og hef sjálfur orðið að ganga frá launauppgjöri fyrir stýrimenn síðustu 15 árin og hef orðið að túlka samninga stýrimanna." Af þessu er ljóst, að gagnáfrýjandi býr yfir reynslu og þekkingu á sviði kjaramála skipstjórnarmanna.

Gagnáfrýjandi var skipstjóri í þjónustu aðaláfrýjanda, er hann veiktist og var óvinnufær frá 28. september 1984 til 18. desember sama ár og aftur frá 17. september 1986 til loka nóvember sama ár. Hinn 1. júlí 1987 sagði gagnáfrýjandi formlega upp störfum hjá aðaláfrýjanda og hvarf úr þjónustu hans. Þann dag greiddi aðaláfrýjandi honum 708.099 krónur, sem jafngiltu sex mánaða launum, en gagnkvæmur uppsagnarfrestur á vinnusamningi aðila var þrír mánuðir. Hinn 29. sama mánaðar ritaði gagnáfrýjandi aðaláfrýjanda bréf, þar sem hann mæltist til þess, að sér yrði greitt

fyrir laugardaga og sunnudaga á áðurnefndum tveim veikindatímabilum. Þá voru liðin tvö ár og rúmlega sjö mánuðir, frá því, fyrra veikindatímabilinu lauk, og nær átta mánuðir liðnir frá lokum hins síðara. Í báðum tilvikum tók gagnáfrýjandi við launauppgjöri án fyrirvara eða athugasemda, og eftir það hreyfði hann því í engu við aðaláfrýjanda, að hann teldi sig vanhaldinn um launakjör, fyrr en með nefndu bréfi. Gafst þó gagnáfrýjanda sérstakt tilefni til þess, er hann fékk greidd í einu lagi sex mánaða laun við starfslok sín hjá aðaláfrýjanda og þar af þriggja mánaða laun fram yfir uppsagnartíma.

Þegar framanskráð er virt, er ljóst, að gagnáfrýjandi hefur sýnt mjög verulegt tómlæti um gæslu þess réttar, er hann taldi sig eiga á hendur aðaláfrýjanda, og þar með fyrirgert honum. Að svo vöxnu máli ber að sýkna aðaláfrýjanda af kröfum gagnáfrýjanda í málinu.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, H/f Eimskipafélag Íslands, á að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Kristjáns Guðmundssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 30. júní 1989.

Mál þetta, sem dómtekið var 30. maí 1989, er höfðað af Kristjáni Guðmundssyni skipstjóra, kt. 220934-2769, Rauðagerði 39, Reykjavík, á hendur Hf. Eimskipafélagi Íslands, kt. 510169-1829, Pósthússtræti 2, Reykjavík, með stefnu, þingfestri 15. september 1988.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru aðallega, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 130.925,51 með [nánar tilgreindum vöxtum], til vara, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 88.745 með [nánar tilgreindum vöxtum].

Stefnandi krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ og hann beri vexti skv. lögum nr. 25/1987 og lögum nr. 54/1988 15 dögum eftir dómsuppsögu.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að hann verði algjörlega sýknaður af kröfum stefnanda í máli þessu og honum verði dæmdur málskostnaður að skaðlausu.

Til vara er þess krafist, að stefnukrafan verði lækkuð verulega og einnig í því tilviki verði stefnda dæmdur málskostnaður að skaðlausu.

Málavextir, málsástæður og lagarök.

Stefnandi kveðst hafa starfað hjá stefnda, Hf. Eimskipafélagi Íslands, frá árinu 1953 og sem fastráðinn skipstjóri frá árinu 1975 fram til ársloka 1986. Árið 1984 kveðst stefnandi hafa verið skipstjóri á Írafossi, sem var millilandaskip í eigu stefnda. Í september það ár hafi hann veikst þannig, að hann hafi verið óvinnufær frá 28. september fram til 18. desember 1984. Um hafi verið að ræða veikindi í baki. Á meðan á veikindum stóð, hafi stefnandi fengið greidda dagvinnu og fæðispeninga, samtals 58 daga. Tyllidagar, sem fallið hafi á tímabilinu, hafi verið 25. Stefnandi kveðst hafa tekið laun skv. A-flokki skipa eftir 5 ár, þ.e. hæsta starfsaldursþrepi. Mánaðarlaun hafi verið á þessum tíma kr. 43.102,00. Stefndi hafi greitt daga í veikindum með 21,67 hluta af mánaðarkaupi (21,67 x 1,989,03 = 43.102,00). Á árinu 1986 kveðst stefnandi hafa veikst aftur og verið óvinnufær frá 17. sept. 1986 út nóvember s.á. Hafi þá verið um að ræða brjóskeyðingu í hnjáliðum og brjósklos. Á þeim tíma kveðst hann hafa fengið greidda 53 daga á dagvinnukaupi, sem þá hafi verið kr. 3.568,59. Tyllidagar, sem fallið hafi á tímabilinu, hafi verið 22. Innifalið í þessum launum hafi verið grunnlaun, 22% sjóálag og eftirlitsþóknun. Auk þessa hafi svo stefnandi fengið, eins og að framan greini, greidda fæðispeninga. Hann upplýsir, að skipstjórar á fraktskipum fái ekki greidda yfirvinnu. Stefnandi kveðst hins vegar ekki hafa fengið greidda svokallaða „innunna frídaga", en sá, er leysti hann af, hafi fengið þá greidda. Samkvæmt gr. 8.7.1. í kjarasamningi Skipstjórafélags Íslands og útgerða eigi skipstjóri rétt á einum frídegi fyrir hvern laugardag, sunnudag, helgi- og/eða tyllidag, sem falli á skráningartímabilinu. Samkvæmt gr. 8.7.3. fái skipstjóri frídaga þessa greidda með 1/21,67 hluta af mánaðarkaupi, sem í gildi sé á greiðsludegi. Val sé um, hvort þeir greiðist í einu lagi eða hvort þeir greiðist eins og reglubundin mánaðarlaun. Hjá Eimskipafélagi Íslands hafi frídagar verið gerðir upp við afskráningu og áramót og einnig á annan hátt eftir samkomulagi. Einnig geri kjarasamningar aðila ráð fyrir, að menn geti tekið út frídaga þessa.

Hinn 29. júlí 1987 kveðst stefnandi hafa ritað stefnda bréf og krafið hann um greiðslu á dögum þessum. Því bréfi hafi aldrei verið svarað. Stefnandi kveðst hafa hætt störfum hjá stefnda á árinu 1987. Hinn 29. janúar 1988 hafi verið kveðinn upp í Hæstarétti Íslands dómur í máli Svans Jóhannssonar á hendur Ísskipum hf., þar sem deilt hafi verið um rétt Svans til frídaga í veikindum. Hæstiréttur hafi staðfest dóm undirréttar, sem komist hafi að þeirri niðurstöðu, að frídagar og andvirði þeirra væru hluti af launum

og ættu því að greiðast með vísan til 18. gr. laga nr. 67/1963 (nú lög nr. 35/1985).

Í ljósi þessa hafi SKFÍ falið lögmanni stefnanda að innheimta þá innunnu frídaga, er ógreiddir hafi verið til félagsmanna þess. Stefnda hafi verið ritað bréf hinn 6. júní 1988, þar sem beðið hafi verið um afstöðu hans til þessa. Svar hafi borist 16. júní s.á., þar sem kröfum um innvinnslu frídaga í veikindum hafi verið hafnað. Málshöfðun þessi hafi því reynst nauðsynleg.

Í greinargerð segir enn fremur um málavexti:

Í kjarasamningi SKFÍ og útgerða hafa lengi verið ákvæði þess efnis, að fyrir unna frí- og/eða tyllidaga ynni skipstjóri sér inn einn frídag. Í dag séu ákvæði þessa efnis í 8. kafla kjarasamnings aðila. Í gr. 8.7.1. stendur: „Fyrir hvern laugardag, sunnudag, helgi- og/eða tyllidag, sem fellur á skráningartímabili, vinnur skipstjóri sér inn einn frídag."

Í grein 8.7.3. segir, að við afskráningu eða um áramót fái skipstjórar frídaga þessa greidda með 1/21,67 af mánaðarkaupi. Samkvæmt gr. 8.7.7. og 8.7.8. geti menn valið um það, hvort þeir taki frídaga þessa út eða fái þá greidda.

Sambærileg ákvæði séu til staðar í kjarasamningum annarra yfirmanna og útgerða. Tilgangur frídagakerfisins sé sá að bæta farmönnum upp þá daga, sem þeir hafi þurft að starfa fjarri heimahöfn, meðan aðrir launþegar hafi átt frí. Þetta sé því hluti af þeim launakjörum, er farmenn hafi. Hinn 16. apríl 1984 hafi í kjarasamningum aðila verið staðfest, að ef litið yrði svo á, að aðrir yfirmenn ættu rétt á frídögum í veikinda- og slysatilfellum, þá skyldi hið sama gilda um skipstjóra. Yfirlýsing þess efnis hafi verið undirrituð 16. apríl 1984.

Dómur Hæstaréttar Íslands frá 29. janúar 1988 í málinu nr. 202/1986 hafi staðfest, að frídagainneign teldist hluti af launum, yfirmenn ættu rétt á fullum launum í veikindum, og því ætti að greiða frídaga, er féllu á veikindatímabilinu.

Stefnandi kveðst byggja á því, að komist hafi á gildur og gagnkvæmur vinnusamningur milli aðila, sem hann hafi að fullu staðið við, m.a. með því að inna af hendi vinnuframlag sitt. Stefnda beri því að greiða honum laun skv. kjarasamningi SKFÍ og skv. lögum nr. 67/1963, sbr. lög nr. 35/1985. Stefnandi, sem framvísað hafi veikindavottorði, hafi fengið greidd laun í veikindaforföllum, þ.e. grunnlaun, sjóálag, fæðispeninga, orlof og eftirlitsþóknun. Samkvæmt ákvæðum í kjarasamningi hans svo og skv. 18. gr. laga nr. 67/1963 svo og 36. gr., sbr. 46. gr. laga nr. 35/1985, eigi hann ekki að missa neins í af launum sínum, í hverju sem þau eru greidd, meðan hann er óvinnufær. Á þau tímabil, er um ræðir, hafi fallið alls 47 tyllidagar, og eigi hann því rétt á að fá greiðslu fyrir þessa daga. Ofangreint kveðst stefnandi byggja á eftirfarandi:

a. 18. gr. laga nr. 67/1963, sbr. nú 36. gr. laga nr. 35/1985, mæli svo um, að skipverji skuli eigi missa neins í af launum sínum, í hverju sem þau eru greidd. Greiddir frídagar eða innunnir frídagar teljist að mati stefnanda laun, sbr. hæstaréttardóm nr. 202/1986, sbr. ýtarleg ákvæði um uppgjör og útreikning þeirra í kjarasamningi aðila.

b. Hinni fyrrnefndu 18. gr. sjómannalaga hafi verið breytt frá upphaflegri mynd sinni með lögum nr. 49/1980. Samkvæmt eldra ákvæði hafi þeir átt rétt til grunnkaups auk fastra álaga á það. Í dag sé regla þessi „staðgengilsregla", enda sé hún sett í framhaldi af slíkri reglu, er sett hafi verið til handa verkafólki með lögum nr. 19/1979. Það þýði, að sá, er forfallist, eigi að fá öll þau sömu laun, er staðgengill hans fái hverju sinni.

c. Kjarasamningar aðila, eins og þeir hafi verið 1984, hafi tryggt skipstjóra rétt til 6 mánaða veikindaleyfis á fullum launum. Sé þar vitnað til ákvæðis nr. 13.1.1. í kjarasamningi aðila.

d. Dómur Hæstaréttar Íslands í málinu nr. 202/1986, Ísskip hf. gegn Svani Jóhannssyni, taki af öll tvímæli um þetta. Hann staðfesti, að frídagar teljist hluti af launakjörum yfirmanna. Í framhaldi af honum og yfirlýsingu útgerða, dags. 16. apríl 1984, sé réttur skipstjóra hinn sami og stýrimanna, þar sem þeir nú eigi rétt á greiðslu frídaga í veikindum.

e. Því sé haldið fram, að sömu ákvæði gildi um stýrimenn og skipstjóra, hvað varði frídagarétt, og sé í því sambandi vitnað til ákvæða í 8. kafla samninga þessara stétta. Því sé og haldið fram með vísan til sama, að uppgjörsaðferðir eigi ekki að hafa áhrif á rétt þann, er um ræðir.

Nú liggi fyrir dómur Hæstaréttar Íslands í máli stýrimanns, er taki laun skv. sama frídagakerfi og gildi hjá stefnanda. Sá dómur taki af allan vafa um það, að unnir frídagar, er falli á veikindatímabili, veiti þeim, sem er í frii, sama rétt og þeim, er leysir hann af; þetta sé því hluti af launum. Í 18. gr. sjómannalaga svo og 36. gr. laga nr. 35/1985 sé tekinn af allur vafi um, að yfirmenn, þ.m.t. skipstjóri, eigi einskis að missa í af launum í veikindum. Þetta hafi Hæstiréttur Íslands og staðfest. Því hljóti stefnandi sem skipstjóri að eiga sama rétt, sbr. og yfirlýsingu aðila frá 16. apríl 1984.

Að öðru leyti sé vitnað til sjómannalaga, bæði laga 67/1963 svo og laga nr. 35/1985, einnig laga 85/1936 svo og laga nr. 25/1987 um vexti og laga nr. 87/1971 um orlof.

Varðandi málsástæður eigi þær sömu við í vara- og aðalkröfu.

Dómkröfur sínar skýrir stefnandi þannig:

a. Aðalkrafa.

Í aðalkröfu sé krafist kr. 147.997,00, sem sé krafa vegna ógreiddra frídaga fyrir árið 1984 og 1986, auk orlofsfjár þar ofan á. Sú fjárhæð sundurliðist eftirfarandi:

1984: 25 dagar alls, þar af 11 x 1.989,03 og 14 x 2.181,39, samtals kr. 52.418,00. Orlof er kr. 6.835,00. Samtals vegna 1984 kr. 59.253,00.

1986: Um sé að ræða 22 daga x 3.568,59, þ.e. kr. 78.508,00, auk orlofs 13,04%, kr. 10.237,00. Samtals kr. 88.745,00.

Samtals aðalkrafa 1984 og 1986 kr. 147.998,00.

b. Varakrafa.

Varakrafa er gerð vegna ársins 1986, samtals kr. 88.745,00.

Af hálfu stefnda er málavöxtum þannig lýst, að stefnandi hafi hætt störfum hjá stefnda í ársbyrjun 1987. Við launauppgjör vegna starfsloka stefnanda hafi ekkert verið á það minnst af hálfu stefnanda, að hann teldi sig eiga eitthvað óuppgert. Það sé svo með bréfi á dskj. nr. 6 í lok júlí 1987, að stefnandi geri fyrst kröfu um greiðslu frídaga til viðbótar greiddum veikindalaunum vegna veikinda haustið 1984 og haustið 1986. Stefnandi hafi fengið greidd full mánaðarlaun (grunnlaun, sjóálag og eftirlitsþóknun) ásamt fæðispeningum bæði veikindatímabilin, sbr. launaseðla á dskj. nr. 5, sbr. kaupgjaldsskrár á dskj. nr. 36 og 37. Í stefnu sé þess getið, að stefnandi hafi fengið greidda dagvinnu og dagvinnukaup í veikindunum. Til þess að koma í veg fyrir misskilning er vakin athygli á því, að um sé að ræða dagkaup fyrir virka lögskráningardaga, sbr. gr. 1.5.1. á dskj. nr. 3.

Það sé rétt, sem tilgreint sé í stefnu, að skipstjórar fái ekki greidda yfirvinnu eins og t.d. undirmenn þeirra, stýrimenn, og séu skipstjórar því á sömu launum í fríum og veikindum eins og þeir væru um borð. Aftur á móti fái stýrimenn ekki greidda yfirvinnu í fríum, en með breytingu á sjómannalögum nr. 49/1980 hafi þeir öðlast rétt til greiðslu yfirvinnu fyrstu tvo mánuðina í veikindum.

Samkvæmt 8. kafla kjarasamnings skipstjóra, sbr. dskj. nr. 3 og 34, vinni skipstjóri sér inn einn frídag, sbr. gr. 8.7.1., fyrir hvern laugar-, sunnu-, helgi- og/eða tyllidag, sem falli á skráningartímabili. Þetta sé óháð því, hvar skip sé statt. Vinni skipstjóri sér inn frídag skv. þessari grein, þó að skip liggi við bryggju í heimahöfn í Reykjavík.

Samkvæmt kjarasamningi skipstjóra séu fastráðnum skipstjóra tryggð föst laun í 12 mánuði á ári. Skipstjóri fái ekki frí um hverja helgi eins og starfsmenn í landi, heldur safni hann saman frídögum fyrir laugar-, sunnu- og tyllidaga, sem hann sé um borð í skipi sínu. Við afskráningu í frí fái skipstjóri þá greidda og eigi rétt á því að vera jafnmarga virka daga í fríi og tala innunninna frídaga gefi til kynna. Með þessu kerfi skili skipstjóri að meðaltali 5 virkum vinnudögum á viku, sem sé sambærilegt við starfsmenn í landi, þar sem hann fái frí á virkum dögum fyrir laugar-, sunnu- og tyllidaga, sem hann sé um borð, sbr. 8. kafla kjarasamnings. Auk þess fái skipstjóri sumarleyfi á launum, sbr. 12. kafla kjarasamnings, haldi launum í allt að 9 mánuði, ef hann er óvinnufær vegna veikinda eða slysa, sbr. 13.

kafla, og fái biðkaup skv. 7. kafla, þótt vinnufær sé, en útgerð haldi honum t.d. í landi vegna flutnings milli skipa. Framangreindur réttur skv. kjarasamningsákvæðum tryggi fastráðnum skipstjóra 12 mánaða laun á ári.

Stefndi kveðst rökstyðja sýknukröfu sína með því, að stefnandi hafi fengið fulla greiðslu launa í veikindum í samræmi við ákvæði 13. kafla kjarasamnings skipstjóra, að ekki hafi skapast neinn aukinn réttur skipstjórum til handa með breytingu á 18. gr. sjómannalaga nr. 67/1963, sem gerð hafi verið með lögum nr. 49/1980, né heldur með núgildandi sjómannalögum nr. 35/1985, að kynni stefnandi að hafa átt einhvern rétt, þá hafi hann glatað honum fyrir aðgerðaleysi.

Í stefnu og greinargerð stefnanda kveður stefndi gæta nokkurs misskilnings varðandi launakerfi farmanna og þó einkum varðandi tilgang og hlutverk frídaga. Kveður hann þetta vera eðlilegt, þar sem vinna til sjós sé ekki eins reglubundin og dagvinnuskil eða vaktavinna í landi. Núgildandi launakerfi farmanna byggi á því kerfi, sem sé í landi, og líkist helst því, að um óreglubundna vaktavinnu væri að ræða, þar sem þó sé skilað að meðaltali fimm vikudögum á viku. Til nánari skýringa megi benda á dskj. nr. 31, 35 og 36 og 1. og 8. kafla kjarasamnings stýrimanna, dskj. nr. 32.

Stefndi kveðst mótmæla því, að með breytingu á 18. gr. sjómannalaga nr. 67/1963 með lögum nr. 49/1980 hafi verið tekin upp staðgengilsregla varðandi farmenn. Þessu til áréttingar sé vísað til athugasemda við lagafrumvarpið, þar sem skýrt og greinilega komi fram, að breytingunni úr „rétt til kaups" í „eigi missa neins í af launum sínum, í hverju sem þau eru greidd", þá felist í breytingunni það, gagnvart farmönnum, að þeir eigi auk grunnkaups og allra fastra álaga á það, sem þeir nú fá greitt, rétt til launa fyrir tilfallandi yfirvinnu.

Með grunnkaupi og öllum föstum álögum sé verið að tryggja það, að farmenn fái föst mánaðarlaun, sem samsett séu úr grunnlaunum, sjóálagi, eftirlitsþóknun o.s.frv., sbr. kaupgjaldsskrár á dskj. nr. 37 og 38. Þeir, sem hafi öðlast rétt til aukinna greiðslna við þessa breytingu, hafi verið þeir skipverjar, sem fái greidda yfirvinnu, svo sem hásetar, stýrimenn og undirvélstjórar. Aftur á móti breyti þetta engu varðandi þá skipverja, sem ekki fái greidda yfirvinnu, svo sem bryta, yfirvélstjóra og skipstjóra.

Það sé rétt, að aukinn hafi verið greiðsluréttur farmanna með breytingu á sjómannalögum, en því sé algerlega mótmælt, að tekin hafi verið upp staðgengilsregla, og mótmælt sé allri samjöfnun við lög nr. 19/1979 um rétt verkafólks til veikindalauna. Hjá landverkafólki sé mesti réttur einn mánuður á staðgengilslaunum og 2 mánuðir að auki á dagvinnulaunum. Mesti réttur skipstjóra í veikindatilfellum skv. 13. kafla kjarasamnings sé full laun í 9 mánuði, svo að þar sé ólíku saman að jafna.

Mótmælt sé fullyrðingum á dskj. nr. 13 um, að dómur Hæstaréttar í

málinu nr. 202/1986, Ísskip hf. gegn Svani Jóhannssyni, skapi rétt til handa öllum farmönnum. Frídagauppgjör hjá Ísskipum hf. hafi verið með allt öðrum hætti en stefnda, þar sem frídagar hvers mánaðar hjá Ísskipum hf. hafi verið greiddir með mánaðarlaununum í hverjum mánuði, þótt menn færu ekki í frí. Vegna verkefna skipa Ísskipa hf. hafi skipverjar oft verið mánuðum saman um borð án þess að fara í frí, en hafi fengið frídaga samt greidda mánaðarlega. Hjá stefnda sé þessu á annan veg farið, eins og fram komi á launaseðlum og yfirlitum á dskj. nr. 11-30.

Mótmælt sé fullyrðingum í stefnu um, að sömu ákvæði gildi um stýrimenn og skipstjóra, hvað varði frídagarétt. Sé vísað til 8. kafla kjarasamninga stýrimanna á dskj. nr. 32 og 33, sbr. 8. kafla kjarasamninga skipstjóra á dskj. nr. 3 og 34, þar sem greinilega komi fram betri réttur skipstjóra. Sama eigi við varðandi mun á greiðslu veikindalauna, þar sem réttur skipstjóra sé miklu betri en stýrimanna.

Í eldri sjómannalögum nr. 67/1963 hafi verið sérstakur kafli, I. kafli, um ráðningarsamning skipstjóra, en II. kafli um skiprúmssamninga annarra skipverja. 18. gr. laganna, sem breytt hafi verið með lögum nr. 49/1980, hafi ekki verið eitt þeirra ákvæða, sem skv. 7. gr. laganna áttu einnig við um skipstjóra.

Í sjómannalögum nr. 35/1985 séu sérákvæði um skipstjóra í 42.-48. gr. Í 46. gr. sé vísað til 36. gr., sem svari til 18. gr. laga nr. 67/1963, og sé þar tilgreint, að skipstjóri skuli hafa sama rétt og skyldur og aðrir skipverjar í veikinda- og slysatilvikum og um geti í 36. gr.

Í kjarasamningi skipstjóra séu og hafi verið ákvæði um, að skipstjóra skuli greidd full laun í allt að 9 mánuði í veikindum. Það hafi aldrei verið skilið eða framkvæmt svo, að til viðbótar útborguðum mánaðarlaunum ættu að koma greiðslur fyrir frídaga, heldur, að skipstjóri fengi eins mánaðar laun, ef hann væri veikur í einn mánuð, og tveggja mánaða laun, ef hann væri veikur í tvo mánuði, en ekki 1,4 eða 2,8 mánaða laun, eins og hann fengi, ef frídagar væru greiddir til viðbótar. Ekki sé hægt að fallast á það, að ákvæði sjómannalaga, „eigi missa neins í af launum", sé víðtækara en ákvæði kjarasamnings skipstjóra um „full laun" í veikindum.

Þegar skipstjóri sé á biðlaunum, sem sé ástand, sem sé líka af ósjálfráðum orsökum, fái hann ekki greidda frídaga, heldur útborguð mánaðarlaun og fæðispeninga. Þegar samið hafi verið um þessa þætti, hafi verið ætlað, að biðkaup og veikindakaup virkuðu greiðslulega (sic) á sama hátt, enda væri annað einkennilegt, eins og dæmið um skipstjóra, sem væri á biðkaupi og veiktist. Hann væri áfram heima hjá sér, en ætti nú að fara að fá frídaga til viðbótar, þar sem hann væri ekki vinnufær lengur. Meta verði heildarkjör skipstjóra í þessu samhengi, og sé augljóst, að réttur skipstjóra til veikindalauna sé miklu betri en réttur skv. sjómannalögum, þó að reikn-

aðir væru frídagar á 2 fyrstu mánuðina í veikindum, sbr. 36. gr. nr. 35/1985.

Stefnandi hafi engar athugasemdir gert við launauppgjör né kröfur um viðbótargreiðslur fyrr en löngu eftir, að hann hafði hætt störfum hjá stefnda, og ætti þegar af þeirri ástæðu að sýkna stefnda vegna aðgerðaleysis stefnanda. Með vísan til varakröfu vill stefndi taka fram eftirfarandi:

Eins og fram sé komið áður, hafi lög nr. 49/1980 engu breytt varðandi skipstjóra, hins vegar sé tilgreint í 46. gr. laga nr. 35/1985, að skipstjóri skuli hafa sama rétt og skyldur og aðrir skipverjar í veikinda- og slysatilvikum og um geti í 36. gr. Samkvæmt þessu komi því frídagar vegna ársins 1984 ekki til álita. Verði stefnandi talinn eiga rétt til greiðslna frídaga á grundvelli 36. gr. laga nr. 35/1985 þrátt fyrir ótvírætt betri heildarkjör skv. kjarasamningi, þá geti þó aldrei orðið um lengri tíma að ræða en 2 mánuði, sbr. 1. mgr. 36. gr. laga nr. 35/1985. Sé gerð krafa til þess, að stefnufjárhæð verði lækkuð til samræmis við það, og þess jafnframt krafist, að vextir verði lækkaðir og ekki reiknaðir fyrr en frá þingfestingu málsins.

Niðurstaða.

Af gögnum málsins verður að telja ljóst, að réttur skipstjóra í veikindum til launa fyrir frídaga, sbr. gr. 8.7.1. og 13.1.1. kjarasamnings, var umdeildur við gerð kjarasamnings útgerða og Skipstjórafélags Íslands frá 16. apríl 1984, en samkvæmt bókun þeirri, er gerð var og stefnandi byggir á, þykir hann hafa verið veittur að því gefnu, að slíkur réttur annarra yfirmanna á skipum útgerðanna yrði viðurkenndur. Stefndi og stéttarfélag stefnanda voru aðilar að kjarasamningnum og greindri bókun, sem er svohljóðandi: „Komi til þess, að aðrir yfirmenn en skipstjórar vinni sér inn frídaga í veikinda- og slysatilfellum, á meðan staðgengill gegnir störfum þeirra, þá gildi hið sama um skipstjóra." Ber því að athuga, hvort aðrir yfirmenn á farskipum hafi síðar fengið slíkan rétt viðurkenndan.

Af lögskýringargögnum þykir vera ljóst, að 18. gr. laga nr. 67/1963, eins og henni var breytt með lögum nr. 49/1980, veitir sjómönnum, farmönnum og fiskimönnum rétt til staðgengilslauna í veikindafríi allt að tveimur mánuðum, í hverju sem laun eru greidd. Greiðslur fyrir vinnu á frídögum þykja falla undir hugtakið „laun" í greindu lagaákvæði. Á þessi skilningur stoð í hæstaréttardómi frá 29. janúar 1988. Sjómenn eiga þar með rétt til sambærilegrar fjárhæðar fyrir unna laugar-, sunnu- og tyllidaga og staðgengill fær greidda við afskráningu eða uppgjör í árslok. Ekki verður á það fallist með stefnda, að ólíkur uppgjörsmáti skipafélaga á greiðslum fyrir frídaga skipti hér máli.

Þar sem ekki verður fallist á það, að 18. gr. laga 67/1963 taki til skipstjóra, og þar sem skipstjórum eru ekki í kjarasamningi veitt greind réttindi

beint, þykir verða að líta svo á, að réttindi þau, er þeir hljóta samkvæmt ofangreindri bókun, geti ekki talist meiri en þau réttindi, sem þar er miðað við, þ.e. réttindi annarra yfirmanna á skipum. Ljóst þykir, að með 18. gr. sé lögbundin staðgengilsregla í allt að tvo mánuði.

Með sjómannalögum nr. 35 frá 19. júní 1985 voru lög nr. 67/1963 numin úr gildi. 36. gr. laga nr. 35/1985 geymir sömu ákvæði og 18. gr. eldri laganna. Með 46. gr. laga nr. 35/1985 er það lögbundið, að skipstjóri skuli hafa sama rétt og skyldur og aðrir skipverjar í veikinda- og slysatilfellum, sbr. 36. gr. laganna. Átti stefnandi því lögum samkvæmt rétt til staðgengilslauna í allt að tvo mánuði á síðara veikindatímabili sínu.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, telst stefnandi hafa átt rétt til sömu fjárhæðar og staðgengill hans fékk greidda fyrir unna laugar-, sunnu- og tyllidaga fyrstu tvo mánuði hvors veikindatímabils.

Aðila greinir á um, hvort stefnandi hafi gert fyrirvara við launauppgjör til hans um, að hann gerði kröfu til launa fyrir innunna frídaga staðgengils. Þykir sönnunarbyrði um þetta atriði hvíla á stefnanda, enda hefði hann getað tryggt rétt sinn með því að gera skriflegan fyrirvara við launauppgjör eða með kröfu. Kröfubréf ritar hann fyrst 29. júlí 1987. Upplýst er, að stefnandi taldi sig eiga rétt til þessarar greiðslu samkvæmt ofangreindri bókun frá 16. apríl 1984. Dómur héraðsdóms í máli stýrimannsins Svans Jóhannssonar gegn Ísskipum hf. var kveðinn upp 29. janúar 1986, en hæstaréttardómur í sama máli 29. janúar 1988. Hinn 6. júní sama ár ritaði Skipstjórafélag Íslands stefnda um efnið, en kröfum þess var hafnað. Mál þetta var þingfest 15. september 1988.

Þar sem ekki er sannað, að stefnandi hafi haft uppi kröfur sínar við stefnda fyrr en 29. júlí 1987, þykir hann með tómlæti hafa fyrirgert rétti sínum til frekari launakröfu vegna veikindaforfalla á árinu 1984, en að því er varðar veikindaleyfi á árinu 1986, þykir hann ekki hafa sýnt verulegt tómlæti, og eru kröfur hans varðandi það tímabil teknar til greina í tvo mánuði. Stefndi hefur ekki andmælt þeirri fullyrðingu stefnanda, að staðgengill hans hafi fengið greiðslu fyrir alla áfallna frídaga þetta tímabil, sem teljast vera 18. Stefndi skal því greiða stefnanda 18 x kr. 3.568,59, þ.e. kr. 64.234,62, að viðbættu orlofi, kr. 8.376,19, samtals kr. 72.610,81, með dráttarvöxtum frá 1. september 1987 til greiðsludags skv. 10. gr., sbr. 9. gr. laga nr. 25/1987. Leggja má vexti við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. september 1988. Krafa um vexti á málskostnað er tekin til greina.

Stefndi greiði stefnanda málskostnað, kr. 45.000, og hefur þá verið tekið tillit til söluskatts.

Dóminn kvað upp Hjördís Hákonardóttir borgardómari.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Hf. Eimskipafélag Íslands, greiði stefnanda, Kristjáni Guðmundssyni, kr. 72.610,81 með dráttarvöxtum frá 1. september 1987 til greiðsludags skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 og kr. 45.000 í málskostnað. Heimilt er að bæta vöxtum við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. september 1988. Málskostnaður beri vexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 25. janúar 1991.

Nr. 44/1991. **Ákæruvaldið**

gegn

Jósep Hjálmari Sigurðssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald, 3. og 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason og Haraldur Henrysson og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tölulið 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 23. janúar 1991, sem barst Hæstarétti 24. sama mánaðar. Hann krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldstíminn verði styttur. Þá er krafist kærumálskostnaðar.

Af hálfu ákæruvalds er þess krafist með vísan til kröfugerðar rannsóknarlögreglu ríkisins, forsendna hins kærða úrskurðar svo og 3. töluliðar 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Með úrskurði sakadóms Reykjavíkur 10. janúar 1991 var varnaraðili úrskurðaður í gæsluvarðhald til miðvikudagsins 23. janúar 1991 kl. 16.00 með vísan til 1. töluliðar 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974.

Með vísan til 3. töluliðar 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 og forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann. Eins og málinu er háttað, er ekki þörf á, að um framkvæmd gæsluvistar fari eftir 2. tölulið 1. mgr. 70. gr. laga nr. 74/1974, en þar segir, að gæslufangar skuli að öllum jafnaði látnir vera í einrúmi. Rétt þykir því að ákveða með heimild í 4. mgr. 3. gr. laga nr. 48/1988 um fangelsi og fangavist, að um vistun varnaraðila fari eins og hann væri afplánunarfangi.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Varnaraðili, Jósep Hjálmar Sigurðsson, sæti gæsluvarðhaldi allt til kl. 16.00 miðvikudaginn 6. mars 1991, en gæsluvistun hans skal vera með sama hætti og vistun afplánunarfanga.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 23. janúar 1991.

Ár 1991, miðvikudaginn 23. janúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Julíusi B. Georgssyni aðalfulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess, að Jósep Hjálmari Sigurðssyni, kt. 050861-5979, atvinnu- og heimilislausum, verði gert að sæta áframhaldandi gæsluvarðhaldi frá lokum gæsluvarðhalds þess, sem rennur út kl. 16.00 í dag, allt til miðvikudagsins 6. mars nk. kl. 16.00.

Undanfarnar vikur hefur RLR unnið að rannsókn fjölmargra skjalafals- og fjársvikamála, þar sem notaðir hafa verið tékkar, sem horfið hafa í innbrotum og með öðrum hætti úr vörslum eigenda. Í þágu rannsóknar mála þessara var kærði ásamt fleirum úrskurðaður til að sæta gæsluvarðhaldi. Hefur hann við þá rannsókn játað að hafa frá því í lok desembermánaðar sl. og fyrri hluta þessa mánaðar átt aðild að fölsun og sölu fjölda tékka.

Fyrirhugað er af hálfu RLR að senda ríkissaksóknara mál þau, sem kærði á aðild að, í næsta mánuði. Samkvæmt upplýsingum frá embætti ríkissaksóknara eru þar til ákvörðunar kærumál á hendur kærða. Í sakadómi Reykjavíkur eru til meðferðar þrjár ákærur á hendur kærða, sem dagsettar eru 11. ágúst 1989, 5. október og 17. október 1990. Í fyrstnefndu ákærunni er kærða gefinn að sök þjófnaður, einnig í þeirri næstu, en í þeirri síðasttöldu skjalafals.

Þegar sakaferill kærða er virtur í heild sinni, verður að álíta kærða vanaafbrotamann. Hann afplánaði fangelsisdóm frá 22. júní til 19. desember sl. og tók fljótlega eftir það upp þráðinn við brotastarfsemi. Telur dómurinn, að veruleg hætta sé á, að kærði haldi uppteknum hætti, haldi hann óskertu frelsi sínu. Með vísan til þess, sem að framan er rakið, og skírskotun til 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974, verður krafa RLR tekin til greina, eins og hún er fram sett. Brot þau, sem kærði er hér grunaður um, geta varðað hann fangelsisrefsingu skv. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Úrskurðarorð:

Kærði, Jósep Hjálmar Sigurðsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 6. mars nk. kl. 16.00.

Þriðjudaginn 29. janúar 1991.

Nr. 285/1990. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Pálmari Magnússyni
(Sigmundur Hannesson hrl.).

Nauðgun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Jónsson, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason og Auður Þorbergsdóttir borgardómari.

Ríkissaksóknari hefur áfrýjað máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. júlí 1990 að ósk ákærða og jafnframt af hálfu ákæruvaldsins. Er það krafa þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur að öðru en því, að refsing verði þyngd.

Ákærði krefst aðallega sýknu af refsikröfu ákæruvalds og skaðabótakröfu í málinu. Til vara krefst hann þess, að refsing verði milduð og jafnframt skilorðsbundin, en skaðabætur lækkaðar verulega. Verði ákærða gert að sæta refsivist, komi gæsluvarðhaldsvist vegna málsins henni til frádráttar.

Ákærði og vitnið X fylgdust að frá skemmtistað í Reykjavík til íbúðar ákærða aðfaranótt 3. mars 1989 ásamt þriðja manni, er var kunningi ákærða. Frásögn hennar af því, sem í íbúðinni gerðist, fær stuðning í framburði kunningjans og öðrum gögnum í málinu, svo sem rakið er í héraðsdómi, þar á meðal framburði ákærða sjálfs. Er nægilega sannað, að ákærði hafi þar komið fram samförum við hana gegn vilja hennar með hótunum og ofbeldi. Varðar atferli ákærða við 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, eins og í héraðsdómi greinir.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um refsingu ákærða, miskabætur og sakarkostnað.

Þá ber að dæma ákærða til að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og í dómsorði segir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal saksóknarlaun í ríkissjóð, 60.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigmundar Hannessonar hæstaréttarlögmanns, 60.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 7. maí 1990.

Ár 1990, mánudaginn 7. maí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Guðjóni St. Marteinssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 251/1990: Ákæruvaldið gegn Pálmari Magnússyni, sem dómtekið var 9. apríl sl.

Málið er höfðað með ákæru, dagsettri 8. maí 1989, á hendur „Pálmari Magnússyni, Háaleitisbraut 39, Reykjavík, kennitala 30.08.55-4829, fyrir nauðgun með því að hafa aðfaranótt föstudagsins 3. mars 1989 á heimili sínu þröngvað X, fæddri [...] 1962, til holdlegs samræðis með ofbeldi, hótunum og ógnandi framkomu.

Telst þetta varða við 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar".

— — —

Málsatvik.

Það var kl. 5.21 aðfaranótt föstudagsins 3. mars 1989, að X hringdi í Reykjavíkurlögreglu frá Háaleitisbraut 37 og tilkynnti, að sér hefði verið nauðgað. Í skýrslu Bjarna Guðmundssonar lögregluþjóns, er sinnti útkallinu, segir, að X hafi sagt, að sér hafi verið hótað lífláti, ef hún léti ekki að vilja manns þess, er síðan hefði nauðgað sér. Lögreglan handtók síðan ákærða á heimili sínu svo og Jón Aðalstein Brynjólfsson, er þar var staddur.

X var yfirheyrð hjá lögreglunni kl. 6.53 að morgni föstudagsins 3. mars 1989, og lýsti X þá því, hvernig fundum hennar og ákærða bar saman við veitingastaðinn Abracadabra við Laugaveg hér í borg um nóttina. X lýsti síðan ferð í leigubíl með ákærða, Jóni Aðalsteini Brynjólfssyni og G, fyrst að Hverfisgötu 60 og síðan að heimili ákærða að Háaleitisbraut 39 hér í borg. X kvað ákærða hafa sagt vera „partí" að Hverfisgötu 60, en er þangað var komið, reyndist svo ekki vera og ákærði þá sagst hafa fengið skilaboð um, að „partí" væri á Háaleitisbraut 39. Er þangað var komið, hafi ekkert fólk verið þar fyrir, en ákærði sagt, að fólkið hlyti að fara að koma. X kvað sér hafa verið boðinn bjór í íbúðinni, og ákærði hafi tekið af sér

ljósmyndir, og eftir það hafi ákærði tekið að gerast ágengur, og kvað X sér hafa staðið beygur af ákærða. X kvaðst hafa sagst þurfa að fara heim til barna sinna og sambýlismanns, sem þyrfti að fara til vinnu, og kvaðst X hafa hringt á leigubíl til að komast burt. X kvað ákærða hafa komið í veg fyrir, að hún kæmist út úr íbúðinni, án þess þó að beita harðræði. X kvaðst síðan hafa hringt á leigubíl öðru sinni og þá verið búin að sjá út, að stutt væri af baðherbergi íbúðarinnar og að útidyrum. X kvaðst þá hafa sagt ákærða, að hún þyrfti á snyrtinguna, og kvaðst X hafa dvalið þar stutta stund, en er hún kom út, hefði ákærði beðið hennar fyrir utan dyrnar og komið í veg fyrir það, að X kæmist fram á stigaganginn.

X kvaðst þessu næst hafa haldið inn í stofuna og ákærði komið á eftir og hann sagt, að sig langaði svo í X, en X kvaðst hafa sagt, að hún hefði ekki áhuga á ákærða. X kvaðst hafa hótað ákærða því, að ef hann gerði henni eitthvað, þá ætti X bræður, sem myndu berja ákærða. X kvað ákærða hafa verið farinn að taka á sér, er hér var komið sögu, og kvaðst X hafa tekið á móti ákærða. X kvaðst hafa losað sig frá ákærða og komist að yngri manninum, sem þar sat dottandi í stól, og kvaðst X hafa beðið manninn um hjálp. Viðbrögð mannsins hefðu verið lítil í fyrstu, en hann síðan sagt ákærða að láta X vera. X kvað ákærða þá hafa hvíslað einhverju í eyra mannsins og sá þá gengið á brott. X kvað ákærða hafa haldið áfram að takast á við sig, en sér hefði tekist að slíta sig lausa og komast inn á snyrtiherbergið og ákærði á eftir. X kvað ákærða hafa hótað að drepa sig, ef hún yrði ekki róleg og léti að vilja hans. X kvaðst, er hér var komið sögu, hafa tekið þá ákvörðun að veita ekki frekari mótspyrnu af ótta við líkamsmeiðingar. X kvaðst síðan hafa komist aftur inn í stofuna, eftir að ákærði hafði tekið að þukla sig inni á baðherberginu, og kvaðst X nú hafa beðið yngri manninn aftur um hjálp, og hefði sá þá beðið ákærða að láta X í friði. X kvað ákærða hafa hvíslað einhverju að þeim yngri og sá þá slitið sig lausan frá X, sem kvaðst hafa haldið um fætur hans. X kvað ákærða síðan hafa hent sér inn í svefnherbergi og þar komið fram vilja sínum og orðið sáðlát í leggöng hennar. X kvaðst í fyrstu hafa reynt að veita mótspyrnu, en síðan ákveðið að hætta mótspyrnunni af ótta við ákærða.

X kvað ákærða síðan ekki hafa hindrað sig í því að klæðast, og kvaðst X síðan hafa hringt í kunningja sinn, en þóst hafa hringt í leigubifreið. X kvaðst hafa hringt í lögregluna frá þessum kunningja sínum. X kvað ákærða hafa viljað fá símanúmer sitt uppgefið, og kvaðst X hafa gefið ákærða símanúmer hjá systur sinni í þeirri von, að ákærði léti X hafa símanúmer sitt, og þá með það í huga, að unnt væri að upplýsa, hver þessi maður væri.

Ákærði var fyrst yfirheyrður hjá lögreglunni 3. mars 1989. Ákærði

kvaðst hafa hitt X á veitingastaðnum Abracadabra aðfaranótt 3. mars 1989. Ákærði kvaðst hafa verið þar staddur ásamt Jóni Aðalsteini Brynjólfssyni, kunningja sínum, og hitt X á skemmtistaðnum ásamt kunningjakonu hennar. Ákærði kvaðst hafa rætt við X inni á skemmtistaðnum um, að „það væri gaman að prufa hvort annað". Ákærði kvað þessi fjögur eftir lokun staðarins hafa haldið að Hverfisgötu 60 og þar fyrirhugað að fara í „partí", sem ekki reyndist vera þar, og því verið haldið á heimili ákærða að Háaleitisbraut 39. Ákærði kvað þau öll hafa haldið upp í íbúð sína utan vinkonu X, er beðið hefði í leigubílnum úti. Ákærði kvað X hafa sagt sér, er ákærði hugðist sækja stúlkuna í leigubílinn, að X hefði sent leigubílinn á brott með stúlkuna. Ákærði kvað þau þrjú, er eftir voru, hafa tekið til við að drekka bjór og skemmta sér, en X hefði hringt hingað og þangað, og m.a. hefði hún rætt um það, að hún þyrfti að koma börnum sínum á dagheimili. Ákærði kvaðst síðan hafa minnt X á það, er þau höfðu rætt saman á skemmtistaðnum, þ.e., að þau ætluðu að hafa samfarir. Ákærði kvað X hafa teygt lopann og viljað drekka meiri bjór. Ákærði kvaðst hafa verið frekur við X, sem ákærði kvað hafa verið freka á móti. Ákærði kvaðst hafa beðið Jón Aðalstein um að fara inn í herbergi, þar sem ákærði kvaðst hafa talið hann trufla fyrirætlanir sínar. Ákærði kvað þetta engu hafa breytt, X hefði enn teygt lopann og viljað drekka meiri bjór. Ákærði kvað X að lokum hafa viljað fara inn á salerni, en sagt ákærða, að hann mætti koma með, og kvað ákærði X hafa látið vel að sér inni á snyrtingunni. Ákærði kvað Jón Aðalstein hafa staðið í svefnherbergisdyrunum, er ákærði og X komu út af snyrtingunni. Ákærði kvað X hafa verið með fráhnepptar buxur, er hún kom út af baðherberginu, og þau ætlað að hafa samræði í stofunni, þar sem þau hefðu haldið Jón Aðalstein vera í svefnherberginu. Ákærði kvaðst hafa viljað halda inn í svefnherbergið, en X þá snúið sér að Jóni og sagst vilja frekar sofa hjá honum en ákærða. Ákærði kvaðst hafa orðið reiður og tekið X upp og haldið á henni inn í svefnherbergið, en hún hefði ekki viljað inn og tekið í dyrakarminn, en ekki getað haldið sér þar. Ákærði kvaðst hafa hrint X frá sér inni í herberginu, svo að hún féll á dýnu á gólfinu, og kvaðst ákærði þessu næst hafa lokað dyrunum, en ekki muna, hvort dyrunum hefði verið læst. Ákærði kvaðst hafa rifist við X þar inni og X kallað ákærða frekju og rudda. Ákærði sagðist vilja hafa samræði við X og ekkert hlusta á neitt helvítis þras. Ákærði kvað X hafa afklæðst, utan ákærði kvaðst hafa aðstoðað hana við að komast úr buxunum. Ákærði kvaðst síðan hafa haft samfarir við X og hún „verið ánægð með það". Ákærði kvað X hafa haldið á brott skömmu síðar, en þau rætt saman í íbúðinni áður og ákærði þá haft orð á því, að sér fyndist leiðinlegt „að hafa verið svona grófur við hana og annað slíkt".

Ákærði og X voru samprófuð hjá lögreglunni, en ekki náðist samræmi í framburði þeirra. Ákærði var síðan yfirheyrður hjá lögreglunni 13. mars 1989, og lýsti ákærði því nú, að hann hefði greitt X kr. 3.000 fyrir að fá að hafa við hana samfarir.

Jón Aðalsteinn Brynjólfsson var yfirheyrður hjá lögreglunni 3. mars 1989. Jón lýsti efnislega á sama veg ferðalaginu frá veitingastaðnum og á heimili ákærða. Jón kvaðst síðar um nóttina hafa verið lagstur til svefns inni í svefnherbergi íbúðarinnar, er hann kvaðst hafa heyrt læti inni á salernínu. Jón kvaðst ekki geta skilgreint það nánar, en kvað þau X og ákærða hafa talað hátt saman. Jón kvaðst hafa haldið fram, og þá hefði X komið að sér og beðið um hjálp. Jón kvað X hafa tekið um efri búkinn á sér (sic) og þannig beðið um hjálp. Jón kvaðst hafa beðið ákærða „að hætta þessu". Jón kvaðst hafa skilið kringumstæðurnar þannig, að ákærði hefði viljað í rúmið með stúlkunni, sem ekki hefði viljað það, og ákærði hefði ekki skilið það. Jón kvað ákærða hafa orðið æstan og sagt, að sér kæmi þetta ekki við, og beðið sig um að skipta sér ekki af þessu. Jón kvaðst nú hafa haldið inn á salernið og heyrt, að svefnherbergisdyrunum var læst. Jón kvaðst, er hann kom út af baðherberginu, hafa heyrt, að verið var í samförum inni í svefnherberginu. Jón kvað þau síðan hafa komið fram, skipst á símanúmerum, og X hefði haldið brott skömmu síðar. Jón kvaðst síðan hafa vaknað við það, að lögreglan var komin á vettvang.

Ákærði var yfirheyrður fyrir dómi 24. október sl. Ákærði bar efnislega á sama veg og hjá lögreglu um fund þeirra X á veitingastaðnum. Ákærði kvaðst hafa greitt X kr. 3.000 fyrir að eiga samræði við hana, og kvað ákærði hafa verið ákveðið þeirra á milli að skilja Jón Aðalstein og G eftir að Hverfisgötu 60, en ákærði og X hefðu þá ætlað að halda á heimili ákærða. Ákærði kvaðst telja G hafa verið vitni að því, er greiðslan fór fram. Ákærði lýsti á sama veg og fyrr ferð þessara fjögurra aðila á heimili sitt og síðan því, er ákærði, X og Jón Aðalsteinn héldu upp í íbúð ákærða, en G hefði beðið úti í leigubílnum. Ákærði kvað X hafa greint sér frá því, að hún hefði sent leigubílinn á brott með G, og kvað ákærði X hafa sagt, að hún treysti G ekki, en ákærði kvaðst hafa orðið vitni að rifrildi X og G fyrr um kvöldið og þá heyrt G spyrja X að því, „hvort hún væri farin að selja sig einn ganginn enn og hvort hún ætlaði aldrei að hætta þessu". Ákærði kvað X hafa getað róað vinkonu sína og fengið hana til að koma með sér í leigubílnum.

Ákærði kvað þau þrjú, er héldu upp í íbúð ákærða, hafa skemmt sér við að hlýða á tónlist og drekka bjór, og kvað ákærði X hafa drukkið mikið af bjór og nefndi í því sambandi allt að hálfan kassa, en ákærði kvaðst halda, að þau hefðu skemmt sér á þriðju klukkustund, áður en samræðið átti sér stað.

Ákærði kvaðst síðar um nóttina hafa gengið á X og óskað eftir því að fá það, sem ákærði kvaðst hafa greitt fyrir, en X hefði viljað bíða, uns Jón Aðalsteinn væri sofnaður. Ákærði kvaðst nú hafa reiðst og heimtað endurgreiðslu hjá X og óskað eftir því, að hún yfirgæfi íbúðina, en X hefði neitað því og beðið ákærða um að koma með sér inn á salernið, þar sem ákærði kvað X hafa látið vel að sér. Ákærði kvað þau síðan hafa komið út af salerninu og þau þá ætlað inn í stofu til að hafa þar samfarir og talið Jón Aðalstein hafa verið sofnaðan í svefnherberginu. Ákærði kvað X hafa verið með fráhnepptar buxur, er hún kom af salerninu. Ákærði kvað Jón Aðalstein þá hafa komið út úr svefnherberginu í þann mund, er ákærði ætlaði inn í stofuna, og hafi ákærði þá ákveðið að fara inn í svefnherbergið og Jón Aðalsteinn verið vitni að því, er ákærði hóf X á loft og hélt á henni inn í svefnherbergið. Ákærði kvað X áður hafa tekið í dyrakarminn til að árétta, að hún fengi bjór, sem ákærði kvaðst síðan hafa sótt, en áður hefði X haft orð á því við Jón Aðalstein, að hún vildi fremur sofa hjá honum en ákærða. Ákærði kvaðst ekki hafa tekið það í mál og minnt X á greiðsluna og þau haldið inn í svefnherbergið, þar sem ákærði kvaðst hafa haft við X samfarir með fúsum og frjálsum vilja hennar, og kvaðst ákærði hafa haft sáðfall í fæðingarveg X. Ákærði kvaðst hafa aðstoðað X úr buxunum að hennar ósk.

Ákærði kvaðst ekki hafa beitt X þvingunum, líflátshótunum eða öðrum hótunum, en kvaðst hafa verið frekur og ákveðinn við hana og þá verið að ganga eftir að fá það, er ákærði kvaðst hafa greitt fyrir. Ákærði kvaðst hvorki hafa heyrt né séð X biðja Jón Aðalstein um aðstoð í íbúðinni um nóttina, og kvað ákærði framburð Jóns Aðalsteins um þetta atriði vera rangan.

Ákærði var spurður að því fyrir dóminum, hvers vegna hann hefði ekki greint frá „samningnum" fyrr en við lögregluyfirheyrslu 13. mars 1989, en ákærði var handtekinn 3. s.m., og kvað ákærði ástæðuna hafa verið þá, að sér hefði fundist samningurinn hálf-smánarlegur. Ákærði bar fyrir dóminum, að hann hefði við frumrannsóknina greint lögreglunni frá samningi sínum og X um að skilja Jón og G eftir á Hverfisgötu 60, en þetta hefði ekki verið fært til bókar við skýrslugerðina. Ákærði nefndi við dómsyfirheyrsluna fleiri atriði, sem hann kvaðst hafa nefnt við skýrslutöku hjá lögreglu, en ákærði kvaðst enga skýringu hafa á því, hvers vegna þau atriði hefðu ekki verið færð til bókar.

Ákærði kvaðst ekki hafa hindrað X í því að hringja á leigubíl um nóttina. Ákærði kvaðst hafa hringt í Magnús Óskarsson um nóttina og beðið hann að keyra X heiman frá ákærða, en Magnús ekki nennt því. Þá kvað ákærði X hafa hringt um nóttina og beðið um, að börnum sínum yrði komið á leikskóla eða dagheimili daginn eftir. Ákærði kvað bæði símtölin hafa átt sér stað, áður en samfarirnar áttu sér stað.

Ákærði kvað X hafa viljað fá nafn sitt og símanúmer, áður en hún fór, og kvaðst ákærði hafa skrifað miða með nafninu Halli með símanúmeri á. Ákærði kvaðst hafa fengið miða frá X á móti, og kvaðst ákærði hafa fleygt þeim miða í ruslið, þar sem ákærði kvaðst ekki hafa ætlað að hitta X aftur. Ákærði kvað Gunnleif Kjartansson rannsóknarlögreglumann hafa sagt sér frá því, að lögreglan hefði fundið miðann í ruslakörfunni, en lögreglan ljósmyndaði miðann á eldhússborði íbúðarinnar, þar sem miðinn fannst við húsleit hjá ákærða.

Vitnið X var yfirheyrt fyrir dóminum 23. nóvember sl. X bar efnislega á sama veg og fyrr um ferðalagið að heimili ákærða. X kvaðst hafa beðið G að bíða í leigubílnum fyrir utan heimili ákærða, meðan X athugaði, hvort „partí" væri á staðnum, en X kvað ákærða hafa sagt, að gestirnir væru væntanlegir, og kvaðst X þá hafa ákveðið að bíða. X kvaðst hafa séð eftir u.þ.b. klukkustundardvöl, að engir gestir voru væntanlegir, og kvaðst X þá hafa ætlað að halda heim, en ákærði hefði meinað henni að komast út úr íbúðinni. X kvaðst margsinnis hafa reynt að komast út, en ákærði ávallt komið í veg fyrir það. X kvaðst m.a. hafa haldið inn á salerni íbúðarinnar og hafa ætlað að reyna að komast þaðan út, þar sem útidyrnar voru nærri dyrum baðherbergisins. X kvað ákærða ýmist hafa farið með sér inn á salernið eða staðið fyrir framan baðherbergisdyrnar, er X kom þaðan út, og ákærði komið þannig fram, að X hefði staðið ógnun (sic) af. X kvaðst í eitt skiptið, er hún kom út af salerninu, hafa náð taki á Jóni Aðalsteini og beðið hann um að hjálpa sér, og hefði hann þá beðið ákærða um að láta X í friði og að leyfa henni að fara. X kvað ákærða þá hafa hvíslað einhverju að Jóni Aðalsteini og síðan hent sér inn í svefnherbergi og læst dyrunum. X kvaðst hafa beðið Jón Aðalstein um hjálp tvisvar um nóttina og Jón í bæði skiptin beðið ákærða um að láta hana í friði. X kvað sér nú hafa verið endanlega ljóst, að ákærði ætlaði að koma fram vilja sínum gagnvart sér. X kvaðst hafa verið mjög hrædd og því ákveðið að veita ekki mótspyrnu, og hefði ákærði haft samfarir við hana þar inni í herberginu, og hefði ákærði haft sáðlát í fæðingarveg hennar. X kvað ákærða hafa komið fram á mjög ógnandi hátt, en kvaðst ekki muna, hvort ákærði hafði í hótunum í orðum, en ákærði hefði hins vegar beitt sig andlegum hótunum, eins og X orðaði það. Síðar kvað X ákærða hafa sagt, að það borgaði sig ekki að veita mótspyrnu við slíkar kringumstæður, þar sem hún gæti verið drepin. Þá kvað X ákærða hafa hótað sér lífláti, ef hún léti ekki að vilja hans, en ekki mundi X, hvar í íbúðinni þessi hótun var höfð í frammi, en kvaðst þess hins vegar fullviss, að hótunin átti sér stað.

Eftir að samræðinu lauk, kvað X þau ákærða hafa skipst á símanúmerum, þar sem ákærði hefði viljað kynnast sér nánar og bjóða sér út

að borða. X kvaðst síðan hafa þóst hringja í leigubíl, en í staðinn hefði hún hringt í kunningja sinn, sem bjó þar skammt frá, og þaðan hafa hringt í lögreglu. X kvaðst hafa hringt frá þessum kunningja sínum í þáverandi sambýlismann sinn og greint honum frá, hvað hefði átt sér stað. X kvaðst áður um nóttina hafa hringt úr bílasíma í sambýlismann sinn og greint honum frá því, að hún væri á leið í „partí" og myndi því ekki koma heim strax. X kvaðst ekki muna samtalið að öðru leyti.

X kvaðst hafa rætt símleiðis við Magnús Friðrik Óskarsson úr íbúð ákærða, áður en samræðið átti sér stað, og kvaðst X hafa spurt Magnús að því, hvort ákærði væri einhver „glæpon", en X kvað ákærða áður hafa meinað sér að yfirgefa íbúðina, og kvaðst X hafa greint Magnúsi frá því. X kvað Magnús hafa sagt, að best væri fyrir sig að koma sér af vettvangi og heim til barna sinna.

X vísaði á bug framburði ákærða um „samninginn" svo og að hafa látið vel að ákærða inni á baðherbergi íbúðarinnar og sömuleiðis, að samfarirnar hefðu átt sér stað af fúsum og frjálsum vilja sínum.

Ákærði vísaði ofangreindum framburði X á bug og vísaði til framburðar síns.

Vitnið Jón Aðalsteinn Brynjólfsson var yfirheyrt fyrir dóminum 23. nóvember 1989. Jón lýsti efnislega á sama veg og ákærði ferð þeirra fjögurra frá skemmtistaðnum og að heimili ákærða. Jón kvað þá ákærða fyrst hafa hitt X inni á skemmtistaðnum og síðan fyrir utan staðinn eftir dansleik. Jón kvað G hafa beðið í leigubílnum fyrir utan heimili ákærða. Jón kvað ákærða hafa stungið upp á því að sækja hana, en X hefði ekki viljað það að sögn Jóns, sem ekki kvaðst muna ástæður þessarar afstöðu X. Jón lýsti síðan drykkju fólksins í íbúðinni og ljósmyndatöku ákærða af X, símhringingum ákærða og X og kvaðst hafa heyrt á tal X, sem rætt hefði í símann eitthvað um barnapössun. Jón kvaðst síðan hafa haldið inn í svefnherbergi til að sofa, en þá heyrt háreysti og rifrildi milli ákærða og X frammi og því farið fram. Jón kvað ákærða og X í sama mund hafa komið út af salerninu og X þá beðið Jón um að hjálpa sér. Jón kvað X hafa sagst vilja sofa hjá sér, en Jón ekki sagst vilja það. Jón kvaðst, er hér var komið sögu, hafa sagt ákærða að vera rólegur, en ákærði þá sagt Jóni, að honum kæmi þetta ekki við. Jón kvaðst hafa haldið inn í baðherbergið, og er hann kom þaðan út aftur, hefði hann heyrt, að verið var í samförum inni í svefnherberginu. Jón kvað þau síðan hafa komið fram og X haldið brott skömmu síðar, eftir að ákærði og X hófðu skipst á símanúmerum.

Jón kvað X hafa beðið sig um hjálp einu sinni um nóttina, og kvaðst Jón þá hafa beðið ákærða að hætta því, sem Jón kallaði kynferðislega áreitni. Jón kvaðst hafa talið ákærða og X bæði vilja fara í rúmið, og kvað Jón X hafa látið vel að ákærða inni í stofunni.

Borin var undir Jón lögregluskýrsla sú, er rakin er að framan, og þá sérstaklega þeir hlutar skýrslunnar, er ritaðir eru innan tilvitnunarmerkja, og þá orðalagið, að ákærði hefði verkað á Jón eins og „þrjóskur gaji, sem vildi komast í rúmið hjá dömu". Jón kvað þetta ekki vera sitt orðalag.

Jón kvaðst ekki hafa heyrt ákærða hóta eða beita ofbeldi í garð X um nóttina, en einungis hafa heyrt háreysti eða rifrildi, svo sem áður er getið.

Rannsóknarlögreglumennirnir Gunnleifur Kjartansson og Þorsteinn Ragnarsson, er önnuðust skýrslutökuna af Jóni Aðalsteini hinn 3. mars 1989, hafa báðir komið fyrir dóminn og vísað á bug framburði Jóns Aðalsteins um, að orðalag lögregluskýrslunnar sé ekki orðalag Jóns sjálfs.

Rannsóknarlögreglumennirnir Gunnleifur Kjartansson, Kristján Friðþjófsson og Kristján H. Kristjánsson hafa allir verið yfirheyrðir fyrir dóminum vegna ummæla ákærða um, að miði sá, er ákærði fékk afhentan hjá X, hafi fundist í ruslakörfu íbúðarinnar. Ekkert kom fram, er studdi framburð ákærða að þessu leyti, og vitnið Gunnleifur Kjartansson kvaðst muna eftir að hafa fundið miðann á eldhússborðinu.

Vitnið Gunnleifur Kjartansson vísaði á bug framburði ákærða þess efnis, að ákærði hefði nefnt hjá lögreglu ýmsa þá hluti, er bókaðir voru fyrir dóminum, en lögreglan hefði ekki fært þá til bókar.

Vitnið G var yfirheyrt fyrir dóminum 8. desember sl. G kvaðst hafa haldið rakleitt að Háaleitisbraut 39 eftir dansleikinn í Abracadabra ásamt X, Jóni og ákærða. G kvaðst ekki hafa rifist við X, vinkonu sína, fyrir utan skemmtistaðinn Abracadabra, svo sem ákærði hélt fram, og vísaði á bug framburði ákærða þess efnis, að G hefði kallað X ýmsum ónefnum fyrir utan skemmtistaðinn. G kvaðst telja X hafa farið í „partíið" á heimili ákærða vegna þess, að von var á fleira fólki, eftir því sem ákærði hafði sagt.

G vísaði á bug framburði Jóns Aðalsteins þess efnis, að hún hefði séð hann skrifa ávísun fyrir utan skemmtistaðinn, og þá vísaði G á bug framburði ákærða um, að hún hefði séð ákærða greiða X peninga þar fyrir utan. G kvað ekki útilokað, að X hefði hitt ákærða inni á skemmtistaðnum.

Vitnið J, fyrrverandi sambýlismaður X, bar fyrir dóminum hinn 8. desember sl., að X hefði hringt í sig aðfaranótt 3. mars 1989 og þá úr bílasíma og hún sagst vera á leið í „partí". J kvað ekkert hafa verið rætt um, hvenær X kæmi heim, og ekkert verið rætt um að koma börnunum í pössun, enda kvað J hafa talið það ásetning X að koma heim eftir „partíið" og taka við pössun barnanna, svo að J gæti haldið til vinnu sinnar. J kvað X síðan hafa hringt aftur um nóttina, og nú hefði hún verið stödd í húsi því, hvaðan hún hefði hringt til lögreglunnar. J kvað X nú hafa greint frá því, að sér hefði verið nauðgað. J kvað X hafa sagt, að sér hefði verið hótað og sá, er nauðgaði henni, hefði hótað að drepa hana, ef hún

léti ekki að vilja hans. Þá hefði X greint frá því, að annar maður hefði verið staddur í íbúðinni, og sá hefði ekki komið sér til hjálpar, heldur látið það, sem fram fór, afskiptalaust.

Vitnið Halldór Kjartansson, Háaleitisbraut 47, kom fyrir dóminn 8. desember og aftur 10. janúar sl. Halldór kvað X hafa hringt í sig aðfaranótt 3. mars 1989. Halldór kvað X hafa verið hrædda, og því kvaðst Halldór hafa heimilað henni að koma á heimili sitt, þar sem Halldór kvað X hafa greint sér frá því, að sér hefði verið nauðgað. Halldór kvað X hafa greint frá því, að tveir karlmenn hefðu verið staddir í íbúðinni, og hefði annar nauðgað henni, en hinn enga aðstoð veitt sér. Halldór kvað X hafa hringt í sambýlismann sinn og greint honum frá efnislega á sama veg, og þá hefði X hringt í lögregluna.

Vitnið Magnús Friðrik Óskarsson var yfirheyrt fyrir dóminum 10. janúar sl. Magnús kvað ákærða hafa hringt í sig aðfaranótt 3. mars 1989 og beðið sig um aka sér eitthvað, en Magnús kvaðst hafa verið bíllaus og ekki getað orðið við bón ákærða. Magnús kvað ákærða hafa greint sér frá því, að maður kallaður Jonni væri í íbúð ákærða ásamt einhverri konu, er Magnús kvaðst hafa skilið á ákærða, að væri ekki nægilega auðsveip og hún vildi ekki þýðast ákærða.

Magnús kvaðst hafa rætt símleiðis við X um nóttina, og hefði X spurt að því, hvort ákærði og Jonni væru einhverjir glæpamenn, en Magnús kvaðst ekki hafa vitað til þess. Magnús kvaðst hafa dregið þá ályktun af svörum X, að hún hefði verið hrædd, enda hún sagt það berum orðum. Magnús kvað X hafa beðið sig um að sækja sig og keyra heim, en Magnús sagst ekki geta það. Magnús kvað X hafa greint sér frá því, að ákærði meinaði henni útgöngu úr íbúðinni.

Magnús kvaðst ekki muna, að nokkuð hefði komið fram í samtalinu við ákærða, er benti til þess, að ákærði vildi losna við X, og ákærði hefði ekki beðið sig um að keyra X á brott.

Vitnið X kom fyrir dóminn 10. janúar sl. og kvaðst þá ekki taka fyrir, að hún kynni að hafa hitt ákærða inni á skemmtistaðnum Abracadabra aðfaranótt 3. mars 1989. X vísaði á bug framburði ákærða og Jóns Aðalsteins þess efnis, að X hefði ekki viljað fá G í „partíið". Þá kvað X framburð G rangan varðandi það, að haldið hefði verið rakleitt á heimili ákærða frá skemmtistaðnum og að X hefði ekki hringt úr bílasíma á leiðinni á Háaleitisbrautina. X kvað rangan framburð Jóns Aðalsteins þess efnis, að X hefði látið vel að ákærða inni í stofu íbúðarinnar.

Vitnið X kom enn fyrir dóminn 25. janúar sl., og vísaði X enn á bug framburði ákærða varðandi það, að X hefði látið vel að ákærða inni á salerni íbúðarinnar, svo og því, að X hefði komið með fráhnepptar buxur út af baðherberginu. X bar enn, að sér hefði orðið endanlega ljóst, hvað

vakti fyrir ákærða, er hann bar X inn í svefnherbergið, og X þá verið orðin mjög hrædd og því hafa ákveðið að veita ekki mótspyrnu og látið að vilja ákærða.

Ákærði var loks yfirheyrður fyrir dóminum 9. apríl sl., eftir að tekist hafði að hafa uppi á ákærða í Svíþjóð, en ákærði hafði flutt þangað og ekki látið vita af ferðum sínum, og tafðist málið vegna þessa.

Ákærði vísaði á bug framburði G og X þess efnis, að þær hefðu ekki rifist fyrir utan skemmtistaðinn. Ákærði kvaðst nú ekki geta fullyrt, hvort G hefði séð ákærða greiða X kr. 3.000 fyrir utan skemmtistaðinn, en ákærði hafði borið svo áður. Ákærði bar nú, að vel gæti verið, að hann hefði ekki beðið Magnús Friðrik Óskarsson um að keyra X á brott, en ákærði hafði borið á þann veg fyrir dóminum áður. Ákærði kvað ekkert hafa borið á góma í símtalinu við Magnús, er hefði getað gefið Magnúsi ástæðu til að draga þá ályktun, að á heimili ákærða væri stúlka, er ekki væri nægilega auðsveip. Ákærði kvaðst hafa setið við hlið X, er hún ræddi símleiðis við Magnús, og vísaði ákærði framburði Magnúsar á bug varðandi það, að X hefði greint Magnúsi frá því símleiðis, að ákærði meinaði X útgöngu úr íbúð ákærða, en bæði X og Magnús hafa borið það fyrir dóminum.

Ákærði kvað X hafa verið með fráhnepptar buxur, er hún kom út af baðherberginu, en ákærði kvaðst nú ekki muna, hvort X hefði losað buxurnar til að pissa eða í einhverjum öðrum tilgangi, en ákærði bar áður fyrir dóminum, að þau hefðu ætlað að hafa samfarir í stofunni, er hér var komið sögu. Ákærði kvað X fyrst hafa setið á baðkerinu, er hún átti við lim ákærða þar inni, en síðan hefði X verið á hnjánum á gólfinu. Ákærði hafði áður borið á annan veg um þetta, og er ákærða var bent á misræmið í framburði sínum, kvað ákærði lokaframburð sinn vera hinn rétta.

Ákærði kvað X hafa dvalið í íbúðinni í þrjú kortér til eina klukkustund, eftir að samræðinu lauk, og vísaði ákærði framburði Jóns Aðalsteins og X á bug um þetta, en þau hafa borið, að X hafi fljótlega eða strax eftir að samræðinu lauk, yfirgefið íbúð ákærða.

Ákærði var spurður um orðalag lögregluskýrslu frá 3. mars 1989, þar sem ákærði kvað X hafa ætlað að snúa ákærða af sér. Ákærði kvað eitthvert hik hafa verið komið á X, er hér var komið sögu, og, að því er ákærði taldi, vegna nærveru Jóns Aðalsteins.

Vitnið Sævar Geirdal Gíslason kom fyrir dóminn 9. apríl sl. og kvaðst hafa hitt ákærða inni á veitingastaðnum Abracadabra að kvöldi 3. mars 1989. Sævar kvaðst hafa séð ákærða þar á tali við dökkhærða stúlku, en ekki vissi Sævar, hvort fleira fólk var í fylgd ákærða. Sævar kvaðst eftir dansleikinn hafa séð til fyrrgreindrar stúlku fyrir utan skemmtistaðinn og þá í rifrildi við einhverja aðra stúlku.

Dr. med. Arnar Hauksson kvensjúkdómalæknir skoðaði X kl. 10.30 að morgni 3. mars. Í skýrslu læknisins segir m.a., að X hafi verið niðurbeygð, en róleg, skýr og samvinnuþýð og að atburðir setið (sic) henni vel í minni. Engir áverkar fundust á X. Nýlegt sáðlát fannst í leggöngum. Í vottorði læknisins er frásögn hans af því, hvernig X greindi frá atburðunum, og er sú frásögn í aðalatriðum í samræmi við frásögn X fyrir dóminum.

Niðurstöður.

X kærði nauðgun kl. rúmlega 5 að morgni 3. mars 1989, og tekin var skýrsla af X kl. 6.53 um morguninn. Vitnið Þorsteinn Ragnarsson rannsóknarlögreglumaður hefur borið fyrir dóminum, að X hafi við skýrslutökuna verið skýr og greinargóð. Framburður X fyrir dóminum hefur verið stöðugur allt frá upphafi, en X átti í nokkrum erfiðleikum með að tjá sig um atburðinn vegna geðshræringar, er hún komst í.

Jón Aðalsteinn Brynjólfsson hefur borið, bæði hjá lögreglu og fyrir dómi, að X hafi leitað aðstoðar hjá sér umrædda nótt og að X hafi verið að flýja ákærða.

Magnús Friðrik Óskarsson hefur borið fyrir dóminum, að X hafi greint sér frá því símleiðis umrædda nótt, að ákærði meinaði henni útgöngu úr íbúðinni, og að hún hafi verið hrædd.

Vitni, er yfirheyrð hafa verið og ýmist sáu X eða heyrðu í henni símleiðis að morgni 3. mars 1989, hafa borið, að hún hafi verið hrædd og miður sín, en X greindi öllum vitnunum efnislega á sama veg frá atburðinum, svo sem rakið hefur verið að framan.

Framburður vitnanna X og G er efnislega á sama veg um það, að ákærði hafi sagt þeim, að fleira fólk væri væntanlegt að Háaleitisbraut 39 um nóttina, og ekki verður ráðið af gögnum málsins, að fyrir X hafi vakað að dvelja lengur í „partíinu" á heimili ákærða en svo, að hún kæmist tímanlega á heimili sitt til að taka við barnapössun þar, sbr. framburð vitnisins J hér fyrir dóminum.

Framburður ákærða hefur verið óstöðugur og breytilegur, og vísast í því sambandi til framburðar ákærða, er rakinn var að ofan. Ákærði hefur borið, að ýmislegt, er hann greindi frá í fyrsta sinn undir dómsrannsókninni, hafi ákærði áður nefnt hjá lögreglu, en það ekki verið bókað þar. Þessi framburður ákærða er rangur svo og það, að lögreglan hafi greint ákærða frá því, að miði sá, er fannst á eldhússborði, hafi fundist í ruslakörfu.

Margt í framburði ákærða á sér enga stoð í gögnum málsins, andstætt því, er á við um framburð X. Hinn óstöðugi framburður ákærða þykir samkvæmt því, sem rakið hefur verið, um margt mjög ótrúverðugur og ósamrýmanlegur framburði vitna um mörg atriði, svo sem komið hefur fram.

Með vísan til alls ofanritaðs og með vísan til gagna málsins að öðru leyti þykir dóminum sannað, að ákærði hafi með háttalagi á heimili sínu aðfaranótt 3. mars 1989 þröngvað X til holdlegs samræðis með ofbeldi, hótunum og ógnandi framkomu. Þessi háttsemi ákærða varðar við 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Ákærði hefur frá árinu 1973 gengist undir níu dómsáttir fyrir brot gegn áfengislögum, umferðarlögum, 217. og 257. gr. almennra hegningarlaga. Þá hefur ákærði frá árinu 1975 hlotið 8 refsidóma fyrir brot gegn umferðar- og áfengislögum, 217., 218., 244., 248. og 257. gr. almennra hegningarlaga. Allir dómar, er ákærði hefur hlotið, hafa verið skilorðsbundnir utan síðasti dómurinn hinn 26. maí 1986, 5 mánaða fangels fyrir brot gegn 217. gr. almennra hegningarlaga.

Að öllu ofanrituðu virtu þykir refsing ákærða hæfilega ákvörðuð fangelsi 18 mánuði. Rétt þykir með vísan til 76. gr. almennra hegningarlaga, að 9 daga gæsluvarðhaldsvist ákærða komi til frádráttar fangelsisrefsingunni.

Af hálfu X hefur verið lögð fram miskabótakrafa, að fjárhæð kr. 300.000, og þess krafist, að ákærði verði dæmdur til greiðslu þeirrar fjárhæðar ásamt dráttarvöxtum frá 3.3. 1989 til greiðsludags. Ákærði hefur í samræmi við ofanritað mótmælt kröfunni. Eftir atvikum þykir rétt að dæma ákærða til greiðslu þessarar fjárhæðar í miskabætur, sbr. 264. gr. almennra hegningarlaga, og með vöxtum, svo sem greinir í dómsorði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þ.m.t. kr. 120.000 í saksóknarlaun í ríkissjóð og kr. 120.000 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, Sigmundar Hannessonar héraðsdómslögmanns.

Mál þetta var dómtekið 9. fyrra mánaðar, og hefur dómsuppsaga því dregist nokkuð vegna mikilla anna dómarans.

Dómsorð:

Ákærði Pálmar Magnússon, sæti fangelsi í 18 mánuði, en til frádráttar komi 9 daga gæsluvarðhald ákærða.

Ákærði greiði X kr. 300.000 í miskabætur með dráttarvöxtum samkvæmt 15. gr., sbr. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, frá 3. mars 1989 til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 120.000, og málsvarnarlaun, kr. 120.000, til skipaðs verjanda síns, Sigmundar Hannessonar héraðsdómslögmanns.

Fimmtudaginn 31. janúar 1991.

Nr. 266/1988. **Fossplast hf.**
(Jón Ólafsson hrl.)
gegn
Þresti Bjarkari Snorrasyni
(Agnar Gústafsson hrl.).

Gallar. Riftun. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Guðmundur Jónsson, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 31. ágúst 1988. Félagið krefst aðallega sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara er krafist lækkunar bóta og málskostnaðar fyrir báðum dómum.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Því er lýst í héraðsdómi, að súrheysturn sá, sem stefndi keypti af áfrýjanda, eyðilagðist af völdum veðurs. Því er að vísu haldið fram af hálfu áfrýjanda, að það hafi orðið vegna þess, að lok hafi ekki verið sett á turninn, eins og nauðsynlegt hafi verið. Það, sem upplýst er um samskipti aðila, sýnir þó, að áfrýjandi átti að sjá um smíði turnsins og að ekkert lok fylgdi eða var sett á í upphafi. Áfrýjandi afhenti lokið nokkrum mánuðum síðar. Stefndi vanrækti að sönnu að setja það á turninn, en ekkert er fram komið, sem sýni, að af hálfu áfrýjanda hafi verið skýrt fyrir honum, að það skipti máli um styrkleika mannvirkisins, eða að stefndi hafi mátt gera sér það ljóst. Verður því að telja, að áfrýjandi hafi afhent stefnda gallaðan hlut.

Samkvæmt þessu og 1. mgr. 42. gr. laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup með lögjöfnun, ber að taka til greina kröfu stefnda um riftun kaupa hans á hinum umdeilda votheysturni.

Stefndi gerði upp kostnað við turninn með því að afhenda áfrýjanda veðskuldabréf, sem síðan var selt banka á Selfossi. Er fram

komið, að bréfið er enn eign bankans og í hans vörslum og að ekkert hefur verið greitt af því til þessa. Eru aðilar sammála um, að það, sem í héraðsdómi segir um, að áfrýjandi skuli greiða stefnda 787.044 krónur með verðbótum og vöxtum, sé rétt greiðsla til stefnda, ef riftunarkrafa er tekin til greina. Verður af þeim sökum á þessu byggt og staðfest skylda áfrýjanda til að inna af hendi þessa greiðslu.

II.

Gallar þeir, sem á turninum voru, urðu fyrir vanrækt áfrýjanda, og ber honum því að bæta stefnda tjón hans, er af þeim leiddi.

Fram er komið, að undirstaða turnsins, sem eyðilagðist, nýttist stefnda, er hann lét byggja nýjan turn. Er rétt að lækka bætur að álitum þess vegna um 50.000 krónur frá því, sem segir í hinum áfrýjaða dómi. Að öðru leyti ber að fallast á það, sem í dóminum segir um tjón stefnda, enda var turninn ætlaður til nota við atvinnu hans, og á hann rétt á nokkrum bótum vegna afnotamissis. Ekki eru efni til að lækka bætur vegna styrks til stefnda úr opinberum sjóði, en um styrkinn eru ófullnægjandi upplýsingar í málinu.

Ekki er deilt um vexti þá, sem héraðsdómur dæmdi af skaðabótum. Verða þeir eins og í dómsorði segir.

Staðfesta ber málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms og dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 175.000 krónur í málskostnað hér fyrir dómi.

Dómsorð:

Samningi áfrýjanda, Fossplasts hf., og stefnda, Þrastar Bjarkars Snorrasonar, frá 20. júní 1984 um súrheysturn er rift.

Áfrýjandi greiði stefnda 970.177 krónur. Af 787.044 krónum greiði áfrýjandi verðbætur og vexti eins og segir í héraðsdómi. Af 183.133 krónum greiði árýjandi 33% ársvexti frá 28. janúar 1986 til 1. mars sama ár, 19% ársvexti frá þeim degi til 11. s.m., 20% ársvexti frá þeim degi til 1. apríl s.á., 15,5% ársvexti frá þeim degi til 1. desember s.á., 16,4% ársvexti frá þeim degi til 21. febrúar 1987, 20% ársvexti frá þeim degi til 25. mars 1987 og síðan hæstu innlánsvexti hvers tíma til greiðsludags

samkvæmt auglýsingum Seðlabanka Íslands. Vexti skal leggja við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 28. janúar 1987.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms er staðfest.

Áfrýjandi greiði stefnda 175.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur aukadómþings Árnessýslu 11. júlí 1988.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi þriðjudaginn 7. júní sl., er höfðað með stefnu, birtri miðvikudaginn 25. mars 1987.

Stefnandi er Þröstur Bjarkar Snorrason, Tóftum, Stokkseyrarhreppi, Árnessýslu (nnr. 1172-5708).

Stefndi er Fossplast hf., Gagnheiði 18, Selfossi (nnr. 2367-5811).

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær:

1. Að stefndi verði dæmdur til þess að þola riftun á kaupum votheysturns þess, sem mál þetta fjallar um, svo og til þess að greiða stefnanda kr. 787.044, verðtryggðar með grunnvísitölu 1509 stigum, ásamt 4% ársvöxtum frá 22.10. 1986 til 11.11. 1986, 5% ársvöxtum frá þeim degi til 22.1. 1987, 5,75% ársvöxtum frá þeim degi til 1.3. 1987, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 21.5. 1987, 6,5% ársvöxtum frá þeim degi til 21.6. 1987, 7% ársvöxtum frá þeim degi til 11.7. 1987, 8% ársvöxtum frá þeim degi til 21.9. 1987, 8,5% ársvöxtum frá þeim degi til 11.10. 1987, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 1.11. 1987, 9,5% ársvöxtum frá þeim degi til 7.6. 1988 og síðan hæstu vöxtum eins og þeir eru á hverjum tíma af verðtryggðum lánum hjá Landsbanka Íslands.

2. Að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda kr. 377.781 með 39% ársvöxtum frá 28.1. 1986 til 1.3. 1986, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 11.3.1986, 20% ársvöxtum frá þeim degi til 1.4. 1986, 15,5% ársvöxtum frá þeim degi til 1.12. 1986, 16,4% ársvöxtum frá þeim degi til 21.2. 1987, 20% ársvöxtum frá þeim degi til birtingardags stefnu í máli þessu, en hæstu dómvexti frá þeim degi til greiðsludags. Farið er fram á það, að vextir leggist við höfuðstól með 1 árs millibili og vextir reiknist þá af höfuðstól og vöxtum samanlögðum.

Þá gerir stefnandi þá kröfu, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu, þ.m.t. matskostnað, kr. 53.670, skv. taxta LMFÍ.

Af hálfu stefnda eru þær kröfur gerðar:

„Aðallega: að stefndi verði sýknaður af öllum dómkröfum stefnanda, og jafnframt verði stefnandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ.

Til vara: Ef krafa stefnanda um riftun samnings aðila verður tekin til greina, þá er þess krafist, að greiðsla skaðabóta úr hendi stefnda verði lækkaðar (sic) verulega og jafnframt verði stefnandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað samkv. gjaldskrá LMFÍ."

Sáttaumleitanir reyndust árangurslausar.

Málavextir eru þeir, að aðilar máls þessa gerðu á árinu 1984 með sér skriflegan samning um, að stefndi skyldi reisa fyrir stefnanda votheysturn úr glertrefjastyrktum pólýester.

Aðilar segja samning þennan glataðan, en hafa lagt fram í málinu hliðstæðan samning, sem Fossplast gerði um að reisa votheysturn fyrir annan aðila, dags. 20. júní 1984.

Aðilar eru sammála um, að m.a. lokaákvæði beggja samninganna hafi verið samhljóða, en þar segir svo:

„Kaupandi skal leggja til undirstöðu undir turninn á sinn kostnað og á sína ábyrgð. Jafnframt skal hann sjá um fæði handa þeim, er vinna að uppsetningu.

Nú kann svo að fara, að turninn þoli ekki tilskilið álag, og skal seljandi þá endurgreiða kaupanda útlagðan kostnað vegna undirstöðu. Seljandi tekur alla ábyrgð á því, að turninn standist þær kröfur, sem til hans eru gerðar, í þrjú ár frá afhendingardegi."

Kaupverð turnsins var kr. 787.044, sem stefnandi greiddi þannig, að þann 17. júní 1985 gaf hann út verðtryggt skuldabréf fyrir þessari fjárhæð, tryggt með 8. veðrétti í eignarjörð sinni, Tóftum. Skuldabréf þetta seldi síðan stefndi Landsbankanum á Selfossi þann 5. júlí 1985.

Hinn 22. október 1986 varð þríhliða samkomulag milli stefnda, stefnanda og Landsbanka Íslands um að breyta greiðsluskilmálum skuldabréfsins þannig, að það skyldi greiðsast upp á 6 árum í stað 3ja áður með fyrsta gjalddaga 2. júlí 1987, og jafnframt myndi Fossplast hf. greiða samningsvexti og vísitöluálag af veðskuldabréfinu frá útgáfu þess til 22. október 1986.

Þessar greiðslur af skuldabréfinu innti síðan stefndi af hendi til Landsbankans þann 5. janúar 1987.

Turninn var reistur á vegum stefnda og var fullbúinn í ágúst 1984 að öðru leyti en því, að lok á op á þaki vantaði, og var það ekki afhent fyrr en vorið 1985, og segir stefndi þá töf hafa stafað af eldsvoða í húsum fyrirtækis síns. Lokið var hins vegar aldrei sett á turninn.

Turninn var 12 metra hár, 6 metrar að þvermáli og með op á þaki, sem var 2,5 metrar að þvermáli. Hann var hannaður af Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hf., en verktakafyrirtækið Bær sf. reisti turninn fyrir stefnda.

Þann 15. nóvember 1985 fauk þak turnsins og þrjár efstu einingar hans.

Í framhaldi af því fór stefnandi þess á leit við stefnda, að kaupunum

yrði rift, en stefndi vildi ekki fallast á riftun. Þann 28. janúar 1986 ritaði lögmaður stefnanda stefnda bréf með ítrekun á riftingarkröfu, en án árangurs.

Þann 21. júlí 1986 voru þeir dr. Hafsteinn Pálsson verkfræðingur og Jón Sigurjónsson verkfræðingur dómkvaddir til þess að skoða og meta turninn og skila rökstuddu áliti um það, af hverju turninn fauk.

Áður en matsmenn fengju lokið matinu, fauk það, sem eftir var af turninum, þann 15. október 1986.

Málsástæður og lagarök.
Stefnandi:

„Stefnandi telur, að umræddur turn hafi ekki uppfyllt þau skilyrði til styrkleika, sem gera verður til mannvirkja af þessari gerð hér á landi, með hliðsjón af veðurfari því, sem hér er. Turninn hafi ekki verið byggður í samræmi við þær teikningar, sem VST hafði gert, auk þess sem hönnuninni var áfátt, að því er snertir deilihönnun á frágangi þaks, sbr. matsgerð. Þetta hafi allt samverkandi orsakað fok turnsins.

Telur stefnandi sig því eiga rétt til riftunar og skaðabóta, vegna þess að turninn fauk.

Stefnandi vísar til meginreglu 42. gr. kaupalaga nr. 39/1922, reglnanna um brostnar forsendur og dóma um riftun kaupa vegna stórfelldra galla."

Stefndi:

Um málsástæður og lagarök segir svo í greinargerð stefnda:

„Fyrir það fyrsta er mótmælt þeim fullyrðingum stefnanda, að votheysturninn hafi verið ónýtur frá upphafi. Í annan stað er mótmælt þeirri fullyrðingu stefnanda, að votheysturninn hafi verið haldinn (sic) verulegum göllum.

Stefndi rökstyður sýknukröfu sína á þeim grundvelli, sem fram kemur í álitsgerð Kristjáns Sigurbjarnasonar frá 23. apríl 1986, og að nokkru á álitsgerð hinna dómkvöddu matsmanna frá síðari hluta október 1986, að stefnandi hafi ekki hirt um að loka turninum, eins og hönnun hans gerði ráð fyrir og honum var fullkunnugt um, sem aftur leiddi til þess, að þak turnsins rifnaði út frá opinu á miðju þess, og í framhaldi þess hafi turnveggurinn rifnað af smátt og smátt, en að fullu 15. október 1986. Stefndi telur ljóst, að skilyrði riftunar hafi ekki verið fyrir hendi, enda tjónið, sem stefnandi telur sig hafa orðið fyrir, fyrst og fremst að kenna hans eigin ábyrgðarleysi. Ef einhverjir gallar hafi verið á votheysturninum, þá geti þeir ekki talist verulegir. Jafnframt vill stefndi líta svo á, að stefnandi hafi orðið að sætta sig við, á grundvelli meginreglu 49. gr. kpl. nr. 39/1922, að leyfa honum að bæta úr hinum meintu göllum. Bæði bauðst stefndi strax til að

gera við votheysturninn, og eins var augljóst, að viðgerðin hafði ekkert óhagræði fyrir stefnanda, heldur þvert á móti var hún honum einum til hagsbóta. Með því að neita viðgerð hafi stefnandi algerlega tekið á eigin ábyrgð það tjón, sem hann hugsanlega hafi orðið fyrir. Vandséð verður, hvaða tjóni stefnandi verður fyrir, sem stefndi ber ábyrgð á, þegar litið er til þess, að stefndi hefur frá fyrstu tíð lýst sig reiðubúinn til að gera við og eftir atvikum endurreisa hinn fallna votheysturn. Samningnum verði ekki rift vegna aðgæsluleysis stefnanda sjálfs og þverlyndis.

Ef svo ólíklega vildi til, að riftunarkrafa stefnanda yrði tekin til greina, er skaðabótakröfum (vangildisbótum) stefnanda mótmælt sem allt of háum. Tjón það, sem stefnandi hefur hugsanlega orðið fyrir, getur hann fyrst og fremst sjálfum sér um kennt. Benda má á, að stefndi hefur þegar greitt rúmar kr. 340.000 hinn 5. janúar sl. fyrir stefnanda til greiðslu samningsvaxta og vísitöluálags frá 1. júní 1985 til 22. október 1986 á skuldabréfinu, sem votheysturninn var greiddur með. Dómkröfum stefnanda um greiðslu kostnaðar við undirstöðu votheysturnsins er flestum mótmælt sem órökstuddum. T.d. verður ekki séð, hvað reikningur frá 29. mars 1984 fyrir vinnu við símalögn né reikningur frá 25. apríl s.á. fyrir vinnu við að jafna moldarhaug komi undirstöðum votheysturnsins við. Sama gildir um reikning frá Sigurjóni Ólafssyni frá árinu 1980 v/ vinnu við botnplötu. Reikninga vantar frá Steypustöð Suðurlands, og er þeirri fjárhæð því mótmælt, og einnig er mótmælt reikningi stefnanda fyrir eigin vinnu við undirstöðu turnsins sem órökstuddum. Skaðabótakröfu stefnanda v/ meintra skemmda á heyi og afnotamissis af turninum er mótmælt sem rakalausum."

Forsendur og niðurstaða.

Í matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna kemur fram það álit þeirra, að hönnun turnsins sé ábótavant. Í matsgerðinni segir m.a. svo:

„Hönnun turnsins er miðuð við, að hann sé lokaður. Hins vegar er deilihönnun á frágangi þaks ekki lýst nógu nákvæmlega á teikningum. Að þessu leyti hefur hönnun turnsins ekki verið lokið samkvæmt þeim gögnum, sem undirritaðir hafa fengið."

Þá segja matsmenn, að ljóst sé, að trefjaplastið, sem turninn er byggður úr, sé ekki hið sama og fyrirskrifað (sic) sé á teikningum. Notaðar séu „random"-glertrefjamottur í stað ofinna, og veiki þetta trefjaplastið nokkuð.

Í fylgiskjali með matsgjörð kemur fram, að efnisþykkt eininga í þaki var 4-6,5 mm, en átti að vera 5 mm samkvæmt teikningu. Á teikningu kemur fram, að áætlað togþol eigi að vera 200 MPa og áætlað beygjubrotþol eigi að vera 180 MPa. Samkvæmt mælingum Páls Árnasonar efnaverk-

fræðings er togþol sýna úr þaki 50-65 MPa og beygjubrotþol sömu sýna 84-86 MPa.

Þá hefur komið fram í málinu, að við uppsetningu turnsins var reynt að styrkja hann umfram það, sem gert er ráð fyrir á teikningum, og var það fólgið í því, að settur var kragi innan á hringopið á þakinu og styrktarbitar voru formaðir í þakið. Auk þess var grindverk sett á þakbrúnina, og var það boltað í þessa bita.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, er ljóst, að bygging turnsins var ekki í samræmi við hönnun hans og að hönnun hans var áfátt.

Það er álit dómsins, að turninn, eins og hann var, þegar hann fauk þann 15. nóvember 1985, hafi eigi uppfyllt þær styrkleikakröfur, sem gera verður til mannvirkja af þessari gerð hér á landi.

Styrkur þaksins var ófullnægjandi, þannig að það veitti ekki turnveggjunum þá stífingu, sem nauðsynleg var í vindi, m.a. var kraginn með hringopinu eigi nægjanlega sterkur.

Stefndi rökstyður sýknukröfu sína með því, að turninn hafi fokið vegna þess, að stefnandi hafi ekki hirt um að loka turninum, eins og hönnun hans gerði ráð fyrir og stefnanda hafi verið fullkunnugt um.

Fram er komið í málinu, að lokið á turnþakið var eigi afhent stefnanda fyrr en vorið 1985, þegar turninn hafði verið í notkun heilan vetur. Þessi dráttur á afhendingu loksins samræmist ekki því, sem stefndi heldur fram, að hönnun turnsins sé miðuð við, að hann sé lokaður.

Enn fremur er fram komið í skýrslu Ólafs Sigurjónssonar hér fyrir dómi, en hann annaðist um uppsetningu turnsins ásamt öðrum, að hann telur, að lokið hafi verið aukaatriði varðandi styrk turnsins.

Stefnandi hefur hins vegar haldið því fram, að honum hafi aldrei verið tjáð, að nauðsynlegt væri, að turninn væri lokaður til þess að standast veður.

Gegn þessari staðhæfingu stefnanda hefur stefnda ekki tekist að sanna, að stefnanda hafi verið kunnugt um, að hönnun turnsins miðaðist við, að hann væri lokaður.

Samkvæmt þessu hefur stefnda eigi tekist að sanna, að fok turnsins hafi stafað af neinum þeim atvikum, er stefnandi eða aðrir en stefndi beri ábyrgð á, og verður samkvæmt því að telja, að fok turnsins þann 15. nóvember 1985 sé á ábyrgð stefnda.

Tilboð það, er stefndi gerði stefnanda um að gera við turninn eða að reisa nýjan turn, var ekki þess eðlis, að stefnandi yrði að sætta sig við það, þar sem í því kom eigi fram, að bæta ætti úr neinum tilteknum göllum á turninum, enda hefur ekki komið fram í máli þessu, að stefndi viðurkenndi neina sérstaklega tilgreinda galla á turninum.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, verður að telja galla þá, sem

á turninum voru, er hann fauk þann 15. nóvember 1985, svo verulega, að stefnandi átti rétt á að rifta samningi þeim, sem hann gerði við stefnda um að framleiða og reisa turninn.

Stefndi hefur haldið því fram, að stefnandi beri ábyrgð á því tjóni, sem varð, þegar það, sem eftir var af turninum, fauk þann 15. október 1986, þar sem stefnandi hafi ekki annast nægilega um turninn eftir fokið þann 15. nóvember 1985.

Sú staðhæfing stefnanda, að hann hafi oftar en einu sinni farið þess á leit við stefnda, að hann gengi þannig frá, að turninn fyki ekki frekar, hefur ekki verið hrakin, enda líklegast, að hann vildi ekki eiga neitt á hættu með skemmdir á húsum eða öðru, sem orðið gætu, ef til frekara foks kæmi. Auk þess var eðlilegt, að hann leitaði til stefnda með þetta, þar sem stefnda var málið skylt og hafði fagþekkingu á þessu sviði, auk þess sem reikna mátti með, að þetta yrði endanlega á kostnað stefnda, sbr. 55. gr. laga nr. 39/1922, enda sú umönnunarskylda, er þar greinir, lögð á kaupanda vegna hagsmuna seljanda. Ekkert hefur fram komið í málinu um, að stefndi, sem hefur starfsstöð í nágrenni stefnanda, hafi tjáð stefnanda, að hann gæti ekki af einhverjum óviðráðanlegum ástæðum orðið við þessu.

Með því að stefndi varð ekki við þessari beiðni stefnanda, er tjón það, er varð á truninum eftir 15. nóvember 1985, á ábyrgð stefnda, og er fráleitt, að athafnaleysi hans í þessu efni geti valdið því, að stefnandi tapi í einhverju rétti sínum gagnvart honum.

Samkvæmt þessu ber að taka fyrri kröfulið stefnu um riftun til greina og dæma stefnda til þess að greiða stefnanda kaupverð turnsins, kr. 787.044, ásamt verðbótum og vöxtum til greiðsludags.

Samkvæmt samningi aðila ber stefnda samkvæmt þessu að endurgreiða stefnanda útlagðan kostnað vegna undirstöðu.

Endanleg sundurliðun stefnanda á þeirri kröfu er þannig:

1.	Gröftur fyrir grunni	kr.	14.167
2.	Bær s/f	—	16.014
3.	Keyrsla á möl	—	32.900
4.	Steypustöð Suðurlands	—	31.608
5.	Rör o.fl.	—	15.947
6.	Járn	—	17.145
7.	Eigin vinna stefnanda	—	50.000
	Samtals:	kr.	177.781

Stefndi hefur mótmælt flestum þessum kostnaðarliðum sem órökstuddum.

Verður nú fjallað um þessa kostnaðarliði hvern fyrir sig með tilliti til

þess, er stefndi tjáði sig um þá við munnlegan málflutning.

Um 1. Stefndi hefur fallist á reikning að fjárhæð kr. 9.714 samkvæmt þessum lið, en mótmælt reikningi að fjárhæð kr. 4.453 fyrir vinnu við að jafna moldarhaug, dags. 25. apríl 1984. Stefnandi hefur ekki sýnt fram á, að reikningur þessi sé vegna undirstöðu turnsins, og verður hann því eigi tekinn til greina gegn mótmælum stefnda. Samkvæmt þessu verður aðeins reikningur að fjárhæð kr. 9.714 vegna þessa liðar tekinn til greina.

Um 2. Stefndi hefur fallist á þennan kröfulið, og verður hann því tekinn til greina að fullu.

Um 3. Stefndi hefur mótmælt þessum kröfulið. Samkvæmt reikningi, er lagður hefur verið fram, þykir rétt að taka kröfu stefnanda til greina að hluta með kr. 25.200, þ.e.a.s., teknir eru til greina reikningsliðir vegna malarflutnings frá Súluholti dagana 13. júlí til 21. júlí 1984, en skv. steypureikningi var grunnur steyptur þann 24. júlí 1984, og þykir ekki rétt að taka til greina reikninga vegna malarflutnings eftir þann tíma.

Um 4. Stefndi hefur fallist á þennan kröfulið, og verður hann því tekinn til greina að fullu.

Um 5. Stefndi hefur fallist á reikning að fjárhæð kr. 3.452 vegna þessa kröfuliðar. Að öðru leyti hefur hann mótmælt þessum kröfulið. Þar sem engin gögn hafa verið lögð fram varðandi þennan lið að öðru leyti eða hann með öðrum hætti gerður sennilegur, verður hann gegn mótmælum stefnda ekki tekinn til greina að öðru leyti.

Um 6. Stefndi hefur mótmælt þessum lið. Engin gögn hafa verið lögð fram varðandi hann, en þar sem hann er sennilegur og kröfunni í hóf stillt, verður hann tekinn til greina.

Um 7. Þessum lið hefur stefndi mótmælt á þeirri forsendu, að samkvæmt samningi aðila skuli einungis útlagður kostnaður vegna undirstöðu endurgreiddur, ef turninn þoli ekki tilskilið álag. Dómurinn lítur svo á, að samkvæmt samningi aðila sé endurgreiðsla á kostnaði við undirstöðu takmörkuð við útlagðan kostnað, og verður þessi kröfuliður því ekki tekinn til greina.

Við munnlegan flutning málsins kom fram hjá stefnda sú málsástæða, að þar sem stefnanda hefði nýst undirstaða turnsins að hluta undir nýjan turn, sem nú hefur verið reistur á henni, bæri að víkja samningi aðila um endurgreiðslu á útlögðum kostnaði við undirstöðu vegna ósanngirni.

Dómurinn fellst ekki á þetta sjónarmið. Þó svo að rétt megi vera, að undirstaðan hafi að einhverju leyti nýst undir turn þann, sem nú hefur verið reistur, þá er í samningi aðila enginn fyrirvari um þetta, þótt augljóst hafi verið, þegar samningurinn var gerður, að undirstaðan gæti nýst stefnanda síðar með einhverjum hætti.

Samkvæmt þessu ber stefnda að endurgreiða stefnanda útlagðan kostnað við undirstöðu turnsins með kr. 103.133.

Krafa stefnanda um bætur að fjárhæð kr. 100.000 fyrir heyskemmdir þykir hæfilega til greina tekin með kr. 80.000.

Krafa stefnanda um bætur að fjárhæð kr. 100.000 vegna afnotamissis þykir hæfilega tekin til greina með kr. 50.000.

Samkvæmt framansögðu ber að taka kröfu stefnanda samkvæmt síðari kröfulið til greina með samtals kr. 233.133.

Stefndi hefur ekki mótmælt sérstaklega vaxtakröfum í máli þessu, hvorki að því er varðar upphafstíma vaxta né vaxtafót.

Varðandi kröfu um vexti af fyrri kröfulið, kr. 787.044, skal tekið fram, að dómurinn lítur á kröfuna sem dráttarvaxtakröfu, þar sem krafan var fallin í gjalddaga samkvæmt þeim reglum, er giltu fyrir gildistöku vaxtalaga nr. 25/1987. Fram að dómsuppsögudegi hefur hún reynst lægri en almennir dráttarvextir.

Niðurstaða málsins verður samkvæmt þessu sú, að riftunarkrafa stefnanda er tekin til greina, og er stefnda dæmt að greiða stefnanda kr. 787.044, verðtryggðar samkvæmt lánskjaravísitölu með grunnvísitölu 1509 stigum, ásamt 4% ársvöxtum frá 22.10. 1986, til 11.11. 1986, 5% ársvöxtum frá þeim degi til 22.1. 1987, 5,75% ársvöxtum frá þeim degi til 1.3. 1987, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 21.5. 1987, 6,5% ársvöxtum frá þeim degi til 21.6. 1987, 7% ársvöxtum frá þeim degi til 11.7. 1987, 8% ársvöxtum frá þeim degi til 21.9. 1987, 8,5% ársvöxtum frá þeim degi til 11.10. 1987, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 1.11. 1987, 9,5% ársvöxtum frá þeim degi til dómsuppsögudags og hæstu vöxtum Landsbanka Íslands af verðtryggðum veðskuldabréfum til 6 ára, eins og Seðlabanki Íslands auglýsir þá í Lögbirtingablaði, frá þeim degi til greiðsludags; þó mega verðbætur og vextir samanlagt aldrei vera hærri en þeir dráttarvextir, sem Seðlabankinn auglýsir á hverjum tíma.

Þá er stefnda enn fremur dæmt að greiða stefnanda kr. 233.133 með 33% ársvöxtum frá 28.1. 1986 til 1.3. 1986, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 11.3. 1986, 20% ársvöxtum frá þeim degi til 1.4. 1986, 15,5% ársvöxtum frá þeim degi til 1.12. 1986, 16,4% ársvöxtum frá þeim degi til 21.2. 1987, 20% ársvöxtum frá þeim degi til 25.3. 1987 og hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir eru á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags. Vextir skulu leggjast við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn þann 28.1. 1987.

Eftir úrslitum málsins ber að dæma stefnda til þess að greiða stefnanda málskostnað, þar með talinn matskostnað, að fjárhæð kr. 53.670, sem ekki hefur verið mótmælt, og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 260.000, þar með talinn söluskattur.

Þess skal getið, að dómendur könnuðu vettvang í máli þessu.

Dómsuppsaga í máli þessu hefur dregist vegna mikilla embættisanna héraðsdómarans og vegna þess að meðdómendur eru búsettir utan umdæmisins.

Þorsteinn Skúlason héraðsdómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Kristni Ingasyni verkfræðingi og Regin Grímssyni forstjóra.

Dómsorð:

Stefndi, Fossplast hf., greiði stefnanda, Þresti Bjarkari Snorrasyni, kr. 1.020.177, þar af kr. 787.044 verðtryggðar samkvæmt lánskjaravísitölu með grunnvísitölu 1509 stigum ásamt 4% ársvöxtum frá 22.10. 1986 til 11.11. 1986, 5% ársvöxtum frá þeim degi til 22.1. 1987, 5,75% ársvöxtum frá þeim degi til 1.3. 1987, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 21.5. 1987, 6,5% ársvöxtum frá þeim degi til 21.6. 1987, 7% ársvöxtum frá þeim degi til 11.7. 1987, 8% ársvöxtum frá þeim degi til 21.9. 1987, 8,5% ársvöxtum frá þeim degi til 11.10. 1987, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 1.11. 1987, 9,5% ársvöxtum frá þeim degi til dómsuppsögudags og hæstu vöxtum Landsbanka Íslands af verðtryggðum veðskuldabréfum til 6 ára, eins og Seðlabanki Íslands auglýsir þá í Lögbirtingablaði, frá þeim degi til greiðsludags; þó mega verðbætur og vextir samanlagt aldrei vera hærri en þeir dráttarvextir, sem Seðlabankinn auglýsir á hverjum tíma, og kr. 233.133 með 33% ársvöxtum frá 28.1. 1986 til 1.3. 1986, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 11.3. 1986, 20% ársvöxtum frá þeim degi til 1.4. 1986, 15,5% ársvöxtum frá þeim degi til 1.12. 1986, 16,4% ársvöxtum frá þeim degi til 21.2. 1987, 20% ársvöxtum frá þeim degi til 25.3. 1987 og hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir eru á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags. Vextir skulu leggast við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn þann 28.1. 1987.

Stefndi greiði stefnanda kr. 260.000 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 31. janúar 1991.

Nr. 263/1990. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Arnbirni Helga Sævarssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Þjófnaður. Hegningarauki. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason og Haraldur Henrysson og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. júní 1990 að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákæruvalds til þyngingar á refsingu.

Mál þetta var einnig höfðað gegn sjö öðrum mönnum, þar á meðal B, E og F. Allir þessir sjö undu héraðsdómi.

I.

Sannað er, að hinn 29. ágúst 1989 fór ákærði ásamt áðurgreindum þremur mönnum að versluninni Hveragarði hf. í Hveragerði í því skyni að brjótast þar inn. Fór ákærði með B og F upp á þak verslunarinnar og hjálpaði þeim við að brjótast inn í hana, en beið þeirra síðan í bifreið sinni með E. Ljóst er af framburði B og F, að þeir tóku peninga greint sinn úr peningatösku í bensínafgreiðslu verslunarinnar. Taldi hinn fyrrnefndi, að það hefðu verið 60.000 krónur, en hinn síðarnefndi, að það hefðu verið 40.000 krónur. Þá töldu þeir, að skiptimynt, er þeir tóku úr afgreiðslukössum, hefði numið um 3.000 krónum. Í fyrstu skýrslu lögreglunnar í Árnessýslu um innbrotið 29. ágúst 1989 var haft eftir talsmanni verslunarinnar, að úr afgreiðslukössum hefðu horfið samtals 2.600 krónur. Taldi hann þá, að ekki hefði verið um frekari peningaþjófnað að ræða. Í bótakröfu, er hann lagði fram 10. nóvember 1989, gerði hann hins vegar kröfu um 50.000 krónur, sem horfið hefðu úr bensínafgreiðslu, og 4.000 krónur, sem teknar hefðu verið í smámynt úr búðarkössum.

Virðist ákæran í málinu á þessu byggð. Ekki fór fram frekari

rannsókn eða samprófun varðandi þetta, og þykir því ekki fullsannað, að fjárhæð sú, sem stolið var greint sinn, hafi verið hærri en 42.600 krónur. Með þessari athugasemd ber að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms um atferli ákærða og heimfærslu þess til refsiákvæða.

Fram kom við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti, að hinn 22. mars 1990 var ákærði dæmdur í sakadómi Vestmannaeyja til að sæta fangelsi í tvo mánuði og ökuleyfissviptingu í þrjú ár. Sakfellt var fyrir tvö ölvunarakstursbrot á árunum 1988 og 1989 og fyrir fjársvik vegna notkunar tveggja innstæðulausra tékka í júní 1989. Héraðsdómara virðist ekki hafa verið kunnugt um þennan dóm við uppkvaðningu hins áfrýjaða dóms. Ber að dæma ákærða hegningarauka við dóminn frá 22. mars 1990, sbr. 78. gr. almennra hegningarlaga. Þykir refsing ákærða með hliðsjón af 77. gr. og 78. gr. þeirra laga hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði.

II.

Verjandi ákærða krefst þess, að bótakröfu verslunarinnar Hveragarðs hf. í Hveragerði, samtals að fjárhæð 66.257 krónur, verði vísað frá dómi vegna vanreifunar. Bótakrafan var sett fram í bréfi verslunarinnar 10. nóvember 1989 og var sundurliðuð svo:

„1. Peningar sem stolið var úr bensínafgreiðslu kr. 50.000
2. Smámynt sem stolið var úr búðarkössum kr. 4.000
3. Gler og annað efni til viðgerðar kr. 3.500
4. Vinna við viðgerðir 9 klst. á kr. 973.- kr. 8.757

Krafa kr. 66.257“

Þegar ákærði kom fyrir dóm 8. maí 1990, var honum kynnt bótakrafa þessi og bókað eftir honum, að hann samþykkti að greiða fjórðung hennar.

Enda þótt kröfuliðir 1 og 2 í bréfi Hveragarðs hf. séu ekki í fullu samræmi við önnur gögn og framburð, eins og rakið var undir I hér að framan, þykja ekki efni vera til að vísa þessum kröfuliðum frá dómi. Í samræmi við það, sem áður er sagt, verður kröfuliður 1 tekinn til greina með 40.000 krónum og kröfuliður 2 með 2.600 krónum. Kröfuliðir 3 og 4 styðjast við reikning fyrir efni og viðgerðarvinnu vegna innbrotsins. Þykir þeim í hóf stillt. Ákærði ber óskipt bótaábyrgð vegna alls tjóns, sem af innbrotinu hlaust. Verður hann því dæmdur til að greiða Hveragarði hf. samtals

krónur 54.857 (40.000 + 2.600 + 3.500 + 8.757) með vöxtum eins og í héraðsdómi greinir, enda hefur þeim ekki verið mótmælt.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað ákærða. Jafnframt verður hann dæmdur til að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærði, Arnbjörn Helgi Sævarsson, sæti fangelsi í 3 mánuði.

Ákærði greiði versluninni Hveragarði hf. 54.857 krónur með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 2. gr. laga nr. 67/1989, frá 10. nóvember 1989 til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað ákærða er staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 21. maí 1990.

Ár 1990, mánudaginn 21.maí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er í Borgartúni 7 af Pétri Guðgeirssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 270-77/1990: Akæruvaldið gegn A, Arnbirni Helga Sævarssyni, B, C, D, E, F og G, sem dómtekið var þann sama dag.

Málið er í fyrsta lagi höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 10. apríl 1990, á hendur A [...], Arnbirni Helga Sævarssyni, Bergstaðastræti 71, Reykjavík, fæddum 24. febrúar 1964, fæðingarnúmer 323, B [...], C [...], D [...], E [...], F [...] og G [...] „fyrir eftirgreind brot, framin á árinu 1989, nema annars sé getið:

— — —

III.

Gegn ákærðu Arnbirni Helga, B, E og F fyrir að hafa aðfaranótt þriðjudagsins 29. ágúst brotist inn í verslunina Hveragarð hf., Hveramörk 21, Hvergagerði, og stolið kr. 54.000 í peningum og einhverju af vindlingum. (RLR-mál 4091/89.)

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

— — —

Málavextir.

Með skýrslum ákærðu og öðrum gögnum málsins telst eftirfarandi vera sannað í málinu:

— — —

III. Ákærðu Arnbjörn Helgi, B, E og F.

Ákærðu sammæltust um að brjótast inn í verslunina Hveragarð hf., sem áður greinir. Ók ákærði E þeim á vettvang og beið í bifreiðinni, meðan hinir brutu upp þakglugga. Fóru þeir B og F inn og stálu því, sem í fyrri ákærunni greinir. Teljast ákærðu allir hafa brotið gegn 244. gr. almennra hegningarlaga.

Að kröfu verslunarinnar ber að dæma ákærðu til þess að greiða verslun-inni kr. 66.257 ásamt almennum innlánsvöxtum frá 10. nóvember 1989 til greiðsludags.

— — —

Ákærði Arnbjörn Helgi hefur til þessa verið dæmdur sex sinnum fyrir hegningar- og umferðarlagabrot, síðast 3. febrúar 1988 í 10 mánaða fangelsi fyrir þjófnað, nytjastuld og ölvun við akstur. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 5 mánuði.

— — —

Ákærðu greiði sakarkostnað sem hér segir:

Ákærðu B og F óskipt að ⅔ hlutum og aðrir ákærðu að ⅓ hluta.

— — —

— — — Dómsorð:

Ákærði Arnbjörn Helgi Sævarsson sæti fangelsi í 5 mánuði.

— — —

Ákærðu Arnbjörn Helgi, B, E og F greiði verslunini Hveragarði 66.257 krónur ásamt almennum innlánsvöxtum frá 10. nóvember 1989.

— — —

Ákærðu greiði sakarkostnað sem hér segir:

Ákærðu B og F óskipt að ⅔ hlutum, en aðrir ákærðu óskipt að ⅓ hluta.

Föstudaginn 1. febrúar 1991.

Nr. 122/1990. **Jón Ó. Ragnarsson**

gegn

Vernd hf.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Jón Ó. Ragnarsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 2.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Föstudaginn 1. febrúar 1991.

Nr. 212/1990. **Dögun s/f, byggingafélag,**
Hjörtur Aðalsteinsson,
Kristján Eiríksson,
Þórarinn Jónsson,
J.L. Byggingavörur s/f og
Anna Kristín Þórðardóttir
gegn
Pétri Þórssyni,
Franz Ploder,
Ragnheiði Sæmundsdóttur,
Helga Baldurssyni,
Einari Jóhannssyni og
Ástu Þóru Valdimarsdóttur
persónulega og
f.h. húsfélagsins Öldugranda 11.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Dögun s/f. byggingafélag, Hjörtur Aðalsteinsson, Kristján Eiríksson, Þórarinn Jónsson, J.L. Byggingavörur s/f og Anna Kristin Þórðardóttir, er eigi sækja dómþing í máli þessu, greiði 2.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef þau vilja fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Einnig greiði áfrýjendur stefndu, Pétri Þórssyni, Franz Ploder, Ragnheiði Sæmundsdóttur, Helga Baldurssyni, Einari Jóhannssyni, Ástu Þóru Valdimarsdóttur og Rósu Björk Halldórsdóttur, sem sótt hafa dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, 6.000 krónur í ómaksbætur hverju um sig að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 1. febrúar 1991.

Nr. 213/1990. **Dögun s/f, byggingafélag,**
Hjörtur Aðalsteinsson,
Kristján Eiríksson,
Þórarinn Jónsson,
J.L. Byggingavörur s/f og
Anna Kristín Þórðardóttir
gegn
Magnúsi Brynjólfi Magnússyni,
Lilju Magnúsdóttur,
Ásdísi Júlíusdóttur,
Aðalsteini Aðalsteinssyni,
Guðmundi B. Hannah,
Bjarna Guðbjartssyni,
Ólafi Melsted og
Valgerði A. Sveinsdóttur
persónulega og
f.h. húsfélagsins Öldugranda 13.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Dögun s/f byggingafélag, Hjörtur Aðalsteinsson, Kristján Eiríksson, Þórarinn Jónsson, J.L. Byggingavörur s/f og Anna Kristín Þórðardóttir, er eigi sækja dómþing í máli þessu, greiði 2.000 króna útvistargjald til ríkissjóðs, ef þau vilja fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Einnig greiði áfrýjendur stefndu, Magnúsi Brynjólfi Magnússyni, Lilju Magnúsdóttur, Ásdísi Júlíusdóttur, Aðalsteini Aðalsteinssyni, Guðmundi B. Hannah, Bjarna Guðbjartssyni, Ólafi Melsted og Valgerði A. Sveinsdóttur, sem sótt hafa dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, 6.000 krónur í ómaksbætur hverju um sig að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 1. febrúar 1991.

Nr. 214/1990. **Dögun s/f, byggingafélag,**
Hjörtur Aðalsteinsson,
Kristján Eiríksson,
Þórarinn Jónsson,
J.L. Byggingavörur s/f og
Anna Kristín Þórðardóttir
gegn
Þórdísi Jónu Sigurðardóttur,
Auðuni Sólberg Valssyni,
Ingibjörgu Jónsdóttur,
Bjarna Halldórssyni,
Guðrúnu Eygló Guðmundsdóttur,
Stefáni Kristjánssyni,
Kristnýju Sigurbjörgu Tryggvadóttur,
Lauru Hjartardóttur og
Walther Kristjánssyni
persónulega og
f.h. húsfélagsins Öldugranda 15.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Dögun s/f byggingafélag, Hjörtur Aðalsteinsson, Kristján Eiríksson, Þórarinn Jónsson, J.L. Byggingavörur s/f og Anna Kristín Þórðardóttir, er eigi sækja dómþing í máli þessu, greiði 2.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef þau vilja fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Einnig greiði áfrýjendur stefndu, Þórdísi Jónu Sigurðardóttur, Auðuni Sólberg Valssyni, Ingibjörgu Jónsdóttur, Bjarna Halldórssyni, Guðrúnu Eygló Guðmundsdóttur, Stefáni Kristjánssyni, Kristnýju Sigurbjörgu Tryggvadóttur, Lauru Hjartardóttur og Walther Kristjánssyni, sem sótt hafa dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, 6.000 krónur í ómaksbætur hverju um sig að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 1. febrúar 1991.

Nr. 217/1990. **Ólafur Ragnarsson**

gegn

Herluf Clausen.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ólafur Ragnarsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 2.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Föstudaginn 1. febrúar 1991.

Nr. 441/1990. **Hjólbarðasólun Hafnarfjarðar**
gegn
Iðnlánasjóði,
Gjaldheimtunni í Hafnarfirði,
Sambandi almennra lífeyrissjóða,
Bæjarsjóði Hafnarfjarðar,
Sparisjóði Hafnarfjarðar,
Hf. Eimskipafélagi Íslands,
Sambandi íslenskra samvinnufélaga,
Sölu varnarliðseigna,
Hljóðvarpi hf.,
Austurbakka hf. og
Lífeyrissjóði Hlífar.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Hjólbarðasólun Hafnarfjarðar, greiði stefnda Iðnlánasjóði, sem sótt hefur dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, 2.000 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 1. febrúar 1991.

Nr. 265/1987. **Bente Kaulbach Fornjótur**
f.h. dánarbús
Snæbjarnar Fornjóts og persónulega
(Björgvin Þorsteinsson hrl.)
gegn
iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra
f.h. ríkissjóðs
(Sigrún Guðmundsdóttir hdl.),
Orkubúi Vestfjarða
(Hákon Árnason hrl.)
og til réttargæslu
Rafmagnsveitum ríkisins
(Sigurður G. Guðjónsson hrl.).

Eignarréttindi. Vatnsréttindi. Aðild. Hefð. Eignarnám. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Jónsson og Þór Vilhjálmsson og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Máli þessu var skotið til Hæstaréttar með stefnu 18. september 1987 að fengnu áfrýjunarleyfi 14. sama mánaðar samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Þess er krafist, „að viðurkenndur verði eignarréttur aðallega dánarbús Snæbjarnar Fornjóturs (sic), en til vara áfrýjanda að helmingi óskiptra foss- og vatnsréttinda í Svíná, Mjólká, Hofsá og Dynjandi í landi jarðanna Dynjandi, Borgar og Rauðsstaða í Auðkúluhreppi, V.-Ísafjarðarsýslu". Áfrýjandi krefst einnig málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda Orkubú Vestfjarða krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Réttargæslustefndi hefur ekki uppi kröfur um efni málsins, en krefst málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Hér er til meðferðar mál, sem Bente Kaulbach Fornjótur höfðaði á bæjarþingi Reykjavíkur 5. apríl 1983, eftir að mál, sem höfðað var 1981, hafði verið hafið vegna útivistar.

Í héraði var krafist greiðslu peninga og til vara viðurkenningar á tilteknum eignarréttindum, og er því lýst í hinum áfrýjaða dómi. Í áfrýjunarstefnu sagði, að Bente Kaulbach Fornjótur krefðist þess, að allar kröfur hennar á bæjarþinginu yrðu teknar til greina. Í greinargerð til Hæstaréttar var enn aðallega krafist greiðslu peninga, en til vara viðurkenningar á eignarréttindum. Þegar málið var flutt munnlega 9. janúar síðastliðinn, voru hins vegar þær kröfur gerðar, sem að framan er lýst.

Í héraði var lagt fram bréf frá skiptaréttinum á Friðriksbergi, dagsett 10. september 1986. Þar segir, að réttindi Snæbjarnar Fornjóts á Íslandi séu eign dánarbús hans og að hvers konar framsal þeirra sé ógilt. Skiptarétturinn samþykki, að Bente Fornjótur hafi fyrir búsins hönd gert kröfu til þessara réttinda, og heimili henni að ljúka fyrir búið dómsmáli, sem rekið sé, á eigin kostnað. Þá hefur verið lagt fyrir Hæstarétt bréf skiptaréttarins frá 18. ágúst 1987. Þar er áfrýjanda gefin heimild til að áfrýja héraðsdómi fyrir búsins hönd, en á eigin kostnað.

Eins og á stendur í máli þessu, þykir með hliðsjón af meginreglu 1. mgr. 53. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði eiga að fallast á, að Bente Kaulbach Fornjótur geti nú gert kröfur f.h. dánarbús föður síns á þann hátt, sem lýst hefur verið.

Eins og fram kemur í héraðsdómi, var hinum umdeildu vatnsréttindum afsalað Orkuvötnum hf. 29. júní 1954. Undir afsalið ritaði Ebba v. Kaulbach. Þá er í dóminum lýst skriflegu samþykki erfingja Snæbjarnar Fornjóts, sem voru dætur hans, Hedda og Bente. Ritaði hin fyrrnefnda undir fyrir hönd systur sinnar samkvæmt umboði. Ágreiningur sá, sem lýst er í héraðsdómi um gildi þessara skjala, er enn til staðar. Ekki er í ljós leitt, að af hálfu Orkuvatna hf. hafi í þessum viðskiptum verið þannig að málum staðið, að það teljist „óráðvandlegt atferli" í skilningi 2. mgr. 2. gr. laga nr. 46/1905 um hefð. Ber að reikna upphaf hefðartíma frá afsalsdegi. Ríkissjóður keypti síðar þau réttindi, sem Orkuvötn hf. fengu 1954, og voru árnar, sem um er að ræða, virkjaðar. Sú virkjun varð síðar eign Orkubús Vestfjarða. Af þessu leiðir, að Orkubú Vestfjarða

hefur, hvað sem öðru líður, unnið hefð á hinum umdeildu réttindum samkvæmt 1., 2. og 3. gr. laga nr. 46/1905. Ber því þegar af þessari ástæðu að sýkna stefndu af kröfum áfrýjanda.

Það styður og þessa niðurstöðu, að fyrrnefndu afsali frá 29. júní 1954 var þinglýst hjá sýslumanni Ísafjarðarsýslu 19. júlí sama ár. Eftir meginreglu þeirri, sem nú er í 1. mgr. 33. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978 og gilti einnig, áður en lögin voru sett, þarf hvorki ríkissjóður né Orkubú Vestfjarða að sæta þeirri mótbáru, að afsalið frá 1954 sé ógilt.

Rétt er, að málskostnaður falli niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Stefndu, iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Orkubú Vestfjarða, skulu vera sýkn af kröfu áfrýjenda, Bente Kaulbach Fornjóts f.h. dánarbús Snæbjarnar Fornjóts og persónulega.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði
Guðmundar Jónssonar hæstaréttardómara og Gunnars M. Guðmundssonar, setts hæstaréttardómara.

Með lögum nr. 54/1954 um Orkuver Vestfjarða var ríkisstjórn Íslands veitt heimild til að fela Rafmagnsveitum ríkisins að virkja Dynjandisá eða Mjólká í Arnarfirði til raforkuvinnslu fyrir byggðir á Vestfjörðum og festa kaup á vatnsréttindum í ánum fyrir botni Arnarfjarðar, ef viðunandi kjör fengjust. Var af hálfu ríkisstjórnarinnar talið, að Orkuvötn hf. væru eigandi vatnsréttindanna. Samningar við félagið um kaup á vatnsréttindunum tókust ekki. Svo sem rakið er í hinum áfrýjaða dómi, ákvað raforkumálaráðherra að taka vatnsréttindin eignarnámi samkvæmt ákvæði 54. gr. vatnalaga nr. 15/1923. Var þess óskað, að dómkvaddir yrðu matsmenn til að ákveða eignarnámsbætur. Í matsbeiðni segir svo:

„Ríkisstjórn Íslands hefur ákveðið að láta framkvæma virkjun á svonefndum Mjólkám í botni Arnarfjarðar á þessu ári og telur af þeirri ástæðu nauðsynlegt að eignast vatnsréttindi í svonefndum

Mjólkám, en vill einnig með tilliti til viðbótarvirkjana eignast vatnsréttindi öll í landi jarðarinnar Dynjandi og vatnsréttindi Hofsár í landi Rauðsstaða.

Sömuleiðis þarf ríkið að öðlast rétt til afnota og umferðar um landið og rétt til lands og malartöku v/virkjunarframkvæmda.

Öll vatnsréttindi jarðanna Borgar, Dynjandi og vatnsréttindi Hofsár í landi Rauðsstaða í Auðkúluhreppi, V.-Ísafjs. svo og réttur til afnota af landi v/sand- og malartöku virðast vera í eigu félagsskapar, sem heitir Orkuvötn h/f.

Samkvæmt firmaskrá Reykjavíkur er formaður félagsstjórnar Björn Jóhannsson, Stórholti 29, Rvík, og varaformaður Gústav A. Sveinsson hrl., Reykjavík. - Leitað hefur verið samkomulags við eigendur framangreindra vatnsréttinda, en árangurslaust.

Raforkumálaráðherra hefur því ákveðið að beita heimild 54. gr. laga nr. 15, 20. júní 1923, og taka framangreind réttindi félagsins Orkuvötn (sic) eignarnámi (lögnámi).

Þér eruð því hér með, herra sýslumaður, beðinn um að dómkveðja tvo menn samkv. l. nr. 61, 14. nóv. 1917, til þess að meta til fjár vatnsréttindi og önnur réttindi varðandi virkjanir, sem félagið Orkuvötn h/f á í landi jarðanna Dynjandi, Borgar og Rauðsstaða í Auðkúluhreppi."

Af hálfu Orkuvatna var eignarnáminu og dómkvaðningu matsmanna mótmælt. Með dómi Hæstaréttar 13. júní 1956 var mótmælunum hrundið. Segir þar m.a. svo:

„Í máli þessu hefur varnaraðili, raforkumálaráðherra, krafizt þess, að dómkvaddir verði tveir menn samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms nr. 61/1917 til að meta til fjár öll vatnsréttindi í svonefndum Mjólkám í landareign jarðanna Borgar og Dynjandi í Auðkúluhreppi í Ísafjarðarsýslu svo og í Hofsá í landareign Rauðsstaða í sama hreppi. Ennfremur verði þeim falið að meta réttindi til sand- og malartöku og til umferðar og afnota af landi greindra jarða vegna fyrirhugaðra vatnsvirkjunarframkvæmda af hálfu ríkisins. Réttindi þessi öll eru talin eign sóknaraðilja, og hyggst ríkisstjórnin taka þau eignarnámi. Styður hún kröfu sína við 54. gr. laga nr. 15/1923. Sóknaraðili hefur andmælt því, að dómkvaðning fari fram, með þeim rökum, að eignarnám téðra réttinda sé óheimilt. Vísar hann því til stuðnings til 4. gr. laga nr. 54/1954,

er hann telur óheimila notkun greinds lagaákvæðis, að því er varðar umrædd vatnsréttindi.

Hina tilvitnuðu 4. gr. laga nr. 54/1954 verður að skilja á þá leið, að hún heimili ríkisstjórninni að festa kaup á framangreindum vatnsréttindum með samningi við rétta aðilja ef viðunandi kjör fást, en svipti ráðherra hins vegar ekki þeim rétti, sem honum er veittur í 54. gr. laga nr. 15/1923, til að taka vatnsréttindi þessi lögnámi, ef slík kjör fást ekki að dómi ríkisstjórnarinnar. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð."

Dómkvaðning matsmanna mun ekki hafa farið fram, en Orkuvötn hf. og ríkisstjórn Íslands sömdu hins vegar um, að gerðardómur skyldi ákveða andvirði umræddra réttinda. Í gerðardóminum, sem gekk 22. desember 1961, er m.a. rakið ákvæði 1. gr. samningsins, og er það svohljóðandi:

„Ríkisstjórn Íslands hefur ákveðið að taka eignarnámi öll vatnsréttindi, sem eru eign Orkuvatna hf., fyrir botni Arnarfjarðar í V.-Ís., en þau eru: vatnsréttindi félagsins í landi jarðanna Borgar, Rauðsstaða og Dynjandi.

Eignarnámið tekur einnig til allra annarra réttinda á þessu svæði, sem Orkuvötn eiga og tengd eru virkjunarframkvæmdum fallvatna, rekstri og viðhaldi orkuvera, svo sem heimild til mannvirkjagerðar, umferðar um land, sand-, malar- og grjóttöku.

Ber stjórn Orkuvatna hf. að leggja fyrir gerðardóminn fullnægjandi sönnunargögn um það, hvað sé eign félagsins af vatnsréttindum og öðrum réttindum á þessu svæði. Er það samkomulag aðilja, að andvirði réttinda þeirra, sem eru eign Orkuvatna hf., verði ákveðið af gerðardómi og greiðist af þeirri upphæð vextir 7% á ári frá 1. ágúst 1956 til greiðsludags. Um starfsemi gerðardómsins skulu gilda þau ákvæði, er hér fara á eftir."

Að baki samkomulags ríkisstjórnar Íslands og Orkuvatna hf. var ákvörðun raforkumálaráðherra að taka umrædd vatnsréttindi eignarnámi samkvæmt heimild í 54. gr. vatnalaga nr. 15/1923. Ákvörðun þessi kom til framkvæmda og breytti engu um réttaráhrif hennar, þótt svo semdist með aðilum, að gerðardómur ákvæði bætur fyrir vatnsréttindin í stað dómkvaddra matsmanna samkvæmt 2. gr. laga um framkvæmd eignarnáms nr. 61/1917. Ríkisvaldið framseldi síðan vatnsréttindin Raforkubúi

Vestfjarða ásamt mannvirkjum, sem reist voru til að nýta þau.

Við svo búið brestur lagaskilyrði til þess, að taka megi til greina kröfu áfrýjanda um viðurkenningu á eignarrétti yfir vatnsréttindunum, en sú krafa, auk kröfu um málskostnað, stendur ein eftir af upphaflegri kröfugerð áfrýjanda.

Samkvæmt þessu erum við samþykkir niðurstöðu atkvæðis meiri hluta dómara.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 19. desember 1986.

Þann 29. júní 1954 seldi móðir stefnanda, Ebba Kaulbach, Orkuvötnum hf. öll foss- og vatnsréttindi dánarbús föður stefnanda, Snæbjarnar Fornjóts, í Dynjandisá, Mjólkurám (sic) og Hofsá í löndum jarðanna Dynjandi, Borgar og Rauðsstaða í Auðkúluhreppi, Vestur-Ísafjarðarsýslu. Þann 4. október 1954 samþykkti systir stefnanda, Birgit *Hedda* Fornjótur, afsal fyrir réttindunum fyrir hönd erfingja Snæbjarnar, en þeir voru systurnar Bente og Hedda.

Með lögum nr. 54/1954 var ríkisstjórninni heimilað að fela Rafmagnsveitum ríkisins að virkja Dynjandisá eða Mjólká í Arnarfirði til raforkuvinnslu fyrir byggðir á Vestfjörðum og að festa kaup á vatnsréttindum í ánum fyrir botni Arnarfjarðar, ef viðeigandi kjör fengjust. Samningar um þau kaup tókust hins vegar ekki, og ákvað raforkumálaráðherra að taka réttindin eignarnámi skv. 54. gr. laga nr. 15/1923. Orkuvötn hf. andmæltu eignarnáminu. Andmælum Orkuvatna hf. var hrundið með dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 13. júní 1956. Eftir það gerðu aðilar með sér samning um, að andvirði réttindanna skyldi ákveðið af gerðardómi. Gerðardómurinn lauk dómi á málið 22. desember 1961 og gerði raforkumálaráðherra að greiða Orkuvötnum hf. f.h. ríkissjóðs kr. 1.680.000 auk vaxta og kostnaðar. Afsöluðu Orkuvötn hf. síðan raforkumálaráðherra f.h. ríkissjóðs vatnsréttindunum þann 12. september 1962. Stefndu hafa síðan hagnýtt sér vatnsréttindin með byggingu og rekstri Mjólkárvirkjunar í Arnarfirði. Samkvæmt 5. gr. laga 66 frá 1976 hafa Rafmagnsveitur ríkisins og ríkissjóður afhent Orkubúi Vestfjarða öll raforkumannvirki sín á Vestfjörðum.

Þann 15. desember 1981 höfðuðu stefnandi og systir hennar mál á hendur varnaraðilum þessa máls, aðallega til greiðslu skaðabóta, en til vara til brigða á vatnsréttindunum. Þann 30. júní 1982 gekk Hedda úr málinu og tilkynnti lögmanni sínum, að hún félli frá persónulegum kröfum sínum. Málið var hafið vegna útivistar stefnanda 13. janúar 1983.

Mál þetta, sem var dómtekið 24. nóvember 1986, hefur stefnandi höfðað

við þingfestingu þess 5. apríl 1983: „Á hendur ríkissjóði til greiðslu skuldar eða andvirðis og/eða skaðabóta að fjárhæð kr. 1.160.591 með 2% ársvöxtum frá 1.1. '56 til 1.3. '83, en dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Á hendur ríkissjóði til vara svo og Orkubúi Vestfjarða til viðurkenningar á helmingi óskiptra foss- og vatnsréttinda í Svíná, Mjólkurá og Hofsá í Auðkúluhreppi, Vestur-Ísafjarðarsýslu. Til réttargæslu á hendur Orkubúi Vestfjarða og Kristjáni Jónssyni rafmagnsveitustjóra, Langagerði 110, 5866-6831, f.h. Rafmagnsveitnaríkisins, Laugavegi 118, Reykjavík, 7126-4181.

Þá er í öllum tilvikum krafist málskostnaðar lögum samkvæmt."

Af hálfu ríkissjóðs er aðallega krafist sýknu og málskostnaðar að mati dómsins, en til vara, að stefnufjárhæðir verði lækkaðar til mikilla muna og málskostnaður látinn falla niður.

Af hálfu Orkubús Vestfjarða er krafist sýknu og málskostnaðar að mati dómsins.

Á hendur Rafmagnsveitum ríkisins eru engar kröfur gerðar, en af þeirra hálfu er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Málsóknin beinist nú gegn Albert Guðmundssyni iðnaðarráðherra vegna iðnaðarráðuneytisins og Þorsteini Pálssyni fjármálaráðherra vegna fjármálaráðuneytisins f.h. ríkissjóðs og Kristjáni Haraldssyni orkubússtjóra f.h. Orkubús Vestfjarða, 6901-2973, Stakkanesi 1, Ísafirði.

Stefnandi heitir fullu nafni Bente Maria Kaulbach Fornjótur og telur sig til heimilis að Kirkeltevej 116, Allerød, Danmörku. Hún hefur íslenskt og danskt ríkisfang, en er búsett í Túnis og ber þar eftirnafnið Ladjimi, eftir því sem fram kemur í gögnum málsins. Hún er fædd 5. janúar 1928 í Danmörku, dóttir hjónanna *Ebbu* Dorotheu Carmen Ingeborg Kaulbach og *Snæbjarnar* Elvins Magnúsar Eugens Pálssonar *Fornjóts* ritstjóra, sem bæði voru íslenskir ríkisborgarar. Föðurfaðir stefnanda var Páll Júlíus Torfason, forstjóri í Kaupmannahöfn.

Árið 1917 keypti Kristján Torfason, kaupmaður á Sólbakka í Arnarfirði, bróðir Páls, allt vatnsafl í Mjólkurám og Hofsá af séra Böðvari Bjarnasyni á Rafnseyri. Árið 1919 seldi Theodóra Thoroddsen, sem þá sat í óskiptu búi eftir eiginmann sinn, Skúla Thoroddsen alþingismann, allt vatnsafl frá eignarjörð búsins, Dynjanda, aðeins að fráteknu neysluvatni til búsins á Dynjandi. Kaupandi var Dansk-Islandsk Anlægsselskab As., sem jafnframt keypti vatnsréttindi Kristjáns Torfasonar. Þann 7. júní 1932 komust öll þessi réttindi á hönd Páls Torfasonar, sem eftirlét þær einkaerfingja sínum, Snæbirni Fornjóti, við andlát sitt 1. desember 1940. Þau Snæbjörn og Ebba höfðu þá skilið að borði og sæng árið áður. Snæbjörn andaðist 13. júlí 1953 og lét eftir sig dæturnar tvær, en ekki aðra erfingja. Hedda var þá enn ómyndug og varð ekki fullveðja fyrr en við 21 árs aldur 21. nóvember 1953. Þann 30. júlí 1953 mætti móðir hennar í skiptarétti

Friðriksbergs og taldi fram eignir búsins: „Indbo og øvrige løsøre af ringe verdi". Fékk hún síðan eignir þessar framseldar upp í útfararkostnað.

Á þessum tíma var stefnandi búsett í Brasilíu, gift dönskum manni, Skou að nafni. Hún hafði komið til Danmerkur vegna andláts föður síns og dvaldist á búgarði tengdaföður síns á Jótlandi. Dvaldist hún í Danmörku í þrjá og hálfan til fjóra mánuði að þessu sinni, en áður en hún fór aftur til Brasilíu, veitti hún Heddu, systur sinni, umboð, sem hljóðar svo í íslenskri þýðingu:

Allsherjarumboð

Undirrituð, frú Bente Maria Skou, fædd Fornjótur, veiti (sic) hér með — cum jure substituendi — systur minni, frk. Heddu Fornjótur, umboð til þess fyrir mína hönd að annast öll málefni varðandi meðferð dánarbús föður okkar, sem er látinn.

Þannig er henni heimilt að gangast við eða hafna arfi og skuldum á þann veg, sem hún telur hagsmunum mínum best borgið. Enn fremur hefur hún umboð til þess að mæta á öllum skiptafundum og taka þar ákvarðanir í minn stað. Hún hefur einnig umboð til þess að taka ákvarðanir varðandi búið við sáttargerð, að veita viðtöku og kvitta fyrir arf, sem í minn hlut fellur, og taka hvers kyns ákvarðanir varðandi búið, þótt það sé ekki tekið sérstaklega fram hér.

Khöfn, 25.9 '53.

Bente Maria Skou
(sign).

Þegar árið 1917 var hafist handa um undirbúning nýtingar vatnsréttindanna á vegum eigenda þeirra. Þannig fóru fram vatnamælingar á árunum 1917 til 1921. Árið 1931 var stofnað tilstofnunarfélag og gerður ráðningarsamningur við Gústav A. Sveinsson lögmann og systurson þeirra Kristjáns og Páls, Torfa Jóhannsson, síðar bæjarfógeta í Vestmannaeyjum. Ekkert varð þó úr virkjunarframkvæmdum. Vegna rannsókna og annarra undirbúningsframkvæmda söfnuðust töluverðar skuldir, sem ekki voru tiltök að greiða, bæði í formi lána og ógreiddra vinnuframlaga. Síðar bættust við skuldir vegna kostnaðar við tilraunir til sölu réttindanna. Sumar þessara skulda lögðust sem veð á réttindin. Í yfirliti Snæbjarnar Fornjóts og Krebs verkfræðings, dags. 1. desember 1945, eru skuldir þessar taldar nema kr. 410.000 (dönskum), en þar í er talin skuld við Snæbjörn sjálfan vegna vinnu hans 1933 - 1945, samtals kr. 110.000. Meðal annarra skuldheimtumanna eru taldir Gústav og Torfi með kr. 50.000, Knuth, lénsgreifi til Knuthenborg, kr. 30.000, nokkrir danskir kaupsýslumenn, lögmenn og verkfræðingar með kr. 130.000 samtals og Þórður Thoroddsen læknir, sem þá var látinn, kr. 30.000 í gulldölum. Þær þessara skulda, sem ekki hafði áður verið

þinglýst, voru síðan þinglesnar sem höft á vatnsréttindin á næsta manntalsþingi að undanskildum kröfum Snæbjarnar og bankaláni til hans, kr. 25.000. Þann 24. nóvember 1947 var því lýst yfir af hálfu hinna dönsku kröfuhafa, annarra en Knúts greifa, að þeir myndu falla frá kröfum sínum, ef viðunandi kauptilboð fengist. Meðal þeirra, sem að yfirlýsingunni stóðu, var Snæbjörn Fornjótur sjálfur.

Samkvæmt afsalinu til stefndu tóku kaupendur að sér að greiða Knúti greifa, og var krafa hans þá talin að fjárhæð kr. 329.914,40 (eða DKR 52.818 á þeirrar tíðar gengi), en áður hafði verið aflýst öllum veðskuldum öðrum en 10.000 DKR bréfi til handhafa, sem mun hafa verið eign Björns Jóhannssonar, bróður Torfa bæjarfógeta. Þeirri skuld var síðan aflýst ásamt bréfi Knúts greifa 19. febrúar 1963.

Hlutafélagið Orkuvötn var stofnað 1954. Hluthafar voru: Gústav A. Sveinsson og kona hans, Björn Jóhannsson (sem þá hafði keypt kröfu Torfa, bróður síns) og kona hans og Kristján Torfason jr. (sonur Kristjáns þess, er upphaflega keypti réttindin).

Í stefnu er málsástæðum stefnanda lýst þannig:

Stefnandi telur, að Orkuvötn hf. hafi ekki eignast lögmæta heimild eignar þessarar, og séu eigendur hún og systir hennar, sem hafi verið einkaerfingjar föður síns, Snæbjarnar Fornjóts. Systirin er ekki aðili þessa máls, og er því krafið um helming þess andvirðis, sem greitt var, uppreiknuð (sic) til verðbóta, en til vara um viðurkenningu eignarréttar að hálfu óskipt.

Stefnandi dregur í efa, að móðir sín hafi undirritað svonefndan kaupsamning og svonefnt afsal til Orkuvatna hf., dags. í Malmö 29.6. '54. Hafi móðir sín ekki komið til Svíþjóðar á þessum tíma, og jafnframt sé undirskrift hennar ekki í samræmi við það, sem hún þekki til. Þá sé áritun systur sinnar á kaupsamningi ekki í samræmi við umboð það, sem hún gaf henni hinn 25.9. '53. Hafi hún ekkert um þessi viðskipti vitað fyrr en fyrir nokkrum árum. Gögn um lögmæta þinglýsingu afsals, áritunina á kaupsamningnum og umboðið hafi ekki komið fram fyrr en eftir höfðun málsins 1981.

Þessi kaup af Orkuvötnum séu því ekki lögum samkvæmt og að öðru leyti illa staðið að þeim gagnvart sér. Beri sér því umkrafin greiðsla sem eiganda hálfrar eignarinnar eða þá viðurkenning hálfs eignarréttins ella ..... Stefnandi sé og hafi verið eigandi réttindanna og beri endurgjald, þótt það hafi verið greitt heimildarlausum aðila, en viðurkenning eignarréttar ella.

Í greinargerð, sem fram kom af hálfu stefnanda um níu og hálfum mánuði síðar, er málsástæðum lýst með nokkuð öðrum hætti. Þar eru helstu málsástæður taldar þær, að stefndu hafi ekki getað verið í góðri trú, þegar þeir keyptu réttindin af Orkuvötnum, vegna skjala, sem þá þegar

hafði verið þinglýst og hafi borið með sér, að Orkuvötn áttu ekki löglega heimild til réttindanna. Greiðsla til Orkuvatna hf. hafi því ekki leyst stefndu undan greiðsluskyldu gagnvart stefnanda sem réttmætum eiganda. Framsal á innbúi til móður stefnanda hafi ekki veitt henni lögmæta heimild til réttindanna. Móðir stefnanda hafi aldrei undirritað afsal til Orkuvatna hf., þinglýsing þess hafi farið fram með óundirrituðu afsali, án þess að séð verði, að frumrit hafi verið sýnt þinglýsingardómara. Þinglýsingardómara hafi þannig orðið á mistök og þinglýsingin verið ólögmæt. Fyrirsvarsmönnum stefndu hafi því verið eða mátt vera ljóst, að ekki var samið við rétta heimildarmenn, og jafnframt, að stefnandi og systir hennar voru réttháfar að hinum umsömdu réttindum. Sérstaklega er bent á, að málið sé höfðað, áður en 20 ár eru liðin frá kaupsamningi stefndu og Orkuvatna hf., og því haldið fram, að tómlæti stefnanda eigi sér eðlilegar skýringar.

Fjárhæð kröfu stefnanda byggist á útreikningi Þóris Bergssonar tryggingafræðings.

Undir rekstri fyrra málsins eða nánar tiltekið 11. mars 1982 voru lögð fram ljósrit afsalsins til Orkuvatna hf. og kaupsamningsins með áritun Heddu. Þann 26. október 1982 lagði stefnandi fram umboð sitt til Heddu og bréf móður sinnar, dags. 21. ágúst 1953, en af þessum gögnum kemur fram, að hún var í Danmörku sumarið og haustið 1953 og að henni var kunnugt um erindi Gústavs og Torfa, þegar hún gaf umboðið. Þennan dag gaf hún aðilaskýrslu fyrir dóminum. Voru henni þá sýnd frumrit kaupsamningsins og afsalsins. Hún kvaðst þá vera sannfærð um, að móðir sín hefði ekki undirritað skjölin.

Stefnandi kveður langafa móður sinnar í karllegg hafa verið hirðmálara Lúðvíks konungs af Bayern og þegið af honum aðalstign, sem heimilaði honum að skeyta nafnbótinni von við nafn sitt. Réttur þessi var persónulegur og ekki arfgengur. Þessi forfaðir stefnanda mun hafa verið Wilhelm von Kaulbach, sem var forstöðumaður listaakademíunnar í München á stjórnarárum Lúðvíks II. Stefnandi hefur talið ósennilegt, að móðir sín hafi, mót venju, notað þessa nafnbót, sem hún átti ekki tilkall til, við undirskrift hinna umdeildu skjala og einkum skammstafaða. Þá telur hún móður sína aldrei hafa komið til Málmeyjar.

Aflað hefur verið álits tæknideildar dönsku ríkislögreglunnar á þeirri staðhæfingu, að undirskriftirnar á afsalinu og kaupsamningnum séu falsaðar. Niðurstaða deildarinnar, byggð á rithandarrannsókn, er, að „der er fundet en til sikkerhed grænsende sandsynlighed for, at begge de omstridte underskrifter ... er udfærdiget af ... Ebba Kaulbach". Eftir að þessi niðurstaða var fengin, hefur stefnandi fallið frá þeim málsástæðum, sem hún byggði á þeirri staðhæfingu, að móðir hennar hefði ekki undirritað skjöl þessi.

Við aðalflutning málsins var því haldið fram sem aðalmálsástæðu af hálfu stefnanda, að kaupsamningurinn til Orkuvatna hf. hefði verið ógildur samkvæmt ákvæðum 7. gr. laga nr. 58 frá 1960 og 32. gr. laga nr. 7 frá 1936, sbr. nú 31. gr. og 33. gr. l. 7/1936 og 1. og 2. gr. l. 11/1986.

Við munnlegan flutning málsins var því haldið fram af hálfu stefnanda, að Orkuvötn hf. hefðu komist yfir vatnsréttindin með sviksamlegum hætti í skilningi 7. gr. okurlaga og/eða 32. gr. samningalaga með því að blekkja móður stefnanda til að afhenda sér verðmæti þessi gegn endurgjaldi, sem hafi ekki verið í neinu samræmi við verðmæti þess, sem hún lét af hendi. Stefnandi telur eftirfarandi samþykki af hálfu erfingja engu geta breytt í þessu efni og einkum ekki samþykki, sem veitt hafi verið á grundvelli umboðs frá sér.

Þá var því haldið fram við málflutning, að það hefðu verið mistök af hálfu þinglýsingardómara að þinglýsa afsali til Orkuvatna hf. athugasemdalaust um heimild afsalsgjafa, þar sem framsal á eignum bús Snæbjarnar heitins hefði augljóslega ekki tekið til vatnsréttindanna. Þessi mistök telur stefnandi leiða til bótaskyldu ríkissjóðs vegna mistaka starfsmanns.

Þann 10. september sl. ritaði skiptaráðandinn á Friðriksbergi dóminum bréf vegna dánarbús Snæbjarnar Pálssonar Fornjóts, þar sem fram kemur sú afstaða af hálfu búsins, að afhending búsins til greiðslu útfararkostnaðar hafi ekki tekið til vatnsréttindanna, sem tilheyri enn búinu. Eru allar ráðstafanir á réttindum þessum eftir lát Snæbjarnar lýstar ógildar og áhrifalausar að lögum. Skiptarétturinn fellst á, að stefnandi hafi leitað réttar búsins, og veitir henni heimild til að leiða málið til lykta fyrir búið, en fyrir eigin reikning. Í tilefni af þessu bréfi hefur því verið lýst yfir af hálfu stefnanda, að það gefi ekki tilefni til breytinga á sóknaraðild málsins. Stefnandi tekur þó undir þá skoðun, sem lýst er í bréfinu, að allir gerningar, sem gerðir hafi verið varðandi hin umdeildu réttindi, eftir að þau urðu eign dánarbúsins, séu ógildir. Í því sambandi er lögð áhersla á, að þeir embættismenn, sem hafi fjallað um réttindin, hafi ekki gætt þeirrar aðgæslu, sem þeim hafi borið, þ. á m. ekki aflað upplýsinga um raunverulega eignaraðild, og vegna þessarar vangæslu hafi ríkissjóður orðið bótaskyldur við stefnanda. Varðandi varakröfu var við málflutninginn vitnað til 2. mgr. 2. gr. hefðarlaganna af hálfu stefnanda.

Við dómsuppkvaðningu var fallið frá þeirri málsástæðu stefnanda, að þinglýsing afsals væri gölluð sökum þess, að hún byggðist á óundirrituðu afsali.

Af hálfu hinna stefndu ráðherra er þeirri málsástæðu mótmælt sem vanreifaðri, að samþykki Heddu við sölu vatnsréttindanna til Orkuvatna sé í ósamræmi við umboð stefnanda. Þá mótmæla þeir sem of seint fram komnum þeim málsástæðum, að kaupsamningurinn til Orkuvatna hf. sé

ógildur vegna misneytingar og óheiðarleika kaupenda og að stefnandi eigi rétt á bótum úr ríkissjóði vegna mistaka þinglýsingardómara við þinglýsingu afsals til Orkuvatna hf. og útskriftar úr skiptabók Friðriksbergs, sem stefnandi telur sýna, að móðir stefnanda hafi ekki haft heimild til að ráðstafa réttindunum.

Umboðsmaður ráðherranna vitnar til þeirra málsástæðna, sem fram komu í greinargerð þeirra í fyrra málinu, eftir því sem við getur átt og ekki er á annan veg mælt í greinargerð þeirra í þessu máli. Í fyrri greinargerðinni er því haldið fram, að systir stefnanda hafi samþykkt söluna til Orkuvatna hf. með gildu umboði frá stefnanda. Þar með hafi verið fallist á það af hálfu þeirra systra, að móðir þeirra hefði tekið við forráðum dánarbúsins með úrskurði (sic) skiptaréttarins á Friðriksbergi 30. júlí 1953. Hún hafi því verið bær til að ráðstafa réttindunum. Orkuvötn hf. hafi þannig öðlast fullgilda eignarheimild með samningi við móður stefnanda og ríkissjóður öðlast réttindin með sömu heimild með samningi við Orkuvötn hf. Fyrirsvarsmenn stefndu hafi ekki verið grandsamir (sic) um eitt né neitt við gerð kaupsamnings og þinglýsingardómara ekki orðið á nein mistök við þinglýsingu afsals til Orkuvatna hf.

Tekið er fram í greinargerð ráðherranna í fyrra málinu, að ekki sé byggt á því, að vatnsréttindin hafi orðið eign ríkissjóðs fyrir hefð. Hins vegar eru kröfur stefnanda taldar fyrndar og niður fallnar fyrir tómlæti, hvað sem öðru líði. Þá er því haldið fram til vara, að verð réttindanna hafi verið greitt af hendi í góðri trú, enda sé tekið fram í afsalinu, að afsalsgjafi svari til lagariftingar, þannig að ríkissjóður sé laus undan allri ábyrgð gagnvart stefnanda.

Í greinargerð ráðherranna í þessu máli eru kröfur og málsástæður stefnanda sagðar með þeim hætti, að tvímælis orki um aðild hennar. Hún hafi aldrei fengið hinum umdeildu réttindum úthlutað við skipti. Skiptum á búi föður hennar hafi lokið með afhendingu þess til móður hennar. Þegar skiptum dánarbús er lokið, en síðar koma fram eignir, sem ekki hafa hlotið skiptameðferð, telur umboðsmaður stefndu, að endurupptaka þurfi skiptin að kröfu erfingja eða skuldheimtumanna, en aðild að kröfum þeim, sem stefnandi hefur uppi, hljóti að vera í höndum skiptaréttar f.h. dánarbúsins. Vilji stefnandi ná fram kröfum sínum, verði hún að fá endurupptekin skipti á búi föður síns. Varðandi kröfu um sýknu vegna aðildarskorts vitna stefndu til 2. mgr. 45. gr. laga 85/1936. Gagnvart þessari málsástæðu eru þær málsástæður úr fyrra málinu, sem varða heimild til handa Ebbu frá skiptarétti, umboð stefnanda og samþykki erfingja ásamt tómlæti og fyrningu, hafðar uppi til vara auk nýrrar málsástæðu um hefð.

Til stuðnings varakröfu ríkissjóðs er því haldið fram, að sá útreikningur, sem bótakrafa stefnanda byggist á, sé ótraustur, sökum þess að öll mats-

sjónarmið hafi tekið miklum breytingum frá gerðardóminum. Þannig þyki smávirkjanir nú ekki eins fýsilegur kostur og fyrrum. Bent er á, að Orkuvötn hf. og síðan ríkissjóður hafi yfirtekið miklar veðskuldir, sem ekki sé tekið tillit til í útreikningum stefnanda. Loks er vaxtakröfu mótmælt, bæði varðandi vaxtafót, upphafstíma vaxta og sökum þess, að vaxtakrafan sé fyrnd að hluta.

Við munnlegan málflutning var því haldið fram af hálfu ríkissjóðs, að gögn málsins sýndu, að réttindin hefðu verið svo mjög veðbundin, að ógjörningur hefði verið að fullnægja veðhöfum að öllu leyti, hvað þá, að nokkur afgangur gæti orðið af því handa rétthöfum. Því er haldið fram, að hinir dönsku kröfuhafar hafi aldrei afsalað kröfum sínum með bindandi hætti, þannig að þau afsöl hafi orðið virk. Þá var því haldið fram, að gögn sýndu, að stefnandi hefði verið öllum hnútum kunnugur á þeim tíma, þegar umræður stóðu yfir um sölu réttindanna til Orkuvatna hf., hún hefði sjálf haft undir höndum þau gögn, sem geymdu allar nauðsynlegar upplýsingar um verðmæti réttindanna og höft á þeim, auk þess sem henni hefði verið fullkunnugt um áhuga Orkuvatna hf. á kaupunum. Því er haldið fram, að það hafi verið sammæli mæðgnanna að sniðganga skiptaréttinn til að geta samið án þess að taka á sig skuldaábyrgð. Í því skyni hafi framsal skiptaréttarins til móðurinnar verið fengið sem heimild til ráðstöfunar. Stefnandi hafi þannig beinlínis gefið umboðið með það fyrir augum, að það mætti nota til að koma fram sölunni til Orkuvatna hf. Þá er því haldið fram, að samþykki erfingjanna við ráðstöfun réttindanna bindi dánarbúið þannig, að þegar það hefur nú verið tekið upp til skipta, verði að miða meðferð þess við þær ráðstafanir, sem erfingjarnir hafa gert um eignir búsins.

Varðandi þær málsástæður, sem mótmælt er á þeim grundvelli, að þær séu of seint fram komnar, er bent á, að efnislegar varnir gegn þeim myndu útheimta gagnaöflun, sem ekki gefist svigrúm til, eftir að aðalflutningur er hafinn, en jafnframt er því haldið fram, að stefnandi hafi ekkert fært fram til stuðnings þessum nýju málsástæðum. Í þessu sambandi er því haldið fram, að því fari víðsfjarri, að matsverð gerðardómsins dugi til greiðslu veðkrafna. Því sé ljóst, að stefnandi hafi ekkert tjón beðið, hvernig sem annars sé á málið litið. Varðandi þinglýsingu er því haldið fram til vara, að ekki verði talið, að verið hafi augljós annmarki á eignarheimild Orkuvatna hf.

Af hálfu Orkubús Vestfjarða og Rafmagnsveitna ríkisins er tekið undir öll rök fulltrúa ríkislögmanns, sem hér hafa verið tilfærð. Af hálfu rafmagnsveitnanna er auk þess sérstaklega lögð áhersla á þá skoðun, að allt hafi verið með eðlilegum hætti varðandi viðskipti ríkisvaldsins við heimildarmenn að vatnsréttindunum og að fjárkröfur stefnanda fengju engan

veginn staðist tölulega, jafnvel þótt fótur teldist fyrir þeim. Við munnlegan flutning málsins var þeirri skoðun lýst af hálfu Orkubúsins, að aðrir gætu ekki borið fyrir sig það, sem meðferð dánarbúsins kynni að hafa verið áfátt, en þeir, sem hefðu skaðast á því. Um stefnanda sé því ekki að heilsa, auk þess sem hún hafi sjálf átt hlut að máli.

Álit dómsins.

Þeirri málsástæðu hefur ekki verið hreyft af hálfu hinna stefndu, að máli þessu beri að vísa frá vegna ákvæða 46. gr. laga 85/1936, og þykja þá, eftir því sem atvikum er háttað, ekki efni til, að málinu verði vísað frá dómi sjálfkrafa.

Af hálfu dánarbús Snæbjarnar Fornjóts hefur ekki verið gengið inn í málið, en lýst þeirri afstöðu til málatilbúnaðar stefnanda, að ekki þykja efni til sýknu sökum aðildarskorts þess vegna.

Samkvæmt umboði því, sem stefnandi veitti systur sinni, var hún „bemyndiget til at ... hæve og kvittere enhver mig tilkommende arv samt i det hele træffe enhver afgørelse vedr. boet ...“ Hedda hafði þannig ekki aðeins umboð, heldur einnig fulla heimild stefnanda til allra ráðstafana, sem umboðið tók til. Umboð þetta er nefnt „generalfuldmagt“ og mjög víðtækt. Stefnanda mátti vera ljóst, að það var eðlilegur þáttur í meðferð búsins, að eignir þess væru seldar og andvirði þeirra skipt. Henni virðist hafa verið kunnugt um erindi Gústavs A. Sveinssonar og félaga hans. Þykir því verða að hrinda þeirri málsástæðu, að Hedda hafi ekki haft umboð til að samþykkja sölu réttindanna til Orkuvatna hf.

Á það þykir bera að fallast með stefndu, að málsástæður þær, byggðar á ákvæðum okurlaga og samningalaga, sem stefnandi hafði uppi við aðalflutning, séu of seint fram komnar. Þær voru ósamrýmanlegar þeirri málsástæðu, sem fallið var frá við sama tækifæri, að móðir stefnanda hefði aldrei gefið það loforð, sem felst í samningi hennar við orkuvötn hf., og verða þær þá ekki teknar til meðferðar samkvæmt þeirri reglu 113. gr. laga 85/1936, sem heimilar að taka til efnismeðferðar málsástæður, sem ekki eru beinlínis hafðar uppi í málinu.

Samkvæmt 1. mgr. 10. gr. dönsku skiptalaganna nr. 155 frá 1874 er heimilt í vissum tilvikum að ljúka búskiptum með því að afhenda þeim, sem annast útförina, þær eignir, sem fram hafa komið við skiptin, upp í útfararkostnað. Komi síðar fram eignir, sem afhendingin tók ekki til, ber að endurupptaka skiptin.

Ljóst er, að hin umdeildu réttindi voru ekki meðal þeirra eigna, sem skiptaráðandinn afhenti móður stefnanda. Hún hafði því ekki formlega heimild til að ráðstafa þeim.

Á hinn bóginn höfðu dætur hennar öðlast virkan efnislegan rétt til arfsins

við andlát föður síns. Hlutdeildarréttur hvorrar um sig var þá þegar meðal eignarréttinda þeirra, og hvor um sig og báðar saman gátu ráðstafað sínum rétti í búinu eins og öðrum eignum sínum. Hins vegar voru þær ekki formlega bærar til að ráðstafa einstökum eignum án atbeina skiptaréttarins.

Samkvæmt DL. 5-2-80 var ráðstöfun arfahluta óheimil, nema búið hefði áður verið skrifað upp og virt. Við gerð kaupsamnings varð auk þess að gæta sérstakra formreglna. Þegar um síðustu aldamót var komin fram sú skoðun, að ákvæði þetta væri fallið niður fyrir notkunarleysi. Á þeim tíma, sem Orkuvötn hf. eignuðust vatnsréttindin, var mjög óvíst um gildi þessa ákvæðis, en svo virðist sem vatnsréttindin hafi þá verið eina eign búsins. Ekkert hefur komið fram um aðrar skuldir en útfararkostnað og veðskuldir.

Þar til önnur skipan hefði verið á gerð, var skiptaráðandi formlega einn bær til að ráðstafa eignum búsins og búsmeðferðin formlega séð opinber meðferð skuldafrágöngubús, sem aðallega sætir meðferð í þágu skuldheimtumanna, þar til réttur þeirra hefur verið tryggður.

Samkvæmt ofanrituðu er nú ljóst, að í þessu máli verður að leggja til grundvallar, að erfingjarnir hafi gefið fullnægjandi samþykki að sínu leyti til sölunnar til Orkuvatna, að skuldheimtumenn þeir, sem veðtryggðar kröfur áttu, hafi fengið fullnustu eða kröfur þeirra fallið niður með öðrum hætti og að kröfur annarra á hendur búinu, ef einhverjar voru, við andlát Snæbjarnar séu nú löngu niður fallnar. Efnislegra réttinda í dánarbúi Snæbjarnar Fornjóts njóta þá ekki aðrir en erfingjar hans, stefnandi og systir hennar.

Samkvæmt kaupsamningi Ebbu Kaulbach og Orkuvatna hf. tóku Orkuvötn hf. að sér öll þinglýst eignarhöft, þar á meðal veðskuldina við þá kröfuhafa, sem haft höfðu við orð að gefa eftir kröfur sínar. Að auki skuldbundu þeir sig til að greiða seljanda (d)kr. 2.000. Ekki verður með vissu ráðið af gögnum málsins, hvernig uppgjöri við kröfuhafa var háttað, að öðru leyti en að framan er rakið, en hvernig sem því er farið, benda allar líkur til þess, að verð það, sem Orkuvötn hf. fengu fyrir réttindin, hafi ekki hrokkið fyrir veðskuldum. Stefnandi hefur engin rök fært fram fyrir því, að verð það, sem Orkuvötn hf. guldu fyrir réttindin, hafi verið lægra en sannvirði þeirra. Systir stefnanda hafði heimild til að taka við greiðslu kaupverðs fyrir hennar hönd, og ekki hefur annað komið fram en að kaupandi hafi innt kaupverðið af hendi til þar til bærs aðila. Stefnandi þykir því ekki hafa sýnt fram á, að hún hafi orðið fyrir tjóni, og verður því að hrinda aðalkröfu hennar.

Varðandi kröfu um viðurkenningu eignarréttar ber að leggja til grundvallar, að réttindin hafa verið látin af hendi með fullri efnislegri heimild frá stefnanda og fullt gjald komið fyrir. Stefnandi var sjálfur eini fullveðja

erfingi í búinu, og á henni hvíldi því fyrst og fremst sú skylda að fullnægja skyldum erfingja fyrir skiptaréttinum. Hún er nú, eins og að framan er rakið, ásamt systur sinni eini rétthafi búsins. Afhending réttindanna að einhverju eða öllu leyti til hennar eða dánarbúsins án endurgjalds nú myndi þannig leiða til óréttmætrar auðgunar viðtakandans. Það, sem áfátt var varðandi formlega heimild til ráðstöfunar réttindanna forðum, var á áhættu og ábyrgð stefnanda sjálfs og getur nú samkvæmt framansögðu með engu móti leitt til þeirrar niðurstöðu, að á varakröfu hennar verði fallist.

Þinglýsingardómarinn fékk einungis í hendur afsal og endurrit úr skiptabók, en kaupsamningurinn með árituðu samþykki erfingja var ekki afhentur til þinglýsingar. Ekki var rituð athugasemd á afsalið um heimildarbrest. Eins og afstöðu stefnanda til greindra annmarka var háttað samkvæmt framansögðu, verður ekki talið, að stefnandi geti nú byggt nokkurn rétt á hendur stefndu á meintri vöntun athugasemdar þinglýsingardómara eða annarrar vanrækslu embættismanna, sem um réttindin fjölluðu.

Svo virðist sem allar upplýsingar um afstöðu erfingja til ráðstöfunar á réttindunum hafi legið fyrir við eignarnámið. Þau gögn veittu ekki efni til, að stefnandi hlyti nokkurn hlut í eignarnámsbótum. Vitneskja íslenskra stjórnvalda um formlega annmarka á eignarheimild Orkuvatna hf. getur samkvæmt því, sem að framan er rakið, ekki leitt til þess, að fallist verði á kröfur stefnanda í málinu.

Samkvæmt þessum niðurstöðum þykir bera að hrinda öllum kröfum stefnanda í málinu.

Stefnandi kveðst sökum langdvalar utan Evrópu aldrei hafa fengið að vita, hvernig fór um skiptin og hin umdeildu réttindi og engin skjöl haft í höndum um, hvað af réttindunum varð, þegar hún fór að grennslast fyrir um þetta mál eftir lát móður sinnar á árinu 1977. Hún hringdi í iðnaðarráðherra og ritaði síðan iðnaðarráðuneytinu bréf um málið 15. september 1977 og orkumálastjóra 7. desember 1978. Óskaði hún eftir því, að sér yrðu send ljósrit af þeim gögnum, sem vörðuðu erindi hennar. Hún kveðst engin svör hafa fengið við málaleitun sinni. Hún kom síðan til Íslands og hóf eftirgrennslan. Þann 14. janúar 1979 hitti lögmaður ríkissjóðs stefnanda að máli og afhenti henni miða, þar sem segir, að Orkuvötn hf. hafi keypt réttindin af Ebbu v. Kaulbach 21. júní 1954 og selt þau 22. desember 1961 til ríkisins fyrir 1.680.000 íslenskar krónur. Það var síðan ekki fyrr en stefnandi hafði höfðað mál á hendur stefndu, sem skjöl þau, sem máli skiptu, komu fram. Þau höfðu þó verið í vörslum íslenskra stjórnvalda frá því áður en stefnandi hóf eftirgrennslan sína.

Samkvæmt góðri stjórnsýsluvenju hefði mátt vænta þess, að stefnanda hefðu verið veitt greið svör við bréflegum málaleitunum hennar á

árinu 1977 og henni látin í té umbeðin ljósrit gagna án ástæðulauss dráttar.

Eftir öllum atvikum þykir mega neyta heimildar til að láta málskostnað falla niður.

Steingrímur Gautur Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Orkubú Vestfjarða, skulu vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Bente Kaulbach Fornjóts.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 4. febrúar 1991.

Nr. 54/1991. **Ákæruvaldið**

gegn

Daníel Jóhannesi Péturssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason og Haraldur Henrysson og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 31. janúar 1991. Krefst hann þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur, en til vara, að gæsluvarðhaldstíminn verði styttur. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Ríkissaksóknari krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 31. janúar 1991.

Ár 1991, fimmtudaginn 31. janúar, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum að Hverfisgötu 115, Reykjavík, af Bjarna Stefánssyni ftr. og þá upp kveðinn svofelldur úrskurður.

Málsatvik.

Þann 4. janúar 1991 kom Daníel Jóhannes Pétursson, kt. 170371-5779, til heimilis að Suðurhólum 22, Reykjavík, hingað til lands frá Lúxemborg. Var þá gerð leit á honum og í farangri hans, og einn marihuanavindlingur fannst.

Eftir þetta fóru lögreglu að berast upplýsingar um, að Daníel stæði í dreifingu og sölu á fíkniefnum. Var jafnvel talið, að hann hefði yfir að ráða talsverðu magni af hassi.

Í framhaldi af þessu hóf lögregla að fylgjast með ferðum Daníels, og var honum fylgt eftir að heimilum margra þekktra fíkniefnaneytenda. Einnig fylgdi lögregla Daníel margsinnis eftir að Skipholti 35, Reykjavík, og fljótlega eftir að hann kom þangað, fóru þekktir fíkniefnaneytendur að leggja leið sína þangað. Þótti lögreglu þetta benda til þess, að fíkniefnasala færi fram þaðan.

Þann 23. janúar sl. var Daníel handtekinn. Er Daníel varð lögreglunnar var í umrætt sinn, kastaði hann pakka út úr bifreiðinni (sic), og við athugun lögreglu reyndist þetta vera 39,5 g hassplata.

Við yfirheyrslu hjá lögreglu kvað Daníel þetta vera afgang 50 g af hassi, er hann flutti hingað til lands þann 4. janúar sl.

Í gær var Daníel handtekinn. Við leit í bifreið hans fundust 8,1 g af ætluðu hassi, og Daníel vísaði síðan á 81,4 g af hassi í Fossvogskirkjugarði.

Við yfirheyrslu í framhaldi af ofangreindu kvaðst Daníel hafa flutt hingað til lands 250 g af hassi þann 4. janúar sl. Efnið hafi hann síðan falið í Fossvogskirkjugarði.

Lögregla hefur alls lagt hald á um 180 g af hassi frá Daníel. Afganginn kvaðst Daníel hér fyrir dómi í dag hafa notað sjálfur.

Daníel gengur með símboða, er lögregla hefur fengið upplýsingar um, að hann noti við fíkniefnasölu.

Eftir að lögregla handtók Daníel og fékk þá símboðann í hendur, hafa símanúmer fjölda þekktra fíkniefnaneytenda komið á skjá hans. Þetta þykir lögreglu benda til þess, að fyrrnefndar upplýsingar séu réttar.

Efnið, er Daníel vísaði á í Fossvogskirkjugarði, mun vera af annarri gerð en það efni, er lögregla áður hafði lagt hald á. Daníel hefur sagt hjá lögreglu, að þau 250 g af hassi, er hann flutti inn þann 4. janúar sl., hafi verið eins að lögun og lit. Þetta þykir lögreglu benda til þess, að Daníel hafi aðgang að öðrum fíkniefnabirgðum.

Efnið, er fannst í Fossvogskirkjugarði í nótt, var að hluta til óvarið fyrir bleytu og óhreinindum, og því telur lögregla, að það hafi ekki verið geymt þar eins lengi og Daníel vill vera láta.

Lögregla telur einnig ósennilegt, að Daníel hafi flutt efnið heim í farangri sínum þann 4. janúar sl., þar sem mjög ýtarleg leit var gerð í farangri hans við komu hingað til lands og m.a. í þeirri gjafapakkningu, sem hann segir efnið hafa verið falið í.

Af hálfu lögreglu er talið rannsóknarlega (sic) brýnt, að yfirheyrðir verði allir þeir, sem grunaðir eru um að hafa keypt fíkniefni af Daníel og lögregla hefur séð leggja leið sína að Skipholti 35, — einnig þeir aðilar, er sent hafa Daníel skilaboð í símboðanum, og þeir aðilar, sem lögregla hefur fylgt Daníel eftir heim til.

Af hálfu lögregluyfirvalda í Reykjavík hefur verið gerð krafa um, að

margnefndum Daníel verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til kl. 15.00 mánudaginn 11. febrúar nk.

Niðurstöður.

Verið er að rannsaka ætluð brot gegn lögum nr. 65, 1974, og reglugerð nr. 16, 1986.

Nefndur Daníel hefur við lögregluyfirheyrslur og hér fyrir dómi viðurkennt fíkniefnainnflutning, sem ætla má, ef sannaður teldist, að myndi varða hann fangelsisrefsingu.

Þykir því 65. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944 ekki girða fyrir beitingu gæsluvarðhalds í þessu sambandi.

Með vísan til þess, annars ofanritaðs svo og 1. töluliðar 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974, þykir í þágu rannsóknarhagsmuna rétt að verða við fram kominni kröfu lögregluyfirvalda og ákvarða, að Daníel Jóhannes Pétursson skuli sæta gæsluvarðhaldi frá kl. 15,41 að telja fimmtudaginn 31. janúar 1991 og allt til kl. 15,00 mánudaginn 11. febrúar 1991.

Úrskurðarorð:

Daníel Jóhannes Pétursson, kt. 170371-5779, til heimilis að Suðurhólum 22, Reykjavík, skal sæta gæsluvarðhaldi frá kl. 15,41 að telja fimmtudaginn 31. janúar 1991 og allt til kl. 15,00 mánudaginn 11. febrúar 1991.

Mánudaginn 4. febrúar 1991.

Nr. 166/1989. **Tollstjórinn í Reykjavík**
(Kjartan Ragnars hrl.)
gegn
þrotabúi Miðfells hf.
(Sigurður H. Guðjónsson hrl.).

Lögveð. Lögskýring. Aðflutningsgjöld.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Guðmundur Jónsson, Haraldur Henrysson, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 9. maí 1989. Eru kröfur hans hér fyrir dómi þær, að við skipti á þrotabúi Miðfells hf. verði viðurkenndur „réttur áfrýjanda til að fá greiddar kröfur samtals að fjárhæð kr. 2.036.042,- í skuldaröð sem lögveðskröfur af söluandvirði Dynapac-CG11-valtara, lögveðskrafa kr. 87.097,-; Dynapac-CC20-77-valtara, lögveðskrafa kr. 522.132,-; Allatt-SB50 (Blawknox)-malbikunarvél, lögveðskrafa kr. 566.744,-, og Barber-Greene-malbikunarvél, lögveðskrafa kr. 870.069,-. Jafnframt krefst áfrýjandi málskostnaðar...“

Af hálfu stefnda er krafist staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í máli þessu er deilt um það, hvort sölugjald, sem Miðfelli hf. bar að greiða við innflutning á nokkrum tækjum sumarið 1986, sé tryggt með lögveði. Heldur áfrýjandi því fram, að svo sé samkvæmt 54. gr. þágildandi laga um tollheimtu og tolleftirlit nr. 59/1969. Eru lagarök aðila rakin í hinum áfrýjaða úrskurði. Fallast ber á úrlausn skiptaráðanda um ágreiningsefnið og staðfesta úrskurðinn.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 200.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er staðfestur.

Áfrýjandi, tollstjórinn í Reykjavík, greiði stefnda, þrotabúi Miðfells hf., 200.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 1. mars 1989.

Mál þetta var upphaflega tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi hinn 9. janúar 1989. Meðferð þess var endurupptekin og það að nýju tekið til úrskurðar í dag.

Sóknaraðili, tollstjórinn í Reykjavík, Tryggvagötu 19, Reykjavík, gerir þær kröfur, að við skipti á þrotabúi Miðfells hf., Reykjavík, verði krafa sóknaraðilja í búið, að fjárhæð kr. 2.269.269, tekin til greina sem lögveðskrafa utan skuldaraðar. Einnig krefst hann málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili, þrotabú Miðfells hf., Reykjavík, krefst þess, að kröfu sóknaraðilja í málinu verði hafnað og að viðurkennd verði sú afstaða skiptastjóra búsins, að krafan komi aðeins til álita við skipti á þrotabúi Miðfells hf. sem almenn krafa. Einnig krefst hann málskostnaðar úr hendi sóknaraðilja samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Sáttaumleitanir dómarans hafa ekki borið árangur.

Bú Miðfells hf., Reykjavík, kennit. 460269-3939, var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur, uppkveðnum hinn 28. mars 1988, samkvæmt beiðni stjórnar félagsins. Sama dag var Sigurður H. Guðjónsson hæstaréttarlögmaður ráðinn bústjóri til bráðabirgða að búinu, og á fyrsta skiptafundi þess, sem haldinn var 6. september 1988, var hann kosinn skiptastjóri þess.

Innköllun til skuldheimtumanna þrotabúsins var birt fyrra sinni í Lögbirtingablaði, sem út kom 22. apríl 1988. Með bréfi, dagsettu 20. júní 1988, sem barst skiptaráðandanum í Reykjavík sama dag, lýsti sóknaraðili kröfu í búið. Er meginmál þeirrar kröfulýsingar svohljóðandi:

„Hér með er lýst í þrotabú Miðfells hf., nnr. 6574-2802, skattkröfum og kröfum samkv. tryggingarbréfi og víxlum að fjárhæð samtals kr. 30.000.000. Kröfunum er lýst sem kröfum utan skuldaraðar. Þar sem öll gögn eru ekki tiltæk nú, verður nánari greinargerð og sundurliðanir (sic) sendar síðar."

Bústjóri þrotabúsins ritaði sóknaraðilja bréf hinn 26. ágúst 1988, þar sem hann lýsir afstöðu sinni til viðurkenningar kröfunnar, sem hafði hlotið númer 202 á skrá yfir lýstar kröfur í búið. Í bréfi þessu segir m.a.:

„Kröfu þessari er hafnað vegna vanreifunar, enda fylgdu henni engin gögn eða frekari útlistun ... og þá hafa heldur ekki síðar borist frekari skýringar og sundurliðanir (sic).

Að því leyti, sem krafan kann að byggjast á tryggingarbréfi að fjárhæð kr. 10.000.000, útg. 1. sept. 1987, með 17. veðrétti í Funahöfða 7, þá er hafnað viðurkenningu á veðrétti skv. því fyrir ofangreindri fjárhæð. Mun, ef nauðsyn krefur og bréfi þessu verður ekki aflýst án tafar, verða höfðað sérstakt bæjarþingsmál til viðurkenningar riftunar á veðsetningu þessari,

sbr. 1. tl. 57. gr. l. nr. 6/1978. Vísast að öðru leyti til bréfs bústjóra til yðar vegna þessara (sic), dags. 20. apríl 1988."

Fyrsti skiptafundur í þrotabúi Miðfells hf. var haldinn 6. september 1988, og var þar fjallað um afstöðu bústjóra til lýstra krafna. Mótmælti lögmaður sóknaraðilja afstöðu bústjórans til umræddrar kröfu og lagði fram bréf, dskj. nr. 2 í þessu máli, en meginmál þess er svohljóðandi:

„Hér með sendi ég endanlegan útreikning á aðflutningsgjaldskröfum tollstjórans í Reykjavík í þrotabú Miðfells hf., sbr. kröfulýsingu embættisins, dags. 20. júní 1988. Er krafan samtals að fjárhæð kr. 2.262.269, þ.e. höfuðstóll kr. 1.469.961 og 53,90% dráttarvextir til upphafsdags skipta, kr. 792.308.

Kröfur þessar eru tryggðar með lögveði í hinum aðflutningsgjaldsskyldu vörum, sbr. 54. gr. laga nr. 59 1969, en nánari grein er gerð fyrir vörum þessum í meðfylgjandi innflutningsskjölum. Er þess því krafist, að kröfur þessar verði greiddar umbj. mínum utan skuldaraðar eða söluandvirði lausafjár þessa, hafi það þegar verið selt, úthlutað umbj. mínum af óskiptu, sbr. 54. gr. laga nr. 59/1969.

Þar sem um er að ræða kröfur utan skuldaraðar, er jafnframt gerð krafa um áfallandi dráttarvexti frá upphafsdegi skipta til greiðsludags."

Skiptastjóri búsins ritaði lögmanni sóknaraðilja bréf, sem dagsett er 10. október 1988, og segir þar m.a.:

„Lýst er lögveðskröfu vegna aðflutningsgjalda, samtals að fjárhæð kr. 2.262.269.

Kröfu þessari er hafnað sem lögveðskröfu utan skuldaraðar þegar af þeirri ástæðu, að fyrirliggjandi gögn bera með sér, að hér er um söluskattskröfu að tefla, en ekki eiginleg aðflutningsgjöld. Er ekki á það fallist, að söluskattur falli undir aðflutningsgjöld, sem tryggð eru með lögveði í aðfluttum vörum skv. 54. gr. laga nr. 59/1969.

Þá verður einnig að telja, að tollstjórinn í Reykjavík hafi ekki haldið kröfu þessari til laga með þeim hætti, að hann geti nú byggt á því, að henni fylgi lögveðsréttur.

Krafa þessi kemur því aðeins til álita sem almenn krafa í þrotabúinu...."

Sóknaraðili áréttaði andmæli sín gegn afstöðu skiptastjóra þrotabúsins á skiptafundi hinn 11. október 1988, og var þá ákveðinn rekstur máls þessa.

Kröfur sóknaraðilja í máli þessu eiga rætur að rekja til þess, að hinn 31. júlí 1986 lagði Miðfell hf. inn hjá embætti tollstjórans í Reykjavík aðflutningsskýrslu vegna innflutnings á 2 völturum og 4 öðrum vélum til malbikunar. Við tollmeðferð á skjölum vegna þessa innflutnings voru greidd ýmis aðflutningsgjöld, samtals kr. 1.918.831. Ekki var greiddur söluskattur í ríkissjóð við þessa tollafgreiðslu, en óumdeilt er í málinu, að innflytjandanum bar að greiða kr. 1.469.961 í söluskatt, þar sem tæki þessi voru

ætluð til eigin nota hjá innflytjandanum. Mun hann hafa komið sér undan greiðslu þess með því að gefa upp á tollskýrslu, að um væri að ræða vöru til endursölu. Ríkisendurskoðun gerði hinn 19. ágúst 1986 athugasemd við tollstjóraembættið um þessa tollafgreiðslu, og kemur á athugasemdarskýrslunni fram, að rétt hefði verið að innheimta söluskatt við tollafgreiðsluna, kr. 1.469.961.

Af hálfu sóknaraðilja eru kröfur í málinu á því reistar, að öll gjöld, sem falla á vöru við innflutning til landsins, njóti þeirrar lögverndar, sem getið er um í 54. gr. laga nr. 59/1969, þ.e. lögveðsréttar. Skipti nafn gjalds ekki máli í því sambandi. Úrslitum ráði, hvort gjaldið eigi að greiða við tollmeðferð og tollafgreiðslu. Vísar sóknaraðili í þessu sambandi til 4. gr. laga nr. 10/1960, j-liðar 14. gr. laga nr. 120/1976, 1. mgr., sbr. 54. gr. laga nr. 59/1969, sbr. 12. gr. rgj. nr. 486/1982.

Við munnlegan málflutning lagði sóknaraðili fram yfirlit um skiptingu kröfu sinnar eftir því, við hvaða tæki lögveðskrafa hans ætti. Er sú sundurliðun þannig:

Dynapac-CG11-valtari	kr.	87.097
Dynapac-CC20-77-valtari	kr.	522.132
BRISTAR-malarútleggjari	kr.	130.533
ALLATT-SB50-malbikunarvél	kr.	556.744
Límingarvél	kr.	95.694
BARBER-GREENE-malbikunarvél	kr.	870.069
Samtals	kr.	2.269.269

Allar þessar fjárhæðir eru miðaðar við stöðu kröfunnar við upphaf skiptameðferðar á þrotabúi Miðfells hf., þ.e. með uppreiknuðum dráttarvöxtum til þess tíma.

Varnaraðili heldur því fram, að engin gögn eða upplýsingar liggi fyrir um það, hvorki í máli þessu né öðrum gögnum þrotabúsins, hvort og þá með hvaða hætti sóknaraðili hafi gert reka að innheimtu umræddrar söluskattskröfu, allt frá því að ríkisendurskoðun gerði athugasemd við tollafgreiðsluna, þar til að sóknaraðili gerði grein fyrir henni við meðferð þrotabúsins. Bústjóra þrotabúsins hafi ekki verið kunnugt um tilvist og eðli þessarar kröfu sóknaraðilja, fyrr en sóknaraðili gerði grein fyrir henni á skiptafundi í þrotabúinu hinn 6. september 1988. Verði ekki séð, að sóknaraðili hafi fyrr en þá haldið því fram, að hinn vangoldni söluskattur væri tryggður með lögveði í umræddum vélum samkvæmt 54. gr. laga nr. 59/1969 né gert fyrr en þá nokkrar ráðstafanir til innheimtu kröfunnar á þeim grundvelli. Hafi Miðfell hf. þó átt allar umræddar vélar og tæki allt til þess tíma, er bú félagsins var tekið til gjaldþrotaskipta.

Varnaraðili bendir á, að Miðfell hf. hafi hinn 30. júlí 1986 gefið út skuldabréf til Landsbanka Íslands, að fjárhæð USD 77.500, og sett flestar þær vélar, sem krafa sóknaraðilja varðar, að veði með 1. veðrétti til tryggingar láninu. Hafi bankinn lýst í þrotabúið þessari veðkröfu og hún verið samþykkt sem slík, að fjárhæð samtals kr. 4.254.374,78. Sömuleiðis hafi tiltekin malbikunarvél verið sett að veði með 1. veðrétti með veðskuldabréfi, dagsettu 10. apríl 1987, til tryggingar skuld, að fjárhæð kr. 760.631. Kröfu samkvæmt þessu bréfi hafi verið lýst í þrotabúið og hún samþykkt sem veðkrafa, að fjárhæð samtals kr. 1.137.631.

Af hálfu varnaraðilja eru kröfur einnig á því reistar, að lögveðsréttur fylgi ekki kröfum sóknaraðilja í máli þessu. Samkvæmt 54. gr. laga nr. 54/1969 nái lögveðsréttur til aðflutningsgjalda, sekta, dráttarvaxta og kostnaðar. Óumdeilt sé, að öll gjöld, sem talist geti aðflutningsgjöld, hafi verið greidd við tollafgreiðslu vélanna. Krafa sóknaraðilja í málinu sé vegna söluskatts af vélunum, sem samkvæmt j-lið 4. gr. laga nr. 10/1960 eigi að greiða við tollmeðferð. Söluskattur falli ekki undir ákvæði 54. gr. laga nr. 59/1969, og sé því ekki lögveð fyrir honum í umræddum vélum. Breyti engu í því efni, þótt ráð sé fyrir því gert, að söluskatt af innfluttum vörum skuli greiða við tollmeðferð þeirra. Söluskattur sé sérstakur skattur, sem byggist á lögum nr. 10/1960 og því algerlega óskyldur aðflutningsgjöldum. Í 54. gr. laga nr. 59/1969 sé aðeins talað um aðflutningsgjöld, en ekki söluskatt. Fráleitt sé að telja söluskatt til aðflutningsgjalda í merkingu þessa lagaákvæðis fyrir það eitt, að hann skuli innheimta við tollmeðferð.

Varnaraðili telur það vera meginreglu, að lögveðsréttur verði að byggjast á skýrri og ótvíræðri lagaheimild. Svo sé ekki í þessu tilviki. Lögveðsréttur feli í sér undantekningu frá meginreglum laga um veðréttindi. Almennt sé talið, að lögveðsheimildir beri að skýra þannig, að sé vafi um lögveðsheimild, beri að leggja þann skilning til grundvallar, er skemmra gengur. Þannig beri að skýra 54. gr. laga nr. 59/1969 þröngt og alls ekki rýmra en samkvæmt orðanna hljóðan, hvað varðar þær kröfur, sem hún veitir lögveð. Komi ekki til álita, að lögjafna megi frá slíkri sérreglu, enda sé almennt talið, að lögjöfnun sé ekki nægur grundvöllur undir lögveð. Þá heldur varnaraðili því fram, að engin dæmi séu þess í lögum, að lögveðsréttur fylgi söluskattskröfum.

Varnaraðili heldur því og fram, að jafnvel þótt talið yrði, að krafa sóknaraðilja félli undir 54. gr. laga nr. 59/1969, þá sé lögveðið fallið niður vegna eftirgjafar af hálfu sóknaraðilja. Hann hafi í fyrsta lagi afhent vélarnar án nokkurs fyrirvara eða áskilnaðar. Í öðru lagi hafi hann engar ráðstafanir gert til að halda kröfum sínum til laga í samræmi við ákvæði nefndrar lagagreinar. Í þriðja lagi hafi sóknaraðili ekki lýst téðri kröfu sérstaklega í upphaflegri kröfulýsingu sinni, eins og rétt og eðlilegt hefði verið.

Það hafi hann ekki gert fyrr en á skiptafundi hinn 6. september 1988, en þá hafi kröfulýsingarfrestur í búið verið löngu liðinn. Af þessum ástæðum sé niður fallinn lögveðsréttur sóknaraðilja, ef hann hafi þá einhvern tíma verið fyrir hendi.

Við meðferð málsins hefur skiptastjóri þrotabús Miðfells hf. upplýst, að þrotabúið hafi með kaupsamningi, dags. 13. júlí 1988, selt Dynapac-CG11-valtara fyrir kr. 250.000 og Allatt-SB50-malbikunarvél fyrir kr. 550.000, sem greiðst hafi með skuldabréfi, að fjárhæð kr. 800.000, en samrit þess bréfs liggur frammi í málinu á dskj. nr. 12. Enn fremur hafi búið með kaupsamningi, dagsettum 2. maí 1988, selt valtara af gerðinni Dynapac-CC20-77 fyrir kr. 1.200.000, sem greiddar voru með skuldabréfi, að fjárhæð kr. 1.128.000 (sbr. dskj. nr. 10) og peningum, kr. 72.000. Hafi Landsbanka Íslands verið framselt síðarnefnda skuldabréfið gegn því, að bankinn aflétti veðrétti af umræddu tæki, sem bankanum hafði verið sett að veði með veðbréfi, dagsettu 30. júlí 1986, til tryggingar skuld, að fjárhæð 77.500 Bandaríkjadölum. Söluverð þeirra tækja, sem seld voru með kaupsamningi, dagsettum 13. júlí 1988, er enn í vörslum skiptastjórans.

Þau tæki, sem mál þetta varðar og ekki voru seld með nefndum kaupsamningum, eru enn óseld og í umráðum þrotabúsins.

Öll þau tæki, sem um ræðir í máli þessu að undanskilinni malbikunarvél af gerðinni Barber-Greene, setti Miðfell hf. Landsbanka Íslands að veði með 1. veðrétti til tryggingar skuld samkvæmt áðurgreindu veðskuldabréfi, að fjárhæð USD 77.500. Á nefndri malbikunarvél hvílir veðskuld á 1. veðrétti við Bílvang hf. samkvæmt veðskuldabréfi, dagsettu 10. apríl 1987, upphaflega að fjárhæð kr. 760.631. Ekki er um önnur þinglýst veðbönd eða kvaðir á tækjum þessum að ræða.

Niðurstaða.

Ekki er um það deilt í málinu, að Miðfelli hf. bar að greiða við tollafgreiðslu tækja þeirra, sem í málinu greinir, söluskatt þann, sem krafa sóknaraðilja varðar. Á þeim tíma, sem tollafgreiðslan átti sér stað, voru í gildi lög nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit. Þótt þau lög hafi síðar fallið úr gildi, ræður skýring á ákvæðum þeirra og laga nr. 10/1960 um söluskatt niðurstöðu um það álitaefni, hvort umrædd söluskattskrafa nýtur lögveðsréttar í tækjunum eða ekki.

VI. kafli laga nr. 54/1969 ber yfirskriftina „Um gjalddaga og fullnustu aðflutningsgjalda". Í 50. gr. laganna segir, að aðflutningsgjöld falli í gjalddaga, þegar far tekur höfn, þar sem vara verður affermd. Í 1. mgr. 54. gr. laganna segir m.a.: „...Hinar aðflutningsgjaldsskyldu vörur skulu vera að veði fyrir aðflutningsgjöldum, sektum, dráttarvöxtum og kostnaði, og hefur eigandi ekki rétt til að ráða yfir þeim, fyrr en búið er að greiða gjöld

þessi, sektir, dráttarvexti og kostnað. Veðrétturinn helst eins, þótt vörurnar hafi verið afhentar viðtakanda...“

Hugtakið aðflutningsgjöld er ekki skýrgreint í ákvæðum laga nr. 59/1969 eða öðrum þeim réttarheimildum, sem sóknaraðili byggir kröfur sínar í málinu á, en hann kveður þetta hugtak vera notað um öll þau gjöld, sem greiða ber við tollafgreiðslu vara.

Í 2. gr. laga um söluskatt nr. 10/1960, sbr. lög nr. 11/1975, segir m.a., að greiða beri í ríkissjóð söluskatt af innfluttum vörum til eigin neyslu eða nota innflytjenda. Í 1. mgr. 4. gr. segir m.a.:

„Til skattskyldrar sölu og þjónustu telst meðal annars:...

j. Innflutningur vöru til eigin neyslu eða nota innflytjanda. Skal skatturinn þá reiknaður af tollverði vöru að viðbættum aðflutningsgjöldum, innflutningssöluskatti, innflutningsgjaldi, ef það er á vörunni, og við bætt 10% álagningu. Skatt þennan skal greiða við tollmeðferð vöru.“

Söluskatti fylgir ekki lögveðsréttur samkvæmt lögum nr. 10/1960.

Það er meginregla veðréttar, að lögveðsréttur verður því aðeins talinn vera fyrir hendi, að sá réttur byggist á ótvíræðri lagaheimild. Ljóst þykir af áðurgreindum j-lið 4. gr. laga nr. 10/1960, að söluskattur er þar ekki talinn til aðflutningsgjalda. Af þeirri ástæðu og þar sem ekki er í 1. mgr. 54. gr. laga nr. 59/1969 berlega tekið fram, að söluskattur álagður samkvæmt nefndri lagagrein njóti lögveðsréttar með sama hætti og aðflutningsgjöld, verður að hafna kröfu sóknaraðilja um viðurkenningu lögveðsréttar í margnefndum tækjum til tryggingar kröfum þeim, sem í málinu greinir, enda verður hinn umkrafði lögveðsréttur ekki leiddur af öðrum þeim réttarheimildum, sem sóknaraðili vísar til í málatilbúnaði sínum. Kemur því ekki frekar til skoðunar í úrskurði þessum, hvort það skipti máli um kröfur sóknaraðilja, að nokkur þeirra tækja, sem málið varðar, höfðu þegar verið seld úr þrotabúi Miðfells hf., er rekstur máls þessa var ákveðinn.

Eftir þessum úrslitum og með vísan til 177. gr. laga nr. 85/1936 verður sóknaraðilja gert að greiða varnaraðilja málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 100.000, og er þá tekið tillit til þess, að greiða verður söluskatt af lögmannsþjónustu.

Ragnar Halldór Hall borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Kröfum sóknaraðilja, tollstjórans í Reykjavík, í máli þessu er hafnað.

Sóknaraðili greiði varnaraðilja, þrotabúi Miðfells hf., kr. 100.000 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að telja.

Mánudaginn 4. febrúar 1991.

Nr. 424/1988. **Þrotabú Stefáns Þ. Sigurðssonar**
(Viðar Már Matthíasson hrl.)
gegn
Óskari Pálssyni
(Björn Ólafur Hallgrímsson hrl.).

Fasteignakaup. Greiðsla. Afsal.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Guðmundur Jónsson, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason og Stefán Már Stefánsson prófessor.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. desember 1988 að fengnu áfrýjunarleyfi 20. sama mánaðar samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Hann gerir þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða 370.546,70 krónur með 19% dráttarvöxtum á ári af 114.648 krónum frá 2. ágúst 1984 til 31. desember s.á., 32% dráttarvöxtum á ári af sömu fjárhæð frá 1. janúar 1985 til 31. janúar s.m., 45% dráttarvöxtum á ári frá 1. febrúar s.á. til 28. s.m., 48% dráttarvöxtum á ári frá 1. mars s.á. til 31. maí s.á., 42% dráttarvöxtum á ári frá 1. júní s.á. til 9. ágúst s.á., með sömu dráttarvöxtum á ári af 217.508,50 krónum frá 9. ágúst 1985 til 31. ágúst s.á., en með 45% dráttarvöxtum á ári frá 1. september s.á. til 31. janúar 1986, 33% dráttarvöxtum á ári frá 1. febrúar s.á. til 31. mars s.á., 27% dráttarvöxtum á ári frá 1. apríl s.á. til 31. júlí s.á., sömu vöxtum af 370.546,70 krónum frá 1. ágúst 1986 til 28. s.m., með sömu vöxtum af 220.546,70 krónum frá þeim degi til 14. apríl 1987, en með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, þó ekki hærri en sem svarar til 27% ársvaxta, frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádregnum 150.000 krónum, sem greiddar voru þann 28. ágúst 1986. Þá er þess krafist, að dæmt verði, að áfrýjanda sé heimilt að leggja dráttarvexti, sem falla til eftir 1. febrúar 1985, við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn þann 1. febrúar 1986 og síðan sama dag ár hvert. Þá er þess krafist, að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað bæði í héraði og í Hæstarétti, og verði við ákvörðun málskostnaðar tekið tillit til þess, að áfrýjanda var skylt

að greiða söluskatt af þóknun til lögmanns fyrir flutning málsins í héraði og er skylt að greiða 24,5% virðisaukaskatt á þóknun lögmanns síns vegna flutnings málsins fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms, en til vara krefst hann, að fjárhæð kröfu áfrýjanda verði lækkuð verulega, og til þrautavara krefst hann, að vextir verði lækkaðir. Þá krefst stefndi málskostnaðar fyrir Hæstarétti, og verði tekið tillit til þess, að skylt er að greiða virðisaukaskatt af lögfræðiþónustu. Þá er þess og krafist, að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða vexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af málskostnaði fyrir Hæstarétti frá 15. degi eftir uppsögu dóms til geiðsludags samkvæmt 3. mgr. 175. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 21. gr. laga nr. 54/1988.

Í hinum áfrýjaða dómi er rakið efni máls þessa, sem spratt af kaupum stefnda á fjögurra herbergja íbúð af Stefáni Þ. Sigurðssyni. Kaupverðið var 1.600.000 krónur. Átti stefndi að inna það af hendi með sjö greiðslum, samtals að fjárhæð 1.170.000 krónur, með yfirtöku veðskuldar og með því að gefa út veðskuldabréf að fjárhæð um það bil 290.000 krónur til fjögurra ára. Seljandi skuldbatt sig til að aflýsa fjárnámum og veðskuldum, sem þinglýst hafði verið á eignina, að undanskilinni veðskuld við Lífeyrissjóð sjómanna, sem stefndi tók að sér að greiða.

Við útgáfu afsals hafði orðið að samkomulagi, að í stað þess, að stefndi gæfi sjálfur út veðskuldabréf fyrir eftirstöðvum kaupverðs, afhenti hann veðskuldabréf, gefið út af þriðja aðila, og var það nefnt „eftirstöðvabréf". Þá lofaði seljandi að aflýsa fyrir 10. nóvember 1984 veðskuld, sem enn hvíldi á eigninni, og skyldi fasteignasala sú, sem annast hafði sölu eignarinnar, halda veðskuldabréfi því, sem stefndi afhenti, þar til veðskuldinni hefði verið aflétt. Svo sem fram er komið, runnu aðeins 150.000 krónur til seljanda af fjárhæð bréfs þess, sem stefndi afhenti við afsalsgerð, og mun starfsmaður fasteignasölunnar ekki hafa staðið seljanda skil á öðrum greiðslum, sem inntar voru af hendi samkvæmt því. Deila aðilar nú um, hvor beri hallann af því, að svo fór.

Í afsali því, sem gefið var út af hálfu seljanda, segir m.a. svo: „Kaupverðið er að fullu greitt, m.a. með því að kaupandi tekur að sér sem sínar skuldir eftirstöðvar neðangreindra veðskulda:

1. Skuld við Lífeyrissjóð sjóm., dags. 14/10 81, upphaflega kr. 80.000.- (vísittr.), tryggt með 1. veðrétti.

Á 2. veðrétti hvílir nú skuld við handhafa, kr. 168.655, sem seljandi lofar að aflýsa fyrir 10.11. 1984, og heldur Fasteignasalan Eignanaust hf. eftir eftirstöðvabréfi, þar til að veðskuldinni hefur verið aflétt.

Aðrar skuldir, sem nú kunna að hvíla á hinu selda, eru mér að öllu óviðkomandi, enda skuldir kaupanda sjálfs.

Þar sem kaupandinn, Óskar Pálsson, hefur að öllu leyti staðið mér skil á kaupverðinu, þá lýsi ég hann réttan og löglegan eiganda framangreindrar eignar, og tók hann frá 20. 06. 1983 að hirða arð hennar og greiða af henni skatta og skyldur."

Var með þessu staðfest, að stefndi hefði að fullu staðið seljanda skil á kaupverði eignarinnar. Verður áfrýjandi því að bera áhættuna af því, að greiðslur, sem inntar voru af hendi til lúkningar greiðslu veðskuldabréfs þess, sem endanlega samdist um, að stefndi afhenti, misfórust hjá starfsmanni fasteignasölunnar. Verður hinn áfrýjaði dómur því staðfestur.

Áfrýjandi greiði stefnda 70.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti, en ekki verða dæmdir vextir af þeirri fjárhæð.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, þrotabú Stefáns Þ. Sigurðssonar, greiði stefnda, Óskari Pálssyni, 70.000 krónur í málskostnað í Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 2. ágúst 1988.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 30. júní sl., hefur Viðar Már Matthíasson hdl. sem skiptastjóri í þrotabúi Stefáns Þórólfs Sigurðssonar, nnr. 8361-8701, sem er til skiptameðferðar hjá skiptaráðandanum í Hafnarfirði, höfðað fyrir dóminum fyrir hönd þrotabúsins með stefnu, birtri 11.2. 1987, á hendur Óskari Pálssyni, nnr. 6939-0528, bifvélavirkja, Krókahrauni 8, Hafnarfirði.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til

greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 370.546,70 með [nánar tilteknum vöxtum].

Þá er krafist málskostnaðar samkv. gjaldskrá LMFÍ.

Af hálfu stefnda er aðallega krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda, til vara er krafist verulegrar lækkunar stefnukröfu, og til þrautavara er krafist lækkunar vaxta.

Þá krefst stefndi í öllum tilvikum málskostnaðar úr hendi stefnanda samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

II.

Málavextir.

Með kaupsamningi, dags. 21. júní 1983, seldi Stefán Þ. Sigurðsson stefnda fjögurra herbergja íbúð á 2. hæð í fasteigninni Krókahrauni 8, Hafnarfirði, ásamt bílskúr, sérgeymslu í kjallara, hlutdeild í sameign og leigulóðarréttindum. Kaupverðið var kr. 1.600.000. Útborgun var kr. 1.170.000. Þegar stefndi hafði lokið greiðslu útborgunar og yfirtöku tilteknna lána, skyldi hann gefa út skuldabréf fyrir eftirstöðvum kaupverðsins, kr. 290.000, sem greiðast skyldi á 4 árum með 20% ársvöxtum, í fyrsta sinn þann 1. september 1984.

Í kaupsamningnum lofar seljandi, Stefán Þ. Sigurðsson, að aflétta veði, sem var á 11. veðrétti vegna tryggingarbréfs vegna 6 víxla, samtals að fjárhæð kr. 168.655. Seljandi lofaði að aflétta þessu veði fyrir 18.12. 1983.

Seljandi efndi ekki þessa skyldu sína. Afsal skyldi gefið út hinn 18. júní 1984. Afsal var hins vegar gefið út hinn 10. ágúst 1984, og undirritaði eiginkona Stefáns Þ. Sigurðssonar, Guðrún Helga Ágústsdóttir, það fyrir hans hönd samkv. umboði. Er afsal var gefið út, hafði seljandi ekki uppfyllt áðurgreinda skyldu sína um afléttingu veðsins á 11. veðrétti.

Við afsalsgerð eða skömmu áður afhenti stefndi fasteignasalanum Jóhannesi Reynissyni skuldabréf, útgefið af Samtökum um kvennaathvarf í Reykjavík, að fjárhæð kr. 254.773,55, útgefið 24. maí 1984, sem greiðast skyldi á 4 árum og bera 20% ársvexti og greiðast skyldi í fyrsta sinn 1.8. 1984.

Samkomulag varð um það, að seljandi tæki við bréfi þessu í stað bréfs þess, er stefndi skyldi gefa út skv. ákvæði kaupsamnings. Þá mun stefndi hafa greitt einhvern mismun í peningum. Þar sem seljandi hafði ekki efnt þá skyldu sína að aflétta áðurgreindu veði, var ákveðið, að fasteignasalinn héldi bréfinu eftir, þar til veðskuldinni hefði verið aflétt, sem seljandi lofaði að gera fyrir 10.11. 1984.

Í afsalinu segir, að kaupverðið sé að fullu greitt, m.a. með yfirtöku kaupanda á tilgreindum skuldum.

Þá segir: „Þar sem kaupandinn, Óskar Pálsson, hefur að öllu leyti staðið

mér skil á kaupverðinu, þá lýsi ég hann réttan og löglegan eiganda framangreindrar eignar...“

Stefáni Þ. Sigurðssyni hafði verið veitt greiðslustöðvun í 3 mánuði frá 28. júní 1984, og þann 12. október s.á. var bú hans tekið til gjaldþrotaskipta. Í mai 1985 var Viðar Már Matthíasson hdl. kosinn skiptastjóri í þrotabúi Stefáns. Fyrsti skiptafundur var haldinn 19. september 1985. Af hálfu skiptastjóra var þegar hafist handa við að efna skyldu seljanda skv. áðurgreindum kaupsamningi, þ.e. að aflýsa handhafaskuldabréfum, kr. 168.655, af eigninni, og var réttarstefna í ógildingarmáli gefin út hinn 21.10. 1985, og var ógildingarmálið síðan þingfest þann 14. janúar 1986, og gekk ógildingardómur 31. janúar 1986, sem þinglýst var 5. maí 1986.

Með bréfi, dagsettu 8. nóvember 1985, til stefnda skýrir skiptastjóri stefnda frá stöðu ógildingarmálsins og hvenær dóms sé að vænta, og segir þar m.a.: „Skylda yðar stendur þá til þess að afhenda mér f.h. þrotabúsins skuldabréf og þær afborganir af því, sem þegar eru gjaldfallnar, ásamt fullum vöxtum. Ég brýni yður sérstaklega á því að vera tilbúinn með bréfið til afhendingar, strax og ljóst er, að tryggingarbréfinu verður aflýst.“

Með bréfi, dagsettu 24. febrúar 1986, skýrir skiptastjóri stefnda frá því, að farið hafi verið fram á aflýsingu áðurgreinds tryggingarbréfs, og óskar hann eftir því, að stefndi afhendi búinu þegar skuldabréf ásamt gjaldföllnum afborgunum og vöxtum.

Með bréfi, dagsettu 2. apríl 1986, ítrekar skiptastjóri kröfurnar um afhendingu skuldabréfsins. Með bréfi, dags. 21. apríl 1986, ítrekar skiptastjóri enn kröfu sína um afhendingu skuldabréfsins og greiddra afborgana, og gefur hann stefnda vikufrest til að ganga frá málinu.

Stefndi svarar skiptastjóra með bréfi, dagsettu 5.5. 1986. Hann lýsir því, að hann hafi afhent seljanda umræddrar íbúðar eftirstöðvaskuldabréf, að fjárhæð kr. 254.773,55, en þar sem seljandi hafi ekki fullnægt gerðum samningum, hafi orðið samkomulag milli hans og seljanda, að Fasteignasalan Eignanaust hf. héldi eftir skuldabréfinu, þar til veðskuldinni hefði verið aflýst, og skyldi hún sjá um innheimtu á því. Stefndi kvaðst því líta svo á, að málið væri sér alls óviðkomandi, þar sem hann hefði þegar afhent umrætt skuldabréf, og bæði hann því skiptastjóra að snúa sér til fasteignasölunnar um afhendingu bréfsins.

Með bréfi, dagsettu 7. maí 1986, mótmælti skiptastjóri skoðun stefnda á málinu sem rangri, og rifjaði hann síðan upp atvik úr samskiptum þeirra. Þá er því haldið fram í bréfi skiptastjóra, að fasteignasalan hafi orðið vörsluaðili skuldabréfsins fyrir atbeina stefnda og til að tryggja hagsmuni hans, ef svo skyldi fara, að tryggingarbréfinu yrði ekki aflýst, enda sé augljóst, að stefndi hefði sjálfur getað tekið bréfið úr vörslu fasteignasölunnar, ef tryggingarbréfinu hefði ekki verið aflýst, án þess að baka sér bótaskyldu

gagnvart seljanda. Nú liggi fyrir, að tryggingarbréfinu hafi verið aflýst, og því eigi búið rétt á gjaldföllnum afborgunum auk eftirstöðva skuldabréfsins. Þá geti stefndi ekki skotið sér á bak við það, að vörslumanni hans eða umboðsmanni beri að sjá um afhendinguna og bera ábyrgð á henni.

Með bréfi, dagsettu 16.5. 1986, svarar stefndi og mótmælir skilningi bústjóra á málinu.

Í greinargerð stefnda segir, að nokkru eftir, að aflýsing tryggingarbréfsins hafði farið fram, hafi stefndi látið til leiðast að hafa samband við fasteignasalann og upplýsa hann um, að aflýsing hefði farið fram og ekkert væri í vegi fyrir afhendingu skuldabréfsins til seljanda. Fasteignasalinn hafi þá borið við önnum, en hann hafi sagst myndu finna bréfið og koma því til réttra aðila. Tafir hafi síðan orðið á framkvæmd fasteignasalans. Þegar ljóst hafi síðan orðið, að lausn fengist ekki hjá fasteignasalanum og aðgerðum var beint að stefnda, hafi hann gert skiptastjóra grein fyrir afstöðu sinni bréflega. Það hafi svo ekki verið fyrr en um mitt ár 1986, sem stefnda varð ljóst, að umrætt skuldabréf var talið horfið. Hann hafi þá farið með skiptastjóra á fund fasteignasalans til að krefja hann um greiðslu, en þá hafði stefndi komist að því, að greiðsla pr. ágúst 1984 af skuldabréfinu hafði verið greidd fasteignasalanum. Árangur þessarar heimsóknar hafi orðið sá, að kr. 150.000 fengust greiddar frá fasteignasalanum.

Stefndi taldi sér ekki skylt að gangast í þessu (sic), en hann vildi hins vegar greiða götu skiptastjóra og þrotabúsins að þessu leyti.

III.

Stefndi gaf skýrslu fyrir dómi við aðalflutning málsins.

Hann kvað Stefán Þ. Sigurðsson hafa staðið illa við kaupsamninginn. Hann hefði yfirleitt aflétt skuldum af íbúðinni 2 - 4 mánuðum seinna en vera átti.

Hann kvað samkomulag hafa verið milli sín og seljanda, að skuldabréfið frá kvennaathvarfinu kæmi sem lokagreiðsla skv. kaupsamningi í stað bréfs, er hann gæfi út. Hann kvað um þetta hafa verið samið við afsalsgerð. Hann kvað fasteignasalann hafa verið búinn að fá bréfið aðeins áður ásamt fleiri gögnum vegna afsalsgerðar. Hann kvað fasteignasalann hafa afhent sér bréfið við afsalsgerð og hann síðan afhent eigandanum, Stefáni, það. Hann kvaðst ekki hafa vitað af því, að fasteignasalinn hefði fengið greiðslu fyrir afsalsgerð. Hann kvað samkomulag aðila hafa verið ástæðu þess, að bréfið var afhent fasteignasalanum til geymslu. Hann kvað Guðjón Steingrímsson hrl. hafa verið viðstaddan afsalsgerð, og hefði hann óskað eftir því, að hann hefði bréfið í sínum vörslum. Hann kvaðst ekki hafa viljað láta Guðjón geyma bréfið vegna fyrri afskipta hans af þessum fasteignakaupum svo og vegna þess, að Guðjón var fyrir seljanda. Hann gat þess, að hann

hefði „deponerað" ákveðnum greiðslum til Stefáns Þ., sem síðan hefði slegið út (sic) á þær. Hann kvaðst síðan hafa afsalað kröfu til „deponeringarinnar" til Guðjóns Steingrímssonar hrl. í þeirri von, að það fé yrði notað til að leysa málin, m.a. varðandi áðurgreint tryggingarbréf, en ekkert hefði gerst, og því hefði hann ekki fýst að fá Guðjóni þetta skuldabréf í hendur til geymslu. Stefndi taldi sig ekki eiga neinn rétt til að taka bréfið úr höndum fasteignasalans, ef svo færi, að tryggingarbréfinu yrði ekki aflýst. Hann kvaðst ekki hafa litið á bréfið sem sína eign.

Stefndi kvaðst hafa verið allur af vilja gerður til að aðstoða skiptastjóra við að hafa uppi á skuldabréfinu, og hefði hann í því sambandi komist að því, að greitt hefði verið af bréfinu.

Stefndi kvað það ekki hafa komið fram við afsalsgerð, að tryggingarbréfið væri glatað. Hann kvað málaferli hafa átt sér stað vegna víxla, sem tryggingarbréfið stóð fyrir.

Stefndi mundi ekki eftir aðdraganda þess, að hann lét bréfið frá kvennaathvarfinu í staðinn fyrir bréf, útgefið af honum sjálfum, en taldi um þetta hafa verið samið áður.

Stefndi kvað fasteignasalann hafa farið til skiptastjóra nokkru eftir, að þeir heimsóttu hann, og hefði hann þá greitt skiptastjóra kr. 150.000. Hann kvað skiptastjóra ekki hafa haft neitt umboð til að taka við peningum fyrir sína hönd.

Stefndi kvað það ekki hafa verið fyrir fram ákveðið, er hann afhenti fasteignasölunni skuldabréfið, að það yrði endilega fasteignasalan, sem geymdi bréfið. Hins vegar hefði honum þótt einsýnt, að ekki væri eðlilegt að láta seljanda hafa bréfið, þar sem ekki var búið að aflýsa tryggingarbréfunum. Hann kvaðst ekki hafa litið á fasteignasalann sem umboðsmann seljanda, heldur mann, sem gæta ætti hagsmuna beggja aðila. Hann kvað talað hafa verið um, að fasteignasalinn innheimti skuldabréfið og legði andvirðið inn á bók, enda hefði verið reiknað með, að einungis tæki 2 mánuði að leysa málin.

Hann kvaðst upphaflega hafa afhent fasteignasalanum bréfið, svo að hann gæti tekið það upp í afsalið.

Stefndi kvaðst ekki hafa séð ástæðu til að gera athugasemdir við afstöðu skiptastjóra, sem fram kom í bréfum hans, heldur hefði hann litið á þau sem tilkynningar um, að verið væri að vinna í málinu. Hann kvaðst ekki hafa talið sig eiganda bréfsins og því ekki hægt að ætlast til þess, að hann gæti tekið bréfið. Hins vegar hefði honum þótt í lagi að aðstoða skiptastjóra við að ná í bréfið. Stefndi kveðst telja, að hann hafi rætt málin við Guðjón Steingrímsson hrl., áður en hann fór með skjölin til fasteignasalans.

Guðrún Helga Ágústsdóttir, eiginkona Stefáns Þ. Sigurðssonar, gaf skýrslu fyrir dómi.

Hún kvaðst hafa undirritað afsalið fyrir íbúðinni til Óskars Pálssonar. Hún kvaðst hafa undirritað það á Fasteignasölunni Eignanausti, og hefðu þar verið viðstaddir fasteignasalinn og stefndi. Hún kvað Guðjón Steingrímsson hrl. ekki hafa verið viðstaddan, en hann hefði skrifað undir sem vottur á skrifstofu sinni, er hann var kominn með pappírana í hendur.

Hún kvað það fyrst hafa komið til umræðu, að skuldabréf, útgefið af Samtökum um kvennaathvarf, kæmi í stað bréfs, útgefins af stefnda skv. ákvæðum kaupsamnings, er hún var stödd í fasteignasölunni. Hún kvaðst aldrei hafa fengið það bréf í hendur né skoðað það. Hún kvaðst hafa farið fram á að fá að sjá bréfið, en ekki hefði verið að sjá, að það væri þarna á skrifstofunni. Hún kvað ákveðið hafa verið, að fasteignasalinn geymdi bréfið. Hún minntist þess ekki, að Stefán Þ. eða Guðjón Steingrímsson hrl. hefðu sett sig upp á móti því, að fasteignasalinn geymdi bréfið. Hún kvaðst engin áhrif hafa haft á orðalag afsalsins.

Hún kvaðst ekki vita, hvort Guðjón og Stefán hefðu verið búnir að samþykkja að taka þetta bréf frá kvennaathvarfi, áður en afsal var gefið út, en hugsanlega hafi Guðjón verið búinn að gera það að eigin frumkvæði sem lögmaður.

Hún kannaðist ekki við, að stefndi hefði rétt henni bréfið við afsalsgerð, eins og hann hélt fram. Hún kvaðst hafa talið bréfið tryggt í vörslu fasteignasalans, og því hefði hún undirritað afsal án þess að sjá bréfið. Hún kvaðst hafa hringt í fasteignasalann eftir afsal og spurt um bréfið og greiðslu af því, og hefði fasteignasalinn þá sagt, að bréfið yrði í sinni vörslu, þar til aflétt yrði áðurgreindu tryggingarbréfi.

Hún kvaðst ekki vita, hvernig á því stóð, að dráttur varð á höfðun ógildingarmáls vegna tryggingarbréfsins.

Guðjón Steingrímsson hrl. gaf skýrslu fyrir dómi. Hann kvaðst hafa verið tilsjónarmaður Stefáns Þ. Sigurðssonar á greiðslustöðvartíma. Hann kvaðst hafa verið kunnugur þessum málum, er afsal átti að gefa út. Hann kvað samkomulag hafa verið um, að skuldabréf, útgefið af stefnda, hefði átt að vera í vörslu fasteignasalans, uns tryggingarbréfum hefði verið aflýst. Stefndi hefði lagt áherslu á, að bréfið yrði í vörslum fasteignasalans, en sjálfur kvaðst hann heldur hafa viljað geyma bréfið. Á það hefði stefndi hins vegar ekki fallist. Hann kvaðst ekki muna eftir því, að um það hefði verið samið, að skuldabréf kvennaathvarfs kæmi í stað bréfs, útgefins af stefnda. Hann kveðst reyndar alltaf hafa talið, að umrætt bréf væri útgefið af stefnda.

Hann taldi í fyrstu, að hann hefði verið viðstaddur afsalsgerð, en þó sé hugsanlegt, að hann hafi ekki verið á staðnum, en vottað afsal síðar. Hann kvaðst aldrei hafa séð umrætt skuldabréf.

IV.

Af hálfu stefnanda er málsókn á því byggð, að Fasteignasalan Eignanaust hf. hafi verið vörsluaðili skuldabréfsins og greiddra afborgana af því fyrir atbeina stefnda og til að tryggja hagsmuni hans, ef svo skyldi fara, að umræddu tryggingarbréfi yrði ekki aflýst. Er af hálfu stefnanda talið fullvíst, að stefndi einn hafi getað öðlast forræði yfir skuldabréfinu og greiddum afborgunum, ef ljóst hefði verið, að tryggingarbréfinu hefði ekki verið aflýst, en t.d. óskað uppboðs á grundvelli skuldar, sem tryggð var með tryggingarbréfinu. Jafnframt er á því byggt af hálfu stefnanda, að stefndi hafi ekki innt af hendi fulla greiðslu til seljanda eða þrotabús seljanda sem réttartaka hans, fyrr en skuldabréfið og/eða greiddar afborganir hafi verið inntar af henti, og þar sem stefndi hafi neitað að efna skyldur sínar, sé nauðsynlegt að höfða mál þetta til heimtu jafnvirðis þeirra greiðslna, sem af ofangreindu skuldabréfi, sem út var gefið af Samtökum um kvennaathvarf, hafi verið greiddar fram til 31. júlí 1986, en þá hafi ein afborgun verið eftir. Af hálfu stefnanda hafi skuldin verið gjaldfelld þann dag, enda þá orðið ljóst, að stefndi neitaði algerlega afhendingu skuldabréfs með sömu eftirstöðvum og á skuldabréfi því, sem afhent var margnefndri fasteignasölu.

Af hálfu stefnanda er stefnukrafan, kr. 370.546,70, þannig fundin:

Skuldabréf afhent stefnda til Fasteignasölunnar Eignanausts, útgefið af Samtökum um kvennaathvarf 1.8. 1983 með 4 gjalddögum þann 1.8. ár hvert, höfuðstóll kr. 284.773,55 og beri bréfið 20% ársvexti. Greiðslur hafa verið inntar af hendi þannig:

1.	Þann 2. ágúst 1984	kr.	114.648,00
2.	Þann 9. ágúst 1985	"	102.860,50
3.	Þann 31. júlí 1986	"	89.344,80
4.	Eftirstöðvar gjaldfelldar 31.7. 1986	"	63.693,40
		Samtals kr.	370.546,70

Krafið er um vexti af fjárhæðum, þegar þær eru greiddar til vörslumanns skuldabréfsins.

Innborgun kr. 150.000 var greidd 28.8. 1986, og er tekið tillit til þess í kröfugerð og við vaxtatöku.

Stefnandi styður kröfur sínar við eftirtalin lagarök:

Stefnukrafan og uppbygging hennar styðst við almennar reglur kröfuréttar, sbr. og 23. gr. laga nr. 39, 1922, svo og dómafordæmi.

Krafan um vexti byggist á 5. gr. l. 58, 1960, svo og auglýsingum Seðlabanka Íslands á hverjum tíma, sbr. og bráðabirgðaákvæði IV. l. 36, 1986, svo og 3. kafla vaxtalaga nr. 25/1987. Krafan um vaxtavexti byggist á sömu

lagarökum svo og dómi Hæstaréttar frá 23.12. 1986 í málinu nr. 252, 1984. Málskostnaðarkrafan styðst við 1. mgr. 177. gr. l. 85, 1986.

Aðalkrafa stefnda er byggð á því í fyrst lagi, að það hafi alveg verið á áhættu Stefáns Þ. Sigurðssonar, seljanda umræddrar fasteignar, hvað varð um skuldabréf það, er hann afhenti umrætt sinn. Um það geti samningur aðila vart skýrari verið. Í þessu sambandi er af hálfu stefnda vísað í ákvæði afsals, en þar segir m.a.:

Á 2. veðrétti hvíli nú skuld við handhafa, kr. 168.655, sem seljandi lofar að aflýsa fyrir 10.11. 1984, og heldur Fasteignasalan Eignanaust hf. eftir eftirstöðvabréfi, þar til skuldinni hefur verið aflétt."

Á öðrum stað segir:

„Þar sem kaupandinn, Óskar Pálsson, hefur að öllu leyti staðið mér skil á kaupverðinu, þá lýsi ég hann réttan og löglegan eiganda framangreindrar eignar, og tók hann frá 20.6. 1983 að hirða arð hennar og greiða af henni skatta og skyldur."

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að framanskráð eitt sér eða með öðru hafi valdið því, að stefndi varð laus úr allri ábyrgð á því, hvað um þessa eign Stefáns (þ.e. skuldabréfið) yrði síðar. Það tjón, sem kunni að hafa hlotist af því, að vörslumaður bréfsins, fasteignasalinn, hafi tileinkað sér afborgun af bréfinu og ráðstafað því að öðru leyti til þriðja manns, hljóti Stefán að verða sjálfur að bera eða réttartaki hans, þrotabúið.

Stefán hafi talið sig lausan allra mála, er hann hafi afhent skuldabréfið á afsalsdegi og með móttöku hins afdráttarlausa afsals. Hins vegar hafi það bagað hann, að tryggingarbréfinu hafi ekki verið aflýst af eign hans. Hann hafi hins vegar treyst því, að gengið yrði fljótlega frá því, eins og lofað var, og jafnframt treyst því, að fasteignasalinn drægi að afhenda Stefáni skuldabréfið, meðan þetta væri óklárt, og myndi það knýja fram efndir.

Þá hafi stefndi engan rétt talið sig eiga til bréfsins, þótt afléttingin yrði vanefnd. Komi það berlega fram í þeirri afstöðu hans að krefjast aldrei afhendingar bréfsins aftur, þótt aflétting tryggingarbréfsins drægist úr hömlu.

Þá hafi stefndi hvorki verið eigandi skuldabréfsins né greiðandi eða móttakandi greiðslu, og hafi hann því ekki fylgst gjörla með afdrifum þess. Hann hafi þó knúið á um afléttingu tryggingarbréfsins í samræðum við Guðjón Steingrímsson hrl. og síðan bústjóra.

Hann hafi því lengst af verið grandlaus um, að eitthvað hefði farið úrskeiðis varðandi skuldabréfið og að hann yrði síðar krafinn um greiðslu andvirðis þess.

Þá byggir stefndi sýknukröfu sína einnig á því, að verði það niðurstaða réttarins, að skuldabréfinu hafi í upphafi verið komið í vörslu fasteignasal-

ans á áhættu og ábyrgð hans fremur en Stefáns Þ. Sigurðssonar, þá hafi Stefán eða réttartaki hans glatað rétti sínum fyrir tómlætis sakir. Ljóst sé, að stefndi hefði mátt grípa til ýmissa varnarmeðala, ef hann hefði fengið fyrr vitneskju um, að vanhöld væru á greiðslu afborgana og að bréfið væri ekki lengur í „tryggri" umsjá fasteignasalans. Þannig hafi honum ekki verið tilkynnt, að afborganir hefðu ekki borist, og ekki hafi verið minnst á þessi vandamál í bréfum skiptastjóra eða þess getið, að skuldabréfið væri horfið.

Af hálfu stefnda er talið miðað við áðurgreinda beina og ótvíræða yfirlýsingu í afsali, að Stefán eða réttartaki hans fylgdust betur með skuldabréfinu (sem reyndar hafi setið fast vegna atriða, er vörðuðu seljanda einan) og vöruðu stefnda við, fyrr en raun ber vitni, að það væri horfið. Hefði stefndi þá getað brugðist fyrr við en ella og komið í veg fyrir tjón sitt eða hindrað það.

Varakröfu sína byggir stefndi á því, að niðurstaðan verði sú, að hann verði einungis dæmdur til að greiða hluta kröfunnar, sem telja verði eðlilegt með hliðsjón af öllum atvikum, og sé það lagt í mat réttarins, hvernig sú skipting skuli vera.

Þrautavarakröfu styður stefndi þeim rökum, að ekki sé hér um að ræða kröfu, sem bera eigi dráttarvexti, sem krafist sé. Málið sé sprottið af tvíhliða samningi aðila. Þá sé óheimilt samkvæmt vaxtaákvörðun Seðlabanka Íslands að tengja saman, eins og gert sé í stefnukröfu, ársvexti og mánaðarlega dráttarvexti.

Um lagarök vísar stefndi til almennra reglna kröfuréttarins og dómvenju. Hann vísar til ákvæða kaupalaga, þ.m.t. 17. gr. eða lögjöfnunar frá henni.

Álit réttarins.

Eins og kaupsamningur stefnda, Óskars Pálssonar, og Stefáns Þ. Sigurðssonar, dags. 21. júní 1983, ber með sér, átti stefndi við afsalsgerð að gefa út eftirstöðvabréf, að fjárhæð kr. 290.000, sem greiða skyldi á 4 árum og bera 20% ársvexti. Þá skuldbatt Stefán Þ. Sigurðsson sig til þess skv. kaupsamningi að aflétta áðurnefndu tryggingarbréfi fyrir 18.12. 1983. Á afsalsdegi 10.8. 1984 hafði hann ekki efnt þá samningsskyldu sína. Því er haldið fram af hálfu stefnda og ómótmælt af hálfu stefnanda, að skömmu fyrir afsalsdag afhenti stefndi Fasteignasölunni Eignanausti skuldabréf sitt, að fjárhæð kr. 254.773,55, útgefið af Samtökum um kvennaathvarf, Reykjavík. Þá er upplýst, að við afsalsgerð eða jafnvel áður hafi orðið samkomulag um, að bréf þetta kæmi í stað eftirstöðvabréfs, útgefins af stefnda. Stefndi heldur því fram, að hann hafi afhent fasteignasölunni bréfið ásamt fleiri skjölum til undirbúnings afsalsgerð, svo sem venja sé.

Þá er upplýst m.a., að með vætti Guðjóns Steingrímssonar hrl., skýrslu stefnda og skýrslu eiginkonu Stefáns Þ. Sigurðssonar, sem undirritaði afsalið fyrir hans hönd, að áður en afsal var gefið út, hafi orðið samkomulag um það, að fasteignasalan héldi eftir eftirstöðvabréfinu, þangað til seljandi hefði uppfyllt þær skyldur sínar að aflýsa áðurnefndu tryggingarbréfi, sem þá hvíldi enn á fasteigninni. Þetta kemur og berlega fram í afsali.

Ekki ber aðilum saman um það, hvað nákvæmlega fór fram á fasteignasölunni á afsalsdegi eða hverjir þar hafi verið viðstaddir.

Skjöl málsins bera ekki annað með sér en staðið hafi verið að afsalsgerð með venjulegum hætti.

Það er niðurstaða réttarins, að stefndi hafi á afsalsdegi að fullu greitt framangreinda fasteign með afhendingu umrædds skuldabréfs, sem seljandi féllst á, að yrði í höndum fasteignasölunnar, þangað til aflýst hefði verið umræddu tryggingarbréfi. Þetta kemur berlega fram í afsali. Líta verður svo á, að seljandi hafi fallist á lokagreiðslu frá stefnda með þessum hætti, en fallist á, að skuldabréfið yrði í vörslum fasteignasalans, þar til hann (seljandi) hefði rutt úr vegi þeirri hindrun, er stafaði af vanefndum hans. Verður því að líta svo á, að seljandi hafi falið fasteignasalanum skuldabréfið til varðveislu, að vísu að kröfu stefnda, og verður því að telja áhættuna af því, að bréfið glataðist eða greiðslur af því, á áhættu seljanda eða réttartaka hans.

Samkvæmt þessu verður ekki talið, að stefndi hafi einhliða getað heimt skuldabréfið úr höndum vörslumanns þess vegna vanefnda á afléttingu áðurgreinds veðs. Það hefði seljandi hins vegar mátt gera með því einu að sýna fram á það, að hann væri búinn að efna þá samningsskyldu sína að aflétta veðinu. Hitt er svo annað mál og breytir ekki niðurstöðu þessa máls, til hvaða úrræða stefndi hefði mátt grípa með aðstoð dómstóla varðandi skuldabréfið, ef t.d. krafist hefði verið uppboðs á fasteign hans á grundvelli tryggingarbréfsins.

Niðurstaða máls þessa verður því sú, að stefndi verður sýknaður af kröfum stefnanda. Þá ber að dæma stefnanda til að greiða stefnda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 60.000, auk kr. 7.200 í söluskatt.

Dráttur á dómsuppkvaðningu stafar af önnum dómara við önnur embættisstörf og sumarleyfi.

Finnbogi H. Alexandersson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Óskar Pálsson, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, þrotabús Stefáns Þ. Sigurðssonar, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 60.000 í málskostnað og kr. 7.200 í söluskatt.

Miðvikudaginn 6. febrúar 1991.

Nr. 389/1990. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Kristjáni Ragnarssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Bifreiðar. Umferðarlög. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason og Haraldur Henrysson og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. ágúst 1990 að ósk ákærða og einnig af hálfu ákæruvalds til þyngingar á refsingu.

Á sakavottorði ákærða 21. janúar 1991 kemur fram, að hann fékk reynslulausn í eitt ár af eftirstöðvum refsingar samkvæmt dómi sakadóms Reykjavíkur 28. september 1987, sem fjallaði um umferðarlagabrot ákærða 1. ágúst 1986 og 1. ágúst 1987. Stóðst hann skilorð hennar. Á sakavottorðinu kemur og fram, að ákærða var veitt heimild til ökuleyfis á ný 17. janúar 1991.

Staðfesta ber sakarmat héraðsdómara og heimfærslu til refsiákvæða. Þegar ákærði framdi brot það, sem ákært er fyrir í málinu, var langt liðið á þriðja ár frá síðasta broti hans á umferðarlögum. Að því athuguðu og með hliðsjón af því, sem að framan greinir, þykir refsing hans hæfilega ákveðin 60.000 króna sekt til ríkissjóðs, en vararefsing 30 daga varðhald, verði sektin ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað. Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Ákærði, Kristján Ragnarsson, greiði 60.000 króna sekt til ríkissjóðs, en sæti varðhaldi í 30 daga, verði sektin eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Sératkvæði
Haralds Henryssonar hæstaréttardómara.

Ég er samþykkur atkvæði meiri hluta dómenda um sakarmat og heimfærslu til refsiákvæða.

Sakavottorð ákærða er rakið í héraðsdómi. Frá árinu 1981 hefur hann meðal annars fjórum sinnum gerst sekur um ölvun við akstur og fimm sinnum um að aka sviptur ökuréttindum, áður en til þess brots kom, sem hér er til meðferðar. Með hliðsjón af sakaferli hans tel ég, að dæma beri hann til að sæta varðhaldi í 40 daga.

Ég er samþykkur atkvæði meiri hlutans um sakarkostnað í héraði og áfrýjunarkostnað.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 20. ágúst 1990.

Ár 1990, fimmtudaginn 20. ágúst, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Símoni Sigvaldasyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 412/1990: Ákæruvaldið gegn Kristjáni Ragnarssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 6. júlí sl., á hendur ákærða, Kristjáni Ragnarssyni, Möðrufelli 7, Reykjavík, kt. 041061-2279, „fyrir að aka að kvöldi fimmtudagsins 17. maí 1990, sviptur ökuréttindum ævilangt, bifreiðinni R-28443 um götur í Reykjavík, uns lögreglan stöðvaði akstur hans í Möðrufelli.

Telst þetta varða við 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Málavextir eru þessir samkvæmt framburði ákærða og öðru því, er fram er komið í málinu:

Fimmtudaginn 17. maí 1990 um kl. 19.40 veitti lögreglan athygli bifreiðinni R-28443, þar sem henni var ekið suður Suðurfell í Reykjavík með bifreið í drætti. Var bifreiðinni veitt eftirför, og stöðvaði lögreglan akstur hennar í Möðrufelli og hafði tal af ökumanni, er reyndist sviptur ökurétt-

indum. Ökumaður bifreiðarinnar reyndist vera ákærði í máli þessu. Var ákærði færður á lögreglustöðina við Hverfisgötu, þar sem tekin var af honum lögregluskýrsla. Ákærði viðurkenndi fyrir lögreglu vitneskju sína um það, að hann væri sviptur ökuréttindum.

Telst brot ákærða varða við 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga.

Ákærði hefur viðurkennt við rannsókn og meðferð málsins að hafa ekið bifreiðinni R-28443 án ökuréttinda, eins og greint er í ákæruskjali. Með afdráttarlausri játningu ákærða og öðrum gögnum málsins þykir sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, er honum er gefin að sök í ákæruskjali og þar þykir rétt færð til refsiákvæða.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt eftirtöldum refsingum: [Ákærði hefur sætt sex refsidómum fyrir ýmis brot, og var honum í fjórum þeirra dæmd ökuleyfissvipting, síðast 1987 (ævilöng svipting). Hann hefur fimm sinnum sæst á sektargreiðslu, m.a. tvisvar fyrir réttindaleysi við akstur. Honum var 9. mars 1988 veitt reynslulausn af eftirstöðvum refsingar, 30 dögum.]

Ákærði hefur með greindri háttsemi unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga. Þykir refsingin hæfilega ákveðin 60 daga varðhald.

Dæma ber ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74, 1974, til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Kristján Ragnarsson, sæti varðhaldi í 60 daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Miðvikudaginn 6. febrúar 1991.

Nr. 59/1991. **Ákæruvaldið**

gegn

Bjarna Leifi Péturssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason og Haraldur Henrysson og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 30. janúar 1991. Skjöl málsins bárust Hæstarétti frá sakadómi Reykjavíkur 4. febrúar 1991 kl. 17.06.

Varnaraðili krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur, en til vara, að gæsluvarðhaldstími verði styttur.

Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að úrskurðurinn verði staðfestur.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur. Aðfinnsluverður er dráttur, sem varð á sendingu málsskjala til Hæstaréttar, sbr. 2. mgr. 174. gr. laga nr. 74/1974.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 30. janúar 1991.

Ár 1991, miðvikudaginn 30. janúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Birnu Björnsdóttur fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess, að Bjarna Leifi Péturssyni verði með úrskurði gert að sæta framlengingu á gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 13. mars nk. kl. 16.00.

Kærði hefur mótmælt kröfu RLR.

RLR vinnur nú að umfangsmikilli rannsókn fjársvika og skjalafals með

tékkum úr tékkheftum, sem að undanförnu hafa horfið í nokkrum innbrotum og með öðrum hætti úr vörslum rétthafa. Kærði var með úrskurði sakadóms Reykjavíkur þann 13. janúar sl. úrskurðaður í gæsluvarðhald allt til dagsins í dag kl. 16.00 vegna rannsóknar ýmissa mála.

Kærði hefur við yfirheyrslur fyrir RLR og fyrir dómi viðurkennt aðild sína að skjalafalsi og fjársvikum í fimm málum, sem nú eru til rannsóknar hjá RLR. Kærði hefur hins vegar neitað sök í þremur kærumálum á hendur honum. Rannsókn mála þessara er nú á lokastigi.

Upplýst er, að kærði hefur lítið stundað atvinnu að undanförnu. Hann kvaðst hins vegar hafa fastan samastað hjá móður sinni.

Afbrotaferill kærða er langur og nær óslitinn frá árinu 1974. Verður að telja víst, að kærði sé síbrotamaður, sem hafi ekki ofan af fyrir sér með heiðarlegum hætti. Þykir því veruleg hætta á, að hann haldi áfram brotum, haldi hann óskertu frelsi.

Brot þau, sem kærði er grunaður um að hafa framið, geta varðað fangelsisrefsingu skv. XVII. og XXVI. kafla almennra hegningarlaga.

Með vísan til framanritaðs og skírskotun til 1., 3. og 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974, þykir verða að taka kröfu RLR til greina og ákveða, að kærði sæti gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 13.mars nk. kl. 16.00.

Úrskurðarorð:

Kærði, Bjarni Leifur Pétursson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 13. mars 1991 kl. 16.00.

Miðvikudaginn 6. febrúar 1991.

Nr. 60/1991. **Ákæruvaldið**

gegn

Bjarna Sigurðssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason og Haraldur Henrysson og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 31. janúar 1991. Skjöl málsins bárust Hæstarétti frá sakadómi Reykjavíkur 4. febrúar 1991 kl. 17.06.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur. Þá er krafist málskostnaðar.

Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Málskostnaður verður ekki dæmdur.

Aðfinnsluverður er dráttur, sem varð á sendingu málsskjala til Hæstaréttar, sbr. 2. mgr. 174. gr. laga nr. 74/1974.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 30. desember 1991.

Ár 1991, miðvikudaginn 30. janúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Birnu Björnsdóttur fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess, að Bjarna Sigurðssyni verði með úrskurði gert að sæta framlengingu á gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 13. mars nk. kl. 16.00.

Kærði hefur mótmælt kröfunni.

RLR vinnur nú að rannsókn á stórfelldum fjársvika- og skjalafalsmálum

með tékkum úr tékkheftum, sem að undanförnu hafa horfið í innbrotum eða með öðrum hætti úr vörslum rétthafa.

Grunur hefur beinst að kærða um aðild að fimm málum, sem nú eru til rannsóknar hjá RLR.

Kærða var með úrskurði sakadóms Reykjavíkur þann 15. janúar sl. gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til dagsins í dag kl. 16.00 vegna rannsóknar ýmissa mála á hendur honum. Kærði hefur við yfirheyrslur hjá RLR og hér fyrir dómi játað að hafa notið góðs af andvirði tékka úr tékkheftum, sem hurfu í innbroti í Hraðfrystihús Grundarfjarðar. Jafnframt hefur kærði játað aðild að skjalafalsi með tékkum úr tékkheftum BB og AÁG. Þá kannast kærði við að hafa ritað tékka úr tékkhefti á Búnaðarbanka Íslands, en hefti þetta var í tösku, er stolið var úr verslun við Hallveigarstíg í Reykjavík. Kærði hefur hins vegar neitað að hafa ásamt JHS og SHS staðið að ráni, þar sem rænt var 6-8.000 krónum og tékkhefti frá KK. Kvaðst kærði þó kannast við að hafa framselt tvo af hinum fölsuðu tékkum úr nefndu tékkhefti. Þá hefur kærði neitað að hafa stolið seðlaveski GOG, en kannast við undirskrift sína á tékka, er lagður var til tryggingar leigufjárhæðar hjá bílaleigu ÁG.

Brot þau, sem kærði er undir rökstuddum grun um að hafa framið, geta varðað fangelsisrefsingu skv. XVII. og XXVI. kafla almennra hegningarlaga.

Samkvæmt sakavottorði kærða hefur brotaferill hans verið samfelldur frá árinu 1978. Upplýst er, að kærði er atvinnulaus. Verður að telja víst, að kærði sé síbrotamaður. Þykir því veruleg hætta á, að hann haldi áfram brotum, haldi hann óskertu frelsi.

Með vísan til framanritaðs og skírskotun til 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974, þykir verða að taka kröfu RLR til greina, svo að unnt verði að ljúka rannsókn kærumála á hendur kærða, og ákveða, að hann sæti gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 13. mars nk. kl. 16.00.

Úrskurðarorð:

Kærði, Bjarni Sigurðsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 13. mars 1991 kl. 16.00.

Miðvikudaginn 6. febrúar 1991.

Nr. 61/1991. **Ákæruvaldið**

gegn

Auði Ólafsdóttur.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason og Haraldur Henrysson og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 31. janúar 1991. Skjöl málsins bárust Hæstarétti frá sakadómi Reykjavíkur 4. febrúar 1991 kl. 17.06. Greinargerð hefur ekki borist af hálfu varnaraðila, en skýra verður kæru hennar svo, að í henni felist krafa um, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur.

Ríkissaksóknari krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Aðfinnsluverður er dráttur, sem varð á sendingu málsskjala til Hæstaréttar, sbr. 2. mgr. 174. gr. laga nr. 74/1974.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 30. janúar 1991.

Ár 1991, miðvikudaginn 30. janúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Birnu Björnsdóttur fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess, að Auði Ólafsdóttur verði með úrskurði gert að sæta framlengingu á gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 13. mars nk. kl. 16.00.

Kærða hefur mótmælt kröfunni.

RLR vinnur nú að rannsókn á stórfelldum fjársvika- og skjalafalsmálum

með tékkum úr tékkheftum, sem að undanförnu hafa horfið í innbrotum eða með öðrum hætti úr vörslum rétthafa.

Kærðu var með úrskurði sakadóms Reykjavíkur þann 13. janúar sl. gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til dagsins í dag kl. 16.00 vegna rannsóknar á meintum fjársvikum og skjalafalsi. Kærða hefur við yfirheyrslur hjá RLR og hér fyrir dómi viðurkennt að hafa staðið að fjársvikum og skjalafalsi með útgáfu og sölu allmargra tékka. Kvaðst kærða ýmist hafa ritað tékkana og/eða framselt þá, og telji hún, að andvirði þessara tékka, sem hún hafi notað í viðskiptum, sé samanlagt u.þ.b. 1.000.000 króna.

Samkvæmt rannsóknargögnum málsins eru til rannsóknar hjá RLR 10 kærumál á hendur kærðu. Auk þess hefur verið dómtekið mál á hendur kærðu fyrir skjalafals. Rannsókn kærumála á hendur kærðu er á lokastigi, en enn hefur ekki verið upplýst, hver ritaði allmarga tékka, er kærða hefur viðurkennt að hafa notað í viðskiptum.

Upplýst er, að kærða hefur ekki stundað fasta atvinnu síðan 1. september 1989. Þá er brotaferill kærðu nokkuð samfelldur á síðustu árum. Þykir því veruleg hætta á, að kærða haldi áfram brotum, haldi hún óskertu frelsi.

Brot þau, sem kærða er undir rökstuddum grun um að hafa framið, geta varðað fangelsisrefsingu skv. XVII. og XXVI. kafla almennra hegningarlaga.

Með vísan til framanritaðs og skírskotun til 1., 3. og 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974, þykir verða að taka kröfu RLR til greina og ákveða, að kærða sæti gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 13. mars nk. kl. 16.00.

Úrskurðarorð:

Kærða, Auður Ólafsdóttir, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 13. mars 1991 kl. 16.00.

Miðvikudaginn 6. febrúar 1991.

Nr. 250/1990. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Páli Konráði Konráðssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Líkamsárás. Sönnun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Guðmundur Jónsson, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Ákærði var í héraðsdómi nefndur Páll Konráð Konráðsson Þormar, og hefur svo verið oftar. Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt fæðingarvottorð, þar sem hann er nefndur Páll Konráð Konráðsson.

Máli þessu var skotið til Hæstaréttar með stefnu 14. júní 1990 að ósk ákærða með kröfu um sýknu og jafnframt af ákæruvaldsins hálfu til sakfellingar samkvæmt ákæru og þyngingar á refsingu.

Því er lýst í héraðsdómi, að Sighvatur Andrésson kom heim til sín að morgni föstudagsins 30. júní 1989 og andaðist þar um hádegisbil laugardaginn 1. júlí. Banamein hans var bráð lífhimnubólga, sem myndaðist vegna áverka, sem hann hafði hlotið á þvagblöðru.

Í krufningarskýrslu kemur fram, að það sé vel þekkt, að fall eða högg geti valdið því, að yfirfull þvagblaðra rifni. Ekkert er vitað um ferðir Sighvats heitins, frá því að hann fór út frá ákærða um klukkan tvö aðfaranótt 30. júní og þar til klukkan sjö um morguninn. Verður að telja ósannað, að ákærði hafi veitt Sighvati heitnum fyrrnefndan áverka, og ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms og sýkna ákærða af broti gegn 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981. Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta sakarmat hans og sakfella ákærða fyrir brot gegn 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin 30 daga fangelsi.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Ákærði, Páll Konráð Konráðsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000 krónur, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 50.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 6. júní 1990.

Ár 1990, miðvikudaginn 6. júní, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er í Borgartúni 7 af Pétri Guðgeirssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 289/1990: Ákæruvaldið gegn Páli Konráði Konráðssyni Þormar, sem dómtekið var 1. sama mánaðar.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 9. mars 1990, á hendur ákærða, Páli Konráði Konráðssyni Þormar, Grettisgötu 43 í Reykjavík, fæddum 2. júlí 1953, fnr. 5879, „fyrir líkamsárás með því að hafa á heimili sínu að Grettisgötu 43, Reykjavík, aðfaranótt föstudagsins 30. júní 1989 slegið Sighvat Andrésson, kt. 27.03.49-6689, hnefahögg í höfuð og sparkað margsinnis í líkama hans með þeim afleiðingum, að Sighvatur marðist á brjóstvegg og á vinstra auga, falskur tanngarður hans brotnaði og þvagblaðra hans rifnaði. Sighvatur andaðist á heimili sínu um hádegið laugardaginn 1. júlí af völdum bráðrar lífhimnubólgu, sem myndaðist vegna áverkans á þvagblöðrunni.

Telst þetta varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20, 1981.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Málavextir.

Um hádegi laugardaginn 1. júlí 1989 voru lögregla og sjúkrabifreið kvödd að Skriðustekk 19 hér í borg vegna Sighvats Andréssonar, fædds 27. mars 1949, sem þar bjó hjá foreldrum sínum. Lá Sighvatur meðvitundarlaus í rúmi sínu, þegar að var komið. Læknir, sem var með sjúkraliðsmönnunum, hóf þegar lífgunartilraunir, en þeim var hætt eftir 50 mínútur, og var Sighvatur þá látinn. Júlíana Viggósdóttir, móðir Sighvats heitins, hefur skýrt frá því, að sonur hennar hefði farið að heiman um kl. 17.00 á fimmtudaginn. Einhvern tíma næsta morgun hefði hann komið heim aftur, lítils háttar ölvaður, en illa haldinn. Seinna um daginn hefði hún

háttað hann ofan í rúm, en skömmu eftir það hefði hann byrjað að selja upp, og virtist uppsalan vera blóðlituð. Hann hefði einnig látið þvagi. Vakti Júlíana yfir syni sínum alla nóttina. Á laugardagsmorguninn hefði hann einnig látið saur. Sighvatur hefði ekki viljað láta kalla í lækni, og hefði hjálpin því ekki komið fyrr en um seinan.

Á líki Sighvats sáust marblettir á hægra brjósti og auk þess glóðarauga vinstra megin. Þá hafði gervigómur hans brotnað. Í krufningarskýrslu Jóhanns Heiðars Jóhannssonar læknis segir eftirfarandi m.a.:

„— — —

Álit:

Við krufninguna fannst bráð lífhimnubólga, og hefur hún verið endanleg dánarorsök mannsins. Lífhimnubólgan hefur myndast eftir rifnun þvagblöðru, sem væntanlega stafar af áverka á kvið. Þegar þetta er skrifað, liggja ekki fyrir upplýsingar um hugsanlega áverka. Það er vel þekkt, að yfirfylling þvagblöðru getur fylgt ölvun og að áverki á kvið í því ástandi, hvort sem um er að ræða fall eða högg, getur valdið því, að yfirfull þvagblaðran rifni. Af þeim breytingum, sem fundust við smásjárskoðun á þvagblöðru og lífhimnu, má ætla, að tímalengd frá áverkanum og til dauða mannsins sé að minnsta kosti sólarhringur. Það fundust minni háttar ytri áverkar, en engir áverkar á innri líffærum."

Til viðbótar þessu hefur álits Gunnlaugs Geirssonar prófessors verið aflað um atriði tengd dánarorsök Sighvats heitins. Í áliti prófessorsins kemur fram, að ekki sé vitað, hversu mikið högg eða þunga þurfi til þess að sprengja þvagblöðru í manni. Það sé þó háð því, hversu mikið sé í blöðrunni. Eftir því sem meira sé í henni, sé hættara við, að högg eða pústrar á kvið valdi því, að blöðruveggurinn rofni. Ölvuðum mönnum sé hættara við áverkum af þessu tagi vegna þvagleysandi áhrifa etanóls ásamt slævðu næmi gagnvart þenslu blöðrunnar. Þá komi til hinar almennu kringumstæður, að ölvuðum mönnum sé hættara við byltum og að rata í áflog. Högg, sem sprengi þvagblöðru, geti skilið eftir áverka í kviðvegg, en þurfi ekki að gera það. Þetta sé komið undir því, hvað valdið hafi áverkanum (skarpar brúnir, skarpir sólar) eða hvort maðurinn hafi verið mikið klæddur. Þá sagði prófessorinn, að ekki væri að sjá af gögnum málsins, að Sighvatur heitinn hefði verið með sjúkdóm í þvagblöðru, sem hefði valdið því, að blaðran sprakk.

Talið er, að Sighvatur hafi verið klæddur í leðurjakka, bláar gallabuxur, peysu, hvíta ullarleista og svarta leðurskó. Var fatnaður þessi tekinn til rannsóknar hjá rannsóknarlögreglu. Allur var fatnaðurinn óhreinn, en ekki annars getið, sem þýðingu hefur í málinu.

Þau Vilmundur Sigurður Vilmundarson og Lilja Guðjónsdóttir, kunn-

ingjar Sighvats, hafa greint frá því, að þau hafi heimsótt Sigvat í Skriðustekk 19 um hálffimm til fimm á fimmtudaginn. Hafi þau þrjú farið út þaðan og keypt brennivínsflösku í áfengisútsölunni í Mjóddinni. Hafi þau byrjað að drekka úr flöskunni við útsöluna, en haldið svo niður í bæ í strætisvagni. Hafi þau drukkið af flöskunni á Lækjartorgi, þar sem leiðir skildu. Fóru þau inn á Hressingarskálann og voru fram að lokun. Að sögn Vilmundar Sigurðar brá Sighvatur sér frá og fór í veitingahúsið Ölver, en þau Lilja sátu þarna á meðan. Þegar Sighvatur hefði komið aftur, hefði hann sagt, að hann hefði lent í átökum við einhverja menn. Af Hressingarskálanum héldu þau út að Hótel Borg og út á Austurvöll, þar sem Sighvatur að sögn Lilju og Vilmundar Sigurðar lenti í átökum. Ekkert er komið fram um, að hann hafi hlotið áverka í þessum átökum. Eftir þetta héldu þau Sighvatur, Lilja, ákærði, Vilmundur Sigurður og Hilmar Sigurbjartsson heim til ákærða á Grettisgötu 43. Voru þau öll ölvuð. Á Grettisgötunni var fyrir Eyþór Þorsteinsson, og svaf hann ölvunarsvefni. Bróðir ákærða, Lárus Konráðsson, kveðst hafa komið þarna um kl. hálftvö og verið allsgáður. Hafi fólkið þá verið komið þangað, þ.e. ákærði, Sighvatur, Lilja Guðjónsdóttir, Vilmundur Sigurður Vilmundarson, Hilmar Sigurbjartsson og Eyþór Þorsteinsson.

Ákærði skýrði frá því í yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins 2. júlí, að hann hefði verið að sýna Lilju mynd af dóttur sinni inni í svefnherbergi, þar sem hefðu verið þeir Sighvatur heitinn og Hilmar Sigurbjartsson. Hefðu þau öll setið á rúminu. Þegar hann hefði hallað sér áfram, hefði Sighvatur slegið sig í hnakkann, svo að hann féll áfram á gólfið. Hefði Sighvatur stokkið á sig, en hann, ákærði, hefði kastað honum ofan af sér og slegið hann með krepptum hnefa undir hökuna, þar sem þeir lágu á gólfinu. Hefði Sighvatur rotast við þetta. Eftir að hann var staðinn upp, kvaðst ákærði hafa sparkað í Sighvat einu sinni og ekki fast „framanvert fyrir neðan miðju". Kvaðst ákærði hafa farið fram í stofu, en Sighvatur hefði komið þangað eftir „smátíma". Um leið hefði Lárus, bróðir ákærða, komið heim. Kvaðst ákærði þá hafa sagt, að hann ætlaði að hringja á lögregluna, en Lilja hefði aftekið það og sagt, að Sighvatur væri á skilorði og gæti lent í fangelsi.

Þegar ákærði gaf skýrslu þessa, var enginn vottur viðstaddur, a.m.k. ekki fyrr en undir lokin, en vottur var að því, að ákærði skrifaði undir skýrsluna.

Ákærði gaf aðra skýrslu síðdegis næsta dag. Sagðist hann þá hafa slegið Sighvat eitt högg á kjálkann, svo að hann rotaðist. Hefði hann svo staðið á fætur og sparkað í afturendann á Sighvati. Eftir að hafa dvalið 3 - 5 mínútur frammi í stofu, hefði hann farið aftur inn í svefnherbergi. Sighvatur hefði legið á gólfinu og vælt eitthvað og beðið sér vægðar. Kveðst

hann hafa tekið í öxl Sighvati og teymt hann skríðandi fram á stofugólf, þar sem ákærði gat haft auga með honum.

Þegar ákærði kom fyrir dóm um kvöldið, skýrði hann frá átökunum á sama hátt og fyrr um daginn. Kvað hann Lárus, bróður sinn, hafa rekið Sighvat út, og hefði Sighvatur gengið óstuddur út. Þó kvaðst hann hafa hætt við að hringja á lögregluna að beiðni Lilju.

Í skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni 5. júlí sagði ákærði, að verið gæti, að hann hefði sparkað eitthvað frá sér, enda hefðu þetta verið þó nokkur átök milli þeirra. Væri mjög trúlegt, að hann hefði rekið hnéð einhvers staðar í Sighvat, þegar hann hefði verið að hrinda honum ofan af sér. Ákærði samsinnti þeirri lýsingu Hilmars Sigurbjartssonar í lögregluskýrslu, að þeir ákærði og Sighvatur hefðu slegist „eins og vitleysingar", enda hefði hann verið að bjarga sér. Þá kvað hann Sighvat hafa staðið sjálfan upp af stofugólfinu. Hefði Lárus fylgt honum út, en komið strax inn aftur.

Í skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni 12. júlí skýrði ákærði frá átökunum á sama hátt og áður, en sagði auk þess, að þeir Sighvatur hefðu snúist eitthvað þarna á gólfinu. Hefði honum tekist að „ná" Sighvati „undir" sig og slegið hann þannig, að hann vankaðist. Kvað ákærði í mesta lagi 15 mínútur hafa liðið, frá því að átökunum lauk, þar til Lárus, bróðir hans, kom heim.

Hér fyrir dómi hefur ákærði neitað því, að hann hafi sparkað margsinnis í líkama Sighvats heitins Andréssonar, og sagt, að hann fái ekki séð, að hann hafi orðið valdur að því, að þvagblaðra Sighvats hafi sprungið, og þannig að andláti hans. Ákærði kveðst aftur á móti viðurkenna að hafa slegið Sighvat hnefahögg á kjálkann og að hafa auk þess sparkað einu sinni í afturenda hans.

Ákærði kveðst hafa farið heim til sín neðan úr miðbæ ásamt þeim Sighvati, Lilju Guðjónsdóttur, Vilmundi Sigurði Vilmundarsyni og Hilmari Sigurbjartssyni. Hefðu þau öll verið ölvuð. Þegar þangað kom, var þar fyrir Eyþór Þorsteinsson, sem svaf ölvunarsvefni. Telur ákærði, að klukkan hafi verið nálægt 1.00 eftir miðnætti. Þau Lilja hafi farið inn í svefnherbergi, þar sem hann ætlaði að sýna henni mynd af dóttur sinni. Hafi þau setið þar á sófa ásamt þeim Hilmari og Sighvati. Þegar hann hafi verið að sýna Lilju myndina, hafi hann fengið högg í hnakkann og fallið fram yfir sig og síðan fengið í sig spark, svo að hann vankaðist. Telur ákærði, að Sighvatur hafi lagst ofan á sig. Hann hafi tekið á móti og slegið Sighvat eitt högg, svo að hann vankaðist eða jafnvel rotaðist. Kveðst ákærði hafa staðið upp og sparkað í afturenda Sighvats og sagt eitthvað á þá leið, að hann skyldi ekki reyna svona aftur.

Ákærði kannast við að hafa sagt hjá RLR við yfirheyrslu 2. júlí, að hann hefði sparkað einu sinni framanvert og fyrir neðan miðju í líkama Sighvats.

Ákærði kveður þetta hafa verið rangt og hann hafi borið svona vegna þess, hve hann hafi verið í miklu uppnámi, eftir að hafa heyrt, að hann hefði orðið valdur að dauða manns.

Ákærði kveðst ekki muna til þess, að Sighvatur hafi sagt neitt um myndina eða barnið á henni, og ekki vita til þess, að átök þeirra hafi staðið í sambandi við það (sbr. hér á eftir). Eftir að hann hafi sparkað í afturenda Sighvats, kveðst hann hafa farið fram í stofu til þess að hugsa ráð sitt, og hafi Sighvatur legið eftir á gólfinu. Eftir nokkrar mínútur kveðst hann hafa farið aftur inn í herbergið og tekið í öxl Sighvats og dregið hann fram í stofuna. Hafi Sighvatur hálfskriðið með og sagt eitthvað, sem ákærði kveðst ekkert geta rifjað upp, hvað var. Kveðst hann hafa skilið Sighvat eftir frammi við stofudyrnar og sest og fylgst með Sighvati, enda hafi hann verið hræddur um, að Sighvatur réðist aftur á sig. Hafi Sighvatur verið með rænu og gjóað augunum upp á ákærða. Skömmu eftir þetta hafi Lárus, bróðir ákærða, komið heim. Hafi það getað verið um hálftvö. Kveðst ákærði hafa talað um að hringja á lögregluna, en Lilja hafi þá sagt, að Sighvatur væri á skilorði og gæti lent í fangelsi, ef lögreglan kæmi. Eftir að Sighvatur hafi legið í stofunni í 10 - 15 mínútur og Lárus eitthvað stumrað yfir honum, hafi hann staðið upp og gengið út í fylgd Lárusar. Hafi Lárus komið strax inn aftur, en ákærði kveðst ekki hafa séð Sighvat eftir þetta.

Lilja Guðjónsdóttir skýrði frá því hjá rannsóknarlögreglu, að fljótlega eftir að komið var á Grettisgötuna, hefði ákærði farið að ýfast við Sighvat og kallað hann aumingja og því um líkt. Þau hefðu síðan setið á bekk eða rúmi, og hefði Páll haldið á mynd af dóttur sinni og verið að sýna hana. Sighvatur hefði þá tekið myndina af ákærða, hent henni í gólfið, svo að glerið í rammanum brotnaði, og sagt, að barnið væri ljótt. Um leið hefði hann slegið Pál aftan á hálsinn. Páll hefði þá tryllst og slegið Sighvat, sem fallið hefði á gólfið. Hefði Páll látið höggin dynja á Sighvati og margsparkað í skrokk honum. Sighvatur hefði margsinnis beðið sér vægðar, en loks hefði hann misst meðvitund. Kveðst hún hafa fundið rammann og sagt við ákærða, að hann skyldi hætta þessu, og hefði hann þá hætt að sparka í Sighvat, sem þá hafi löngu verið orðinn hreyfingarlaus. Sýndist vitninu svolítið blæða úr öðru munnviki Sighvats. Eftir góða stund hefði Páll dregið Sighvat inn í stærra herbergið, þar sem þeir Eyþór og Vilmundur hefðu verið sofandi. Alllöngum tíma síðar hefði komið þarna maður, sem hún ekki þekkir, og hefði hann þvegið Sighvati í framan og svo farið með hann út. Hún kveðst margsinnis hafa beðið ákærða um að hringja í sjúkrabíl og lögreglu, en hann hefði ekki viljað það.

Hér fyrir dómi hefur vitnið sagt, að hún myndi mjög óljóst eftir aðdraganda atburðanna á Grettisgötu. Telur hún jafnvel, að þau hafi setið við

drykkju á Hótel Borg, en ekki á Hressingarskálanum, eins og hún bar hjá lögreglu. Þá kveðst vitnið ekki muna eftir átökum á Austurvelli. Vitnið kveðst þó muna, að þau hafi farið heim til ákærða á Grettisgötuna, þar sem þau hafi sest að drykkju. Kveðst hún muna eftir því, að ákærði hafi verið að sýna þeim mynd af dóttur sinni þarna inni í herbergi. Hafi Sighvatur verið þarna í herberginu. Vitnið kveðst hafa setið, og telur hún, að ákærði hafi staðið. Ekki kveðst hún muna, hvernig Sighvatur var. Þegar hún hafði skoðað myndina, kveðst hún hafa rétt Sighvati heitnum myndina, og hafi hann misst hana óvart í gólfið. Hafi hann sagt eitthvað niðrandi um barnið. Segist hún muna eftir átökum með Sighvati og ákærða þarna í herberberginu. Hafi ákærði sparkað í Sighvat, en ekki kveðst vitnið muna, hvar ákærði sparkaði í Sighvat, og ekki heldur, hvort það hafi verið einu sinni eða oftar. Vitnið kveðst hafa reiðst þessu og halda, að hún hafi sagt við ákærða, að ef hann hringdi á sjúkrabíl eða lögregluna, myndi hún drepa sig. Annars kveðst vitnið ekki muna frekar eftir þessum atburði.

Vitnið segist hafa verið ruglað af drykkju og lyfjaneyslu, þegar þetta gerðist, og eins verið miður sín, þegar hún gaf skýrslu hjá lögreglu. Hafi hún verið búin að taka róandi lyf og drukkið áfengi ofan í þau. Kveðst hún hafa verið drykkju- og lyfjasjúklingur frá 15 ára aldri.

Vitnið hefur ekki getað skýrt misræmi með lögregluskýrslu hennar og frásögn hennar fyrir dómi.

Vitnið Hilmar Sigurbjartsson hefur skýrt frá því, að það hafi verið með ákærða í miðbænum og hafa hitt þau Sighvat, Vilmund og Lilju og farið með þeim öllum heim til ákærða á Grettisgötu. Hafi Eyþór verið þar sofandi fyrir. Hilmar kveðst hafa verið nokkuð drukkinn, en þó ekki ofurölvi. Hafi þau sest að drykkju. Hafi ákærði og Lilja setið á sófa og ákærði verið að sýna Lilju mynd af dóttur sinni. Vitnið kveðst hafa staðið þarna rétt hjá, en ekki muna, hvort Sighvatur stóð eða sat. Vitnið kveðst hafa séð, að Sighvatur sló til ákærða, og hafi höggið annaðhvort lent á hálsinum á ákærða eða í myndinni. Þá hafi hann sagt eitthvað niðrandi um barnið. Ákærði hafi staðið upp og sagt eitthvað við Sighvat, og hafi þeir rokið saman í hörkuslagsmál. Þeir hafi tekist fangbrögðum, og eins hafi högg gengið á víxl. Hafi leikurinn borist víða um herbergið og húsmunir oltið um, þ. á m. hljómflutningstæki. Kveðst vitnið hafa reynt að ganga á milli, en hafa verið hrundið frá. Hafi átökin endað með því, að ákærði hafi slegið Sighvat högg undir hökuna og rotað hann. Vitnið kveður engin spörk hafa lent á Sighvati, svo að hann hafi séð. Vitnið kveðst hafa farið fram ásamt Páli og Lilju, en þeir hafi verið mjög stutt frammi, ef nokkuð, og hafi þeir síðan tekið í handlegg Sighvati og dregið hann út og lagt hann til í stofunni, og hafi púði verið settur undir höfuð hans. Sighvatur hafi verið blóðugur um munninn og ákærði rispaður og blóðugur um nefið. Vitnið

kveðst hafa orðað það að fara með Sighvat til læknis, en þau hin hafi ekki tekið undir það. Sighvatur hafi legið þarna á gólfinu rotaður, en farið að ranka við sér eftir á að giska 5 til 10 mínútur. Hilmar telur, að Sighvatur hafi getað legið þarna lengur, enda sé tímaskyn sitt ekki öruggt. Í þessu hafi bróðir ákærða komið heim og farið að tala um að koma Sighvati út, þar sem af honum væri svo mikill ófriður. Hafi Sighvati verið hjálpað á fætur, og hafi Lárus stutt hann út og komið strax inn aftur.

Vitnið segir engin orð hafa farið á milli ákærða og Sighvats, svo að það muni. Hafi Sighvatur hvorki beðið sér vægðar né grátið.

Vitnið kveðst ekki minnast þess, að rætt hafi verið um að hringja í lögregluna út af Sighvati. Þá segist vitnið hafa gáð að áverkum á Sighvati, og hafi tennur hans verið heilar og hann ekki verið með glóðarauga. Kveðst vitnið meira að segja hafa þreifað upp í hann til þess að athuga tennur hans.

Vilmundur Sigurður Vilmundarson skýrði frá því hjá rannsóknarlögreglu, að eftir að hann kom heim til ákærða, hefði hann lagst til svefns við hlið Eyþórs Þorsteinssonar. Hefðu þau hin farið inn í annað herbergi. Kvaðst vitnið hafa vaknað við það, að ákærði hélt í axlir Sighvati og dró hann á bakinu inn í herbergið, þar sem vitnið hafði sofið. Hefði ákærði tekið í hárið á Sighvati, sem hafi virst vera hálfrænulaus, og slegið höfðinu einu sinni í gólfið. Þá taldi vitnið, að ákærði hefði sparkað einu sinni í síðu Sighvats, en var þó ekki visst um, hvar sparkið lenti. Maður með krók á handlegg, þ.e. Hilmar Sigurbjartsson, hefði komið á eftir ákærða inn í herbergið, og hefðu þeir báðir beðið ákærða um að láta af þessu. Hefði ákærði gert það. Í þeim svifum hefði bróðir ákærða komið heim og haft á orði að hringja í lögregluna. Kveðst vitnið þá hafa farið út ásamt Lilju til þess að lenda ekki í fangageymslunni.

Hér fyrir dómi hefur vitnið skýrt frá því, að þau hafi hitt ákærða niðri á Austurvelli og hann hafi boðið þeim heim til sín á Grettisgötuna. Þegar þangað kom, hafi verið þar fyrir Eyþór Þorsteinsson, sofandi inni í herbergi, en vitnið kveður þau hin hafa sest inni í stofu og að drykkju. Vitnið segir, að Sighvatur og Lilja hafi einnig verið undir áhrifum lyfja. Eitthvað hafi Sighvatur verið að ýfast við ákærða. Eftir nokkra stund kveðst vitnið hafa lagst til svefns við hliðina á Eyþóri. Kveðst vitnið hafa vaknað við það, að Sighvatur og ákærði komu inn, en kveðst nú ekki geta munað nánar, hvernig það gerðist. Vitnið kveðst ekki muna annað af átökunum en það, að ákærði hafi sparkað einu sinni í síðuna á Sighvati, að því er það telur. Vitnið kveðst þó ekki vera visst um, hvar sparkið lenti, enda hafi það verið hálfruglað. Kveður það lýsingu sína á átökunum í lögregluskýrslu geta verið rétta, en það muni ekki, hvað það hafi gert hjá lögreglunni, enda hafi það verið tekið beint til yfirheyrslu úr fangageymslunni

eftir „fyllirí". Ekki muni það til þess, að ákærði hafi slegið höfði Sighvats við gólfið. Vitnið kveðst muna eftir því, að bróðir ákærða, Lárus, hafi komið þarna og viljað gestina burt og sagt við Sighvat, að hann skyldi koma sér út, eða hann kallaði á lögregluna ella. Vitnið segir, að þau Lilja hafi þá flýtt sér út. Telur vitnið, að Sighvatur hafi þá orðið eftir. Vitnið kveðst muna eftir því, að blætt hafi úr munni Sighvats eftir átökin, en ekki hafi Sighvatur verið með glóðarauga, og sé það visst um það, því að það hafi gáð að áverkum á honum á eftir. Hafi Sighvatur sagt, rétt áður en þau Lilja fóru út, að allt væri í lagi með sig. Sighvatur hafi þá virst vera vankaður, móður og þreyttur.

Vitnið Lárus Konráðsson, bróðir ákærða, hefur skýrt frá því, að það hafi farið í kvikmyndahús. Hafi það verið allsgáð. Greinilegt hafi verið, að eitthvað hafði gengið á þar heima. Hefðu húsmunir verið úr stað og úr lagi færðir. Sighvatur hafi legið í stofunni og verið með rænu, en vankaður, og hafi umlað í honum. Ekki hafi sést á honum áverkar. Kveðst vitnið hafa þurrkað Sighvati í framan með blautu handklæði til þess að hressa hann við, enda hafi vitnið vilja losna við Sighvat. Ákærði hafi stungið upp á því að hringja í lögregluna og láta fjarlægja Sighvat, en stúlka, sem þarna hafi verið, hafi andmælt því og sagt, að Sighvatur myndi þá lenda í fangelsi, þar sem hann væri á skilorði. Kveðst vitnið einnig hafa spurt Sighvat að þessu og Sighvatur ekki viljað það heldur. Stúlkan hafi haft á orði, að ef lögreglan yrði kölluð til, myndi hún stinga Sighvat og sjálfa sig og síðan kæra þá bræður fyrir að hafa gert það. Vitnið kveðst hafa hjálpað Sighvati á fætur og tekið um handlegg hans og leitt hann út að garðshliðinu. Hafi það skilið við Sighvat, þar sem hann stóð á gangstéttinni, og gengið inn. Hafi þetta verið 30 - 54 mínútum eftir, að vitnið kom heim. Kveðst það ekki geta sagt, hvert Sighvatur hafi gengið. Hafi þau Lilja og Vilmundur þá verið farin.

Vitnið Jón Kristján Jacobsen kom til vinnu sinnar í efnalauginni Úðafossi, Vitastíg 13, skömmu fyrir kl. 7 á föstudagsmorguninn. Sá hann þá Sighvat heitinn liggja á grasbletti við bakhúsið nr. 11 þar við götuna. Lá Sighvatur í keng og á grúfu og virtist vera að vakna. Skömmu seinna settist hann á lágan vegg á milli húsanna, skjálfandi eins og af kulda. Í því bili kom eigandi efnalaugarinnar, Jón Lárus Guðmundsson, þarna að. Sighvatur hélt um magann og tautaði nokkrum sinnum, að sér liði svo illa. Að sögn Jóns Kristjáns var Sighvatur þarna til kl. um 7.45, en þá gekk hann niður götuna og niður á Laugaveg.

Þorsteinn Steingrímsson rannsóknarlögreglumaður var á ferð um Laugaveg í bifreið um kl. 8.15 og sá þá til Sighvats Andréssonar, þar sem hann gekk mjög hægt, haltrandi og hokinn, eftir syðri gangstéttinni inn Laugaveginn á milli Barónsstígs og Snorrabrautar.

Þórður Karlsson leigubifreiðarstjóri ók manni frá Hlemmi í Skriðustekk þennan föstudagsmorgun. Lýsing hans á manninum er í samræmi við útlit Sighvats heitins Andréssonar. Þórður kveður manninn hafa verið eins og vankaðan eða undir áhrifum áfengis og með glóðarauga. Kveðst hann hafa spurt manninn, hvort hann væri slappur, og hafi hann játað því. Smávegis gras hafi verið á buxum mannsins. Ekki getur Þórður tímasett þetta nákvæmar en að þetta hafi verið á milli kl. 8 og 12. Telur Þórður, að maðurinn hafi komið til sín frá horni Laugavegar og Rauðarárstígs.

Ákærði sætti læknisrannsókn í Síðumúlafangelsi þriðjudaginn 4. júlí. Í vottorði Þórarins Gíslasonar fangelsislæknis segir eftirfarandi um skoðunina:

„Er við skoðun vel áttaður (sic) á stað og stund, talsvert spenntur, en ekki áberandi fráhvarfseinkenni. Kvartar yfir verkjum í hnakka og er við þreifingu aumur yfir hálshrygg og neðsta hluta höfuðkúpu. Í gærkvöldi var hann rannsakaður á slysadeild Borgarspítala vegna þessa, og var talið, að um tognun væri að ræða. Ekki sást áverki á beinum við röngenmyndatöku. Það eru 2 vel gróin gömul ör: á hæ. fæti og kvið ofanverðum. Um er að ræða nokkra dreifða marbletti, sem allir eru aðeins gulleitir, sem bendir til, að þeir séu nokkurra daga gamlir. Á hæ. upphandlegg utanverðum er marblettur 2 x 4 sm, vi. upphandlegg eru 2 marblettir, 2 sm í þvermál hvor. Á miðju hæ. læri er marblettur, 3 x 4 sm. Marblettur er framanvert á vi. öxl, 2.5 × 3 sm. Nokkur eymsli eru yfir rifjum 8 og 9 vi. megin í sömu línu og miðjan á vi. viðbeini. Á sama svæði er marblettur, 5 × 3 sm. Á hálsi hæ. megin framanvert er sár með smáskorpu, þvermál 1 sm."

Húsið nr. 43 við Grettisgötu er þriðja hús frá horninu við Vitastíg. Rannsóknarlögreglan rannsakaði vettvanginn og gerði um það skýrslu. Segir þar m.a.:

— — —

Bæring Aðalsteinsson, sem nefndur er hér að framan, mun vera látinn.

Niðurstaða.

Ákærði viðurkenndi fyrst hjá rannsóknarlögreglu ríkisins að hafa sparkað í Sighvat Andrésson einu sinni „framanvert fyrir neðan miðju". Dró ákærði þetta til baka daginn eftir og hefur gefið skýringu hér fyrir dómi, að hann hafi sagt þetta í uppnámi yfir því að hafa heyrt, að hann væri valdur að dauða manns. Þegar ákærði gaf skýrsluna, var ekki vottur viðstaddur, a.m.k. ekki fyrr en undir lok skýrslunnar, og ákærða hafði ekki verið gefinn kostur á því að hafa réttargæslumann viðstaddan.

Vitnin Lilja Guðjónsdóttir og Vilmundur Sigurður Vilmundarson hafa verið óstöðug í skýrslum sínum og voru ölvuð, þegar atburðirnir urðu.

Þriðja vitnið að átökum Sighvats og ákærða, Hilmar Sigurbjartsson, hefur sagt, að hann hafi ekki séð ákærða sparka í Sighvat.

Telja verður, að upp undir 5 klukkustundir hafi getað liðið, frá því að Sighvatur fór út frá ákærða, þar til hann sást á lóðinni við Vitastíg. Ekkert er vitað um ferðir hans eða hvernig honum reiddi af á þessu tímabili.

Nokkrar líkur eru til þess, að Sighvatur Andrésson hafi hlotið það högg eða spark frá ákærða, sem valdið hafi því, að þvagblaðran í honum rifnaði. Ekki þykir þetta þó vera hafið yfir allan vafa af þeim ástæðum, sem hér voru raktar, enda ekki hægt að útiloka, að öðrum sé til að dreifa, annaðhvort fyrir eða eftir dvöl hans á heimili ákærða. Verður í þessu sambandi að líta til frásagnar vitnisins Hilmars Sigurbjartssonar um falska góminn í Sighvati heitnum. Ber því að sýkna ákærða af broti gegn 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 11. gr. laga nr. 20, 1981.

Aftur á móti hefur ákærði viðurkennt að hafa í átökunum, sem telja verður, að Sighvatur heitinn hafi átt upptökin að, slegið Sighvat hnefahögg á kjálkann, svo að hann rotaðist eða vankaðist, og að hafa sparkað í sitjandann á honum. Fram er komið, að Sighvatur var blóðugur í andliti eftir átökin. Hefur ákærði þannig orðið sannur að líkamsárás á Sighvat, og þykir hún varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 10. gr. laga nr. 20, 1981, og ber að sakfella hann fyrir það brot, enda er ákæra málsins ekki því til hindrunar, og málið hefur verið reifað að því leyti, sbr. 3. mgr. i.f. 118. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74, 1974.

Viðurlög, sakarkostnaður.

Ákærði hefur verið sakfelldur sextán sinnum og dæmdur í samtals 4 ára og 2 mánaða fangelsisvist fyrir ýmisleg hegningarlagabrot. Auk þessa hefur hann verið sektaður tuttugu og einu sinni fyrir margvísleg brot, svo sem ölvun, umferðarlagabrot, eignaspjöll og tolllagabrot. Þykir refsing ákærða vera hæfilega ákveðin fangelsi í 30 daga, og er þá annars vegar höfð hliðsjón af því, að Sighvatur heitinn átti upptök að átökunum með því að slá ákærða, en hins vegar af löngum og miklum sakaferli hans. Frá refsingunni ber að draga 10 daga gæsluvarðhaldsvist ákærða.

Dæma ber ákærða til þess að greiða sakarkostnað málsins að ¼ hluta, en ríkissjóð að ¾ hlutum. Greiði ákærði 20.000 krónur í saksóknarlaun og 20.000 krónur í málsvarnarlaun til verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, en ríkissjóður greiði 60.000 krónur í málsvarnarlaun til verjandans.

Dómsorð:

Ákærði, Páll Konráð Konráðsson Þormar, sæti fangelsi í 30 daga. Frá refsingunni dregst 10 daga gæsluvarðhaldsvist ákærða.

Ákærði greiði sakarkostnað að ¼ hluta, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun til Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, verjanda síns, 20.000 krónur.

Úr ríkissjóði greiðist ¾ hlutar sakarkostnaðar, þar með taldar 60.000 krónur í málsvarnarlaun til verjanda ákærða.

Fimmtudaginn 7. febrúar 1991.

Nr. 304/1988. **Jóhann Óli Guðmundsson**
(Othar Örn Petersen hrl.)
gegn
Erlu Scheving Thorsteinsson og
Ólafi Pálssyni
(Tómas Þorvaldsson hdl.).

Fasteignakaup. Matsgerðir. Galli. Skaðabætur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Guðmundur Jónsson, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. september 1988 að fengnu áfrýjunarleyfi 23. ágúst sama ár samkvæmt heimild í 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Áfrýjandi krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefndu og málskostnaðar úr þeirra hendi í héraði og fyrir Hæstarétti að teknu tilliti til virðisaukaskatts. Fyrri varakrafa áfrýjanda er, að honum verði einungis gert að greiða stefndu 145.034,32 krónur auk vaxta samkvæmt meðaltalsávöxtun útlána hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum samkvæmt 5. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. september 1986 til greiðsludags, en stefndu gert að greiða áfrýjanda 366.761 krónu í málskostnað fyrir Hæstarétti. Síðari varakrafa áfrýjanda er sú, að honum verði einungis gert að greiða stefndu 194.397,32 krónur auk vaxta og málskostnaðar, eins og í fyrri varakröfu greinir. Í öllum tilvikum krefst áfrýjandi þess, að stefndu verði gert skylt að gefa út afsal fyrir fasteigninni Brekkugerði 6, Reykjavík.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.

I.

Mörg ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt, þar á meðal endurrit tveggja vitnamála, sem tekin voru fyrir á bæjarþingi Reykjavíkur í nóvember 1989 og október 1990, svo og yfirmatsgerð, dagsett 30. apríl 1990.

Af hálfu stefndu var framlagningu yfirmatsgerðar mótmælt. Henni var og mótmælt efnislega.

Í dómkvaðningarbeiðni eru þær ástæður færðar fram fyrir því, að beðið er um yfirmat, að undirmatsmenn hafi ekki metið alla þætti eða kostnaðarliði vegna gallanna á húsinu Brekkugerði 6, Reykjavík, og það, sem þeir þó hafi metið, hafi verið „greinilega allt of lágt metið".

Eins og lýst er í héraðsdómi, mátu undirmatsmenn kostnað við úrbætur vegna galla 426.000 krónur auk kostnaðar við sílanmeðferð steyptra veggja, sem þegar hafði verið framkvæmd. Voru þessar kostnaðartölur miðaðar við verðlag í ágúst 1986. Undirmatsgerðin er dagsett 8. september 1986, og voru þakviðgerðir framkvæmdar í september, október og nóvember sama ár. Útlagður kostnaður áfrýjanda vegna viðgerða á húsinu var 1.535.936 krónur. Áfrýjandi miðaði kröfugerð sína í héraði við útlagðan kostnað sinn, en ekki undirmatið. Áætlaður heildarkostnaður úrbóta samkvæmt yfirmatinu nemur á verðlagi í ágúst 1986 um 1.926.000 krónum. Aðalkröfu sína fyrir Hæstarétti miðar áfrýjandi við útlagðan kostnað sinn auk eftirtalinna liða samkvæmt áætlun yfirmatsgerðar: múrbrots, endursteypu, múrhúðunar, sílanmeðferðar, endurnýjunar loftaklæðningar og veggmálningar. Fyrri varakröfu sína byggir áfrýjandi á yfirmatinu að frádreginni loftaklæðningu, og síðari varakrafan er byggð á útlögðum kostnaði áfrýjanda.

II.

Í héraðsdómi er því lýst, að Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins athugaði steypuskemmdir á fasteigninni Brekkugerði 6 haustið 1983. Áfrýjandi heldur því fram, að stefndu hafi leynt sig niðurstöðu rannsóknar þessarar með ólögmætum hætti. Upplýst er í málinu, að áfrýjandi vissi, að rannsókn þessi hafði farið fram. Þá er einnig upplýst, að steypuskemmdir voru greinilegar á húsinu, og skoðaði áfrýjandi húsið margsinnis, bæði haustið 1983 og vorið 1984. Í tvö skipti skoðaði hann húsið ásamt múrurum. Hafa þeir borið fyrir dómi, að mikið hafi verið talað um steypuskemmdirnar og hugsanlegar ástæður fyrir þeim, m.a. hafi alkalívirkni borið á góma. Áfrýjandi heldur því fram, að stefndu hafi tjáð honum, að skýrslan hafi ekki sýnt merki um alkalívirkni, heldur, að um þenslu í járnum væri að ræða. Annar múrarinn efaðist um þetta og hvatti

áfrýjanda eindregið til þess að fá skýrsluna. Ósannað er, að stefndu hafi staðið því í vegi eða leynt áfrýjanda efni skýrslunnar. Þar sem sprungur voru augljósar á húsinu, verður ekki lögð bótaábyrgð á stefndu vegna þessa galla. Er niðurstaða héraðsdóms um þetta atriði staðfest, sbr. meginreglu 47. gr. kaupalaga nr. 39/1922.

III.

Fallist er á þá niðurstöðu héraðsdóms, að þeir gallar, sem fram komu á þaki hússins, hafi verið leyndir gallar, sem stefndu beri ábyrgð á. Kostnaður vegna þaksins haustið 1986 reyndist miklu meiri en undirmat gerði ráð fyrir, enda var þakinu breytt frá því, sem áður var. Er því ekki unnt að miða við útlagðan kostnað.

Eins og að framan greinir, fór yfirmat ekki fram fyrr en þremur og hálfu ári eftir, að undirmat var framkvæmt, og tveimur árum eftir, að héraðsdómur gekk. Búið var að gera við og breyta þakinu, þegar yfirmatið fór fram, og gátu yfirmatsmenn ekki skoðað það í sinni upphaflegu mynd eða sannreynt leka, sem um var deilt. Þar sem áfrýjandi sætti sig ekki við undirmatið, var brýnt, að hann hlutaðist til um yfirmat sem fyrst. Sá langi dráttur, sem á því varð, verður ekki réttlættur, og verður að hafna yfirmatinu sem of seint fram komnu, sbr. 3. mgr. 110. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. 15. gr. laga nr. 54/1988. Samkvæmt þessu ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms, sem skipaður var sérfróðum meðdómendum, og leggja undirmatsgerðina til grundvallar bótum, að fjárhæð 371.000 krónur. Matskostnaður verður tekinn til greina sem hluti málskostnaðar.

IV.

Staðfest er sú niðurstaða héraðsdóms, að áfrýjandi eigi rétt á bótum, að fjárhæð 13.000 krónur, vegna þrifa á húsinu.

Í kaupsamningi aðila var tekið fram, að bókahillur í arinstofu fylgdu með í kaupunum. Upplýst er, að stefndi Ólafur fékk að taka hillur þessar, og krefst áfrýjandi 140.000 króna endurgjalds vegna þessa. Stefndu halda því fram, að áfrýjandi og stefndi Ólafur hafi samið um það, eftir að kaupsamningur var undirritaður, að hillurnar skyldu ekki fylgja með í kaupunum. Ósannað er, að áfrýjandi hafi samþykkt að láta hillurnar af hendi endurgjaldslaust, og ber að dæma áfrýjanda 100.000 krónur í bætur vegna þessa.

V.

Eins og lýst er í héraðsdómi, voru vanskil áfrýjanda á greiðslu kaupverðs húseignarinnar Brekkugerði 6 veruleg.

Eftirstöðvar kaupverðsins, 2.336.416,66 krónur, voru gjaldfallnar hinn 5. júní 1987 vegna vanefnda áfrýjanda. Fallist er á, að framangreindar bótakröfur áfrýjanda, að fjárhæð 484.000 krónur (371.000 + 100.000 + 13.000) komi til lækkunar á kröfu stefndu með skuldajöfnuði, eins og segir í héraðsdómi.

Aðilar eru sammála um, að við úrlausn málsins verði ekki tekið tillit til geymslufjár, sem áfrýjandi greiddi hinn 6. desember 1985.

Samkvæmt framansögðu ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefndu 1.852.416,66 krónur með vöxtum, sem í dómsorði greinir, gegn afhendingu afsals fyrir fasteigninni Brekkugerði 6, Reykjavík.

Dæma ber áfrýjanda til að greiða stefndu málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Jóhann Óli Guðmundsson, greiði stefndu, Erlu Scheving Thorsteinsson og Ólafi Pálssyni, 1.852.416,66 krónur með 27% ársvöxtum af 403.250 krónum frá 1. september 1986 til 1. mars 1987, með 30% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 1. júní s.á., með 33,6% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 5. sama mánaðar, en af 1.852.416,66 krónum með 33,6% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 30. júní 1987, en með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags, allt gegn afhendingu afsals fyrir fasteigninni Brekkugerði 6, Reykjavík.

Dráttarvextir skulu leggjast við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. september 1987.

Áfrýjandi greiði stefndu 230.000 krónur í málskostnað í héraði og 300.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Sératkvæði

Hjartar Torfasonar hæstaréttardómara.

Málflutningur áfrýjanda í héraði um fjárhæð bóta vegna galla á þaki hússins að Brekkugerði 6 var á því byggður, að kostnaður

hans af viðgerð á þakinu gæfi raunhæfari mynd af tjóni vegna gallanna en niðurstöður grunnmatsmanna, sem væru vanreiknaðar. Má líta á hina nýju yfirmatsgerð sem eðlilega tilraun til að sanna þessa staðhæfingu, jafnframt því að koma fram endurskoðun grunnmatsins. Í henni eru metnir nokkrir kostnaðarþættir, sem sleppt var í grunnmatsgerð, en athygli sérfróðra dómenda í héraði var vakin á þeim. Áfrýjandi verður að bera hallann af því, hve yfirmatsgerðin er seint fram komin. Enda þótt niðurstöður hennar séu hærri en grunnmatsgerðar, hefur hún ekki þá úrslitaþýðingu, að grundvelli sé kippt undan fyrra mati á bótum til áfrýjanda. Í báðum matsgerðunum kemur skýrt fram, að gerð og frágangur þaksins hafi ekki verið af þeim gæðum, er svari því, hve til hússins var vandað að öðru leyti. Með tilliti til þessa og annarra málavaxta hefði ég talið eðlilegt að meta áfrýjanda afslátt að tiltölu vegna gallanna á þakinu með hliðsjón af tiltækum málsgögnum. Ég tel þó ekki ástæðu til ágreinings við meiri hluta dómenda þessa vegna, enda hnígur það, sem fyrr var rakið. í sömu átt og niðurstöður þeirra um þennan þátt málsins. Ég er samþykkur atkvæði þeirra að öðru leyti og fellst á það með þessari athugasemd.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 8. apríl 1988.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 14. mars sl., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af Erlu Scheving Thorsteinsson, nnr. 2176-8464, Álandi 11, Reykjavík, og Ólafi Pálssyni, nnr. 6781-4215, Frostaskjóli 69, Reykjavík, gegn Jóhanni Guðmundssyni, nnr. 4969-2242, Brekkugerði 6, Reykjavík, með stefnu, þingfestri 30. júní 1987.

Dómkröfur stefnenda eru þær aðallega, að stefndi verði dæmdur til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 2.336.416,66, ásamt 2,25% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 887.250 frá 1. september 1986 til 1. mars 1987, en með 2,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 14. apríl 1987, en með 30% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 31. maí 1987, en með 33,6% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 5. júní 1987, en af stefnufjárhæðinni, kr. 2.336.416,66, frá þeim degi til stefnubirtingardags, en með dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags, allt gegn afhendingu afsals fyrir fasteigninni Brekkugerði 6 hér í borg.

Til vara er krafist greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 1.719.750, ásamt 2,25% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 887.250 frá 1. september 1986 til 1. mars 1987, en með 2,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 14.

apríl 1987, en með 30% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 31. maí 1987, en með 33,6% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 5. júní 1987, en af kr. 1.719.750 frá þeim degi til stefnubirtingardags, en með vöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Þess er jafnframt krafist í varakröfu, að stefnda verði gert skylt með dómi að gefa út handhafaskuldabréf, sem afhent skuli stefnendum að kostnaðarlausu, að fjárhæð kr. 616.666,66, með einni afborgun pr. 5. júní 1988. Skuldabréfið skal tryggt með veði í Brekkugerði 6, Reykjavík, og skal bera 17,5% ársvexti, sem skulu reiknaðir frá 5. júní 1987, allt gegn afhendingu afsals fyrir fasteigninni Brekkugerði 6 hér í borg.

Jafnframt er þess krafist, bæði hvað varðar aðal- og varakröfu, að dráttarvextir skuli leggjast við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn þann 1. september 1987, í samræmi við 12. gr. laga nr. 25/1987.

Loks er þess krafist bæði vegna aðal- og varakröfu, að stefnendum verði dæmdur málskostnaður skv. gjaldskrá LMFÍ.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af kröfum stefnenda og tildæmdur málskostnaður úr hendi þeirra samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

II.

Stefnendur lýsa málsatvikum og málsástæðum sínum svo, að skuld þessi sé tilkomin vegna kaupa stefnda á fasteigninni Brekkugerði 6, Reykjavík, af stefnendum skv. kaupsamningi, dags. 5. júní 1984. Um sé að ræða vanskil stefnda skv. kaupsamningnum, annars vegar vegna síðustu samningsgreiðslu, pr. 28. ágúst 1985, sem átt hafi að vera kr. 650.000, en nemi nú kr. 887.250, með höfuðstólsfærslu dráttarvaxta, að fjárhæð kr. 237.250, vegna tímabilsins 1. september 1985 til 1. september 1986. Hins vegar séu vanskilin vegna óútgefins skuldabréfs vegna eftirstöðva kaupsamningsins, að fjárhæð kr. 1.449.166,66. Samtals nemi fjárhæðir þessar kr. 2.336.416,66, sem er jafnt stefnufjárhæðinni í aðalkröfu.

Vanskil vegna hins óútgefna skuldabréfs sundurliðist þannig, að kr. 832.500 séu önnur afborgun af skuldabréfinu og hafi átt að vera á gjalddaga þann 5. júní 1987, þar af sé afborgun af höfuðstól kr. 616.666,66, en kr. 215.833,33 séu vextir, kr. 616.666,66 séu þriðja og síðasta afborgun af skuldabréfinu, sem hefði átt að vera þann 5. júní 1988. Stefndi hafi hins vegar greitt fyrstu afborgun skuldabréfsins, sem vera átti þann 5. júní 1986 og nánar verði skýrt hér á eftir.

Þar sem vanefndir stefnda á greiðsluskyldu sinni séu svo verulegar sem fram sé komið, líti stefnendur svo á, að allar eftirstöðvar kaupsamningsins séu gjaldfallnar með ofangreindum hætti, sbr. hér fordæmi í Hrd. 1954, 534.

Varakrafa stefnenda sé fundin með sama hætti og að framan greini, nema hvað gert sé ráð fyrir útgáfu skuldabréfs, að fjárhæð kr. 616.666,66, sem er eina ógjaldfallna afborgun skuldabréfsins, sem stefnda hafi borið að gefa út samkvæmt kaupsamningi. Að öðru leyti sé krafist sömu greiðsluskilmála vegna skuldabréfsins og greini í áðurnefndum kaupsamningi.

Stefndi hafi ekki fengist til þess að greiða ofangreindar fjárhæðir þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir þar um, og beri hann því við, að honum sé rétt að halda eftir greiðslum vegna meintra galla á fasteigninni Brekkugerði 6, sem stefnendur beri ábyrgð á. Stefndi hafi haldið eftir greiðslu vegna síðustu afborgunar ofangreinds kaupsamnings um Brekkugerði 6, pr. 28. ágúst 1985, að upphæð kr. 406.000, sem hann áætli sjálfur sem viðgerðarkostnað vegna hinna meintu galla, auk þess sem hann hafi haldið eftir kr. 140.000 vegna innréttingar, sem hann hafi talið sig eiga rétt á skv. kaupsamningi. Loks hafi stefndi haldið eftir kr. 13.000 vegna meints kostnaðar við hreingerningu á fasteigninni. Samtals nemi þessar fjárhæðir kr. 559.000, og hafi þá staðið eftir af ofangreindri samningsgreiðslu, sem átt hafi að vera kr. 650.000, kr. 91.000, en stefndi hafi „deponerað" þessum mismun í Landsbanka Íslands þann 6. júní 1985. Stefnendum hafi verið tilkynnt um þessar ráðstafanir stefnda með bréfi lögmanns hans, dags. 5. september 1985.

Ofangreindum ráðstöfunum stefnda hafi verið mótmælt með bréfi lögmanns stefnenda, dags. 20. nóvember 1985, sem algerlega ólögmætum, þar sem stefnendur telja sig ekki bera ábyrgð á hinum meintu göllum, munnlegt samkomulag hafi verið gert eftir kaupsamning um afhendingu innréttingarinnar án sérstaks endurgjalds, og loks hafi húsið verið fullkomlega hreingert (sic) af þeirra hálfu við afhendingu. Að auki hafi hin áætlaða bótafjárhæð verið óljós og umdeild sem slík og stefnda því algerlega óheimilt að halda eftir greiðslum eða „deponera" á þeim grundvelli.

Að beiðni stefnenda hafi farið fram rannsókn á ofangreindri fasteign af hálfu Rannsóknarstofnunar byggingariðnaðarins þann 4. nóvember 1983. Tilgangur rannsóknarinnar hafi verið að kanna steypuskemmdir, og helstu niðurstöður hafi orðið þær, að steypan í húsinu væri að einhverju leyti alkalívirk. Stefndi hafi vitað af þessari rannsókn, enda hafi hún verið gerð í sambandi við fyrri samningaumleitanir aðila máls þessa um sölu á viðkomandi húsi. Stefnda hafi jafnframt verið kunngert um niðurstöður rannsóknarinnar.

Í sama mánuði og umrædd rannsókn var gerð hafi stefndi látið a.m.k. þrjá iðnaðarmenn skoða húsið, auk þess sem hann sjálfur og fjölskylda hans hafi margskoðað húsið ítarlega, áður en gengið hafi verið frá kaupsamningi.

Þegar svo loks hafi verið skrifað undir kaupsamning þann 5. júní 1984, hafi stefndi enga fyrirvara eða athugasemdir gert um ástand hússins, en

samningurinn hafi m.a. að geyma svohljóðandi ákvæði: „Eignin er seld í því ástandi, sem kaupandi hefur kynnt sér við skoðun og sættir sig við að öllu leyti.“

Þann 25. nóvember 1985 hafi verið dómkvaddir matsmenn að beiðni lögmanns stefnda til þess að meta sprungumyndanir í húsinu, og seinna hafi verið bætt við beiðni um mat á þakleka. Matsgerð hafi ekki verið skilað fyrr en þann 8. september 1986. Helstu niðurstöður mats þessa séu þær, að steypusprungur séu á húsinu í nokkrum mæli og að auki sé þakið lekt; enn fremur séu tilgreindar hugsanlegar orsakir þessa og leiðir til úrbóta.

Varðandi hugsanlega bótaskyldu á grundvelli steypusprungna sé það alveg ljóst, að stefnendur beri ekki ábyrgð á þeim, þar sem rannsókn Rannsóknarstofnunar byggingariðnaðarins hafi legið fyrir um sama leyti og stefndi hafi fengið sérfróða menn um byggingar til þess að skoða fyrir sig húsið, en í greindri rannsókn segi, að steypuskemmdir hafi verið sýnilegar á þessum tíma á veggjum hússins. Hér sé því um að ræða augsýnilega galla, sem kaupandi beri sjálfur ábyrgð á skv. lögjöfnun við 47. gr. l. nr. 39/1922, sem kveði á um skoðunarskyldu kaupanda.

Í greindri matsgerð séu gefnar fjórar orsakir fyrir þakleka, þ.e., að þakgluggum, rakavörn og útloftun þaksins og frágangi við þakbrúnir og gafla sé ábótavant.

Varðandi þakglugga og frágang við þakbrúnir og gafla gildi það sama um ábyrgð stefnenda og að ofan greini um steypusprungur, þ.e. gallar þessir séu sýnilegir, og verði því kaupandi að bera ábyrgð á þeim.

Því verði hins vegar ekki á móti mælt, að gallar á rakavörn og útloftun þaks séu yfirleitt ekki sýnilegir við venjulega skoðun og jafnvel þótt um sérfróða skoðunarmenn sé að ræða, eins og verið hafi í þessu tilfelli. Hins sé þó að gæta, að af greindri matsgerð verði ekki ráðið, að hve miklu leyti rakaþétting vegna ónógrar rakavarnar og útloftun þaks hafi valdið leka þeim, er gætt hafi í umræddu húsi. Verði reyndar ekki séð, að matsmenn hafi nokkurn tíma séð leka eða merki um leka af þessum völdum. Af þessu leiði, að ógerlegt sé að sjá af matsgerðinni, hve miklu eða yfirleitt hvort leki af þessu tagi hafi valdið stefnda tjóni. Matsgerðina verði því að telja algerlega ófullnægjandi sönnunargagn, hvað varði hugsanlegt tjón stefnda vegna leka af völdum rakaþéttingar. Í þessu sambandi sé enn fremur rétt að benda á það, að í matsgerðinni sé hvergi minnst á það, hvers vegna rakaþéttingin verði ekki virk fyrr en 11 til 12 árum eftir, að húsið sé byggt, og þá ekki fyrr en stefndi hafi búið í húsinu um nokkurn tíma.

Í matsgerðinni sé ekki heldur skilgreint, við hvaða sérstöku veðurfarsskilyrði rakaþétting verði virk, eða gerð tilraun til þess að staðreyna rakaþéttinguna, þegar þau veðurfarsskilyrði hafi verið fyrir hendi, er leiða ættu til rakaþéttingar.

Fleiri rök leiði einnig til þess, að stefnendur verði ekki taldir bera ábyrgð á greindum göllum. Komi þar helst til sú staðreynd, að stefnendur hafi búið í húsinu í 10 til 11 ár, án þess að nokkurn tíma yrði vart leka nema frá þakgluggum, og jafnframt, að húsið hafi á öllum byggingarstigum verið tekið út af byggingarfulltrúa athugasemdalaust. Enn fremur fullyrði stefnandinn, Ólafur Pálsson, að bæði hann og þáverandi mágur hans, Gunnar Scheving Thorsteinsson verkfræðingur, hafi margoft bent stefnda á það, að verja þyrfti þá veggi að ofan, sem standi upp úr þaki hússins. Loks sé rétt að geta þess, að stefnendur hafi aldrei viðurkennt ábyrgð á neinum þeim göllum, sem stefndi hafi haldið fram, að á húsinu væru.

Þann 23. maí 1986 hafi lögmaður stefnenda sent stefnda bréf, þar sem ítrekaðar hafi verið gerðar kröfur og skorað á hann að gefa út greint skuldabréf gegn afsali vegna umræddrar fasteignar. Með bréfi, dags. 5. júní 1986, svari lögmaður stefnda bréfi þessu og greini frá því, að stefndi muni ekki gefa út skuldabréfið, fyrr en niðurstöður matsmanna liggi fyrir. Hins vegar hafi hann lýst vilja stefnda til þess að greiða fyrstu afborgun af hinu óútgefna skuldabréfi, og hafi sú greiðsla verið innt af hendi þann 6. júní 1986.

Loks hafi stefnda verið tilkynnt með skeyti þann 5. júní 1987, að þann dag væri á gjalddaga önnur afborgun skv. margnefndu skuldabréfi og fjárhæð hennar jafnframt tilgreind. Stefndi hafi í engu sinnt þessu.

Allan þann tíma, er liðinn sé, frá því að stefndi hafi fyrst gert kröfur um bætur vegna meintra galla á umræddri fasteign, hafi samningaumleitanir verið í gangi milli aðila málsins; þær hafi hins vegar ekki borið árangur, og sé málsókn þessi því nauðsynleg.

Kröfur sínar styðja stefnendur eftirfarandi lagarökum:

Varðandi höfuðstólsfærslu vaxta er vísað til vaxtaákvarðana Seðlabanka Íslands og 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987.

Vegna skuldajafnaðarkröfu stefnda er byggt á því, að skuldajöfnuður sé honum óheimill, þar sem um sé að ræða umþrætta og óljósa kröfu gegn ótvíræðri og óumdeildri greiðsluskyldu skv. kaupsamningi.

Varðandi kröfu stefnenda um gjaldfellingu eftirstöðva kaupverðs skv. kaupsamningi er vísað til fordæmis, sem er að finna í Hrd. 1954, 1922, sem kveður á um skoðunarskyldu kaupanda.

III.

Stefndi lýsir málavöxtum svo í greinargerð sinni, að hann hafi keypt af stefnendum máls þessa fasteignina nr. 6 við Brekkugerði í Reykjavík með kaupsamningi, dags. 5. júní 1984. Hafi fasteignin verið afhent stefnda í ágúst s.á. Samkvæmt kaupsamningi hafi stefnda borið að greiða kr. 6.500.000 fyrir fasteignina, sem skiptist í útborganir, kr. 4.650.000, og eftir-

stöðvabréf, kr. 1.850.000, til þriggja ára. Hafi allar útborgunargreiðslur verið inntar af hendi nema lokagreiðslan, pr. 28. ágúst 1985, kr. 650.000. Þá hafi fyrsta afborgun ásamt áföllnum vöxtum verið greidd af „skuldabréfi", en eftirstöðvarnar séu ógreiddar.

Fram hafi komið gallar í fasteigninni, sem lýsi sér í skemmdum í steypu og leka. Við kaupin hafi komið fram af hálfu stefnenda, að þau hefðu látið skoða fasteignina síðla árs árið áður af Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins vegna sprungumyndana í steypu hússins. Hefði niðurstaða nefndrar stofnunar verið sú, að orsökin ætti rót sína að rekja (sic) til járnabindinga hússins. Segist stefndi hafa tekið þessa skýringu gilda. Síðar hafi sprungur og sprungumynstur haldið áfram að dýpka eða myndast, og þá hafi hann talið ástæðu til að leita til áðurgreindrar stofnunar. Samkvæmt niðurstöðu hennar sé orsökin alkalívirkni í steypu, og sé það í samræmi við fyrri athuganir stofnunarinnar, sem um hafi verið beðið af stefnendum, en þar segir m.a.: „Niðurstöður lofttalningar sýna, að steypan uppfyllir ekki körfur, sem gera verður til frostþolinnar steypu." Segir stefndi stefnendur hafa leynt sig þessari vitneskju sinni um þennan galla, sem fram komi í nefndri skýrslu Rannsóknarstofnunar byggingariðnaðarins. Munu hafa farið fram viðræður á milli stefnda og stefnenda og einnig á milli stefnda og Gunnars Schevings Thorsteinssonar verkfræðings, sem komið hafi fram í þessu máli fyrir hönd stefnenda. Í þessum umræðum hafi komið fram hugmyndir varðandi kostnað við viðgerð á sprungum í útveggjum (svo og smíði á svalatröppum), og bótatalan 406.181 hafi orðið til. Verði að telja, að um hafi verið að ræða bótaskyldan galla á fasteigninni, og hafi því umræddri fjárhæð verið haldið eftir ásamt bótum fyrir innréttingu, sem fylgt hafi húsinu í kaupunum, en stefnendur hafi tekið úr húsinu, og kostnaði vegna hreingerninga, en húsinu muni hafa verið skilað óhreingerðu (sic). Hafi umræddum bótagreiðslum verið skuldajafnað við lokaútborgunargreiðslu. Úr því að samkomulag hafi ekki náðst við stefnendur varðandi þessa galla, hafi stefnda fundist ástæða til þess að dómkveðja matsmenn til þess að kanna þessa galla frekar. Með matsbeiðni, dags. 22. nóvember 1985, hafi verið lagðar spurningar fyrir matsmenn varðandi sprungumyndanirnar. Hafi þá jafnframt verið svo komið, að mikils leka gætti í húsinu. Varðandi lekann segi stefndi svo frá, að við kaupin hafi mátt sjá einhver merki um leka. Hafi stefnendur fullvissað sig um, að búið væri að lagfæra húsið í þeim efnum. Einhvers leka muni hafa gætt fljótlega eftir afhendingu, en hann hafi aukist jafnt og þétt, og þá hafi komið í ljós, að viðgerðir hafi verið alls ófullnægjandi. Því hafi verið lögð fram viðbótarmatsbeiðni á fundi með matsmönnum 7. febrúar 1986. Með þeirri beiðni hafi matsmenn einnig verið spurðir um orsakir lekans o.fl. í sambandi við hann. Niðurstöður matsmanna hafi legið fyrir 8. september 1986. Þar segi m.a.

varðandi steypusprungur: „Orsök sprungunets á vesturvegg og grófra sprungna í stofuvegg og við svalir er alkalívirkni í steypunni." Varðandi lekann segi matsmenn m.a.: „Engin ein orsök finnst fyrir þeim leka, sem matsmenn urðu varir við eða sáu merki um. Vandinn er fjórþættur og tengist þakgluggum, rakavörn og útloftun þaksins og frágangi við þakbrúnir og gafla." Að öðru leyti er vísað til nefndrar matsgerðar varðandi þessi atriði, en niðurstaða matsins hafi verið sú, að kostnaður við úrbætur næmi samtals kr. 426.000 miðað við verðlag í ágúst 1986. Sé þá undanskilinn sílanáburður, sem matsmenn telji nauðsynlegan, þar sem hann hafði þá þegar verið framkvæmdur. Kostnaður vegna þessa hafi numið kr. 110.533.

Af matinu megi vera ljóst, að umrædd fasteign hafi verið haldin (sic) göllum, bæði varðandi sprungur í útveggjum (alkalívirkni) og leka í þaki. Kostnaður við viðgerðir á nefndum göllum hafi orðið töluvert meiri en matsmenn hafi gert ráð fyrir, svo sem kostnaðaryfirlit og framlögð dómskjöl bera með sér. Af þeim gögnum megi vera ljóst, að kostnaður vegna gallanna og annarra vanefnda nemi fjárhæðum, sem a.m.k. samsvari eftirstöðvum af kaupverði hússins, þ.e. lokaútborgunargreiðslu, pr. 28. ágúst 1985, að fjárhæð kr. 650.000, og annarri afborgun af „skuldabréfi" ásamt áföllnum vöxtum, þ.e. afborgun, pr. 5. júní 1987, kr. 616.666, og áföllnum samningsvöxtum, kr. 215.833. Sé jafnframt litið svo á, að seinasta afborgun „skuldabréfs" sé ógjaldfallin. Telja verði, að stefnda hafi verið heimilt að beita skuldajöfnuði vegna þess kostnaðar, sem umræddir gallar og aðrar vanefndir hafi bakað honum, á móti eftirstöðvum útborgunar, pr. 28. ágúst 1985, og annarri afborgun af „skuldabréfi", pr. 5. júní 1987. Jafnframt sé hafður uppi áskilnaður um að gagnstefna, reynist kostnaður vegna umræddra galla meiri en nemi þessum fjárhæðum. Með vísan til þessa sé einnig mótmælt dráttarvaxtatöku af nefndum fjárhæðum og höfuðstólsfærslu dráttarvaxta, svo sem stefnendur geri ráð fyrir í kröfugerð sinni.

Þau lagarök, sem stefndi byggir á, eru þau, að umrædd fasteign hafi verið haldin (sic) verulegum bótaskyldum göllum, sem lýsi sér í leka á húsinu um þak, þakglugga og gafla, og alkalívirkni í útveggjum, sem lýsi sér í djúpum sprungum og sprungunetum á þeim. Því sé haldið fram, að kostnaður við viðgerðir á umræddum göllum samsvari a.m.k. stefnufjárhæð, og jafnframt, að skuldajöfnuður sé heimill í þessum efnum. Varðandi gallana vísast til 42. gr. kaupalaga nr. 32/1922, en um skuldajöfnuð sé vísað til laga nr. 85/1936, 49. gr. Aðrar vanefndir stefnenda séu frágangur á húsi við afhendingu og burttaka á föstum hillum, sem fylgt hafi með í kaupunum, án endurgjalds. Sé skuldajöfnun einnig heimil í þeim efnum. Til vara sé gerð sú krafa, að stefnda beri afsláttur, sem samsvari framangreindum vanefndum.

IV.

Gefið hafa skýrslur fyrir dómi í máli þessu stefnendurnir, Erla Scheving Thorsteinsson og Ólafur Pálsson, stefndi, Jóhann Guðmundsson, svo og vitnin Gunnar Scheving Thorsteinsson byggingaverkfræðingur, Ólafur Jónsson múrari, Ágúst Þórðarson múrari og byggingafræðingur, Óttar P. Halldórsson prófessor, Þorsteinn Helgason prófessor, Jóhann Eyjólfsson málari, Þórir Finnur Helgason húsasmiður og Magnús R. Guðmundsson húsasmíðameistari.

Dómendur fóru á vettvang að Brekkugerði 6 og kynntu sér þar aðstæður ásamt aðilum og lögmönnum þeirra.

Samkvæmt málatilbúnaði stefnda er sýknukrafa hans í málinu sett fram sem gagnkrafa við aðalkröfu stefnenda um greiðslu eftirstöðva kaupverðs fasteignarinnar að Brekkugerði 6, Reykjavík. Er sú gagnkrafa á því byggð, að fasteignin sé haldin (sic) verulegum bótaskyldum göllum vegna steypuskemmda, alkalívirkni og þakleka, en einnig felur hún í sér bótakröfu vegna innréttingar, sem fylgja átti fasteigninni, svo og kostnað vegna hreingerningar hússins.

Fyrir liggur í málinu, svo sem fram er komið, athugun Rannsóknarstofnunar byggingariðnaðarins á steypuskemmdum greindrar fasteignar, og er sú rannsókn dags. 23. nóvember 1983. Í álitsgerð þessari segir svo m.a. um skoðun og sýnatöku: „Í húsinu eru ekki áberandi sprungur í hraunhúð. Sprungur sjást á plötuskilum. Á vesturhlið er sprungunet við plötuskil. Fristandandi veggir eru talsvert sprungnir, og þar sem steypa var brotin upp við stoðvegg við bílskúr og við tröppur á suðurhlið, var greinilegur raki í steypunni og molnun af völdum frost-þíðuáhrifa. Einnig mátti greina fínt sprungunet í brotsárinu.

Tveir kjarnar voru boraðir, nr. I úr stoðvegg við bílskúr og nr. II úr kjallaravegg á vesturhlið hússins.

Kjarnarnir voru báðir rannsakaðir með tilliti til alkalívirkni og loftinnihalds."

Í niðurstöðu rannsóknarinnar segir enn fremur:

„Við skoðun kjarnanna strax eftir borun sáust ekki merki um alkalívirkni í kjarna nr. I, en örlítil merki um virkni í kjarna nr. II. Eftir 10 daga geymslu í rakamettuðu lofti og hita (+38 C) sáust örlítil merki um alkalívirkni í kjarna nr. I og talsverð í kjarna nr. II.

Niðurstöður lofttalningar sýna, að steypan uppfyllir ekki kröfur, sem gera verður til frostþolinnar steypu."

Steypuskemmdum hússins er einnig lýst í framlagðri matsgerð, og kemur þar fram, að matsmenn hafa kynnt sér skýrslu Rannsóknarstofnunar byggingariðnaðarins og eru samþykkir niðurstöðu hennar í öllum aðalatriðum. Matsmenn taka fram í matsgerð sinni, að sprungunet á vesturvegg, en þó

einkum á stoðvegg og við svalir, beri vott um dæmigerðar alkalískemmdir, magnaðar upp af frostáhrifum.

Fyrir liggur, að stefndi hafði séð sprungur og steypuskemmdir á húsinu utanverðu við skoðun sína fyrir kaupin, jafnframt því sem honum var kunnugt um, að rannsókn á orsökum steypuskemmda hafði verið gerð af hálfu Rannsóknarstofnunar byggingariðnaðarins. Honum átti því að vera fullljóst um galla þessa, og getur hann því ekki samkvæmt meginreglu 47. gr. kaupalaga nr. 39/1922 krafið stefnendur um bætur vegna framangreindra ágalla hússins.

Í framlagðri matsgerð, sem matsmenn hafa staðfest fyrir dómi, er lýst athugunum matsmanna og niðurstöðum varðandi leka í húsinu. Leki reyndist vera í svefnherbergi hjóna, í barnaherbergi í norðausturhorni hússins svo og í svefnálmugangi, þar sem vatnið reyndist koma inn með gleri í loftglugga.

Í matsgerð segir svo um skoðun matsmanna á þaki hússins hinn 12. apríl 1986: „Merki voru um leka í öllum þakgluggum, og var lakk á klæðningu innan á gluggaumgerð illa farið í öllum austurhornum. Að ofan mátti sjá merki um tilraunir til þess að koma í veg fyrir leka inn með gluggunum með því að loka umgerðinni allri með kítti, sem síðan hafði verið málað yfir. Kíttið var laust og viður á bak við það vatnsósa."

Um ástand þaksins að öðru leyti segir m.a. svo í matsgerðinni: „Frágangur þaksins er allur á þann veg, að mjög lítil útloftun er þar möguleg. Loftstreymi er hindrað, þar eð flest loftrúm eru algerlega lokuð gagnvart loftstreymi þvert yfir þakið, og loftræsiventlar eru þar engir. Rakastreymi út úr þakrýminu er enn frekar hindrað með notkun asfaltpappa ofan á borðaklæðningu og hinni miklu þéttingu þakplatnanna.

Engan veginn er ljóst, hvernig hönnuður hefur hugsað sér, að útloftun þaksins ætti sér stað. Teikningar hans sýna og skoðun matsmanna staðfestir, að útloftunarvanda þaksins hefur lítt verið sinnt."

Í matsgerðinni segir svo um niðurstöður varðandi leka: „Engin ein orsök finnst fyrir þeim leka, sem matsmenn urðu varir við eða sáu merki um. Vandinn er fjórþættur og tengist þakgluggum, rakavörn og útloftun þaksins og frágangi við þakbrúnir og gafla."

Varðandi rakaþéttingu segir m.a. svo í niðurstöðu matsgerðar: „Núverandi þak safnar í sig raka, sem kemur innan úr húsinu og þéttist undir asfaltpappanum við ákveðnar veðurfarsaðstæður. Verði magn það, er þar þéttist, nægilegt, fer það að leka niður í dropatali. Til þess að hindra slíkan leka þarf að bæta rakavörn þaksins og lofta það út."

Kostnað við úrbætur vegna leka hússins sundurliða matsmenn og meta þannig:

Loftræst klæðning (hattar) á gafla, svalavegg og stoðvegg við bílskúr	kr.	55.000
Þakgluggar	—	35.000
Þak:		
Rakavörn	—	16.000
Sperrur	—	65.000
Klæðning	—	21.000
Pappi	—	13.000
Stál	—	150.000
Þakbrún (rennuhlíf)	—	32.000
Hönnun	—	39.000
	Kr.	426.000

Tekið er fram í matsgerðinni, að útveggir hússins hafi þegar verið sílanbornir. Kostnaður við þá aðgerð liggi því þegar fyrir.

Samkvæmt lýsingu matsmanna og gögnum málsins að öðru leyti um hönnun og ástand þaks hússins að Brekkugerði 6 er ljóst, að loftræsting þaksins var ófullnægjandi og ekki í samræmi við ákvæði 7.5.12.1. í byggingarreglugerð nr. 292/1979 um þak og þakvirki, er hljóðar svo: „Þök skulu þannig hönnuð og byggð, að ekki komi til skaðlegrar rakaþéttingar í þakvirkinu eða á innra byrði þess."

Telja verður, að fyrrgreindir ágallar þaksins, að því er rakavörn þess og útloftun varðaði, hafi verið leyndir gallar, sem stefnendur beri bótaábyrgð á gagnvart stefnda, svo sem lögskiptum aðila er háttað.

Varðandi kostnað stefnda vegna þakviðgerðar þykir rétt að leggja framlagða matsgerð til grundvallar, þar sem metinn er kostnaður vegna fullnægjandi úrbóta þaksins, sem og ekki hefur verið hnekkt tölulega. Frá matsfjárhæðinni, kr. 426.000, ber þó að draga kostnað vegna loftræstrar klæðningar (hatta) á gafla, svalavegg og stoðvegg við bílskúr, kr. 55.000 samkvæmt matinu, þar sem um var að ræða galla, sem stefndi vissi um eða átti að vita um við kaupin. Til viðbótar komi matskostnaður, að fjárhæð kr. 70.000, þannig að bótakrafa stefnda á hendur stefnendum að þessu leyti telst vera að fjárhæð kr. 441.000 (426.000 + 55.000 + 70.000).

Að því er varðar kröfu stefnda um þrif á húsinu, að fjárhæð kr. 13.000, er upplýst, að húsinu var ekki skilað hreingerðu (sic), svo sem tilskilið var samkvæmt 11. tl. í skilmálum kaupsamnings aðila. Ber því að fallast á bótakröfu stefnda að þessu leyti, sem ekki hefur verið mótmælt tölulega.

Krafa stefnda um bætur, að fjárhæð kr. 140.000, vegna innréttingar er ekki nægilega rökstudd, og verður ekki á hana fallist gegn andmælum stefnenda.

Ekki verður fallist á bótakröfur stefnda að öðru leyti í máli þessu.

Bótakröfur stefnda samkvæmt framansögðu samsvara ekki stefnukröfum máls þessa, og ber því að hafna sýknukröfu hans í málinu. Hins vegar þykir mega fallast á, að framangreindar bótakröfur hans, að fjárhæð kr. 454.000 (441.000 + 13.000), komi til lækkunar á kröfu stefnenda með skuldajöfnuði.

Greiðsluskylda stefnda samkvæmt kaupsamningi aðila um fasteignina að Brekkugerði 6 er óumdeild og ótvíræð. Framangreindar bótakröfur stefnda réttlæta ekki vanskil hans á greiðslu kaupverðsins, sem telja verður veruleg. Ber því að fallast á aðalkröfu stefnenda um greiðslu eftirstöðva kaupverðsins, sem telja verður allar í gjalddaga fallnar vegna vanefnda stefnda. Til frádráttar aðalkröfu stefnenda, að fjárhæð kr. 2.336.416, komi gagnkrafa stefnda, að fjárhæð kr. 454.000 miðað við 1. september 1986, enda eru kostnaðartölur matsgerðar, sem fyrst og fremst er byggt á í því sambandi, miðaðar við verðlag í ágúst 1986.

Samkvæmt framansögðu verður niðurstaða málsins sú, að dæma ber stefnda til þess að greiða stefnendum kr. 1.882.416,66 með 2,25% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 433.250 frá 1. september 1986 og með vöxtum til 5. júní 1987, eins og greinir í dómsorði, en af kr. 1.882.416,66 með 33,6% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til þingfestingardags, 30. júní 1987, en með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags, allt gegn afhendingu afsals fyrir fasteigninni Brekkugerði 6, Reykjavík.

Dráttarvextir skulu leggjast við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. september 1987, í samræmi við 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987.

Eftir þessum úrslitum málsins ber að dæma stefnda til að greiða málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn kr. 300.000, þ.m.t. söluskattur.

Dóm þennan kváðu upp Eggert Óskarsson borgardómari og meðdómsmennirnir Magnús Guðjónsson húsasmíðameistari og Ragnar Ingimarsson byggingaverkfræðingur.

Dómsorð:

Stefndi, Jóhann Guðmundsson, greiði stefnendum, Erlu Scheving Thorsteinsson og Ólafi Pálssyni, kr. 1.882.416,66 með 2,25% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 433.250 frá 1. september 1986 til 1. mars 1987, en með 2,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 14. apríl 1987, en með 30% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 1. júní 1987, en með 33,6% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 5. júní 1987, en af kr. 1.882.416,66 með 33,6% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 30. júní 1987, en með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 300.000 í málskostnað, þ.m.t.

söluskattur, allt gegn afhendingu afsals fyrir fasteigninni Brekkugerði 6, Reykjavík.

Dráttarvextir skulu leggast við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. september 1987, í samræmi við 12. gr. laga 25/1987.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 7. febrúar 1991.

Nr. 419/1988. **Einar Brynjólfsson og**
Sigrún Ingólfsdóttir
(Jóhann Þórðarson hrl.)
gegn
Hitaveitu Rangæinga
(Páll Arnór Pálsson hrl.).

Samningar. Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Guðmundur Jónsson og Hjörtur Torfason, Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari, og Stefán Már Stefánsson prófessor.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. desember 1988 og gera þær dómkröfur aðallega, að málinu verði vísað frá héraðsdómi, en til vara, að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnda. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til þrautavara krefjast áfrýjendur þess, að kröfur stefnda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður látinn niður falla.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms með þeim breytingum, að fallið er frá sérstöku ákvæði um dráttarvexti, að fjárhæð 21.191 krónu, og dráttarvaxta krafist frá 13. júní 1986 til samræmis við breytingu á kröfugerð að því leyti við munnlegan málflutning í héraði 30. apríl 1987. Þá krefst stefndi málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Samkvæmt 1. gr. reglugerðar fyrir Hitaveitu Rangæinga nr. 632 frá 25. nóvember 1982 eiga Holtahreppur, Hvolhreppur og Rangárvallahreppur og reka saman fyrirtæki, sem nefnist Hitaveita Rangæinga. Var fyrirtækið stofnað með samningi milli þessara hreppa 13. október 1981. Samkvæmt 2. gr. reglugerðarinnar eru nefndir hreppar veitusvæði hitaveitunnar, og samkvæmt 3. gr. hefur hún einkaleyfi til reksturs hitaveitu og dreifingar og sölu á heitu vatni á veitusvæði sínu. Hitaveita Rangæinga hóf starfsemi í desember 1982.

II.

Á öndverðu ári 1981 mun áfrýjandinn Einar hafa falast eftir því við þáverandi oddvita Holtahrepps að fá heitt vatn til að hita upp íbúðarhúsið í Götu úr holu á Laugalandi, sem boruð hafði verið á vegum Orkustofnunar 1980. Var leyfi veitt til þessa og vatnslögn þá lögð til bráðabirgða í íbúðarhúsið. Stefndi lagði síðar varanlega lögn að íbúðarhúsinu. Samkvæmt því, sem fram kemur í aðilaskýrslu stjórnarformanns stefnda, gerðist þetta öðrum hvorum megin áramóta 1982/1983. Var þá rennslismælir settur á þessa lögn.

III.

Með bréfi 4. júní 1982 sótti áfrýjandinn Einar um það til stefnda að fá heitt vatn í um 300 fermetra gróðurhús, sem hann ráðgerði að byggja þá um sumarið. Hann ítrekaði þessa umsókn í bréfi 7. september sama ár og tilgreindi jafnframt það vatnsmagn, er hann þyrfti og næmi 0,3 - 0,4 lítrum á sekúndu.

Umsókn þessi var tekin til greina, og var vatnið tekið úr lögn, sem lá að Laugalandsskóla, og leitt í plastpípu ofan jarðar að gróðurhúsinu um mitt ár 1983. Þetta var bráðabirgðalögn og hvorki settur á hana rennslismælir né hemill.

IV.

Hinn 17. maí 1984 undirrituðu málsaðilar samning, sem veitti stefnda einkarétt til jarðborunar eftir heitu vatni í landi Götu og til að virkja og nýta allan jarðhita, sem fáist með borun á jörðinni. Í 3. gr. samningsins eru ákvæði um endurgjald til áfrýjenda fyrir vatnsréttindin. Þau eru rakin í héraðsdómi. Í þessari grein samningsins er enn fremur kveðið svo á, að stefndi muni leggja á sinn kostnað heimæð að gróðurhúsi frá stofnæð veitunnar og annast viðhald hennar og endurnýjun. Að öðru leyti skuli jarðeigendur hlíta auglýsingum og ákvæðum reglugerðar fyrir hitaveituna, sem í gildi eru á hverjum tíma og í samræmi við ákvæði samningsins.

Ráðgerð nýting stefnda á umsömdum vatnsréttindum varð minni en vænst var. Mun ágreiningur málsaðila, sem mál þetta er af risið, ekki síst eiga rætur að rekja til þess. Á hinn bóginn var í málatilbúnaði áfrýjenda í héraði ekki um þetta fjallað og ekkert að því vikið, svo að séð verði, fyrr en við málflutning hér fyrir dómi. Kemur ágreiningsefni þetta því ekki til álita í þessu máli.

V.

Um aðalkröfu.

Frávísunarkröfu sína reisa áfrýjendur m.a. á því, að kröfugerð stefnda sé mjög óljós og vanreifuð, byggð að öllu leyti á áætlun hans sjálfs, og engin óyggjandi gögn liggi fyrir um það, hve lengi áfrýjendur hafi fengið heitt vatn frá stefnda né í hvaða mæli.

Af hálfu stefnda er frávísunarkröfunni mótmælt sem allt of seint fram kominni, en auk þess hafi hún ekki við nein gild efnisrök að styðjast.

Krafa um frávísun málsins var ekki gerð í héraði, og í áfrýjunarstefnu er þess ekki krafist, að málinu verði vísað frá héraðsdómi. Sú krafa kom fyrst fram í greinargerð áfrýjenda fyrir Hæstarétti. Við svo búið ber að hafna frávísunarkröfunni. Eigi eru heldur næg efni til þess, að málinu verði sjálfkrafa vísað frá héraðsdómi.

Um varakröfu.

Áfrýjendum hefur hvorki tekist að sanna, að þeim hafi ekki borið skylda til að greiða fyrir heitt vatn, sem þeir fengu á því timabili, sem krafa stefnda miðast við, né heldur, að ekki hafi verið til þess ætlast. Þá verður ekki á það fallist, að greiðsluskylda þeirra hafi fallið niður vegna tómlætis af hálfu stefnda fyrir þá sök, að hvorki hafi verið á þetta minnst né fyrirvari um það gerður við samningsgerð aðila 17. maí 1984. Samningurinn gefur enga vísbendingu um, að þetta hafi borið á góma, er hann var gerður, en hafi það verið álitaefni þá, stóð það eigi stefnda nær en áfrýjendum að hreyfa því og fá það til lykta leitt. Samkvæmt því eru ekki efni til að taka sýknukröfu áfrýjenda til greina.

Um þrautavarakröfu.

Í bréfi stefnda 22. maí 1986 til áfrýjandans Einars er fyrst farið fram á greiðslu skuldar þeirrar, sem mál þetta fjallar um. Bréfið er rakið orðrétt í héraðsdómi. Kröfufjárhæðin er þríþætt. Í fyrsta lagi er krafist gjalds fyrir áætlaða notkun vatns í gróðurhúsi 1983 og 1984. Nemur hún 13.824 tonnum, og er gjald fyrir hvert tonn reiknað 26,40 krónur, alls 364.954 krónur. Í öðru lagi er krafist gjalds fyrir áætlaða notkun í gróðurhúsi fyrir átta mánuði 1985. Nemur hún 6.912 tonnum. Við það magn er bætt 1.801 tonni samkvæmt rennslismæli í íbúðarhúsi fyrir tímabilið 1. apríl til 31. desember 1985. Samtals nemur þá heildarvatnsnotkun í gróðurhúsi og

íbúðarhúsi 8.713 tonnum árið 1985. Frá því magni er dregið endurgjald fyrir hitaréttindi, er stefnda bar að greiða samkvæmt samningi aðila, 2.911 tonn. Mismunurinn er 5.802 tonn, og er gjald fyrir hvert tonn reiknað eins og áður 26,40 krónur, alls 153.173 krónur. Í þriðja lagi er krafist gjalds vegna íbúðarhúss samkvæmt mæli fram til 1. apríl 1985, og nemur það 48.271 krónu. Í greinargerð áfrýjenda í héraði var þessi liður kröfunnar viðurkenndur.

Í fyrrnefndu bréfi er sagt, að láðst hafi að setja rennslismæli á vatnslögnina að gróðurhúsinu, en í aðilaskýrslu framkvæmdastjóra stefnda á aukadómþingi Rangárvallasýslu 30. apríl 1987 er önnur skýring á þessu gefin. Greinir hann svo frá, að tilgangslaust hafi verið að hafa rennslismæli á lögninni, þar sem hún hafi verið óeinangruð og ófrágengin. Til þess hafi verið ætlast, að áfrýjendur áætluðu vatnsnotkunina, en þeir hafi ekki fengist til þess. Þessi skýring getur ekki átt við greiðslutímabilið eftir gildistöku samnings aðila vorið 1984, því að með samningnum tók stefndi að sér að leggja varanlega vatnslögn að gróðurhúsinu. Áætlun vatnsnotkunar eftir það átti því að vera óþörf. Að því er varðar vatnsnotkun fyrir þann tíma, ber að hafa í huga þá fullyrðingu framkvæmdastjórans í nefndri aðilaskýrslu, að starfsmenn stefnda „hafi vitað um magnið og notendur hafi ekki átt að gjalda fyrir bráðabirgðalögnina".

Í aðilaskýrslu stjórnarformanns stefnda í sama þinghaldi kemur fram, að verðlagning vatnsins í kröfugerð stefnda er samkvæmt gjaldskrá, er tók gildi 7. mars 1986, þótt greiðslutímabilið sé frá 1983-1985. Taldi hann þetta hagstætt fyrir áfrýjendur, þar sem dráttarvextir af kröfunni, sem reikna mætti, væru hærri en næmi þeirri hækkun gjaldskrár, sem orðið hefði á greiðslutímabilinu.

Í 7. gr. gjaldskrár Hitaveitu Rangæinga nr. 150 frá 7. mars 1986, sem staðfest er af iðnaðarráðuneytinu sama dag, segir í 7. gr., að gjalddagi hitaveitugjalda sé við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Stefndi framvísaði ekki reikningi, en tilkynning hans til áfrýjenda um skuld þeirra kom fram í áðurnefndu bréfi frá 22. maí 1986, sem er því gjalddagi skuldarinnar. Í nefndri 7. gr. segir, að það séu vanskil, ef umkrafin gjöld séu ekki greidd að fullu innan 21 dags frá gjalddaga. Samkvæmt því var eindagi skuldarinnar 12. júní 1986 og óheimilt að krefjast dráttarvaxta frá fyrri tíma.

Með hliðsjón af því, sem nú hefur verið rakið, eru efni til nokkurrar lækkunar á fjárkröfu stefnda. Þykir eftir atvikum rétt að lækka hana að álitum í 450.000 krónur. Ber að dæma áfrýjendur til að greiða stefnda óskipt þessa fjárhæð með dráttarvöxtum, eins og í dómsorði greinir.

Dæma ber áfrýjendur til að greiða stefnda óskipt málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Þykir hann eftir atvikum hæfilega ákveðinn samtals 150.000 krónur.

Mál þetta var tekið til dóms í héraði að loknum munnlegum málflutningi 30. apríl 1987. Það var endurupptekið 5. október 1988 og „endurflutt eins og efni standa til". Dómur var kveðinn upp þegar eftir þennan málflutning. Héraðsdómari getur þess, að uppkvaðning dóms hafi dregist vegna embættisanna. Þessi dráttur málsins í hartnær eitt og hálft ár var óhæfilegur, og jafnframt er þessi málsmeðferð mjög andstæð því, sem fyrir er mælt í 1. mgr. 191. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, og rýrði mjög gildi hins munnlega málflutnings. Ber að átelja þetta.

Dómsorð:

Áfrýjendur, Einar Brynjólfsson og Sigrún Ingólfsdóttir, greiði stefnda, Hitaveitu Rangæinga, óskipt 450.000 krónur með 2,25% dráttarvöxtum á mánuði frá 13. júní 1986 til 1. mars 1987, 2,5% frá þeim degi til 14. apríl sama ár, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Áfrýjendur greiði stefnda óskipt 150.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Rangárvallasýslu 5. október 1988.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er höfðað með stefnu, birtri 1. desember 1986.

Stefnandi er Hitaveita Rangæinga, nnr. 4151-2148, Eyjasandi 9, Hellu, Rangárvallasýslu.

Stefndu eru Einar Brynjólfsson, nnr. 1795-7090, og Sigrún Ingólfsdóttir, nnr. 7711-0615, Götu, Holtahreppi, Rangárvallasýslu.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði dæmd til að greiða in solidum 587.589 krónur ásamt 2,25% dráttarvöxtum á mánuði frá 1. júní 1986 til greiðsludags auk málskostnaðar skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Dómkröfur stefndu eru þær aðallega, að þau verði sýknuð af þeim dómkröfum, sem taka til áætlaðrar notkunar heits vatns í gróðurhúsi 1983 og 1984, 364.954 krónum, og að hluta vegna áætlaðrar notkunar árið 1985. Í því tilviki er krafist málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands. Til vara krefjast stefndu þess, að þeim verði einungis gert að greiða aðra og lægri fjárhæð en greinir í stefnukröfu. Jafnframt er í því tilviki krafist málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Málavextir.

Stefnandi kveður umstefnda skuld vera vegna notkunar stefndu á heitu vatni frá Hitaveitu Rangæinga í íbúðarhús og gróðurhús á jörð þeirra, Götu, Holtahreppi, árin 1983-1985.

Með bréfi, dagsettu 4. júní 1982, og öðru, dagsettu 7. september s.á., hafi stefndi Einar óskað eftir heitu vatni til upphitunar á gróðurhúsi á árinu 1983, og áætlaði hann, að notkunarþörf væri um 0,3-0,4 sekúndulítrar. Fengu stefndu á þessum tíma heitt vatn frá leiðslu, sem lá frá dælustöð Hitaveitu Rangæinga að Laugalandi, en ekki var settur í hana sérstakur rennslismælir eða hemill fyrir gróðurhúsin. Afgjald fyrir notkun heits vatns frá þeim tíma hefur verið áætlað af garðyrkjufræðingi fyrir gróðurhúsin, en farið hefur verið eftir mæli fyrir íbúðarhúsið.

Að mati jarðfræðinga var heitt vatn fáanlegt í landi jarðarinnar Götu, og gerðu aðilar máls þessa samning með sér um nýtingu þess 17. maí 1984. Fékk stefnandi þá einkarétt til að bora eftir heitu vatni á jörðinni og til að virkja og nýta allan þann jarðhita, sem fengist með borun.

Endurgjald til jarðeiganda skyldi vera þannig samkvæmt samningnum: „Fáist það vatnsmagn við borun og virkjun á jörðinni Götu, að Hitaveita Rangæinga virki vatnið og nýti fyrir hitaveituna, þá fá landeigendur Götu sem heildarendurgjald vatn til eigin nota, sem svarar til allt að einum sekúndulítra (m.v. rennslishemil) af 100°C heitu vatni, miðað við 30 sekúndulítra virkjun (100°C), þó ekki yfir 5% — fimm af hundraði — af virkjuðu vatnsmagni á hverjum tíma, meðan virkjun varir. (Útreikningur á vatnsmagni til landeiganda, sé viðmiðun tekin af 70°C heitu vatni og 30 sekúndulítra virkjun: 1 x hundrað / 70 = 1,43 sekúndulítrar.) Af því, sem virkjað kann að verða yfir 30 sekúndulítra, fá landeigendur í endurgjald til viðbótar 1½% — eitt og hálft af hundraði — af virkjuðu vatnsmagni. Jarðeigendur mega nota vatnið til eigin íbúðarhúsnæðis og atvinnurekstrar. Framsal eða sala vatnsins eða endurgjaldsins er óheimil.

Endurgjaldið skal reiknað út í ársbyrjun hvert ár og til eins árs í senn. Skal endurgjaldið vera framangreint hlutfall samanlagðs heildarvatnsmagns úr borholum í landi Götu, eins og það kom fram á rennslismælum árið á undan. Fyrsta árið, sem ákvæði þetta gildir, skal miða afgjald við vatnsmagn úr borholum, reiknað út fyrir þrjá mánuði í senn í stað eins árs."

Í samræmi við ofangreint ákvæði kveðst stefnandi hafa tekið saman vatnsnotkun og gert áætlanir, en stefndu hafi eigi viljað una við það og neitað greiðslum. Nýting vatns úr borholu þeirri, er sé í landi stefndu, sé lítil, og hafi hlaðist upp skuld hjá stefndu við stefnanda.

Í bréfi stjórnarformanns stefnanda, dagsettu 22. maí 1986, lýsir hann kröfum stefnanda og hvernig þær eru reiknaðar út, á eftirfarandi hátt:

„Á fundi stjórnar Hitaveitu Rangæinga nýlega var samþykkt að reikna út skuld þína við veituna og fara fram á greiðslu hennar.

Eins og þér er kunnugt, láðist að setja upp rennslismæli í gróðurhúsi, þegar það var tekið í notkun. Það var áður um rætt okkar á milli, að notkun skyldi áætluð, enda má fara nærri um notkun gróðurhúss af þeirri stærð, sem þú átt. Með bréfi til stjórnar HVR þann 7. september 1982 upplýsir þú, að til kyndingar þurfi 0,3-0,4 l/sek. Samkvæmt upplýsingum garðyrkjuráðunauta mun þessi áætlun láta nærri, og verður því við það miðað, að notkun hafi að meðaltali verið 20 l/mín. Sé miðað við, að gróðurhúsið hafi verið notað í 8 mánuði árin 1983 og 1984, er áætlað, að heildarnotkun fyrir þessi ár hafi verið samtals 13.824 tonn. Hinn 17. maí 1984 var undirritaður samningur um hitaréttindi í landi Götu. Í 3. grein þess samnings segir til um, hvernig beri að reikna endurgjald fyrir hitaréttindin. Á meðfylgjandi fylgiskjali kemur fram, að endurgjald m.v. samning og að teknu tilliti til dælingar af svæðinu reiknist þannig:

1/1 -31/3	0	l/mín.
1/4 -30/6	11,39	"
1/7 -30/9	6,64	"
1/10-31/12	4,43	"

Sé þessi notkun reiknuð til heildartonna árið 1985, sést, að endurgjald, sem þér ber samkv. samningi fyrir árið 1985, hefur verið 2.911 tonn. Miðað við áður gefnar forsendur um notkun í gróðurhúsi í 8 mánuði er notkun þar áætluð 6.912 tonn, og samkvæmt rennslismæli í íbúðarhúsi var notkun tímabilið 1/4-31/12 1985 samtals 1.801 tonn. Því er áætlað, að heildarnotkun 1985 í íbúðarhúsi og gróðurhúsi hafi verið 8.713 tonn. Að frádregnu endurgjaldi (2.911 tonn) er notkun 1985, sem þér ber að greiða, samtals 5.802 tonn.

Þegar ákvæði um endurgjald fyrir hitaréttindi tóku gildi þann 1. apríl 1985, var skuld þín vegna íbúðarhúss kr. 48.271. Að viðbættum dráttar-

vöxtum síðar nemur gömul skuld vegna íbúðarhúss fyrir gildistöku samnings kr. 69.462.

Samantekt:

1. Áætluð notkun í gróðurhúsi 1983 og 1984 13.824 tonn á 26,40	364.954
2. Áætluð notkun 1985 að frádregnu endurgjaldi 5.802 tonn á 26,40	153.173
3. Skuld vegna íbúðar skv. mæli til 1/4 1985	69.462
Heildarskuld þann 20/5'86	587.589."

Stefnandi kveður stefndu ekki hafa fengist til að greiða skuld sína þrátt fyrir áskoranir og sáttafund, og því sé honum nauðsyn á að fá dóm við kröfum sínum.

Málsástæður og lagarök.

Af hálfu stefnanda er gerð krafa um gjald fyrir notkun stefndu á heitu vatni að fullu fyrir tímabilið, áður en samningur var gerður, og síðan fyrir notkun þeirra að frádregnu endurgjaldi samkvæmt samningi frá 17. maí 1984. Afgjaldið reisir hann á gjaldskrám Hitaveitu Rangæinga, nú síðast nr. 150/1986. Ber stefnandi fyrir sig almennar reglur kröfu- og samningaréttarins.

Stefndu bera það fyrir sig, að þar eð enginn fyrirvari hafi verið gerður um greiðslu fyrir heitt vatn, er þau höfðu fengið, áður en samningurinn frá 17. maí 1984 tók gildi, þegar þau sömdu við stefnanda, geti hann ekki krafið um það nú. Stefnanda hafi borið að leggja fram reikning við undirritun samningsins með sundurliðun krafna hans á hendur stefndu, og þar sem það hafi ekki verið gert, hafi hann með tómlæti sínu tapað rétti, sem hann kynni að hafa átt gagnvart stefndu.

Þá kemur það fram hjá stefndu, að samkomulag hafi tekist með þeim og skólanefnd Laugalandsskóla og hreppstjóra um, að þau fengju endurgjaldslaust vatn, meðan á tilraunavirkjun stæði.

Um notkun á árinu 1985 bera stefndu eftirfarandi fyrir sig:

1) Stefnendur krefji um greiðslu fyrir allt árið, en endurgjaldsákvæði hafi ekki tekið gildi fyrr en 1. apríl, og beri því að lækka þennan lið um fjórðung.

2) Stefndu benda á, að hiti vatns við inntak í gróðurhús sé allt að 30% minni en það er við dælustöð, sem er í um 110 metra fjarlægð. Mótmæla þau því að þurfa að bera hitatapið, sem þarna verður, og telja, að ráða megi af samningi, að afhending fari fram við rennslishemil í gróðurhúsi. Þetta leiði til þess, að lækka beri dómkröfu stefnanda vegna þessa.

Krafa stefnanda „vegna íbúðar skv. mæli til 1.4. 1985", að fjárhæð 48.271 króna, er viðurkennd af stefndu, en dráttarvöxtum mótmælt.

Forsendur og niðurstaða.

Ekki verður fallist á það með stefndu, að þau hafi átt að fá heitt vatn endurgjaldslaust fram að þeim tíma, að samningur aðila tók gildi. Hvorki hefur þeim tekist að sanna, að samningar hafi staðið til annars, né heldur verður fallist á þá málsástæðu, að þögn um þetta atriði við samningsgerð aðila verði metin sem tómlæti af hálfu stefnanda.

Krafa stefnanda er að nokkru reist á upplýsingum stefndu sjálfra um magn heits vatns og virðist í hóf stillt, enda hafa stefndu ekki hafst að til að hnekkja henni tölulega. Þá verður ekki fallist á þá málsástæðu stefndu, að miða skuli við hitastig vatns við notkunarstað vatnsins, og er fallist á staðhæfingu stefnanda í þessu sambandi.

Samkvæmt þessu ber að taka kröfu stefnanda um greiðslu fyrir heitt vatn í gróðurhúsi stefndu árin 1983 og 1984 til greina, og er fallist á kröfufjárhæðina 364.954 krónur, en eins og hér stendur á og tillit er tekið til þess, að vaxta er einungis krafist frá 1. júní 1986, þykir mega miða við einingarverðið 26,40 krónur, svo sem stefnandi hefur gert.

Með því að fallist er á það með stefnanda, að miða beri við hitastig við upptök og að stefndu beri að greiða fyrir vatn það, er þau fengu fyrir gildistöku samnings, ber að fallast á kröfu stefnanda um greiðslu á 153.173 krónum fyrir notkun á árinu 1985.

Krafa stefnanda um greiðslu fyrir heitt vatn vegna íbúðarhúss skv. mæli, 48.271 króna, er viðurkennd af stefndu, en eins og kröfugerð er háttað í málinu, verður ekki fallist á að bæta vöxtum vegna hennar við höfuðstól dómkröfu, eins og stefnandi hefur gert, heldur er hún hluti vaxta þeirra, er stefnandi á kröfu til úr hendi stefndu, en fallast ber á kröfu stefnanda um dráttarvexti úr hendi stefndu.

Eftir úrslitum málsins ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda málskostnað, sem ákvarðast 130.000 krónur.

Friðjón Guðröðarson sýslumaður kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Einar Brynjólfsson og Sigrún Ingólfsdóttir, greiði óskipt stefnanda, Hitaveitu Rangæinga, 566.398 krónur auk 21.191 í dráttarvexti og með 2,25% dráttarvöxtum á mánuði af 566.398 krónum frá 1. júní 1986 til 1. mars 1987, en með 30% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. júní s.á., en skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags og 130.000 krónur í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 8. febrúar 1991.

Nr. 385/1990. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Aðalsteini Brynjólfssyni
(Jón Oddsson hrl.).

Bifreiðar. Umferðarlög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason og Haraldur Henrysson og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. október 1990 að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákæruvalds til þyngingar á refsingu og staðfestingar á sviptingu ökuréttinda.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta sakarmat hans varðandi ákæru á hendur ákærða fyrir akstur undir áhrifum áfengis og fyrir óvarlegan akstur, er leiddi til útafaksturs og veltu bifreiðarinnar R-77297 á Þorlákshafnarvegi á móts við Gerðakot. Er þetta atferli ákærða réttilega heimfært í héraðsdómi undir 1. mgr. 4. gr. og 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Í ákæruskjali er ákærði einnig saksóttur fyrir að hafa ekið á allt að 110 kílómetra hraða miðað við klukkustund greint sinn, án þess að þetta atferli sé þar sérstaklega heimfært til refsiákvæða. Þykir því rétt að láta við ofangreinda sakfellingu sitja.

Með hliðsjón af sakavottorði ákærða, sem rakið er í héraðsdómi, og með vísan til 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 25 daga varðhald.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um ökuleyfissviptingu ákærða og um sakarkostnað. Jafnframt verður ákærði dæmdur til að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærði, Aðalsteinn Brynjólfsson, sæti varðhaldi í 25 daga.

Ákvæði héraðsdóms um ökuleyfissviptingu ákærða og um sakarkostnað eru staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur sakadóms Árnessýslu 6. september 1990.

Ár 1990, fimmtudaginn 6. september, er á dómþingi sakadóms Árnessýslu, sem háð er að Hörðuvöllum 1, Selfossi, af Þorgeiri Inga Njálssyni, settum héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 192/1990: Ákæruvaldið gegn Aðalsteini Brynjólfssyni, sem dómtekið var 3. s.m.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, útgefnu 23. febrúar 1990, „á hendur Aðalsteini Brynjólfssyni, Bakka 2, Ölfushreppi, Árnessýslu, kennitala 061058-6999, fyrir að aka aðfaranótt föstudagsins 12. janúar 1990 undir áhrifum áfengis bifreiðinni R-77297 um vegi í Árnessýslu og austur Þorlákshafnarveg á móts við Gerðakot með allt að 110 kílómetra hraða miðað við klukkustund og svo óvarlega, að bifreiðin lenti út af veginum og valt.

Telst þetta varða við 1. mgr. 4. gr. og 1., sbr. 3. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 102. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

I.

Aðfaranótt föstudags 12. janúar 1990 um kl. 5.40 kom á lögreglustöðina á Selfossi Stefán Stefánsson, Heiðarbrún 32, Hveragerði. Kvaðst hann hafa ekið Þorlákshafnarveg skömmu áður og þá séð bifreið utan vegar og við hana einn mann. Hefði komið fram í viðræðum við mann þennan, að hann hefði ekið bifreiðinni og lent út af veginum. Hefði Stefán ekið manninum samkvæmt beiðni hans að Bakka í Ölfusi. Kvaðst Stefán hafa fundið mikla áfengislykt leggja frá honum, auk þess sem sér hefði virst sem hann væri undir áhrifum áfengis. Í frumskýrslu málsins segir, að lögreglumenn hafi farið að Bakka og haft tal af húsráðendum. Hafi þeim þar verið vísað á áðurnefndan mann, ákærða í máli þessu, þar sem hann hafi legið í rúmi sínu. Hafi þeim virst sem hann væri undir verulegum áfengisáhrifum og frá honum hafi lagt sterkan áfengisþef. Hann hafi verið lítt viðræðuhæfur sökum ölvunarinnar. Á höfði hafi hann haft sár, sem blætt hafi úr, auk þess sem hann hafi kvartað undan sárum verkjum í rifjum. Var ákærði fluttur á heilsugæslustöðina á Selfossi. Var hann þar lagður inn til frekari

rannsóknar, auk þess sem honum var tekið blóðsýni til alkóhólrannsóknar. Reyndist blóðsýnið innihalda 1,54‰ alkólhóls.

Í framburðarskýrslu, sem tekin var af ákærða hjá lögreglu fimmtudaginn 8. febrúar 1990, segist ákærði hafa verið á leið frá Bjarnastöðum heim til sín að Bakka 2 um kl. 2.15 aðfaranótt umrædds föstudags. Hafi hann ekið bifreiðinni á 100 - 110 kílómetra hraða miðað við klukkustund, þegar hann hafi ætlað að beygja sig í átt að segulbandi í bifreiðinni í þeim tilgangi að stilla það. Hafi hann þá tekið óvart í stýrið, svo að bifreiðin hafi lent úti í kantinum. Ákærði hafi þá nauðhemlað, og við það hafi bifreiðin stungist á endann og oltið. Kveðst ákærði hafa fengið högg á höfuðið og vankast við það. Síðan er eftirfarandi skráð eftir ákærða: „Þegar ég rankaði við mér, var ég allur stífur og stirður, og það fyrsta, sem kom upp í huga minn, var, að ég væri hryggbrotinn, og varð því hræddur. Ég sat í bílnum og varð fljótlega mjög kalt. Ég greip þá til áfengisflösku, sem í var Smirnoff-vodki, rúmlega hálf flaska. Ég drakk úr flöskunni það, sem í henni var. Fyrir óhappið hafði ég ekki neytt áfengis. Rétt fyrir kl. 5.00 kom þarna að maður á bíl, sem ók með mig heim..."

Vitnið Stefán Stefánsson, Heiðarbrún 32, Hveragerði, gaf skýrslu hjá lögreglu þann 22. janúar 1990 og kom fyrir dóm 23. ágúst sl. Í skýrslu sinni hjá lögreglu kveðst vitnið hafa verið á leið frá Hveragerði til Þorlákshafnar umrædda nótt. Rétt á móts við sumarbústað í landi Hjallakróks í Ölfusi hafi það komið að bifreiðinni R-77297 utan vegar. Kveðst vitnið hafa stöðvað (sic) og talað við mann, sem setið hafi í bifreiðinni. Maðurinn hafi virst ölvaður. Kveðst vitninu hafa tekist að opna bifreiðina og hjálpa manninum út úr henni. Tók vitnið það sérstaklega fram, að maðurinn hefði setið undir stýri. Fyrir dómi kvaðst vitnið hafa þurft að taka ákærða út úr bifreiðinni farþega megin, þar sem hún hefði legið þétt upp að staur bílstjóra megin. Sérstaklega aðspurt kvaðst vitnið ekki hafa séð áfengisflösku inni í bifreið ákærða í umrætt sinn, það hefði þó svipast talsvert um inni í bifreiðinni, þá er það aðstoðaði ákærða við að komast út úr henni.

Fyrir dómi staðfesti vitnið framangreinda skýrslu sína hjá lögreglu.

Vitnið Þórey Stefanía Sigurðardóttir, Bjarnastöðum, Ölfusi, gaf skýrslu hjá lögreglu 12. janúar 1990 og kom fyrir dóm 23. ágúst sl. Fyrir dómi sagði vitnið svo frá, að ákærði hefði komið að Bjarnastöðum að kvöldi fimmtudagsins 11. janúar 1990. Hefðu hann og Gunnar Hjaltason, sem þar býr, gert við bifreið ákærða og hafið neyslu áfengis að því loknu. Það hefði þó verið í litlu magni, á að giska 1 glas á mann. Frá Bjarnastöðum hefðu þeir síðan haldið að Gerðakoti. Þaðan hefði ákærði hringt í vitnið, og kvaðst vitnið þá hafa merkt á tali ákærða, að hann væri orðinn ölvaður. Um nóttina, kl. 2, hefði ákærði síðan komið að Bjarnastöðum, og kvaðst vitnið þá hafa merkt á honum greinileg ölvunareinkenni. Hann hefði verið

valtur í göngulagi, áfengisþef hefði lagt frá vitum hans, og hann hefði verið þvöglumæltur. Hefði ákærði stoppað (sic) í u.þ.b. 10 mínútur að Bjarnastöðum, en þá ekið á brott á bifreið sinni. Fyrir dómi staðfesti vitnið skýrslu sína hjá lögreglu með þeirri breytingu, að ákærði hefði komið að Bjarnastöðum um kl. 2 aðfaranótt umræddds föstudags, en ekki á milli kl. 2.30 og 3.00, eins og segir í skýrslunni.

Vitnið Gunnar Hjaltason, Bjarnastöðum, Ölfusi, gaf skýrslu hjá lögreglu þann 12. janúar 1990 og kom fyrir dóm 23. ágúst sl. Fyrir dómi sagði vitnið svo frá, að það hefði farið ásamt ákærða að Gerðakoti að kvöldi fimmtudagsins 11. janúar sl. í bifreið ákærða. Þeir hefðu þá verið búnir að drekka úr u.þ.b. hálfum pela af áfengisblöndu. Að Gerðakoti hefðu þeir síðan neytt áfengis ásamt Sigurði Hermannssyni. Kvaðst vitnið hafa séð ákærða neyta áfengis og merkt á honum ölvunareinkenni. Einhvern tíma um nóttina hefði þeim sinnast, Sigurði og ákærða, og hefði ákærði þá farið. Kvaðst vitnið hins vegar ekki hafa veitt því athygli, hvort ákærði hefði farið á bifreið sinni, en það hefði þó tekið eftir því síðar um nóttina, að bifreið ákærða var horfin.

Vitnið Sigurður Hermannsson, Gerðakoti, Ölfusi, kom fyrir dóm þann 23. ágúst sl. Kannaðist vitnið við það, að ákærði hefði komið að Gerðakoti ásamt Gunnari Hjaltasyni að kvöldi fimmtudagsins 11. janúar 1990. Þeir hefðu haft meðferðis vínflösku og drukkið úr henni. Síðar um kvöldið hefði síðan vantað vín, og hefði þá maður, sem verið hefði gestkomandi hjá vitninu, ekið ákærða, Gunnari og vitninu til Hveragerðis, þar sem náð hefði verið í meira áfengi. Þaðan hefði síðan verið haldið að Gerðakoti að nýju og áfengisneyslu haldið áfram þar. Einhvern tíma um nóttina hefði ákærði viljað fara heim til sín á bifreið sinni. Hann hefði þá verið orðinn ölvaður, enda búinn að neyta áfengis fyrr um kvöldið og nóttina. Kvaðst vitnið hafa reynt að koma í veg fyrir akstur ákærða, en það hefði ekki tekist.

Þegar ákærði kom fyrir dóm 23. ágúst sl., var framburður hans mjög á sama veg og hjá lögreglu þann 8. febrúar 1990, en sá framburður hans hefur verið rakinn hér að framan. Viðurkenndi hann að hafa ekið bifreiðinni R-77297 í umrætt sinn með allt að 110 kílómetra hraða miðað við klukkustund á vegarkafla austan við Gerðakot með þeim afleiðingum, að hún hefði endastungist og oltið út af veginum. Hélt ákærði fast við fyrri framburð sinn þess efnis, að hann hefði ekki neytt áfengis fyrr en eftir, að akstri lauk. Þá hefði hann gripið til áfengisflösku, sem verið hefði í bifreiðinni, nánar tiltekið í hólfi undir farþegasæti. Hefði hann drukkið allt, sem í flöskunni var. Um hefði verið að ræða Smirnoff-vodka, 50% að alkóhólmagni, lítraflösku, og hefði hann drukkið það, sem á flöskunni var, ¾ hluta hennar. Flaskan hefði orðið eftir í bifreiðinni.

II.

Framburður ákærða þess efnis, að hann hafi ekki neytt áfengis fyrr en eftir, að akstri hans lauk í umrætt sinn, samræmist ekki skýrslum vitnanna Gunnars Hjaltasonar, Þóreyjar Stefaníu Sigurðardóttur og Sigurðar Hermannssonar, sem raktar eru hér að framan. Þá hefur vitnið Stefán Stefánsson borið, að það hafi ekki orðið vart við áfengisflösku inni í bifreið ákærða, þá er vitnið aðstoðaði ákærða við að komast út úr henni. Þó hafi það litast talsvert um inni í bifreiðinni.

Þegar framangreint er virt, þykir framburður ákærða, að því er áfengisneyslu hans varðar, ekki marktækur. Þykir ekki varhugavert að telja nægilega sannað með niðurstöðu alkóhólrannsóknar, skýrslum vitna og öðrum sakargögnum, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali, og að leggja megi niðurstöðu alkóhólrannsóknar til grundvallar refsingu og öðrum viðurlögum í máli þessu. Varðar háttsemin þannig efnislega við 1. mgr. 4. gr. og 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

III.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærum og refsingum svo sem hér greinir:

1974 11/11 í Reykjavík. Dómur: 15.000 kr. sekt f. brot g. 25., 27. og 53. gr. umfl. Sv. ökul. 12 mán. frá 11.11.74.

1984 7/12 í Árnessýslu. Sátt: 2.000 kr. sekt f. brot g. 1. mgr. 48. gr. og 1., 2. og 3. mgr. 49. gr. umfl.

1987 30/11 í Árnessýslu. Sátt: 20.000 kr. sekt f. brot g. 2., sbr. 4. mgr. 25. gr. umfl. Sviptur ökul. í 12 mán. frá 30.11.87.

Refsing ákærða þykir samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987, hæfilega ákveðin 40.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 15 daga varðhald í sektar stað, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Með vísan til 3. mgr. 102. gr. umferðarlaga ber að svipta ákærða ökuréttindum í 3 ár frá dómsbirtingu.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, 40.000,00 krónur. Fjárhæð málsvarnarlauna er hér tilgreind án virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Ákærði, Aðalsteinn Brynjólfsson, greiði 40.000 krónur í sekt til ríkissjóðs, en sæti varðhaldi í 15 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í 3 ár frá dómsbirtingu.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, 40.000 krónur.

Föstudaginn 8. febrúar 1991.

Nr. 24/1991. **Samherji hf.**

gegn

Samskipum hf.

Kærumál. Þinglýsing.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason og Haraldur Henrysson og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 21. nóvember 1990, sem barst Hæstarétti 11. janúar 1991. Krefst hann þess, „að þinglýsing endurrits fjárnáms í húsinu nr. 6 við Seljugerði í Reykjavík, skjals nr. 022691, sem fram fór hjá borgarfógetaembættinu í Reykjavík hinn 30. október 1990, verði úr gildi felld og skráning skjalsins afmáð úr veðmálabók". Einnig krefst hann kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess, að þinglýsing ofangreindrar fjárnámsgerðar verði staðfest.

I.

Þinglýsingardómarinn, Ingvar Haraldsson, fulltrúi yfirborgarfógetans í Reykjavík, hefur með vísan til 3. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978 sent Hæstarétti rökstuddar ástæður fyrir úrlausn sinni. Þær hljóða svo:

„Hinn 29. október 1990 var lagt inn til þinglýsingar fjárnámsendurrit, merkt A 22691/90: Sambandið, skipadeild, gegn Magnúsi Geststsyni, þar sem gert var fjárnám þann 29. október 1990 í fasteigninni Seljugerði 6, Reykjavík. Þinglýsingarbeiðandi lét þess jafnframt getið, að hann sætti sig við, að gerðinni væri þinglýst með athugasemd.

Við athugun kom í ljós, að þann 31. ágúst 1990 hafði verið lagt inn til þinglýsingar afsal, dagsett 30. ágúst 1990, merkt A 18097/90, þar sem gerðarþoli afsalar nefndri eign til Samherja hf. Afsali þessu hafði ekki verið þinglýst að svo stöddu vegna eftirtaldra (sic) ágalla:

1. Umrædd eign er háð ákv. laga um byggingarsamvinnufélög og skorti samþykki Byggingarsamvinnufélags stjórnarráðsins fyrir afsalinu.

2. Tveir stjórnarmenn undirrituðu afsalið, en samkvæmt upplýsingum frá Hlutafélagaskrá þurfti 3 stjórnarmenn til að skuldbinda Samherja hf. Var talið rétt að meiri hluti stjórnar áritaði afsalið þar sem félagið yfirtók veðskuldir.

3. Í afsalinu hafði ekki verið tekin afstaða til allra áhvílandi veðskulda sem á eigninni hvíldu.

Ekki var ljóst hvort úr nefndum ágöllum yrði bætt þegar umrætt fjárnám barst til þinglýsingar. Var því ekki talið rétt að synja beiðni um þinglýsingu fjárnámsins.

Fjárnáminu var þinglýst með athugasemd um áðurnefnt afsal á grundvelli 2. mgr. 24. gr. laga nr. 39/1978. Í nefndri lagagrein kemur skýrt fram að aðfarargerðum og kyrrsetningargerðum verður þinglýst þótt gerðarþola skorti þinglýsta eignarheimild."

II.

Lögmaður sóknaraðila hefur í greinargerð til Hæstaréttar 22. janúar 1991 meðal annars tekið fram: „ ... í ágúst 1990 keyptu umbj. m. húseignina Seljugerði 6 í Reykjavík af Magnúsi Gestssyni. Húseignin var mikið veðsett, og var ljóst, að einhvern tíma tæki að aflétta veðskuldum, öðrum en þeim, sem kaupandi yfirtók. Seljandi skuldbatt sig til þess að aflétta þessum skuldum öllum fyrir 15. september 1990. Afsal fyrir húsinu var lagt inn til þinglýsingar hinn 31. ágúst 1990. Á næstu dögum á eftir hafði verið gengið frá greiðslum til veðhafa með þeim hætti, að talið var að skjölin yrðu send inn til aflýsingar fyrir umsamið tímamark. Tveir aðilar létu þó hjá líða að senda inn skjölin til aflýsingar fyrr en í október. Annar þessara aðila var Landsbankinn, sem afhenti sitt skjal til aflýsingar 25. október.

Hinn 29. október 1990 gerði Kristinn Hallgrímsson hdl. fjárnám í eigninni fyrir hönd skipadeildar Sambandsins. Nokkru áður hafði hann haft samband við mig undirritaðan til þess að spyrjast fyrir um þessa eign, og þá fengið þau svör, að afsali hefði verið þinglýst og Magnús Gestsson væri ekki lengur eigandi þessarar eignar.

Fyrri hluta nóvember barst svo Magnúsi Gestssyni tilkynning um það, að gert hefði verið fjárnám í nefndri eign. Þegar vitneskja um þetta barst undirrituðum, hafði ég samband við þinglýsingardómara og fékk þau svör, að afsalinu hefði ekki verið þinglýst. Engin tilkynning hafði borist um þá afstöðu þinglýsingardómara. Eftir að

þriðji stjórnarmaður í Samherja hf. hafði undirritað skjalið hjá þinglýsingardómara og fengin hafði verið áritun Byggingarsamvinnufélags starfsmanna stjórnarráðsins, var afsalinu þinglýst með athugasemd.

Fjárnámshafi hefur reynst ófáanlegur til að afmá fjárnámið úr veðmálabókum og hefur beðið um uppboðsmeðferð á húseigninni. Ber því brýna nauðsyn til að kæra til Hæstaréttar umrædda dómsathöfn þinglýsingardómara og krefjast þess að hún verði úr gildi felld og skjalið afmáð úr skrá embættisins."

III.

Lögmaður varnaraðila hefur í greinargerð sinni 7. febrúar 1991 skýrt frá því, að um síðustu áramót hafi Samskip hf. tekið við rekstri skipadeildar Sambandsins, og sé því rétt, að mál þetta verði rekið í nafni Samskipa hf.

Mál þetta sætir kæru til Hæstaréttar samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga nr. 39/1978.

Afsal sóknaraðila var gefið út hinn 30. ágúst 1990 af Magnúsi Gestssyni, sem hafði þinglýsta heimild til að ráðstafa fasteigninni Seljugerði 6 í Reykjavík, sbr. 1. mgr. 24. gr. og 1. mgr. 25. gr. laga nr. 39/1978. Afsalið lá hjá þinglýsingardómara frá 31. ágúst 1990 af ástæðum, sem áður hafa verið raktar, en án þess að gætt hafi verið ákvæða 5. mgr. 7. gr. nefndra laga. Af gögnum málsins er ljóst, að varnaraðila var kunnugt um afsal sóknaraðila, er hann lagði umrætt fjárnámsendurrit inn til þinglýsingar 29. október 1990. Þinglýsingardómara bar, eins og hér stóð á, að hafna þinglýsingu fjárnámsins, enda á ákvæði 2. mgr. 24. gr. laga nr. 39/1978 ekki við hér. Samkvæmt þessu verður krafa sóknaraðila tekin til greina.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Þinglýsing framanskráðs skjals, A 22691/90, er úr gildi felld, og ber að afmá skjalið úr fasteignabók Reykjavíkur.

Þriðjudaginn 12. febrúar 1991.

Nr. 10/1991. **Landsbanki Íslands**
gegn
Sana hf.

Kærumál. Nauðungaruppboð. Aðild. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason og Haraldur Henrysson og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 27. desember 1990 samkvæmt heimild í 4. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Kæran barst Hæstarétti 8. janúar 1991.

Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og lagt fyrir uppboðshaldara að halda þriðja og síðasta uppboð á húseigninni Norðurgötu 57 á Akureyri, þinglesinni eign varnaraðila, eins fljótt og verða megi. Jafnframt er krafist kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

I.

Kærður er úrskurður, kveðinn upp í uppboðsrétti Akureyrar 19. desember 1990 af Elíasi I. Elíassyni bæjarfógeta. Er úrskurðurinn svohljóðandi:

„Uppboðsþoli hefur með áfrýjunarstefnu, útgefinni 17. desember sl., áfrýjað úrskurði réttarins frá 30. nóvember sl., þar sem úrskurðað var, að uppboðinu skyldi fram haldið. Samkvæmt þessu og með vísan til 2. mgr. 27. gr. laga um nauðungaruppboð nr. 57/1949 ber að fresta frekari framkvæmd uppboðsins, þar til lyktir fást á hæstaréttarmálinu.

Á l y k t a r o r ð :

Meðferð uppboðsmálsins frestast, þar til lyktir hæstaréttarmálsins liggja fyrir."

Uppboðshaldari hefur með vísan til 2. mgr. 190. gr. laga nr.

85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. 23. gr. laga nr. 54/1988, sent Hæstarétti hinn 20. janúar 1991 svohljóðandi forsendur og rök fyrir hinum kærða úrskurði:

„Hinn 30. nóvember 1990 og að undangengnum úrskurði, uppkveðnum þann sama dag, fór fram annað og síðara nauðungaruppboð á fasteigninni Norðurgötu 57, Akureyri, eign Sana hf. Hafði annarri sölu þá verið frestað tvívegis, en fyrsta sala fór fram 26. janúar s.á.

Er þriðja og síðasta nauðungaruppboð skyldi síðan fara fram á eigninni sjálfri 19. desember 1990, var þess krafizt af hálfu uppboðsþola, að því yrði frestað, þar sem áðurgreindum úrskurði í málinu hefði verið skotið til Hæstaréttar, sbr. afrit af hæstaréttarstefnu, sem jafnframt var lögð fram í málinu. Var krafa þessi byggð á 7. gr. laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð.

Af hálfu uppboðsbeiðanda, Landsbanka Íslands, var frekari fresti mótmælt og úrskurðar krafizt um það atriði. Fyrir uppboðsþola vekti það eitt að tefja málið með málskoti til Hæstaréttar. Fyrrgreind 7. gr. uppboðslaga ætti hér ekki við, því að hér væri ekki ágreiningur út af uppboðsheimild. Loks taldi hann frestun hafa í för með sér rýrnun veðsins.

Fallast má á það með úrskurðarbeiðanda, að 7. gr. uppboðslaganna eigi hér ekki við, enda fjallaði úrskurðurinn frá 30. nóvember fyrst og fremst um formlega hlið málsins að öðru leyti.

Á hinn bóginn er á það að líta, að fyrir liggur í málinu, að umræddum úrskurði frá 30. nóvember á þá leið að annað og síðara uppboð skyldi fara fram, hefur verið skotið til Hæstaréttar, og þar skal mál þingfest 1. n.m.

Á meðan eigi hefur verið um það fjallað í æðra rétti, hvort annað og síðara uppboð á eigninni skyldi að svo vöxnu máli, eins og málið þá lá fyrir, fara fram, og með hliðsjón af ákvæðum 2. mgr. 27. gr. uppboðslaga, þótti bera að fresta þriðju og síðustu sölu á eigninni, þar til dómur Hæstaréttar væri genginn."

Uppboðshaldari getur þess, að uppboðsréttarmálið hafi verið þingfest 1. september 1989, en sóknaraðili hafi ekki orðið aðili að því fyrr en 30. nóvember 1990. Hann hafi einn uppboðsbeiðenda neitað um frest á þriðju sölu eignarinnar í þinghaldi 19. desember 1990, en þá hafi þing verið sótt af hálfu allra uppboðsbeiðenda.

Uppboðshaldarinn hefur í bréfi 25. janúar 1991, sbr. 28. gr. laga nr. 75/1973, tilkynnt um kærumál þetta eftirtöldum aðilum uppboðsmálins: Íslandsbanka h/f, Iðnþróunarsjóði, Iðnlánasjóði, Þróunarfélagi Íslands h/f og bæjarsjóði Akureyrar.

Síðastgreindir fimm aðilar hafa ekki skilað greinargerð til Hæstaréttar í kærumálinu.

II.

Sóknaraðili reisir kröfur sínar á því, að áfrýjun uppboðsréttarmálsins til Hæstaréttar eigi ekki að leiða til frestunar uppboðssölu, hvorki samkvæmt 7. gr. né 22. gr. laga nr. 57/1949. Þá verði ekki séð, að nokkrir þeir gallar hafi verið á framkvæmd uppboðsins, er réttlæti frestun þess á grundvelli 2. mgr. 27. gr. laganna. Áfrýjun uppboðsréttarmálsins hafi verið til málamynda og eingöngu í þeim tilgangi að tefja málið.

III.

Varnaraðili reisir kröfur sínar á því, að ótvírætt sé, að fresta beri uppboðsréttarmálinu, uns dómur hafi verið kveðinn upp í nefndu hæstaréttarmáli. Þessu til stuðnings vísar hann til 7. gr., sbr. 2. mgr. 27. gr. laga nr. 57/1949. Ljóst sé, að eftir áfrýjun uppboðsréttarmáls til Hæstaréttar skuli uppboðssala því aðeins fara fram, að verðmæti liggi undir skemmdum, hætta sé á verðrýrnun þeirra að marki eða varðveisla þeirra sé sérstökum vandkvæðum háð vegna kostnaðar eða annarra ástæðna, sbr. nefnda 7. gr. Engu þessu sé til að dreifa.

Hæstarétti hefur borist bréf, dagsett 8. febrúar 1991, frá lögmanni varnaraðila. Því fylgdu nokkur skjöl, m.a. þrjú bréf, sem skírskotað er til í eftirfarandi tilvitnun í bréf lögmannsins:

„Mér sýnist einsýnt, að skv. skjölum málsins er eignarrétti að fasteigninni nr. 57 við Norðurgötu á Akureyri þannig farið frá 05.09.1974:

Þinglesinn eigandi í veðmálabókum frá 05.09.1974 er Sana hf. Þessum þinglestri hefur ekki enn í dag verið breytt.

Samkvæmt ofanskr. bréfi, dags. 29.01.1979, er Sana hf. lagt niður með sameiningu við Sanitas hf. (eldra félagið). Við sameininguna verður því Sanitas hf. eigandi fasteignarinnar.

Samkvæmt ofanskráðum bréfum, dags. 19.12.1979, er Sanitas hf.

lagt niður með sameiningu við Pólaris hf. Við þessa sameiningu verður Pólaris hf. eigandi fasteignarinnar.

Samkvæmt vottorði hlutafélagaskrár, dags. 07.02.1991, varðandi stofnun nýs hlutafélags, Sanitas hf. (með sama nafni og hið eldra, sem lagt var niður 18.12.1979) og bréfi Alexanders Ág. Eðvarðssonar, löggilts endurskoðanda, verður fasteignin eign þessa félags, Sanitas hf., við stofnun þess 18.12.1982.

Samkvæmt bréfi Alexanders Ág. Eðvarðssonar, löggilts endurskoðanda, er fasteignin í eigu Sanitas hf. þar til 29.03.1990, að eignin er seld Víkingbruggi hf. Stofnefnahagsreikningur Víkingbruggs hf. ber með sér, að fasteignir eru þar færðar til eignar.

Samkvæmt þessu er núverandi eigandi fasteignarinnar nr. 57 við Norðurgötu á Akureyri Víkingbrugg hf., Akureyri, kt. 50.04.90-1799."

Lögmaður sóknaraðila hefur tjáð Hæstarétti, að hann óski ekki eftir að láta þessi gögn til sín taka.

IV.

Samkvæmt framanskráðu var Sana hf. lagt niður sem sjálfstætt félag á árinu 1979. Engu að síður er félagið enn þinglesinn eigandi fasteignarinnar Norðurgötu 57 á Akureyri. Gögn kærumálsins leiða ekki nægilega í ljós, hver sé að lögum réttur varnaraðili þess. Ber því að vísa kærumálinu sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 14. febrúar 1991.

Nr. 19/1991. **Ákæruvaldið**
gegn
Björgólfi Guðmundssyni,
Helga Magnússyni,
Páli Braga Kristjónssyni og
Ragnari Kjartanssyni.

Áfrýjun. Frávísunarkröfu hafnað.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Guðmundur Jónsson, Haraldur Henrysson, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Páll Arnór Pálsson hæstaréttarlögmaður fer með mál þetta fyrir Hæstarétti sem sérstakur ríkissaksóknari samkvæmt 22. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála. Hinn 17. desember 1990 áfrýjaði hinn sérstaki ríkissaksóknari til Hæstaréttar dómi sakadóms Reykjavíkur 5. júlí sama ár í máli ákæruvaldsins gegn 17 mönnum, en þó aðeins að því er varðar Björgólf Guðmundsson, Helga Magnússon, Pál Braga Kristjónsson og Ragnar Kjartansson. Segir í áfrýjunarstefnunni, að krafist sé sakfellingar eftir ákæru og refsiákvörðunar, að því er varðar Ragnar Kjartansson, en refsiþyngingar, að því er varðar hina mennina þrjá. Þá er þess krafist í áfrýjunarstefnunni, að Helgi Magnússon verði sviptur réttindum löggilts endurskoðanda.

Af hálfu ákærðu hefur þess verið krafist, að málinu verði vísað frá Hæstarétti. Hinn sérstaki ríkissaksóknari hefur mótmælt þessari kröfu. Um þetta atriði hefur farið fram munnlegur málflutningur.

Frávísunarkröfurnar eru á því byggðar, að áfrýjunarstefna hafi ekki verið gefin út innan þess frests, sem tilgreindur er í 2. mgr. 179. gr. laga nr. 74/1974, þar sem segir meðal annars:

„Ríkissaksóknari skal hafa tekið ákvörðun um áfrýjun eigi síðar en 3 mánuðum eftir að dómsgerðir hafa komið honum í hendur....“

Það er fram komið, að héraðsdómur í máli þessu, sem gekk 5. júlí 1990, sem fyrr segir, var kveðinn upp að viðstöddum fulltrúa sérstaks ríkissaksóknara, sem þá var, svo og að viðstöddum verj-

endum ákærðu og sumum þeirra sjálfum. Það er einnig fram komið, að á þessu dómþingi fengu fulltrúi sérstaks ríkissaksóknara og verjendur ákærðu í hendur endurrit dómsins að hluta. Var þar um að ræða þann hluta hans, sem hefur að geyma niðurstöðu sakadóms, þar á meðal dómsorð, en dómurinn að öðru leyti barst sérstökum ríkissaksóknara 14. desember sl. Skjöl, sem fram höfðu verið lögð í sakadómi, og endurrit þinghalda í þeim rétti höfðu borist honum og verjendum ákærðu fyrir dómsuppsögudag.

Því er fram haldið af hálfu ákærðu, að við þessar aðstæður beri að skýra upphaf 2. mgr. 179. gr. laga nr. 74/1974 þannig, að sérstakur ríkissaksóknari hafi átt að kveða á um áfrýjun innan þriggja mánaða frá dómsuppsögudegi. Saksóknarinn telur hins vegar, að orðin séu ótvíræð og að hann hafi haft þrjá mánuði frá 14. desember til að ákveða, hvort áfrýja skyldi.

Sá hluti héraðsdóms, sem ekki var afhentur fyrr en 14. desember, hefur að geyma frásögn af atriðum, sem sérstökum ríkissaksóknara voru kunn með öðrum hætti. Var því ekki, ef eigi er litið til laga nr. 74/1974, nauðsynlegt vegna málsefnisins að láta ákvörðun um áfrýjun bíða eftir afhendingu þessa hluta dómsins. Hin almenna sakhraðaregla íslensks réttarfars, sem m.a. kemur fram í 138. gr. laga nr. 74/1974, leiðir og til þess, að hraða bar ákvörðun um áfrýjun. Það ber og að sama brunni, að meðferð máls ákæruvaldsins gegn ákærðu hefur tekið langan tíma. Ber þá að líta til þess, að sá tími verður reiknaður að minnsta kosti frá því, að ákærðu voru hnepptir í gæsluvarðhald vorið 1986, sbr. H.1986, 205, 907, 910 og 914. Af hálfu ákærðu er á því byggt, að unnt sé að skýra áðurgreint ákvæði um þriggja mánaða frest svo, að upphaf hans hafi verið 5. júlí 1989, og að þá skýringu beri að velja meðal annars með hliðsjón af 6. gr. Evrópuráðssamnings um verndun mannréttinda og mannfrelsi (Mannréttindasáttmála Evrópu), sem birtur var með auglýsingu nr. 11/1954 í A-deild Stjórnartíðinda. Þá er enn fremur talið af hálfu ákærðu, að þennan skýringarkost beri að taka með hliðsjón af því, að brotið sé gegn meginreglu í íslenskum rétti um jafnræði í þeim ákvæðum laga nr. 74/1974, sem ætla dómþola að forfallalausu tveggja vikna frest frá birtingu dóms til að taka ákvörðun um áfrýjun, sbr. 2. mgr. 177. gr. laganna, en ríkissaksóknara þann þriggja mánaða frest, sem fyrr greinir.

Vafalaust er, að með orðinu dómsgerðum í 179. gr. laga nr. 74/1974 er átt við safn allra skjala í máli og endurrita þess, sem bókað hefur verið um það í bækur dómstóls. Er þessi merking helguð af venju, enda er frá slíku gagnasafni gengið þannig, að tryggt á að vera, að það stafi frá dómstólnum og að þar komi allt til skila, sem þar á að vera. Ef sá kostur er valinn að telja frest sérstaks ríkissaksóknara til að áfrýja þessu máli hafa hafist 5. júlí 1990, er því gengið gegn skýringu ákvæðisins eftir orðanna hljóðan, sem tíðkanleg hefur verið. Áfrýjunarstefna var, sem fyrr greinir, gefin út 17. desember, þremur dögum eftir að sérstökum ríkissaksóknara bárust dómsgerðirnar. Þó að málarekstur gegn ákærðu hafi tekið langan tíma og alllangt hafi verið liðið frá dómsuppsögu, þegar áfrýjun var ráðin, getur þetta ekki leitt til þess, að upphafsákvæði 2. mgr. 179. gr. laga nr. 74/1974 verði skýrt gegn orðanna hljóðan. Það breytir ekki þessari niðurstöðu, að ríkissaksóknara er enn í lögum ætlaður lengri tími en dómfellda til að segja til um áfrýjun, meðal annars af þeirri ástæðu, að ríkissaksóknara er almennt ætlað að hafa málstað dómfelldra manna í huga við ákvörðun sína.

Af framanskráðu leiðir, að frávísunarkröfur ákærðu verða ekki teknar til greina.

Verjendur ákærðu hafa auk frávísunar krafist málsvarnarlauna. Verða þær kröfur metnar á síðara stigi málsins.

Dómsorð:

Frávísunarkröfur ákærðu, Björgólfs Guðmundssonar, Helga Magnússonar, Páls Braga Kristjónssonar og Ragnars Kjartanssonar, eru ekki teknar til greina.

Fimmtudaginn 14. febrúar 1991.

Nr. 28/1989. **Sigurður Aðalsteinsson**
(Magnús Óskarsson hrl.)
gegn
Hilmari Sigurþórssyni
(Valgeir Kristinsson hrl.) **og**
bæjarstjóranum í Hafnarfirði
(Kjartan Reynir Ólafsson hrl.).

Skipulag. Grenndarréttur. Byggingarmál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Guðmundur Jónsson, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. janúar 1989. Hann gerir þá kröfu á hendur báðum stefndu, að ógilt verði byggingarleyfi byggingarnefndar Hafnarfjarðar, sem samþykkt var 10. september og 15. október 1987, staðfest af bæjarstjórn 20. október sama ár og útgefið 21. sama mánaðar, til handa stefnda Hilmari til byggingar parhúss á lóðinni nr. 11 við Greniberg í Hafnarfirði. Enn fremur gerir hann þá kröfu á hendur stefnda Hilmari, að staðfest verði lögbann, er bæjarfógetinn í Hafnarfirði lagði á byrjaðar framkvæmdir á lóðinni 18. mars 1988. Loks krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti frá stefndu sameiginlega.

Báðir stefndu krefjast þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og þeim dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Atvikum málsins og málsástæðum er lýst í héraðsdómi.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt. Meðal þeirra er bréf skipulagsstjóra ríkisins frá 27. júní 1989, afrit úr deiliskipulagsuppdrætti svæðisins og greinargerð með deiliskipulagi þess. Þar kemur fram, að félagsmálaráðherra staðfesti deiliskipulag af Setbergslandi í Hafnarfirði 31. janúar 1983 og að á deiliskipulagsuppdrætti er þá sýnt einbýlishús á lóðinni nr. 11 við Greniberg.

Áfrýjandi hefur reist sér hús að Hnotubergi 5, og á lóð hans mörk

að lóð stefnda Hilmars að Grenibergi 11. Hann hefur því hagsmuna að gæta um byggingar á þeirri lóð.

Áfrýjandi heldur því fram, að byggingaryfirvöld í Hafnarfirði hafi farið út fyrir valdmörk sín, er þau veittu heimild til byggingar parhúss á lóðinni, þ.e. tveggja sambyggðra einbýlishúsa í stað sérstæðs einbýlishúss. Fyrir Hæstarétti hefur hann til frekari rökstuðnings haldið því fram, að byggingarleyfi fyrir Grenibergi 11 brjóti í bága við staðfest deiliskipulag Setbergshverfis í Hafnarfirði, sbr. auglýsingu nr. 51/1983 og 8. gr. skipulags- og byggingarskilmála I. áfanga Setbergs frá 25. apríl 1983, svo og 4. og 5. gr., 2. mgr., skipulagslaga nr. 19/1964, sbr. lög nr. 31/1978, og 2. mgr. 9. gr. byggingarlaga nr. 54/1978 og 4.2. og 4.3.2. 6. mgr. skipulagsreglugerðar nr. 318/1985. Stefndu hafa haldið því fram, að í þessu felist nýjar málsástæður, og hafa mótmælt því, að þær komist að fyrir Hæstarétti. Á þetta verður ekki fallist, þar sem telja verður, að hér sé um að ræða frekari lagarök til stuðnings áður fram komnum málsástæðum.

Lóðin að Grenibergi 11, sem stefnda Hilmari var úthlutað í mars 1987, var 742,7 fermetrar að stærð samkvæmt skipulagi. Hún var, eftir að til þessa máls kom, stækkuð til suðurs um 30 cm, svo að hún er nú 750,4 fermetrar. Samkvæmt 19. gr. reglugerðar nr. 217/1966 um gerð skipulagsáætlana, sbr. reglugerð nr. 102/1978, sem í gildi var, þá er deiliskipulag svæðisins var samþykkt, skyldi lágmarksstærð lóðar fyrir parhús vera 1.000 fermetrar, þ.e. 500 fermetrar fyrir hvort hús, en fyrir sérstæð einbýlishús 700 fermetrar. Með 4.3.2. gr. 6. mgr. skipulagsreglugerðar nr. 318/1985 varð lágmarksstærð parhúsalóðar 450 fermetrar fyrir hvort, en lágmarksstærð fyrir sérstætt einbýlishús hélst óbreytt. Af hálfu stefndu hefur því ekki verið haldið fram, að skipulagsstjórn hafi heimilað frávik eftir ákvæðum reglugerða frá stærðum parhúsalóða í deiliskipulagi svæðisins, hvorki í upphafi né síðar. Stefndu hafa þannig ekki sýnt fram á, að byggingaryfirvöld í Hafnarfirði hafi mátt heimila byggingu parhúss á lóðinni nr. 11 við Greniberg. Þau hafa því farið verulega út fyrir valdmörk sín, og ber þegar af þeirri ástæðu að ógilda byggingarleyfi það, sem þau gáfu fyrir byggingu á lóðinni.

Stefndi Hilmar hóf framkvæmdir á lóðinni í samræmi við ofangreint byggingarleyfi. Áfrýjandi hafði ekki gefið samþykki sitt fyrir

frávikum frá byggingar- og skipulagsskilmálum, og kvörtunum hans hafði ekki verið sinnt. Byggingarleyfi, sem vék svo verulega frá samþykktu deiliskipulagi, var til þess fallið að skerða grenndarrétt hans, og ber því að staðfesta lögbann það, sem hann fékk lagt við byrjuðum framkvæmdum stefnda Hilmars á lóðinni.

Rétt þykir, að hver aðili beri sinn kostnað af máli þessu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Byggingarleyfi byggingarnefndar Hafnarfjarðar, sem hún samþykkti 10. september og 15. október 1987 og staðfest var af bæjarstjórn 20. október sama ár og útgefið var til handa stefnda Hilmari Sigurþórssyni 21. sama mánaðar, til byggingar parhúss á lóðinni nr. 11 við Greniberg í Hafnarfirði skal vera ógilt.

Lögbann, sem bæjarfógetinn í Hafnarfirði lagði við byrjuðum framkvæmdum á lóðinni nr. 11 við Greniberg 18. mars 1988, er staðfest.

Hver aðila skal bera kostnað sinn af máli þessu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 28. október 1988.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 13. október sl., er höfðað hér fyrir þinginu með réttarstefnu, birtri 28. og 29. mars 1988.

Stefnandi er Sigurður Aðalsteinsson, nnr. 7833-4940, Hnotubergi 5, Hafnarfirði.

Stefndu eru Hilmar Sigurþórsson, nnr. 4132-1032, Smyrlahrauni 28, Hafnarfirði, og bæjarsjóður Hafnarfjarðar, nnr. 3503-3521, Strandgötu 6, Hafnarfirði.

Dómkröfur stefnanda á hendur báðum stefndu eru þær, að ógilt verði byggingarleyfi byggingarnefndar Hafnarfjarðar, sem samþykkt var 10. september 1987 í byggingarnefnd, staðfest af bæjarstjórn 20. október 1987 og útgefið 21. október til handa stefnda Hilmari, til byggingar parhúss á lóðinni nr. 11 við Greniberg í Hafnarfirði.

Stefnandi gerir enn fremur þá kröfu á hendur stefnda Hilmari, að stað-

fest verði lögbann, er bæjarfógetinn í Hafnarfirði lagði á byrjaðar framkvæmdir á lóðinni nr. 11 við Greniberg þann 18. mars 1988.

Þá krefst stefnandi þess, að stefndu verði dæmdir óskipt til að greiða sér málskostnað skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Stefndi Hilmar krefst þess að verða sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að lögbannið frá 18. mars 1988 verði úr gildi fellt.

Stefndi bæjarsjóður Hafnarfjarðar krefst sýknu, og báðir stefndu krefjast málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ.

I.

Í mars 1987 úthlutaði bæjarstjórn Hafnarfjarðar stefnda Hilmari byggingarlóðinni nr. 11 við Greniberg í Setbergshverfi, sem var 747,7 m² að stærð. Samkvæmt skipulagsskilmálum skyldi rísa einbýlishús á lóðinni.

Stefnandi býr að Hnotubergi 5, og er lóð hans við hlið lóðarinnar nr. 11 við Greniberg. Í júní 1987 lagði stefndi Hilmar inn fyrirspurn um byggingarleyfi fyrir parhúsi á lóðinni. Byggingarnefnd Hafnarfjarðar hafnaði erindinu á þeirri forsendu, að fyrirhugað hús væri fullar tvær íbúðarhæðir og ekki fellt að landi eins og skipulagsskilmálar áskildu. Í skipulagsskilmálum fyrir Setberg, 1. gr., segir, að miðað sé við, að heildaryfirbragð byggðar verði einnar hæðar, en þó er heimilt að skipta gólfum með svokallaðri pallaskiptingu. Þá var erindinu enn fremur hafnað á þeirri forsendu, að lóðin nr. 11 við Greniberg væri of lítil fyrir parhús.

Hinn 9. júlí 1987 sótti stefndi Hilmar um viðbótarlóð, svo að lóðarstærð næði 750 m². Bæjarráð taldi ekki ástæðu til lóðarstækkunar, en fól bæjarverkfræðingi að liðka fyrir aðkomu að lóðinni.

Þann 10. ágúst 1987 lagði stefndi á ný inn fyrirspurn um byggingarleyfi fyrir parhúsi samkvæmt nýjum teikningum. Byggingarnefnd samþykkti umsóknina, enda taldi hún fyrirhugað hús nú lagað að byggingarskilmálum og tillit tekið til ábendinga nefndarinnar. Fór byggingarnefnd fram á fullnaðarteikningu á fundi sínum 13. ágúst 1987.

Á fundi byggingarnefndar 10. september 1987 komu teikningar Sigurþórs Aðalsteinssonar, dags. 24.8. 1987, af húsinu til afgreiðslu og voru samþykktar. Bókað var: „...Samþykkt að verða við erindinu með 2 atkv., 2 sátu hjá. Byggingarfulltrúi vill láta koma fram, að fyrirliggjandi teikning fer út fyrir byggingar- og skipulagsskilmála, er gilda fyrir hverfið, og harmar því samþykkt." Samþykkt þessi var staðfest á fundi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar 20. október 1987. Í greinargerð byggingarnefndar um Greniberg 11, sem lögð hefur verið fram í málinu, er samþykktin frá 10. september 1987 rökstudd þannig:

„Lóðarstækkun hafði farið fram með breytingu á innkeyrslu frá götu, og þar af leiðandi var lóðin innan þeirra stærðarmarka, sem hún skyldi

vera. Teikning sú, er fram kom, var í engu breytt frá fyrirspurnarteikningum, sem voru samþykktar 10. ágúst.

Nú þegar hafa verið samþykkt nokkur „tvíbýlishús" í hverfinu, og er afgreiðsla þessa erindis í engu ósamræmi við fyrri afgreiðslur nefndarinnar."

Stefnandi kveðst hafa orðið þess áskynja 1. nóvember 1987, að byggingarnefnd Hafnarfjarðar hafi veitt heimild til byggingar parhúss á lóðinni nr. 11 við Greniberg. Hann ritaði bæjarstjórninni í Hafnarfirði bréf, dags. 2. nóvember 1987, og krafðist þess, að fram færi grenndarskoðun og að framkvæmdir á lóðinni yrðu stöðvaðar á meðan. Byggingarnefnd hafnaði erindi stefnanda á fundi sínum 19. nóvember 1987, og var samþykkt nefndarinnar staðfest á fundi bæjarstjórnar 1. desember 1987. Eftir þetta kveður stefnandi hafa komið í ljós, að fyrirhuguð húsbygging væri utan byggingarreits að austanverðu og að lóðin við Greniberg hefði verið stækkuð með því að breyta aðkomu og innkeyrslu. Þá kveðst stefnandi hafa komist að því, að gert var ráð fyrir of háu húsi að Grenibergi 11 miðað við þann hæðarkvóta, sem gildi fyrir hverfið.

Byggingarframkvæmdir hófust að Grenibergi 11 í febrúar 1988. Stefnandi og fleiri íbúar hverfisins rituðu þá annað bréf, nú bæjarráði Hafnarfjarðar, dags. 10. febrúar 1988. Í bréfinu fór stefnandi fram á, að byggingarframkvæmdir yrðu stöðvaðar og byggingarleyfi afturkallað. Ekki varð bæjarráð við þessari kröfu, og hófst mótauppsláttur undir sökkla á lóðinni nr. 11 við Greniberg. Þegar sýnt var, að steypa ætti í mótin, ítrekaði lögmaður stefnanda kröfuna með bréfi til byggingarfulltrúa, dags. 4. mars 1988, og í skeyti til stefnda Hilmars þann 10. mars sl. Þegar þessum kröfum hafi ekki verið sinnt, kveðst stefnandi ekki hafa átt annarra kosta völ en að krefjast lögbanns á fyrirhugaðar framkvæmdir. Lögbannið var lagt á 18. mars sl. gegn 500.000 króna tryggingu.

Eftir að lögbannið hafði verið lagt á, sótti stefndi Hilmar um viðbótarlóð hjá bæjarráði með bréfi, dagsettu 24. mars 1988. Óskaði hann eftir viðbótarlóð eigi minni en 7,3 m², svo að lóðin fullnægði 8. gr. skipulags- og byggingarskilmála. Bæjarstjórn varð við þessari ósk þann 29. mars sl. með eftirfarandi samþykkt „Bæjarstjórn samþykkir, að lóðin nr. 11 við Greniberg verði stækkuð til suðurs um 30 cm., þannig að hún verði 750,4 m². Samþykki lóðarhafa að Grenibergi 13 liggur fyrir." Var viðbótarlóðin fengin af lóð nr. 13 með samningi við lóðarhafa þar.

Erlendur Hjálmarsson, byggingarfulltrúi Hafnarfjarðar, kvaðst hafa setið hjá á fundi byggingarnefndar 10. september 1987 og harmað samþykkt nefndarinnar, þar sem hann taldi yfirbragð Grenibergs 11 vera tveggja hæða húss og því brjóta í bága við 1. gr. byggingarskilmála. Byggingarnefnd hafi átt í miklu stríði við lóð lóðarhafa og hönnuði vegna þessa

ákvæðis, og giskaði hann á, að 10 - 20% húsa í Setbergi væru tveggja hæða og þar á meðal hús stefnanda. Hann kvaðst ekki hafa verið á móti því, að á lóðinni yrði byggt parhús, eftir að hún var stækkuð, af þeirri ástæðu, að skv. skipulagi hefði verið gert ráð fyrir tveimur húsum í þessum botnlanga við Greniberg, sem væru með tveimur íbúðum. Íbúarnir hefðu mátt gera ráð fyrir tveimur slíkum húsum, og eftir að lóðin nr. 11 var stækkuð, hefði honum fundist í lagi, að þar risi parhús eða hús með tveimur íbúðum. Hann taldi ekki hafa verið þörf á að leita samþykkis stefnanda fyrir stækkun lóðarinnar nr. 11 við Greniberg og tilfærslu byggingarreitsins, þar sem þessar breytingar hefðu ekki áhrif á nágranna. Samkvæmt sínum útreikningum teldist honum til, að fyrirhugað hús væri 13 sm fyrir ofan hámarkskvóta skv. samþykktri teikningu. Hann kvað það algengt, að minni háttar frávik hefðu verið samþykkt í Setbergslandi. Það sé matsatriði hverju sinni, hvenær byggingarnefnd fari fram á grenndarskoðun. Samkvæmt byggingarreglugerð sé það lagt í mat byggingarnefndar hverju sinni, hvort hún telji frávik svo mikil, að þörf sé á samþykki nágranna. Alltaf sé reynt að koma til móts við óskir húsbyggjenda, valdi það nágrönnum ekki óþægindum.

Jóhannes Kjarval, skipulagsstjóri Hafnarfjarðar, tók í sama streng. Hann kvað algengt, að einhver frávik væru gerð frá mæliblaði og samþykktu deiliskipulagi, einfaldlega af þeirri ástæðu, að við skipulag væri aldrei unnt að sjá allar lausnir, sem hinir ýmsu hönnuðir kæmu auga á og mismunandi aðstæður þörfnuðust hverju sinni. Aðstæður gætu verið misjafnar, en ætíð væri reynt að gera það með friði, þ.e. leita samþykkis nágranna. Hann kvað fleiri dæmi tveggja íbúða húsa í Setbergshverfi.

Dómurinn hefur farið á vettvang og kynnt sér aðstæður.

II.

Af hálfu stefnanda er því í fyrsta lagi haldið fram, að skv. 8. gr. skipulags- og byggingarskilmála fyrir einbýlis-, par- og raðhús í I. áfanga Setbergs sé ekki heimilt að reisa tveggja íbúða hús á lóðum, sem eru undir 750 m² að stærð. Óumdeilt sé í málinu, að lóðin nr. 11 var 742,7 m² og uppfyllti því ekki greint skilyrði. Byggingarnefnd hafi borið að afla samþykkis stefnanda til að stækka lóðina og þar með að breyta húsinu í parhús.

Í öðru lagi byggir stefnandi á því, að húsið að Grenibergi 11 sé einn metra fyrir utan byggingarreit að austanverðu, svo sem reiturinn sé ákveðinn í deiliskipulagi.

Í þriðja lagi bendir stefnandi á, að aðkeyrslu og aðkomu að Grenibergi 11 hafi verið breytt frá deiliskipulagi.

Í fjórða lagi heldur stefnandi því fram, að teikningar að fyrirhuguðu

parhúsi að Grenibergi 11 sýni húsið of hátt miðað við byggingarskilmála.

Stefnandi telur allar ofangreindar breytingar frávik frá mæliblaði. Samkvæmt skipulagsreglugerð nr. 318/1985, gr. 4.2., geti byggingarnefnd því aðeins leyft frávik frá mæliblaði og samþykktum byggingar- og skipulagsskilmálum, að fyrir liggi skriflegt samþykki eigenda aðliggjandi lóða og húsa. Samkvæmt almennum skilningi þýði orðið „frávik" eitthvað lítið, en ekki mikið. Að vísu sé lóðin aðeins stækkuð um nokkra fermetra, en aðalatriðið sé, að grundvallarbreyting verði á nýtingu lóðarinnar við þá stækkun. Stefnandi hafi mátt gera ráð fyrir einbýlishúsi á lóðinni og þá einni fjölskyldu. Annar inngangur fyrirhugaðs parhúss sé um norðurhlið þess, gegnt suður- og sólarhlið húss stefnanda. Garður stefnanda nýtist því ekki til útivistar í sama mæli og stefnandi gat gert ráð fyrir.

Stefndi Hilmar styður sýknukröfu sína þeim rökum, að ekki hafi þurft að leita samþykkis stefnanda til að stækka lóðina nr. 11 við Greniberg. Breytingar á lóðinni snerti á engan hátt lóð eða umferð að lóð stefnanda, þó að lóðirnar liggi saman, því að lóð stefnanda standi við Hnotuberg og hafi aðkeyrslu um þá götu, en hús stefnanda standi við Greniberg og hafi aðkeyrslu um þá götu. Eftir stækkun fullnægi lóðin ströngustu kröfum byggingarreglna. Þá sé til þess að líta, að stefnandi gat ekki gert ráð fyrir minna húsi á lóðinni, jafnvel þótt um einbýlishús hefði verið að ræða.

Í öðru lagi bendir stefndi á, að þegar búið hafi verið að samþykkja byggingu parhúss á lóðinni nr. 11, hafi orðið ljóst, að byggð yrðu tvö jafnstór hús. Til að miðla lóðinni sem jafnast hafi húsið verið fært um einn metra frá lóðarmörkum. Húsið sitji nú betur á lóðinni, og sé þessi breyting til hagsbóta fyrir stefnanda, þar sem húsið færist frá honum um einn metra.

Þá heldur stefndi Hilmar því fram, að samkvæmt teikningu, sbr. 3. gr. skipulags- og byggingarskilmála, verði hús hans ekki of hátt.

Stefndi bæjarsjóður Hafnarfjarðar styður sýknukröfu sína þeim rökum, að lóðin nr. 11 við Greniberg uppfylli nú ákvæði skipulags- og byggingarskilmála. Við skýringu á ákvæðum skipulagsreglugerðar nr. 318/1985, gr. 4.2., um að afla samþykkis nágranna, beri að hafa hliðsjón af gr. 3.1.4. byggingarreglugerðar nr. 292/1979, sem kveður á um, að byggingarfulltrúi geti veitt undanþágur, hvað uppdrætti snerti, sé um minni háttar breytingu að ræða.

Stefndi telur, að samkvæmt framlögðum gögnum sé ekki vafi á, að húsið sé innan hæðartakmarkana. Færsla hússins til suðurs sé tvímælalaust stefnanda til hagræðis.

Að lokum bendir stefndi bæjarsjóður Hafnarfjarðar á, að aðkeyrslu og aðkomu að húsum sé yfirleitt breytt, ef óskað er eftir og nokkur kostur að verða við því. Skv. skipulagsskilmálum, 5. gr., sé staðsetning bifreiða-

stæða ekki bundin; þetta eigi sér einnig stoð á mæliblaði (dskj. nr. 3-B), þar sem segir, að kvöð sé um tvö opin bílastæði, en staðsetning á mæliblaði sé ekki bindandi.

III.

Í 8. gr. „Skipulags- og byggingarskilmála fyrir einbýlis-, par- og raðhús í I. áfanga Setbergs" segir m.a.:

„Á lóðum stærri en 750 m² má gera ráð fyrir minni háttar þrifalegri atvinnustarfsemi í húsinu eða sjálfstæðu húsi, sem þá tengjast með skjólvegg. Rísi 2 hús á lóðinni, skal vera samræmi í útliti og byggingarefni húsanna. Atvinnustarfsemi skal vera í samræmi við tilgreinda möguleika í greinargerð með deiliskipulagi hverfisins, sem liggur frammi á skrifstofu bæjarverkfræðings. Á sama hátt má gera ráð fyrir lítilli íbúð auk aðalíbúðar. Þó má ekki gera ráð fyrir hvoru tveggja, atvinnustarfsemi og aukaíbúð."

Lóðin nr. 11 við Greniberg var upphaflega 742,7 m² og því 7,3 m² undir því lágmarki, sem 8. gr. skipulags- og byggingarskilmála áskilur til byggingar tveggja íbúða húss. Dómurinn telur, að byggingarnefnd hafi verið heimilt í þessu tilviki að leyfa byggingu tveggja íbúða húss á lóðinni, þar sem frávik frá skilmálum var óverulegt. Óumdeilt er, að með síðari stækkun varð lóðin nægilega stór samkvæmt hljóðan ákvæðisins.

Dómurinn telur, að bygging fyrirhugaðs húss, sem er teiknað með tveimur jafnstórum íbúðum, feli í sér óverulegt frávik frá byggingar- og skipulagsskilmálum, þar sem kveðið sé á um tvær misstórar íbúðir. Útlit hússins breytir ekki yfirbragði byggðar og heildarútliti, svo að teljandi sé. Verður að telja, að ekki sé mikill munur á þessum tveimur húsgerðum, hvað varðar umferð og óþægindi fyrir stefnanda. Þá er einnig til þess að líta, að einbýlishús á lóðinni hefði getað orðið stærra en fyrirhugað hús, þótt byggingarskilmálum hefði í hvívetna verið fylgt, og þannig byrgt útsýni mun meira frá húsi stefnanda. Enn fremur hefur komið fram í málinu, að frávik hafa víða verið leyfð í Setbergshverfi, m.a. varðandi hús stefnanda, sem er óstallað tveggja hæða hús og hærra en byggingarskilmálar kveða á um.

Telja verður, að tilfærsla á byggingarreit um 1 metra sé óveruleg og stefnanda til hagsbóta.

Breyting á aðkeyrslu og aðkomu að Grenibergi 11 þykir óveruleg, og snertir hún stefnanda lítið, þar sem hús hans stendur við aðra götu (Hnotuberg) og hefur aðkeyrslu um hana. Þá er einnig kveðið svo á í 5. gr. byggingar- og skipulagsskilmála og á mæliblaði, að staðsetning bifreiðastæða sé ekki bindandi.

Stefnandi heldur því fram, að teikning hússins að Grenibergi 11 sýni það

of hátt miðað við hæðarlínu hverfisins. Í 3. gr. skipulags- og byggingarskilmála segir, að „á lóðum ofan við götu er hæðarsetning aðalhæðar á aðkomuhlið húss (kvóti H) miðuð við allt að 1,0 m yfir aðliggjandi götukvóta að viðbættum hæðarmismun í landi milli götu og byggingarreits ... Mesta hæð húss (HM) er miðuð við 4,5 m yfir kvóta (H). Sé hús ofan við götu og með pallaskiptingu, er hækkun á umræddum kvótum (H og HM) leyfileg á þeim hluta húss, sem fjær er götu, sem nemur allt að hæðarmismun innan nýtts hluta byggingarreits að frádregnum 0,5 m frá kvóta (HM).“

Samkvæmt mæliblaði (dskj. nr. 3G) skyldi gólfhæð vera 21,50 m. Stefndi Hilmar fékk gólfhæð hækkaða um 30 sm eða í 21,80 m. Þannig mátti mesta hæð hússins verða 28,65 m, sbr. álitsgerð Stefáns Arnar Stefánssonar arkitekts FAÍ (dskj. nr. 11C). Sé hins vegar miðað við gólfkvóta 21,50 m, mátti mesta hæð hússins verða 28,60 m. Samkvæmt samþykktum uppdrætti er mesta hæð hússins 27,63 m og er því í báðum tilvikum undir leyfilegri hæð, hvort sem miðað er við gólfkvóta 21,80 eða 21,50.

Samkvæmt ofansögðu verða kröfur stefnanda ekki teknar til greina. Stefndu verða því sýknaðir af kröfum stefnanda og lögbannsgerð frá 18. mars 1988 úr gildi felld.

Eftir atvikum þykir rétt, að aðilar beri hver sinn kostnað af málinu.

Gunnar Aðalsteinsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum Sigurði Halli Stefánssyni héraðsdómara og Þorvaldi Þorvaldssyni arkitekt.

Dómsorð:

Stefndu, Hilmar Sigurþórsson og bæjarsjóður Hafnarfjarðar, eiga að vera sýknir af kröfu stefnanda, Sigurðar Aðalsteinssonar, í máli þessu.

Framangreind lögbannsgerð er úr gildi felld.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 14. febrúar 1991.

Nr. 137/1988. **Borstöðin hf.**
(Hilmar Ingimundarson hrl.)
gegn
Finni Gíslasyni
(Jónatan Sveinsson hrl.).

Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Guðmundur Jónsson, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. maí 1988. Hann gerir þær dómkröfur aðallega, að einungis verði viðurkenndar kröfur stefnda að fjárhæð 405.000 krónur án vaxta og að viðurkennt verði með dómi, að skuldajafna megi eftirstöðvum hlutafjárloforðs stefnda við áfrýjanda sem þeirri fjárhæð nemur. Til vara gerir áfrýjandi þá dómkröfu, að því leyti sem krafa stefnda verði viðurkennd, að þeirri fjárhæð verði þá skuldajafnað á móti skuld stefnda samkvæmt framlögðum viðskiptareikningi áfrýjanda. Í báðum tilvikum krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Svo sem rakið er í héraðsdómi, var stefndi einn fimm stofnenda Borstöðvarinnar hf. Samkvæmt ákvæðum stofnsamnings félagsins skyldi stofnfé greitt með vélum, tækjum og vinnu, sem stofnendur legðu fram. Í samræmi við þetta lagði stefndi fram „Ford 6000 6 x 6 bifreið, árg. 1972, skrásetningarnúmer Í-951, Reo Studebaker 6 x 6 vörubifreið, árg. 1953, og vinnu, allt að verðmæti kr. 555.000,-". Kemur fram, að bifreiðarnar hafi að hálfu verið framlag stefnda á móti Sigurði Karli Gunnarssyni, sem einnig skyldi leggja fram vinnu, svo að framlag hans yrði 555.000 krónur. Tveir stofnendur lögðu fram borbúnað og bifreið með borbúnaði. Var framlag hvors þeirra 1.290.000 krónur. Framlag fimmta stofnandans var vinna, að verðmæti 10.000 krónur, við framangreindar vélar og tæki. Í stofnsamningi segir, að allt hlutafé sé greitt. Samþykktir

félagsins eru dagsettar 30. maí 1986, og félagið var tilkynnt til hlutafélagaskrár sama dag. Var Lárus Tryggvason skráður framkvæmdastjóri félagsins og stefndi, Finnur, prókúruhafi auk hans.

Stefndi höfðaði mál þetta sem áskorunarmál. Málinu var vikið til reglulegrar meðferðar, er varnir komu fram af hálfu áfrýjanda. Þykja ekki efni til þess, eins og nú er komið, að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og meðferð málsins vegna annmarka á málatilbúnaði stefnda í upphafi.

Í máli þessu krefur stefndi áfrýjanda um greiðslu reiknings fyrir vinnu, aksturskostnað, verkfæragjald, fæðis- og flutningsgjald og efniskaup samkvæmt framlögðum reikningum. Hefur Lárus Tryggvason ritað samþykki sitt á heildarreikning stefnda. Ber að taka kröfu samkvæmt reikningi þessum til greina, svo sem gert er í héraðsdómi.

Svo sem að framan er rakið, var sagt í stofnsamningi og staðfest við skráningu félagsins í hlutafélagaskrá, að hlutafé væri allt greitt. Hefur áfrýjanda ekki tekist að sýna fram á, að verk það, sem stefndi krefst greiðslu fyrir, hafi hann innt af hendi til að fullnægja hlutafjárloforði sínu.

Fallast ber á það með héraðsdómaranum, að aðrar skuldajafnaðarkröfur séu svo vanreifaðar, að þær komi ekki til álita í máli þessu.

Samkvæmt þessu á hinn áfrýjaði dómur að vera óraskaður.

Áfrýjandi greiði stefnda 130.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Borstöðin hf., greiði stefnda, Finni Gíslasyni, 130.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 10. mars 1988.

1.0. Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi mánudaginn 7. mars sl., hefur Finnur Gíslason, nnr. 2334-9752, Þverbrekku 4, Kópavogi, höfðað fyrir bæjarþinginu með áskorunarstefnu, birtri 5. maí 1987, á hendur Lárusi Tryggvasyni, nnr. 6026-4805, Móaflöt 37, Garðabæ, formanni stjórnar Borstöðvarinnar hf., nnr. 9345-1120, Austurstræti 17, Reykjavík, fyrir hönd fyrirtækisins.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 588.183,90 ásamt 2,25% dráttarvöxtum á mánuði frá 15. desember 1986 til 1. apríl 1987, en með 2,50% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. júní 1987 og með 33,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júlí 1987, með 36% ársvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst 1987, með 40,8% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1987, með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. október 1987, með 43,2% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1987, með 45,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1987, með 49,2% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1988, með 51,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1988 og með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar samkvæmt framlögðum reikningi, og beri málskostnaður dráttarvexti samkvæmt vaxtalögum frá uppsögudegi dóms til greiðsludags.

Endanlegar dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að einungis verði viðurkenndar kröfur stefnanda að fjárhæð kr. 405.000 án vaxta og að viðurkennt verði með dómi, að skuldajafna megi eftirstöðvum hlutafjárloforðs stefnanda við stefnda sem þeirri fjárhæð nemur. Til vara gerir stefndi þá dómkröfu, að svo miklu leyti sem krafa stefnanda verði viðurkennd, að þeirri fjárhæð verði skuldajafnað á móti skuld stefnanda við stefnda samkvæmt framlögðu yfirliti yfir viðskiptareikning stefnanda hjá stefnda. Í báðum tilvikum er þess krafist, að stefnandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Mál þetta var upphaflega rekið sem áskorunarmál, en með bókun í þingbók 8. september 1987 var því vikið til almennrar meðferðar, sbr. 11. gr. laga nr. 97/1987.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

2.0. Stefnandi lýsir málsatvikum og málsástæðum þannig, að skuldin sé samkvæmt reikningi, dagsettum 15. desember 1986, útgefnum af stefnanda til stefnda vegna vinnu stefnanda við borbúnað og borbíl í þágu stefnda fyrir tímabilið 31. maí 1986 til 4. október 1986, og sé hin umstefnda skuld samþykkt af stjórnarformanni stefnda, Lárusi Tryggvasyni. Að öðru leyti vísar hann um málavexti til framlagðra gagna.

Undir rekstri málsins gerði stefnandi minni háttar breytingar á einstökum liðum framlagðs reiknings. Tímagjald næturvinnu var hækkað úr kr. 571 í kr. 576, bætt var úr margföldunarvillum, þannig að akstur hækkaði í kr. 45.500 og verkfæragjald í kr. 46.875, og liðurinn Framlagðir reikningar vegna efniskaupa lækkaði úr kr. 152.041 í kr. 150.292,90. Reikningurinn lækkaði þannig í heild úr kr. 591.433,70, sem var upphafleg stefnufjárhæð, í kr. 588.183,90, sem er endanleg dómkrafa. Sundurliðast hún þannig: Dagvinna 73 stundir á kr. 360, kr. 26.280, næturvinna 552 stundir á kr. 576, kr. 317.952, akstur 91 dagur á kr. 500, kr. 45.500, verkfæragjald 625

stundir á kr. 75, kr. 46.875, reikningur vegna efniskaupa kr. 150.292,90 og fæði og flutningsgjald 73 stundir á kr. 17,60, kr. 1.284.

Hann segir, að skuld þessi hafi ekki fengist greidd þrátt fyrir ítrekuð greiðslutilmæli, og sé stefnandi því knúinn til þess að innheimta hana með dómi.

Stefnandi byggir kröfur sínar á meginreglum samninga- og kröfuréttar um efndir loforða og samninga.

3.0. Stefndi segir málavexti þá, að stefnandi sé hluthafi og einn af stofnendum Borstöðvarinnar hf. Samkvæmt stofnsamningi nemi heildarhlutafé Borstöðvarinnar hf. kr. 3.700.000. Samkvæmt stofnsamningnum hafi framlag stefnanda verið falið í Ford-6000-bifreið, árgerð 1972, skráningarnúmer Í-951, og Reo-Studebaker-6x6-vörubifreið, árgerð 1953, auk vinnu, allt að verðmæti kr. 555.000. Bifreiðarnar hafi verið sameiginlegt framlag stefnanda og Sigurðar Karls Gunnarssonar, og hafi stofnendur metið bifreiðarnar samtals að verðmæti kr. 300.000. Stofnframlag stefnanda, sem fólgið hafi verið í bifreiðunum, hafi því numið kr. 150.000, en stefnandi hafi átt að vinna í þágu stefnda, sem næmi mismuninum, þ.e. fyrir kr. 405.000. Stefndi hafi skorað á stefnanda að leggja fram staðfest ljósrit af skattframtali sínu árið 1987 til upplýsingar um mat hans við framtalsgerð á hlutafjárloforði sínu í Borstöðinni hf.

Stefndi heldur því fyrst og fremst fram, að hinn umstefndi reikningur sé í raun sú vinna, sem stefnandi hafi samkvæmt stofnsamningi átt að inna af hendi, svo að hann, stefnandi, geti talist hafa fullnægt skuldbindingu sinni samkvæmt stofnsamningi um greiðslu hlutafjár. Þrátt fyrir ákvæði stofnsamnings hafi hlutafé ekki verið allt greitt við stofnun félagsins, enda hafi hvorki stefnandi né aðrir stofnendur innt neina vinnu af hendi í þágu félagsins fyrir stofnun þess.

Hlutabréf í Borstöðinni hf. hafi verið gefin út, og séu þau í vörslum félagsins. Meðal málsskjala sé yfirlit yfir viðskiptareikning stefnanda hjá stefnda, þar sem fram komi, að stefnandi skuldar stefnda kr. 903.250 samkvæmt bókhaldi félagsins. Geri stefndi þá kröfu, að þar sem óumdeilt sé, að stefnandi skuldi enn hlutafjárloforð sitt, þá viðurkenni stefndi reikning stefnanda, sem nemi þessu hlutafjárloforði, þ.e. kr. 405.000, og sé þess krafist, að skuldajöfnuður nái fram að ganga.

Stefndi krefst að öðru leyti sýknu af dómkröfum stefnanda, enda telur stefndi það ljóst, að hinn umstefndi reikningur sé rangur og villandi og einungis til þess fallinn að valda stefnda óhagræði og tjóni. Samkvæmt stofnsamningi hafi stefnandi átt að inna vinnu af hendi, sem næmi kr. 405.000, en stefndi hefur aldrei óskað eftir frekari vinnu frá stefnanda. Stefnandi sem einn af stofnendum Borstöðvarinnar hf. verði að auki að sætta sig við að leggja fram endurgjaldslausa vinnu í þágu félagsins, nema

sérstaklega annað sé ákveðið á hluthafafundum eða stjórnarfundum, en um ekkert slíkt sé að ræða gagnvart stefnanda.

Á reikningi stefnanda sjáist undirritun stjórnarformanns stefnda, Lárusar Tryggvasonar. Samþykki Lárusar sé augljóslega fengið á röngum forsendum miðað við tilgang stefnanda með málsókn þessari. Lárus hafi einungis samþykkt reikninginn á þeirri forsendu, að um væri að ræða vinnu stefnanda á móti hlutafjárloforði hans. Staða stefnanda innan Borstöðvarinnar hf. sé og slík og fjárhæð reikningsins slík, að stefnandi geti ekki byggt málsókn sína á því, að um sé að ræða samþykktan reikning. Telja verði og samkvæmt framansögðu og með vísan til samþykkta félagsins, að samþykki a.m.k. meiri hluta stjórnar þess hafi þurft til að binda félagið. Samkvæmt 16. gr. samþykkta félagsins þurfi undirskrift tveggja stjórnarmanna til að skuldbinda félagið.

Stefndi vefengir einstaka liði reikningsins sem of hátt metna til fjár. Einkum telur hann taxta of háa, og enn fremur telur hann suma reikninga vegna efniskaupa vafasama, t.d. mótmælir hann reikningi frá vélsmiðjunni Arentsstáli, dagsettum 11. apríl 1986, að fjárhæð kr. 7.906,65, og reikningi frá Innkaupum hf., dagsettum 28. nóvember 1986, að fjárhæð kr. 1.936.

Sömu sjónarmið eiga við varakröfu stefnda. Stefndi hefur lagt fram yfirlit yfir viðskiptareikning stefnanda hjá stefnda, og segir hann, að þar komi fram, að stefndi skuldfæri stefnanda fyrir leigu á borbifreið stefnda tímabilið 1. nóvember 1986 til 23. janúar 1987. Á þeim tíma hafi bifreiðin staðið vikum saman við skíðaskálann í Bláfjöllum, en stefnandi hafi tjáð öðrum forsvarsmönnum stefnda, að hann hafi gert fyrir hönd félagsins samning við Veislumiðstöðina hf. um borun, þó svo að ljóst sé, að stefnandi hafi hvorki heimild til að gera slíka samninga f.h. félagsins né hafi stefnandi þrátt fyrir áskoranir stefnda þar um gefið viðhlítandi skýringar á samningi um þá borun eða staðið stefnda skil á andvirði þess samnings.

Stefndi vísar til almennra reglna samninga- og kröfuréttar og félagaréttar. Stefndi vísar til 49. gr. laga nr. 85/1936 kröfu sinni um skuldajöfnuð til stuðnings.

4.0. Stefnandi hefur undir rekstri málsins bent á, að samkvæmt stofnsamningi sé framlag hans og Sigurðar Karls Gunnarssonar jafnhátt, þ.e. framlag hvors um sig sé kr. 555.000, eða framlag beggja samtals kr. 1.110.000. Framlagið sé m.a. tvær bifreiðar, annars vegar Reo-Studebaker, árgerð 1953, sem sé metin á kr. 100.000, og Ford-6000-6x6, árgerð 1972, sem sé metin í einu lagi ásamt Atlas-borbúnaði og fylgihlutum á kr. 3.000.000. Borbúnaðurinn og Mack-4x4-bifreið, sem sé framlag þeirra Lárusar Tryggvasonar og Jóhanns Jökulssonar, sé metið á kr. 2.580.000. Þar sem Mack-bifreiðin hafi verið metin kr. 600.000, hljóti borbúnaðurinn að vera metinn á kr. 1.980.000. Verðmæti áðurgreindrar Ford-bifreiðar,

sem samkvæmt áður sögðu var metin á kr. 3.000.000 ásamt borbúnaðinum, hljóti samkvæmt þessu að vera kr. 1.020.000. Báðar bifreiðarnar hljóti því að vera metnar á kr. 1.120.000 samanlagt, sem sé næstum sama fjárhæð og framlag þeirra stefnanda og Sigurðar skyldi vera samkvæmt stofnsamningi.

Stefnandi mótmælir mati stefnda á bifreiðunum, og telur hann það mat síðar til komið, þegar ósætti hafi verið komið upp meðal hluthafa. Sé stuðst við mat stefnda á bifreiðunum, virðist vinnuframlag og efniskostnaður stefnanda og Sigurðar hafa átt að nema kr. 900.000, en efniskostnaður myndi nema um 20% af þeirri fjárhæð. Að áætla væntanlega vinnu svo hátt sé óheimilt samkvæmt hlutafélagalögum.

Stefnandi tekur fram, að vinna sem framlag til Borstöðvarinnar hf. hafi aðeins falist í vinnu við þá hluti, er stefnandi og Sigurður hafi sjálfir lagt fram, þ.e. við bifreiðarnar, og hafi sú vinna verið innt af hendi fyrir alllöngu. Þá tekur stefnandi einnig fram, að ekki hafi verið fyrirætlan nokkurra, að hann og Sigurður inntu af hendi vinnu við framlög annarra hluthafa, sem þannig fengju sitt framlag metið á hærra verði en efni stæðu til vegna vinnu hans og Sigurðar. Í þessu sambandi bendir hann á, að borbúnaðurinn sé metinn m.a. með tilliti til vökvakerfis, en vinna sú, sem krafist sé, að greidd verði af félaginu, hafi einmitt falist í endurnýjun á vökvakerfi hans, en stefnandi sé vélvirki að mennt. Ætti því stefndi endurkröfu á aðra hluthafa vegna nauðsynlegra endurbóta á framlagi þeirra. Stefnandi segist við reikningsgerð sína hafa notað taxta fyrir útselda vinnu Borstöðvarinnar, svo sem sjá megi í framlögðum gögnum. Ástæða mikillar næturvinnu sé sú, að hann hafi verið í öðru starfi, er vinnan var innt af hendi.

Þá bendir stefnandi á varðandi verðmæti áðurgreindrar Ford-bifreiðar, að tryggingarverðmæti á „bíl með borbúnaði" hafi verið rúmlega kr. 5.000.000. Brunabótafélag Íslands hafi greitt kr. 4.500.000 vegna borbílsins, en hann hafi brunnið hinn 11. október 1987, en Borstöðin hf. héldi bílflakinu. Segir stefnandi því, að raunverulegt verðmæti Ford-bifreiðarinnar hafi því verið allmiklu meira en haldið sé fram af stefnda.

Stefnandi mótmælir skuldfærslu á hlutafjárloforði á viðskiptareikningi, þar sem hlutafjárloforð hans sé sagt ógreitt að öllu leyti. Eignfæra hefði átt a.m.k. fyrir þeim fjárhæðum, sem stefndi telur, að felist í bifreiðaframlagi stefnanda. Stefnandi mótmælir því, að hann skuldi framlag sitt. Hann bendir sérstaklega á, að í stofnsamningi félagsins segi berlega, að hlutafé sé allt greitt.

Þá mótmælir stefnandi því að hafa móttekið peninga hjá „Garðari" vegna borunar, að fjárhæð kr. 50.000. Þá mótmælir hann skuldfærslu vegna borunar í Flekkuvík, sem sé í eigu hans. Um hafi verið að ræða

notkun til að reyna borbílinn að lokinni viðgerð til þess að kanna, hvernig til hefði tekist með viðgerð o.þ.h. Umrædd borun í Flekkuvík sé ekki nýtileg stefnanda og hafi að hans sögn aldrei komið til umræðu sem skuld hans fyrr, enda þótt hluthafar haldi öðru fram. Megi benda á, að stefnandi hafi aldrei verið krafinn um þær skuldir, sem séu tilgreindar í viðskiptareikningi. Þá mótmælir hann skuldfærslu vegna borunar í Haga við Selfoss. Umrædd jörð sé í eigu foreldra Sigurðar K. Gunnarssonar og borun aðeins að hans frumkvæði og óviðkomandi stefnanda.

Hann mótmælir skuldfærslu vegna leigu á bor, þ.e. óendurskoðuðum reikningi vegna vinnu fyrir Veislumiðstöðina hf. við Skíðaskálann í Hveradölum, sem fram fór með vitund og vilja hluthafa. Hluthöfum hafi þótt verkið ganga heldur seint, og hafi þeir gert sér lítið fyrir og sótt borbílinn fyrirvaralaust, sbr. bókun á stjórnarfundi 24. janúar 1987. Stefnandi hafi orðið að ljúka verkinu síðar og hafi ekki tekið greiðslu fyrir af Veislumiðstöðinni hf.

Fyrir dóminn komu og gáfu skýrslu þeir Finnur Gíslason forstjóri, Þverbrekku 4, Kópavogi, Björn Ólafsson framkvæmdastjóri, Þverbrekku 2, Kópavogi, Sigurður Karl Gunnarsson vélvirki, Holtagerði 32, Kópavogi, Lárus Tryggvason verkamaður, Móaflöt 37, Garðabæ, og Jökull Ólafsson bormaður, Álftahólum 6, Reykjavík.

5.0. *Forsendur og niðurstaða.*

Svo sem að framan greinir, mótmælir stefnandi, að kröfu sinni samkvæmt framlögðum reikningi verði skuldajafnað á móti skuld sinni samkvæmt framlögðu yfirliti yfir viðskiptareikning sinn hjá stefnda. Mótmælir stefnandi því eindregið, að um skuld af sinni hálfu sé að ræða. Þegar frá er talin skuldfærsla vegna hlutafjárloforðs stefnanda, hefur stefndi gert skuldfærslu þessari lítil skil. Skýrslur aðila um málsatvik að þessu leyti eru í verulegum atriðum ósamhljóða. Óljóst virðist t.d. um aðild að reikningi þeim um leigu á bor fyrir Veislumiðstöðina hf., sem stefndi gerir sérstaklega skil í greinargerð sinni. Ekki þykir stefndi því með málatilbúnaði sínum hafa sýnt fram á gegn andmælum stefnanda, að um sé að ræða kostnaðarliði, sem stefnandi beri ótvíræða ábyrgð á. Krafa stefnda í þessu efni þykir því vera svo vanreifuð og órökstudd, að ekki sé unnt að taka hana til greina í máli þessu til skuldajafnaðar við kröfu stefnanda, hvorki til sýknu né lækkunar á dómkröfum stefnanda.

Aðila greinir á um, hvort hlutafjárframlag stefnanda sé greitt, og einnig greinir þá í verulegum atriðum á um mat á hlutafjárframlagi hans. Metur hvor aðili framlagið með sínum hætti. Ekki hafa dómkvaddir matsmenn skoðað og metið greint framlag. Verður að telja, eins og atvikum máls þessa er háttað, að sönnunarbyrðin fyrir fullyrðingu stefnda um matsverð liggi hjá honum. Verður ekki talið, að stefnda hafi tekist að sýna fram

á, að fullyrðing hans um matsverð framlagðs hlutafjár sé nær sanni en fullyrðing stefnanda um sama efni. Er því ekki heldur unnt að taka þessa gagnkröfu stefnda til greina í málinu til skuldajafnaðar við kröfu stefnanda, hvorki til sýknu né lækkunar á dómkröfum hans.

Af framangreindum ástæðum verður að telja, að gegn mótmælum stefnanda sé skuldajöfnun í þessu máli óheimil á grundvelli þeirra gagna, sem fyrir liggja í málinu.

Eftir að leiðréttingar hafa verið gerðar undir rekstri málsins á reikningi þeim, sem liggur til grundvallar máli þessu, er hann í samræmi við kröfugerð stefnanda, og á hann er ritað samþykki stjórnarformanns stefnda. Þar sem ekki hefur verið sýnt fram á, að fjárhæðir reikningsins séu óeðlilegar eða að verðleggja ætti vinnu stefnanda með öðrum eða lægri taxta en gert er ráð fyrir í reikningi hans, ber að taka kröfu stefnanda um, að stefndi greiði honum kr. 588.183,90, til greina.

Þá ber að dæma vexti í samræmi við kröfugerð stefnanda, svo sem nánar greinir í dómsorði, en þó verður krafa um dráttarvexti á málskostnað ekki tekin til greina.

Samkvæmt þessum úrslitum málsins þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 127.000, þ.m.t. söluskattur.

Dóminn kvað upp Jón L. Arnalds borgardómari.

Dómsorð:

Stefndi, Borstöðin hf., greiði stefnanda, Finni Gíslasyni, kr. 588.183,90 ásamt 2,25% dráttarvöxtum á mánuði frá 15. desember 1986 til 1. apríl 1987, en með 2,50% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. júní 1987, með 33,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júlí 1987, með 36% ársvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst 1987, með 40,8% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1987, með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. október 1987, með 43,2% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1987, með 45,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1987, með 49,2% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1988, með 51,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1988, en með vöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25, 27. mars 1987, frá þeim degi til greiðsludags og kr. 127.000 í málskostnað, þ.m.t. söluskattur.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 15. febrúar 1991.

Nr. 69/1991. **K**

gegn

Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar.

Kærumál. Lögræðislög. Sjálfræðissvipting.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason og Haraldur Henrysson og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í 1. mgr. 10. gr. lögræðislaga nr. 68/1984 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 24. janúar 1991, sem barst Hæstarétti 12. febrúar 1991. Krefst hún þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur. Jafnframt krefst hún kostnaðar af rekstri málsins fyrir Hæstarétti.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Samkvæmt 2. mgr. 11. gr. laga nr. 68/1984 greiðist kærumálskostnaður úr ríkissjóði, þar með talin þóknun til skipaðs talsmanns sóknaraðila, eins og nánar greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun til skipaðs talsmanns sóknaraðila, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 18. janúar 1991.

Ár 1991, föstudaginn 18. janúar, er lagður svohljóðandi úrskurður á lögræðismálið nr. 19/1990: Félagsmálastofnun Reykjavíkur gegn K, á bæjarþingi Reykjavíkur.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 12. desember 1990, var þingfest á bæjarþingi Reykjavíkur 4. september 1990.

Með bréfi, dags. 3. september 1990, fór Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar þess á leit samkvæmt heimild í e-lið 5. gr. laga 68/1984, að K, síðast

skráð til heimilis að ..... í Reykjavík, nú sjúklingur á geðdeild Landspítalans, yrði svipt sjálfræði. Sóknaraðili kveður ástæður beiðni þessarar vera þær, að varnaraðili sé öryrki vegna geðrænna erfiðleika; hún hafi margsinnis verið vistuð á geðsjúkrahúsum sl. 10 ár; áður hafi hún verið svipt sjálfræði árum saman og þau ár verið henni mun auðveldari, þar sem hún hafi þá búið við öruggar aðstæður og fengið nauðsynleg lyf, en hún fáist ekki til að horfast í augu við sjúkdóm sinn og hlíta nauðsynlegri meðferð.

Lögð hafa verið fram vottorð geðlæknanna Grétars Sigurbergssonar og Ingvars Kristjánssonar, og fram hefur komið vætti Halldóru Ólafsdóttur, sem hefur annast varnaraðila á Landspítalanum. Samkvæmt þessum gögnum er varnaraðili haldin mjög svæsnum, ólæknandi geðklofasjúkdómi, schizophrenia typus paranoia. Við skoðun 26. júlí sl. hafði hún mikil og greinileg sturlunareinkenni. Hún er haldin spennu og miklum ranghugmyndum, þar á meðal mikilmennskuhugmyndum. Hún hefur miklar og alvarlegar hegðunartruflanir og hefur ógnað vandamönnum sínum. Hana skortir raunveruleikatengsl og hefur oftar en einu sinni lent í vandræðum á ferðalögum erlendis. Hún hefur gengist undir aðgerð vegna skjaldkirtilssjúkdóms og þarf að taka lyf við vanstarfsemi skjaldkirtils. Hún hefur náð þokkalegum bata, þegar hún hefur fengið geðlyf reglulega. Hún getur ekki án geðlyfja verið, og það er lífshættulegt, ef hún tekur ekki lyf við skjaldkirtilssjúkdómnum, en hana skortir innsæi í geðsjúkdóm sinn og hefur ekki þýðst lækningameðferð.

Síðastliðið sumar hélt varnaraðili til í kartöfluskúr í landi Vatnsenda í Kópavogi, sem lögreglan telur óhæfan til búsetu. Þann 24. júlí sl. flutti lögreglan K á geðdeild Landspítalans í samráði við Félagsmálastofnun Kópavogs, og þann 22. ágúst 1990 samþykkti dóms- og kirkjumálaráðuneytið vistun hennar þar.

Sjálf telur K sig ekki geðveika. Hún leggur stund á ýmiss konar listir og skýrir hegðun sína með því, að hún sé listamaður. Hún kveðst vera að útvega sér húsnæði, sem hún muni flytjast í, þegar úrskurður er fallinn, og mótmælir dómkröfunni.

Skipaður talsmaður stefnanda krefst sýknu og heldur því fram, að vandamál skjólstæðings síns tengist húsnæðisskorti. Hann bendir á, að varnaraðili hafi síðast verið sviptur sjálfræði árið 1985, en þegar úr rættist um húsnæði, hafi ástand hennar lagast svo, að hægt hafi verið að veita henni sjálfræði að nýju á síðastliðnu ári.

Þær upplýsingar, sem fram koma í gögnum málsins, benda eindregið til þess, að varnaraðili sé ekki fær um að ráða persónulegum högum sínum vegna alvarlegs geðsjúkdóms. Til að komið verði í veg fyrir eða dregið úr bráðum veikindum og til að unnt verði að veita varnaraðila nægilega góða

og samfellda læknismeðferð, virðist bera að neyta heimildar a-liðar 3. gr. lögræðislaga nr. 68/1984 til að svipta hana sjálfræði.

Þá ber að úrskurða talsmanni varnaraðila þóknun úr ríkissjóði, sem þykir hæfilega ákveðin kr. 25.000.

Steingrímur Gautur Kristjánsson borgardómari kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Varnaraðili, K, skal sviptur sjálfræði frá birtingu úrskurðar þessa.

Málskostnaður, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns varnaraðila, Arnar Clausen hrl., kr. 25.000, greiðist úr ríkissjóði.

Föstudaginn 15. febrúar 1991.

Nr. 194/1989. **Lárus Jónasson**
(Björn Ól. Hallgrímsson hrl.)
gegn
Guðmundi G. Þorgeirssyni.

Innsetningargerð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Jónsson.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. maí 1989. Hann gerir þær dómkröfur, „að hinum áfrýjaða úrskurði fógetaréttar Reykjavíkur verði hrundið og breytt á þá leið, að allar kröfur áfrýjanda í héraði verði teknar til greina". Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi hefur hvorki sótt né látið sækja dómþing fyrir Hæstarétti, og er honum þó löglega stefnt. Málið er því flutt samkvæmt 1. mgr. 40. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Áfrýjandi hefur lagt fram nokkur ný skjöl fyrir Hæstarétt.

Áfrýjandi hefur ekki sannað, að réttur hans sé svo ótvíræður, að taka eigi til greina kröfu hans um, að umrædd læsing verði fjarlægð með beinni fógetagerð. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 28. febrúar 1989.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar þann 7. febrúar sl. að loknum munnlegum málflutningi.

Gerðarbeiðandi í máli þessu er Lárus Jónasson, kt. 160241-0049, Snorrabraut 85.

Gerðarþoli er Guðmundur G. Þorgeirsson, Snorrabraut 85.

Gerðarbeiðandi gerir þá kröfu, að læsing sú, sem gerðarþoli í málinu hefur sett á hurð í kjallarainngangi húseignarinnar nr. 85 við Snorrabraut, verði tekin þaðan með fógetagerð. Jafnframt krefst hann þess, að gerðarþoli verði úrskurðaður til að greiða gerðarbeiðanda hæfilegan málskostnað skv. mati réttarins.

Gerðarþoli gerir þær dómkröfur, að synjað verði um framgang gerðarinnar og að gerðarbeiðanda verði gert að greiða sér hæfilegan málskostnað að mati réttarins.

II.

Í máli þessu er deilt um læsingu á hurð í kjallarainngangi húseignarinnar nr. 85 við Snorrabraut. Inn af þessari hurð liggur gangur, þaðan sem m.a. er gengið inn í kjallaraíbúðina. Einnig er gengt inn á þennan gang úr sameign í kjallara.

Samkvæmt gerðarbeiðni fékk gerðarbeiðandi afsal hinn 27. október 1988 að fjögra herbergja íbúð á 1. hæð hússins nr. 85 við Snorrabraut með 2 herbergjum í kjallara hússins í nv- og na-horni, sérgeymslu undir útidyratröppum, bílskúr (nær húsinu) á lóð hússins, með eignarhluta í sameign í þvotta- og hitaklefa í kjallara, kjallaragöngum og kjallaratröppum og öðru sameiginlegu og ásamt öllu, sem fylgir og fylgja ber, þ.m.t. leigulóðarréttindum. Lýsing eignarhlutans byggir á þinglýstum sameignarsamningi frá 1961. Samkvæmt þeim samningi er óskiptri sameign í kjallara lýst svo: „Hitaleiðsluherbergi, ytri gangur, kjallaratröppur og gangur fyrir neðan þær, svo og innri gangur fyrir framan hitaleiðsluherbergi (þar sem varhúsatöflur eru).“

Gerðarbeiðandi kveður eiganda íbúðar í kjallara, þ.e. gerðarþola í máli þessu, hafa skipt um læsingu á dyrum í kjallara hússins, sem séu í óskiptri sameign, og hindrað þannig gerðarbeiðanda í að nýta sér sameignina, og takmarka afnot hans af séreign hans, sem er inn af gangi þeim, sem framangreindar dyr liggja að. Læsing þessi sé þannig gerð, að dyrnar verði hvorki opnaðar utan né innan frá nema með lykli, og hafi gerðarþoli neitað að afhenda gerðarbeiðanda lykil að umræddri læsingu. Gerðarbeiðandi bendir á, að þar sem umræddur gangur sé í sameign, þá hljóti dyrnar, sem að honum liggja, einnig að vera það.

Gerðarþoli í máli þessu heldur því fram, að skýra beri sameignarsamninginn þannig, að þar sem talað sé um „kjallaratröppur og gang fyrir neðan þær“, sé átt við tröppur eða stiga frá kjallara upp á 1. hæð (innitröppur), tröppur eða stiga, sem eigendur 1. og 2. hæðar noti innan húss til að komast í sameign sína í kjallaranum. Hér sé ekki átt við útitröppur, enda hefði þurft að taka það skýrt fram, ef svo hefði átt að vera. Í eignaskiptasamningi frá 1981 sé ekki heldur að finna neina stoð fyrir því, að útitröppur

í kjallara og þar með dyr, sem þar eru, séu í sameign allra húseigenda.

Þá bendir gerðarþoli enn fremur á, að áður en gerðarbeiðandi fluttist í húsið, hafi umræddar dyr í kjallarinngang ávallt verið læstar, og hafi hann einn haft lykil að þeim, og hafi fyrri eigandi 1. hæðar ávallt fengið leyfi hjá honum til að nota dyrnar. Umræddar dyr hafi ávallt verið með læsingu, sem gerðarþoli hafi einn haft lykil að, og það eina, sem gerðarþoli hafi gert nú, hafi verið að skipta um læsingu. Þá bendir gerðarþoli á það, að hann hafi mikilla hagsmuna af því (sic), að umræddar dyr séu ávallt læstar.

Gerðarþoli telur að öðru leyti, að svo mikill vafi sé um rétt gerðarbeiðanda, að synja eigi um framgang gerðarinnar.

III.

Telja verður, að gerðarþoli hafi sýnt fram á, að verulegur vafi leiki á um það, hvernig eignarhaldi að umræddri hurð sé háttað. Ekki verður heldur ráðið af sameignarsamningnum frá 1961 og eignaskiptasamningnum frá 1981 né öðrum gögnum málsins, hvernig þessu atriði skuli háttað. Þá er og á það að líta, að gerðarbeiðandi hefur óhindraðan aðgang að umræddum gangi um sameign í kjallara.

Samkvæmt framansögðu þykir verða að hafna kröfu gerðarbeiðanda í máli þessu.

Rétt þykir, að hvor aðila beri sinn kostnað af málinu.

Júlíus Guðmundsson, fulltrúi yfirborgarfógeta, kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Kröfu gerðarbeiðanda, Lárusar Jónassonar, um, að læsing, sem gerðarþoli, Guðmundur Þorgeirsson, hefur sett á hurð í kjallarainngangi húseignarinnar nr. 85 við Snorrabraut, verði fjarlægð með fógetagerð, er synjað.

Hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

Föstudaginn 15. febrúar 1991.

Nr. 102/1989. **Pétur Jóhannes Óskarsson**
(Jóhann Þórðarson hrl.)
gegn
Erlu Þórðardóttur
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Hjón. Búskipti. Frávísun. Ómerking. Dómari.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Guðmundur Jónsson, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason og Auður Þorbergsdóttir borgardómari.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. mars 1989. Krefst hann þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og hann sýknaður af kröfum stefndu og honum dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og sér dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti.

Aðilar máls þessa gengu í hjónaband á árinu 1975. Hinn 7. apríl 1986 komu þau fyrir þáverandi fulltrúa sýslumanns í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu og óskuðu skilnaðar að borði og sæng. Samkomulag um forræði barna og framfærslueyri tókst ekki með aðilum, og var þeim ágreiningi vísað til dómsmálaráðuneytisins til úrskurðar. Hins vegar töldu þau sig ásátt um skiptingu eigna, og færði valdsmaður samkomulag þeirra til bókar, eins og tilfært er í hinum áfrýjaða dómi. Samkvæmt því var manninum ætlað að greiða konunni „kr. 616.102 með skuldabréfi tryggðu með veði í Neskinn 8 og verði greiðslutíminn ákveðinn með samkomulagi síðar".

Óumdeilt er, að greiðslu þessari hafi að meginstofni verið ætlað að mæta því, að maðurinn átti að halda íbúðarhúsi hjónanna að Neskinn 8 í Stykkishólmi. Kveðast aðilar hafa miðað við, að virði fasteignarinnar væri um 1.800.000 krónur, en áhvílandi skuldir 567.896 krónur. Hafi maðurinn átt að svara konunni helmingnum af nettóvirði eignarinnar, 616.052 krónum, að viðbættum hálfum mismun á verðmæti bifreiðarinnar P-554 og hesthúss þess, er konan

fékk í sinn hlut. Hafi veðskuldabréf mannsins átt að vera fyrir 656.052 krónum, sem er kröfufjárhæðin í máli þessu, en ekki 616.102, eins og misritast hafi í bókuninni.

Ekki varð samkomulag um greiðslukjör á veðskuldabréfinu, og var það ekki gefið út strax. Í októbermánuði 1986 leitaði konan aðstoðar lögmanns, og krafði hann manninn um tafarlausa greiðslu allrar fjárhæðar veðskuldabréfsins með vöxtum og kostnaði. Með bréfi frá lögmanni, er hann leitaði þá til, mótmælti maðurinn þessari kröfu, en lýsti vilja til viðræðna um skipti og skuldaskil. Aðilum var veitt leyfi til skilnaðar að borði og sæng með bréfi dómsmálaráðuneytisins 5. desember 1986. Var þar kveðið á um forsjá barna og lífeyri til konunnar, en stöðu fjárskipta milli hjónanna ekki getið.

Stefnda höfðaði síðan mál þetta með stefnu í janúar 1987. Gerði hún kröfu um skil á allri greiðslunni frá áfrýjanda og taldi forsendur brostnar fyrir útgáfu veðskuldabréfs. Áfrýjandi brást við málsókn þessari með því að gefa út veðskuldabréf fyrir hinni umkröfðu fjárhæð og senda stefndu, eins og lýst er í héraðsdómi, en stefnda synjaði því viðtöku. Áfrýjandi lagði þá veðskuldabréfið inn í Búnaðarbanka Íslands til innheimtu í þágu stefndu, og hefur hann innt af því greiðslur síðan.

Málið var flutt, án þess að aðilar kæmu fyrir dóm til skýrslugjafar eða annarrar gagnafærslu um eðlileg kjör á þeirri greiðslu, er um var deilt. Dómari málsins var sami fulltrúi og farið hafði með skilnaðarmál aðila sem valdsmaður.

Í fyrrgreindri bókun um fjárskipti milli málsaðila var ekki kveðið á um kjör á veðskuldabréfi því, er áfrýjandi átti að gefa út til stefndu, og þessu vísað til síðara samkomulags. Hér var um að ræða svo mikilvægan þátt í uppgjöri aðila, að skiptum á búi þeirra gat ekki talist lokið, meðan úr honum var ekki greitt. Samkvæmt 31. gr. laga nr. 60/1972 um stofnun og slit hjúskapar átti skiptaráðandi að hafa tekið eigur búsins til skiptameðferðar, áður en leyfi væri veitt til skilnaðar að borði og sæng, nema samkomulag um skiptin væri á komið. Valdsmanni þeim, er fór með skilnaðarmálið, bar að leiðbeina aðilum um þessi atriði og sjá til þess, að þeirra væri gætt, áður en málið væri sent dómsmálaráðuneytinu til afgreiðslu eða jafnhliða þeirri ráðstöfun. Þegar stefnda taldi forsendur

brostnar fyrir útgáfu veðskuldabréfs, krafði lögmaður hennar áfrýjanda um alla hina tilteknu greiðslu með vísan til bókunarinnar í stað þess að bera málið upp við skiptarétt samkvæmt 55. gr. laga nr. 60/1972 með frekari gagnafærslu, svo sem rétt var eftir málavöxtum. Verður að telja mál þetta ranglega höfðað fyrir aukadómþinginu, eins og aðdraganda þess var háttað. Ber því að vísa málinu sjálfkrafa frá héraðsdómi.

Taka ber fram, að með tilliti til þessarar meðferðar skilnaðarmálsins gat valdsmaðurinn ekki síðar farið með ágreining út af fjárskiptunum sem dómari.

Rétt þykir, að hvor aðili beri kostnað sinn af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinum áfrýjaða dómi er hrundið og málinu vísað sjálfkrafa frá aukadómþingi Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur aukadómþings Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu 16. febrúar 1989.

Ár 1989, fimmtudaginn 16. febrúar, var í aukadómþingi Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu kveðinn upp svofelldur dómur í málinu nr. 17/1987.

Stefnandi er Erla Þórðardóttir, nnr. 2179-4988, Neskinn 4, Stykkishólmi.

Stefndi er Pétur Jóhannes Óskarsson, nnr. 7106-9702, Neskinn 8, Stykkishólmi.

Stefna í málinu er gefin út 20. janúar 1987 og málið þingfest 13. febrúar 1987. Aðalflutningur fór fram 18. janúar 1988, en málið var síðan endurupptekið 2. febrúar 1989 til munnlegs málflutnings að nýju og síðan tekið til dóms. Dómari er Jón S. Magnússon fulltrúi.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða skuld, að fjárhæð kr. 656.052, með 2,25% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða byrjaðan mánuð frá 7. apríl 1986 til 7. apríl 1987, 2,5% frá þ.d. til 1. júní 1987, 2,8% drv. frá þ.d. til 1. júlí 1987, 3% frá þ.d. til 1. ágúst 1987, 3,4% frá þ.d. til 1. september s.á., 3,6% frá þ.d. til 1. október s.á., 3,8% frá þ.d. til 1. desember s.á., 4,1% frá þ.d. til 1. janúar 1988, en 51,6% ársv. frá þ.d. til greiðsludags eða hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum, eins og þeir eru ákveðnir á hverjum tíma. Jafnframt er gerð sú krafa, að áfallnir vextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta skipti 7. apríl 1987, og myndi þannig nýjan höfuðstól, er beri sömu

vexti og að framan greinir. Þá er gerð krafa um málskostnað að skaðlausu.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og honum dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda skv. gjaldskrá lögmanna.

Málsástæður stefnanda eru þær, að við eignaskipti milli hans og stefnda hinn 7. apríl 1986 vegna skilnaðar þeirra að borði og sæng hafi orðið samkomulag um, að stefndi greiddi stefnanda kr. 656.052 með skuldabréfi, tryggðu með veði í Neskinn 8, Stykkishólmi, og yrði greiðslutími ákveðinn síðar með samkomulagi aðila. Stefndi hafi þó hvorki viljað gefa út slíkt skuldabréf né semja um greiðslutíma þrátt fyrir margítrekaðar áskoranir. Séu því brostnar allar forsendur fyrir útgáfu slíks skuldabréfs.

Málsástæður stefnda eru þær, að hann hafi gert margar tilraunir til þess að fá stefnanda til þess að ræða um greiðslutíma, en tilraunir hans í því efni hafi engan árangur borið. Stefndi hafi því gefið út skuldabréf með svipuðum kjörum, ekki lakari en gengur og gerist í fasteignaviðskiptum, tryggt með veði í Neskinn 8, Stykkishólmi. Útgáfudagur bréfsins er 5. febrúar 1987 og fjárhæð þess kr. 656.052, sem skal greidd með fimm jöfnum árlegum greiðslum, fyrst 7. apríl 1987, með meðaltalsvöxtum almennra skuldabréfa, eins og Seðlabankinn auglýsir þá, og skulu vextir reiknast frá 7. apríl 1986. Eftir að bréfinu hafði verið þinglýst, var það sent stefnanda, en hann endursendi það. Bréfið var síðan lagt inn í Búnaðarbankann í Stykkishólmi til innheimtu. Hafi aldrei staðið á stefnda að gefa út umrætt bréf, en hann hafi verið að leita eftir samkomulagi við stefnanda um greiðslukjör. Hér sé því um tilefnislausa málshöfðun að ræða.

Reifun og niðurstaða.

Við skilnað málsaðila að borði og sæng var samið um eignaskipti milli þeirra og bókað í hjónaskilnaðarbók þannig: „Maðurinn fær í sinn hlut fasteignina Neskinn 8, Stykkishólmi, og tekur jafnframt að sér að greiða áhvílandi veðskuldir. Hann fær einnig í sinn hlut bifreiðina P-554, sem er af Plymouth-gerð, model 1980, og tvo hesta. Konan fær í sinn hlut hesthús og tvo hesta. Maðurinn greiði konunni kr. 616.102 með skuldabréfi, tryggðu með veði í Neskinn 8, og verði greiðslutími ákveðinn með samkomulagi síðar. Innbúi er skipt með samkomulagi.“ Fjárhæð skuldar reyndist rangt út reiknuð, en var leiðrétt síðar með samkomulagi.

Eins og að framan er getið, tókst ekki samkomulag milli málsaðila um útgáfu skuldabréfsins. Í eignaskiptasamningi er ekki getið um skilmála bréfsins. Stefndi hefur viðurkennt greiðsluskyldu sína og upphæð skuldarinnar. Hins vegar hefur stefnandi ekki getað fallist á einhliða ákvörðun stefnda um greiðsluskilmála, eins og þeir eru settir fram í skuldabréfi því, sem stefndi gaf út 5. febrúar 1987. Ekkert liggur fyrir um það í málinu,

að bréfið sé „með svipuðum kjörum, ekki lakari en gengur og gerist í fasteignaviðskiptum", eins og stefndi vill halda fram, enda er ekkert tekið fram í samningi aðilanna um það, hvernig skilmálar bréfsins skuli vera.

Niðurstaða málsins verður því sú, að stefndi skuli greiða stefnanda hina umstefndu skuld, kr. 656.052, ásamt vöxtum eins og krafist er, og kr. 85.000 upp í málskostnað, þ.m.t. sérstakur söluskattur.

Hinn 27. apríl 1987 móttók stefnandi frá stefnda kr. 238.351, sem stefnandi tók við sem innborgun á stefnukröfurnar.

Dómsorð:

Stefndi, Pétur Jóhannes Óskarsson, greiði stefnanda, Erlu Þórðardóttur, kr. 656.052 með 2,25% dráttarvöxtum á mánuði frá 7. apríl 1986 til 7. apríl 1987, 2,5% frá þ.d. til 1. júní 1987, 2,8% drv. frá þ.d. til 1. júlí 1987, 3% frá þ. d. til 1. ágúst 1987, 3,4% frá þ.d. til 1. september s.á., 3,6% frá þ.d. til 1. október s.á., 3,8% frá þ.d. til 1. desember s.á., 4,1% frá þ.d. til 1. janúar 1988, en 51,6% ársv. frá þ.d. til greiðsludags eða hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum, eins og þeir eru ákveðnir á hverjum tíma. Heimilt er að leggja áfallna vexti við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta skipti 7. apríl 1987.

Þá greiði stefndi stefnanda upp í málskostnað kr. 85.000, þ.m.t. sérstakur söluskattur, allt að frádregnum kr. 238.351, sem stefndi greiddi 27. apríl 1987.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu har að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 19. febrúar 1991.

Nr. 463/1989. **Ragnar Guðmundsson**

gegn

Rósu E. Helgadóttur.

Frestur. Máli vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir og Bjarni K. Bjarnason og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. nóvember 1989. Áfrýjað er úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur frá 9. október 1989. Málið var þingfest í Hæstarétti 8. janúar 1990, og fékk áfrýjandi þá frest til maí 1990. Málinu var síðan að hans ósk frestað til október, þá til desember 1990 og þá enn til reglulegs þingdags í febrúar 1991. Er málið kom fyrir 1. febrúar, óskaði áfrýjandi eftir fresti í tvo mánuði til að ljúka ágripsgerð í málinu.

Stefnda hefur mótmælt frestbeiðninni. Krefst hún þess, að málinu verði vísað frá Hæstarétti.

Mótmæli sín styður stefnda þeim rökum, að hún hafi tvívegis veitt áfrýjanda lokafrest í málinu til gagnaöflunar. Þá er því haldið fram í greinargerð hennar, að ekki hafi verið beðið um dómsgerðir í málinu fyrr en seint á síðastliðnu hausti.

Af hálfu áfrýjanda er því haldið fram, að dómsgerðir í málinu hafi ekki verið tilbúnar til afhendingar fyrr en 25. janúar 1991, og sé áfrýjanda því nauðsynlegt að fá frest til að ganga frá ágripsgerð í málinu.

Þann 1. febrúar 1991 voru liðnir rétt rúmir 14 mánuðir frá útgáfu áfrýjunarstefnu í málinu. Hefur áfrýjandi ekki nýtt sér þennan frest til að búa málið til flutnings fyrir Hæstarétti. Með þetta í huga og þar sem áfrýjandi hefur ekki réttlætt þann drátt, sem orðið hefur á því að búa málið til flutnings, þykja ekki efni til, gegn andmælum stefndu, að veita frekari frest í málinu. Ber því að synja frestbeiðni áfrýjanda og vísa málinu frá Hæstarétti.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Þriðjudaginn 19. febrúar 1991.

Nr. 198/1990. **Íslandsbanki hf.**

gegn

Henrik Thorarensen.

Frestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta úrskurða hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir og Bjarni K. Bjarnason og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. maí 1990. Áfrýjað er dómi bæjarþings Reykjavíkur frá 19. febrúar 1990. Málið var þingfest í Hæstarétti 1. júní 1990, og fékk áfrýjandi þá frest til nóvember sama ár. Málinu var síðan að hans ósk frestað til janúar 1991 og síðan til reglulegs þingdags í febrúar. Er málið kom fyrir 1. febrúar, óskaði áfrýjandi eftir fresti í einn mánuð til ágripsgerðar.

Stefndi mótmælti frestbeiðninni og krafðist þess, að málinu yrði vísað frá Hæstarétti. Þá krafðist hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Mótmæli sín byggir stefndi á því, að við fyrirtöku málsins í janúar hafi áfrýjanda verið tilkynnt, að frekari frestur yrði ekki veittur. Ekki hafi verið gerður reki að því að panta dómsgerðir í málinu fyrr en í desember 1990. Enn fremur kemur fram hjá stefnda, að það varði hann miklu, að málið sé útkljáð og að frekari frestun málsins valdi honum miklum óþægindum.

Í greinargerð lögmanns áfrýjanda kemur fram, að hann hafi tekið við málinu um miðjan desember 1990 af öðrum lögmanni. Sökum mikilla anna hafi sá maður, er annast ágripsgerð fyrir hann, ekki getað lokið því verki.

Dómsgerðir, ágrip og greinargerð áfrýjanda bárust skrifstofu Hæstaréttar 4. febrúar sl. Að svo vöxnu máli þykir rétt að fresta málinu til næsta reglulegs þingdags 1. mars 1991.

Málskostnaður verður eigi dæmdur í þessum þætti málsins.

Á l y k t a r o r ð :

Málinu er frestað til 1. mars 1991.

Þriðjudaginn 19. febrúar 1991.

Nr. 38/1990. **Heilsuræktin**

gegn

Leikfélagi Reykjavíkur,
Minningarsjóði skv. skipulagsskrá 505/1980,
Minningarsjóði skv. skipulagsskrá 506/1980,
fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs
vegna Listasafns Íslands,
Landsbanka Íslands,
tollstjóranum í Reykjavík,
Glæsibæ sf.,
Húsfélaginu Glæsibæ,
Verkakvennafélaginu Framsókn,
Rafmagnsveitu Reykjavíkur,
Litaveri,
Lífeyrissjóði verslunarmanna,
Gjaldheimtunni í Reykjavík og
yfirborgarfógetanum í Reykjavík.

Frestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta úrskurða hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir og Bjarni K. Bjarnason og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. janúar 1990. Áfrýjað er úrskurði uppboðsréttar Reykjavíkur frá 9. janúar 1990. Málið var þingfest í Hæstarétti 2. mars 1990, og fékk áfrýjandi þá frest til júní 1990. Að ósk áfrýjanda var málinu þá frestað til október, síðan til desember og þá enn til reglulegs þingdags 1. febrúar 1991. Er málið kom fyrir þann dag, óskaði áfrýjandi eftir fresti í tvo mánuði, en til vara í einn mánuð, til ágripsgerðar.

Af hálfu stefndu fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs vegna Listasafns Íslands svo og af hálfu Minningarsjóða samkvæmt skipulagsskrám nr. 505 og 506 frá 1980 hefur frestbeiðninni verið mótmælt og þess krafist, að málinu verði vísað frá Hæstarétti. Af hálfu fjármálaráðherra hefur enn fremur verið gerð krafa um málskostnað úr hendi áfrýjanda.

Af hálfu annarra stefndu, sem þing sóttu 1. febrúar sl., var umbeðinn frestur samþykktur.

Mótmæli sín styður stefndi fjármálaráðherra þeim rökum, að ekki hafi verið beðið um dómsgerðir í máli þessu fyrr en í byrjun nóvember 1990. Þær hafi verið tilbúnar til afhendingar 14. sama mánaðar, en þeirra hafi ekki verið vitjað fyrr en 31. janúar 1991. Þrátt fyrir það að áfrýjandi hafi haft heilt ár til að búa mál sitt fyrir Hæstarétt, hafi sá tími ekki verið nýttur í því skyni. Af hálfu Minningarsjóða samkvæmt skipulagsskrám nr. 505 og 506 frá 1980 er tekið undir þennan rökstuðning.

Af hálfu áfrýjanda er frá því greint, að tveir lögmenn hafi annast mál þetta fyrir hann, en þeir hafi báðir þurft að hætta afskiptum af því af ástæðum, sem áfrýjandi réð ekki við. Nýlega hafi áfrýjandi hins vegar fengið lögmann til ráðgjafar um meðferð málsins.

Rétt þykir að veita áfrýjanda frest til framlagningar dómsgerða, ágrips og greinargerðar til reglulegs þingdags 8. apríl 1991.

Málskostnaður verður eigi dæmdur í þessum þætti málsins.

Á l y k t a r o r ð:

Málinu er frestað til reglulegs þingdags 8. apríl 1991.

Þriðjudaginn 19. febrúar 1991.

Nr. 88/1990. **Heilsurækt**

gegn

Leikfélagi Reykjavíkur,
Minningarsjóði skv. skipulagsskrá 505/1980,
Minningarsjóði skv. skipulagsskrá 506/1980,
fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs
vegna Listasafns Íslands,
Landsbanka Íslands,
tollstjóranum í Reykjavík,
Glæsibæ sf.,
Húsfélaginu Glæsibæ,
Verkakvennafélaginu Framsókn,
Rafmagnsveitu Reykjavíkur,
Litaveri,
Lífeyrissjóði verslunarmanna,
Gjaldheimtunni í Reykjavík og
yfirborgarfógetanum í Reykjavík.

Frestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta úrskurða hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir og Bjarni K. Bjarnason og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. mars 1990. Áfrýjað er úrskurði uppboðsréttar Reykjavíkur frá 5. febrúar 1990. Málið var þingfest í Hæstarétti 2. apríl 1990, og fékk áfrýjandi þá frest til október 1990. Að ósk áfrýjanda var málinu síðan frestað til desember og þá til reglulegs þingdags 1. febrúar 1991. Er málið kom fyrir þann dag, óskaði áfrýjandi eftir fresti í tvo mánuði, en til vara í einn mánuð, til ágripsgerðar.

Af hálfu stefndu fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs vegna Listasafns Íslands svo og af hálfu Minningarsjóða samkvæmt skipulagsskrám nr. 505 og 506 frá 1980 hefur frestbeiðninni verið mótmælt og þess krafist, að málinu verði vísað frá Hæstarétti. Af hálfu fjármálaráðherra hefur enn fremur verið gerð krafa um málskostnað úr hendi áfrýjanda.

Af hálfu annarra stefndu, sem þing sóttu 1. febrúar sl., var umbeðinn frestur samþykktur.

Mótmæli sín styður stefndi fjármálaráðherra þeim rökum, að ekki hafi verið beðið um dómsgerðir í máli þessu fyrr en í byrjun nóvember 1990. Þær hafi verið tilbúnar til afhendingar 14. sama mánaðar, en þeirra hafi ekki verið vitjað fyrr en 31. janúar 1991. Þrátt fyrir það að áfrýjandi hafi haft heilt ár til að búa mál sitt fyrir Hæstarétt, hafi sá tími ekki verið nýttur í því skyni. Af hálfu Minningarsjóða samkvæmt skipulagsskrám nr. 505 og 506 frá 1980 hefur verið tekið undir þennan rökstuðning.

Af hálfu áfrýjanda er frá því greint, að tveir lögmenn hafi annast mál þetta fyrir hann, en þeir hafi báðir þurft að hætta afskiptum af því af ástæðum, sem áfrýjandi réð ekki við. Nýlega hafi áfrýjandi hins vegar fengið lögmann til ráðgjafar um meðferð málsins.

Rétt þykir að veita áfrýjanda frest til framlagningar dómsgerða, ágrips og greinargerðar til reglulegs þingdags 8. apríl 1991.

Málskostnaður verður eigi dæmdur í þessum þætti málsins.

Á l y k t a r o r ð:

Málinu er frestað til reglulegs þingdags í apríl.

Miðvikudaginn 20. febrúar 1991.

Nr. 457/1990. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Ásbirni Ólafi Ásbjörnssyni
(Jón Magnússon hrl.).

Líkamsmeiðingar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason og Hrafn Bragason og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari hefur að ósk ákærða skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. nóvember 1990, en einnig af hálfu ákæruvaldsins til sakfellingar samkvæmt ákæru og til þyngingar á refsingu. Þá er þess krafist, að miskabætur verði hækkaðar frá ákvörðun héraðsdóms í allt að 200.000 krónur.

Verjandi krefst þess, að ákærði verði sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins og sakarkostnaður, þar með talin málsvarnarlaun fyrir Hæstarétti, verði greiddur úr ríkissjóði.

Fallast ber á úrlausn héraðsdóms um sakfellingu og færslu brots til refsiákvæðis. Í ljós er leitt, að Jóhann Magnús Friðriksson átti upptök að átökum þeirra ákærða. Er því fallist á ákvörðun héraðsdóms um refsingu.

Staðfest er ákvæði héraðsdóms um miskabætur til Jóhanns Magnúsar Friðrikssonar, en vextir dæmast þó eins og í dómsorði greinir. Þá er ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað staðfest.

Ákærði greiði allan kostnað við áfrýjun máls þessa, eins og nánar greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Ákvörðun um refsingu ákærða, Ásbjarnar Ólafs Ásbjörnssonar, er frestað, og skal hún niður falla að liðnum tveimur árum frá birtingu héraðsdóms 27. ágúst 1990, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði Jóhanni Friðriki Magnússyni í miskabætur 40.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 5. nóvember 1989 til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði allan kostnað við áfrýjun máls þessa, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Magnússonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 27. ágúst 1990.

Ár 1990, mánudaginn 27. ágúst, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er í Borgartúni 7 af Pétri Guðgeirssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 428/1990: Ákæruvaldið gegn Ásbirni Ólafi Ásbjörnssyni, sem dómtekið var þann sama dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 4. apríl 1990, á hendur ákærða, Ásbirni Ólafi Ásbjörnssyni, Klapparbergi 9, Reykjavík, fæddum 30. september 1970, fæðingarnúmer 516, „fyrir líkamsárás með því að hafa aðfaranótt sunnudagsins 5. nóvember 1989 við verslun Karnabæjar í Austurstræti í Reykjavík slegið Jóhann Magnús Friðriksson, fæddan 19. janúar 1971, hnefahögg í andlitið með þeim afleiðingum, að hann missti tvær tennur, hægri framtönn og augntönn í efra gómi.

Telst þetta varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20, 1981.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar auk skaðabóta".

Málavextir.

Samkvæmt framburði ákærða og vitna og öðrum gögnum málsins er það upplýst, að aðfaranótt sunnudagsins 5. nóvember 1989 var ákærði á Hressingarskálanum ásamt félaga sínum, Eiríki Bergmann Einarssyni, og tveimur stúlkum. Þar inni urðu orðahnippingar milli Eiríks og Jóhanns Magnúsar Friðrikssonar, sem þarna var staddur ásamt tveimur félögum sínum. Varð það til þess, að Jóhanni var vísað út að undirlagi Eiríks, og fylgdu félagar Jóhanns honum út. Biðu þeir eftir þeim ákærða fyrir utan. Þegar þau Eiríkur komu út, kom til stimpinga með þeim Jóhanni og Eiríki. Ákærði og dyravörður af Hressingarskálanum, sem ákærði kallaði til hjálpar, urðu til þess að skilja þá að. Ákærði, sem hélt Jóhanni, datt í götuna og rak höfuðið í tröppur, sem þarna eru. Ákærði, Jóhann og stúlkurnar héldu

þá aftur inn á Hressingarskálann. Þegar þau komu út aftur, veittist Jóhann að ákærða með frýjuorðum. Jóhann gekk eða stökk að ákærða, sem sló til hans með hendinni. Kom höggið á munninn, og brotnuðu tvær tennur úr efri gómi. Tókst að festa aðra þeirra í aftur.

Ákærði og vinkona hans hafa þó sagt, að hann hafi borið fyrir sig hendurnar og Jóhann rekist á þær. Ekki er unnt að taka þessa frásögn trúanlega, og verður að hafna henni.

Þessi árás ákærða varðar við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga.

Jóhann Magnús Friðriksson hefur krafist þess, að ákærði verði dæmdur til þess að greiða sér 126.000 krónur í bætur fyrir fjárhagstjón. Er sú krafa byggð á áætlun Harðar Sævaldssonar tannlæknis. Þá krefst hann þess, að ákærði verði dæmdur til þess að greiða 200.000 krónur í miskabætur. Verði hann auk þess dæmdur til þess að greiða dráttarvexti af kröfunni frá 5. nóvember 1989 til greiðsludags. Þá er og krafist málskostnaðar.

Bótakrafa vegna fjártjóns er ekki nægilega rökstudd, og ber að vísa þeim lið frá dómi. Miski þykir með hliðsjón af atvikum málsins hæfilega metinn til fjár 40.000 krónur, og ber að dæma ákærða til þess að greiða Jóhanni þá fjárhæð ásamt almennum innlánsvöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25, 1987, sbr. lög nr. 67, 1989, til greiðsludags.

Málskostnaður dæmist ekki.

Refsing, sakarkostnaður.

Ákærði hefur ekki gerst sekur um brot, sem þýðingu hefur fyrir mál þetta. Refsingu hans verður samkvæmt 3. mgr. 218. gr. a í almennum hegningarlögum, sbr. l. nr. 20, 1981, að meta með hliðsjón af því, að átök höfðu orðið með þeim Jóhanni og Jóhann verið með ásókn og yfingar í hans garð. Rétt þykir að fresta ákvörðun um refsingu ákærða og ákveða, að refsing falli niður að liðnum 2 árum frá dómsuppsögu, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Dæma ber ákærða til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til verjanda síns, Jóns Magnússonar hæstaréttarlögmanns, 40.000 krónur.

Dómsorð:

Ákvörðun um refsingu ákærða, Ásbjarnar Ólafs Ásbjörnssonar, er frestað. Fellur refsingin niður að liðnum 2 árum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði greiði Jóhanni Friðriki Magnússyni 40.000 kr. í miskabætur ásamt almennum vöxtum frá 5. nóvember 1989 til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Magnússonar hrl., 40.000 krónur.

Fimmtudaginn 21. febrúar 1991.

Nr. 191/1990. **Ákæruvaldið**

gegn

Jónasi Sigurði Péturssyni.

Stjórnarskrá. Dómstólar. Mannréttindasáttmáli Evrópu. Lögskýring. Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason.

Ríkissaksóknari hefur að ósk ákærða, Jónasar Sigurðar Péturssonar, og einnig af hálfu ákæruvalds áfrýjað máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. mars 1990. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð fyrir sakadómi Gullbringusýslu verði úr gildi felld og málinu vísað heim í hérað til meðferðar og dómsálagningar að nýju, að því er ákærða, Jónas Sigurð, varðar.

Verjandi ákærða fellst á kröfur ákæruvalds.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt fæðingarvottorð ákærða. Samkvæmt því er fullt nafn hans Jónas Sigurður Pétursson.

Ásgeir Eiríksson fulltrúi, sem kvað upp hinn áfrýjaða dóm, starfar á ábyrgð sýslumannsins í Gullbringusýslu, sem jafnframt fer með lögreglustjórn þar. Lögregluannsókn máls þessa hófst 5. desember 1989, er lögreglan í Gullbringusýslu tók skýrslu af ákærða.

Með vísan til dóms Hæstaréttar 9. janúar 1990 í málinu nr. 120/1989 verður að telja, að sýslumanninum í Gullbringusýslu og fulltrúa hans hafi borið að víkja sæti við dómsmeðferð þessa máls. Ber því að fella hinn áfrýjaða dóm úr gildi og alla meðferð málsins fyrir sakadómi Gullbringusýslu og vísa málinu heim í hérað til nýrrar dómsmeðferðar og dómsálagningar, að því er ákærða, Jónas Sigurð, varðar.

Áfallinn sakarkostnaður í héraði greiðist úr ríkissjóði.

Áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er felldur úr gildi og öll meðferð málsins fyrir sakadómi Gullbringusýslu, að því er varðar ákærða,

Jónas Sigurð Pétursson, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju, að því er hann varðar.

Áfallinn sakarkostnaður í héraði greiðist úr ríkissjóði.

Allur áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, Guðjóns Styrkárssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Dómur sakadóms Gullbringusýslu 5. janúar 1990.

Ár 1990, föstudaginn 5. janúar, er í sakadómi Gullbringusýslu, sem haldinn er í dómsal embættisins, Vatnsnesvegi 33, Keflavík, af Ásgeiri Eiríkssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 89.2253A: Ákæruvaldið gegn X og Sigurði Péturssyni.

I.

Mál þetta, sem þingfest var 8. desember sl. og dómtekið 27. desember sl., hefur ríkissaksóknari höfðað hér fyrir dóminum með ákæru, dags. 7. desember sl., á hendur „X [...] og Sigurði Péturssyni, Klapparstíg 7, Sandgerði, fæddum 26. nóvember 1948, fæðingarnúmer 471, báðum skipverjum á vélbátnum Helgu Maríu, SH-291/6322, fyrir fiskveiðibrot með því að hafa árdegis þriðjudaginn 5. desember 1989 sem skipverjar á nefndum báti verið á línuveiðum í Faxaflóa, á svæði undan Gerðistöngum, þar sem línuveiðar eru bannaðar.

Brot ákærðu telst varða við 1. gr., sbr. 2. gr. reglugerðar um bann við línuveiðum í sunnanverðum Faxaflóa nr. 513, 1989, sbr. 5. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 81, 1976, sbr. 1. gr. reglugerðar um fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 299, 1975, lög nr. 44, 1948, og lög nr. 45, 1974, um breyting á þeim lögum.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 17. gr. nefndra laga nr. 81, 1986, og til þess að sæta upptöku á afla og veiðarfærum samkvæmt 3. mgr. 17. gr. sömu laga og til greiðslu sakarkostnaðar".

— — —

Dómsorð:

Ákærði X skal vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins.

Ákærði Sigurður Pétursson greiði kr. 150.000 í sekt til Landhelgis-

sjóðs Íslands, er greiðist innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa, en sæti ella 75 daga varðhaldi.

Lófótlína Helgu Maríu, SH-291, og afli skipsins skulu vera upptæk og eign Landhelgissjóðs.

Ákærði Sigurður greiði að hálfu kostnað sakarinnar, en hinn helmingurinn greiðist úr ríkissjóði. Með sakarkostnaði eru þá talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu, kr. 45.000.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 21. febrúar 1991.

Nr. 73/1991 **Ákæruvaldið**

gegn

Baldvin Kristjánssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald. Geðheilbrigðisrannsókn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason og Haraldur Henrysson og Gunnar M. Guðmumdsson, settur hæstaréttardómari.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 17. febrúar 1991. Skjöl málsins bárust Hæstarétti 18. febrúar 1991.

Varnaraðili krefst þess, „að hann verði samkvæmt 4. tl. 69. gr. laga nr. 74/1974 vistaður á sjúkrahúsi í stað fangelsis". Þá er gerð krafa um þóknun til réttargæslumanns vegna kærumáls þessa.

Ríkissaksóknari krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Að tilhlutan ríkissaksóknara ritaði vararannsóknarlögreglustjóri ríkisins hinn 19. febrúar 1991 bréf til Ásgeirs Karlssonar geðlæknis. Í bréfinu segir m.a. svo: „... er þess beiðst, herra geðlæknir, að þér framkvæmið sérfræðilega skoðun á Baldvin Kristjánssyni og látið uppi álit um það, hvernig háttað er heilsufari hans og högum og hvort vistun hans samrýmist því, að heilsu hans sé ekki stefnt í hættu". Læknirinn geðskoðaði varnaraðila í fangelsinu í Síðumúla sama dag. Í allrækilegri álitsgerð læknisins, dagsettri 20. febrúar 1991, segir m.a. svo:

„Niðurstaða: Undirritaður telur að Baldvin Kristjánsson sé ekki haldinn neinum þeim líkamlegum eða andlegum sjúkdómum, sem geri það að verkum að hann sé í þörf fyrir (sic) sérstaka læknisfræðilega meðferð. Undirritaður telur því að ekkert mæli gegn því að Baldvin sæti áframhaldandi gæsluvarðhaldsvist ef nauðsyn krefur."

Þá hefur réttargæslumaður ákærða lagt fyrir Hæstarétt bréf dr. Sölvínu Konráðs sálfræðings, sem dagsett er 20. febrúar 1991 og ber fyrirsögnina: „Skýrsla og álit vegna Baldvins Kristjánssonar." Niðurlag bréfsins er svohljóðandi:

„Helstu vandræði Baldvins og annarra hans líka eru að ekki er til viðeigandi stofnun á landinu til að taka við slíkum sjúklingum. Afleiðingarnar eru hörmulegar. Ef ferill hans og sjúkraskýrslur eru raktar þá kemur í ljós togstreita milli aðila sem telja sig ekki bera ábyrgð á hans líkum og telja sig eingöngu til sjúkrastofnanna (sic). Það má til sanns vegar færa. Eftir stendur vandamálið með Baldvin."

Með vísan til ofangreindrar álitsgerðar Ásgeirs Karlssonar læknis og forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 17. febrúar 1991.

Ár 1991, sunnudaginn 17. febrúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Símoni Sigvaldasyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi:

RLR hefur krafist þess, að Baldvin Kristjánssyni, kt. 221062-3109, til heimilis að Njörvasundi 2, Reykjavík, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 3. apríl 1991 kl. 16.00. Einnig er þess krafist, að kærða verði á gæsluvarðhaldstímanum gert að sæta sérfræðilegri rannsókn á geðheilbrigði sinni og sakhæfi. Réttargæslumaður kærða hefur í samráði við kærða mótmælt framkominni kröfu, og hefur hann óskað þess, að kærði verði vistaður á spítala eða á öðrum viðeigandi stað með vísan til 4. tl. 69. gr. laga nr. 74, 1974. Fallist hefur verið á kröfu um sérfræðilega rannsókn á geðheilbrigði kærða og sakhæfi á gæsluvarðhaldstímanum.

Málavextir eru þeir, að RLR vinnur nú að rannsókn þess atburðar, er Hafdísi Hafsteinsdóttur, Melgerði 2, Kópavogi, var ráðinn bani fimmtudaginn 14. febrúar sl. Við rannsókn málsins beindist fljótlega grunur að kærða, Baldvin Kristjánssyn, þar sem lík Hafdísar fannst í herbergi hans laugardaginn 16. febrúar sl.

Kærði, sem handtekinn var þann 16. febrúar sl., hefur við yfirheyrslur hjá RLR viðurkennt að hafa ráðið bana Hafdísi Hafsteinsdóttur. Hefur hann skýrt frá því, að það hafi átt sér stað í íbúð hans fimmtudagskvöldið 14. febrúar sl., og hafi atvik verið með þeim hætti, að hann hafi stungið Hafdísi með hnífi nokkrum sinnum. Í framhaldi af því hefur kærði borið, að hann hafi falið lík Hafdísar undir sófa í herbergi sínu. Fyrir dómi hefur frásögn kærða verið í fullu samræmi við skýrslur hans hjá RLR.

Þrátt fyrir játningar kærða hjá lögreglu og einnig hér fyrir dóminum er rannsókn þessa máls ekki lokið. Réttargæslumaður kærða hefur óskað eftir því með vísan til 4. tl. 69. gr. laga nr. 74, 1974, að kærði verði úrskurðaður til geymslu eftir læknisráði á spítala eða öðrum viðeigandi stað með þeim hætti, að heilsu hans sé borgið.

Kærði hefur með háttsemi sinni framið mjög alvarlegt brot. Í ljósi þess, að ekki liggja fyrir við meðferð kröfunnar staðfest gögn um geðhagi kærða, þykir ekki unnt að verða við kröfu réttargæslumannsins um vistun kærða skv. 4. tl. 69. gr. laga nr. 74, 1974, sbr. einnig dóm Hæstaréttar frá 17. september 1990 í máli nr. 328/1990.

Brot það, er kærði hefur játað að hafa framið, varðar fangelsisrefsingu skv. 211. gr. almennra hegningarlaga.

Með vísan til alls framanritaðs og skírskotun til 1. og 4. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974, þykir rétt að taka kröfu RLR til greina og ákveða, að kærði skuli sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 3. apríl 1991 kl. 16.00.

Kærði skal á gæsluvarðhaldstíma gangast undir sérfræðilega rannsókn á geðheilbrigði sinni og sakhæfi með vísan til 2. tl. d-liðar 2. mgr. 75. gr. laga nr. 74, 1974.

Úrskurðarorð:

Kærði, Baldvin Kristjánsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 3. apríl 1991 kl. 16.00.

Kærði skal á gæsluvarðhaldstíma gangast undir sérfræðilega rannsókn á geðheilbrigði sinni og sakhæfi.

Föstudaginn 22. febrúar 1991.

Nr. 49/1991. **Ákæruvaldið**

gegn

Eggerti Magnúsi Ingólfssyni.

Kærumál. Dómsátt felld úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason og Haraldur Henrysson og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari hefur með heimild í 6. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 28. janúar 1991. Krefst hann þess, að hin kærða dómsátt verði úr gildi felld.

Í þinghaldi í sakadómi Reykjavíkur 6. febrúar 1991 lýsti varnaraðili því yfir, að hann hygðist ekki leggja fram greinargerð í málinu. Hann hefir heldur engar kröfur gert.

Hinn 6. maí 1989 var varnaraðili handtekinn vegna grunar um ölvun við akstur og of mikinn ökuhraða. Reyndist vínandamagn í blóði hans vera 1,84 o/oo. Hinn 30. október 1989 samþykkti varnaraðili í sakadómi Reykjavíkur að greiða 50.000 króna sekt til ríkissjóðs fyrir hvort tveggja brotið og að sæta ökuleyfissviptingu í 14 mánuði frá 23. sama mánaðar að telja. Voru brot hans talin varða við 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr., 1. mgr. 48. gr. og 1. mgr. 37. gr., sbr. 100. gr., umferðarlaga nr. 50/1987.

Með hinni kærðu dómsátt 21. nóvember 1989 samþykkti varnaraðili í sakadómi Reykjavíkur sektargreiðslu fyrir að hafa 26. ágúst 1989 ekið bifreið undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum. Hann samþykkti og að sæta sviptingu ökuréttinda í 6 mánuði frá 23. október 1989. Var hann talinn hafa gerst brotlegur við 1. mgr., sbr. 3. mgr., 45. gr. og 1. mgr. 48. gr., sbr. 100. gr., umferðarlaga nr. 50/1987.

Hæstarétti hefir borist bréf ríkissaksóknara 20. febrúar sl., þar sem færð eru rök fyrir kröfum ákæruvalds í málinu. Niðurlag bréfsins er svohljóðandi:

„Samkvæmt dómsáttunum ætti kærði að sæta sviptingu ökuleyfis í 20 mánuði. Sviptingu vegna síðara brots hans hefði hins vegar átt að telja gilda frá þeim tíma er fyrra sviptingartímabili

lauk. Svo sem framkvæmd í þessum málum er háttað sætir kærði aðeins sviptingu ökuleyfis í 14 mánuði ef fylgt er ákvæðum hinnar kærðu dómsáttar um það hvenær svipting vegna síðara brotsins skuli taka gildi. Verður sú niðurstaða að teljast fjarstæð."

Í hinni kærðu dómsátt var refsing varnaraðila réttilega ákveðin sem hegningarauki, en upphafstími ökuleyfissviptingar var ákveðinn hinn sami og í fyrri dómsáttinni, þ.e. frá 23. október 1989. Þetta ákvæði dómsáttarinnar er óljóst og sáttin því með slíkum galla, að eigi verður hjá því komist með hliðsjón af 6. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974 að ógilda hana.

Dómsorð:

Hin kærða dómsátt er úr gildi felld.

Dómsátt í sakadómi Reykjavíkur 21. nóvember 1989.

Ár 1989, þriðjudaginn 21. nóvember, er dómþing sakadóms Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af Höllu Bachmann Ólafsdóttur fulltrúa.

Fyrir er tekið: Kæra á hendur Eggerti M. Ingólfssyni fyrir umferðarlagabrot.

Dómarinn leggur fram eftirgreind skjöl, sem fylgja í frumriti: 1. bréf lögreglustj. í Rvík, dags. 30/10 '89, 2. ..... ásamt .....

Kl. 09.00 kemur í dóminn kærði Eggert M. Ingólfsson verkamaður, Unufelli 23, Reykjavík, kt. 051270-3399.

Kærða er kunngert sakarefnið og jafnframt gætt ákvæða 22. mgr. 77. gr. laga nr. 74/1974.

Kærði játar, að efni kærunnar sé rétt. Laugard. 26. ágúst að hafa ekið bifr. R-25094, undir áhrifum áfengis og sviptur ökur., frá Nönnufelli uns lögr. stöðvaði frekari akstur í Fljótaseli.

Dómarinn skýrir nú kærða frá því, að í blóðsýni því, sem úr honum var tekið í umrætt skipti, hafi alkóhólmagn mælst 1,40‰.

Samkv. heimild í 112. gr. laga nr. 74/1974 býður dómarinn kærða að ljúka málinu þannig, að hann fallist á að greiða kr. 25.000 í sekt til ríkissjóðs samkvæmt 100. gr. umferðarlaga og sæta því jafnframt að vera sviptur ökuréttindum í 6 mánuði samkvæmt 101. og 102. gr. umferðarlagan en brot hans þykir efnislega varða við 1., sbr. 3. mgr. 45. gr. og 1. gr. 48. gr. umfl. nr. 50, 1987.

Kærði samþykkir að ljúka málinu á þann veg, og greiðir sektina fyrir 20.1. '87, en ella sæti kærði í hennar stað varðahaldi í 10 daga.

Kærða er ljóst, að ökuleyfissviptingin gildir frá 23.10 '89. Framangreint brot hefur ítrekunaráhrif á síðari brot skv. 71. gr. laga nr. 19/1940.

Málinu er lokið þannig.

Föstudaginn 22. febrúar 1991.

Nr. 436/1990. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Gísla Grétari Þórarinssyni
(Örn Clausen hrl.).

Nauðgun. Miskabætur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason, Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari, og Auður Þorbergsdóttir borgardómari.

Ríkissaksóknari hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. nóvember 1990 að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákæruvaldsins til sakfellingar samkvæmt ákæru og þyngingar á refsingu. Þá krefst ákæruvaldið þess, að ákærði greiði allan sakarkostnað. Loks er þess krafist, að ákærði greiði X 1.500.000 krónur í miskabætur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 17. nóvember 1989 til greiðsludags og 50.000 vegna lögmannsþóknunar.

Af hálfu ákærða er krafist vægustu refsingar, sem lög leyfa, og að beitt verði 196. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 í stað 194. gr. sömu laga og refsing milduð frá því, sem ákveðið var í héraði. Til vara er krafist vægustu refsingar, sem liggur við broti samkvæmt 194. gr. almennra hegningarlaga. Þá er þess krafist, að bætur verði lækkaðar frá því, sem ákveðið var í héraði, en til vara, að ákvörðun héraðsdóms verði staðfest. Jafnframt er krafist hæfilegra málsvarnarlauna auk réttargæslulauna frá uppkvaðningu héraðsdóms. Loks er þess krafist, að annar sakarkostnaður en laun sækjanda og verjanda verði að mestu leyti greiddur úr ríkissjóði.

Fallast ber á ákvörðun héraðsdómara um sakfellingu og færslu brots til refsiákvæðis.

Með tilvísun til 108. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála er ósannað, að ákærði hafi farið að Skemmuvegi 6 M í Kópavogi aðfaranótt 17. nóvember 1989 gagngert í þeim ásetningi að fremja verknaðinn, sem hann er ákærður fyrir, en hafna ber þó skýringum hans um, hvað hafi leitt hann til verknaðarins. Svo sem

rakið er í héraðsdómi, réðst ákærði á X að næturlagi, í myrkri, á afviknum stað. Hann var dulbúinn og ógnaði henni með hnífi. Ber að þessu athuguðu að staðfesta refsimat héraðsdóms.

Eins og atvikum málsins er háttað, ákveðast miskabætur til handa X 800.000 krónur. Hefur þá verið tekið tillit til lögfræðiaðstoðar við gerð kröfunnar.

Rannsókn sú, sem um ræðir í héraðsdómi, er nýmæli við rannsókn nauðgunarmála hér á landi. Ætla má, að hún hafi orðið umfangsmeiri og útlagður kostnaður rannsóknarlögreglu ríkisins af henni, sem nam 1.722.892,50 krónum, hafi þess vegna orðið hærri en ella. Verður ákærða því einungis gert að greiða einn fimmta hluta af útlögðum kostnaði rannsóknarlögreglunnar. Allan annan sakarkostnað í héraði ber ákærða að greiða svo og kostnað við áfrýjun máls þessa, þar með talin saksóknarlaun og málsvarnarlaun, eins og nánar kemur fram í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærði, Gísli Grétar Þórarinsson, sæti fangelsi í 4 ár, en til frádráttar komi að fullu gæsluvarðhaldsvist hans frá 25. ágúst 1990.

Ákærði greiði X 800.000 krónur í miskabætur og lögfræðiþóknun með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 17. nóvember 1989 til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað í héraði nema útlagðan kostnað rannsóknarlögreglu ríkisins, sem hann skal greiða að einum fimmta hluta. Annar kostnaður við rannsókn þessa greiðist úr ríkissjóði.

Ákærði greiði allan kostnað við áfrýjun máls þessa, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 60.000 krónur, og málsvarnar- og réttargæslulaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 80.000 krónur.

Sératkvæði
Hjartar Torfasonar hæstaréttardómara.

Sekt ákærða í máli þessu er sönnuð með markvissum rannsóknaraðgerðum og játningu hans sjálfs. Hann hefur ekki áður sætt ákæru

samkvæmt almennum hegningarlögum, og er ekki öðru til að dreifa en brotinu sjálfu, er vitni um ofbeldishneigð í fari hans. Atlaga hans að konunni var ógnvekjandi, eins og lýst er í héraðsdómi, en tókst með þeim hætti, að ekki reyndi á líkamsmeiðingar. Ákærði huldi andlit sitt með dökkri húfu, og jók það á óhugnað atlögunnar, en kom ekki í veg fyrir, að konan bæri kennsl á hann, áður en verknaðurinn var fullframinn. Erfitt er að skilja, hvað ákærða gekk til brotsins, og er það síður rannsakað en málsaðildin sjálf. Er ósannað gegn skýringum hans, að ásetningur hans um að fremja verknaðinn hafi orðið til fyrr en á staðnum. Við játningu sína á verknaðinum hefur hann staðfest frásögn konunnar í öllum meginatriðum. Hann hefur og boðið fram skaðabætur til hennar. Með tilliti til málsatvika og þess, sem upplýst er um ákærða, tel ég refsingu hans ekki eiga að vera umfram 3ja ára fangelsi, og væri hún hæfilega ákveðin þannig.

Ég tel miskabætur til konunnar hæfilega ákveðnar 700.000 krónur, að meðtöldum kostnaði við kröfugerð. Er þá m.a. tekið tillit til röskunar vegna þess, að konan lét af starfi á þeim vinnustað, þar sem á hana var ráðist, og var það nánast óumflýjanleg afleiðing af atburðinum.

Með hinni umfangsmiklu blóðrannsókn, sem fram fór í máli þessu, hefur rannsóknarlögregla ríkisins brotið blað í meðferð mála af þessu tagi hér á landi, og var hún réttlætanleg í alla staði. Hins vegar er fráleitt að gera ákærða að bera verulegan kostnað af rannsókninni, og standa lög ekki til þess. Tel ég hæfilegt, að hann greiði tíunda hluta þessa kostnaðar, en annan sakarkostnað eins og um er mælt í atkvæði meiri hluta dómenda.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 7. nóvember 1990.

Ár 1990, miðvikudaginn 7. nóvember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Arngrími Ísberg sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 591/1990: Ákæruvaldið gegn Gísla Grétari Þórarinssyni, sem tekið var til dóms 19. október sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, útgefnu 21. september sl., á hendur Gísla Grétari Þórarinssyni, gæslufanga í Reykjavík, fæddum 26. júlí 1961 í Reykjavík, „fyrir nauðgun með því að hafa laust eftir kl. 1.30 aðfaranótt föstudagsins 17. nóvember 1989 við íþróttahúsið að Skemmuvegi 6 M í Kópavogi ráðist grímuklæddur og með búrhníf sér í

hendi á X, fædda 1965, starfsstúlku þar í húsinu, sem var að fara þaðan eftir vinnu, og með ofbeldi og hótun um að beita hnífnum þröngvað henni til holdlegs samræðis í viðbyggingu, er var í smíðum á greindum stað.

Telst þetta varða við 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar".

Við munnlegan flutning málsins krafðist ákæruvaldið þess, að ákærði yrði einnig dæmdur til að greiða málsvarnarlaun í ríkissjóð.

Verjandi ákærða hefur krafist þess, að hann verði dæmdur í vægustu refsingu og að til frádráttar komi gæsluvarðhaldsvist hans frá 25. ágúst sl. Þá krefst hann málsvarnarlauna.

Málavextir.

Aðfaranótt föstudagsins 17. nóvember 1989 kl. 2.35 hringdi J til lögreglunnar í Kópavogi og tilkynnti, að dóttir hans, X, hefði þá skömmu áður orðið fyrir árás við íþróttahús Gerplu að Skemmuvegi 6 M í Kópavogi. Grímuklæddur maður með hníf hefði ráðist á hana, dregið hana inn í skot og nauðgað henni.

Í skýrslu, er X gaf hjá rannsóknarlögreglunni þennan sama dag, kvaðst hún vinna tvö kvöld í viku hjá íþróttafélaginu Gerplu. Síðastliðna nótt hefði hún lokið störfum um kl. 1.35 og gengið í átt að bíl sínum, eftir að hafa læst útihurðinni, en við hlið hennar sé hægt að ganga inn í nýbygginguna, sem unnið er við þarna. Þar sem hún var stödd þarna fyrir framan útidyrnar, hefði skyndilega stokkið á hana hægra megin dökkklæddur maður, að því er henni virtist, og var andlit hans hulið dökkri grímu. Hún kvað hann greinilega hafa ætlað að ráðast á sig og hún ýtt við honum og þau bæði fallið í götuna. Þau hefðu risið upp og maðurinn komið aftan að henni og tekið fyrir munn henni. Hún hefði öskrað, en maðurinn þá sagt henni að hætta og jafnframt, að hann væri með hníf. Kvaðst hún hafa tekið hann trúanlegan, þótt hún hefði ekki séð hnífinn. Maðurinn hefði nú ýtt henni inn í nýbygginguna. Hefði hann gengið á eftir henni með aðra höndina fyrir munni hennar, en haft hina til hliðar, svo að hún hefði nú séð hnífinn nokkuð greinilega eða hlut, sem virtist vera hnífur, og taldi hún hann hafa verið á að giska 25 sentímetra langan. Hún kvað ekki hafa glampað á hnífsblaðið, heldur hefði þar verið eitthvað dökkt, en hún hefði tekið manninn trúanlegan, er hann hefði sagst vera vopnaður hnífi. X skýrði síðan orðrétt frá á þessa leið: „... ég gerði mér orðið fulla grein fyrir þeirri hættu, sem ég var í, ef ég sýndi mótþróa, og vildi gera eins og hann bað mig um. Hann ýtti mér inn fyrir hurðaropið og þar í einhvern boga, en lét mig snúa í áttina að opinu. Og hann var fyrir aftan

mig. Hann fór með höndina undir peysuna, sem ég var í, og káfaði á brjóstunum á mér og strauk mig um rassinn. Hann var hanskalaus á þeirri hendi. Hann losaði síðbuxur mínar og færði þær niður og nærbuxur líka. Síðbuxurnar eru með þröngum skálmum, og það gekk erfiðlega að koma þeim af mér. Ég var svo hrædd. Ég beygði mig einhvern veginn fram og sá manninn ekki, meðan þetta gerðist. Hann skipaði mér að setjast á eitthvað (sic) plast, sem var þarna inni, og ég gerði það. Sennilega á þessu augnabliki spurði hann um manninn minn og hvað hann gerði. Ég svaraði því eins og er, að hann væri pípulagningamaður. Síðan skipaði hann mér að leggjast á magann á plastið. Hann var fyrir aftan mig og færði eitthvað sundur á mér fæturna. Hann káfaði í klofið á mér með hendinni. Ég sagði honum, að ég væri aum eftir fæðingu barnsins (sic) og hefði ekki getað verið með manninum mínum síðan. Ég bað hann að hlífa mér og virða það við mig, að ég gæti ekki lifað kynlífi. Ég reyndi allt, sem ég gat, að bjóða honum peninga, reyndi að tala hlýlega til hans. Síðan tróð hann limnum inn í mig, þar sem ég lá, en það gekk erfiðlega fyrir hann. Hann bað mig líka að hjálpa sér. Ég bað hann um að sprauta ekki inn í mig, því eg vildi ekki eiga annað barn. Ég þorði ekki að segja, að ég vildi ekki eignast barn með honum. Þegar hann hafði lokið sér af og ég fann sæðið koma, bæði inn í mig og eitthvað á mig, þá skipaði hann mér að bíða í tvær mínútur, meðan hann færi burtu. Ég gerði það og lá í sömu stellingum einhverja stund, eins og hann sagði mér að gera. Síðan fór ég í bílinn minn og heim, án þess að ég muni eftir því frekar."

X gat lýst manninum nokkuð, og rödd hans taldi hún tilheyra manni (sic), er stundaði æfingar í íþróttahúsinu. Hefði hópurinn, sem hann væri í, verið við æfingar kvöldið áður. Gat hún lýst nokkuð samskiptum, er hún hafði átt við manninn í starfi sínu. Þann 20. nóvember voru X sýndar ljósmyndir af 16 mönnum, þar á meðal ein af ákærða. Hún benti strax á myndina af honum og kvað hann eiga röddina.

X var skoðuð af Arnari Haukssyni kvensjúkdómalækni um klukkan 5 þann 17. nóvember. Í vottorði hans segir svo: „Almenn skoðun: Í náttslopp, nýböðuð. Ferskt fleiður á innanverðri neðri vör. Komið í átökunum. Við ytri skoðun sjást annars ekki neinir áverkar. Kvensjúkdómaskoðun: Nokkur roði í inngangi legganga (introitus vaginae), þó engin merkjanleg sár eða meiðsl. Legháls eðlilegur. Ríkulegt slím í leggöngum og líkist sæðisblönduðu slími. Tekin sýni fyrir smásjárskoðun. Einnig tekin sýni fyrir vefjaflokkagreiningu. Smásjárskoðun: Við skoðun finnst strax mikið magn vel hreyfanlegra sæðisfrumna í öllum skoðuðum sýnum, jafnt frá leggöngum sem leghálsi. Niðurstaða: X kærir nauðgun undir (sic) vopnaðri hótun. Tekin aftan frá hálfliggjandi uppi á frauðplasti. Ekki sjást neinir ytri áverkar, en roði í leggangaopi og ríkulegt magn nýlegra sæðisfrumna í leggöngum."

Arnar hefur staðfest vottorðið fyrir dómi og enn fremur staðfest, að X hafi leitað til hans þar fyrir utan vegna eymsla í inngangi legganga eftir fæðingu barns í janúar 1989. Þá kom fram í framburði hans, að X hefði í nóvember 1989 vel getað verið enn aum eftir fæðinguna, að öllum líkindum út frá öri, klippi eða rifu, sem orðið hefði hjá henni í fæðingunni.

X hefur staðfest skýrslu sína fyrir dómi. Hún lýsti upphafi árásarinnar á þessa leið: „Ég opna hurðina (sic) og fer út og set lykilinn í. Þá sé ég, að ég hef gleymt að slökkva einhvers staðar inni og hurðin er opin, þannig að ég fer aftur inn og slekk ljósið. Svo fer ég út og er að basla við að loka þessari hurð, það er svolítið erfitt að læsa henni. Þegar ég er búin að því og sný mér við og er að fara að labba að bílnum mínum, að þá (sic) sé ég, að það kemur maður út úr þessari byggingu við hliðina á mér. Hann ræðst á mig og ég öskra. Svo næ ég einhvern veginn að hrinda honum, þannig að við dettum bæði. Svo stend ég upp og ætla að reyna að hlaupa í burtu og öskra. Hann var líka fljótur á lappir og nær mér og getur tekið fyrir munninn á mér. Hann er fyrir aftan mig og heldur um munninn á mér og segir: „Ekki öskra." Svo sagði hann: „Ég er með hníf." Ég þorði náttúrulega ekki öðru (sic) en að hætta að öskra." I framhaldi af þessu hafi maðurinn teymt hana inn í nýbygginguna. Hún gat ekki lýst hnífnum nákvæmlega, en kvaðst hafa séð, að maðurinn hélt á einhverju löngu, sem var í laginu eins og hnífur. Taldi hún það hafa verið 20 til 30 sentímetra langt. Hún kvaðst hafa hætt mótspyrnu, þegar maðurinn sýndi henni hnífinn. Þegar inn í nýbygginguna var komið, hafi maðurinn spurt hana að því, hversu gömul hún væri og hvað maðurinn hennar gerði. Hann hafi síðan farið að káfa á henni, en hún reynt að bjóða honum peninga, ef það dygði, til að hann hætti. Einnig kvaðst hún hafa sagt honum, að hún væri aum eftir fæðingu og maðurinn hennar hefði ekki getað verið með henni. Hún hefði afklætt sig eftir skipun frá manninum og hann síðan komið fram vilja sínum, eins og að framan var lýst. X staðfesti, að ákærði væri maðurinn, sem hefði nauðgað henni. Hún hefði þekkt hann á röddinni. Enn fremur staðfesti hún að hafa þekkt hann strax af myndum, er rannsóknarlögreglan sýndi henni.

Að fengnum framburði X vann rannsóknarlögreglan skrá yfir þá menn, er æfðu íþróttir í íþróttahúsi Gerplu þau kvöld, er X vann þar, þ.e. þriðjudags- og fimmtudagskvöld. Einnig voru tekin saman nöfn þeirra manna, er unnið höfðu við nýbygginguna og ætla mátti, að hefðu haft samskipti við X. Mennirnir reyndust vera 61, og voru þeir allir kallaðir til rannsóknarlögreglunnar og spurðir sömu spurninganna, þar á meðal, hvort þeir væru fáanlegir til að láta taka sér blóð til rannsóknar. Allir reyndust fúsir til þess. Blóðsýnin voru send til Bretlands ásamt sæði, sem fundist hafði í leggöngum X og fatnaði. Rannsóknin, er fram fór, var í því fólgin „að

einangra erfðaefnið DNA úr sæðisfrumum annars vegar og hins vegar úr kjörnum blóðfrumna og kljúfa það niður á tiltekinn máta, en síðan er hið niðurbrotna erfðaefni látið falla út undir áhrifum rafspennu, þannig að mynstur kemur fram, sem talið er ámóta sértækt og fingraför manna. Þar sem erfðaefnið er hið sama í öllum frumum manna, kemur sama mynstur fram í DNA-erfðaefninu frá sæðisfrumum sem og í blóðfrumum."

Um mánaðamótin júní júlí sl. var komin fram í rannsókninni samsvörun á milli sæðisins og blóðsýnis frá einum mannanna, þ.e. ákærða. Var hann þá beðinn um að gefa aftur blóðsýni, sem hann gerði.

Í niðurstöðum rannsóknarstofunnar, sem dagsett er 9. ágúst sl., segir svo m.a. „DNA-snið það, sem fékkst úr sæðisblettum í dagbindi X, er hið sama og fékkst úr blóðsýnunum úr Gísla Þórarinssyni. Af leggangastrokum úr X fékkst hluti af DNA-sniði. Það stafar af því; að úr leggangastrokunum vannst tiltölulega lítið magn af DNA. Hið takmarkaða DNA-snið er hið sama og hluti DNA-sniðs blóðsýnanna úr Gísla Þórarinssyni. DNA-snið það, sem fékkst úr sæðisblettunum í dagbindinu, er annað en DNA-snið blóðsýnanna úr X og þeim 60 öðrum einstaklingum, sem við fengum blóðsýni úr. Reiknað er með, að líkindi fyrir því, að DNA-snið sæðisblettanna í dagbindinu sé fyrir tilviljun hið sama og DNA-snið blóðsýnisins úr Gísla Þórarinssyni, séu minni en 1 á móti 18 milljónum. Útkoma þessi sýnir, að sæði það, sem er á leggangastrokunum og á dagbindi X, er úr Gísla Þórarinssyni og getur ekki verið úr neinum öðrum þeirra einstaklinga, sem prófaðir hafa verið í þessu máli."

Ákærði var handtekinn þann 24. ágúst sl. og yfirheyrður sama dag af rannsóknarlögreglunni. Hann neitaði sökum. Daginn eftir var hann færður fyrir sakadóm, þar sem rannsóknarlögreglan krafðist þess, að hann yrði úrskurðaður í gæsluvarðhald. Fyrir dómi neitaði hann einnig sökum. Hann var úrskurðaður í gæslu til 8. október 1990.

Að kvöldi þessa sama dags, 25. ágúst, óskaði ákærði eftir því, að tekin yrði af honum skýrsla. Í upphafi hennar viðurkenndi hann að hafa aðfaranótt þess 17. nóvember 1989 ráðist á starfsstúlku íþróttafélagsins Gerplu við íþróttahús þess og nauðgað henni í nýbyggingu við húsið.

Ákærði kvaðst kvöldið áður hafa verið á æfingu í innanhússknattspyrnu í húsinu. Hefði æfingin hafist um kl. 22.30 og henni lokið um klukkustund síðar. Að æfingu lokinni kvaðst hann hafa farið til kunningja síns, er býr í Kópavogi, og dvalist þar í um hálfa klukkustund, ekið þaðan í miðbæ Reykjavíkur og ekið þar um nokkra stund, en haldið síðan aftur suður í Kópavog. Ákærði, sem er húsasmiður, en hefur verið sjómaður tvö undanfarin ár, kvaðst vera að vinna við það á heimili sínu að loka gati á norðurvegg hússins, og hefði sig vantað eitthvað til þess að fylla í gatið. Hann hefði séð steinull í nýbyggingunni við íþróttahúsið og ætlað sér að stela

af henni til að setja í gatið. Þegar hann fór á æfinguna, hefði hann tekið með sér búrhníf til að skera í sundur steinullarmotturnar. Er hann kom nú aftur að íþróttahúsinu, kvaðst hann hafa lagt bifreiðinni, Colt, árgerð 1981, við suðvesturenda hússins. Eftir að hafa kannað, hvort einhverjar mannaferðir væru í kringum húsið, hefði hann gengið inn í nýbygginguna og þá verið með búrhnífinn í hendinni og vélsleðahúfu á höfði, en hún hylur alveg höfuðið, nema göt eru fyrir augu, munn og nef. Kvaðst hann hafa verið með húfuna, til þess að háralitur hans sæist ekki og hann þekktist ekki við steinullarstuldinn. Er inn í nýbygginguna var komið, kvaðst ákærði fyrst hafa kannað, hvar best væri að fara með motturnar út, en hann hafði hugsað sér að skera þær í „passlegar" stærðir þarna inni. Síðan skýrði ákærði svo frá: „Þegar ég var síðan að undirbúa það að fara að skera af mottunum, þá tók ég eftir því, að dyrnar inn í íþróttahús Gerplu opnuðust og út kom ein starfsstúlkan. Ég henti mér þá upp að veggnum sunnan við hurðina, en stúlkan gekk áleiðis að götunni. Hún sneri síðan við og gekk aftur að hurðinni. Ég varð þá hræddur og taldi víst, að hún myndi sjá mig, og réðst þá að stúlkunni. Greip ég fyrst fram í föt hennar, og minnir mig, að hún hafi þá eitthvað hrasað eða reynt að losa sig. Einnig öskraði hún, og greip ég fyrir munninn á henni og sagði henni að þegja og dró hana með mér inn í nýbygginguna og þar inn fyrir steinullar-„ballana". Þar talaði ég eitthvað við hana, sem ég man ekki, hvað var. Ég sagði henni, að ég væri með hníf, og man ég, að ég spurði hana að því, hvort hún væri með peninga. Ég hélt stúlkunni aftan frá og sagði henni síðan að fara úr buxunum. Stúlkan var greinilega hrædd og sagði: „Ekki gera þetta, ekki gera þetta." Ég sagði henni að fara úr buxunum, sem hún gerði, en hún sagði jafnframt, að hún væri nýbúin að eiga barn og ætti erfitt með að hafa samfarir. Þegar stúlkan var komin úr buxum og nærbuxum, sagði ég henni að leggjast á magann ofan á steinullar-„balla". Ég lagðist síðan ofan á hana, en hún bað mig að fara varlega. Þegar ég var búinn að koma limnum inn í hana, þá spurði ég hana að því, hvort ég meiddi hana, en hún svaraði því ekki, en bað mig að láta sæðið ekki fara inn í hana. Ég hafði síðan samfarir við stúlkuna og varð sáðfall inn í hana." Að þessu loknu kvað ákærði stúlkuna hafa spurt, hvort hún mætti ekki klæða sig, og hann þá sagt henni að liggja kyrri í eina mínútu, að meðan hann hlypi í burtu. Hann hefði síðan hlaupið að bifreiðinni og ekið á brott. Fyrst ók hann að Elliðaám, þar sem hann stansaði undir brúnni, fór út og kastaði upp og henti síðan húfunni og hnífnum í ána. Eftir það ók hann heim til sín, og minnti hann, að klukkan hefði þá verið rúmlega tvö.

Önnur skýrsla er tekin af ákærða þann 27. ágúst. Þar kvaðst hann ekki hafa þekkt X, en vitað, hver hún var, og hann einhver samskipti haft við hana, er hann var á íþróttaæfingum. Þá kom fram hjá honum, að hann

hefði verið klæddur í dökkbláa peysu, svartar „jogging"- buxur auk húfunnar. Hann kvaðst hafa orðið ofsalega hræddur, er hann sá stúlkuna, og það verið ástæða þess, að hann réðst á hana fremur en að forða sér. Hann hefði óttast, að það myndi fréttast til „strákanna", eins og hann orðaði það, að hann hefði verið að stela steinull. Aðspurður um það, hvers vegna hann hefði verið klæddur eins og lýst var, kvaðst hann hafa dulbúist til að þekkjast ekki, ef svo færi, að einhver sæi hann við að stela steinullinni. Hann tók það fram, að það hefði ekki verið fyrir fram ætlun sín að ráðast á stúlkuna.

Síðast er tekin skýrsla af ákærða hjá rannsóknarlögreglunni 30. ágúst sl. Þá er honum skýrt frá því, að fermetrinn af þéttull kosti í byggingarvöruverslun 239 krónur, en það var þéttull, er hann hugðist stela. Hann kvað sér ekki hafa verið kunnugt verð á steinull, þrátt fyrir það að hann sé húsasmiður. Þá kvað hann gatið, sem hann ætlaði að nota motturnar í, vera á að giska 120 x 80 sentimetra, og ætlaði hann að nota tvær mottur að innan og eina að utan undir múr til að spara sér sement. Hann kvaðst hafa ætlað að stela einum balla, og hefði hann verið með hnífinn til að skera plastið utan af honum, vegna þess að heill balli hefði ekki komist inn í bifreiðina. Þá kom fram hjá honum, að hann hefði verið mjög peningalítill vegna húsakaupa og endurbóta á húsinu.

Ákærði kom fyrir dóm þann 3. október sl. og viðurkenndi þá ákæruna rétta. Hann skýrði frá aðdraganda málsins á sama hátt og fyrir lögreglu og áður var rakið. Hann kvaðst hafa haft húfuna vegna eyrnabólgu. Þá kvað hann hnífinn, sem hann var með, hafa verið matarhníf, ekki oddhvassan, heldur með rifflum og ekki „til neins skaða", eins og hann orðaði það. Hefði hnífurinn verið hugsaður til að skera plastið utan af mottunum, enda hefði hann ekki komið heilum balla inn í bifreiðina. Hann hefði verið með balla í höndunum og ætlað að fara að skera plastið utan af honum, þegar hann heyrði í vængjahurð, og síðan hefði stúlka komið út úr húsinu og skellt á eftir sér. Sér hefði brugðið mikið og hann stokkið upp að veggnum. Stúlkan hefði stansað og honum fundist eins og hún hefði séð hann og hann orðið „hálfsmeykur eða hræddur, af því að ég átti ekki von á, að neinn væri þarna, og ég stekk á hana, ég veit ekki af hverju, en ég stekk á hana. Henni bregður ofboðslega, og hún öskrar. Það greip mig svona fát. Ég sagðist vera með hníf. Ég var ekki hanskaklæddur eða neitt svoleiðis, ég sagðist vera með hníf og dró hana inn í bygginguna, viðbygginguna, vegna þess að ég gat alltaf átt von á því, að það væri fólk þarna á ferli, og ýtti henni á undan mér. Ég veit ekki, hvað kom yfir mig, en ég framdi þennan verknað þar inni í byggingunni. Eftir verknaðinn hljóp ég í burtu, fór í bílinn og keyrði í burtu." Nánar um nauðgunina kvaðst hann hafa skipað stúlkunni að fara úr buxunum og hún hlýtt. Hann hefði

síðan haft við hana samfarir þannig, að hún hefði legið á maganum á einangrunarmottu og hann sett lim sinn inn í hana aftan frá, og hefði sér orðið sáðfall inn í hana. Ákærði kvað stúlkuna hafa beðið sig um að gera þetta ekki og að meiða sig ekki. Einnig hefði hún sagst vera nýbúin að eignast barn og að sér þætti þetta vont. Hann kvaðst hafa sagt henni, að hann myndi ekki meiða hana, en ekki svarað henni frekar. Ítrekað aðspurður (sic) gat ákærði ekki útskýrt, af hverju hann réðst á stúlkuna, en kvað ásetning sinn til að nauðga henni ekki hafa vaknað, fyrr en hann var kominn með hana inn í bygginguna. Á þessum tíma hefði kona hans verið vanfær, þau hefðu eignast þriðja barn sitt á gamlárskvöld þetta sama ár. Þrátt fyrir það hefði hann ekki fundið fyrir neinu kynferðislegu svelti, og gat hann ekki útskýrt, hvað komið hefði yfir hann þarna. Hann kvaðst ekki telja sig hafa sýnt stúlkunni hnífinn og ekki hafa hótað að beita honum. Þegar hann réðst á hana, hefði hnífurinn verið í buxnavasa hans. Við árásina hefðu þau bæði dottið og hann þá lagt höndina yfir munninn á henni. Við þetta hefði hnífurinn dottið úr vasanum. Fyrst á eftir hefði stúlkan barist um og sparkað, en hann reynt að halda henni niðri og sagt henni að hætta, hann væri með hníf, og við það hefði hún hætt að sparka, hætt að streitast á móti. Þegar þau hefðu staðið á fætur, hefði hann verið með hnífinn í hendinni. Hann hefði haldið á honum, á meðan hann leiddi stúlkuna inn í viðbygginguna. Þar inni kvaðst hann annaðhvort hafa sett hann í vasann eða lagt hann á mottur. Þá kom fram hjá ákærða, að það væri rangt, sem haft væri eftir honum í lögregluskýrslu, að hann hefði haft með sér búrhníf, heldur hefði verið um eldhússhníf að ræða. Síðar í yfirheyrslunni kallaði hann hnífinn borðhníf og loks matarhníf.

X var mæld og vegin af rannsóknarlögreglunni þann 20. nóvember 1989, og reyndist hún vera 160 sentímetrar á hæð og vega 55 kíló. Ákærði kvaðst hér fyrir dómi vera 190 sentímetrar á hæð og vega á að giska 100 kíló.

Jón Steinar Gunnlaugsson hrl. hefur fyrir hönd X lagt fram skaðabótakröfu á hendur ákærða. Krefst hann þess, að hann verði dæmdur til að greiða henni kr. 1.500.000 í miskabætur með dráttarvöxtum frá 17. nóvember 1989 til greiðsludags. skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25, 1987, og kr. 50.000 vegna lögmannsþóknunar. X bar hér fyrir dómi, að eftir nauðgunina hefði hún ekki treyst sér til að fara aftur að vinna, einnig hefði hún hætt í kvöldskóla, er hún sótti og stefndi á stúdentspróf. Þá þori hún ekki út á kvöldin. Þetta hefði reynt á hjónaband hennar, en þeim hjónunum hefði tekist að ná saman eftir þessa reynslu.

X leitaði aðstoðar Ragnheiðar Indriðadóttur sálfræðings þann 6. september sl. Hún kom til hennar aftur þann 2. október og eftir það vikulega. Sálfræðingurinn kom fyrir dóm og lýsti ástandi X á þessa leið, þegar hún leitaði fyrst til sín: „Ástand hennar var mjög erfitt þá. Hún sagði mér,

að hún hefði í þetta tæpa ár, sem þá var liðið frá þessari nauðgun, þá hefði hún (sic) smám saman einangrað sig og einangrast inni, ekki þorað út. Hún er mikið (sic) myrkfælin, vaknaði oft við martraðir (sic) og erfiða drauma. Smáatriðalýsingar, eins og að hún þyrði varla að loka glugga, setja hönd út í glugga af ótta við, að það yrði gripið í hana. Hún átti orðið erfitt með að njóta samlífs með manni sínum. Jafnvel var erfitt fyrir hana að fara út í búð á björtum degi."

Ákærði hefur fyrir dómi viðurkennt sig skaðabótaskyldan og lýst sig reiðubúinn til að greiða sanngjarnar skaðabætur. Að öðru leyti vísaði hann á verjanda sinn með athugasemdir við kröfuna. Við munnlegan flutning málsins mótmælti verjandinn fjárhæð kröfunnar, sem hann taldi allt of háa. Hann lýsti því yfir, að hann hefði reynt að ná samningum um skaðabætur, er tekið hefðu mið af dómum, er fallið hafa í sams konar málum, en án árangurs. X hefði haldið fast við kröfu sína.

Niðurstaða.

Eins og nú hefur verið rakið, er sannað með játningu ákærða, er styðst við framburð X og niðurstöðu rannsóknar á blóðsýnum og sæðisleifum, að hann réðst grímuklæddur á X aðfaranótt 17. nóvember 1989, eins og segir í ákæru, enn fremur, að hann hafi yfirunnið mótspyrnu hennar með því að segjast vera með hníf og í framhaldi af því leitt hana afsíðis og þar haft samfarir við hana nauðuga. Ákærði, sem var grímuklæddur, réðst á stúlkuna að næturlagi, í myrkri, á fáförnum stað og átti auk þess alls kostar við hana sakir aflsmunar og stærðar. Jafngiltu orð hans, að hann væri með hníf, því, að hann hefði hótað að beita honum, enda hvarf X öll mótspyrna, og hún varð viljalaust verkfæri í höndum ákærða. Með játningu hans og framburði X er sannað, að hann sagðist vera með hníf og hún sá hann í höndum hans. Hins vegar er ósannað gegn neitun ákærða, að hann hafi haft hnífinn í hendi sér, er hann réðst á X.

Framburður ákærða um, að hann hafi verið við íþróttahúsið í þeim tilgangi að stela steinull úr nýbyggingu og haft hníf meðferðis til að skera plast utan af steinullar-„böllunum", er ekki ótrúverðugur. Hins vegar er saga hans um það, að hann hafi orðið hræddur og ráðist á X, fáránleg í ljósi þess, að dimmt var, hann inni í nýbyggingunni og hafði kastað sér upp að vegg. Jafnvel þótt X hafi snúið við, sem hún og gerði, voru engin líkindi til, að hún sæi hann. Dómurinn hafnar því þeirri viðbáru ákærða, að ásetningur hans til að nauðga X hafi fyrst orðið til inni í nýbyggingunni, er hann hafði farið með X þangað, heldur hafi hann komið á staðinn, grímuklæddur og með hníf, beinlínis í þeim tilgangi að nauðga henni.

Verknaður ákærða varðar við 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga.

Refsing ákærða er hæfilega ákveðin 4 ára fangelsi. Samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga skal gæsluvarðhaldsvist hans, sem hann hefur sætt óslitið frá 25. ágúst sl., koma refsingunni til frádráttar með fullri dagatölu. Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann á árunum 1979 til 1987 6 sinnum sæst á sektargreiðslur fyrir umferðarlagabrot og einu sinni fyrir áfengislagabrot.

Áður hefur verið gerð grein fyrir skaðabótakröfu X og afstöðu ákærða til hennar. Hæfilegt þykir að gera honum að greiða henni 500.000 krónur í skaðabætur með dráttarvöxtum eins og krafist er og nánar greinir í dómsorði. Við ákvörðun fjárhæðarinnar hefur verið tekið tillit til þess, að X leitaði lögfræðiaðstoðar við mótun kröfunnar.

Sakarkostnaður í málinu er óvenjuhár, og stafar það af því, hversu dýr rannsóknin á sæðisleifunum og blóðsýnunum var. Verjandi ákærða hefur sérstaklega mótmælt því, að hann verði dæmdur til að greiða allan þennan kostnað, og ákæruvaldið taldi við munnlegan flutning málsins rétt, að tekið yrði sérstaklega á því álitaefni í dóminum. Það hélt þó fast við þá kröfu sína, að ákærði yrði dæmdur til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin hæfileg saksóknarlaun í ríkissjóð. Gögn málsins bera með sér, að X gat skömmu eftir verknaðinn bent á ákærða sem þann mann, er hefði nauðgað henni, svo sem rakið var í framburði hennar hér að framan. Lögreglumennirnir, er stjórnuðu rannsókn málsins, hafa borið hér fyrir dómi, að mat rannsóknarlögreglunnar hafi verið, að það hafi ekki nægt til að beina rannsókninni að honum einum. Gunnlaugur Geirsson prófessor hefur borið fyrir dómi, að fyllilega hefði nægt að taka blóð úr ákærða einum og rannsaka það. Niðurstaðan hefði þá annaðhvort útilokað hann eða fellt á hann líkur.

Við rannsókn málsins valdi rannsóknarlögreglan þann kost að leita hins grunaða í hópi 61 manns, eins og lýst var. Var þeim öllum tekið blóð og það sent til rannsóknar. Þessi aðferð var fyllilega réttmæt og eðlileg. Hins vegar verður ekki fram hjá því litið, að X hafði bent mjög ákveðið á einn af þessum mönnum, þ.e. ákærða. Jafnvel þótt rannsóknarlögreglan hafi á þeim tíma ekki talið það nægja til aðgerða gagnvart honum og það mat hafi vafalaust verið rétt, eins og á stóð, verður ekki talið, að réttlætanlegt hafi verið að senda öll þessi blóðsýni til jafnviðamikillar og kostnaðarsamrar rannsóknar og gert var.

Samkvæmt framansögðu er ekki sanngjarnt að láta ákærða bera allan kostnaðinn af rannsókninni. Hann verður dæmdur til að greiða réttargæslu- og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hrl., kr. 100.000, og saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 80.000, en annan sakarkostnað að hálfu, en að hálfu skal hann greiddur úr ríkissjóði. Af hálfu ákæruvaldsins flutti Egill Stephensen málið.

Dómsorð:

Ákærði, Gísli Grétar Þórarinsson, sæti fangelsi í 4 ár, en til frádráttar komi gæsluvarðhaldsvist hans frá 25. ágúst 1990.

Ákærði greiði X kr. 500.000 með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25, 1987, sbr. lög nr. 67, 1989, frá 17. nóvember 1989 til greiðsludags.

Ákærði greiði réttargæslu- og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hrl., kr. 100.000, og kr. 80.000 í saksóknarlaun til ríkissjóðs svo og annan sakarkostnað að hálfu, en að hálfu skal hann greiddur úr ríkissjóði.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 22. febrúar 1991.

Nr. 312/1990. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Einari Birni Ingvasyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Rán.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Guðmundur Jónsson, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason og Auður Þorbergsdóttir borgardómari.

Máli þessu var skotið til Hæstaréttar með stefnu 10. ágúst 1990 að ósk ákærða og einnig af ákæruvaldsins hálfu til þyngingar refsingar, en meðákærðu vildu una héraðsdómi.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt nýtt sakavottorð ákærða, dagsett 20. febrúar 1991. Þar kemur fram, að hinn 26. júlí 1990 gekkst ákærði undir sátt í sakadómi Reykjavíkur vegna brota á umferðarlögum, hinn 23. ágúst 1990 var hann dæmdur í sakadómi Reykjavíkur fyrir brot gegn 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en ekki gerð sérstök refsing, og loks var hann dæmdur fyrir brot gegn sama hegningarlagaákvæði þann 17. október 1990 í 90 daga fangelsi, skilorðsbundið í þrjú ár.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms, sbr. og 2. tl. 1. mgr. 74. gr. almennra hegningarlaga, ber að staðfesta hann.

Dæma ber ákærða til að greiða áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður, að því er varðar ákærða, Einar Björn Ingvason.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og laun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 24. júlí 1990.

Ár 1990, þriðjudaginn 24. júlí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jónasi Jóhannssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 377 - 380/1990: Ákæruvaldið gegn A, Einari Birni Ingvasyni, B og C, sem tekið var til dóms hinn 17. s.m.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 7. mars 1990, á hendur ákærðu, A, Einari Birni Ingvasyni, atvinnulausum, kt. 160373-3189, Breiðagerði 21, B og C, öllum til heimilis í Reykjavík, „fyrir rán, samkvæmt 252. gr. almennra hegningarlaga, framin í Reykjavík 1989, svo sem rakið er:

I.

Ákærðu A, Einari Birni og B er gefið að sök að hafa að kvöldi föstudagsins 12. maí staðið saman að því að ræna Óskar Hilmarsson, kt. 30.11.54-7049, við Langholtsskóla. Ákærðu A og Einar Björn leiddu Óskar, sem var ofurölvi, frá Álfheimabúðinni, Álfheimum 4, að Langholtsskóla, þar sem þeir réðust að honum og veittu honum mörg hnefahögg með þeim afleiðingum, að Óskar hlaut brot á hægra kinnbeini og missti meðvitund. Ákærðu tóku allir af Óskari 2 seðlaveski, sem höfðu meðal annars að geyma tékkhefti og allt að 30.000 krónur, og hurfu af vettvangi í leigubifreið, sem ákærði B pantaði í Álfheimabúðinni, á meðan ákærðu A og Einar Björn réðust á Ómar (sic).

— — —

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

I.

Málavextir.

Fimmtudaginn 24. maí (sic) 1989 kom Óskar Hilmarsson, kt. 301154-7049, á skrifstofu rannsóknarlögreglu ríksins og kærði A, Einar Björn Ingvason og B, ákærðu í máli þessu, fyrir líkamsárás og rán að kvöldi föstudagsins 12. s.m. Í kærunni er haft eftir Óskari, að hann hafi umræddan föstudag stolið seðlaveski af Þorbergi Halldórssyni, kt. 130241-3019, í veitingahúsinu Ölveri í Glæsibæ. Í veskinu voru u.þ.b. 1.000 krónur í reiðufé, tékkhefti og bankakort frá Samvinnuvanka Íslands og tvö greiðslukort frá Eurocard. Síðar um daginn hitti Óskar ákærðu á Hlemmi og bauð þeim á City Hótel, þar sem hann hafði herbergi á leigu. Þar veitti Óskar ákærðu áfengi og skýrði þeim frá stuldinum í Ölveri. Jafnframt sýndi Óskar þeim veskið. Frá hótelinu héldu Óskar og ákærðu í leigubifreið, en hvert þeir fóru, vissi hann ekki. Mundi Óskar næst eftir sér, er hann komst til meðvitundar á

Borgarspítalanum. Uppgötvaði hann þá, að veski hans var horfið ásamt persónuskilríkjum og u.þ.b. 30.000 krónum í reiðufé. Þá hafi einnig verið horfið seðlaveski Þorbergs ásamt áðurgreindum verðmætum.

Við eftirgrennslan RLR kom í ljós, að umræddan föstudag kl. 21.50 hafði verið óskað eftir aðstoð lögreglu að Langholtsvegi 82 hér í borg vegna meðvitundarlauss manns, sem þar lá utan dyra. Að beiðni lögreglunnar kom sjúkrabifreið á vettvang, og flutti hún manninn, Óskar Hilmarsson, á slysadeild Borgarspítalans, þar sem hugað var að meiðslum hans. Í vottorði Einars Ólafsson læknis, dagsettu 18. júlí 1989, segir svo um áverka Óskars:

„Komið var með Óskar á slysadeild 12.5.89 um miðnættið, hafði fundist liggjandi á gangstétt við Holtsapótek, er talsvert ölvaður við komu. Mun hafa lent í líkamsárás og kemur í ljós að hann er með brot hægra megin á andlitsbeinum, hægra kinnbein sem er brotið. Er lagður inn á háls-, nef- og eyrnadeild og 17.5. er í svæfingu gerð aðgerð og kinnbeinið rétt. 24.5. kemur Óskar aftur á göngudeild háls-, nef- og eyrnadeildar, þá eru saumar fjarlægðir, líðan er ágæt og brotendar liggja vel. Finnst þó bitið vera svolítið skakkt og mun fá tíma hjá sínum tannlækni til mats á biti. Síðan hefur sjúklingur ekki verið skoðaður á göngudeild háls-, nef- og eyrnadeildar."

Samkvæmt skýrslu lögreglunnar í Borgarnesi, dagsettri 13. maí 1989, voru ákærðu A og B handteknir um kl. 1.00 aðfaranótt þess dags í samkomuhúsinu við Logaland í Borgarfirði. Hafði þá Kristleifur Gauti Torfason leigubifreiðarstjóri komið að máli við lögregluna og skýrt henni frá því, að hann hefði skömmu áður ekið ákærðu frá Reykjavík að Logalandi og á leiðinni hefðu þeir barið meðákærða Einar Björn og skilið hann eftir í blóði sínu við Kleppjárnsreyki skammt frá Logalandi. A og B voru afar ölvaðir við handtöku og illir viðskiptis. Voru þeir færðir í fangaklefa á lögreglustöðinni í Borgarnesi. Í fórum B fundust 200 krónur í reiðufé og tvö seðlaveski. Í öðru veskinu voru skilríki Óskars Hilmarssonar, tvö greiðslukort frá Eurocard, gefin út á nafn Þorbergs Halldórssonar, og bankakort frá Samvinnubanka Íslands, gefið út á sama nafn. Í hinu veskinu voru skilríki Rósu Drafnar Sigurðardóttur auk persónulegra muna. A var með 5.700 krónur í fórum sínum. Ákærðu bentu lögreglunni jafnframt á tékkhefti frá Samvinnubankanum, sem þeir höfðu falið í bifreið lögreglunnar.

Þá segir í sömu skýrslu, að lögreglan hafi fundið ákærða Einar Björn á rangli við Kleppjárnsreyki, og hafi hann verið afar ruglaður, ölvaður og illa til reika. Var því fengin sjúkrabifreið til að flytja hann á heilsugæslustöðina í Borgarnesi, og þaðan var farið með hann á sjúkrahúsið á Akranesi.

Ákærðu A og B voru yfirheyrðir af lögreglunni í Borgarnesi að kvöldi

laugardagsins 13. maí. Lágu þá fyrir upplýsingar um stuldinn á seðlaveski Þorbergs Halldórssonar, en svo virðist sem lítið eða ekkert hafi verið vitað um aðförina að Óskari Hilmarssyni. Ákærði B skýrði frá málsatvikum á þann veg, að hann hefði verið með A á Hlemmi síðdegis á föstudeginum og hitt þar meðákærða Einar Björn og Óskar, sem ákærði kvaðst ekki þekkja fyrir. Óskar hefði boðið ákærðu á City Hótel, þar sem hann síðan veitti þeim áfengi. Fljótlega eftir að komið var á hótelið, hefði Óskar sagt ákærðu frá því, að hann hefði stolið seðlaveski fyrr um daginn, og sýndi þeim tékkhefti og bankakort frá Samvinnubankanum og tvö greiðslukort frá Eurocard. Voru öll kortin gefin út á nafn Þorbergs Halldórssonar. Ákærði kvað Óskar hafa viljað falsa tékka úr heftinu, og hefði A útfyllt einn tékka, að fjárhæð kr. 2.000, og gefið hann út í nafni Þorbergs. Skömmu síðar hefðu ákærðu og Óskar farið með leigubifreið að Hlemmi, þar sem þeir dvöldust skamma hríð, en tóku sér síðan far með annarri leigubifreið að Álfheimabúðinni. Er þangað kom, hefðu ákærðu farið með Óskar bak við búðina að Langholtsskóla, og þar börðu þeir Óskar í sameiningu og tóku af honum framangreint seðlaveski, sem hafði að geyma tékkheftið, bankakortið og greiðslukortin auk skilríkja Óskars og u.þ.b. 15.000 krónur í reiðufé. Aðspurður skýrði ákærði frá því, að tilgangurinn með því að fara með Óskar að skólanum hefði verið sá einn að ræna hann, og áttu ákærðu þar allir jafnan hlut að máli. Peningunum hefðu ákærðu síðan skipt jafnt á milli sín, en A fengið tékkheftið að auki. Ákærði mundi hins vegar ekki, hver þeirra hefði fengið í hendur veskið með greiðslukortunum. Ákærði kvað Óskar hafa legið meðvitundarlausan á jörðinni, er þeir félagar yfirgáfu hann og fóru inn í Álfheimabúðina. Þar hafi ákærði beðið afgreiðslumanninn að hringja eftir leigubifreið, og er hún var komin, hefði verið ákveðið að fara á dansleik í Logalandi. Bifreiðarstjórinn hefði hins vegar ekki verið reiðubúinn að aka ákærðu þangað, og skiptu þeir því um leigubifreið. Ákærði kvað þá félaga hafa greitt bifreiðarstjóranum 10.000 krónur fyrir fram fyrir aksturinn að Logalandi, og hefði síðan verið ætlunin að greiða afganginn með tékka, ef til þess kæmi, að ákærðu færu með bifreiðinni til baka. Ákærði dró ekki fjöður yfir það, að hann hefði í félagi við A barið Einar Björn í leigubifreiðinni og skilið hann eftir illa til reika í vegarkantinum skammt frá Logalandi.

Ákærði A skýrði lögreglunni frá því, að hann og B hefðu verið á Hlemmi síðdegis á föstudeginum og hitt þar meðákærða Einar Björn og nefndan Óskar, sem ákærði þekkti ekki fyrir. Óskar hefði boðið ákærðu með sér á City Hótel, þar sem hann veitti þeim áfengi og sýndi þeim tékkhefti og greiðslukort, sem hann kvaðst hafa stolið. Að beiðni Óskars hefði ákærði geymt heftið og falsað úr því einn tékka, að fjárhæð kr. 2.000, sem hann afhenti Óskari. Frá hótelinu hefðu fjórmenningarnir síðan farið með leigu-

bifreið að bílaleigunni Geysi, þar sem þeir hugðust leigja sér bifreið, en urðu frá að hverfa sökum þess, hve ölvaður Óskar var orðinn. Vildi Óskar þá fara og heimsækja einhvern að Sólheimum 27, og héldu þeir þangað, en stoppuðu áður við Álfheimabúðina. Voru ákærðu þá búnir að sammælast um að ræna af Óskari seðlaveskinu með greiðslukortunum og peningunum. Ákærði fór síðan með Óskar bak við Álfheimabúðina og inn í port við Langholtsskóla, þar sem hann barði Óskar eitt högg í magann. Einar Björn kom á vettvang skömmu síðar, og „tók hann við og réðst á Óskar og barði hann niður", en á meðan fór ákærði inn í Álfheimabúðina og náði í B. Er ákærði kom aftur á vettvang með B, lá Einar Björn ofan á Óskari og hafði náð af honum veskinu. Ákærðu skildu síðan við Óskar liggjandi á jörðinni og yfirgáfu vettvang í leigubifreið, sem B hafði pantað í Álfheimabúðinni. Var síðan ætlun þeirra að fara á dansleik í Logalandi, en áður urðu þeir að skipta um leigubifreið, þar sem bifreiðarstjórinn vildi ekki fara í svo langa ferð. Kristleifur Gauti hafi hins vegar verið reiðubúinn að aka þeim, en vildi fá 15.000 krónur fyrir vikið. Ákærði og B hefðu því látið hann fá 10.000 krónur úr veski því, sem þeir höfðu tekið af Óskari, en Einar Björn hafi ekki viljað greiða 5.000 krónur til viðbótar, og upphófst því rifrildi, sem lauk með því, að ákærði og B börðu Einar Björn og skildu við hann liggjandi á þjóðveginum við Kleppjárnsreyki.

Ákærði Einar Björn var fyrst yfirheyrður um mál þetta hjá RLR þann 30. maí 1989. Ákærði skýrði frá því, að hann hefði verið með Óskari Hilmarssyni á Hlemmi umræddan dag, er þeir hittu meðákærðu A og B. Fóru þeir skömmu síðar á City Hótel, þar sem neytt var áfengis í boði Óskars. Ákærða minnti, að Óskar hefði þar skýrt ákærðu frá því, að hann hefði tekið tékkhefti af einhverjum manni í Ölveri. Ákærði sá hins vegar ekki tékkheftið og vissi ekki til þess, að nokkur hefði falsað tékka úr heftinu í hótelherberginu. Frá hótelinu hélt hópurinn í leigubifreið að Hlemmi. Stakk ákærði þá upp á því, að þeir færu að Logalandi, en eftir það kvaðst ákærði ekkert muna eftir sér, fyrr en hann rankaði við sér á lögreglustöðinni á Akranesi. Nokkrum dögum síðar hefði ákærði svo hitt meðákærðu, og skýrðu þeir honum frá því, að þeir hefðu þrír í sameiningu rænt Óskar.

Ákærðu voru yfirheyrðir af RLR í febrúarmánuði síðastliðnum. Var fyrst tekin skýrsla af ákærða B, en hann var á þeim tíma vistmaður í Hlaðgerðarkoti í Mosfellssveit. Ákærði kvaðst ekki hafa neinu við fyrri framburð sinn að bæta öðru en því, að eftir að Óskar var orðinn ræn ulaus, hefði ákærði ýtt við höfði hans með öðrum fæti til að athuga, hvort hann myndi hrayfa sig. Sú hefði ekki orðið raunin. Annað kvaðst ákærði ekki hafa gert „í þessari árás þarna á Óskar". Ákærða var síðan kynntur framburður meðákærða A við skýrslugjöf hjá lögreglunni í Borgarnesi, og kvað ákærði framburð A vera réttan, hvað sig varðaði. Ákærða var því næst

sýnt áverkavottorð vegna meiðsla Óskars, og kvaðst hann aðspurður ekkert vita, hvernig meðákærðu börðu Óskar, þar sem allt hefði verið yfirstaðið, er hann kom á vettvang. Fleira sagðist ákærði ekki hafa um mál þetta að segja og kvaðst vera búinn að skýra frá málsatvikum svo vel sem hann framast gæti.

Ákærði A lýsti því yfir við upphaf skýrslutöku hinn 12. febrúar, að hann hefði engu við fyrri framburð sinn að bæta, enda kæmi þar allt fram, sem hann hefði um mál þetta að segja. Ákærða var því næst kynntur framburður meðákærða B við skýrslugjöf hjá RLR, og kvað ákærði það rétt, sem B segði í skýrslunni, að það hefðu verið ákærði og Einar Björn, sem barið hefðu Óskar. Ákærði lýsti síðan árásinni á þann veg, að hann hefði slegið Óskar í magann og síðan gefið honum tvö eða þrjú högg í andlitið, svo að Óskar „steinlá". Eftir þetta hefði ákærði farið inn í Álfheimabúðina til að ná í B, en Einar Björn orðið eftir hjá Óskari. Er ákærði kom á vettvang að nýju í fylgd með B, hefði Einar Björn legið ofan á Óskari og verið að taka seðlaveskið af honum. Jafnframt hefði Einar Björn verið að þjarma að Óskari, en ákærði gat ekki skilgreint nánar, í hverju þetta hefði verið fólgið. Ákærði tók sérstaklega fram, að Einar Björn hefði orðið vitni að því, er ákærði sló Óskar, en hins vegar hefði ákærði ekki orðið var við það, að Einar Björn berði Óskar, þar sem ákærði hvarf af vettvangi til að ná í B.

Ákærði Einar Björn gaf skýrslu sama dag. Hann kvað atburði umræddsa kvölds ekkert hafa rifjast upp fyrir sér og tók sérstaklega fram, að hann hefði verið í miklu „rugli" á þessum tíma og því fljótur að „detta út".

Ákærði kom fyrir dóm við þingfestingu málsins hinn 20. apríl sl. og kvaðst þá hvorki geta játað á sig sök né neitað, þar sem hann hefði fengið „blackout" umræddan dag. Ákærði mundi þó eftir því að hafa hitt Óskar Hilmarsson á Hlemmi og farið með honum á City Hótel, þar sem þeir „drukku stíft". Þaðan fóru þeir aftur á Hlemm og hittu meðákærðu B og A. Fóru þeir síðan fjórir saman á City Hótel, þar sem neytt var frekara áfengis. Frá hótelinu héldu þeir síðar í leigubifreið að Álfheimabúðinni, og mundi ákærði, að einhver stakk upp á því á leiðinni, að hópurinn færi á dansleik í Logalandi. Ekki mundi ákærði, af hverju farið var að Álfheimabúðinni í upphafi, en rámaði í það, að ákærðu hefðu sammælst um að ræna Óskar. Ákærði vissi þó ekki, hvenær ákærðu ræddu þetta, ef þeir þá gerðu það, og vildi ekkert um þetta fullyrða, þar sem hann myndi afar óljóst eftir þessu atriði. Ákærði kvaðst ekkert muna eftir því, hvað gerðist, eftir að komið var að búðinni, og mundi það næst, er hann vaknaði í fangageymslu lögreglunnar á Akranesi. Ákærði kvaðst aðspurður hafa vitað, að Óskar ætti einhverja peninga, þar sem hann hefði sýnt ákærða veski með tékkhefti og „einhverjum fimmþúsundköllum" í, er þeir voru á hótelinu

fyrr um daginn. Sjálfur kvaðst ákærði ekki hafa átt neina peninga umræddan dag.

Ákærði B kom einnig fyrir dóm á þingfestingardegi og neitaði þá allri aðild að ætluðu ráni. Ákærði skýrði síðan frá málsatvikum á þann veg, að ákærðu hefðu umræddan föstudag farið á City Hótel ásamt Óskari Hilmarssyni og drukkið þar áfengi í boði hans. Óskar hefi skýrt ákærðu frá stuldinum á seðlaveski Þorbergs Halldórssonar og jafnframt sýnt þeim veskið, sem hafði að geyma tékkhefti, bankakort og 15.000 krónur í reiðufé. Frá hótelinu hefði verið farið með leigubifreið að Álfheimabúðinni, þar sem ákærði fór inn til að versla, en á meðan gengu meðákærðu og Óskar aftur fyrir búðina í átt að Langholtsskóla. Bar ákærði, að hann hefði þá ekki haft hugmynd um það, að meðákærðu hefðu ætlað að ráðast á Óskar, og kvað slíkt ekki hafa verið rætt ákærðu í milli, hvorki í leigubifreiðinni né eftir að komið var að Álfheimabúðinni. Er ákærði hafði lokið við að versla, hefði hann gengið til hinna, og lá Óskar þá rænulaus á malbikuðum knattspyrnuvelli við skólann. Ekki veitti ákærði því athygli, hvort veski væri tekið af Óskari. Hann kvaðst hafa ýtt við höfði Óskars með öðrum fæti, en því næst farið aftur inn í Álfheimabúðina og hringt eftir leigubifreið. Ákærðu hefðu síðan ákveðið að fara á dansleik í Logalandi. Ekki minntist ákærði þess, að rætt hefði verið um það fyrir fram, hvernig greiða ætti fyrir aksturinn, en kvaðst hafa haft í hyggju að semja við leigubifreiðarstjórann um greiðslu og setja jafnvel einhver verðmæti í pant. Ákærði bar, að hann hefði átt 5.000 krónur, er lagt var af stað, en vissi þá ekki, hvort meðákærðu ættu einhverja peninga. Er komið var að Logalandi, hefði hann síðan komist að því, að meðákærði A átti 15.000 krónur, en ekki vissi ákærði, hvar hann hafði fengið þá peninga. Ákærði minntist þess ekki, að rætt hefði verið um það í leigubifreiðinni, hvað komið hefði fyrir Óskar, og sjálfur innti hann meðákærðu ekki eftir því.

Þegar skýrslur ákærða við lögregluannsókn málsins voru bornar undir hann, kvað ákærði framburð sinn hjá lögreglu vera rangan og fullyrti, að ákærðu hefðu aldrei sammælst um að ræna Óskar Hilmarsson. Benti ákærði sérstaklega á, að hann hefði verið undir áhrifum lyfja við yfirheyrslu RLR í Hlaðgerðarkoti.

Ákærði A var yfirheyrður fyrir dómi 11. maí sl. Ákærði viðurkenndi afdráttarlaust aðild sína að ætluðu ráni og kvað háttsemi sinni vera rétt lýst í ákæruskjali. Ákærði kvaðst hins vegar aðeins muna eftir því, að eitt seðlaveski hefði verið tekið af Óskari, og tók sérstaklega fram, að í veskinu hefðu aðeins verið 15.000 krónur í reiðufé auk tékkheftis og a.m.k. tveggja greiðslukorta. Ákærði skýrði frá helstu málsatvikum á sama veg og við lögregluannsókn málsins allt fram að því, er ákærðu og Óskar fóru með leigubifreið frá bílaleigunni Geysi áleiðis að Álfheimabúðinni. Á leiðinni

þangað kvaðst ákærði hafa fært það í tal við meðákærða Einar Björn, að þeir skyldu berja Óskar og taka af honum veskið. Meðákærði B hefði síðan samþykkt að vera með í þessari ráðagerð, sem rædd var í bifreiðinni, en ákærðu hefðu setið saman í aftursæti hennar. Ákærði bar, að þrátt fyrir það að B hefði fallist á ráðagerðina um að „ræna" Óskar, hefði hann tekið skýrt fram, að hann vildi ekki eiga þátt í neinu ofbeldi, og því hefði hann farið inn í Álfheimabúðina, á meðan ákærði og Einar Björn leiddu Óskar að Langholtsskóla og „börðu hann niður". Ákærði lýsti árásinni nánar á þann veg, að hann hefði í fyrstu reynt að taka veskið af Óskari án þess að beita líkamlegu ofbeldi, en er Óskar þráaðist við, hefði ákærði slegið hann eitt högg á magann og síðan a.m.k. eitt högg í andlitið. Að svo búnu hefði ákærði hlaupið inn í Álfheimabúðina til að ná í B, en á meðan réðst Einar Björn á Óskar. Var hann þá með fullri meðvitund, en ekki mundi ákærði, hvort hann hefði staðið eða legið á jörðinni. Er ákærði kom til baka með B, hefði Einar Björn hins vegar setið ofan á Óskari og verið að „tuska hann til". Ákærði bar í fyrstu, að hann hefði þá séð Einar Björn greiða Óskari eitt hnefahögg, sem líklega hefði komið í andlit Óskars, en vildi síðar ekki fullyrða, hvort Einar hefði slegið Óskar fyrir eða eftir, að ákærði náði í B. Þá hefði Einar Björn hins vegar verið búinn að ná af honum veskinu, og sýndi hann meðákærðu það fyrst, er þeir voru komnir að Álfheimabúðinni. Ákærði kvaðst ekki hafa veitt því sérstaka athygli, hvort Óskar væri með meðvitund, er ákærðu yfirgáfu vettvang. Ákærði bar, að þeir félagar hefðu því næst hringt eftir leigubifreið, en eftir að hafa kynnt sér framburð sinn við skýrslugjöf í Borgarnesi, treysti ákærði sér ekki til að fullyrða, hvort svo hefði verið eða hvort B hefði verið búinn að panta leigubifreiðina, er þeir yfirgáfu Óskar. Ákærðu hefðu síðan ákveðið að fara á dansleik í Logalandi, en ekki mundi ákærði, hvernig eða hversu mikið þeir greiddu bifreiðarstjóranum fyrir aksturinn. Ákærði bar, að þeir félagar hefðu skipt á milli sín þeim peningum, sem voru í veski Óskars, og fékk hver þeirra í sinn hlut 5.000 krónur. Ákærði kvaðst sjálfur hafa átt um 4.000 krónur fyrir ránið.

Við samprófun ákærðu A og B fyrir dómi sama dag hélt B fast við fyrri framburð sinn fyrir dómi, en tók þó aðspurður fram, að meðákærðu hefðu skýrt honum frá því í leigubifreiðinni, að þeir hefðu tekið seðlaveski af Óskari. Hins vegar hefði ekkert verið rætt um það, með hvaða hætti þeir náðu veskinu. A kvaðst ekki mótmæla framburði B og treysti sér ekki lengur til að fullyrða, að ákærðu hefðu sammælst um það í leigubifreiðinni að ræna Óskar. Hins vegar rámaði ákærða í það. Ákærði bar í beinu framhaldi, að hann myndi í raun alls ekkert eftir málsatvikum, eftir að komið var að Álfheimabúðinni, og kvað framburð sinn fyrir dómi um árásina á Óskar vera ágiskun eina.

Vegna framburðar ákærða B um það, að hann hefði verið undir áhrifum lyfja við yfirheyrsluna í Hlaðgerðarkoti, þótti ástæða til að fá hann aftur fyrir dóm hinn 16. júlí sl. Ákærði skýrði svo frá, að hann hefði fengið einhver taugastillandi lyf, meðan á dvöl hans stóð í Hlaðgerðarkoti, en mundi ekki nákvæmlega, hvenær hann fékk lyfin eða í hvaða mæli. Ákærði bar, að áhrif þessara lyfja hefðu verið róandi og sljóvgandi, en þrátt fyrir þetta kunni hann enga skýringu á því, af hverju hann játaði á sig umrætt brot við yfirheyrsluna. Rannsóknarlögreglumaðurinn, sem yfirheyrði hann, hefði spurt hann út í kæruefnið, og svaraði ákærði þeim spurningum. Viðkomandi skýrsla var borin undir ákærða, sem kvað rétt eftir sér haft.

Er ákærði var inntur nánar eftir yfirheyrslunni í Borgarnesi, kvaðst hann hafa verið „þunnur" við skýrslutökuna og muna ósköp lítið eftir þessu. Ákærði gat enga skýringu gefið á frásögn sinni hjá lögreglu og staðfesti, að rétt hefði verið eftir sér haft í skýrslunni.

Vitnið Gunnleifur Kjartansson lögreglufulltrúi, kt. 290141-4439, hefur borið fyrir dómi, að það hafi annast yfirheyrslu á ákærða B í Hlaðgerðarkoti hinn 5. febrúar sl. Vitnið kvað sér vera minnisstætt, hve vel ákærði var á sig kominn, og fullyrti, að ákærði hefði ekki borið nein merki lyfjaáhrifa við skýrslutökuna.

Vitnið Gunnlaugur Sigurgeirsson, starfsmaður í Hlaðgerðarkoti, kt. 140437-3609, hefur borið, að það hafi greint sinn verið fengið til að votta gerð framangreindrar skýrslu. Vitnið kvað ákærða hafa verið vel á sig kominn umræddan dag og bar ekki nein merki lyfjaáhrifa að mati vitnisins.

Vitnið Ágúst Ólason, umsjónarmaður í Hlaðgerðarkoti, kt. 271262-3969, skýrði frá því fyrir dómi, að ákærði hefði komið til dvalar í Hlaðgerðarkoti föstudaginn 2. febrúar sl. Ákærði hefði verið í það góðu ástandi, að ekki þótti ástæða til að gefa honum fráhvarfslyf nema fyrsta kvöldið, er honum var gefið í tvö skipti 50 mg af librium, og annaðist vitnið þá lyfjagjöf sem og aðrar lyfjagjafir á heimilinu. Önnur lyf hefði ákærði ekki fengið, meðan á dvöl hans stóð.

Vitnið Kristleifur Gauti Torfason leigubifreiðarstjóri, kt. 310358-2319, hefur skýrt svo frá, að það hafi greint sinn ekið ákærðu frá Reykjavík að Logalandi og fengið 10.000 krónur fyrir aksturinn, sem greiddar voru fyrir fram. Ekki mundi vitnið, hver ákærðu greiddi þessa fjárhæð, né heldur, hvort þeir hefðu gert það fleiri en einn. Vitnið kvað ákærðu hafa verið ölvaða og hressa í bragði, er þeir settust inn í leigubifreiðina á Langholtsvegi, en undir Hafnarfjalli byrjuðu þeir að rífast og slást í bifreiðinni. Lauk þeim viðskiptum þannig, að einn ákærðu var skilinn eftir við vegarbrúnina skammt frá Logalandi.

Vitnið Óskar Hilmarsson hefur borið fyrir dómi, að það hafi umræddan dag hitt ákærðu á Hlemmi og boðið þeim á City Hótel, þar sem þeir neyttu

allir áfengis. Meðan þeir voru á hótelinu, sýndi vitnið ákærðu tékkhefti og greiðslukort, sem vitnið hafði stolið fyrr um daginn. Vitnið kvaðst ekki geta fullyrt, hvað orðið hefði um þessi verðmæti eftir það, en einhver þeirra fjögurra hefði verið með þau í fórum sínum, er farið var frá hótelinu. Þá fullyrti vitnið, að það hefði verið með seðlaveski sitt á sér, er þeir lögðu af stað, og kvað vinnulaun sín, 30 - 40.000 krónur, hafa verið í veskinu auk skilríkja. Hins vegar mundi vitnið ekki, hvort það hefði verið með eitt seðlaveski eða tvö, er farið var frá hótelinu. Vitnið kvaðst síðan muna það næst, er það vaknaði á Borgarspítalanum.

Niðurstaða.

Svo sem áður er rakið, voru ákærðu B og A handteknir í Borgarfirði aðeins nokkrum klukkustundum eftir, að Óskar Hilmarsson fannst meðvitundarlaus við Holtsapótek á Langholtsvegi. Samkvæmt skýrslu lögreglunnar var ákærði B þá með seðlaveski Óskars í fórum sínum, sem í voru persónuskilríki hans og greiðslukort og bankakort á nafni Þorbergs Halldórssonar. Við yfirheyrslu tæpum sólarhring síðar játaði ákærði B afdráttarlaust að hafa í félagi við meðákærðu ráðist á Óskar og barið hann í því skyni að taka af honum seðlaveski. Er þessi framburður ákærða svo og frásögn hans af málsatvikum að öðru leyti í fullu samræmi við frásögn ákærða A við yfirheyrslu sama kvöld. Af gögnum málsins má ráða, að lögreglan í Borgarnesi hafi þá verið búin að fá vitneskju um stuldinn á seðlaveski Þorbergs Halldórssonar, en svo virðist sem lítið eða ekkert hafi verið vitað um árásina á Óskar Hilmarsson. Þykir þetta styrkja mjög játningu ákærðu fyrir lögreglu. Á hinn bóginn er á það að líta, að lögreglumanni þeim, sem yfirheyrði ákærða B, láðist að gæta ákvæða 4. mgr. 61. gr. laga um meðferð opinberra mála, en þar sem ákærði staðfesti þennan framburð í öllum meginatriðum við yfirheyrslu hjá RLR, þykir það ekki draga úr sönnunargildi játningarinnar í Borgarnesi, þótt ákærða hafi ekki verið gefinn kostur á réttargæslumanni.

Ákærði B hefur ekki gefið haldbæra skýringu á því, af hverju hann breytti framburði sínum fyrir dómi, og hefur ekkert komið fram í málinu, sem rennir stoðum undir breytingu hans, svo að marktækt sé. Þá hefur ekkert komið fram, sem styður þá fullyrðingu ákærða, að hann hafi verið undir áhrifum lyfja við yfirheyrslu hjá RLR í Hlaðgerðarkoti. Framburður vitna um líkamlegt ástand hans og hegðun umræddan dag bendir hins vegar eindregið til hins gagnstæða.

Ákærði A hefur játað fyrir dómi að hafa fært það í tal við meðákærðu, áður en komið var að Álfheimabúðinni, að þeir skyldu berja Óskar Hilmarsson og taka af honum seðlaveski. Meðákærðu hafi fallist á ráðagerðina, en B tekið skýrt fram, að hann vildi ekki eiga þátt í neinu ofbeldi.

Kveður ákærði þetta vera ástæðuna fyrir því, að B fór inn í Álfheimabúðina, á meðan ákærði og Einar Björn leiddu Óskar í átt að Langholtsskóla. Ákærði er einn til frásagnar um það, hvað gerðist eftir þetta, og ber, að hann hafi í fyrstu reynt að taka veskið af Óskari án þess að beita hann líkamlegu ofbeldi, en er Óskar þráaðist við, hefði ákærði slegið hann eitt högg í magann og síðan a.m.k. eitt högg í andlitið. Einar Björn hefði því næst veist að Óskari, en ákærði farið að ná í B, og er hann kom aftur á vettvang, hefði Einar Björn setið ofan á Óskari og verið að „tuska hann til". Hefði Einar Björn þá verið búinn að ná veskinu af Óskari, og sýndi hann félögum sínum það skömmu síðar. Ákærði bar, að í veskinu hefðu verið tékkhefti, greiðslukort og 15.000 krónur í reiðufé, sem ákærðu skiptu jafnt á milli sín. Þegar virtur er þessi framburður ákærða, sem stoð fær í frásögn hans við lögreglurannsókn málsins, þykja óyggjandi sönnur fram komnar fyrir því, að ákærði hafi gerst sekur um rán samkvæmt 252. gr. almennra hegningarlaga, og þykir þar engu breyta framburður hans við samprófun við ákærða B.

Ákærði Einar Björn hefur borið fyrir sig minnisleysi um málsatvik, eftir að komið var að Álfheimabúðinni, en vefengdi þó ekki að hafa verið með í ráðum við skipulagningu brotsins og síðar framkvæmd þess með A. Þykir því með framburði A um þátttöku ákærða, sem stoð fær í gögnum málsins, sök hans nægilega sönnuð, og varðar brot ákærða sömuleiðis við 252. gr. hegningarlaganna.

Ákærði B fór með meðákærðu og Óskari í leigubifreið að Álfheimabúðinni. Þegar skýrslur ákærða við lögreglurannsókn málsins eru virtar heildstætt svo og framburður meðákærða A við rannsókn og meðferð málsins, þykir sannað þrátt fyrir neitun ákærða fyrir dómi, að hann hafi verið með í ráðum við undirbúning brotsins og honum þá mátt vera ljóst, að til ofbeldis gæti komið. Þá er og sannað, að ákærði hafi notið ávinnings af brotinu með meðákærðu. Þykir ákærði með framangreindri háttsemi sinni hafa brotið gegn 252. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 1. mgr. 22. gr. sömu laga.

Ákærðu er í ákæruskjali gefið að sök að hafa tekið tvö seðlaveski af Óskari Hilmarssyni, sem hafi meðal annars haft að geyma tékkhefti og 30.000 krónur í reiðufé. Með vísan til framburðar ákærða A fyrir dómi, sem stoð fær í framburði vitnisins Óskars Hilmarssonar svo og öðrum gögnum málsins, þykir hins vegar ósannað, að ákærðu hafi tekið nema eitt seðlaveski. Þá er ósannað, að í veskinu hafi verið meira en 15.000 krónur í reiðufé auk persónuskilríkja Óskars og tveggja greiðslukorta, tékkheftis og bankakorts á nafni Þorbergs Halldórssonar, en síðastgreind verðmæti fundust öll í fórum ákærðu B og A við handtöku í Borgarfirði, svo sem áður er rakið.

— — —

Refsing.

— — —

Ákærði Einar Björn hefur ekki áður hlotið dóm fyrir hegningarlagabrot, en tvívegis á þessu ári lokið kærumálum vegna minni háttar brota með dómsátt, og ber því einnig að ákvarða honum refsingu í máli þessu með hliðsjón af 78. gr. almennra hegningarlaga. Þegar litið er til þess, að ákærði var aðeins 16 ára, er hann framdi brot sitt, þykir mega færa refsingu hans niður úr lágmarki refsingar skv. 252. gr. hegningarlaga, og þykir hún með hliðsjón af 70. gr. sömu laga hæfilega ákveðin fangelsi í 4 mánuði.

Sakarkostnaður.

Dæma ber ákærðu A, Einar Björn og B til að greiða óskipt saksóknarlaun til ríkissjóðs, sem þykja hæfilega ákveðin 100.000 krónur. Ákærði A greiði einnig Kristjáni Stefánssyni hdl., krónur 20.000 í réttargæsluþóknun og verjanda sínum, Jóni Oddssyni hrl., krónur 90.000 í málsvarnarlaun. Sömu fjárhæð greiði ákærði Einar Björn verjanda sínum, Hilmari Ingimundarsyni hrl., en málsvarnarlaun lögmannsins vegna ákærða C, krónur 40.000, skulu greiðast úr ríkissjóði. Loks greiði ákærði B verjanda sínum, Kristjáni Stefánssyni hdl., málsvarnarlaun að fjárhæð kr. 100.000. Annan sakarkostnað greiði ákærðu A, Einar Björn og B óskipt.

Dómsorð:

Ákærði A sæti fangelsi í 6 mánuði.

Ákærði Einar Björn Ingvason sæti fangelsi í 4 mánuði.

Ákærði B sæti fangelsi í 12 mánuði.

Ákærði C er sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Ákærðu A, Einar Björn og B greiði saksóknarlaun til ríkissjóðs, krónur 100.000, óskipt.

Ákærðu greiði skipuðum verjendum sínum málsvarnarlaun sem hér segir:

Ákærði A Jóni Oddssyni hrl. kr. 90.000, ákærði Einar Björn Hilmari Ingimundarsyni hrl. kr. 90.000 og ákærði B Kristjáni Stefánssyni hdl. krónur 100.000. Ákærði A greiði að auki Kristjáni Stefánssyni krónur 20.000 í réttargæsluþóknun.

Málsvarnarlaun Hilmars Ingimundarsonar hrl. vegna ákærða C, krónur 40.000, greiðist úr ríkissjóði.

Annan sakarkostnað greiði ákærðu A, Einar Björn og B óskipt.

Föstudaginn 22. febrúar 1991.

Nr. 326/1989. **Steypustöðin hf.**

gegn

tollstjóranum í Reykjavík.

Hafning máls. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir og Bjarni K. Bjarnason og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Þegar mál þetta var tekið fyrir á dómþingi Hæstaréttar 1. febrúar 1991, var þess óskað af hálfu áfrýjanda, að það yrði fellt niður. Jafnframt var krafist málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir Hæstarétti.

Af hálfu stefnda var sótt dómþing og samþykkt, að málið yrði fellt niður. Málskostnaðarkröfu áfrýjanda var mótmælt.

Samkvæmt framansögðu ber að fella mál þetta niður.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Mál þetta er hafið.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Föstudaginn 22. febrúar 1991.

Nr. 382/1990. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Sverri Þór Einarssyni og
Þuríði Björgu Birgisdóttur
(Páll Arnór Pálsson hrl.).

Fíkniefni. Eignaupptaka.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Jónsson og Hrafn Bragason.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. október 1990 „til sakfellingar samkvæmt ákæru og refsiákvörðunar, að því er ákærðu Þuríði Björgu varðar, en þyngingar á refsingu ákærða Sverris Þórs". Þá er þess krafist, að ákvæði hins áfrýjaða dóms um upptöku erlends gjaldeyris verði staðfest.

Ákærðu krefjast aðallega sýknu af öllum kröfum ákæruvaldsins, en til vara, að þau hljóti vægustu refsingu, er lög leyfa, og gæsluvarðhald ákærða Sverris komi að fullu til frádráttar dæmdri refsingu.

Fallast ber á ákvæði héraðsdóms um sakfellingu ákærða, Sverris Þórs, og færslu brots hans til refsiákvæða. Refsing hans þykir með vísan til 60., 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 hæfilega ákveðin 4 mánaða fangelsi. Eins og hér stendur á, þykir rétt að fresta fullnustu 2 mánaða af refsivistinni og hún falli niður að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Frá refsingunni skal draga 10 daga gæsluvarðhald, er ákærði sætti vegna rannsóknar málsins.

Staðfest er sú niðurstaða héraðsdóms, að meðákærða, Þuríður Björg Birgisdóttir, eigi að vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Eigi þykir rétt, eins og máli þessu er háttað, að beita eignaupptöku samkvæmt 2. tölulið 1. mgr. 69. gr. hegningarlaga eða 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni á þeim erlenda gjaldeyri, sem um er fjallað í ákæru og héraðsdómi.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Dæma ber ákærða, Sverri Þór, til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, en saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu, 40.000 krónur, skal hann þó greiða að 4/5 hlutum, en 1/5 hluti greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Ákærði, Sverrir Þór Einarsson, sæti fangelsi í 4 mánuði, en fresta skal fullnustu 2 mánaða af refsivistinni, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Frá refsingunni skal draga 10 daga gæsluvarðhald, er ákærði sætti í þágu rannsóknar málsins.

Ákærða, Þuríður Björg Birgisdóttir, á að vera sýkn af kröfum ákæruvalds í máli þessu.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Ákærði, Sverrir Þór, greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, en saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 40.000 krónur, greiði hann að 4/5 hlutum, en 1/5 hluti greiðist úr ríkissjóði.

Dómur sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 13. júlí 1990.

Ár 1990, föstudaginn 13. júlí, er á dómþingi sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni setudómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 801-802/1990: Ákæruvaldið gegn Sverri Þór Einarssyni og Þuríði Björgu Birgisdóttur, sem tekið var til dóms þann 6. júlí sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 15. október 1987, á hendur ákærðu, Sverri Þór Einarssyni, Kárastíg 67 (sic) Reykjavík, fæddum þar í borg 2. maí 1962, og Þuríði Björgu Birgisdóttur, Laugavegi 67, Reykjavík, fæddri þar í borg 18. janúar 1962, „fyrir eftirgreind brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni:

I.

Gegn ákærða, Sverri Þór, fyrir að hafa í félagi við meðákærðu, Þuríði Björgu, í apríl/maí 1986 ákveðið að kaupa hass erlendis og selja það hér

á landi í ágóðaskyni og verja til efniskaupanna kr. 300.000, sem ákærðu áttu sameiginlega og ákærði, Sverrir Þór, fékk í hendur og skipti að mestu leyti í erlendan gjaldeyri. Um mánaðamót maí/júní s.á. í Amsterdam ásamt Guðrúnu Helgu Svansdóttur lagt á ráðin um útvegun á hassi og flutning þess hingað til lands og samkvæmt þessum ráðagerðum móttekið tæp 3 kg (2.989,5 g) af hassi á Hótel Loftleiðum við Reykjavíkurflugvöll aðfaranótt 21. júní 1986 af Wilhelm Ludwig Alberti, sem fenginn hafði verið til að flytja efnið, en lögreglan handtók ákærða strax eftir móttöku efnisins, og hafði hann þá til reiðu á heimili sínu framangreindan gjaldeyri, 5.061 Bandaríkjadal, 7.850 danskar krónur, 250 sænskar krónur og 60 ensk pund, sem hann hugðist afhenda nefndum Alberti sem hluta kaupverðs efnisins, en eftirstöðvarnar hugðist ákærði greiða eftir sölu efnisins hér á landi.

II.

Gegn ákærðu, Þuríði Björgu, fyrir að hafa í félagi við meðákærða, Sverri Þór, fyrir framangreinda utanför hans lagt fram kr. 300.000, sem ákærðu áttu sameiginlega, til kaupa á hassi erlendis með það fyrir augum að selja efnið hér á landi með hagnaði, og í þessu sambandi voru síðan send tæp 3 kg efnisins til landsins 20. júní 1986, svo sem greinir í I. lið.

III.

Framangreind brot ákærðu teljast varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr.laga um ávana- og fíkniefni nr. 65, 1974, sbr. lög nr. 60, 1980, sbr. 9. gr. laga nr. 74, 1982, sbr. lög nr. 13, 1985, og 2. gr., sbr. 10. gr., reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 16, 1986.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmd til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til að sæta upptöku á framangreindum erlendum gjaldeyri, sem lagt var hald á, samkvæmt 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65, 1974, 2. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 16, 1986, og 2. tl. 1. mgr. 69. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940".

Málavextir eru þessi:

Laugardaginn 20.júní 1986 kl. 23.50 framkvæmdi tollgæslan á Keflavíkurflugvelli ásamt fíkniefnalögreglunni í Reykjavík fíkniefnaleit hjá farþega að nafni Wilhelm Ludwig Alberti, sem kom frá Amsterdam. Fundust í fórum hans 2.989,5 grömm af hassi. Í upplýsingaskýrslu Arnars Jenssonar lögreglufulltrúa er lýst aðdraganda og gangi rannsóknarinnar, og er skýrslan svohljóðandi:

„Eins og fram kemur í upplýsingaskýrslum, hafði rannsókn starfsmanna ÁFD leitt í ljós, að Sverrir Einarsson hugðist flytja inn fíkniefni frá Hollandi. Þær upplýsingar, sem lágu fyrir, höfðu verið staðfestar af starfsmönnum ÁFD, eftir því sem þær bárust.

Er Wilhelm Ludwig Alberti kom til Keflavíkurflugvallar, var ljóst, að hann var sá maður, sem flytja mundi efnið til Sverris. Því var leitað á honum við komu til landsins, sbr. skýrslu tollgæslu hér meðfylgjandi, og fundust 2.989,5 grömm af hassi í hans fórum, sbr. efnaskrá. Wilhelm ræddi þá við lögreglumenn strax við tollleit um, að hann hefði átt að flytja inn efnið fyrir Sverri Einarsson og hann hefði átt að hafa samband við Sverri, er hann væri kominn til landsins, og afhenda efnið.

Reynir Kjartansson rannsóknarlögreglumaður gegndi störfum lögreglufulltrúa í ávana- og fíkniefnadeild á þessum tíma vegna sumarleyfis undirritaðs. Hann hafði samráð við Arngrím Ísberg, fulltrúa lögreglustjóra, um, hvernig bæri að haga rannsókn málsins. Ákveðið var að ræða við Wilhelm um að halda málinu áfram, og féllst Wilhelm á að halda því áfram, eins og það átti að gerast, þ.e., að hann færi til Reykjavíkur, hefði samband við Sverri og afhenti honum efnið. Wilhelm óskaði eindregið eftir, að ekki yrði sagt strax frá því, að hann hefi verið handtekinn á Keflavíkurflugvelli, og hann afhenti honum fíkniefnin undir umsjón lögreglunnar, og setti það reyndar sem skilyrði. Á það var fallist, þar sem Wilhelm óttaðist mjög hefndaraðgerðir þeirra, sem stóðu að málinu.

Lögreglumennirnir Jón Bjartmarz, Eiríkur Beck og Ólafur Guðmundsson fóru með Wilhelm frá Keflavíkurflugvelli að Hótel Loftleiðum, þar sem hann skráði sig inn á herbergi og hringdi þaðan í Sverri. Jón Bjartmarz og Eiríkur Beck fóru með honum á hótelherbergið og hlustuðu á símtal hans við Sverri. Þeir gættu efnisins allan tímann. Þeir létu lögreglumennina Bjarna Guðmundsson og Jóhannes Viggósson vita, að Sverrir ætlaði að hitta Wilhelm strax, en lögreglumennirnir voru við heimili Sverris og fylgdust með, er hann ók þaðan að hótelinu. Sverrir og Wilhelm voru síðan færðir á lögreglustöðina, eftir að Wilhelm hafði afhent Sverri efnið að viðstöddum lögreglumönnum.

Þess var vandlega gætt, að atburðarásin yrði sú sama og fyrirliggjandi upplýsingar og lýsing Wilhelms sagði til um, sem var samkvæm í öllum atriðum því, sem rannsóknin hafði áður leitt í ljós. Þess var og vandlega gætt, að engin hætta væri á því, að unnt yrði að koma fíkniefnunum undan eða eyðileggja þau. Lögreglumenn gættu efnanna og vöktuðu síðan vandlega afhendingu þeirra, eins og fram kemur í handtökuskýrslu, meðfylgjandi."

Rannsóknargögn bera síðan með sér, að því er haldið leyndu, að umræddur Alberti var upphaflega handtekinn á Keflavíkurflugvelli.

Í lögregluskýrslu Bjarna Guðmundssonar, dagsettri 20. júní 1986, segir, að fylgst hafi verið með heimili ákærða og bróður hans að Hjarðarhaga 23. Kl. 1.40 var ákærða veitt eftirför að Hótel Loftleiðum. Fór ákærði inn og gaf sig á tal við ferðamenn. Segir í skýrslunni, að einhver þeirra

hafi hlegið við og hrist höfuðið. Gekk ákærði síðan um anddyrið, eins og hann ætlað út aftur, sneri við, gekk inn aftur og hitti annan útlending. Tók ákærði brúna leðurtösku og gekk af stað áleiðis út, þar sem hann var handtekinn. Kom í ljós, að í töskunni voru 3 kg af hassi. Var útlendingurinn einnig handtekinn og þeir færðir til yfirheyrslu.

Við húsleit, sem framkvæmd var samkvæmt úrskurði á heimili ákærða, fannst m.a. erlendur gjaldeyrir, svo sem hér segir: 5.061 bandarískur dollar, 7.850 danskar krónur, 250 sænskar krónur og 60 ensk pund.

Með úrskurðum, uppkveðnum þann 21. júní 1986, voru ákærði og Wilhelm Ludwig Alberti úrskurðaðir til að sæta gæsluvarðhaldi allt að 30 daga frá kl. 14.50 laugardaginn 21. júní 1986 að telja. Ákærði, Sverrir, var látinn laus úr gæsluvarðhaldi mánudaginn 30. júní 1986 kl. 18.00.

Wilhelm Ludwig Alberti skýrði svo frá fyrir dómi, er gæsluvarðhaldskrafan var kynnt honum, að hann hefði tekið að sér að flytja 3 kíló af hassi til landsins frá Amsterdam, og kvaðst hann hafa átt að afhenda ákærða Sverri hassið hér á landi. Kvaðst Alberti hafa átt að fá peninga fyrir að flytja efnið hingað til lands, og kvað hann ákærða Sverri hafa átt að greiða honum. Hann kvaðst ekki vilja nefna upphæð í máli þessu. Þá kvaðst Alberti ekki þekkja Sverri og aðeins hafa séð hann síðastliðna nótt, er hann afhenti ákærða töskuna. Alberti vildi ekki nafngreina viðsemjendur sína í Amsterdam.

Ákærði, Sverrir Þór, gaf skýrslu hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík þann 21. júní 1986, sem hann staðfesti, er honum var birt krafa um gæsluvarðhaldsúrskurð. Kvaðst ákærði hafa farið til Amsterdam í byrjun júní 1986 í þeim tilgangi að finna sölumann, sem hefði áhuga á að senda hass til Íslands og ákærði gæti séð um að koma í verð. Kvaðst ákærði hafa hitt mann, er hann kallaði Mike, og að sögn ákærða tók sá vel í að senda hass til landsins. Kvaðst ákærði hafa gefið honum símanúmer sitt, og beið hann eftir símhringingu um, að smyglari væri kominn til landsins. Ákærði kvað, að ekki hefði verið fastmælum bundið, hve mikið magn átti að senda, en ákærða skildist, að hámark, sem sent væri í einni ferð, væri 2 kg. Ákærði var einnig yfirheyrður hjá rannsóknardeildinni þann 24. júní 1986. Kvað ákærði það, að Guðrún Helga Svansdóttir hefði fært það í tal við sig, að hún gæti sent töluvert magn af hassi til landsins. Kvaðst ákærði hafa fengið 100.000 krónur úr sameiginlegum sjóði ákærða og ákærðu, Þuríðar, og kvað ákærði henni hafa verið kunnugt um, til hvers nota átti peningana. Ákærði kvað Guðrúnu Helgu skömmu síðar hafa hringt og talað um, að hún ætlaði að senda 1,7 kg af hassi til landsins. Ef allt gengi að óskum, myndi hún senda meira seinna.

Í lok þessarar yfirheyrslu var ákærða skýrt frá því, að í töskunni hefðu verið 3 kg af hassi.

Ákærða, Þuríður Björg, var yfirheyrð hjá rannsóknardeildinni þann 21. júní 1986. Ákærða kvað Guðrúnu Helgu Svansdóttur og ákærða Sverri hafa talað um að flytja til landsins fíkniefni og selja þau með hagnaði. Kvaðst ákærða hafa gefið ákærða, Sverri, samþykki sitt til að nota sameiginlegt fé þeirra til fíkniefnakaupanna. Ákærða kvað nokkuð á reiki, hversu mikið magn átti að senda, allt frá 1 kg upp í 3 kg.

Rannsóknarstofu í lyfjafræði var sent sýni af umræddu efni. Var staðfest, að um kannabis væri að ræða og að magn tetrahýdrókannabínóls væri 72 mg/g.

Samkvæmt gengisskráningu í júní 1986 var verðmæti gjaldeyris þess, er lagt var hald á í íbúð ákærða, 254.466,59 íslenskar krónur.

Rétt þykir á þessu stigi að gera grein fyrir rekstri málsins fram að því, að núverandi dómari var skipaður setudómari í málinu þann 15. maí sl. Ríkissaksóknara bárust rannsóknargögn þann 7. september 1987, og var ákæra síðan gefin út þann 15. október 1987. Ákæran var birt ákærða, Sverri Þór, þann 15. febrúar sl., og ákærðu, Þuríði Björgu, þann 19. febrúar sl. Í þinghaldi þann 13. mars sl. kom fram krafa frá skipuðum verjanda ákærðu, Páli Arnóri Pálssyni hrl., um, að þáverandi dómari viki sæti í málinu. Með úrskurði, dagsettum 16. mars sl., hafnaði Ásgeir Friðjónsson, sakadómari í ávana- og fíkniefnamálum, þessari kröfu verjandans. Úrskurði þessum var skotið til Hæstaréttar Íslands, og með dómi, uppkveðnum þann 2. apríl sl., komst dómurinn að þeirri niðurstöðu, að Ásgeiri Friðjónssyni bæri að víkja sæti í máli þessu.

Núverandi dómari var síðan skipaður setudómari með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dagsettu þann 15. maí sl., og fékk dómarinn málið í hendur þann 17. maí sl. og hafði engin afskipti haft að því fram að þeim tíma.

Með dómi sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum, uppkveðnum þann 15. júlí 1986, var Wilhelm Ludwig Alberti dæmdur í 6 mánaða fangelsi fyrir innflutning á áðurgreindum tæpum 3 kg af hassi, sem jafnframt var gert upptækt til eyðingar. Í dóminum er ekki minnst á upphaflega handtöku mannsins á Keflavíkurflugvelli, heldur byggt á því, að hann hafi þegar afhent ákærða, Sverri, fíkniefnin, en þeir voru handteknir á Hótel Loftleiðum.

Mál þetta var þingfest þann 5. júní sl., og komu ákærðu þá fyrir dóm. Af hálfu ákæruvaldsins var því lýst yfir, að ekki yrði mætt í málinu.

Ákærði, Sverrir Þór, skýrði svo frá, að Guðrún Helga Svansdóttir hefði snúið sér til sín og sagst ætla að flytja hass til Íslands, og hefði hún beðið ákærða að taka við manni, sem átti að koma hassinu til landsins. Ákærði kvaðst hafa átt að koma manninum í gistingu og kynna hann fyrir fíkniefnasölum. Ákærði taldi, að hann hefði átt að fá a.m.k. 100.000 kr. fyrir

þetta. Ákærði kvaðst ekki hafa vitað, hversu mikið hass átti að flytja til landsins, en minnti, að Guðrún Helga hefði talað um 700 grömm. Ákærði kvað ekki hafa verið rætt um, hvernig maðurinn hefði samband við sig, en Guðrún Helga hafði símanúmer ákærða. Að sögn ákærða hringdi maður nokkur í hann, sagðist vera með bækur til ákærða og bað hann að sækja þær að Hótel Loftleiðum. Kvaðst ákærði hafa farið, og kvaðst hann hafa verið handtekinn þar, eftir að maðurinn hafði kastað tösku í hann. Hafi maðurinn sagt: „Sé þig á morgun", og síðan hafi hann farið aftur inn í lyftuna. Kvaðst ákærði hafa verið dreginn út fyrir, og skömmu síðar kvaðst hann hafa séð lögreglumennina koma út með mann spriklandi á milli sín, og virtist ákærða vera um leikaraskap að ræða. Ákærði kvaðst ekki hafa vitað, hvað var í töskunni, enda taldi hann, að maðurinn hefði límt hassið inn á sig, eins og Guðrún Helga hafði sagt, að hann myndi gera. Ákærði gaf þá skýringu á gjaldeyri, sem fannst heima hjá honum, að hann hefði ætlað að aðstoða fíkniefnasalana við að greiða manninum gjaldeyri, ef þeir þyrftu á því að halda, þ.e.a.s. aðstoða þá við að skipta íslenskum krónum í gjaldeyri. Kvað ákærði, að um 300.000 krónur hefði verið að ræða, eign ákærða og meðákærðu, Þuríðar, en þetta var fé, sem átti að renna til greiðslu af íbúð, en ákærða kvað sig hafa vantað 100.000 kr. til að eiga fyrir greiðslu.

Ákærði kvaðst síðar hafa komist að því, að maðurinn var handtekinn á Keflavíkurflugvelli, og þar hefði hassið fundist á honum. Kvað ákærði, að samið hefði verið við manninn um að leggja gildru fyrir ákærða og þannig koma meiri sök á ákærða en hann raunverulega átti. Ákærði kvaðst hafa verið látinn standa í þeirri trú, meðan hann sætti gæsluvarðhaldi, að maðurinn hefði fyrst verið handtekinn á Hótel Loftleiðum.

Ákærða, Þuríður Björg, skýrði svo frá fyrir dóminum, að hún hefði enga hugmynd haft um fyrirhugaðan innflutning á hassi til landsins. Kvað ákærða, að hún og meðákærði hefðu um þessar mundir verið skilin lögskilnaði, en þau væru í hjúskap nú. Ákærða kvaðst hafa komið í íbúðina að Hjarðarhaga um kvöldið og kvaðst þá hafa séð gjaldeyri, sem meðákærði var með í höndunum. Kvaðst ákærða einskis hafa spurt og ekki haft hugmynd um, til hvers nota átti gjaldeyrinn. Ákærða neitaði því að hafa lagt fram fé til hasskaupa, og kvað hún framburð sinn hjá lögreglu hafa verið fenginn með þvingunum, sem hefðu verið í því fólgnar, að henni var sagt, að búið væri að úrskurða hana í 10 daga gæsluvarðhald, og jafnframt var henni tjáð, að hún ætti á hættu, að rúmlega ársgamall sonur hennar yrði settur á vistunarheimilið að Dalbraut. Kvað ákærða Jóhannes Viggósson lögreglumann hafa tjáð sér þetta, og hefði hann sagt ákærðu, að henni væri best að segja það, sem þeir vildu heyra. Kvað ákærða, að það, sem eftir henni var haft í lögregluskýrslum, væri ekki frá henni komið

að öðru leyti en því, að Guðrún Helga Svansdóttir hefði þrívegis hringt og beðið ákærðu fyrir skilaboð til meðákærða, en ákærða tengdi skilaboðin ekki við fíkniefnaviðskipti. Kvaðst ákærða hafa við yfirheyrslu hjá lögreglunni óskað eftir aðstoð réttargæslumanns, en henni hefði verið tjáð, að ekki næðist í neinn lögmann, og kvaðst ákærða þá hafa látið það gott heita og gefið skýrslu í samræmi við það, sem lögreglan vildi heyra. Kvað ákærða skýrsluna byggða á ágiskunum lögreglumannsins, sem ákærða kvaðst síðan hafa jánkað. Ákærða kvaðst ekki hafa vitað, að meðákærði keypti gjaldeyri, en ákærða kvað meðákærða hafa tekið peningana úr sameiginlegum sjóði þeirra, sem átti að renna til greiðslu á íbúð.

Vitnið Sigurður Albertsson tollfulltrúi, kt. 301134-2319, kom fyrir dóm þann 8. júní sl. Vitnið mundi ekki sérstaklega eftir málinu, en staðfesti undirskrift sína undir skýrslu tollgæslunnar á Keflavíkurflugvelli. Vitnið kvað fíkniefnalögregluna taka fíkniefni með sér til Reykjavíkur, þegar lagt er hald á þau.

Vitnið Eiríkur Beck lögreglumaður, kt. 111151-3429, kom fyrir dóm sama dag. Vitnið kvaðst hafa verið á Keflavíkurflugvelli, þegar Alberti var handtekinn þar með hass. Kvað vitnið, að eftir handtöku hans hefði verið ákveðið, að Alberti héldi málinu áfram eins og hann hafði ákveðið. Vitnið kvaðst ekki hafa verið viðstatt í leitarklefanum. Kvaðst vitnið hafa fengið fyrirskipun um að fylgja Alberti eftir, og hefði hann bókað sig inn að Hótel Loftleiðum. Hefði Alberti hringt í ákærða og sagt honum á ensku, að hann væri kominn til landsins, og talaði eitthvað um bækur. Vitnið kvaðst hafa hlustað á símtalið, og hefði ákærði sagst koma strax. Stuttu síðar hefðu þeir fylgt Alberti niður, þar sem þeir ákærði mættust. Vitnið kvaðst ekki hafa heyrt, hvað þeim fór á milli, en vitnið kvað Alberti hafa rétt ákærða töskuna. Hefði ákærði tekið hiklaust við henni. Að sögn vitnisins sneri Alberti frá ákærða, og var hann handjárnaður, svo og var ákærði handtekinn, er hann var á leiðinni út. Vitnið kvað Alberti hafa látið eins og verið væri að handtaka hann í fyrsta sinn þarna, og hefði hann veitt málamyndamótspyrnu. Vitnið kvað efnið hafa verið í brúnni tösku, sem í var falskur botn. Vitnið kvað ótrúlegt, að tekin hefði verið skýrsla af Alberti, áður en hann var handtekinn á Hótel Loftleiðum. Vitnið kvað Alberti hafa haft í fórum sínum miða, sem á stóð símanúmer og nafnið Sverrir. Vitnið gat ekki svarað því, hvort gerður var samningur við Alberti um, að hann slyppi betur gegn samstarfi. Vitnið gat ekki svarað því, hvort svo hefði virst sem Alberti og ákærði þekktust, er þeir mættust á Hótel Loftleiðum, en vitnið taldi, að ákærði hefði átt að þekkja Alberti á töskunni. Vitnið taldi ótrúlegt, að það hefði einhvern tíma á gæsluvarðhaldstímanum sagt ákærða, hve mikið efni var í töskunni. Vitnið vissi ekki, hvers vegna ákærða var ekki sagt frá handtöku Albertis á Keflavíkurflugvelli, en vitnið vissi, að

ákærði var leyndur þessu. Kvað vitnið skýringuna vera þá, að þetta hefði verið gert vegna ótta Albertis um hefndaraðgerðir.

Vitnið Ólafur Guðmundsson rannsóknarlögreglumaður, kt. 050747-4339, kom fyrir dóm sama dag. Vitnið mundi ekki eftir málinu í smáatriðum.

Vitnið Benedikt Lund lögregluvarðstjóri, kt. 040352-2959, kom fyrir dóm sama dag. Vitnið kvaðst hafa verið fyrir utan Hótel Loftleiðir og jafnframt unnið að skyggingum fyrir handtökuna. Þá kvaðst vitnið hafa framkvæmt húsleit á heimili ákærða, þar sem meðal annars hefði fundist gjaldeyrir í tösku undir rúmi. Vitnið kvaðst hafa flutt Alberti inn í Síðumúlafangelsi morguninn eftir, en engin afskipti haft af yfirheyrslum.

Vitnið Einar Þorsteinn Einarsson nemi, kt. 311257-6929, kom fyrir dóm sama dag. Vitnið er bróðir ákærða, Sverris, en skoraðist ekki undan vitnisburði. Vitnið tók fram, að í fyrri framburði þess hefði það verið að vernda bróður sinn. Kvaðst vitnið undanfarið hafa fengið hótanir frá bróður sínum um, að sendir yrðu menn til höfuðs vitninu, og myndu þeir beita það líkamsmeiðingum. Vitnið kvað Guðrúnu Helgu Svansdóttur hafa snúið sér til vitnisins og viljað ræða innflutning á fíkniefnum. Vitnið kvaðst hafa tjáð henni, að hún ætti að vita, hvert hún ætti að leita, og kvað vitnið hana hafa leitað til Sverris. Kvaðst vitnið hafa farið til Amsterdam ásamt bróður sínum, og hefði tilgangurinn verið sá, að ákærði ætlaði að ræða við Guðrúnu Helgu um fíkniefnainnflutning, en vitnið kvaðst ekki hafa verið viðstatt þær viðræður. Vitnið varð ekki vart við, að ákærði ræddi við útlendinga um innflutninginn. Vitnið vissi ekki, hvað stóð til að flytja mikið hass inn. Þá vissi vitnið ekki, hvenær sendingin átti að koma né hver kæmi með hana. Vitnið var ekki heima, þegar ákærði fór að ná í sendinguna. Aðspurt, hvort vitnið hefði krafið ákærða um peningagreiðslu fyrir vitnisburðinn, sagði vitnið, að það hefði spurt ákærða, hvort hann vildi rétta hlut vitnisins vegna skemmda á bifreið þess af hálfu ákærða, en vitnið taldi ákærða skulda sér 100.000 kr. vegna þessa. Kvað vitnið, að hefði ákærði samþykkt þetta, hefði vitnið íhugað að halda við fyrri framburð hjá lögreglu. Vitnið kvað ákærða hafa svarað því þannig, að þetta væri tilraun til fjárkúgunar, og kvað vitnið ákærða hafa hótað að koma vitninu í fangelsi. Ákærði kvað vitnið hafa komið með Guðrúnu Helgu og kynnt hana fyrir sér. Vitnið kvað þetta ekki rétt. Í þinghaldinu kom fram, að gífurleg óvild er milli þeirra bræðra.

Sama dag kom fyrir dóminn Guðrún Helga Svansdóttir, 300862-5869. Gætt var ákvæða 2. mgr. 77. gr. laga nr. 74/1974, en mætta er ákærð með sérstakri ákæru í tengslum við þetta mál. Mætta neitaði allri vitneskju um mál þetta. Borin var undir mættu skýrsla, er hún gaf hjá lögreglu þann 28.7. 1987, svo og samprófun, sem fram fór daginn eftir. Var henni bent á misræmi í framburði fyrir dómi og í lögregluskýrslu. Tók mætta fram,

að hún minntist ekki þeirra atriða, er um gat í lögregluskýrslunni um tengsl hennar við ákærða og það, að Alberti hafi beðið sig að hringja til ákærða.

Vitnið Arnar Jensson lögreglufulltrúi, kt. 041255-3749, kom fyrir dóm þann 13. júní sl. Vitnið kvaðst hafa verið í fríi, er umrætt mál kom upp, en Reynir Kjartansson hefði verið staðgengill vitnisins. Kvað vitnið, að ákveðið hefði verið, eftir að Alberti hafði verið handtekinn á Keflavíkurflugvelli, að láta málið fara í þann farveg, sem það ella hefði farið í, og þannig láta efnið komast í hendur endanlegs viðtakanda. Kvaðst vitnið hafa frétt af því, að þetta hefði verið ákveðið af þeim Reyni og Arngrími Ísberg, þáverandi deildarstjóra hjá lögreglustjóraembættinu í Reykjavík. Vitnið kvað engar vinnureglur til hér á landi um slíka aðferð, en tók fram, að þeir hefðu kynnt sér reglur frá Noregi og Danmörku, og hefðu vinnuaðferðir lögreglumanna þar verið hafðar til hliðsjónar. Vitnið tók fram, að vinnureglur þessar eiga við um leið efnisins til viðtakanda, en ekki það atriði að leyna ákærða upplýsingum um upphaflega handtöku sendimannsins. Vitnið mundi eftir því, að ákærði, Sverrir, kom til vitnisins, eftir að hann losnaði úr gæsluvarðhaldi, og skýrði frá því, að hann hefði komist að handtöku Albertis á Keflavíkurflugvelli.

Sama dag kom fyrir dóminn sem vitni Jóhannes Viggósson rannsóknarlögreglumaður, kt. 290654-3279. Vitnið kvaðst hafa handtekið ákærða, Sverri, á Hótel Loftleiðum. Vitnið kvaðst hafa elt ákærða á bifreið frá heimili hans að Hótel Loftleiðum. Vitnið kvað ákærða hafa tekið við töskú af Þjóðverjanum, en ekki mundi vitnið, hvort verið gæti, að töskunni hefði verið hent í ákærða. Vitnið fylgdist ekki með handtöku Þjóðverjans. Vitnið kvað ákærða hafa gengið á milli manna í anddyrinu, og virtist hann leita að manni. Vitnið mundi ekki, hvort það vissi þá um handtöku Albertis á Keflavíkurflugvelli. Vitnið kannaðist ekki við að hafa við yfirheyrslur yfir ákærðu, Þuríði, hótað henni gæsluvarðhaldi. Þá kannaðist vitnið ekki við að hafa hótað henni, að barn hennar yrði tekið af henni. Vitnið mundi ekki nánar um framburð ákærðu að öðru leyti en því, að það tók orðrétta skýrslu af henni, og kvað vitnið þar vera um sjálfstæðan framburð hennar að ræða. Vitnið mundi ekki, hvort það reyndi að ná í réttargæslumann fyrir ákærðu, en tók fram, að hefði svo verið, hefði það verið bókað.

Vitnið Reynir Kjartansson rannsóknarlögreglumaður, kt. 230438-2189, kom fyrir dóm sama dag. Vitnið kvaðst hafa verið staðgengill Arnars Jenssonar og kvaðst hafa stjórnað rannsókn málsins frá lögreglustöðinni. Vitnið kvað lögreglumenn hafa haft samband við sig frá Keflavíkurflugvelli, þar sem þeir höfðu handtekið Þjóðverja með fíkniefni. Kvað vitnið, að sér hefði verið tjáð, að maðurinn væri tilbúinn að halda málinu áfram og afhenda efnið, eins og upphaflega hafði verið ákveðið. Vitnið minnti, að það hefði haft samband við Arngrím Ísberg, og hefði þá verið ákveðið

að láta manninn fara í bæinn og fylgja honum eftir. Vitnið kvaðst eftir þetta lítil afskipti hafa haft af rannsókn málsins, enda kvaðst það hafa farið til útlanda morguninn eftir. Vitnið mundi ekki, hver tók við stjórn rannsóknarinnar. Vitnið kvað öruggt, að ekki hefði verið tekin skýrsla af Þjóðverjanum fram að handtöku á Hótel Loftleiðum. Vitnið kvað ekkert samkomulag hafa verið gert við Þjóðverjann. Vitnið vissi ekki skýringu þess, að ákærði var leyndur handtöku Þjóðverjans á Keflavíkurflugvelli. Vitnið kvaðst ekki hafa verið viðstatt, þegar mennirnir komu fyrir dóm. Ekki mundi vitnið, hvort það fór fram á húsleitarúrskurð. Vitninu var bent á, að það vottaði skýrslu, sem tekin var af ákærða, Sverri, þann 24. júní 1986. Vitnið kvað sig misminna eitthvað um brottför sína til útlanda. Þá var vitninu bent á, að það gerði kröfu fyrir dómi um húsleitir og gæsluvarðhald á hendur ákærða, Sverri, og Þjóðverjanum. Vitnið kvað ekkert frekar rifjast upp fyrir sér í þessu sambandi.

Sama dag kom fyrir dóm sem vitni Jón Friðrik Bjartmarz aðalvarðstjóri, kt. 270857-3259. Vitnið kvaðst hafa verið viðstatt leit á útlendingi á Keflavíkurflugvelli, og hefði hann verið með hass í fórum sínum, annars vegar límt innan á sig og hins vegar í tösku. Minnti vitnið, að áður hefði verið ákveðið að láta manninn halda áfram og afhenda efnið, en vitnið kvaðst hafa haft símasamband við Reyni Kjartansson og fengið fyrirmæli frá honum um að fylgja manninum í bæinn og missa ekki sjónar af honum. Vitnið kvað manninn hafa farið á Hótel Loftleiðir, og hefði hann verið með miða í fórum sínum, sem á stóð nafnið Sverrir og símanúmer. Vitnið kvaðst hafa verið viðstatt, þegar útlendingurinn hringdi í ákærða, og mæltu þeir sér mót. Kvað vitnið þá hafa hist í anddyrinu. Hefðu þeir ræðst þar við og maðurinn rétt ákærða töskuna, en hann hefði ekki hent töskunni í ákærða. Kvaðst vitnið hafa handtekið útlendinginn, og var látið líta svo út sem verið væri að handtaka hann þarna í fyrsta skipti. Kvað vitnið manninn hafa lýst yfir ótta sínum við hefndaraðgerðir. Vitnið kannaðist ekki við, að gerður hefði verið samningur við manninn um, að hann slyppi betur gegn samstarfi. Vitnið kvað manninn aldrei hafa nafngreint sendanda efnisins né við hverja hann væri hræddur. Vitnið kvað ljóst, að maðurinn hefði aldrei hitt ákærða, Sverri, áður. Kvað vitnið ástæðu þess, að ákærði var leyndur upphaflegu handtökunni, hafa verið þá, að reynt var að koma til móts við ósk útlendingsins um leynd. Kvaðst vitnið ekki geta sagt um það, hversu lengi átti að leyna ákærða þessu, en það hefði ekki átt að vera til eilífðar.

Sama dag kom fyrir dóminn sem vitni Óskar Kristjánsson rannsóknarlögreglumaður, kt. 180348-4099. Vitnið kvaðst hafa verið fyrir utan Hótel Loftleiðir og handtekið ákærða, þegar hann kom út. Vitnið sá ekki, þegar ákærða var afhent taskan, en ákærði sleppti töskunni, þegar hann kom

út, og spurði, hvað væri að. Vitnið vissi ekki til þess, að ákærði var leyndur upphaflegu handtöku Þjóðverjans. Aðspurt neitaði vitnið því að hafa skrifað orðið „dóp" á vegg fangelsisklefa ákærða. Vitnið kvað, að verið gæti, að það hefði vottað einhverjar skýrslur, sem teknar voru í málinu.

Þann 29. júní sl. kom fyrir dóm sem vitni Hákon Birgir Sigurjónsson rannsóknarlögreglumaður, kt. 110251-4599. Vitnið kvaðst hafa fylgst með ákærða á heimili hans á Hjarðarhaganum. Þá kvaðst vitnið hafa beðið fyrir utan Hótel Loftleiðir og handtekið ákærða, er hann kom út. Vitnið sá ekki, hvað fram fór innan dyra. Vitnið kvað ákærða hafa haft tösku meðferðis, og var hass í henni. Vitnið kvaðst hafa annast innfærslu á munaskrá og efnisskrá, húsleit á Hjarðarhaganum og ljósmyndun sakargagna. Kvað vitnið ljósmyndir af tösku og innihaldi hennar teknar, eftir að taskan var tekin úr fórum ákærða. Vitnið vissi ekki til þess, að taskan hefði verið skoðuð áður eða myndir teknar af henni.

Þann 6. júlí sl. kom fyrir dóminn sem vitni Bjarni Guðmundsson lögreglumaður, kt. 150555-4509. Vitnið kvaðst hafa tekið þátt í skyggingum í máli þessu, m.a. að Hjarðarhaga. Kvaðst vitnið hafa farið að Hótel Loftleiðum og kvaðst þar hafa séð mann afhenda ákærða tösku. Vitnið mundi ekki, hvort töskunni var hent í ákærða. Vitnið kvað, að ákærði og maðurinn hefðu verið handteknir, en vitnið tók ekki þátt í þeirri handtöku. Vitnið kvaðst ekki hafa haft önnur afskipti af máli þessu eftir þetta en þau, að það var viðstatt dómsyfirheyrslu yfir Þjóðverjanum, en vitnið mundi ekki nánar eftir þessari yfirheyrslu. Vitnið vissi ekki, að Þjóðverjinn hafði verið handtekinn áður.

Niðurstöður.

Í máli þessu er upplýst, að ákærði, Sverrir, átti von á manni frá útlöndum með fíkniefni, og átti ákærði að koma honum í samband við fíkniefnasala. Rannsókn lögreglu leiðir síðan til þess, að útlendingurinn er handtekinn á Keflavíkurflugvelli með tæp 3 kg af hassi í fórum sínum. Virðist útlendingurinn gangast inn á það að vera tálbeita fyrir lögregluna, og leiðir það til handtöku ákærða, Sverris, er hann tekur við tösku af útlendingnum, sem umrætt hass var í. Ákærði er síðan leyndur upphaflegri handtöku útlendingsins á Keflavíkurflugvelli, og kemst hann að því síðar fyrir tilviljun, að því er virðist. Þar sem hér var um verulegt magn fíkniefna að ræða, verður að telja, að lögreglunni hafi verið heimilt að nota tálbeitu í þessu tilviki, en hins vegar verður að telja, að gera hefði átt ákærða ljóst eftir handtöku hans, hvernig í pottinn var búið. Það er hins vegar ekki gert, og bera rannsóknargögn með sér, að þessu atriði hafi átt að halda leyndu til frambúðar.

Þegar litið er til þess, hvernig að rannsókn máls þessa var staðið og

ákærðu leynd því, að tálbeita hafði verið notuð, verður ekki talið fært að byggja á framburði ákærðu fyrir lögreglu. Verður því, eins og hér stendur á, að byggja á framburði ákærðu hér fyrir dómi.

Ákærði, Sverrir, hefur viðurkennt að hafa ætlað að eiga milligöngu um fíkniefnaviðskipti hér á landi í ágóðaskyni, en ekki verður talið sannað, að ákærði hafi átt von á meira en 700 gr. af hassi. Er framangreint brot ákærða rétt fært til refsiákvæða í ákæruskjali.

Hins vegar verður ekki talið sannað, að meðákærðu, Þuríði, hafi verið kunnugt um áform ákærða, og verður hún því sýknuð af refsikröfu ákæruvaldsins í máli þessu.

Samkvæmt sakavottorði ákærða, Sverris, hefur hann sætt refsingum sem hér segir:

1981 26/3 Fíkniefnadómur. Nr. 1410. Sátt: 1.400 kr. sekt f. brot g. l. nr. 65, 1974, um áv. og fíkn. og rg. nr. 390, 1974.

1982 28/7 Sakadómur Rvík. Nr. 2080. Sátt: 3.000 kr. sekt f. brot g. 50. gr. umfl. Sviptur ökul. 1 mán. frá 14/7 '82.

1984 16/4 Sakadómur Rvík. Nr. 1609. Sátt: 10.000 kr. sekt f. brot g. 1. og 7. gr., 3. mgr. 16. gr. og 18. gr. áfl., 2., sbr. 4. gr. og 5. gr. og l. nr. 65, 1974, um áv. og fíkn., rg. nr. 16, 1978, og l. um skotv. og sprengiefni nr. 46, 1977.

1984 12/12 Sakadómur Rvík. Nr. 612. Dómur: Ákvörðun refsingar frestað, skb. 2 ár, f. brot g. 244. gr. alm. hgl.

1989 3/3 Sakadómur Rvík. Nr. 86. Dómur: Fangelsi 2 mán., skb. 2 ár, f. brot g. 254. gr. alm. hgl.

Brot ákærða, sem hér er fjallað um, er framið, áður en síðastgreindur dómur gekk. Ber því samkvæmt 60. gr. almennra hegningarlaga að taka þann dóm upp og ákveða refsingu eftir reglum 77. gr. og 78. gr. almennra hegningarlaga.

Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði, en fresta þykir mega fullnustu 2 mánaða af refsivistinni, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga. Þá ber að draga frá refsivistinni með fullri dagatölu 10 daga gæsluvarðhald, er ákærði sætti í þágu rannsóknar málsins.

Í ákæruskjali er gerð krafa um upptöku á gjaldeyri, sem lagt var hald á við rannsókn málsins. Ákærði hefur gefið þá skýringu á gjaldeyri þessum, að hann hafi ætlað að aðstoða væntanlega fíkniefnasala við að greiða manninum í gjaldeyri, ef þeir þyrftu á því að halda. Hefur ákærði þannig lýst yfir þeirri fyrirætlan sinni, að gjaldeyririnn yrði notaður sem greiðsla fyrir fíkniefni. Ber því með vísan til 2. tl. 1. mgr. 69. gr. almennra hegningarlaga að fallast á kröfu ákæruvaldsins um upptöku á framangreindum

gjaldeyri, og þykir í því sambandi ekki skipta máli, að féð til gjaldeyriskaupanna rann úr sameiginlegum sjóði ákærðu.

Dæma ber ákærða, Sverri, til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun Páls Arnórs Pálssonar hrl., skipaðs verjanda síns, kr. 150.000, að 4/5 hlutum, en 1/5 hluti málsvarnarlaunanna greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Ákærði, Sverrir Þór Einarsson, sæti fangelsi í 3 mánuði, en fresta skal fullnustu 2 mánaða af refsivistinni, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Frá refsingunni skal draga 10 daga gæsluvarðhald, er ákærði sætti í þágu rannsóknar málsins.

Ákærða, Þuríður Björg Birgisdóttir, skal vera sýkn af refsikröfu ákæruvaldsins í máli þessu.

Upptækur er gerður til ríkissjóðs erlendur gjaldeyrir, sem lagt var hald á, svo sem hér segir:

5.061 bandarískur dalur, 7.850 danskar krónur, 250 sænskar krónur og 60 ensk pund.

Ákærði, Sverrir, greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun Páls Arnórs Pálssonar hrl., skipaðs verjanda síns, kr. 150.000, að 4/5 hlutum, en 1/5 hluti málsvarnarlauna vegna ákærðu, Þuríðar, greiðist úr ríkissjóði.

Föstudaginn 1. mars 1991.

Nr. 179/1990. **Gísli Jón Höskuldsson**
gegn
Húsasmiðjunni hf.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Gísli Jón Höskuldsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 2.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Einnig greiði áfrýjandi stefnda, Húsasmiðjunni hf., sem sótt hefur dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, 12.000 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum

---

Föstudaginn 1. mars 1991.

Nr. 256/1990. **Ólafur Þorsteinsson og Co. hf.**
gegn
Árna Sigurðssyni persónulega
og f.h. Vestfirska fréttablaðsins.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ólafur Þorsteinsson og Co. hf., er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 2.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Einnig greiði áfrýjandi stefnda, Árna Sigurðssyni persónulega og f.h. Vestfirska fréttablaðsins, sem sótt hefur dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, 9.000 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 1. mars 1991.

Nr. 22/1991. **Sigurgeir Sigurðsson persónulega og f.h. Huldulands hf.**

gegn

Almennu verkþjónustunni hf.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Sigurgeir Sigurðsson persónulega og f.h. Huldulands hf., er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 2.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Föstudaginn 1. mars 1991.

Nr. 55/1991. **Birgir Hermannsson**

gegn

Magnúsi I. Jónassyni og Önnu Maríu Magnúsdóttur f.h. Reimaþjónustunnar sf.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Birgir Hermannsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 2.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Föstudaginn 1. mars 1991.

Nr. 394/1990. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Einari Einarssyni.
(Brynjólfur Kjartansson hrl.).

Bifreiðar. Umferðarlög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir og **Bjarni K. Bjarnason og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.**

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. mars 1990 að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákæruvalds til þyngingar á refsingu, og er krafist „staðfestingar hins áfrýjaða dóms að niðurstöðu til, þó þannig, að refsing ákærða verði þyngd".

Ákærði krefst sýknu af kröfum ákæruvalds.

Samkvæmt 3. gr. auglýsingar um hámarkshraða á þjóðvegum nr. 250/1987 var á þeim tíma, sem hér um ræðir, heimilaður hámarkshraði 60 km miðað við klukkustund á Hafnarfjarðarvegi, þar sem mældur var ökuhraði bifreiðar ákærða. Auglýsing þessi átti stoð í 4. mgr. 50. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. nú 3. mgr. 37. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Dæma ber ákærða til að greiða áfrýjunarkostnað málsins, svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Einar Einarsson, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Brynjólfs Kjartanssonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 16. febrúar 1990.

Ár 1990, föstudaginn 16. febrúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Júlíusi B. Georgssyni aðalfulltrúa, kveðinn

upp dómur í sakadómsmálinu nr. 99/1990: Ákæruvaldið gegn Einari Einarssyni, sem tekið var til dóms hinn 9. þ.m.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 30. mars 1989, á hendur Einari Einarssyni, Flúðaseli 40, Reykjavík, fæddum 28. apríl 1955 í Reykjavík, ,,fyrir að aka aðfaranótt sunnudagsins 7. ágúst 1988 bifreiðinni R-5193 suður Hafnarfjarðarveg í Garðakaupstað með allt að 104 kílómetra hraða miðað við klukkustund eftir vegarkafla í Engidal.

Telst þetta varða við 1. mgr. 37. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Málavextir.

Aðfaranótt sunnudagsins 7. ágúst 1988 um kl. 3.30 ók ákærði bifreiðinni R-5193 suður Hafnarfjarðarveg. Á vegarkafla í Engidal í Garðakaupstað mældu lögreglumenn í lögreglubifreiðinni G-10005, sem ekið var úr gagnstæðri átt, hraða bifreiðarinnar með ratsjá í lögreglubifreiðinni. Reyndist hraði bifreiðarinnar R-5193 samkvæmt ratsjármælingunni 104 km m.v. klst. Lögreglumennirnir stöðvuðu síðan akstur ákærða á Reykjavíkurvegi í Hafnarfirði. Á Hafnarfjarðarvegi, þar sem mæling fór fram, er heimilaður hámarkshraði 60 km m.v. klukkustund.

Hinn 14. febrúar 1989 var ákærða í sakadómi Reykjavíkur boðið að ljúka málinu með dómsátt, en því hafnaði hann.

Fyrir dómi skýrði ákærði svo frá, að aðfaranótt sunnudagsins 7. ágúst 1988 hefði hann ekið bifreiðinni R-5193 suður Hafnarfjarðarveg í Garðakaupstað. Hefði hraði bifreiðarinnar verið einhvers staðar á bilinu 60 - 80 km m.v. klukkustund. Töluverð umferð hefði verið um veginn í báðar áttir á þeim stað, sem lögreglan var við hraðamælingar, og í því sambandi mætti geta þess, að skömmu áður en lögreglan stöðvaði akstur hans, hefði bifreið verið ekið fram úr bifreið hans, svo að hraðamæling lögreglunnar hefði vel getað átt við þá bifreið.

Ákærði sagði, að í bifreiðinni hefði verið farþegi, sem hann hefði verið að aka frá Reykjavík til Hafnarfjarðar. Eftir að lögreglumennirnir höfðu rætt við hann, hefði hann fengið að halda áfram ferð sinni til Hafnarfjarðar. Hefði hann þá sagt farþeganum, að hann væri kærður fyrir að hafa ekið með 104 km hraða m.v. klukkustund. Hefði farþeginn þá sagt, að það gæti ekki staðist, að hraðinn hefði verið svo mikill.

Ákærði kvað lögregluna hafa stöðvað aksturinn á Reykjavíkurvegi skammt sunnan gatnamóta Hjallabrautar. Hefði hann ekki orðið var við lögreglubifreiðina fyrr en skömmu áður en hann stöðvaði (sic). Kvaðst

hann ekki muna, hvort honum var sýnd sú tala á skjá ratsjártækisins, sem hann var kærður fyrir. Hefði hann í viðræðum við lögreglumennina þrívegis mótmælt hinum kærða hraða.

Theódór Kristjánsson var einn þriggja lögreglumanna, sem voru í lögreglubifreiðinni G-10005 greint sinn. Hann hefur komið fyrir dóm til skýrslugjafar. Vitnið kvaðst ekki muna sérstaklega eftir málinu. Hann kvaðst þó geta sagt, að skýrsla sú, sem hann gerði um málið, væri gefin eftir bestu vitund og samvisku. Ef vafaatriði komi upp í málum af þessu tagi, sé kæru sleppt. Vitnið kvaðst álíta, að hann hefði setið í aftursæti lögreglubifreiðarinnar. Vitnið kvaðst muna, að með honum í þessu máli hefðu verið Gylfi Sigurðsson og Guðmundur A. Jónsson lögreglumenn. Þá kvaðst vitnið muna, að lögreglubifreiðinni var ekið í gagnstæða átt við bifreiðina, sem mæld var, og í framhaldi af mælingunni hefði lögreglubifreiðinni verið snúið við og bifreið ákærða veitt eftirför, en ekki gat hann fullyrt, hvar bifreiðin var stöðvuð, öðruvísi en þannig, að það hefði verið á Reykjavíkurveginum. Ratsjármælingin hefði hins vegar átt sér stað í Engidal.

Aðspurt kvað vitnið, að væntanlega hefði lögreglubifreiðin verið norðan við fyrirtækið Rafgeymasöluna og að bifreiðin, sem mæld var, hefði væntanlega verið norðan gatnamóta Álftanesvegar og Hafnarfjarðarvegar.

Vitnið kvað þá reglu viðhafða við ratsjármælingar, að ef aðrar bifreiðar væru í námunda, svo að einhver vafi gæti leikið á, við hvaða bifreið mælingin ætti, þá væri henni sleppt.

Vitnið Gylfi Sigurðsson lögreglumaður hefur komið fyrir dóminn til skýrslugjafar. Framburður hans var í öllum aðalatriðum á sama hátt og við lögregluransókn málsins. Hann kvað ratsjártækið hafa sýnt töluna 104 og verið stöðvað í þeirri stöðu. Lögreglubifreiðinni hefði verið snúið við á gatnamótum Reykjavíkurvegar og Álftanesvegar og bifreiðinni R-5193 síðan veitt eftirför og akstur hennar stöðvaður á Reykjavíkurvegi, áður en komið var að gatnamótum Hjallabrautar. Lögreglubifreiðin hefði verið sunnan gatnamóta Reykjavíkurvegar og Álftanesvegar, þegar mæling fór fram, en bifreiðin, sem ákærði ók, norðan þeirra, nánar tiltekið nokkru fyrir sunnan götuna Borgarás í Garðabæ.

Vitnið kvað stöðvunarmerki ekki hafa verið gefið fyrr en rétt eftir, að bifreiðarnar höfðu mæst, en það hefði nánast verið á fyrrnefndum gatnamótum. Kvaðst vitnið hafa verið ökumaður lögreglubifreiðarinnar greint sinn. Hann kvaðst hafa verið búinn að ljúka námskeiði í meðferð ratsjártækja, þegar atburðurinn átti sér stað.

Vitnið kvaðst ekki vera visst um, hvort það var Theódór eða Guðmundur A. Jónsson, sem sat í framsæti lögreglubifreiðarinnar, en sá lögreglumaður, sem þar sitji, stjórni ratsjártækinu. Ekki kvaðst vitnið muna, hvort ratsjár-

tækið var í gangi umrætt sinn eða hvort „skotið" hefði verið á bifreiðina, en vinnuregla sé sú að „skjóta".

Vitnið kvað lögreglubifreiðina hafa verið komna norður fyrir gatnamót Dalshrauns og Reykjavíkurvegar á móts við bílasölu, sem þar er á hægri hönd, þegar mæling fór fram.

Vitnið kvaðst vera þess fullvisst, að mælingin, sem gerð var, hefði átt við bifreið ákærða. Talan hefði, sem fyrr segir, verið læst í tækinu, en eftir að ákærði kom inn í lögreglubifreiðina, hefði honum ekki, að því er vitnið best mundi, sérstaklega verið sýnd talan á skjá ratsjárinnar. Þá sagði vitnið, að það hefði verið umferð um veginn, en þó ekki í næsta nágrenni bifreiðarinnar, þegar mæling fór fram.

Vitnið sagði, að þegar mæling fór fram, hefði lögreglubifreiðin verið á leið niður brekku, og hið sama hefði átt við um bifreið ákærða. Þá kvað vitnið umferðarljósin á gatnamótum Hafnarfjarðarvegar og Álftanesvegar hafa verið blikandi umrædda nótt.

Vitnið mundi, að ákærði var ekki sáttur við hraðamælinguna, en sagt, að hann væri ekki viss um, hve hratt hann ók.

Vitnið áleit fjarlægð milli bifreiðanna hafa verið 200 - 300 metra, þegar mæling fór fram.

Guðmundur Andrés Jónsson lögreglumaður hefur einnig komið fyrir dóminn til skýrslugjafar. Vitnið skýrði frá málavöxtum í sjálfstæðri frásögn á sama hátt í öllum aðalatriðum og hann gerði við lögregluranns6kn máls-ins. Með honum í lögreglubifreiðinni hafi verið Gylfi Sigurðsson, sem hafi ekið henni, og Theódór Kristjánsson. Kvaðst vitnið hafa setið við hlið ökumanns og stjórnað ratsjártækinu. Hefði lögreglubifreiðin verið á móts við Rafgeymasöluna við Dalshraun, þegar mæling fór fram, en bifreið ákærða verið að koma niður Engidal úr gagnstæðri átt, og þegar mæling var gerð, hefði henni verið ekið niður Hraunsholtshæð. Ekki kvaðst vitnið geta sagt til um, hve mikil fjarlægð var milli bifreiðanna, þegar mæling fór fram. Talan 104 hafi verið læst á skjá ratsjárinnar og ökumanni sýnd sú tala, eftir að hann hafði verið stöðvaður. Kvaðst vitnið ekki muna nákvæmlega, hvar á Reykjavíkurvegi ökumaður var stöðvaður, en ekki væri fjarri lagi að ætla, að það hefði verið nálægt gatnamótum Hjallabrautar. Lögreglu-bifreiðinni hefði hins vegar verið snúið við til eftirfararinnar á gatnamótum Reykjavíkurvegar og Álftanesvegar.

Vitnið kvaðst ekki muna eftir neinu sérstöku í sambandi við umferð annarra ökutækja, þegar umræddur akstur átti sér stað, en ekki vera í vafa um, að ratsjármælingin hefði átt við bifreið ákærða. Henni hefði sýnilega verið ekið hratt. Þá hefði ratsjártækið verið prófað bæði fyrir og eftir mælingu og reynst í fullkomnu lagi. Hefði hann á þessum tíma verið búinn að ljúka námskeiði í meðferð ratsjártækja.

Vitnið kvaðst ekki muna, hvort ratsjárgeislinn hefði verið stöðugt á eða hvort „skotið" hefði verið á bifreiðina.

Loks kvað vitnið lögreglubifreiðina hafa verið á leið niður brekku, þegar mæling fór fram, og hið sama ætti við um bifreið ákærða.

Dómarinn hefur gengið á vettvang og kannað aðstæður.

Niðurstaða.

Eins og nú hefur verið rakið, ber allmikið í milli í framburði ákærða annars vegar og lögreglumannanna hins vegar um hraða bifreiðarinnar R-5193, er henni var ekið suður Hafnarfjarðarveg í Engidal aðfaranótt 7. ágúst 1988. Raunar hefur ákærði ekki tilgreint hraða bifreiðarinnar nákvæmar en svo, að hann hafi verið 60 - 80 km m.v. klukkustund.

Þegar lagt er mat á framburð lögreglumannanna, má segja, að þar skipti í tvö horn. Annars vegar er framburður Theódórs Kristjánssonar, en hins vegar Gylfa Sigurðssonar og Guðmundar A. Jónssonar. Hvorki við lögregluranns6kn málsins né fyrir dómi gat Theódór greint frá málavöxtum í sjálfstæðri frásögn að neinu marki. Verður framburður hans af þeim sökum ekki lagður til grundvallar. Hinir tveir lögreglumennirnir greindu hins vegar frá málavöxtum í sjálfstæðri frásögn á sama hátt í öllum aðalatriðum og þeir gerðu við lögregluranns6kn málsins. Er framburður þeirra í veigamiklum atriðum samhljóða og ekkert það fram komið í málinu, sem veikir hann. Verður því að leggja hann til grundvallar í málinu.

Í hæstaréttardómi 1988, bls. 779, er reifuð skýrsla um úttekt ratsjártækja þeirra, sem lögreglan notar við hraðamælingar. Þar kemur m.a. fram, að frávik geti orðið í mælingu eftir því, hvort lögreglubifreið sé í kyrrstöðu eða á ferð, þegar mæling fer fram. Þannig sé frávikið í síðara tilvikinu ± 2 km/ klst. Svo sem fyrr er að vikið, var lögreglubifreiðinni ekið á móti bifreið ákærða, er mæling fór fram. Rétt þykir að meta þetta atriði ákærða í hag, sbr. 108. gr. laga nr. 74, 1974.

Með vísan til alls framanritaðs telst nægilega sannað með framburði vitnanna Gylfa Sigurðssonar og Guðmundar A. Jónssonar þrátt fyrir neitun ákærða, að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákæru, þó þannig, að hraði bifreiðarinnar R-5193 verður ekki talinn hafa verið meiri en 102 km/klst. Varðar brot ákærða við 1. mgr. 37. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt refsingum sem hér segir:

1981 28/9 Sakadómur Rvík. Nr. 2260. Sátt: 3.000 kr. sekt f. brot g. 25. gr. umfl. Sviptur ökul. 12 mán. frá 2.6. 81.

1982 22/9 Sakadómur Rvík. Nr. 2410. Sátt: 13.000 kr. sekt f. brot g. tollal. og 33. og 34. gr. áfl.

1988 22/11 Sakadómur Rvík. Nr. 2814. Sátt: 12.000 kr. sekt f. brot g. 36. og 37. gr. umfl.

Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga. Með hliðsjón af 78. gr. almennra hegningarlaga þykir hún hæfilega ákveðin 10.000 kr. sekt til ríkissjóðs. Ákveðst vararefsing sektarinnar 4 daga varðhald, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins.

Í ákæru er þess krafist, að ákærði verði sviptur ökuréttindum. Þótt því hafi í dóminum verið slegið föstu, að hann hafi ekið með allt að 42 km hraða m.v. klukkustund yfir leyfilegum hámarkshraða, þykja ekki alveg nægar ástæður fram komnar til að beita ökuleyfissviptingu.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sveins Skúlasonar héraðsdómslögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin kr. 30.000.

Dómsorð:

Ákærði, Einar Einarsson, greiði 10.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í fjóra daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins.

Kröfu ákæruvaldsins um, að ákærði skuli sviptur ökuréttindum, er hafnað.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sveins Skúlasonar héraðsdómslögmanns, kr. 30.000.

Föstudaginn 1. mars 1991.

Nr. 89/1991. **Ákæruvaldið**
gegn
Steingrími Njálssyni.

Kærumál. Munnlegur málflutningur. Gæsluvarðhald. Geðheilbrigðisrannsókn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason, Haraldur Henrysson, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 23. febrúar 1991. Krefst hann þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði ómerktur og málinu vísað í hérað að nýju til löglegrar málsmeðferðar. Til vara krefst hann þess, að kröfu ákæruvalds um gæsluvarðhald og geðheilbrigðisrannsókn verði hafnað. Til þrautavara er þess krafist, að gæsluvarðhaldstíminn verði styttur í fimm sólarhringa. Þá er krafist réttargæsluþóknunar og kærumálskostnaðar úr ríkissjóði.

Ríkissaksóknari krefst þess með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar og kröfugerðar ákæruvalds fyrir sakadómi Reykjavíkur, að úrskurðurinn verði staðfestur.

Mál þetta var flutt munnlega fyrir Hæstarétti.

I.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt, þar á meðal álitsgerð Högna Óskarssonar geðlæknis, dagsett 25. febrúar 1991. Þar segir meðal annars svo:

„Það er mat undirritaðs, að ekki sé þörf á að framkvæma formlega geðrannsókn á Steingrími Njálssyni að svo stöddu, og er því hér vísað annars vegar til geðrannsóknar, sem undirritaður framkvæmdi í apríl og maí á síðasta ári, og hins vegar til geðlæknisráðgjafar, sem framkvæmd var að beiðni Þórarins Gíslasonar fangelsislæknis þ. 22. þ.m.

Beðið var um ofangreinda geðlæknisráðgjöf af Þórarni og eins

fyrir tilstuðlan Sigurðar Árnasonar fangelsislæknis vegna skapofsakasta Steingríms og hótana.

Í samtölum við Sigurð Árnason lækni kom fram, að Steingrímur hafði haft í frammi hótanir við hann og sýnt af sér í viðtali mjög hömlulaust atferli. Eins var það mat Sigurðar, að Steingrímur hefði virkað (sic) æ spenntari og geðstirðari en áður í einhvern tíma.

Í samtölum við fangaverði hegningarhússins daginn, sem geðlæknisráðgjöfin fór fram, töldu þeir Steingrím hafa verið frekar viðmótsþýðan við fangaverði undanfarandi vikur.

Í viðtali við Steingrím, sem fram fór í hegningarhúsinu við Skólavörðustíg þ. 22. þ.m., kom eftirfarandi fram:

Steingrímur var rólegur í viðtalinu og kvaðst alls ekki kannast við ástæður samtals okkar. Tal hans var skýrt, hugsun í samhengi, án óeðlilegra rofa eða innskota. Raunveruleikatengsl voru innan eðlilegra marka, og ekki var að finna neinar haldvillur eða truflanir á skynjun. Hann afneitaði mjög ákveðið skapofsaköstum, gerði fyrst lítið úr eigin reiði, en réttlætti hana svo út frá erfiðum aðstæðum. Eins og svo oft áður þá kenndi hann öðrum um, hvernig fyrir sér væri komið, og neitaði, að hann hefði nokkur hefndaráform í huga.

Innsæi í eigin mál var lítið og dómgreind léleg, f.o.f. í málum, sem sneru að félagslegum högum hans og mannlegum samskiptum. Kom þetta m.a. vel fram, þegar framtíðaráform voru rædd við hann. Áberandi var nú eins og áður, hve afneitandi Steingrímur er á eigin vandamál, hve hann réttlætir eigin hegðun ákaft, jafnvel þegar hann sér, að öllum öðrum sé ljóst, að hann hafi gerst brotlegur. Hann forðast í lengstu lög að taka ábyrgð á eigin gerðum og virðist lítið læra af því, sem áður hefur gerst í hans lífi. Og þegar þörf og möguleikar á meðferð eru ræddir, þá á hann erfitt með að fjalla um þau mál út frá vandamálum sínum, heldur lítur hann á þannig (sic) umræðu sem tækifæri til að semja um stöðu sína.

Þegar ástand Steingríms er borið saman við andlegt ástand hans á s.l. ári, þegar geðrannsókn fór fram, er ekki um neinar meiri háttar breytingar að ræða á geðhögum hans. Það er ekki að finna nein merki um geðveiki á því stigi, að raunveruleikatengsl séu trufluð eða að hann sé haldinn haldvillum eða ofskynjunum, sem geti leitt hann til voðaverka. Og hann neitar staðfastlega því, að

hann hafi hótað nokkrum lífláti, hvað þá, að hann myndi fylgja slíkum hótunum eftir.

Sjúkdómsgreining Steingríms er því hin sama og á sl. vori:

1: Persónuleikatruflun með andfélagslegri hegðun (sociopathic personality disorder). Þetta er viðvarandi ástand og skýrir m.a. hegðun þá, sem leiddi til beiðni um geðlæknisráðgjöf.

2: Áfengissýki, sem getur orðið virk hvenær sem er.

3: Afbrigðileg kynhneigð (homosexual pedophilia). Engu er hægt að spá fyrir um, hvort þessi sjúkdómur taki sig upp aftur eða ekki.

Varðandi frekari útskýringar á ofangreindri sjúkdómsgreiningu vísast til geðrannsóknar undirritaðs frá 10. maí 1990. Og rétt er að taka fram, að þó svo að fátt bendi til þess nú, að Steingrímur sé líklegur til að brjóta af sér á næstunni, þá er ekki hægt að segja með neinni vissu *út frá geðlæknisfræðilegum forsendum,* að hann muni ekki brjóta af sér.

Rætt var við Steingrím um lyfjameðferð með andhormónum. En eins og áður hefur komið fram, þá dregur þannig (sic) meðferð úr kynhvöt, einnig afbrigðilegri kynhvöt, jafnframt því, sem hún dregur úr árásarhneigð. Steingrímur sýndi þessu máli nú ekki mikinn áhuga frekar en á sl. vori, en taldi sig þó geta sæst á þannig (sic) meðferð, ef það leysti sig undan gæsluvarðhaldi.

Varðandi þetta og önnur meðferðarúrræði þá vísast til fyrri geðrannsóknar.

Félagshagir Steingríms eru ákaflega bágbornir, og áætlanir hans um næstu framtíð eru mjög óraunhæfar. Það hlýtur að vera varhugavert að útskrifa hann úr fangelsi, án þess að nokkur úrræði liggi fyrir um íverustað, framfærslu og annan stuðning. En það mál hlýtur að vera í höndum Fangelsismálastofnunar og/eða Félagsmálastofnunar. En ljóst er, að verði ekkert raunhæft að gert, þá aukast líkur á ofdrykkju, sem aftur getur leitt til lögbrota fyrr heldur en seinna.

Ekki eru geðlæknisfræðilegar forsendur nú fyrir því að svipta hann sjálfræði."

Um framangreinda geðrannsókn læknisins vorið 1990 vísast til dóms sakadóms Reykjavíkur 11. júní 1990, sbr. dóm Hæstaréttar 16. nóvember sama ár.

II.

Aðalkrafa varnaraðila um ómerkingu hins kærða úrskurðar er byggð á því, að réttargæslumanni hans hafi við meðferð málsins í sakadómi Reykjavíkur 23. febrúar sl. verið synjað um munnlegan málflutning, annars vegar um kröfu hans um frávísun ákæru, sem gefin var út á hendur varnaraðila 22. sama mánaðar, og hins vegar um kröfur ákæruvaldsins um gæsluvarðhald og geðheilbrigðisrannsókn.

Svo sem fram kemur í endurriti ofangreinds þinghalds í sakadómi Reykjavíkur, var dómþing haldið til að taka fyrir kröfur ákæruvalds um gæsluvarðhald og geðheilbrigðisrannsókn. Var slík málsmeðferð heimil.

Réttargæslumaður varnaraðila var á dómþinginu. Gerði hann athugasemdir, sem bókaðar voru. Honum var hins vegar neitað um munnlegan málflutning um kröfur ákæruvaldsins. Dómaranum var rétt að verða við ósk réttargæslumannsins að þessu leyti, en eins og hér stendur á, eru ekki efni til að ómerkja meðferð málsins af þessum sökum.

III.

Kröfur ákæruvalds um gæsluvarðhald eru byggðar á 1., 5. og 6. tölulið 1. mgr. og 2. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974. Er jafnframt vísað til fyrrgreindrar ákæru á hendur varnaraðila, sem til meðferðar er í sakadómi Reykjavíkur, og einnig til vottorða fangelsislækna og skýrslu fangelsisprests, en gögn þessi eru rakin í hinum kærða úrskurði.

Upphaf 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 hljóðar svo: „Mann má því aðeins setja í gæsluvarðhald, að ástæða þyki til þess að ætla, að hann hafi gerst sekur um refsiverða hegðun.“ Síðan eru í málsgreininni talin upp í sex tölulíðum nánari skilyrði til beitingar gæsluvarðhalds. Varnaraðili er nú ekki grunaður um refsiverða hegðun. Skortir því lagaheimild til að beita ákvæðum 1. mgr. 67. gr. í máli þessu.

Í 2. mgr. 67. gr. ofangreindra laga segir: „Enn fremur má setja þann í varðhald, er heitast hefur við annan mann, ef það telst nauðsynlegt til að verja aðra fyrir árásum þess, er fyrir þeim sökum er hafður.“

Í máli þessu liggja fyrir, svo sem áður er að vikið, vottorð fangelsislækna og skýrsla fangelsisprests um heitingar varnaraðila gagnvart ótilteknum aðilum. Í vottorði eins læknisins er þó talað um „óbeinar hótanir" í hans garð, en engin kæra hefur verið lögð fram þetta varðandi. Í ofangreindu ákvæði felst áskilnaður um heitingar gegn ákveðnum manni eða mönnum, en hér er slíku ekki til að dreifa.

Samkvæmt framansögðu eru ekki lagaskilyrði til að verða við kröfu ákæruvalds um gæsluvarðhald varnaraðila.

IV.

Þegar virt er álitsgerð Högna Óskarssonar geðlæknis, sem rakin er hér að framan, þykir ekki leitt í ljós, að þörf sé á þessu stigi máls að mæla fyrir um nýja geðheilbrigðisrannsókn.

Dæma ber ríkissjóð til að greiða réttargæslumanni varnaraðila þóknun fyrir réttargæslu í héraði og málflutning fyrir Hæstarétti, alls 50.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi.

Ríkissjóður greiði Ragnari Aðalsteinssyni hæstaréttarlögmanni, réttargæslumanni varnaraðila, Steingríms Njálssonar, réttargæslu- og málflutningsþóknun, samtals 50.000 krónur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 23. febrúar 1991.

Ár 1991, laugardaginn 23. febrúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Júlíusi B. Georgssyni aðalfulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Ríkissaksóknari hefur krafist þess, að Steingrími Njálssyni refsifanga, kt. 210442-3679, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til uppkvaðningar dóms í máli ákæruvaldsins gegn Steingrími Njálssyni, en þó eigi lengur en til mánudagsins 22. apríl nk. kl. 15.00. Jafnframt er þess krafist, að honum verði gert að gangast undir geðheilbrigðisrannsókn.

Af hálfu ákærða er framangreindum kröfum ríkissaksóknara mótmælt. Enn fremur er þess krafist, að ákærunni verði vísað frá dómi.

Hinn 22. þ.m. gaf ríkissaksóknari út ákæru á hendur framangreindum Steingrími skv. 10. tl. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 74, 1974. Ákærði sætir fangelsisvist skv. dómi Hæstaréttar frá 16. nóvember sl., og lýkur hann

afplánun kl. 8.00 í fyrramálið. Í ákærunni segir, að málið sé höfðað „í því skyni, að honum verði gert að refsingu lokinni að sæta gæslu skv. 65. og 66. gr. almennra hegningarlaga, þar sem telja verði hann hættulegan vanaafbrotamann, sem margsinnis hefur hlotið refsidóma, m.a. fyrir skírlífisbrot gagnvart ungum drengjum, oft framin undir áhrifum áfengis, síðast 12 mánaða fangelsi samkvæmt dómi Hæstaréttar frá 16. nóvember 1990, og hefur ekki látið skipast við endurtekna refsidóma, fullnustu þeirra og læknismeðferð, og að veruleg hætta sé á því, að hann muni hefja áfengisneyslu og halda áfram brotum, ef hann gengur laus, miðað við undanfarandi breytni hans og umsagnir fangelsislækna og fangaprests um andlegt ástand hans nú.

Þess er krafist, að ákærði verði látinn sæta öryggisráðstöfunum samkvæmt 65. og 66. gr., sbr. 67. gr. almennra hegningarlaga, sem miði að því að stemma stigu við frekari brotum hans og að ráða bót á áfengissýki hans og koma fram lyfjameðferð í því skyni að vinna gegn kynferðislegum misþroska hans.

Þess er enn fremur krafist, að ákærði verði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Í bréfi ríkissaksóknara, sem fylgir ákærunni, er þess krafist, eins og áður er að vikið, að ákærða verði með dómsúrskurði gert að gangast undir geðheilbrigðisrannsókn. Er í því sambandi vísað til d-liðar 2. tl. 2. mgr. 75. gr. laga nr. 74, 1974. Skuli sú rannsókn einkum miða að því að upplýsa um andlegt ástand hans nú og hverjar líkur séu á því, að hann haldi áfram afbrotum, enn fremur um viðhorf hans til frekari læknis- og lyfjameðferðar í því skyni að ráða bót á kynferðislegum misþroska hans og drykkjusýki. Þá segir í bréfinu, að til þess að tryggja, að slík rannsókn geti farið fram óhindrað, þyki nauðsynlegt, að Steingrímur verði úrskurðaður til að sæta gæsluvarðhaldi í framhaldi af refsivist. Er í því sambandi vísað til 1., 5. og 6. tl. 1. mgr. og 2. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974. Í bréfinu er einnig vísað til bréfa fangelsislæknanna Sigurðar Árnasonar og Gylfa Haraldssonar og ummæla Ólafs Jens Sigurðssonar fangelsisprests í skýrslu hans hjá RLR í gær um andlegt ástand Steingríms og þá hættu, sem þeir telja stafa af honum, gangi hann laus. Loks er minnt á geðrannsókn, sem fram fór á ákærða í maí 1990 af hálfu Högna Óskarssonar geðlæknis.

Í bréfi Sigurðar Árnasonar til ríkissaksóknara, dagsettu 15. þ.m., segir svo m.a.: „Ég hefi nýlega átt viðtal við ofangreindan fanga. Hann sýndi í samtalinu veruleg merki um hömluleysi, var ákaflega hávær og illyrtur í garð allra, sem hafa haft með mál hans að gera innan fangelsis sem utan. Enn fremur var hann með óbeinar hótanir í minn garð og hélt fram, að undirritaður hefði sýnt glæpsamlegt athæfi með því að leggja fram tillögu um lyfjameðferð honum til hjálpar. Samstarfslæknir minn í fangelsunum,

Þórarinn Gíslason, hefur svipaða sögu af Steingrími að segja, svo og Gylfi Haraldsson, læknir á Litla-Hrauni.

Þetta breytta hegðunarmynstur vekur verulegan ugg um það, að ofangreindur fangi gæti verið hættulegur sjálfum sér og öðrum. Með tilliti til ofangreinds við fangann fer ég eindregið fram á nýja geðrannsókn á framangreindum fanga."

Í bréfi Gylfa Haraldssonar, fangelsislæknis á Litla-Hrauni, dagsettu 21. þ.m., til rannsóknarlögreglu ríkisins, segir svo m.a.: „Í upphafi skal tekið fram, að undirritaður hafði kynni af Steingrími Njálssyni í fangelsinu á Litla-Hrauni frá því í mars 1988 og fram í júlí það sama ár, síðan eftir endurkomu Steingríms á Litla-Hraun nú í júní 1990 og þar til hann fór þaðan fyrir nokkrum vikum. Af kynnum mínum af Steingrími Njálssyni er það ljóst, að hann er ekki heill á geðheilsu (sic).

Þann 3. desember sl. átti undirritaður t.d. langt samtal við Steingrím. Það var eftir að lokadómur féll í síðasta máli hans. Hann hafði þá eins og reyndar stundum áður í hótunum við marga aðila, sérstaklega þennan daginn við dómara og starfsmenn í dómsmálaráðuneyti, talaði um, að næst, þegar hann kæmi inn í fangelsi, myndi hann koma inn eftir morð, því að hann ætlaði að sjá fyrir svo og svo mörgum, þegar hann losnaði úr fangelsinu. Steingrímur bað undirritaðan að skýra frá þessu í Fangelsismálastofnun og eins því, að næst, þegar hann færi út úr fangelsi, að þá yrði það í plastpoka.

Hann minntist þá fortíðar sinnar og taldi, að öll sund væru nú lokuð og einungis hefnd eftir af hans hálfu. Í þessu samtali sem og fyrri samtölum virtist Steingrímur sér þess fullmeðvitandi, hvað hann sagði og meinti. Hann var að öllu jöfnu rólegur í viðtölum við lækna, en þennan dag óvenjuorðljótur og heiftúðugur. Niðurstaða undirritaðs er því, að maður, sem svo hugsar og formar framtíðaráætlanir sínar, geti ekki verið heill á geðheilsu (sic), og væri honum full þörf á að komast á sérstaka deild sér til hjálpar, þar sem geðveilir afbrotamenn væru vistaðir."

Þá liggja frammi í málinu þrjár skýrslur RLR, sem fjalla um símaviðtöl við framangreinda lækna. Í símtali við Sigurð Árnason kom fram, að hann kvaðst hafa sent ríkissaksóknara framangreint bréf og í því gerði hann tæmandi grein fyrir áliti sínu varðandi ákærða. Ekki væri um það að ræða að leggja fram kæru á hendur honum fyrir hótanir eða að rekja nánar samtöl þeirra, heldur vekja athygli ríkissaksóknara á breyttu hegðunarmynstri hans.

Í símtali við Þórarin Gíslason fangelsislækni kemur fram, að hann vissi af bréfi Sigurðar til ríkissaksóknara og efni þess, og væri hann samþykkur því, sem þar kæmi fram. Vísaði hann til bréfsins, en tók fram, að ekki væri um að ræða kæru af hans hálfu á hendur ákærða fyrir hótanir eða að veita frekari upplýsingar um samtöl sín við hann.

Í símtali við Gylfa Haraldsson kemur fram, að hann hafi haft með ákærða að gera, meðan hann var vistaður á Litla-Hrauni. Honum væri kunnugt um bréf Sigurðar Árnasonar, en tók fram, að ákærði hefði ekki haft í frammi hótanir við sig.

Þá þykir einnig rétt að rekja skýrslu sr. Ólafs Jens Sigurðssonar fangaprests, sem hann gaf hjá RLR hinn 21. þ.m., en þar segir svo m.a.: „Eins og ástatt er í dag, tel ég Steingrím geta verið samfélagslega hættulegan. Kemur þar til, að andlegt jafnvægi mannsins hefur aldrei verið í lakara ástandi en nú, þann tíma, sem ég hef til hans þekkt. Enn í dag neitar Steingrímur að gangast við sekt sinni, sem öll þjóðin veit þó, hver er, og hann hefur raunar meðgengið frammi fyrir dómara, að hann hafi kynferðislega hneigð til ungra drengja. Sé á þetta minnst við Steingrím, umturnast hann. Öll úrræði, allar tilraunir til að aðlaga Steingrím eðlilegu samfélagi hafa mistekist þann tíma, sem ég hef til hans þekkt. Ástæðan hefur ævinlega verið sú, að hann hefur brugðist sjálfur, en sakast ævinlega við aðra vegna veikleika síns og sektar. Steingrímur er í dag forhertur, hefur í hótunum og vill reyna að nýta sér það ástand, sem upp er komið í dag, til þess að fá fjármuni úr opinberum sjóðum. Verði Steingrímur látinn laus, er það skoðun mín, að það sé ábyrgðarlaust gagnvart samfélaginu og gagnvart honum sjálfum. Í langri fangelsisvist hefur tíminn aldrei verið notaður til þess að vega að rótum þess vanda, sem Steingrímur á við að stríða, og með tímanum hefur hann orðið andþjóðfélagslega sinnaðri og heiftúðugri. Mín skoðun er sú, að ekkert geti hjálpað Steingrími annað en það, að hann verði að horfast í augu við vanda sinn og vinna sig út úr honum með aðstoð þeirra, sem til þess eru hæfir. Steingrímur er talinn af sérfræðingum haldinn drykkjusýki, og undir áhrifum áfengis er hann stórlega hættulegur. Án áfengis treystir hann sér ekki til að laga sig að mannlegu samfélagi og flýr því strax á náðir áfengis. Það er álit mitt að fenginni reynslu, m.a., þegar honum var veitt reynslulausn 27. desember sl. og mér var falið að líta til með honum, að það sé stórvarhugavert að veita Steingrími ótakmarkað frelsi, án þess að gerðar verði rækilegar ráðstafanir til að veita honum lækningu meina sinna.“ Enn fremur kemur fram í skýrslunni, að Steingrímur hafi ekki haft í hótunum við prestinn. Hins vegar hafi hann haft í frammi hótanir og verið heiftúðugur í garð annarra. Ekki vildi hann þó nafngreina neinn í því sambandi, en taka beri þessar hótanir mjög alvarlega, ekki síst fyrir þær sakir, að andlegt ástand ákærða hafi ekki verið lakara en einmitt um þessar mundir, enda segir hann meiri líkur á því en oft áður, að ákærði muni hefja áfengisneyslu, strax og hann fær frelsi sitt. Hann neitaði að skýra frá því, hverjar þessar hótanir og/eða heitingar væru, og vísaði í því sambandi til 94. gr. laganna um meðferð opinberra mála. Í niðurlagi skýrslu prestsins segir svo: „Mér er í fersku minni sá tími, er Steingrímur

hafði frelsi sitt 1989, seinni hluta þess árs, að þá kom hann iðulega á skrifstofu mína og hældist um af því, í mín eyru og annarra, sem staddir voru hjá mér, að hann hrelldi fólk með símhringingum og andlegum hremmingum. Ég minni loks á þá hættu, sem mun skapast og ég vék að hér að framan, með því, að Steingrími verði veitt óskert frelsi, án þess að hann vinni sig sjálfur út úr vandanum með aðstoð hæfra manna, en fram til þessa hefur hann verið að forherðast í afbrotum sínum."

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann frá 11. nóvember 1963 til 16. nóvember sl. hlotið samtals liðlega 11 og 1/2 árs fangelsisrefsingu fyrir brot gegn almennum hegningarlögum, umferðarlögum og fleiri sérrefsilögum, þar af sex dóma fyrir skírlífisbrot o.fl., samtals 6 ára og 10 mánaða fangelsi.

Eins og hér stendur á og eðli málsins samkvæmt, verður krafa verjanda ákærða um frávísun ákæru á þessu stigi málsins ekki tekin til greina.

Með vísan til þess, sem að framan er rakið, og skírskotun til 1., 5. og 6. tl. 1. mgr. og 2. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974, þykir rétt að taka kröfu ákæruvaldsins um gæsluvarðhald yfir ákærða til greina, eins og hún er fram sett. Í ljósi þess, sem um getur í gögnum málsins, einkum samdóma álits fangelsislæknanna, þykir einnig rétt með vísan til d-liðar 2. tl. 2. mgr. 75. gr. laga nr. 74, 1974, að ákærði skuli, meðan á gæsluvarðhaldinu stendur, gangast undir rannsókn á geðheilbrigði sinni, er einkum miði að því að upplýsa um andlegt ástand hans nú og hverjar líkur séu til þess, að hann haldi áfram afbrotum, og enn fremur viðhorf hans til læknis- og lyfjameðferðar í því skyni að ráða bót á kynferðislegum misþroska hans og drykkjusýki.

Úrskurðarorð:

Ákærði, Steingrímur Njálsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til uppkvaðningar dóms í máli ákæruvaldsins gegn honum, en þó eigi lengur en til mánudagsins 22. apríl nk. kl. 15.00. Hann skal, meðan á gæsluvarðhaldinu stendur, gangast undir rannsókn á geðheilbrigði sinni.

Mánudaginn 4. mars 1991.

Nr. 147/1988. **Ágúst Sæmundsson og**
Árni Guðjónsson
(Agnar Gústafsson hrl.)
gegn
Skúla H. Norðdahl
(Páll A. Pálsson hrl.)
og gagnsök.

Þóknun fyrir arkitektastörf.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason, Þór Vilhjálmsson og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. maí 1988 að fengnu áfrýjunarleyfi 6. s.m. Krefjast þeir aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefjast þeir þess, að þeim verði einungis gert að greiða gagnáfrýjanda 64.814 krónur með vöxtum að mati réttarins frá 8. júní 1986 til greiðsludags, en málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 20. júní 1988. Krefst hann þess, að aðaláfrýjendum verði gert að greiða honum in solidum 341.683,88 krónur ásamt 2,5% dráttarvöxtum á mánuði frá 30. október 1986 til 14. apríl 1987, en með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags, og verði áfallnir vextir lagðir við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 30. október 1987. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Krafa gagnáfrýjanda er byggð á reikningi hans til aðaláfrýjenda frá 30. október 1986 fyrir arkitektastörf að hönnun nýbygginga á lóðinni nr. 7 við Súðarvog í Reykjavík, er aðaláfrýjendur fólu honum á árinu 1959 sem rétthafar að henni allri. Tekur reikningurinn til greiðslu fyrir forteikningar og aðalteikningar að framhúsi á lóðinni, sem reist var í þrennu lagi. Undir meginhluta þess er kjallari talinn vera 1515 rúmmetrar, og byggðu aðaláfrýjendur hann á árunum 1961-62. Rétt sinn til að byggja ofan á kjallarann seldu þeir

árið 1983, og hafa aðrir aðilar reist þar byggingu á þremur hæðum, alls 4545 rúmmetra. Við hlið hennar hafa aðaláfrýjendur svo sjálfir reist 3ja hæða byggingu, sem er 1334 rúmmetrar. Var hvort tveggja gert eftir teikningum gagnáfrýjanda, og lítur húsið út sem ein heild, auk þess sem aðgangur að efri hæðum er sameiginlegur. Bakhús á lóðinni er 2 hæðir með kjallara að austanverðu, talið 2190 rúmmetrar og byggt á undan kjallara framhússins. Telur gagnáfrýjandi þóknun vegna þess að fullu greidda.

Í héraðsdómi var sá hluti reikningskröfunnar, er laut að teikningum af kjallara framhússins, talinn fyrndur. Hefur gagnáfrýjandi sætt sig við þá niðurstöðu og lækkað kröfuna í fyrrgreinda fjárhæð vegna hæðanna þriggja, þ.e. 238.627,51 krónur vegna byggingarhluta hinna aðilanna og 103.056,37 krónur vegna hluta aðaláfrýjenda sjálfra.

Ágreiningslaust er í málinu, að gagnáfrýjandi hafi upphaflega átt að fá greitt fyrir teikningar sínar eftir því, sem byggingarframkvæmdum á lóðinni miðaði, og yrði þóknun hans reiknuð eftir gjaldskrá Arkitektafélags Íslands. Aðaláfrýjendur greiddu honum samtals 21.500 krónur á árunum 1961-63. Þeir greiddu síðan 15.000 krónur í júlí 1968, svo að greiðslur voru alls orðnar 36.500 krónur. Aðaláfrýjendur segjast aldrei hafa fengið reikninga vegna þessara greiðslna, og kvittanir fyrir þeim liggja ekki fyrir. Samkvæmt greiðsluyfirliti frá gagnáfrýjanda, sem hann telur miðað við febrúar 1963, hefði heildarreikningur fyrir for- og aðalteikningar af húsunum fullbyggðum átt að nema 101.314 krónum. Er þar meðtalin þóknun fyrir teikningar af þriðju hæð ofan á bakhús, sem hönnuð var og samþykkt á árinu 1961, en endurnýjaðri umsókn um byggingarleyfi fyrir henni var synjað á árinu 1968. Mismunur á greiðslum og þóknun samkvæmt yfirliti þessu var 64.814 krónur.

Greiðslur aðaláfrýjenda bera ekki með sér, að þær standist á við þá byggingaráfanga, sem verið var að koma í framkvæmd hverju sinni, og séu þannig fullnaðargreiðslur að sínu leyti. Þegar síðasta greiðslan fór fram, hafði gagnáfrýjandi löngu gert aðalteikningar að öllu framhúsinu, sem samþykktar voru í byggingarnefnd árið 1961, en óvíst var hvort bygging samkvæmt þeim yrði leyfð við endurnýjaða umsókn. Sú umsókn var og alls ekki á döfinni, heldur voru aðaláfrýjendur þá einungis að reyna að fá bakhúsið hækkað.

Þegar litið er til þessa og til stærðarhlutfalla í húsunum, þykir verða að byggja á því, að umræddar greiðslur nemi ekki meira en hæfilegri þóknun fyrir teikningar gagnáfrýjanda að þeim byggingaráföngum í bakhúsi og framhúsi, sem búið var að framkvæma árið 1968, svo og fyrir frumdrög að báðum húsunum. Samkvæmt því verður að hafna þeirri sýknuástæðu aðaláfrýjenda, að gagnáfrýjandi hafi þegar fengið fulla greiðslu fyrir teikningar sínar.

Þegar hefjast átti handa um byggingu framhússins ofan kjallara, lá það ljóst fyrir, að leggja yrði fram endurnýjaða byggingarleyfisumsókn ásamt tilheyrandi aðalteikningum. Með tilliti til þessa og til forsendna að samningi málsaðila var gagnáfrýjanda rétt að líta svo á, að hann mætti meta vinnu sína að teikningunum eftir verðlagi á þessum tíma, þótt fyrri teikningar hans kynnu að koma að notum við endanlega umsókn. Vegna þessa og þeirra ástæðna, sem fyrr greinir, verður einnig að hafna varakröfu aðaláfrýjenda, sem miðuð er við fyrrgreindan mismun á greiðsluyfirliti gagnáfrýjanda.

Fallast ber á það með dómendum í héraði, að kröfu gagnáfrýjanda vegna umræddra teikninga til byggingarnefndar sé réttilega beint gegn aðaláfrýjendum. Frágangi þeirra var þannig hagað, að fyrst var sótt um leyfi fyrir þeim byggingarhluta, er aðaláfrýjendur höfðu selt af hendi, og hann teiknaður sérstaklega. Í kjölfar þess fylgdi síðan hliðstæð umsókn fyrir hluta aðaláfrýjenda sjálfra. Voru báðir hlutarnir 3 hæðir, og fékkst það samþykkt, sem fyrr segir. Í málinu hefur því ekki verið hnekkt, að þessi tilhögun og þær breytingar, sem um var að ræða frá fyrri teikningum hússins í heild, hafi verið í eðlilegu samræmi við ráðstöfun byggingarréttarins og að þeim staðið í góðri trú af hálfu gagnáfrýjanda. Hafa aðaláfrýjendur ekki fært á það sönnur, að gagnáfrýjandi hafi stofnað byggingarrétti þeirra í raunverulega hættu eða valdið þeim tjóni vegna skorts á samráði.

Vegna skiptingarinnar á byggingarrétti að framhúsinu hefur gagnáfrýjandi skipt reikningi sínum á tvo byggingarhluta og reiknað þóknun eftir rúmmáli hvors um sig. Af því leiðir samkvæmt ákvæðum gjaldskrár Arkitektafélags Íslands, að samanlögð þóknun verður nokkru hærri en við reikning í einu lagi. Á þetta var fallist í héraðsdómi, og þykir rétt að staðfesta þá niðurstöðu, eins og hér stendur á.

Við upphaflega hönnun og samþykkt bygginga að Súðarvogi 7 var við það miðað, að þar risu iðnaðarhús, sem nýtt yrðu að hluta undir skrifstofuhúsnæði. Á fyrrnefndu greiðsluyfirliti gerði gagnáfrýjandi ráð fyrir, að hönnunarþóknun hans yrði reiknuð eftir IV. flokki gjaldskrár Arkitektafélags Íslands fyrir verksmiðjur og iðnaðarhús. Gagnáfrýjandi hefur ekki sýnt fram á breytingar á framhúsinu eða fyrirhugaðri nýtingu þess, er skipti því máli, að þóknun hans eigi ótvírætt að fara eftir V. flokki gjaldskrárinnar. Ber einnig að staðfesta héraðsdóm að þessu leyti.

Samkvæmt eldri gjaldskrá Arkitektafélagsins átti gjald fyrir aðalteikningar að meðtöldum frumdrögum og forteikningum að nema 40% af heildarþóknun arkitekts, en síðan 1974 hefur mark þess verið sett við 35%. Hefur gagnáfrýjandi mótmælt því með vísan til fyrri gjaldskrárákvæða, að þóknun hans samkvæmt reikningnum verði færð úr 35% í 30% af heildarþóknun vegna 5% greiðslu fyrir frumdrög, sem hann tók við á sínum tíma, eins og gert var í héraðsdómi. Þar sem krafa gagnáfrýjanda vegna framhússins er miðuð við verðlag á reikningsgerðartíma, þykir rétt að hafna þessum mótbárum.

Með vísan til þessa og til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta þá niðurstöðu hans, að aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjanda óskipt 192.481,04 krónur með vöxtum, eins og greint er í dóminum.

Rétt er, að aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjanda óskipt 65.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjendur, Ágúst Sæmundsson og Árni Guðjónsson, greiði gagnáfrýjanda, Skúla H. Norðdahl, 65.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 21. janúar 1988.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 18. desember sl., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af Skúla H. Norðdahl arkitekt, nnr. 8179-7919, Víðimel 55, Reykjavík, gegn Ágústi Sæmundssyni, nnr. 0145-8736, Ból-

staðarhlíð 41, Reykjavík, og Árna Guðjónssyni, nnr. 0515-6718, Sólvallagötu 29, Reykjavík, með stefnu, þingfestri 24. febrúar 1987.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu greiði in soldium skuld, að fjárhæð kr. 409.515,97, ásamt 2.25% dráttarvöxtum á mánuði frá 30. október 1986 til 14. apríl 1987, en frá þeim degi með hæstu vöxtum samkvæmt vaxtalögum nr. 25/1987 til greiðsludags, reiknuðum þannig, að áföllnum vöxtum verði bætt við höfuðstól á 12 mánaða fresti. Þá krefst stefnandi málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Dómkröfur stefndu eru þær aðallega, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda í málinu og tildæmdur málskostnaður samkvæmt taxta LMFÍ, en til vara, að stefndu verði einungis gert að greiða stefnanda kr. 64.814 með vöxtum að mati dómsins frá 8. júní 1986 til greiðsludags, en málskostnaður felldur niður.

Mál þetta var dómtekið að loknum munnlegum málflutningi hinn 21. október sl., endurupptekið 8. desember sl., endurflutt og dómtekið á ný 18. desember sl.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

II.

Málavextir eru þeir, að stefnandi tók að sér arkitektastörf fyrir stefndu árið 1959 með því að hanna fyrir þá iðnaðar- og skrifstofuhúsnæði að Súðarvogi 7, Reykjavík. Ráðgert var, að byggð yrðu tvö hús á lóðinni, framhús meðfram Súðarvogi og bakhús að norðanverðu, sem yrði samtengt framhúsinu. Heildarbyggingarmagn var upphaflega áætlað 7641,4 rúmmetrar. Svo var um samið með aðilum, að stefnandi fengi greitt fyrir hönnunarvinnu sína eftir því, sem húsið byggðist upp. Á vegum stefndu var byggður kjallari undir framhúsið, þó ekki norðurenda þess, á árunum 1961 - 1963. Bakhúsið var einnig reist á þeirra vegum, 2.190 rúmmetrar, en um frekari byggingarframkvæmdir var ekki að ræða um langt árabil. Stefndu inntu af hendi greiðslur til stefnanda á framangreindum byggingartíma og einnig árið 1968, en ekkert síðan.

Samkvæmt afsali, dags. 18. nóvember 1983, seldu stefndu þeim Jóni Eiríkssyni og Guðmundi Antonssyni byggingarréttinn ofan á kjallara forhússins að Súðarvogi 7, og var við það miðað, að byggðar yrðu þrjár hæðir ofan á kjallarann. Undanskilinn í sölunni var byggingarréttur að óbyggðum enda framhússins norðan við kjallarann (samtenging við bakhúsið). Greindir kaupendur seldu síðan Prentmyndastofunni h/f byggingarrétt sinn með afsali, dags. 20. júní 1984. Í ágústmánuði 1984 var samþykkt í byggingarnefnd Reykjavíkur umsókn Prentmyndastofunnar h/f um byggingu þriggja hæða húss ofan á kjallara framhússins, og í ágúst 1985 var samþykkt umsókn stefnda Ágústs Sæmundssonar um byggingu síðasta áfanga fram-

hússins að Súðarvogi 7, hvort tveggja á grundvelli endurnýjaðra uppdrátta stefnanda..

Lokið er byggingu alls framhússins, alls 7394 rúmmetra, og er reikningskrafa stefnanda í máli þessu við það miðuð.

III.

Af hálfu stefnanda er m.a. tekið fram varðandi málavexti, að hann hafi fengið greitt fyrir frumdrög að byggingunni hjá stefndu í upphafi og einnig fyrir fyrsta byggingaráfanga, en tæplega þó. Þar sem svo hafi um samist með aðilum, að stefnandi fengi greitt fyrir vinnu sína og teikningar, jafnóðum og húsið byggðist, hafi stefnandi því ekki á þeim árum innheimt reikning fyrir allar teikningar að húsinu. Enginn slíkur reikningur hafi verið gerður, en hins vegar muni stefnandi á sínum tíma hafa gefið stefndu upp áætlaðan hönnunarkostnað á þess tíma verðlagi.

Stefnandi hafi verið beðinn um árið 1984 að sækja um til byggingarnefndar byggingarleyfi fyrir þeim hluta hússins, sem byggja hafi mátt ofan á þegar byggðan kjallara framhússins, en sá byggingarréttur hafði verið seldur, og hafði Prentmyndastofan h/f þá eignast þann rétt. Einnig hafi stefnandi verið beðinn um að sækja um byggingarleyfi fyrir þeim hluta hússins, sem eftir hafi verið að byggja meðfram götunni. Stefnandi hafi unnið þau verk, sem óskað hafi verið eftir, og hafi teikningar verið samþykktar í byggingarnefnd í ágúst 1984 að húsi, sem hafi verið 6060 rúmmetrar að stærð. Enn fremur hafi teikningar frá stefnanda verið samþykktar í byggingarnefnd í ágúst 1985 fyrir 1334 rúmmetra húsi til viðbótar.

Þegar þetta hafði verið unnið og stefnandi hafi viljað fá greitt fyrir arkitektastörf samkvæmt gjaldskrá vegna þessa byggingarstigs, hafi stefndu vísað á aðila, sem keypt höfðu byggingarréttinn. Þeir aðilar hafi svo aftur vísað á stefndu, enda hafi ekki verið minnst á greiðslur fyrir hönnunarvinnu í samningum. Stefnandi hafi gert reikning vegna starfa sinna við síðustu byggingarstig hússins að Súðarvogi 7 í samræmi við gjaldskrá Arkitektafélags Íslands, og nemi hann samtals kr. 409.515,97. Reikningurinn sé dags. 30. október 1986. Miðað sé við rúmmetrafjölda hvors húshluta, og þar sem einungis sé gerð krafa um þóknun fyrir byggingarnefndarteikningar, en ekki fyrir vinnuteikningar, séu reiknuð 35% af gildandi gjaldskrá. Þá séu einnig dregin frá 5% af útreiknaðri fjárhæð, vegna þess að stefnandi hafði áður fengið greitt fyrir frumdrög, 5% af gjaldskrá á sínum tíma. Reikningur stefnanda hafi eigi fengist greiddur þrátt fyir innheimtutilraunir.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því, að stefndu beri að greiða honum þóknun fyrir arkitektastörf samkvæmt reikningi, sem að öllu leyti sé sanngjarn og í samræmi við gjaldskrá Arkitektafélags Íslands og venjur í sambandi við greiðslur fyrir arkitektastörf. Varðandi reikning sinn vísar stefn-

andi sérstaklega til framlagðrar gjaldskrár Arkitektafélags Íslands. Fremst í henni sé gjaldskráin frá 13. desember 1974, sem enn sé í gildi að grunni til, og í kafla IV 4 sé skilgreint, hvernig þóknun skuli reikna. Í 4. tl. segi, að greiða skuli 35% af fullu álagi fyrir aðalteikningar, eins og stefnandi hafi gert í reikningi sínum. Í kafla IV 5, segi, að sé ekki gert sérstakt samkomulag um, hvenær greiðslur skuli fara fram, falli þær í gjalddaga eftir því, sem verki miðar.

Sýknukrafa stefndu er á því reist, að þeir hafi þegar greitt stefnanda að fullu fyrir teikningar að forhúsi að Súðarvogi 7. Teikningar að húsinu hafi verið samþykktar í byggingarnefnd Reykjavíkur 10. ágúst 1961. Hafi stefndu greitt stefnanda fyrir teikningar að húsinu sem hér segir:

Hinn	12/6 1961	kr. 7.000
"	5/12 1961	" 2.000
"	6/9 1962	" 5.000
"	18/10 1962	" 3.000
"	12/2 1963	" 2.000
		Kr.19.000

Kjallari hússins hafi verið byggður á árunum 1961 - 1962.

Þegar dregist hefði, að byggðar yrðu aðrar hæðir hússins, hafi stefnandi komið að máli við stefndu og krafið þá um frekari greiðslu, kr. 15.000, sem stefndu hafi greitt honum 25/7 1968. Hafi þeir þá talið, að þar með hefðu þeir að fullu greitt teikningar að húsinu, enda hafi stefnandi aldrei krafið þá um frekari greiðslu.

Svo sem fram komi á framlögðu afsali, hafi stefndu selt þeim Jóni Eiríkssyni og Guðmundi Antonssyni byggingarrétt að hluta forhússins að Súðarvogi 7. Þeir aðilar hafi síðan selt Prentmyndastofunni h/f byggingarrétt þennan, sem byggði þrjár hæðir ofan á húsið.

Stefndu héldu hluta eftir af byggingarrétti sínum. Þegar þeir hugðust hefjast handa um bygginguna síðla árs 1984, hafi komið í ljós, að sá hluti hússins, sem stefndu hafi ætlað að byggja, hafði án þeirra vitundar verið felldur niður á teikningu, sem stefnandi hafði lagt fyrir byggingarnefnd og samþykkt var 30. ágúst 1984. Hafi stefnandi gert þetta algerlega án vitundar og í óþökk stefndu. Þessa nýju teikningu virðist stefnandi hafa unnið samkvæmt beiðni Prentmyndastofunnar h/f. Telja stefndu, að verk við þessa nýju teikningu fyrir Prentmyndastofuna h/f sé þeim með öllu óviðkomandi, og beri stefnanda að beina kröfum sínum fyrir þetta verk að Prentmyndastofunni h/f.

Þá telja stefndu sig ekki eiga að greiða stefnanda fyrir það að breyta teikningunni í upprunalegt horf. Stefnandi hafi ekkert umboð haft frá

stefndu til þess að breyta samþykktri teikningu hússins á þann hátt að fella niður þann hluta, sem stefndu hafi ætlað að byggja af húsinu. Þvert á móti telji stefndu sig eiga bótakröfu á stefnanda, vegna þess að þetta hafi haft í för með sér verulegar tafir á því, að stefndu gætu hafist handa um bygginguna.

Stefndu telja sig því ekkert skulda stefnanda.

Auk þess er bent á af hálfu stefndu, að hafi stefnandi átt einhverja kröfu á hendur stefndu, eftir að greiðsla þann 25. júlí 1968 fór fram, sé sú krafa lögum samkvæmt löngu fallin niður fyrir fyrningu og aðgerðaleysi.

Varakrafa stefndu er á því byggð, að stefnandi geti ekki krafist hærri fjárhæðar en kr. 64.814, sem er mismunur á reiknaðri þóknun og upphaflegri innborgun samkvæmt framlögðu greiðsluyfirliti stefnanda.

Aðilar máls þessa, stefnandinn, Skúli H. Norðdahl, og stefndu, Ágúst Sæmundsson og Árni Guðjónsson, hafa allir gefið skýrslu fyrir dómi. Þá hafa vitnin Guðmundur Theódór Antonsson og Þórir Hörður Jóhannsson komið fyrir dóm og gefið skýrslu.

Dómendur fóru ásamt aðilum og lögmönnum þeirra á vettvang að Súðarvogi 7 og kynntu sér þar aðstæður.

IV.

Svo sem fram er komið, var byggingarréttur ofan á kjallara forhússins að Súðarvogi 7 seldur tvívegis, fyrst af stefndu til þeirra Jóns Eiríkssonar og Guðmundar Antonssonar samkvæmt afsali, dags. 18. nóvember 1983, sem svo seldu Prentmyndastofunni h/f þann byggingarrétt sinn með afsali, dags. 20. júní 1984, eins og fyrr er rakið. Í greindum afsölum er ekkert tekið fram varðandi greiðslu hönnunarkostnaðar, og hefur komið fram fyrir dómi af hálfu kaupenda byggingarréttarins, að með kaupunum töldu þeir sig hafa öðlast rétt til afnota af teikningum stefnanda án sérstaks endurgjalds.

Verður því talið, svo sem atvikum máls þessa er háttað, að málshöfðun sé réttilega að stefndu beint til greiðslu hönnunarkostnaðar.

Stefndu byggja sýknukröfu sína fyrst og fremst á því, að þeir hafi fullgreitt stefnanda fyrir teiknivinnu hans við bygginguna að Súðarvogi 7. Af gögnum málsins, greiðsluyfirliti stefnanda á dskj.nr. 32, gjaldskrá Arkitektafélags Íslands og framburði stefnanda fyrir dómi má ráða, að upphaflega hafi þóknun verið reiknuð út sem 40% af fullri þóknun samkvæmt gjaldskránni fyrir þann hluta hússins (bakhúss), sem byggður var í upphafi (2190 m^3), en sem 5% af fullri þóknun þess hluta (framhúss), sem óbyggður var (7641,4 ÷ 2190 m^3). Í hvorum tveggja ofangreindra þátta hefur IV. flokkur gjaldskrárinnar verið notaður (verksmiðjuhús). Þá hefur þóknun fyrir væntanlega stækkun bakhúss (840 m^3) verið reikningsfærð, en sú

stækkun var aldrei framkvæmd. Samkvæmt þessu voru í heild reikningsfærðar kr. 34.997. Óumdeilt er, að á árinu 1968 höfðu stefndu greitt stefnanda samtals kr. 36.500.

Með hliðsjón af framangreindu og hafandi í huga verðlagsbreytingar áranna 1961 - 1968 þykir verða að líta svo á, að árið 1968 hafi stefnandi í heild verið búinn að taka við greiðslum, sem ekki voru meiri en sem svaraði greiðslum vegna hönnunar á bakhúsi (frumdrög, forteikningar og aðalteikningar, 40% greiðsla) og vegna hönnunar á forhúsi (frumdrög 5% greiðsla). Samkvæmt þessu hafa stefndu ekki greitt fyrir forteikningar og aðalteikningar framhúss (35%), sem óbyggt var. Sýknukrafa stefndu á þessum grundvelli verður því ekki tekin til greina.

Öðrum þræði byggja stefndu sýknukröfu sína á því, að krafa stefnanda sé niður fallin fyrir aðgerðaleysi og fyrningu. Í gjaldskrá Arkitektafélags Íslands, IV 5, er tekið fram varðandi gjalddaga þóknunar, að sé ekki gert um það sérstakt samkomulag, hvenær greiðslur skuli fara fram, falli þær í gjalddaga eftir því, sem verki miðar. Í þessu máli liggur fyrir, að samkomulag var um það, að þóknun stefnanda yrði greidd eftir því, sem byggingu hússins miðaði áfram. Fyrir liggur, að framkvæmdir við byggingu ofan á kjallara framhússins og lokaáfanga þess hófust ekki fyrr en á árunum 1984 og 1985, eftir að byggingarleyfi höfðu verið veitt, og við þau tímamörk ber að miða gjalddaga kröfu stefnanda samkvæmt upphaflegu samkomulagi aðila og þar með upphaf fyrningarfrests þeirrar kröfu, sbr. 5. gr. laga nr. 14/1905 um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda. Krafa stefnanda á hendur stefndu að þessu leyti var því ekki fyrnd, er mál þetta var höfðað í febrúar 1987. Hins vegar liggur ekki fyrir, að stefnandi hafi sett fram kröfu á hendur stefndu fyrir forteikningar og aðalteikningar (35%) að kjallara framhússins, sem byggður var á árunum 1961 - 1962, fyrr en með kröfugerð sinni í máli þessu, og ber því með vísan til 1. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905 að telja þann hluta kröfugerðar stefnanda fyrndan. Verður tekið tillit til þess við tölulega umfjöllun á reikningi stefnanda. Með hliðsjón af samkomulagi aðila varðandi greiðslur og atvikum máls þessa að öðru leyti verður ekki talið, að krafa stefnanda sé niður fallin vegna aðgerðaleysis af hans hálfu.

Verður þá fjallað um reikningskröfu stefnanda tölulega. Samkvæmt framlögðum reikningi stefnanda er útreiknuð þóknun vegna þess hluta hússins, sem liggur meðfram Súðarvogi (framhús). Við útreikning þóknunar er stuðst við gjaldskrá Arkitektafélags Íslands. Verkinu er skipt í tvo hluta, annars vegar 6060 m³ byggingu og hins vegar 1334 m³ byggingu. Í hvorum tveggja þessara þátta hefur V. flokkur gjaldskrárinnar verið notaður (skrifstofuhús, verslun). Gerð er krafa um 35% af útreiknaðri heildarþóknun, alls kr. 409.515,97. Eftir atvikum þykir rétt, að þóknun

stefnanda miðist við IV. flokk gjaldskrár Arkitektafélags Íslands, sem samræmist upphaflegum útreikningi hans, í stað V. flokks, sem hann gerir nú kröfu til. Að teknu tilliti til þess breytast þá framsettar heildarþóknunartölur reikningsins í kr. 592.863,61 (í stað kr. 875.598,87) og kr. 196.955,76 (í stað 294.446,78). Þá þykir og rétt vera, að frá þóknun vegna byggingarnefndarteikninga (35%) dragist áður greidd þóknun vegna frumdraga (5%), sem ekki hefur verið gert samkvæmt reikningi stefnanda. Reikningstölur verði því vegna húshluta 6060 m³ kr. 177.859 og vegna húshluta 1334 m³ kr. 59.086,73, en frá fyrrgreindri fjárhæð ber að draga ¼, kr. 44.464,77, vegna fyrningar samkvæmt framansögðu, og verður þá töluleg niðurstaða kr. 192.481,04 (177.859,08 + 44.464,77 + 59.086,73), sem er sú fjárhæð. sem dæma ber stefndu til að greiða stefnanda in solidum og með þeim vöxtum, sem krafist er og nánar greinir í dómsorði.

Eftir þessum úrslitum málsins verða stefndu dæmdir til að greiða stefnanda óskipt kr. 60.000 í málskostnað, þar með talinn söluskattur.

Eggert Óskarsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum Magnúsi Guðjónssyni húsasmíðameistara og Ragnari Ingimarssyni byggingarverkfræðingi.

Dómsuppsaga hefur dregist vegna embættisanna formanns dómsins og réttarhlés.

Dómsorð:

Stefndu, Ágúst Sæmundsson og Árni Guðjónsson, greiði in solidum stefnanda, Skúla H. Norðdahl, kr. 192.481,04 með 2,25% dráttarvöxtum á mánuði frá 30. október 1986 til 14. apríl 1987, en með dráttarvöxtum samkvæmt vaxtalögum nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 60.000 í málskostnað, þ.m.t. söluskattur.

Áfallnir vextir bætast við höfuðstól á 12 mánaða fresti.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 6. mars 1991.

Nr. 94/1991. **Jón Guðmundsson**

gegn

Rafveitu Hafnarfjarðar.

Kærumál. Frávísun frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Haraldur Henrysson og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 21. janúar 1991, sem ásamt kærugögnum barst Hæstarétti 1. mars sl. Um kæruheimild vísar sóknaraðili til b-liðar 1. tl. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða frávísunardóms og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Svo sem rakið er í héraðsdómi, beinast ýmsar málsástæður sóknaraðila gagngert að ríkissjóði sem eiganda landspildu þeirrar, sem um ræðir í málinu. Því er meðal annars haldið fram, að landbúnaðarráðuneytið hafi með ráðstöfun spildunnar til varnaraðila „þverbrotið eðlilegar stjórnvaldsreglur" og hún hafi verið óheimil samkvæmt 67. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944.

Að svo vöxnu máli verður að telja, að ríkissjóður eigi svo verulegra hagsmuna að gæta í málinu og svo nátengdra hagsmunum varnaraðila í því, að laganauðsyn hafi borið til að stefna honum til beinnar aðildar að málinu með varnaraðila, sbr. 46. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936. Samkvæmt því og með vísan til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Eftir atvikum þykir rétt, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði frávísunardómur á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 9. janúar 1991.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, hefur Jón Guðmundsson, 040849-5999, Gimli, Garðabæ, höfðað fyrir dóminum með stefnu, birtri 29.12.

1989, á hendur Sigurði Emilssyni, 220931-3589, Þúfubarði 3, Hafnarfirði, stjórnarformanni Rafveitu Hafnarfjarðar, 410272-2599, Strandgötu 6, Hafnarfirði, f.h. rafveitunnar.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að staðfest verði með dómi lögbann fógetaréttar Garðabæjar, álagt 27.12. 1989, við framkvæmdir Rafveitu Hafnarfjarðar á leigulóð stefnanda við Álftanesveg í Garðabæ, en úrskurðarorð fógeta hljóði svo:

„Umbeðið lögbann er lagt á framkvæmdir Rafveitu Hafnarfjarðar á lóð gerðarbeiðanda úr landi Pálshúsa í Garðabæ."

Þá er þess krafist, að stefndi verði dæmdur til að fjarlægja mannvirki það, er þegar hefur risið á lóð stefnanda, og færa lóðina í fyrra horf, allt að viðlögðum dagsektum, kr. 10.000 á dag, frá dómsuppsögudegi til fullnustudags.

Þá er þess krafist, að stefndi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ sem og kostnaðar við lögbannið, sem beri sömu vexti og gjaldfallnar peningakröfur skv. vaxtalögum 15 dögum eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Þá er krafist virðisaukaskatts á tildæmda málflutningsþóknun stefnanda.

Af hálfu stefnda eru þær dómkröfur gerðar, að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, að stefnda verði bætt allt það tjón, sem hann hafi orðið fyrir vegna lögbannsins, og að stefnda verði tildæmdur málskostnaður skv. gjaldskrá LMFÍ.

Sáttaumleitanir dómara báru ekki árangur.

Mál þetta var áður munnlega flutt og dómtekið 20. júní sl.

— — —

Niðurstaða réttarins.

Leigusamningur jarðadeildar landbúnaðarráðuneytisins og stefnda um hluta þess lands, sem leigt hafði verið stefnanda til 30 ára, er byggður á heimild í 9. gr. leigusamnings stefnanda og landbúnaðarráðherra. Með fyrrgreinda samningnum eru leiguréttindi stefnanda skert sem nemur umræddum lóðarskika, en þau réttindi fengin stefnda í hendur.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því, að framkvæmdir stefnda séu ólögmætar, þar sem landbúnaðarráðuneytið hafi ekki gætt réttra stjórnvaldsreglna, er lóðarskikinn var leigður stefnda. Það hafi ekki tilkynnt stefnanda um leiguna til stefnda, ekki gefið stefnanda kost á að gæta hagsmuna sinna, ekki boðið fram bætur vegna lóðarskerðingarinnar eða fengið dómkvadda óvilhalla menn til mats skv. 9. gr. leigusamnings þess við stefnanda. Ráðstöfun ráðuneytisins á lóðarskikanum hafi því verið ólögmæt og í andstöðu við 67. gr. stjórnarskrárinnar.

Stefnandi vill með lögbanni sínu hindra stefnda í því að neyta þess réttar,

sem honum var veittur með leigusamningi sínum við landbúnaðarráðuneytið, aðallega vegna þeirrar aðferðar, sem ráðuneytið viðhafði við gerð síðari leigusamningsins og stefnandi telur ólögmæta.

Með því að dómur í þessu máli myndi eingöngu binda aðila málsins, en málsúrslit kynnu að velta á mati á lögmæti aðgerða landbúnaðarráðuneytisins vegna leigunnar til stefnda, verður að telja ráðuneytið eiga það mikilla hagsmuna að gæta í máli þessu og réttindi þess og stefnda svo samofin, að dómurinn telur brýna nauðsyn hafa borið til skv. 46. gr. laga nr. 85/1936 að stefna landbúnaðarráðherra f.h. jarðadeildar landbúnaðarráðuneytisins í máli þessu ásamt stefnda. Þar sem það var ekki gert, ber með vísan til ofangreindrar 46. gr. þegar af framangreindum ástæðum að vísa máli þessu frá dómi ex officio.

Eftir atvikum þykir rétt að ákveða, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

Finnbogi H. Alexandersson héraðsdómari kveður dóm þennan upp.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi ex officio.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 6. mars 1991.

Nr. 80/1989. **Guðni Helgason**
(Jónatan Sveinsson hrl.)
gegn
Eysteini Yngvasyni
(Jón Oddsson hrl.)
og gagnsök.

Húsaleiga. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Guðmundur Jónsson, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. mars 1989, en gagnáfrýjandi 29. sama mánaðar.

Aðaláfrýjandi krefst þess aðallega, að stefndi greiði honum 189.471 krónu með dráttarvöxtum á ári sem hér segir: 33,6% af 25.750 krónum frá 1. júní 1987 til 1. júlí s.á., 36% af 53.817 krónum frá þeim degi til 1. ágúst s.á., 40,8% af 81.884 krónum frá þeim degi til 1. september s.á., 42% af 109.951 krónu frá þeim degi til 1. október s.á., 43,2% af 127.711 krónum frá þeim degi til 1. nóvember s.á., 45,6% af 145.451 krónu frá þeim degi til 1. desember s.á., 49,2% af 167.471 krónu frá þeim degi til 1. janúar 1988, 51,6% af 189.471 krónu frá þeim degi til 1. febrúar s.á., en frá þeim degi með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 5. gr. laga nr. 67/1989, til greiðsludags. Aðaláfrýjandi krefst málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti auk dráttarvaxta samkvæmt 10. gr. vaxtalaga að liðnum 15 dögum frá uppsögu dóms til greiðsludags.

Til vara krefst aðaláfrýjandi staðfestingar á niðurstöðu héraðsdóms í aðalsök auk málskostnaðar, svo sem krafist er í aðalkröfu.

Í gagnsök krefst aðaláfrýjandi sýknu af kröfum gagnáfrýjanda auk málskostnaðar. Til vara krefst hann þess, að kröfur gagnáfrýjanda verði lækkaðar stórlega og málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti verði látinn niður falla.

Gagnáfrýjandi krefst sýknu af kröfum í aðalsök ásamt málskostnaði í héraði og fyrir Hæstarétti auk virðisaukaskatts og dráttar-

vaxta af málskostnaði að liðnum 15 dögum frá uppsögu dóms. Til vara krefst hann verulegrar lækkunar á kröfum aðaláfrýjanda, og verði málskostnaður þá látinn niður falla í héraði og fyrir Hæstarétti.

Í gagnsök krefst gagnáfrýjandi, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða 308.270 krónur með 51,6% ársvöxtum frá 28. janúar 1988 til 1. mars s.á., en með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Dráttarvextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 28. janúar 1989. Þá er krafist málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talinn matskostnaður, auk virðisaukaskatts, og beri dæmdur málskostnaður dráttarvexti að liðnum 15 dögum frá uppsögu dóms til greiðsludags.

Um aðalsök.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta niðurstöðu hans í aðalsök.

Um gagnsök.

Ekki verður talið sannað með skýrslu gagnáfrýjanda og vætti bróður hans, að svo hafi samist með aðilum í upphafi viðskipta þeirra, að aðaláfrýjandi tæki að sér að greiða kostnað við þær lagfæringar og breytingar á umræddu húsnæði, sem gagnáfrýjandi teldi nauðsynlegar. Framburður vitnanna Guðmundar Bjarna Guðmundssonar og Jóns Halldórssonar þykir ekki heldur veita fullnægjandi sönnun fyrir því. að aðaláfrýjandi hafi lofað að standa undir kostnaðinum.

Svo sem fram er komið, var ekki gerður skriflegur leigumáli milli aðila. Gagnáfrýjandi fór ekki þær leiðir, sem mælt er fyrir um í 10. og 26. gr. laga nr. 44/1979 um húsaleigusamninga.

Samkvæmt þessu ber að sýkna aðaláfrýjanda af kröfum gagnáfrýjanda.

Það er aðfinnsluvert, að í máli þessu hafa verið lögð fram vottorð, sem borin hafa verið undir vitni til staðfestingar, þegar þau komu fyrir dóm.

Það var á valdi aðaláfrýjanda sem leigusala að gera skriflegan leigumála við gagnáfrýjanda um hið leigða húsnæði, sbr. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 44/1979. Það var ekki gert. Verður málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti því látinn niður falla.

Dómsorð:

Í aðalsök greiði gagnáfrýjandi, Eysteinn Yngvason, aðaláfrýjanda, Guðna Helgasyni, 180.991 krónu með 33,6% ársvöxtum af 25.750 krónum frá 1. júní 1987 til 1. júlí s.á., með 36% ársvöxtum af 53.817 krónum frá þeim degi til 1. ágúst s.á., með 40,8% ársvöxtum af 81.884 krónum frá þeim degi til 1. september s.á., með 42% ársvöxtum af 109.951 krónu frá þeim degi til 1. október s.á., með 43,2% ársvöxtum af 127.711 krónum frá þeim degi til 1. nóvember s.á., með 45,6% ársvöxtum af 145.451 krónu frá þeim degi til 1. desember s.á., með 49,2% ársvöxtum af 167.471 krónu frá þeim degi til 1. janúar 1988, með 51,6% ársvöxtum af 180.991 krónu frá þeim degi til 1. febrúar s.á., en með dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Í gagnsök skal aðaláfrýjandi vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði
Hjartar Torfasonar hæstaréttardómara.

Ég er samþykkur atkvæði meiri hluta dómenda um úrlausn aðalsakar í máli þessu svo og athugasemd þeirra um vitnaframburð í gagnsök.

Samningsgerð málsaðila um leigu á húsnæði að Borgartúni 25 var munnleg og vitni að henni ekki önnur en bróðir gagnáfrýjanda, sem þá var í starfi hjá aðaláfrýjanda. Þegar gagnáfrýjandi tók við húsnæðinu, hafði það verið á leigu nokkurn tíma fyrir umsvifalitla iðnaðarstarfsemi, en áður hafði það verið í langvarandi notkun sem geymslurými á vegum vélsmiðju á sama stað og sætt lítilli umhirðu. Ljóst er, að húsnæðið þarfnaðist lagfæringa, sem voru umfram venjulegt viðhald leigutaka. Aðaláfrýjandi telur húsaleigu hafa verið ákveðna lægri en ella vegna þessa, en hefur ekki fært beinar sönnur að því, hverju munað gæti í því efni. Leigumálinn var ótímabundinn og ekki samið um tilteknar viðhaldsaðgerðir, en viðurkennt er, að gagnáfrýjanda hafi verið heimilt að gera þær

endurbætur á húsnæðinu, sem nauðsynlegar mætti telja vegna starfsemi hans. Eðlilegt er að skilja samninginn á þann veg, að gagnáfrýjandi hafi mátt vænta endurgjalds fyrir slíkar endurbætur við lok leigutímans að því leyti, sem þær hefðu almennt gildi og gætu komið leigusala að síðari notum. Má ráða af framburði aðaláfrýjanda og tengdasonar hans og öðrum skýrslum í málinu, að gagnáfrýjandi hafi haldið fram þessum skilningi, áður en uppsögn á samningnum kom til. Með vísan til þessa og til forsendna hins áfrýjaða dóms tel ég rétt að staðfesta niðurstöðu hans í gagnsök.

Ég er samþykkur því, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti eigi að falla niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 16. febrúar 1989.

Mál þetta, sem dómtekið var mánudaginn 16. janúar sl., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 12. október 1987, af Guðna Helgasyni, nafnnr. 3131-2116, Hlyngerði 3, Reykjavík, gegn Eysteini Yngvasyni, nafnnr. 1896-5224, Kleppsvegi 40, Reykjavík.

Dómkröfur.

Endanlegar dómkröfur stefnanda í aðalsök og framhaldssök eru þær, að aðalstefndi verði dæmdur til þess að greiða aðalstefnanda kr. 189.471 með [nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnaði].

Dómkröfur stefnda í aðalsök eru þær, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum aðalstefnanda í málinu og að aðalstefnanda verði gert að greiða aðalstefnda málskostnað að skaðlausu skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, þ.m.t. sölugjald, sbr. brbl. 68,1987, að mati réttarins. Til vara, og verði ekki fallist á aðalkröfu stefnda í aðalsök, verði kröfur aðalstefnanda lækkaðar verulega og aðeins teknar til greina að óverulegu leyti og aðalstefnanda gert að greiða aðalstefnda málskostnað að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ.

Dómkröfur stefnda í framhaldssök eru þær, að hann verði algerlega sýknaður af kröfum aðalstefnanda og að aðalstefnanda verði gert að greiða honum málskostnað að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ. Verði ekki fallist á aðalkröfu stefnda í framhaldssök, er þess krafist, að kröfur aðalstefnanda verði verulega lækkaðar og aðeins teknar til greina að óverulegu leyti og þá málskostnaður látinn niður falla.

Í gagnsök gerir gagnstefnandi þær dómkröfur, að gagnstefndi verði dæmdur til að greiða honum skuld að fjárhæð kr. 308.270 með [nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnaði].

Dómkröfur sínar í málinu kveðst gagnstefnandi gera hvort sem er til sjálfstæðrar kröfugerðar eða skuldajöfnunar á móti kröfum gagnaðila.

Dómkröfur gagnstefnda í gagnsök eru aðallega þær, að gagnstefndi verði sýknaður af öllum kröfum gagnstefnanda og að gagnstefnda verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður í gagnsök, til vara, að dómkröfur gagnstefnanda verði stórlega lækkaðar og komi þá til skuldajafnaðar við dómkröfur gagnstefnda í aðalsök.

Málavextir, málsástæður og lagarök í aðalsök og framhaldssök.

Málavexti kveður aðalstefnandi vera þá, að aðalstefnandi sé eigandi húseignar að Borgartúni 25 í Reykjavík. Aðalstefndi hafi fyrir nokkrum árum tekið á leigu hluta húseignarinnar í eigin nafni og hafi rekið þar vélaverkstæði og skylda starfsemi, fyrst í eigin nafni, en síðar í nafni einkafirma síns, Stáltaks, og síðustu misserin í nafni samnefnds hlutafélags. Mál þetta sé til komið vegna vanskila aðalstefnda á húsaleigu fyrir umrætt húsnæði.

Snemma á þessu ári hafi aðalstefndi fengið heimild til að nýta lóðina að hluta undir atvinnustarfsemi sína, þ.á m. til sandblásturs, og hafi þá orðið samkomulag um að hækka leigugjaldið nokkuð. Aðalstefndi hafi innt af hendi hið hækkaða leigugjald fyrir mánuðina apríl og maí 1987, en eftir það hafi hann engar leigugreiðslur innt af hendi. Vegna stórfelldra vanefnda á leigugreiðslum hafi aðalstefnandi orðið að segja leigusamningnum upp, og hafi aðalstefnda verið gert að rýma húsnæðið fyrir 1. október 1987.

Þrátt fyrir skýlausar skyldur um að rýma húsnæðið hafi aðalstefndi ekki fengist til þess að afhenda aðalstefnanda umráð húsnæðisins, sem leitt hafi til þess, að aðalstefnandi sá sig til knúinn að æskja útburðar á aðalstefnda og hafi sett fram beiðni þar að lútandi til yfirborgarfógetans í Reykjavík þann 7. desember 1987. Útburðarmálið hafi verið tekið fyrir þann 19. janúar 1988, og hafi þá orðið sátt með aðilum á þann veg, að aðalstefndi hafi skuldbundið sig til þess að rýma húsnæðið og afhenda það aðalstefnanda til fullra umráða eigi síðar en 28. janúar 1988.

Kröfugerð stefnanda grundvallist á reikningsyfirliti aðalstefnanda til aðalstefnda, þar sem fram komi, að aðalstefndi hafi ekki greitt leigu fyrir mánuðina júní, júlí, ágúst og september 1987, samtals að fjárhæð kr. 109.951. Samkvæmt sama yfirliti komi fram, að umsamin leiga fyrir mánuðina október og nóvember 1987 hafi verið kr. 17.760 fyrir hvorn mánuð, en leiga fyrir desember 1987 og janúar 1988 kr. 22.000 fyrir hvorn mánuð.

Leigufjárhæðin fyrir desember 1987 og janúar 1988 grundvallist á tilboði fyrirtækisins Vatnsrúma sf., Borgartúni 29, Reykjavík, dagsettu 19. nóvember 1987, þar sem firmað hafi lýst sig reiðubúið að taka á leigu umrætt húsrými að Borgartúni 25, Reykjavík, fyrir kr. 22.000 á mánuði, og yrði sú fjárhæð bundin vísitölu byggingarkostnaðar frá 1. desember 1987 að telja. Þetta sé sú leigufjárhæð, sem aðalstefnandi hafi orðið af vegna þeirrar ákvörðunar aðalstefnda að rýma ekki húsnæðið, svo sem honum bar og áður sé rakið. Framangreind leiguskuld fyrir mánuðina október 1987 til og með janúar 1988 sé því samtals kr. 79.520. Krafist sé dráttarvaxta af hverri mánaðargreiðslu fyrir sig.

Varðandi lagarök vísar stefnandi til almennra reglna kröfuréttarins svo og til laga nr. 44/1979 um húsaleigusamninga.

Af hálfu aðalstefnda er málavöxtum lýst þannig, að aðalstefnandi og aðalstefndi hafi á sínum tíma samið um leiguafnot aðalstefnda af umræddu húsnæði aðalstefnanda, þ. á m. um leigufjárhæð, og að aðalstefnandi gerði upp við aðalstefnda þær framkvæmdir, er aðalstefndi hafi ráðist í vegna umræddra húsnæðis. Telji aðalstefndi kröfu vegna þess nema allt að kr. 800.000 að höfuðstól. Sé því augljóst, að aðalstefnandi sé í skuld við hann vegna þessara viðskipta. Aðalstefndi hafi afhent aðalstefnanda húsnæðið haustið 1987, en þá hafi verið gert ráð fyrir, að gagnaðili stæði við skuldbindingar sínar um uppgjör og greiðslur til aðalstefnda vegna endurbóta og viðhalds á húsnæðinu. Af slíku hafi þó ekki orðið, og hafi aðalstefndi orðið að fá dómkvadda matsmenn til þess að meta þessar endurbætur. Það, að umrætt húsnæði hafi staðið ónotað, megi rekja til atvika, er varði aðalstefnanda, og á hans ábyrgð.

Þá mótmæli aðalstefndi öllum kröfum aðalstefnanda, að því er varðar útreikninga á kröfum aðalstefnanda og kröfugerð.

Málavextir, málsástæður og lagarök í gagnsök.

Í gagnstefnu lýsir gagnstefnandi málavöxtum svo, að gagnstefnandi hafi tekið á leigu húsnæði gagnstefnda í Borgartúni 25, Reykjavík, og hafi m.a. verið samið um, að gagnstefndi greiddi gagnstefnanda fyrir þær endurbætur, er hann hafi gert á leigutímanum. Gagnstefndi hafi ekki fengist til uppgjörs varðandi þetta, og því hafi gagnstefnandi fengið dómkvadda matsmenn til að meta þessi atriði, og sé matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna dags. 28. janúar 1988. Niðurstaða matsins sé kr. 308.270, sem sé stefnufjárhæðin, og sé vaxta krafist frá dagsetningu matsgerðar.

Varðandi málsástæður vísar gagnstefnandi, auk þess sem áður er rakið af hans hálfu, til niðurstöðu matsgerðar og samkomulags aðila. Auk þess vísar gagnstefnandi til þess (sic) hagnaðar gagnstefnda vegna umræddra framkvæmda og úrbóta á húsnæði hans að Borgartúni 25 í Reykjavík.

Vísar gagnstefnandi til reglna á sviði fjármunaréttar, einkum samninga- og kröfuréttar, sbr. t.a.m. l. nr. 7/1936. Þá er vísað til húsaleigulaga nr. 44/1979 og venju, grundvallarreglna og eðlis máls í því sambandi. Um sé að ræða sjálfstæða kröfugerð fyrir dómi og allur réttur áskilinn varðandi skuldajöfnuð gagnvart kröfum í aðalsök. Þá vísar gagnstefnandi til vaxtalaga nr. 25/1987 og laga nr. 1/1988, sbr. áður brbl. nr. 68/1987, varðandi sérstakt sölugjald.

Málsástæður gagnstefnda eru þær, að samkvæmt staðhæfingum gagnstefnanda hafi komist á, auk leigusamnings um umrætt húsnæði, samkomulag milli málsaðila um það, að gagnstefnanda sem leigutaka væri heimilt að ákveða og framkvæma allt nauðsynlegt viðhald á hinu leigða húsnæði á kostnað gagnstefnda sem leigusala, og skyldi sá kostnaður gerður upp við lok leigutímans. Hér sé því í raun haldið fram, að leigutaki hafi fengið sjálfdæmi um að meta, hvaða viðhald húsnæðið þyrfti á leigutímanum, og að leigutaka væri sjálfum heimilt að framkvæma það viðhald án samráðs við leigusala, en þó á hans kostnað.

Hér verði að hafa í huga, að enginn skriflegur leigusamningur hafi verið gerður milli málsaðila, en aðilar séu þó sammála um allt meginefni hans, þ. á m. um leigugreiðslur og það, að leigutíminn var ótilgreindur.

Svo sem fram komi í stefnu og greinargerð stefnanda í framhaldssök, sé því eindregið hafnað, að slíkt samkomulag hafi komist á. Ekki verði séð, að gagnstefnandi hafi leitt fram nokkur þau gögn í formi skjala eða framburðar, sem rennt geti stoðum undir þessa fullyrðingu gagnstefnanda um, að slíkt samkomulag hafi komist á.

Við slíkar kringumstæður eigi gagnstefnandi sönnunarbyrðina á slíkum fullyrðingum um efni samnings, einkum og sér í lagi, þegar fullyrðingar um samningsefnið hafi yfir sér slíkan ólíkindablæ, svo sem raunin sé hér, og til viðbótar andstætt meginreglum sjálfra húsaleigulaganna um þessa hluti. Því sé haldið fram af hálfu gagnstefnda, að þar sem aðila greini á um efni þessa samnings, eigi ágreiningsefnunum að ráða til lykta á grundvelli þar að lútandi ákvæða húsaleigulaganna nr. 44/1979.

Öllum fullyrðingum gagnstefnanda um það, að hið leigða húsnæði hafi við upphaf leigutímabilsins verið nánast ónothæft, sé vísað á bug. Til áréttingar því sé vísað til aðilaskýrslu gagnstefnda og framburðar þess aðila, er hafði þetta húsnæði á leigu, áður en gagnstefnandi tók við því, Ólafs Arnar, á dskj. nr. 28. Hann segi þar efnislega, að hann hafi skilað umræddu húsnæði í áþekku ástandi og það hafi verið í, þegar hann tók það á leigu. Húsnæðið hafi að vísu ekki verið „fyrsta flokks", en það hafi komið honum að fullum notum sem slíkt, og hann hafi greitt fyrir það ívið lægri leigu en gangverð á leigu hafi verið á slíku húsnæði á þeim tíma. Þá segi þetta vitni, að Eysteinn hafi gengið inn í sömu leigukjör og það

hafi sjálft greitt. Þetta sé allt í fullu samræmi við það, sem gagnstefndi haldi fram.

Þá sé vakin athygli í þessu sambandi á framburði Kristjáns Þórðarsonar á dskj. nr. 30, en Kristján þessi hafi leigt aðlægt húsnæði og hafi haft sameiginlegan inngang með gagnstefnanda. Það, sem sé athyglisverðast í þessum framburði, sé það, að vitnið fullyrði, að Eysteinn hafi ekkert gert fyrir húsnæðið á þeim tíma, sem þeir hafi haft sameiginleg afnot af innganginum, og stangist þetta á við fullyrðingar gagnstefnanda um það, að húsnæðið hafi verið nánst ónothæft, þegar hann hafi tekið við því, og hann hafi allt frá upphafi staðið í viðgerðum og viðhaldi á húsnæðinu.

Af því, sem nú hafi verið rakið, virðist það vera fullljóst, að allar fullyrðingar gagnstefnanda um ástand húsnæðisins í upphafi séu stórlega ýktar, ef ekki beinlínis rangar, og settar fram gegn betri vitund.

Staðreyndin sé sú, að húsnæðið hafi verið leigt út undir iðnaðarstarfsemi um árabil, þegar gagnstefnandi tók það á leigu á árinu 1982, og hafi húsnæðið verið í nákvæmlega sama ástandi og það hafði þá verið hjá fyrri leigjanda. Gagnstefnandi hafi metið húsnæðið viðunandi fyrir þá starfsemi, sem hann hugðist reka í því, og það, sem hafi ef til vill riðið baggamuninn um, að hann tók húsnæðið á leigu, var, að leigugjaldið hafi verið tiltölulega lágt fyrir slíkt húsrými. Þessi lága leiga hafi m.a. ráðist af því, að viðurkennt hafi verið, að húsnæðið hafi ekki verið „fyrsta flokks", svo að vitnað sé til orða Ólafs Arnar.

Fullyrðingar gagnstefnanda um, að komist hafi á samkomulag á milli hans og gagnstefnda um, að hann hefði nánast frjálsar hendur um viðhald og endurbætur á húsnæðinu, séu því ósannaðar með öllu og auk þess harla ólíklegar.

Grundvöllur dómkrafna gagnstefnanda sé því með öllu brostinn, og beri að sýkna gagnstefnda af öllum kröfum gagnstefnanda.

Eftir standi að skoða, hvort efni séu til að dæma gagnstefnda til greiðslu einhvers hluta matsfjárhæðarinnar. Á það sé ekki fallist af hálfu gagnstefnda og í því sambandi bent á eftirfarandi:

Matsgjörðinni á dskj. nr. 24 sé í heild mótmælt sem óhæfum grundvelli neins konar fjárkröfu á hendur gagnstefnda. Svo sem fram komi í sjálfri matsgjörðinni, hafi slík mótmæli verið höfð uppi á matsstaðnum við sjálfa matsgjörðina.

Grundvelli matsgjörðarinnar, þ.e. matsbeiðninni, sé sérstaklega mótmælt sem rangri og villandi. Þetta komi ekki aðeins fram í því, að gagnstefnandi telji sig hafa framkvæmt ýmsa hluti, sem önnur gögn málsins, þ. á m. vitnaframburður, sem lagður sé fram í málinu, bendi til, að hafi alls ekki verið gerðir. Þá sé látið að því liggja í matsbeiðninni, einkum í svokallaðri aðilaskýrslu gagnstefnanda, að hér hafi verið um að ræða að meginefni

til nývirki. Gögn málsins segi allt aðra sögu. Í þeim felast upplýsingar um það, að lagfæringar hafi verið í því fólgnar að færa til veggi, sem fyrir voru, eða klæða veggi, sem klæddir hafi verið fyrir, og setja upp leiðslur og lagnir í stað þeirra, er fyrir voru.

Matsgjörðin sjálf sýnist byggja á því, að hér hafi verið um nývirki að ræða og mat lagt á kostnað slíkra framkvæmda. Þetta geri matsgjörðina ónothæfa sem grundvöll fjárkrafna á hendur gagnstefnda.

Vitnaframburði á dskj. nr. 7 - 9 sé mótmælt sem röngum og vilhöllum. Þar sem kallað sé að leggja steypu í gólf, sé nú komið í ljós, að hefur verið fólgið í því að gera við steypusprungur á gólfi, sem steypt hafi verið fyrir, sbr. framburð Ólafs Arnar á dskj. nr. 28. Athyglisverður sé framburður hans, eftir að hafa skoðað umrætt gólf, þar sem hann segi, að ástand þess eftir leiguafnot gagnstefnanda sé með áþekkum hætti og hann skildi við það á sínum tíma. Þetta segi okkur, að þær viðgerðir, hvenær sem þær hafi farið fram, á steypusprungum á gólfinu hafi ekki gengið lengra en það að bæta úr skemmdum, sem þá þegar höfðu orðið á því vegna umferðar og þungra tækja, sem gagnstefnandi hafi þurft vegna starfa sinna að fara með yfir gólfið.

Þá sé komið í ljós, sbr. vitnisburð Ámunda Ámundasonar á dskj. nr. 31, að ástæður þær, sem gagnstefnandi hafi haft uppi fyrir því, að hann skipti um innkeyrsluhurð, voru ekki þær, að gamla innkeyrsluhurðin hafi verið orðin svo tiltakanlega léleg, heldur hitt, að gagnstefnandi hefði þurft að stækka innkeyrsluhurðina vegna þeirra tækja, sem hann hafi þurft að koma inn og út úr húsinu.

Við mælingar hafi komið í ljós, að nýja hurðin sé 289 cm á breidd og 219 cm á hæð, en sú gamla 267 cm á breidd og 217 cm á hæð. Hurðaskiptin hafi farið fram, eins og áður sé getið, án alls samráðs við gagnstefnda og í raun án vitundar hans, og liggi hér alveg fyrir, að ástæður þess, að gagnstefnandi skipti um innkeyrsluhurð, voru aðrar en þær, sem hann hafi þegar tilgreint. Hér hafi ráðið þörf hans fyrir stærri innkeyrsludyr, en ekki það, sem hann hafi haldið fram áður, að þær gömlu hafi verið orðnar svo lélegar, að þær þjónuðu ekki tilgangi sínum.

Auk þeirra sýknuástæðna, sem að framan séu greindar og lúti að sjálfu kröfuréttarsambandinu og hinum tölulega grundvelli fjárkröfunnar, byggi gagnstefndi sýknukröfu sína á því, að gagnstefnandi hafi ekki borið sig að við mat og framkvæmd á hinum ætluðu endurbótum að því marki, sem þær þykja sannanlega hafa farið fram, á þann máta, sem lög um húsaleigusamninga nr. 44/1979 bjóði honum, sbr. VI. kafli laganna um viðhald leiguhúsnæðis. Væntanlega sé ágreiningslaust, að lögin skeri úr um réttarstöðu hvors aðila að þessu leyti, nema um annað hafi verið sannanlega samið.

Að því marki, sem gagnstefnandi þyki sannanlega hafa framkvæmt óhjákvæmilegt viðhald og endurbætur á húsnæðinu, sem leigusala, þ.e. gagnstefnda, hafi borið að greiða, þá hafi gagnstefndi glatað rétti sínum til að krefja leigusala um þær fjárhæðir af framangreindum ástæðum.

Niðurstaða.

Aðalsök.

Fram hefur komið í málinu, að aðalstefnandi og aðalstefndi gerðu með sér munnlegt samkomulag um, að stefndi tæki á leigu húsnæði stefnanda að Borgartúni 25, Reykjavík. Í upphafi leigutíma sömdu aðilar um ákveðna leigufjárhæð, er skyldi fylgja vísitölu. Í máli þessu krefur aðalstefnandi aðalstefnda um húsaleigu fyrir mánuðina júní 1987 til og með janúar 1988. Upplýst er, að aðalstefndi hafði umrætt húsnæði til umráða til janúarloka 1988. Ekki þykir sýnt fram á, að húsaleiga sú, sem stefnandi krefur um fyrir mánuðina júní til og með nóvember 1987, sé í ósamræmi við samkomulag aðila, og ber því að taka hana til greina.

Samkvæmt sátt, er málsaðilar gerðu í fógetarétti Reykjavíkur 19. janúar 1988, lofar aðalstefndi að rýma húsnæðið í síðasta lagi 28. janúar 1988. Ekki er í þessari sátt getið um leigugreiðslur. Með hliðsjón af framangreindri sátt aðila og gegn andmælum aðalstefnda þykir ósannað, að aðilar hafi samið um hærri húsaleigu fyrir mánuðina desember 1987 og janúar 1988 en mánuðina tvo þar á undan. Þykir aðalstefnandi því ekki eiga rétt á hærri húsaleigu fyrir þessa tvo síðustu mánuði en kr. 17.760 á mánuði.

Fyrir liggur, að málsaðilar gerðu með sér samning vorið 1987 um, að aðalstefndi greiddi leigu, kr. 10.000 á mánuði, fyrir afnot af lóð, og er aðalstefndi krafinn um lóðarleigu til 1. október 1987. Fullyrðingar aðalstefnda um, að afnotum hans af lóðinni hafi lokið fyrir þann tíma, teljast ósannaðar. Verður krafa aðalstefnanda um lóðarleigu mánuðina júní til og með september 1987 því tekin til greina.

Verður aðalstefndi því dæmdur til þess að greiða aðalstefnanda kr. 180.991 ásamt umkröfðum vöxtum.

Gagnsök.

Aðilar eru sammála um, að gagnstefnandi hafi tekið húsnæðið að Borgartúni 25 á leigu í því ástandi, sem það var í við upphaf leigutíma. Ágreiningur er hins vegar um það, hvort leigutakinn, gagnstefnandi í málinu, eða leigusali, gagnstefndi, skyldi bera kostnað af þeim endurbótum, er gerðar voru á húsnæðinu á leigutímanum.

Gagnstefnandi heldur því fram, að húsnæðið hafi verið svo lélegt, er hann tók það á leigu, að það hafi verið ónothæft, eins og það var. Samkomulag hafi orðið um það við gagnstefnda, að gagnstefnandi gerði

þær endurbætur á húsnæðinu, sem nauðsynlegar væru, til þess að hann gæti notað húsnæðið, og myndi gagnstefndi greiða gagnstefnanda fyrir þessar endurbætur í lok leigutíma.

Af hálfu gagnstefnda er því með öllu mótmælt, að um slíkt samkomulag hafi verið að ræða, og því algerlega mótmælt, að húsnæðið hafi ekki verið í leiguhæfu ástandi, er gagnstefnandi tók það á leigu.

Gagnstefnandi hefur leitt þrjú vitni, er komið hafa fyrir dóminn og gefið vitnaskýrslu. Þau eru Guðmundur Bjarni Yngvason, bróðir gagnstefnanda, Guðmundur Bjarni Guðmundsson, kunningi gagnstefnanda, og Jón Halldórsson. Vitnið Guðmundur Bjarni Yngvason, er var viðstatt, þegar samkomulag varð með málsaðilum um leigu á umræddu húsnæði, hefur í meginatriðum staðfest framburð gagnstefnanda. Vitnin Guðmundur Bjarni Guðmundsson og Jón Halldórsson hafa skýrt svo frá, að er þeir voru við vinnu hjá gagnstefnanda á árinu 1982, hafi gagnstefnda borið þar að, og hafi þeir heyrt hann segja við gagnstefnanda, að hann ætlaði að greiða fyrir þær lagfæringar, sem gagnstefnandi gerði á húsnæðinu við lok leigutíma. Þegar virtur er framburður þessara vitna hér fyrir dómi, þykir verða að telja í ljós leitt, að samkomulag málsaðila hafi verið með þeim hætti, sem gagnstefnandi heldur fram, og þykir framburður Garðars Hilmarssonar, tengdasonar gagnstefnda, ekki hnekkja þeirri niðurstöðu.

Með hliðsjón af framburði gagnstefnanda hér fyrir dómi þykir verða að skilja fullyrðingar hans um efni samkomulagsins á þann veg, að honum hafi verið heimilt að gera þær endurbætur, sem almennt séð væru nauðsynlegar, til þess að hann gæti notað húsnæðið, en ósannað þykir, að samið hafi verið um, að gagnstefndi greiddi þær endurbætur, sem nauðsynlegar væru til sérhæfðrar notkunar, sem atvinnurekstur gagnstefnanda kynni að krefjast. Ekki þykir sýnt fram á, að greiðsla fyrir þessar endurbætur skyldi koma til frádráttar leigugreiðslum eða að leigufjárhæð hafi verið lægri en almennt gerðist.

Kröfu sína um greiðslu fyrir endurbætur byggir gagnstefnandi á matsgjörð dómkvaddra matsmanna, þeirra Indriða Níelssonar og Björns Björnssonar.

Fyrir dóminn hafa komið vitnin Svavar Sigurðsson, Sigurður Rúnar Jónsson og Guðmundur Björnsson og borið um ástand umræddrs húsnæðis, er þeir voru starfsmenn Vélsmiðjunnar Þryms hf., er var til húsa í umræddu húsnæði fram til ársins 1979 eða 1980. Eftir að starfsemi Þryms hf. lauk, var Ólafur Arnar með húsnæðið á leigu fram til áramóta 1981/1982, og hefur hann borið vitni fyrir dóminum. Ekki hefur komið fram í málinu, að endurbætur hafi verið gerðar á húsnæðinu, eftir að starfsemi Þryms hf. lauk, þar til gagnstefnandi tók húsnæðið á leigu.

Þá hefur vitnið Arnþór Bjarnason lýst ástandi húsnæðisins, eins og það

kom honum fyrir sjónir, fljótlega eftir að gagnstefnandi tók það á leigu.

Dómendur fóru á vettvang og kynntu sér húsnæðið, eins og það er í dag, en nokkrar breytingar hafa átt sér stað á húsnæðinu, síðan leigutíma gagnstefnanda lauk.

Við mat á því, hvað teljist hæfileg greiðsla fyrir þær endurbætur, er gagnstefnandi gerði á húsnæðinu, er, með hliðsjón af framburði framangreindra vitna svo og vettvangsgöngu dómenda, tekið mið af því, hvað teljist hafa verið nauðsynlegar endurbætur almennt séð, til þess að gagnstefnandi gæti notað húsnæðið. Jafnframt er tekið tillit til rýrnunar á leigutímanum á þeim endurbótum, sem teljast hafa verið nauðsynlegar, enda hafa matsmenn borið fyrir dómi, að matsupphæðir miðist við nýtt.

Byggt er á framlagðri matsgjörð hinna dómkvöddu matsmanna, sem er í fjórtán liðum, enda hefur henni ekki verið hnekkt tölulega. Verður nú fjallað um hvern lið matsgerðarinnar sérstaklega.

1. Í aðilaskýrslu gagnstefnda er viðurkennt, að þurft hefði að lagfæra botnstykki í glugga. Með hliðsjón af því þykir mega fallast á, að eðlilegt hafi verið að skipta um glugga, og ber því að taka þennan lið matsgjörðarinnar til greina að fullu.

2. Í ljós þykir leitt, að innkeyrsluhurðir og lamir þeirra hafi verið lélegar svo og karmur. Við vettvangsskoðun var til staðar sú hurð, sem fyrir var, og gat dómurinn kynnt sér ástand hennar. Með hliðsjón af framansögðu þykir hæfilegt að taka til greina kr. 30.000 af fjárhæð þessa matsliðar.

3. Upplýst þykir, að steypa í verkstæðisgólfi hafi verið illa farin og nauðsyn hafi borið til þess að steypa í það. Upplýst er, að trégólf var í forstofu. Með hliðsjón af framburði vitna svo og ástandi húseignarinnar að öðru leyti verður að telja, að nauðsyn hafi borið til að lagafæra gólf þar verulega. Telur dómurinn hæfilegt að taka þennan lið til greina með kr. 50.000.

4. - 5. Telja verður, að þær endurbætur, sem metnar eru skv. liðum 4 og 5 í matsgjörð, hafi að nokkru verið nauðsynlegar, og jafnframt, að þær komi til með að nýtast húseiganda að vissu marki að leigutíma loknum. Með hliðsjón af framanrituðu þykir hæfilegt að taka þennan lið til greina með kr. 43.000.

6. Upplýst er, að salernisaðstaða var engin, og er þessi liður tekinn til greina að fullu.

7. Með hliðsjón af röksemdum, er fram koma varðandi lið 4 - 5, þykir mega taka þennan lið til greina með kr. 3.000.

8. Upplýst er, að rafmagn var ekkert í húsnæðinu, og verður þessi liður því tekinn til greina að fullu, enda sýnt, að gagnstefnandi gat ekki nýtt sér húsnæðið, án þess að rafmagn væri til staðar.

9. Ekki þykir sýnt fram á, að nauðsyn hafi borið til að leggja stétt við inngang.

10. Telja verður, að í atvinnuhúsnæði sé nauðsynlegt að hafa aðgang að vatni, og verður þessi liður því tekinn til greina að fullu.

11. Taka ber þennan lið til greina að fullu.

12. Með hliðsjón af framburði vitna um ásigkomulag húsnæðisins þykir hæfilegt að taka til greina kr. 20.000 af fjárhæð þessa matsliðar.

13. - 14. Ekki þykir tilefni til að taka þessa liði til greina, enda ekki sýnt fram á nauðsyn þeirra.

Niðurstaða málsins í gagnsök verður því sú, að gagnstefndi er dæmdur til að greiða gagnstefnanda kr. 200.100 ásamt umkröfðum vöxtum.

Fallast ber á, að kröfum í máli þessu verði skuldajafnað.

Málskostnaður verður ákveðinn í einu lagi í aðalsök og gagnsök, og með hliðsjón af málsatvikum öllum svo og úrslitum málsins í aðalsök og gagnsök þykir rétt, að aðalstefnandi og gagnstefndi greiði aðalstefnda og gagnstefnanda kr. 23.000 í málskostnað.

Dóminn kváðu upp Kristjana Jónsdóttir borgardómari og meðdómsmennirnir Magnús Guðjónsson húsasmíðameistari og Ragnar G. Ingimarsson prófessor. Uppkvaðning dóms þessa hefur dregist nokkuð vegna embættisanna dómsformanns.

Dómsorð:

Aðalstefndi, Eysteinn Yngvason, greiði aðalstefnanda, Guðna Helgasyni, kr. 180.991 með 33.6% ársvöxtum af kr. 25.750 frá 1. júní 1987 til 1. júlí 1987, með 36% ársvöxtum af kr. 53.817 frá þeim degi til 1. ágúst 1987, með 40.8% ársvöxtum af kr. 81.884 frá þeim degi til 1. september 1987, með 42% ársvöxtum af kr. 109.951 frá þeim degi til 1. október 1987, með 43.2% ársvöxtum af kr. 127.711 frá þeim degi til 1. nóvember 1987, með 45.6% ársvöxtum af kr. 145.451 frá þeim degi til 1. desember 1987, með 49.2% ársvöxtum af kr. 163.231 frá þeim degi til 1. janúar 1988, með 51.6% ársvöxtum af kr. 180.991 frá þeim degi til 1. mars 1988, með 45.6% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. maí 1988, með 44.4% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júlí 1988, með 52.8% ársvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst 1988, með 56.4% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1988, með 49.2% ársvöxtum frá þeim degi til 1. október 1988, með 33.6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1988, með 27.6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1988, með 24% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1989, en með dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Gagnstefndi greiði gagnstefnanda kr. 200.100 með 51.6% ársvöxtum

frá 28. janúar 1988 til 1. mars 1988, en með dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags, þannig, að áfallnir dráttarvextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 28. janúar 1989.

Fallist er á skuldajöfnuð krafna í máli þessu.

Aðalstefnandi og gagnstefndi, Guðni Helgason, greiði aðalstefnda og gagnstefnanda, Eysteini Yngvasyni, kr. 23.000 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 11. mars 1991.

Nr. 53/1990. **Árni Árnason**
(Baldur Guðlaugsson hrl.)
gegn
Samvinnusjóði Íslands hf.
(Eiríkur Tómasson hrl.) og
til réttargæslu viðskiptaráðherra
(Guðrún Margrét Árnadóttir hrl.) og
Seðlabanka Íslands
(Sigurður G. Guðjónsson hrl.).

Verðtrygging.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson og Gunnar M. Guðmundsson, settur dómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar 5. febrúar 1990, en hinn 26. janúar hafði hann fengið áfrýjunarleyfi frá dómsmálaráðherra skv. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Dómkröfur hans eru, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 931,23 krónu með 21,6% ársvöxtum frá 17. febrúar 1989 til 28. s.m., en með dráttarvöxtum skv. 10. gr., sbr. 14. gr., og 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar fyrir báðum dómum. Hann gerir ekki kröfur á hendur réttargæslustefndu.

Stefndi, Samvinnusjóður Íslands hf., krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Báðir réttargæslustefndu krefjast málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Hér fyrir dómi byggði áfrýjandi á sömu málsástæðum og lagarökum og í héraði, en áherslur voru þó, að því er ætla verður, nokkuð breyttar.

Fyrir Hæstarétti var því haldið fram af hálfu áfrýjanda í fyrsta lagi, að reglugerð nr. 18/1989 um lánskjaravísitölu til verðtryggingar sparifjár og lánsfjár, sem viðskiptaráðherra setti, sé ógild vegna valdþurrðar. Er bent á, að 2. mgr. 39. gr. laga nr. 13/1979 um stjórn efnahagsmála o.fl. segir: „Seðlabankinn skal birta vísi-

tölur, sem heimilt er að miða verðtryggingu sparifjár og lánsfjár við, ásamt vaxtakjörum.“ Enn fremur var bent á 1. mgr. 36. gr. sömu laga í þessu sambandi, en í því ákvæði segir: „Seðlabanki Íslands skal hafa umsjón með framkvæmd ákvæða þessa kafla. Hann veitir heimildir til verðtryggingar, nema hún sé heimiluð sérstaklega í lögum.“

Eins og í héraðsdómi greinir, var við hinn umdeilda útreikning hjá stefnda, Samvinnusjóði Íslands hf., farið eftir reglum í auglýsingu nr. 19/1989 um grundvöll lánskjaravísitölu til verðtryggingar sparifjár og lánsfjár. Þessi auglýsing var gefin út af Seðlabankanum, en staðfest af viðskiptaráðuneytinu. Fyrsta málsgrein auglýsingarinnar er þannig:

„Með heimild í 39. gr. laga nr. 13 frá 10. apríl 1979 um stjórn efnahagsmála o.fl., svo og í reglugerð viðskiptaráðuneytisins nr. 18/1989, um lánskjaravísitölu til verðtryggingar sparifjár og lánsfjár hefur Seðlabanki Íslands ákveðið, að grundvöllur lánskjaravísitölunnar, sbr. auglýsingu bankans frá 26. ágúst 1983, verði frá og með 1. janúar 1989 að 1/3 hluta vísitala framfærslukostnaðar skv. lögum nr. 5 frá 22. mars 1984, að 1/3 hluta vísitala byggingarkostnaðar skv. lögum nr. 42 frá 30. mars 1987 og 1/3 hluta launavísitala, sem Hagstofa Íslands reiknar og birtir mánaðarlega, sbr. lög nr. 63/1985, þar til sett hafa verið sérstök lög um launavísitölu.“

Ákvörðun sú, sem birt var með auglýsingu nr. 19/1989, var tekin af Seðlabankanum og uppfyllti lagakröfur um slíkar ákvarðanir. Eru ekki efni til að fjalla í þessu máli um valdmörk bankans og annarra stjórnvalda eða reglugerð nr. 18/1989. Verða kröfur áfrýjanda ekki teknar til greina á þeim grundvelli, að viðskiptaráðherra hafi brostið vald til að setja reglugerð nr. 18/1989.

Þá eru kröfur áfrýjanda á því reistar, að bein viðmiðun lánskjaravísitölu við laun sé óheimil eftir 7. kafla laga nr. 13/1979.

Í 34. gr. laga nr. 13/1979, en hún er í 7. kafla þeirra, segir: „Stefna skal að því að verðtryggja sparifé landsmanna og almannasjóða. Í því skyni er heimilt, eins og nánar greinir í þessum kafla, að mynda sparifjárreikninga og stofna til lánsviðskipta í íslenskum krónum eða öðrum verðmæli með ákvæðum þess efnis, að greiðslur, þar með taldir vextir, skuli breytast í hlutfalli við verðvísitölu eða gengi erlends gjaldeyris, sbr. 39. gr.“

Í 2. mgr. 36. gr. sömu laga segir: „Reglur um verðtryggingu skulu einkum við það miðaðar að tryggja allt sparifé, sem bundið er til þriggja mánaða eða lengur, gegn verðrýrnun af völdum verðhækkana."

Við skýringu á þessum lagaákvæðum ber að hafa í huga, að löggjafinn felur með þessu stjórnvöldum að ákveða, hvernig verðtryggingu er fyrir komið, og að orðin „verðvísitala" og „verðtrygging" verða ekki skýrð svo, að þau banni, að vísitala launa sé hluti lánskjaravísitölu. Verða kröfur áfrýjanda því ekki teknar til greina á grundvelli þessa atriðis.

Í þriðja lagi hefur áfrýjandi haldið því fram, að launavísitala sú, sem notast var við, þegar gerðir voru útreikningar á grundvelli auglýsingar nr. 19/1989, hafi ekki verið opinber skráð vísitala, svo sem þurft hafi að vera eftir 4. tölulið a í 1. mgr. 39. gr. laga nr. 13/1979.

Eins og í héraðsdómi segir, var vísitala launa samkvæmt lögum nr. 63/1985 um greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga reiknuð og birt af Hagstofu Íslands, og verður krafa áfrýjanda ekki tekin til greina á grundvelli þessarar málsástæðu.

Loks telur áfrýjandi, að skuldabréf það, sem stefndi, Samvinnusjóður Íslands hf., gaf út og mál þetta er sprottið af, hafi falið í sér loforð um, að verðbætur yrðu miðaðar við hina eldri útreikningsaðferð, svo sem lögmætt hafi verið á útgáfudegi bréfsins. Þurfi áfrýjandi ekki að hlíta breytingu á þessu.

Auglýsing nr. 19/1989 fjallaði um hluta af efnahagsstefnu ríkisstjórnar landsins og hafði lagastoð, samanber framanskráð. Hún varðaði ekki höfuðstól skuldabréfsins, sem áfrýjandi átti, heldur aðferð við útreikning verðbóta, en um það atriði hefur gengið á ýmsu, og hefur meðal annars verið ákveðið í lögum að takmarka heimildir til samninga um verðbætur, samanber til dæmis lög nr. 71/1966 um verðtryggingu fjárskuldbindinga sem þó rýmkuðu eldri heimildir. Reglurnar í auglýsingu nr. 19/1989 eru almenns eðlis og verður eigi jafnað til eignaupptöku. Verður áfrýjandi að hlíta þeim eins og aðrir, sem hafa hagsmuni af verðbótaákvörðunum, og getur ekki byggt á ákvæðum skuldabréfsins til að fá kröfum sínum framgengt hjá dómstólum.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta héraðsdóminn.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 19. desember 1989.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 21. nóvember sl., er höfðað af Árna Árnasyni framkvæmdastjóra, Fífumýri 13, Garðabæ, kt. 260449-2579, með stefnu, birtri 28. febrúar 1989, á hendur Samvinnusjóði Íslands hf., Ingólfsstræti 3, Reykjavík, kt. 691282-0829, og til réttargæslu þeim Jóni Sigurðssyni viðskiptaráðherra, Selbraut 15, Seltjarnarnesi, kt. 170441-4949, með starfsstöð í viðskiptaráðuneytinu, Arnarhváli, Reykjavík, og Seðlabanka Íslands, Kalkofnsvegi 1, Reykjavík, kt. 560269-4129.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi, Samvinnusjóður Íslands hf., verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 931,23 með 21,6% ársvöxtum frá 17. febrúar 1989 til 1. mars s.á., en með 24% ársvöxtum frá þeim degi til birtingardags stefnu 28. febrúar 1989, en frá þeim degi með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr., sbr. 14. gr., og 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 til greiðsludags. Þá er gerð krafa um, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu skv. mati dómsins, og beri málskostnaðarfjárhæðin dráttarvexti skv. 10. gr., sbr. 14. gr., og 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Ekki eru gerðar kröfur á hendur réttargæslustefndu, en þeim er stefnt til réttargæslu, svo að þeir eigi þess kost að koma að lagasjónarmiðum varðandi mál þetta.

Dómkröfur stefnda, Samvinnusjóðs Íslands hf., eru þær, að hann verði sýknaður af kröfu stefnanda í máli þessu og að stefnanda verði gert að greiða honum málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Réttargæslustefndi viðskiptaráðherra lýsir yfir stuðningi við sýknukröfu stefnda, Samvinnusjóðs Íslands hf., og gerir þær dómkröfur, að honum verði dæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi stefnanda og að málskostnaðarfjárhæðin beri dráttarvexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Af hálfu réttargæslustefnda Seðlabanka Íslands eru gerðar kröfur um hæfilegan málskostnað úr hendi stefnanda að mati réttarins og að málskostnaðarfjárhæðin beri dráttarvexti samkvæmt 10. gr., sbr. 14. gr., og 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Sættir hafa verið reyndar árangurslaust.

II.

Málavextir.

Stefnandi kveður málavexti vera þá, að hinn 10. febrúar 1986 hafi stefndi, Samvinnusjóður Íslands hf., gefið út skuldabréf með verðtryggingu, þar sem stefndi viðurkenndi að skulda Marel hf. kr. 100.000. Upphæðin hafi samkvæmt skuldabréfinu verið bundin lánskjaravísitölu með grunnvísitölu 1396, og skyldi höfuðstóll skuldarinnar breytast í hlutfalli við breytingar á vísitölunni frá grunnvísitölu til gjalddaga. Skuldina hafi borið að endurgreiða með einni afborgun hinn 10. febrúar 1989. Skuldin hafi ekki borið vexti. Stefnandi hafi keypt skuldabréf þetta hinn 14. febrúar 1986, og hafi það þá verið framselt honum.

Hinn 23. janúar 1989 hafi viðskiptaráðuneytið gefið út reglugerð nr. 18/1989 um lánskjaravísitölu til verðtryggingar sparifjár og lánsfjár. Þar hafi verið ákveðið, að grundvelli lánskjaravísitölu, sem hafi verið samsettur af vísitölu framfærslukostnaðar að 2/3 hlutum og vísitölu byggingarkostnaðar að 1/3 hluta, skyldi breytt þannig, að hann yrði samsettur að 1/3 hluta af vísitölu framfærslukostnaðar skv. l. nr. 5/1984, að 1/3 hluta af vísitölu byggingarkostnaðar skv. l. nr. 42/1987 og að 1/3 hluta af launavísitölu, sem Hagstofa Íslands reikni og birti mánaðarlega, sbr. l. nr. 63/1985, ,,þar til sett hafi verið lög um launavísitölu, en þá taki sú vísitala við". Tekið hafi verið fram í reglugerðinni, að lánskjaravísitalan samkvæmt reglugerðinni komi að öllu leyti í stað lánskjaravísitölu samkvæmt fyrra grundvelli. Þennan sama dag, 23. janúar 1989, hafi Seðlabanki Íslands gefið út nýja auglýsingu, nr. 19/1989, ,,um grundvöll lánskjaravísitölu til verðtryggingar sparifjár og lánsfjár". Hafi í auglýsingunni verið vísað til fyrrgreindrar reglugerðar nr. 18/1989 og auglýstur sá grundvöllur lánskjaravísitölu, sem þar sé ákveðinn. Hafi hin nýja lánskjaravísitala tekið gildi hinn 1. febrúar 1989.

Samkvæmt fyrra vísitölugrundvelli hefði lánskjaravísitala fyrir febrúar 1989 orðið 2330 stig, en samkvæmt hinum nýja vísitölugrundvelli hafi lánskjaravísitala fyrir febrúar 1989 orðið 2317 stig. Stefnandi hafi framvísað fyrrgreindu skuldabréfi til greiðslu hinn 17. febrúar 1989 í Samvinnubanka Íslands hf., Bankastræti 7, Reykjavík, svo sem tiltekið hafi verið í skuldabréfinu. Hafi honum þá verið greitt út í samræmi við útreikninga samkvæmt hinum nýja vísitölugrundvelli, en það hafi gert kr. 165.974,21. Stefnandi hafi tekið við greiðslu með þessum fyrirvara: ,,Með fyrirvara um rétt gildi L-vísit. sem er 2317 stig í útr., en ætti að vera 2330."

Hinn 23. febrúar 1989 hafi stefnandi síðan ritað stefnda og krafið hann um mismun þann, sem myndaðist við það, að stefndi lagði nýjan vísitölugrundvöll til grundvallar útreikningum skuldarinnar í stað fyrra vísitölugrundvallar, eins og stefnandi telji sig eiga rétt á að fá greitt samkvæmt.

Þá hefði skuldin hljóðað um kr. 166.905,44. Mismunurinn sé því kr. 931,23. Stefndi hafi ekki orðið við kröfu stefnanda um að greiða þennan mismun, og sé því málsókn þessi óhjákvæmileg. Stefnufjárhæðin svari umræddum mismuni.

Málsástæður stefnanda og lagarök.

Krafa stefnanda er á því byggð, að hann eigi rétt á því, að við útreikning á skuld stefnda við hann samkvæmt umræddu skuldabréfi skuli sá grundvöllur lánskjaravísitölunnar, er gilti, áður en reglugerð nr. 18/1989 og auglýsing Seðlabankans nr. 19/1989 voru gefnar út, lagður til grundvallar. Krafa stefnanda hér að lútandi byggist á eftirfarandi málsástæðum og lagarökum:

1. Um heimildir til verðtryggingar sparifjár og lánsfjár fari samkvæmt VII. kafla l. nr. 13/1979. Samkvæmt 2. mgr. 36. gr. þessara laga skuli reglur um verðtryggingu einkum við það miðaðar að tryggja bundið sparifé gegn verðrýrnun af völdum verðhækkana.

Í 40. gr. sömu laga segi, að heimilt sé að ákveða verðtryggingu í formi sérstaks verðbótaþáttar, sem tengdur sé verðlagsbreytingum. Af þessum ákvæðum sem og forsögu og tilgangi laga nr. 13/1979 telji stefnandi, að ráða megi, að ákvæði VII. kafla laga nr. 13/1979 séu á því byggð, að innlendar vísitölur skuli mæla almennar verðlagsbreytingar, en ekki breytingar á öðrum hagstærðum.

Lánskjaravísitala sú, sem Seðlabanki Íslands ákvað og birti sem heimilan verðtryggingargrundvöll eftir setningu laga nr. 13/1979, hafi allt frá upphafi og þar til reglugerð nr. 18/1989 og eftirfarandi auglýsing Seðlabankans voru gefnar út, verið samsett af vísitölu framfærslukostnaðar að 2/3 hlutum og vísitölu byggingarkostnaðar að 1/3 hluta. Báðar þessar vísitölur mæli verðlagsbreytingar á víðtæku sviði og séu, þegar þær komi saman í lánskjaravísitölu, mjög alhliða mælikvarði á verðlagsbreytingar. Við setningu laga nr. 13/1979 virðist hafa verið gengið út frá því, að framfærsluvísitala og vísitala byggingarkostnaðar yrðu notaðar til að mynda þá vísitölu, sem heimilt yrði að miða vísitölu fjárskuldbindinga við.

Í reglugerð nr. 18/1989 og eftirfarandi auglýsingu Seðlabankans hafi verið ákveðið, að lánskjaravísitalan skyldi frá og með 1. febrúar 1989 samanstanda að 1/3 af launavísitölu. Stefnandi telji, að ákvæði VII. kafla laga nr. 13/1979 heimili ekki, að tekin sé upp bein viðmiðun við launabreytingar, enda geti laun þróast á allt annan veg en almennt verðlag. Sé hin nýja lánskjaravísitala þegar af þeirri ástæðu ólögmæt og þar með ógild sem viðmiðun í útreikningi á skuld stefnda við hann skv. umræddu skuldabréfi. Beri því að leggja fyrri vísitölugrundvöll og útreikninga samkvæmt honum til grundvallar við útreikning skuldarinnar.

2. Jafnvel þótt talið yrði, að VII. kafli laga nr. 13/1979 stæði því ekki í vegi, að tekin væri upp bein viðmiðun við launabreytingar á grundvelli lánskjaravísitölu, telji stefnandi, að ekki hafi við setningu reglugerðar nr. 18/1989 og eftirfarandi auglýsingu Seðlabankans verið fullnægt því lagaskilyrði, sbr. a-lið 4. tölulíðar 39. gr. l. nr. 13/1979, að það sé skilyrði verðtryggingar skv. lögunum, að í grundvelli verðtryggingar sé miðað við opinbera skráða vísitölu eða vísitölur, eins og þær séu reiknaðar út á hverjum tíma. Stefnandi telji, að launavísitala sú, sem Hagstofa Íslands reiknar nú út samkvæmt lögum nr. 63/1985, uppfylli ekki þessi skilyrði. Bein viðmiðun við hana í grundvelli verðtryggingar standist því ekki og valdi því, að hin nýja lánskjaravísitala sé ólögmæt.

Enginn hafi tekið betur af öll tvímæli um þetta atriði en ríkisstjórnin sjálf í athugasemdum við stjórnarfrumvarp til laga um launavísitölu, sem ríkisstjórnin lagði fram á Alþingi í desember 1988.

Stefnandi telji, að nýja lánskjaravísitalan, sem að 1/3 hluta samanstandi af launavísitölu, sem Hagstofan reikni og birti skv. 6. gr. l. nr. 63/1985, sé því einnig ólögmæt, a.m.k. meðan ekki hafi verið sett lög um launavísitölu.

3. Samkvæmt 39. gr., sbr. 36. gr. l. nr. 13/1979, sé það Seðlabanki Íslands, sem veita skuli heimild til verðtryggingar og birta skuli vísitölur, sem heimilt sé að miða verðtryggingu lánsfjár við. Um slíkt hafi ekki verið að ræða hér, heldur hafi viðskiptaráðuneytið ákveðið breytingar á grundvelli lánskjaravísitölunnar með reglugerð nr. 18/1989 og hafi jafnframt ákveðið í sömu reglugerð, að Seðlabankinn skyldi birta auglýsingu um lánskjaravísitöluna á grundvelli þeirrar reglugerðar, sbr. síðan auglýsingu Seðlabankans nr. 19/1989.

Stefnandi telji, að viðskiptaráðuneytið bresti lagaheimild til að taka sér fyrir hendur að breyta grundvelli vísitölunnar og að auglýsing Seðlabankans, sem gefin hafi verið út samkvæmt slíkri forskrift ráðuneytisins og með vísan til hennar, standist því ekki heldur.

4. Loks sé krafa stefnanda á því reist, að jafnvel þótt talið yrði, að lög nr. 13/1979 heimiluðu beina viðmiðun við launabreytingar í grundvelli lánskjaravísitölu og að viðmiðun við þá launavísitölu, sem Hagstofa Íslands reiknar nú út skv. lögum nr. 63/1985, stæðist og að rétt hafi verið að breytingunni staðið, þá þurfi stefnandi ekki, gegn vilja sínum, að sæta því, að þessi nýja vísitala sé lögð til grundvallar í útreikningum á skuld stefnda við hann samkvæmt umræddu skuldabréfi, heldur eigi hann rétt á því, að sá vísitölugrundvöllur, er í gildi var, þegar til skuldbindingarinnar var stofnað, sé notaður við útreikning skuldarinnar.

Stefnandi byggir á því, að lánskjaravísitala skv. reglugerð nr. 18/1989 sé önnur vísitala en sú, sem um samdist við útgáfu stefnda á umræddu

skuldabréfi hinn 10/2 1986, sbr. og úrskurð úrskurðarnefndar skv. 44. gr. l. nr. 13/1979 á dskj. nr. 8. Samkvæmt skuldabréfinu skyldi skuldin bundin lánskjaravísitölu með grunnvísitölu 1396, og skyldi höfuðstóll skuldarinnar breytast í hlutfalli við breytingar á vísitölunni frá grunnvísitölu til gjalddaga. Enginn fyrirvari hafi verið gerður um, að skuldbinding stefnda skyldi breytast, ef grundvelli lánskjaravísitölu yrði breytt. Fjárskuldbindingin miðaðist við vísitölu, sem var samsett þannig, að henni hafi eingöngu verið ætlað að mæla almennar verðlagsbreytingar í landinu, þannig, að fram næðist verðtrygging lánsfjárhæðarinnar. Þótt aðilar lánssamnings þurfi augljóslega að una vissum lagfæringum á grundvelli lánskjaravísitölu, svo sem eins og leiðréttingum á og endurskoðun þess neyslugrundvallar, sem framfærslu- og byggingarvísitölur byggist á, þá geti það ekki tekið til eðlisbreytinga á sjálfum grundvellinum á borð við þá breytingu, sem ákveðin var með reglugerð nr. 18/1989, þegar upp sé tekin bein viðmiðun við launabreytingar. Túlka verði allar heimildir löggjafans, að ekki sé minnst á heimildir stjórnvalda til að grípa inn í samninga einkaréttarlegs eðlis, svo sem hér hafi verið gert, ákaflega þröngt. Augljóslega geti það ekki gengið sem röksemd gagnvart stefnanda, að hin nýja vísitala muni áreiðanlega, þegar til lengri tíma sé litið, mæla nokkurn veginn það sama og sú gamla. Stefnandi standi frammi fyrir þeirri staðreynd, að krafa hans á hendur stefnda sé lægri, ef miðað sé við hina nýju lánskjaravísitölu, en verða myndi, ef grundvöllur sá, sem fjárskuldbinding stefnda miðaðist við, þegar skuldabréfið var gefið út, sé notaður.

Verði fallist á það sjónarmið stefnanda, að hin nýja lánskjaravísitala skuli ekki lögð til grundvallar við útreikninga á kröfu hans á hendur stefnda skv. umræddu skuldabréfi, annaðhvort vegna þess að hún verði talin ólögmæt, bæði að því er varði eldri og yngri fjárskuldbindingar eða að því er varði fjárskuldbindingar, sem til var stofnað fyrir gildistöku hennar, svo sem fjárskuldbindingu stefnda skv. skuldabréfi því, sem um ræði í máli þessu, þá telji stefnandi, að leggja beri til grundvallar útreikningum og greiðslu skuldarinnar þá lánskjaravísitölu eða grundvöll lánskjaravísitölu, sem í gildi var, er reglugerð nr. 18/1989 og auglýsing Seðlabankans nr. 19/1989 voru gefnar út. Sé stefnukrafan á því byggð. Telji stefnandi einsýnt, að þá hljóti að eiga og mega styðjast við hinn eldri grundvöll lánskjaravísitölunnar, enda sé sá grundvöllur þekktur og vísitölubreytingar skv. honum útreiknanlegar og útreiknaðar, sbr. bréf Seðlabanka Íslands til lögmanns stefnanda á dskj. nr. 7, þar sem upplýst sé, hver lánskjaravísitala fyrir febrúar 1989 hefði orðið skv. áður gildandi vísitölugrundvelli.

Stefnandi tekur fram, að dráttarvaxta af stefnufjárhæðinni sé einungis krafist frá 17. febrúar 1989, en ekki frá gjalddaga skuldabréfsins hinn 10.

febrúar 1989, enda hafi stefnandi ekki framvísað skuldabréfinu til greiðslu fyrr en hinn 17. febrúar 1989.

Málsástæður og lagarök stefnda, Samvinnusjóðs Íslands hf.

Stefnandi heldur því m.a. fram, að viðskiptaráðherra hafi brostið vald til þess að lögum að gefa út reglugerð nr. 18/1989 með þeim hætti, sem gert var.

Í íslenskri stjórnskipan hafi ráðherrum sem æðstu handhöfum framkvæmdarvalds verið játað víðtækri heimild til þess að setja stjórnvaldsfyrirmæli, t.d. í formi reglugerða, svo framarlega sem slík fyrirmæli brjóti ekki í bága við sett lög. Í 3. mgr. 65. gr. l. nr. 13/1979 sé viðskiptaráðherra veitt sérstök heimild til þess „að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd VI., VII. og X. kafla" laganna. Löggjafinn hafi gagngert með þessum hætti veitt viðskiptaráðherra vald til þess að setja nánari ákvæði um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár til fyllingar ákvæðum VII. kafla laganna um það efni, en þau ákvæði feli í sér verulegt svigrúm, svo sem vikið verði að hér á eftir. Í 2. mgr. 39. gr. l. nr. 13/1979 sé svo fyrir mælt, að Seðlabanki Íslands skuli „birta vísitölur, sem heimilt sé að miða verðtryggingu sparifjár og lánsfjár við". Þetta ákvæði verði með engu móti skýrt svo, að það girði fyrir, að ráðherra sem æðsti handhafi framkvæmdarvalds á þessu sviði setji nánari reglur um grundvöll verðtryggingar en fram komi í lögunum sjálfum. Einungis sé gert ráð fyrir því, að Seðlabankinn sjái um að birta þær vísitölur, sem heimilt sé að miða verðtryggingu sparifjár og lánsfjár við, en það hafi bankinn einmitt gert í kjölfar þess, að ráðherra gaf út reglugerð sína, sbr. auglýsingu nr. 19/1989.

Þegar hvort tveggja sé virt, verði ekki séð, að viðskiptaráðherra hafi farið út fyrir valdmörk sín, þegar hann gaf út reglugerð nr. 18/1989. Spurning sé aftur á móti, hvort ákvæði hennar samrýmist fyrirmælum laga nr. 13/1979.

VII. kafli l. nr. 13/1979 fjalli um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár. Í 2. mgr. 36. gr. laganna sé mælt fyrir um það, hvaða markmið reglur um verðtryggingu skuli hafa, en þar segi orðrétt: „Reglur um verðtryggingu skulu einkum við það miðaðar að tryggja allt sparifé, sem bundið er til þriggja mánaða eða lengur, gegn verðrýrnun af völdum verðhækkana." Samkvæmt þessu ákvæði skuli meginmarkmið slíkra reglna vera að tryggja sparifé (og lánsfé) gegn verðrýrnun af völdum verðhækkana, en hins vegar verði ákvæðið ekki skýrt öðruvísi en svo, að taka megi mið af öðrum sjónarmiðum samhliða meginmarkmiðinu við setningu reglna um verðtryggingu, sbr. orðið „einkum".

Í 4. tl. 39. gr. laganna sé fjallað um grundvöll verðtryggingar. Í a-lið komi fram, að sé um að ræða skuldbindingu í íslenskum krónum, skuli

hann miðaður „við opinbera skráða vísitölu eða vísitölur eins og þær eru reiknaðar á hverjum tíma". Í frumvarpi því, sem síðar varð að lögum nr. 13/1979, hafi verið lagt til, að grundvöllur verðtryggingar skyldi miðaður „við opinbera skráða verðvísitölu", en í meðförum Alþingis hafi orðalaginu verið breytt í núgildandi horf.

Séu þessi tvö ákvæði laganna skoðuð, en þau lúti annars vegar að því, hvert skuli vera markmið reglna um verðtryggingu, og hins vegar, hver skuli vera grundvöllur verðtryggingar, verði með engu móti dregin sú ályktun af þeim, að bein viðmiðun við launabreytingar í grundvelli lánskjaravísitölu sé óheimil. Laun séu í raun og veru verð á vinnu, sem innt sé af hendi, og séu þau eflaust sá þáttur, sem mest áhrif hafi á þróun verðlags hér á landi, þ. á m. þróun framfærsluvísitölu og byggingarvísitölu og þar með lánskjaravísitölu samkvæmt lögum nr. 13/1979, eins og hún hafi verið reiknuð frá upphafi.

Við mat á því, hvort lánskjaravísitala sú, sem reiknuð sé á grundvelli reglugerðar nr. 18/1989, samrýmist fyrirmælum VII. kafla l. nr. 13/1979, beri „einkum" að líta til þess, hvort núgildandi lánskjaravísitala tryggi sparifé og lánsfé „gegn verðrýrnun af völdum verðhækkana". Í því sambandi sé fróðlegt að bera þróun lánskjaravísitölu samkvæmt reglugerð nr. 18/1989 saman við þróun lánskjaravísitölu samkvæmt eldri grundvelli. Við slíkan samanburð komi í ljós, að vísitalan þróist með svipuðum hætti, þegar litið sé til lengri tíma, hvort sem notaður sé eldri eða yngri grundvöllur, sbr. dskj. nr. 14 og 15. Að sjálfsögðu verði við þetta mat að leggja til grundvallar, svo sem gert sé bæði í stefnu og greinargerð stefnanda á dskj. nr. 1 og 2, hvort lánskjaravísitalan, svo sem hún sé samsett, fullnægi þeim kröfum um efni slíkrar vísitölu, sem sé að finna í VII. kafla l. nr. 13/1979. Hins vegar skipti ekki máli, hvort þær vísitölur, sem hún sé samsett af, fullnægi þeim kröfum einar sér.

Í a-lið 4. tl. 39. gr. l. nr. 13/1979 sé gerð sú formkrafa til þeirra vísitalna, sem myndi grundvöll verðtryggingar, að um sé að ræða „opinbera skráða vísitölu eða vísitölur". Aðilar máls þessa séu sammála um, að bæði framfærsluvísitala og byggingarvísitala séu opinberar skráðar vísitölur, en stefnandi líti svo á, að launavísitala sú, sem Hagstofa Íslands reiknar út samkvæmt lögum nr. 63/1985 um greiðslujöfnun verðtryggðra fasteignalána til einstaklinga, sé ekki opinber skráð vísitala í skilningi l. nr. 13/1979. Þótt vísitala þessi kunni að vera ófullkomin frá hagfræðilegu sjónarmiði, eins og fram komi í athugasemdum við stjórnarfrumvarp til laga um launavísitölu, verði ekki séð, að í fyrrgreindu lagaákvæði séu gerðar neinar efniskröfur til hinna opinberu skráðu vísitalna. Launavísitala samkvæmt lögum nr. 63/1985 sé reiknuð einu sinni í mánuði af Hagstofu Íslands og jafnframt skráð þar. Fullnægi sú vísitala þess vegna umræddri formkröfu.

Af framangreindu verði ekki annað ráðið en það, að ákvæði reglugerðar nr. 18/1979 séu að öllu leyti lögmæt, hvort sem litið sé til forms eða efnis reglugerðarinnar.

Sú grundvallarregla sé talin gilda í íslenskum rétti, að fjárhæðir í samningum skuli standa óhaggaðar þrátt fyrir breytingar á verðlagi eða öðrum aðstæðum, nema samningar geri berum orðum ráð fyrir slíkri breytingu. Í VII. kafla l. nr. 13/1979 sé að finna fyrirmæli um það, með hverjum hætti sé heimilt að verðtryggja sparifé og lánsfé. Lögin leggi þar með bann við því, að fé sé verðtryggt á annan hátt.

Svo sem rakið sé hér að framan, hafi grundvelli lánskjaravísitölu verið breytt með lögmætum hætti 23. janúar 1989, og hafi sú breyting tekið gildi frá og með 1. febrúar s.á. Þar með sé brostin lagaheimild fyrir því, að unnt sé að verðtryggja fé samkvæmt eldri grundvelli lánskjaravísitölu eftir þann tíma. Kröfu stefnanda á hendur stefnda skorti því lagastoð, og beri af þeim sökum að sýkna hann af kröfunni.

Í skuldabréfi því á dskj. nr. 3, sem mál þetta sé sprottið af, segi orðrétt: „Lán þetta er bundið lánskjaravísitölu með grunnvísitölu 1396. Höfuðstóll skuldarinnar breytist í hlutfalli við breytingar á vísitölunni frá grunnvísitölu til gjalddaga.“ Það komi hvorki fram í skuldabréfinu né öðrum gögnum þessa máls, að skuldbinding stefnda hafi miðast við breytingar á lánskjaravísitölu, sem skyldi samsett með tilteknum hætti. Í skuldabréfinu sé þvert á móti látið við það sitja að vísa til lánskjaravísitölu ótiltekið.

Stefnanda hafi verið ljóst eða mátt vera ljóst jafnt sem stefnda, að lánskjaravísitala væri breytingum undirorpin. Þannig hafi grundvöllur þessarar vísitölu verið ákveðinn af stjórnvöldum frá upphafi, enda komi heitið „lánskjaravísitala“ hvergi fyrir í lögum nr. 13/1979. Í ágústmánuði 1983 hafi útreikningi lánskjaravísitölu verið breytt að frumkvæði þáverandi ríkisstjórnar, en breyting þessi hafi leitt til þess, að hækkun vísitölunnar varð mun minni en ella hefði orðið haustið 1983. Þá hafi grundvelli framfærsluvísitölu og byggingarvísitölu verið breytt tvisvar frá árinu 1979, þ.e. framfærsluvísitölu með l. nr. 10/1981 og 5/1984 og byggingarvísitölu með lögum nr. 18/1983 og 42/1987. Jafnt grundvöllur sem útreikningur lánskjaravísitölu hafi því verið öðruvísi í upphafi en síðar varð.

Með tilvísun þeirri til lánskjaravísitölu, sem sé að finna á skuldabréfinu á dskj. nr. 3, hafi báðir málsaðilar fallist á það að miða við vísitölu, sem ákveðin skyldi af stjórnvöldum. Sú vísitala geti eins og aðrar efnahagsstærðir, sem ákvarðaðar séu af hinu opinbera, breyst frá einum tíma til annars, þ. á m. vegna efnahagsstefnu stjórnvalda á hverjum tíma. Breyting sú, sem gerð var á grundvelli lánskjaravísitölu með reglugerð nr. 18/1989, hafi verið óvenjuleg í þeim skilningi, að munur á þróun lánskjaravísitölu samkvæmt hinum nýja grundvelli sé mjög svipuð þróuninni (sic) samkvæmt

eldri grundvelli, sbr. dskj. nr. 14 og 15. Breyting þessi skipti og óverulegu máli fyrir stefnanda, þar eð verðbætur samkvæmt skuldabréfinu, sem greiddar skyldu í einu lagi þann 15. febrúar 1989, skertust aðeins um stefnufjárhæðina, kr. 931,23, og námu kr. 65.974,21 í stað kr. 66.905,44. Nemi stefnufjárhæðin aðeins 1,39% af þeim verðbótum, sem stefnandi telji sig hafa átt að fá greiddar úr hendi stefnda. Verði stefnandi að sætta sig við svo óverulega breytingu, enda hafi hún verið hvort tveggja í senn, lögmæt og réttlætanleg sem liður í efnahagsaðgerðum stjórnvalda til þess að draga úr því, sem nefnt hafi verið misgengi launa og lánskjara, sbr. dskj. nr. 10.

Ekki er gerð athugasemd af hálfu stefnda við tölulega útreikninga á kröfu stefnanda í máli þessu. Kröfu hans um dráttarvexti er ekki heldur mótmælt sem slíkri.

Málsástæður réttargæslustefnda viðskiptaráðherra.

Réttargæslustefndi viðskiptaráðherra kveðst gera sjónarmið aðalstefnda og réttargæslustefnda Seðlabanka Íslands að sínum, en kveðst árétta eftirtalin atriði sérstaklega:

Ekki sé fallist á það sjónarmið stefnanda, að um valdþurrð hafi verið að ræða af hálfu viðskiptaráðuneytisins við útgáfu reglugerðar nr. 18/1989. Í 3. mgr. 65. gr. l. nr. 13/1979 sé viðskiptaráðherra veitt sérstök heimild til að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd VI., VII. og X. kafla laganna. Með þessum hætti hafi löggjafinn veitt viðskiptaráðherra vald til að setja nánari ákvæði en þau, sem lögin sjálf hafi að geyma, um framkvæmd VII. kafla laganna, sem hér skipti einkum máli.

Í 2. mgr. 39. gr. l. nr. 13/1979 sé ákvæði þess efnis, að Seðlabanki Íslands skuli *birta* vísitölur, sem heimilt sé að miða verðtryggingu sparifjár og lánsfjár við. Rétt hafi þótt að birta reglulega þá tilteknu vísitölu, sem miðað yrði við og augljóslega yrði mikið notuð í lögskiptum, en fram til þessa höfðu vísitölur, þ.m.t. framfærslu- og byggingarvísitala, ekki verið birtar í Lögbirtingablaði eða Stjórnartíðindum, þótt þær væru gefnar út opinberlega. Ókleift sé að skýra ákvæðið svo, að það girði fyrir, að æðsti handhafi framkvæmdarvalds á þessu sviði setji nánari reglur um grundvöll verðtryggingar en þær, sem komi fram í lögunum sjálfum. Ákvæði laganna feli í sér verulegt svigrúm að þessu leyti. Meðan reglugerð skv. þessum lögum sé í gildi, sé Seðlabankinn bundinn um meðferð lögleyfðs valds síns af efni hennar, þegar hann ákveði nánar og birti verðtryggingarvísitölu. Með ofangreint í huga sé ókleift að komast að þeirri niðurstöðu, að viðskiptaráðherra hafi farið út fyrir valdmörk sín, svo sem stefnandi haldi fram.

Í málatilbúnaði sínum vísi stefnandi meðal annars til 2. mgr. 36. gr. l. nr. 13/1979. Þar komi fram, að reglur um verðtryggingu skuli einkum við

það miðaðar að tryggja bundið sparifé gegn verðrýrnun af völdum verðhækkana. Telji stefnandi, að ákvæði 7. kafla laganna heimili ekki, að tekin sé upp bein viðmiðun við launabreytingar, enda geti laun þróast á allt annan veg en almennt verðlag. Sé hin nýja lánskjaravísitala ólögmæt þegar af þeirri ástæðu.

Ekki sé unnt að fallast á þetta sjónarmið stefnanda frekar en önnur þau, sem hann reisi málsókn sína á. Í fyrsta lagi skuli á það bent, að skv. nefndri lagagrein skuli reglur um verðtryggingu „einkum" miðast við að tryggja sparifé gegn verðrýrnun af völdum verðhækkana. Þegar af þeirri ástæðu verði ákvæðið ekki skýrt svo, að það girði fyrir, að jafnframt sé tekið mið af breytingum skv. öðrum mælikvarða en framfærslukostnaði og byggingarkostnaði. Um þetta vísist að öðru leyti til umfjöllunar í greinargerð meðstefnda Samvinnusjóðs Íslands hf. Í annan stað skuli á það bent, að launabreytingar hafi frá upphafi haft áhrif á breytingar skv. lánskjaravísitölu. Í þeim efnum hafi ekki verið farið inn á nýjar brautir með hinni breyttu lánskjaravísitölu skv. auglýsingu nr. 19/1989. Þetta hafi orðið með þeim hætti, að bæði byggingarvísitala og framfærsluvísitala, sem frá upphafi hafi myndað hina samsettu lánskjaravísitölu, feli í sér launaliði. Um það vísist einkum til dskj. nr. 20, sem sé bréf frá hagstofustjóra til Ragnars Aðalsteinssonar hrl. Bréfið sé ódagsett, en muni hafa verið skrifað í febrúarmánuði 1989. Þá sé og vísað til grg. á dskj. nr. 14, 1. og 2. mgr. á bls. 4.

Í þessu bréfi komi m.a. fram, að vægi launa í byggingarvísitölu sé nú nálægt 50%. Á þeim tíma, sem lánskjaravísitala var fyrst tekin upp, hafi vægi launa í byggingarvísitölu verið enn hærra, 54,5%, sbr. dskj. nr. 21. Byggingarvísitala sé þannig í eðli sínu að verulegu leyti launavísitala. Hún hafi frá upphafi haft rúmlega þriðjungsvægi í hinni samsettu lánskjaravísitölu. Laun og launabreytingar hafi þannig allt frá byrjun haft veruleg áhrif á lánskjaravísitölu. Þetta staðfesti, að í framkvæmd hafi 2. mgr. 36. gr. l. nr. 13/1979 ekki verið skilin með þeim hætti, sem stefnandi haldi fram, þ.e., að launahækkanir geti ekki fallið undir það, sem í lagagreininni sé nefnt verðhækkanir.

Hið sama eigi jafnframt við um framfærsluvísitölu. Launaþátturinn hafi allnokkur áhrif á breytingar á henni og þar með á breytingar á lánskjaravísitölu. Í nefndu bréfi hagstofustjóra sé því lýst, hvernig launabreytingar hafi áhrif á breytingar á framfærsluvísitölu. Um það vísist til dskj. nr. 20.

Niðurstaðan af þessu sé sú, að launahækkanir hafi samtals haft meira en þriðjungsvægi í breytingu á lánskjaravísitölu. Það hlutfall hækki nokkuð með hinni breyttu lánskjaravísitölu. Að þessu leyti sé stigsmunur, en ekki eðlismunur á eldri og yngri lánskjaravísitölu. Þessi framkvæmd staðfesti, að frá upphafi hafi verið litið svo á, að hækkanir á launum, þjón-

ustu o.s.frv. hafi verið taldar rúmast innan hugtaksins verðhækkanir í 2. mgr. 36. gr. margnefndra laga.

Stefnandi byggi á því, að við setningu reglugerðar nr. 18/1989 og eftirfarandi auglýsingu Seðlabankans hafi ekki verið fullnægt því lagaskilyrði, sbr. a-lið 4. tl. 39. gr. l. nr. 13/1979, að í grundvelli verðtryggingar sé miðað við opinbera skráða vísitölu.

Þessu sjónarmiði stefnanda sé algerlega mótmælt. Hafið sé yfir vafa, að launavísitala sú, sem Hagstofa Íslands reiknar út samkvæmt l. nr. 63/1985, sé opinber skráð vísitala. Hér sé um að ræða lögbundna vísitölu, sem opinber aðili, Hagstofa Íslands, reikni út mánaðarlega og birti opinberlega í sérstökum tilkynningum, Hagtíðindum og fjölmiðlum, auk þess sem almenningur eigi aðgang að henni á Hagstofunni. Á það skuli jafnframt bent, að þessi vísitala sé gagngert til þess ætluð að hafa áhrif á greiðslu skuldbindinga innan ákveðins hluta íslensks lánamarkaðar.

Þá skuli áréttað, að þær breytingar á verðtryggingarheimildum, sem hér séu til umfjöllunar, séu ekki afturvirkar, þ.e. þær hrófli ekki við þegar áföllnum verðbótum skv. þegar gerðum fjárskuldbindingum.

Með tilvísun til „lánskjaravísitölu" án nánari skilgreiningar, sem sé að finna á skuldabréfi á dskj. nr. 3, hafi falist samkomulag málsaðila þess efnis, að höfuðstóll skuldabréfsins skyldi verðtryggður miðað við þær reglur, sem Seðlabankinn heimilaði á hverjum tíma. Seðlabankinn hafi heimilað verðtryggingu skv. eldri lánskjaravísitölu fram til útgáfu auglýsingar nr. 19/1989. Eftir það hafi hann heimilað verðtryggingu miðað við hina breyttu lánskjaravísitölu. Þetta séu hinar einu heimildir, sem veittar hafi verið til verðtryggingar á gildistíma skuldabréfsins. Öðrum heimildum til verðtryggingar þess háttar skuldbindinga sé ekki til að dreifa.

Haft skuli í huga, að sú breyting, sem gerð var á grundvelli lánskjaravísitölu, sé almenns eðlis. Hún nái þannig jafnt til allra samninga, sem tengdir séu lánskjaravísitölu. Breyting vísitölunnar helgist af efnahagslegum aðgerðum stjórnvalda, sem breytist frá einum tíma til annars. Ljóst sé, að dómstólar hafi talið þá vernd, sem 67. gr. stjórnarskrárinnar veiti eignarréttindum, þ. á m. kröfuréttindum, takmarkist af heimildum stjórnvalda til að gera efnahagslegar ráðstafanir, enda sé gætt almennra jafnræðissjónarmiða. Breyting lánskjaravísitölunnar nú falli að sjálfsögðu undir þetta. Stefnandi komist ekki hjá því frekar en aðrir að sætta sig við afleiðingar slíkra almennra efnahagsaðgerða.

Í þessu samhengi sé einnig vakin á því athygli, að grundvelli lánskjaravísitölu hafi áður verið raskað, án þess að vefengt hafi verið lögmæti afleiðinga þess á þegar gerðar fjárskuldbindingar. Þannig hafi grundvelli framfærsluvísitölu verið breytt með l. nr. 10/1981 og 5/1984. Enn fremur hafi grundvelli byggingarvísitölu verið breytt með l. nr. 18/1983 og

42/1987. Sérstök athygli skuli vakin á því, að hin síðastnefnda lagabreyting gerist eftir útgáfu þess skuldabréfs, sem mál þetta snýst um. Grundvöllur verðtryggingar þess skuldabréfs hafi því ekki verið með öllu óbreyttur frá útgáfu skuldabréfsins til birtingar auglýsingar nr. 19/1989.

Varðandi þann lið kröfugerðar, sem lýtur að dráttarvöxtum af málskostnaðarfjárhæð, vísast til 2. mgr. 175. gr. l. nr. 85/1936, sbr. 21. gr. l. nr. 54/1988. Enn fremur vísast til 10. gr. l. nr. 25/1987, sbr. 12. og 14. gr. s.l.

Málsástæður réttargæslustefnda Seðlabanka Íslands.

Réttargæslustefndi Seðlabanki Íslands telur, að beita hafi átt lánskjaravísitölu þeirri, sem tók gildi 1. febrúar 1989, við útreikning á greiðslu á skuld stefnda við stefnanda samkvæmt umræddu skuldabréfi, og verði stefnandi að hlíta því, að umrædd fjárskuldbinding stefnda, sem stofnað var til fyrir 1. febrúar 1989, breytist til samræmis við lánskjaravísitölu þá, sem tók gildi 1. febrúar 1989, þótt grundvelli hennar hafi verið breytt í samræmi við reglugerð nr. 18/1989.

Í VII. kafla laga nr. 13/1979 sé að finna ákvæði um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár. Í 1. mgr. 36. gr. þeirra laga segi t.d., að Seðlabanki Íslands skuli hafa umsjón með framkvæmd ákvæða þessa kafla. Hann veiti heimildir til verðtryggingar, nema hún sé heimiluð sérstaklega í lögum. Þá segi í 2. mgr. 39. gr., að Seðlabankinn skuli birta vísitölur, sem heimilt sé að miða verðtryggingu sparifjár og lánsfjár við, ásamt vaxtakjörum.

Viðskiptaráðherra sé síðan í 3. mgr. 65. gr. laga heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd VII. kafla laganna, sem hann hafi nú gert með setningu reglugerðar nr. 18/1989.

Þó svo að VII. kafli l. nr. 13/1979 nefni „verðvísitölu", „verðrýrnun af völdum verðhækkana", „verðtryggja", „tengdur verðlagsbreytingum", þá fallist réttargæslustefndi ekki á það, að viðmiðun við laun sé útilokuð í grundvelli lánskjaravísitölu, enda séu laun nú þegar t.d. hluti af byggingarvísitölu, sem hafi verið og sé enn grundvöllur lánskjaravísitölunnar, og hafi því bein áhrif á hana.

Það sé almennt viðurkennt, að laun séu verð á þjónustu, hliðstætt verði á vöru. Hefði löggjafinn ætlað sér að útiloka viðmiðun við laun í grundvelli vísitölu, sem heimilt væri að miða verðtryggingu sparifjár og lánsfjár við, hefði verið ástæða til að taka það sérstaklega fram í lögunum.

Þá fellst réttargæslustefndi ekki heldur á það sjónarmið stefnanda, að við setningu laga nr. 13/1979 „hafi verið gengið út frá því að framfærsluvísitala og vísitala byggingarkostnaðar yrðu notaðar til að mynda þá vísitölu, sem heimilt yrði að miða [illegible] fjárskuldbindinga við".

Þá telur réttargæslustefndi, að lagalega skipti ekki máli, hvort vísitölur

þær, sem hann birtir, séu „víðtækur og haldgóður mælikvarði á almennar verðlagsbreytingar og þar með grundvöllur verðtryggingar", enda þótt að hans mati sé æskilegt, að svo sé út frá verðtryggingarsjónarmiði, enda uppfylli núgildandi vísitala fullkomlega öll skilyrði í því efni.

Þá getur réttargæslustefndi ekki fallist á þá röksemd stefnanda, að launavísitala sú, sem Hagstofa Íslands reikni og birti mánaðarlega, sbr. lög nr. 63/1985 um greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga, uppfylli ekki skilyrði a-liðar 4. tl. 39. gr. l. nr. 13/1979.

Umræddur a-liður 4. tl. 1. mgr. 39. gr. l. nr. 13/1979 kveði skýrt á um það, að grundvöllur verðtryggingar geti verið opinber skráð vísitala „eða vísitölur eins og þær eru reiknaðar á hverjum tíma". Það sé sem sé ekki nauðsynlegt, að í grundvelli verðtryggingar sé miðað við opinbera skráða vísitölu, eins og stefnandi vilji vera láta. Tilvitnun stefnanda í athugasemdir við stjórnarfrumvarp til laga um launavísitölu, sem ríkisstjórnin lagði fram á Alþingi í desember 1988 og enn sé óafgreitt, þar sem talið sé, að eitt skilyrða verðtryggingar sé það, að miðað sé við opinbera skráða vísitölu, fái því ekki staðist skv. framansögðu. Auk þess sé umrædd launavísitala jafn-„opinber" og byggingar- og framfærsluvísitala, enda allar byggðar á lögum og reiknaðar út og birtar af Hagstofu Íslands.

Réttargæslustefndi geti ekki fallist á þá röksemd stefnanda, að lánskjaravísitala sú, sem tók gildi 1. febrúar 1989, sé ólögmæt vegna valdþurrðar viðskiptaráðuneytisins og viðskiptaráðherra. Viðskiptaráðherra hafi í 3. mgr. 65. gr. l. nr. 13/1979 heimild til að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd VII. kafla laganna. Með slíkri heimild hljóti viðskiptaráðherra að hafa heimild til að kveða á um nánari framkvæmd laga nr. 13/1979, þar á meðal grundvöll verðtryggingar.

Það, hvort um valdþurrð sé að ræða hjá viðskiptaráðherra við útgáfu reglugerðar nr. 18/1989, skipti þó ekki máli við úrlausn þessa máls, því að mestu máli skipti, að réttargæslustefndi hafi birt vísitölu með stoð í 39. gr. l. nr. 13/1979 til þess að miða verðtryggingu sparifjár og lánsfjár við. Önnur vísitala sé ekki í gildi í því skyni, og verði stefnandi því að sæta því, að hún sé lögð til grundvallar við útreikninga á skuld stefnda við hann skv. umræddu skuldabréfi, enda geri 44. gr. l. nr. 13/1979 beinlínis ráð fyrir því, að umreikna eigi á milli tveggja vísitölugrundvalla, þegar gerð sé breyting á grundvelli einhverrar vísitölu, sem leyfð hafi verið í verðtryggðum samningum.

Þá sé auk þess í sömu grein við það miðað, að sérstök nefnd felli úrskurð um það, hvernig umreikna skuli milli hinna tveggja vísitölugrundvalla. Umrædd nefnd hafi nú þegar fjallað um mál þetta og úrskurðað, að sú reikningsaðferð, sem Seðlabankinn lagði til, sé í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 18/1979.

Þriðja og fjórða grein umræddrar reglugerðar nr. 18/1989, sem sett sé með heimild í 3. mgr. 65. gr. l. nr. 13/1979, hafi að geyma nánari ákvæði um það, hvernig reikna skuli milli hinna tveggja vísitölugrundvalla, og sé erfitt að hugsa sér annars konar tengingu mismunandi vísitölugrundvalla. Röksemdir stefnanda miði hins vegar við það, að engin tenging eigi sér stað, sem aftur þýddi, að um tvær sjálfstæðar vísitölur væri að ræða, sem reikna þyrfti samhliða um ókomin ár.

Umrædd breyting á vísitölugrundvellinum sé almenn, þ.e. hún hafi áhrif á alla samninga verðtryggða með lánskjaravísitölu. Svo sé einnig um ástæðurnar fyrir því, að hún sé gerð. Þegar svo sé, sé talið heimilt að hafa áhrif á samningsréttarskyldur aðila, sbr. Ólaf Lárusson í Eignarrétti I frá 1950, bls. 35.

III.

Niðurstaða.

Krafa stefnanda byggist á skuldabréfi, sem lagt var fram af hans hálfu í ljósriti, en af málatilbúnaði hans kemur fram, að frumrit þess var afhent umboðsmanni stefnda, Samvinnusjóðs Íslands hf., er það var greitt.

Við munnlegan málflutning var frumrit bréfsins lagt fram af hálfu stefnda, Samvinnusjóðs Íslands hf., og í sama réttarhaldi var eftirfarandi bókað eftir lögmanni stefnda: „Lögmaður aðalstefnda lýsti því nú yfir, að af hálfu stefnda væri litið svo á, að þar sem bréfið væri ókvittað, þá hefði það verið afhent með þeim fyrirvara um greiðslu, sem fram kemur í kvittun á dskj. nr. 5, og væri því ekki mótmælt, að krafan ætti stoð sína í bréfinu."

Skuldabréf þetta er ókvittað og ber ekki með sér, að fullnaðargreiðsla samkvæmt því hafi farið fram.

Að svo komnu þykir mega taka málið til efnisúrlausnar.

Verður nú fjallað um málsástæður stefnanda í þeirri röð, sem þær koma fyrir í stefnu.

1. Stefnandi telur, að ákvæði VII. kafla l. nr. 13/1979 heimili ekki, að tekin sé upp bein viðmiðun við almennar launabreytingar, þar sem þær séu ekki mælikvarði á verðlagsbreytingar, enda geti laun þróast á allt annan veg en almennt verðlag.

Enda þótt lánskjaravísitala sú, sem notuð var við útreikning á skuld stefnda samkvæmt skuldabréfinu, hafi að 1/3 grundvallast á launavísitölu, þá verður ekki á það fallist með stefnanda, að sá verðtryggingargrundvöllur sé ólögmætur. Laun eru verð á vinnu og þjónustu, og hafa launabreytingar þannig áhrif á almennt verðlag. Má því nota þær sem verðmæli, enda verður ekki af orðalagi laganna ráðið, að ætlunin hafi verið að útiloka verð á vinnu og þjónustu sem viðmiðun í grundvelli verðtryggingar.

Í þessu sambandi má benda á, að laun hafa haft bein áhrif á þróun bygg-

ingarvísitölu og hafa þannig áhrif á þróun lánskjaravísitölunnar, og er óumdeilt í máli þessu, að slíkt sé heimilt.

2. Stefnandi telur, að við setningu reglugerðar nr. 18/1989 og eftirfarandi auglýsingu Seðlabankans hafi ekki verið gætt ákvæða a-liðar 4. tl. 1. mgr. 39. gr. l. nr. 13/1979 um, að „miðað sé við opinbera skráða vísitölu eða vísitölur eins og þær eru reiknaðar á hverjum tíma".

Ekki verður á þetta fallist, þar sem launavísitala sú, sem hér um ræðir, er samkvæmt ákvæðum 6. gr. l. nr. 63/1985 reiknuð út og birt af Hagstofu Íslands. Er þannig fullnægt þeirri formkröfu, sem gerð er um grundvöll verðtryggingar samkvæmt framangreindu lagaákvæði.

3. Seðlabanki Íslands veitir heimildir til verðtryggingar og skal birta vísitölur, sem heimilt er að miða verðtryggingar lánsfjár við, skv. 1. mgr. 36. gr. og 2. mgr. 39. gr. l. nr. 13/1976.

Á grundvelli þessara heimilda ákvað Seðlabankinn samsetningu þeirrar lánskjaravísitölu, sem í gildi var, áður en umdeild breyting á grunni vísitölunnar átti sér stað. Á sama hátt hafði Seðlabanki Íslands heimild til þess að breyta þeirri samsetningu, svo framarlega sem fylgt var öðrum ákvæðum laganna um form og efni vísitölunnar.

Með auglýsingu nr. 19/1989, sem Seðlabanki Íslands birti í kjölfar reglugerðar viðskiptaráðherra nr. 18/1989, var þannig tekin lögmæt ákvörðun um breytingu á samsetningu lánskjaravísitölunnar.

4. Loks byggir stefnandi á því, að hann þurfi ekki gegn vilja sínum að sæta því, að hin nýja vísitala sé lögð til grundvallar í útreikningum á skuld stefnda við hann samkvæmt umræddu skuldabréfi.

Krafa stefnanda byggist, eins og áður greinir, á skuldabréfi, sem liggur frammi í málinu í frumriti. Skuldabréf þetta fullnægir formskilyrðum laga nr. 13/1979 um verðtryggingu lána, og er ekki ágreiningur um það í málinu. Um verðtryggingu kröfunnar segir svo í skuldabréfinu: „Lán þetta er bundið lánskjaravísitölu með grunnvísitölu 1396. Höfuðstóll skuldarinnar breytist í hlutfalli við breytingar á vísitölunni frá grunnvísitölu til gjalddaga." Að öðru leyti er enginn sérstakur fyrirvari gerður í bréfinu um breytingar, sem kunni að verða á grunni lánskjaravísitölunnar.

Í 44. gr. l. nr. 13/1979 er gert ráð fyrir því, að breyting kunni að verða á grundvelli og/eða útreikningi verðtryggingar. Samkvæmt grein þessari er gert ráð fyrir því, að sérstök nefnd umreikni vísitöluna milli eldri og yngri grundvallar.

Verður að telja, að málsaðilar verði að sætta sig við þær breytingar á vísitölugrunni, sem heimilar eru samkvæmt lögum þessum, enda er ekki gerður sérstakur fyrirvari um annað í lánssamningnum.

Ekki er í 44. gr. laga nr. 13/1979 eða öðrum ákvæðum þeirra að finna skýra vísbendingu um það, hvar mörk leyfilegrar breytingar á vísitölugrunni

liggja. Ljóst er þó, að þær breytingar verða að uppfylla lagaskilyrði verðtryggingar samkvæmt 39. gr. laganna. Kemur hér einkum til álita, hvort heimilt hafi verið að nota launavísitölu sem hluta grundvallar verðtryggingar, þannig að fullnægt sé ákvæðum a-liðar 4. tl. 39. gr. laganna. Það skilyrði laganna telst vera uppfyllt, svo sem fyrr greinir í umfjöllun um 2. málsástæðu stefnanda. Þá ber og að líta til þess, að hér er um að ræða almenna breytingu á lánskjaravísitölu, sem er ætlað að hafa áhrif á alla samninga þannig verðtryggða.

Samkvæmt framansögðu verður stefnandi því að sæta þeirri breytingu, sem varð á grundvelli lánskjaravísitölunnar í lögskiptum hans við stefnda. Ber því að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dóminn kváðu upp Sigríður Ólafsdóttir borgardómari, Eggert Óskarsson borgardómari og Allan Vagn Magnússon borgardómari.

Dómsorð:

Stefndi, Samvinnusjóður Íslands, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Árna Árnasonar, Fífumýri 13, Garðabæ, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 11. mars 1991.

Nr. 210/1990. **Lífeyrissjóður byggingarmanna**
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)
gegn
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
(Guðrún Margrét Árnadóttir hrl.).

Verðtrygging.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. maí 1990. Hann gerir þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 256.653,40 krónur með 40,8% dráttarvöxtum á ári frá 20. desember 1989 til 1. febrúar 1990, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Eins og lýst er í héraðsdómi, heldur áfrýjandi því fram, að viðskiptaráðherra hafi ekki haft heimild til setningar reglugerðar nr. 18/1989 um lánskjaravísitölu til verðtryggingar sparifjár og lánsfjár. Bendir áfrýjandi á, að í 2. mgr. 39. gr. laga nr. 13/1979 um stjórn efnahagsmála o.fl. segir: „Seðlabankinn skal birta vísitölur, sem heimilt er að miða verðtryggingu sparifjár og lánsfjár við, ásamt vaxtakjörum.“ Þá bendir hann og á 1. mgr. 36. gr. laganna, þar sem segir: „Seðlabanki Íslands skal hafa umsjón með framkvæmd ákvæða þessa kafla. Hann veitir heimildir til verðtryggingar, nema hún sé heimiluð sérstaklega í lögum.“

Eins og í héraðsdómi greinir, var við hinn umdeilda útreikning hjá stefnda farið eftir reglum í auglýsingu nr. 19/1989 um grundvöll lánskjaravísitölu til verðtryggingar sparifjár og lánsfjár. Þessi auglýsing var gefin út af Seðlabankanum, en staðfest af viðskiptaráðuneytinu. Fyrsta málsgrein auglýsingarinnar er þannig:

„Með heimild í 39. gr. laga nr. 13 frá 10. apríl 1979 um stjórn efnahagsmála o.fl., svo og í reglugerð viðskiptaráðuneytisins nr. 18/1989, um lánskjaravísitölu til verðtryggingar sparifjár og lánsfjár hefur Seðlabanki Íslands ákveðið að grundvöllur lánskjaravísitölunnar, sbr. auglýsingu bankans frá 26. ágúst 1983, verði frá og með 1. janúar 1989 að 1/3 hluta vísitala framfærslukostnaðar skv. lögum nr. 5 frá 22. mars 1984, að 1/3 hluta vísitala byggingarkostnaðar skv. lögum nr. 42 frá 30. mars 1987 og að 1/3 hluta launavísitala, sem Hagstofa Íslands reiknar og birtir mánaðarlega, sbr. lög nr. 63/1985, þar til sett hafa verið sérstök lög um launavísitölu."

Ákvörðun sú, sem birt var með auglýsingu nr. 19/1989, var tekin af Seðlabankanum og uppfyllti lagakröfur um slíkar ákvarðanir. Eru ekki efni til að fjalla í þessu máli um valdmörk bankans og annarra stjórnvalda eða reglugerð nr. 18/1989. Verða kröfur áfrýjanda ekki teknar til greina á þeim grundvelli, að viðskiptaráðherra hafi brostið vald til að setja reglugerð nr. 18/1989.

II.

Þá reisir áfrýjandi kröfur sínar á því, að bein viðmiðun lánskjaravísitölu við laun sé óheimil eftir VII. kafla laga nr. 13/1979 og andstæð tilgangi þeirra og markmiðum. Vísitalan, sem áður var notuð, hafi verið almennur mælikvarði á verðlagsþróun, en hin nýja vísitala sé allt annars eðlis og mæli einungis það, sem stjórnvöld ákveða, að hún mæli hverju sinni. Þar með sé hún ekki lengur sú vísitala, sem kveðið er á um í VII. kafla laga nr. 13/1979.

Í 34. gr laga nr. 13/1979, en hún er í VII. kafla þeirra, segir: „Stefna skal að því að verðtryggja sparifé landsmanna og almannasjóða. Í því skyni er heimilt, eins og nánar greinir í þessum kafla, að mynda sparifjárreikninga og stofna til lánsviðskipta í íslenskum krónum eða öðrum verðmæli með ákvæðum þess efnis, að greiðslur, þar með taldir vextir, skuli breytast í hlutfalli við verðvísitölu eða gengi erlends gjaldeyris, sbr. 39. gr."

Í 2. mgr. 36. gr. sömu laga segir: „Reglur um verðtryggingu skulu einkum við það miðaðar að tryggja allt sparifé, sem bundið er til þriggja mánaða eða lengur, gegn verðrýrnun af völdum verðhækkana."

Við skýringu á þessum lagaákvæðum ber að hafa í huga, að lög-

gjafinn felur með þessu stjórnvöldum að ákveða, hvernig verðtryggingu er fyrir komið, og að orðin „verðvísitala“ og „verðtrygging“ verða ekki skýrð svo, að þau banni, að vísitala launa sé hluti lánskjaravísitölu. Verða kröfur áfrýjanda því ekki teknar til greina á grundvelli þessa atriðis.

III.

Í þriðja lagi heldur áfrýjandi því fram, að launavísitala sú, sem notast var við, þegar gerðir voru útreikningar á grundvelli auglýsingar nr. 19/1989, hafi ekki verið opinber skráð vísitala, svo sem þurft hafi að vera eftir 4. tölulið a í 1. mgr. 39. gr. laga nr. 13/1979.

Eins og í héraðsdómi segir, var vísitala launa samkvæmt lögum nr. 63/1985 um greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga reiknuð og birt af Hagstofu Íslands, og verður krafa áfrýjanda ekki tekin til greina á grundvelli þessarar málsástæðu.

IV.

Loks telur áfrýjandi, að skuldabréf það, sem stefndi gaf út og mál þetta er sprottið af, hafi falið í sér loforð um, að verðbætur yrðu miðaðar við hina eldri útreikningsaðferð, svo sem lögmætt hafi verið á útgáfudegi bréfsins. Þurfi áfrýjandi ekki að hlíta breytingu á þessu, sbr. 67. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944.

Auglýsing nr. 19/1989 fjallaði um hluta af efnahagsstefnu ríkisstjórnar landsins og hafði lagastoð. samanber framanskráð. Hún varðaði ekki höfuðstól skuldabréfsins, sem áfrýjandi átti, heldur aðferð við útreikning verðbóta, en um það atriði hefur gengið á ýmsu, og hefur meðal annars verið ákveðið í lögum að takmarka heimildir til samninga um verðbætur, samanber til dæmis lög nr. 71/1966 um verðtryggingu fjárskuldbindinga, sem þó rýmkuðu eldri heimildir. Reglurnar í auglýsingu nr. 19/1989 eru almenns eðlis og verður eigi jafnað til eignaupptöku. Verður áfrýjandi að hlíta þeim eins og aðrir, sem hafa hagsmuni af verðbótaákvörðunum, og getur ekki byggt á ákvæðum skuldabréfsins til að fá kröfum sínum framgengt hjá dómstólum.

Samkvæmt framansögðu ber að staðfesta héraðsdóminn.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 30. apríl 1990.

1.0.

Mál þetta, sem tekið var til dóms föstudaginn 20. apríl sl., hefur Lífeyrissjóður byggingarmanna, kt. 600970-0389, Suðurlandsbraut 30, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, þingfestri 25. janúar 1990, á hendur Ólafi Ragnari Grímssyni, kt. 140543-3229, Barðaströnd 5, Seltjarnarnesi, fjármálaráðherra, f.h. ríkissjóðs Íslands, kt. 540269-6459.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til greiðslu vangoldins hluta afborgunar vaxta og verðbóta af skuldabréfi með gjalddaga hinn 19. desember 1989, að fjárhæð kr. 256.653,40, með 40,8% dráttarvöxtum á ári frá 20. desember 1989 til 1. febrúar 1990, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands að teknu tilliti til virðisaukaskatts lögum samkvæmt.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati réttarins.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

2.0.

Stefnandi segir málsatvik vera þau, að hinn 19. desember 1986 hafi stefndi, ríkissjóður Íslands, gefið út skuldabréf til stefnanda. Höfuðstóll skuldarinnar hafi verið kr. 18.000.000 og skyldi endurgreiðast með sex jöfnum árlegum afborgunum hinn 19. desember ár hvert, í fyrsta sinn 19. desember 1987. Skuldin beri fasta 9% ársvexti, sem greiðist árlega eftir á af skuldinni, eins og hún sé á gjalddaga að viðbættum verðbótum.

Skuldin samkvæmt skuldabréfinu sé bundin lánskjaravísitölu samkvæmt lögum nr. 13/1979, og beri að hækka hverja greiðslu afborgunar og vaxta um þá hækkun, sem hverju sinni hafi orðið á grunnvísitölu bréfsins, þ.e. 1542 stigum, til gildandi vísitölu á gjalddaga. Tekið sé fram í texta skuldabréfsins, að um sé að ræða „skuldabréf með fullri verðtryggingu samkvæmt lánskjaravísitölu".

Á útgáfudegi bréfsins hafi verið í gildi ákvörðun Seðlabanka Íslands með heimild í VII. kafla laga nr. 13/1979 um lánskjaravísitölu, sem hafi verið samsett af vísitölu framfærslukostnaðar að ⅔ hlutum og vísitölu bygging-

arkostnaðar að ⅓ hluta. Með reglugerð nr. 18 frá 23. janúar 1989 hafi ráðherra ákveðið, að grundvelli lánskjaravísitölu skyldi breytt þannig, að hann skyldi samsettur að ⅓ hluta af vísitölu framfærslukostnaðar, sbr. lög nr. 5/1985, að ⅓ hluta af vísitölu byggingarkostnaðar, sbr. lög nr. 42/1987, og að ⅓ hluta af launavístölu, sem Hagstofa Íslands reikni og birti mánaðarlega, sbr. lög nr. 63/1985. Í reglugerðinni segi, að lánskjaravísitalan komi að fullu í stað fyrri lánskjaravísitölu. Seðlabanki Íslands hafi hinn 23. janúar 1989 með tilvísun í reglugerðina auglýst (nr. 19/1989) hina nýju vísitölu, og hafi vísitalan tekið gildi 1. febrúar 1989.

Hinn 12. desember 1989 hafi lögmaður stefnanda ritað stefnda bréf og tilkynnt honum, að skuldabréfið væri vistað hjá honum. Bæri stefnda á næsta gjalddaga skuldabréfsins, hinn 18. desember 1989, að greiða kr. 7.458.832,40, sem lögmaðurinn hafi sundurliðað þannig:

Afborgun pr. 19.12. 1989	kr.	3.000.000,00
9% vextir af kr. 12.000.000,00 í 360 daga	kr.	1.080.000,00
	kr.	4.080.000,00
Verðbætur m/v vt. 2819 stig í des. 1989	kr.	3.378.832,40
Samtals	kr.	7.458.832,40

Greindu bréfi hafi ríkisféhirðir svarað með bréfi, dagsettu 15. desember 1989, þar sem fram hafi komið, að stefndi féllist ekki á að greiða þá hækkun, sem leitt hafi af hækkun lánskjaravísitölu frá grunnvísitölunni 1542 í 2819, heldur frá 1542 í 2722. Væri það hin opinbera lánskjaravísitala. Hinn 19. desember 1989 hafi stefndi greitt lögmanni stefnanda kr. 7.202.179, sem hann hafi tekið á móti með fyrirvara um, að krafist yrði greiðslu samkvæmt lánskjaravísitölustiginu 2819 í stað 2722.

Stefnufjárhæðin skýrist því þannig:

Krafa stefnanda	kr.	7.458.832,40
Innágreiðsla stefnda	÷ kr.	7.202.179,00
Samtals	kr.	256.653,40

Mismunurinn, kr. 256.653,40, sé stefnufjárhæðin, og stafi hann einungis af ágreiningi um það, á hvern hátt skuli reikna verðbætur á skuldina 19. desember 1989.

Eins og áður greini, hafi verið ákveðið með reglugerð 23. janúar 1989 að gefa út nýja lánskjaravísitölu í stað þeirrar, sem í gildi hafi verið, og hafi Seðlabanki Íslands auglýst hina nýju vísitölu hinn 23. janúar 1989. Hin nýja (eða breytta) vísitala hafi verið 2722 stig í desember 1989, en hefði átt að vera 2819 stig, ef hin eldri (eða óbreytta) vísitala hefði enn gilt samkvæmt útreikningi Seðlabanka Íslands. Stefndi telji sig lausan allra mála

með því að greiða verðhækkun samkvæmt hinni nýju lánskjaravísitölu, en stefnandi telji stefnda skylt að greiða samkvæmt þeirri vísitölu, sem í gildi hafi verið, þegar skuldabréfið hafi verið gefið út hinn 19. desember 1986, að viðbættum verðlagshækkunum. Stefnandi telur, að miða beri við lánskjaravísitöluna 2819 í desember 1989, en stefndi telur, að miða beri við lánskjaravísitöluna 2722.

3.0.

Stefndi segir málsástæður sínar vera eftirgreindar:

Markmið verðtryggingar samkvæmt VII. kafla laga nr. 13/1979 um stjórn efnahagsmála o.fl. sé að tryggja, að höfuðstóll skuldar, sem tengd sé vísitölu samkvæmt lögunum, breytist á sama hátt og almenn verðlagsþróun í landinu. Um þetta segi í ákvæði til bráðabirgða í lok VI. kafla laga nr. 13/1979: „...verði í áföngum komið á verðtryggingu sparifjár og inn- og útlána, sbr. VII. kafla þessara laga um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár. Meginreglan verði sú, að höfuðstóll skuldar breytist með verðlagsþróun....“

Síðar í 34. gr. laganna segi, að heimilt sé „að mynda sparifjárreikninga og stofna til lánsviðskipta í íslenskum krónum eða öðrum verðmæli með ákvæðum þess efnis, að greiðslur, þar með taldir vextir, skuli breytast í hlutfalli við verðvísitölu eða gengi erlends gjaldeyris, sbr. 39. gr.“.

Þá segi í 36. gr., 2. mgr., laganna, að reglurnar um verðtryggingu „skulu einkum við það miðaðar að tryggja allt sparifé, sem bundið er til þriggja mánaða eða lengur, gegn verðrýrnun af völdum verðhækkana“.

Í 39. gr., 4. tl., segi, að það sé meðal skilyrða verðtryggingar samkvæmt lögunum, „að grundvöllur verðtryggingar sé sem hér segir: a) Miðað sé við opinbera skráða vísitölu eða vísitölur eins og þær eru reiknaðar á hverjum tíma....“

Í 40. gr., 2. mgr., laganna sé talað um „... að ákveða verðtryggingu því formi, að sérstakur verðbótaþáttur vaxta, sem sé tengdur verðlagsbreytingum með formlegum hætti ....“.

Í athugasemdum við 38. gr. frumvarpsins (39. gr. laganna) segi m.a.: „4) Ætla má, að meginreglan verði sú, að vísitala framfærslukostnaðar eða vísitala byggingarkostnaðar verði notaðar sem verðmælir í verðtryggðum samningum og skuldbindingum. Þessar vísitölur eru nú algengasti verðlagsmælirinn. ....“

Í 44. gr. laganna sé fjallað um sérfræðinganefnd manna, sem Hæstiréttur og Seðlabanki Íslands tilnefni undir forystu hagstofustjóra, sem fjalla skuli um breytingar á grundvelli einhverrar leyfðrar vísitölu og umreikning milli tvenns konar vísitölugrundvallar.

Stefnandi byggi á því, að í framangreindum lagaákvæðum og athuga-

semdum við frumvarpið komi fram með skýrum og ótvíræðum hætti, að verið sé að koma á hlutlægri verðtryggingu fjárskuldbindinga, en með því eigi stefnandi við, að sú verðtrygging, sem mælt sé fyrir um í 39. gr., skuli tryggja það, sem um sé getið í bráðabirgðaákvæðinu í lok VI. kafla laganna, þ.e., að fjárhæð fjárskuldbindingar breytist með verðlagsþróun. Með verðlagsþróun sé átt við almenna verðlagsþróun, sem leitast skuli við með faglegum hætti að mæla eða reikna (sbr. 39. gr., 4. tl. a) og setja mælingarnar eða útreikningana fram í formi vísitölu. Grundvöllurinn undir verðtryggingunni skuli vera miðaður við opinbera skráða vísitölu eða vísitölur, eins og þær séu reiknaðar á hverjum tíma. Til að mæla eða reikna verðbreytingar fari fram fagleg athugun á öllum þeim þáttum, sem ákvarði almennt verðlag í landinu, og síðan sé fylgst með breytingum á verði þessara þátta. Vísitölustigið breytist eftir breytingum á verðlaginu.

Stefnandi heldur því fram og byggir málsókn þessa m.a. á þeim málsástæðum, að óheimilt sé með öllu að breyta verðtryggingu samkvæmt lögum nr. 13/1979, 34. gr., þannig, að hún hætti að mæla almenna verðlagsþróun í landinu og taki að mæla eitthvað annað, svo sem eins og verðlag á tilteknum sviðum einungis. Engu máli skipti, hvort þetta sé gert með því að ákveða með stjórnvaldsboði, að verðtrygging samkvæmt lögunum skuli framvegis eingöngu miðast við verð á einum tilteknum þætti, t.d. kaffi, eða það sé gert með því að ákveða, að einn af þeim þáttum, sem ákvarða verðlag og verðlagsþróun, skuli framvegis hafa meira gildi í verðtryggingunni en hann hafi við mælingu verðlags. Stefnandi telur, að verði þetta talið heimilt samkvæmt lögum nr. 13/1979, þá ráði stjórnvöld ein verðtryggingu samkvæmt lögunum og ekkert samband sé þá lengur á milli almenns verðlags og almennrar verðþróunar í landinu annars vegar og verðtryggingar samkvæmt lánskjaravísitölunni hins vegar.

Stefnandi heldur því fram, að auðveldlega hafi á síðustu árum mátt búa til vísitölu, sem hefði mælt stöðugt verðlag og enga verðbólgu hér á landi, með því að ákveða öðru hverju, að einstakir þættir, sem myndi verðlagsvísitölur þær, sem lánskjaravísitalan sé byggð á, skuli gilda meira eða minna í vístölugrundvellinum en þeir gera í raunveruleikanum, t.d. með því að auka eða minnka gildi orkuverðs, fiskverðs o.s.frv. í vísitölugrundvellinum.

Þá heldur stefnandi því fram, að þessi síðastgreinda aðferð hafi verið notuð í janúar 1989, þegar stjórnvöld hafi ákveðið að minnka hlutdeild framfærsluvísitölu í lánskjaravísitölunni úr ⅔ í ⅓ og láta verðlag launa koma alveg þess í stað. Með þessu hafi launum í landinu verið gefið allt of mikið vægi miðað við það vægi, sem þau hafi í raun í almennri verðlagsþróun. Rétt vægi launa í mælingu á verðlagsbreytingum hafi verið talið sem næst 36%, en með reglugerðinni í janúar 1989 hafi það með einu pennastriki orðið nálægt 59%, og hafi vægið því aukist um u.þ.b. 64%.

Vægi annarra þátta í mælingu verðlags hafi minnkað sem þessu svari. Þessar breytingar eigi sér enga stoð í breytingum í efnahagslífi þjóðarinnar. Þess vegna heldur stefnandi því fram, að um sé að ræða gerræðislega breytingu í grundvelli verðtryggingar samkvæmt 39. gr. laga nr. 13/1979, en til slíkrar gerræðislegrar ákvörðunar skorti stjórnvöld lagaheimild, og því sé breytingin ólögmæt og andstæð lögum og hafi ekkert gildi í samskiptum stefnanda og stefnda.

Stefnandi bendir og á, að engu máli skipti, að ákvörðunin í janúar 1989 hafi verið tekin sem liður í efnahagsaðgerðum stjórnvalda. Stefnandi heldur því fram, að afleiðingar af greindri ákvörðun séu m.a. þær, að lán lífeyrissjóðanna í landinu samkvæmt samningum með lánskjaravísitöluákvæðum lækki frá janúar til desember 1989 um ca. kr. 2.520.000.000,00 eða um 3,6% af kr. 70.000.000.000,00, ef hinni nýju vísitölu verði beitt. Þessi tilflutningur fjár bitni hvað þyngst á stefnanda og öðrum lífeyrissjóðum í landinu, en dómur í máli þessu hafi gildi fyrir alla lífeyrissjóðina.

Samkvæmt framansögðu byggir stefnandi kröfur sínar fyrst og fremst á því, að ákvörðun sú, sem tekin hafi verið með reglugerð nr. 18 frá 23. janúar 1989, hafi verið andstæð ákvæðum laga nr. 13/1979 og ekki átt sér neina stoð í þeim lögum, svo sem reglugerðir og önnur stjórnvaldsfyrirmæli verði að eiga. Ákvörðunin sé andstæð tilgangi laganna og þeim markmiðum, sem sett séu í lögunum.

Stefnandi bendir á, að samkvæmt 36. gr. laganna hafi Seðlabanki Íslands umsjón með framkvæmd VII. kafla laga nr. 13/1979 og bankinn skuli samkvæmt 2. mgr. 39. gr. birta vísitölur, sem heimilt sé að miða verðtryggingu sparifjár og lánsfjár við. Þá sé í 2. mgr. 41. gr. lagt á vald Seðlabanka Íslands að setja reglur um önnur verðtryggð viðskipti utan banka og innlánsstofnana. Í stað þess að nota einungis annaðhvort framfærsluvísitölu eða vísitölu byggingarkostnaðar hafi Seðlabanki Íslands ákveðið fram til janúar 1989 að nota báðar þessar vísitölur við mælingu almennra verðlagsbreytinga, þá fyrrnefndu að ⅔ hlutum, en þá síðari að ⅓ hluta. Hafi þetta verið gert af faglegum ástæðum, enda talið, að meðaltal þessara vísitalna í greindum hlutföllum mældi með hlutlægum og öruggum hætti almennar verðbreytingar í landinu betur en önnur hvor þeirra ein sér.

Stefnandi heldur því fram, að óumdeilt sé, að grundvöllur framfærsluvísitölu og útreiknings hennar skuli lögum samkvæmt vera eins hlutlægur og unnt sé að hafa hann (sjá nú 2. og 3. gr. laga nr. 5/1984). Gert sé ráð fyrir, að endurskoða þurfi grundvöll vísitölunnar öðru hverju vegna breyttra neysluhátta í samfélaginu. Með því sé átt við, að þáttur, sem vegur þungt í verðlagi á tilteknu tímabili, kunni að vega þyngra eða léttar síðar og því þurfi að leiðrétta grundvöllinn til samræmis við þekktar staðreyndir. Ekki sé gert ráð fyrir því í lögum, að stjórnvöld geti tekið ákvarðanir um

vægi einstakra þátta og þannig haft áhrif á niðurstöðurnar. Nákvæmlega sama eigi við um vísitölu byggingarkostnaðar (sjá nú 1. til 3. gr. laga nr. 42/1987).

Stefnandi vekur athygli á því, að Seðlabanki Íslands hafi notað fram til 1. febrúar 1989 lánskjaravísitölu sem verðmælikvarða við mat á raunvöxtum, enda hafi bankinn talið, sbr. greinargerð bankans frá 24. nóvember 1989, að hún „endurspeglaði vel almennar verðlagsbreytingar". Síðan segi í greinargerð bankans: „Í hinum nýja grundvelli lánskjaravísitölunnar hefur launavísitala hins vegar jafna vog á við byggingar- og framfærsluvísitölu hvora um sig, og er hún því ekki sambærilegur mælikvarði til útreiknings á raunvöxtum við hina eldri lánskjaravísitölu."

Segi síðan í greinargerðinni, að bankinn hafi ákveðið að nota framfærsluvísitölu sem mælikvarða á verðþróun. Af þessu telji stefnandi augljóst, að bankinn geri sér grein fyrir því, að vísitalan, sem áður hafi verið notuð samkvæmt lögum nr. 13/1979, hafi verið almennur mælikvarði á verðlagsþróun, en hin nýja vísitala sé allt annars eðlis og mæli einungis það, sem stjórnvöld ákveði, að hún mæli hverju sinni. Þar með sé hún ekki lengur vísitala eða vísitölur þær, sem kveðið sé á um í VII. kafla laga nr. 13/1979.

Stefnandi telur, að engu breyti um framangreinda túlkun á VII. kafla laga nr. 13/1979, að í 36. gr., 2. mgr., laganna segi, að reglur um verðtryggingu skuli „einkum" við það miðaðar að tryggja allt sparifé gegn verðrýrnun af völdum verðhækkana. Í þessu orðalagi felist engin heimild til handa stjórnvöldum til að víkja frá þeirri reglu, að umrædd vísitala mæli almennar verðlagsbreytingar. Þetta komi m.a. fram í því orðalagi 39. gr., 4. tl., að vísitölur skuli „reiknaðar". Í orðalagi þessu felist vísun til hlutlægni og þar með til hlutlægrar verðvísitölu, en ekki til vísitölu, sem ákveðin sé að niðurstöðu til af stjórnvöldum með því að afnema mælingu á almennum, raunverulegum verðlagsbreytingum með því móti að láta einn þátt eða fleiri vega meira eða minna en rétt sé með hliðsjón af raunveruleikanum í efnahagslífinu. Ekki hafi verið sýnt fram á, að hin nýja vísitala mæli það sama og hin eldri gerði, hvorki til lengri né skemmri tíma talið. Jafnvel þótt talið yrði, að hún kynni við tilteknar aðstæður og á löngum tíma að breytast á svipaðan hátt og hin eldri vísitala, sú, sem í gildi sé, að áliti stefnanda, þá breyti það engu um réttarstöðu stefnanda í þessu máli eða lögmæti kröfu hans. Stefnandi telur, að hin nýja vísitala geti með engu móti fullnægt þeim kröfum, sem gerðar séu til vísitölu þeirrar, sem hér sé um fjallað, þar sem hún mæli ekki almennar verðlagsbreytingar.

Þá telur stefnandi, að hann hafi mátt treysta því, er hann veitti stefnda lánið, sem hafi verið tilefni útgáfu skuldabréfsins, að það væri verðtryggt þannig, að höfuðstóllinn breyttist í samræmi við almennar verðlagsbreyt-

ingar og skuldari gæti ekki með einhliða stjórnvaldsaðgerðum breytt vísitölunni sér í hag, þannig að hún tæki að mæla annað en almennar verðlagsbreytingar. Stefnandi telur, að „efnahagsstefna stjórnvalda" sé ekki réttarheimild, sem leyfi breytingar á vísitölunni eða vísitölugrundvellinum. Forsenda lánveitingarinnar hafi verið, að skuldin væri verðtryggð á þann hátt, að hún breyttist líkt og almenn verðlagsþróun.

Stefnandi leggur á það áherslu, að laun séu einn þeirra þátta, sem sé og beri að vera í grundvelli almennrar verðvísitölu. Laun séu mikilvægur áhrifavaldur um verðlag, og breytingar á launum hafi því áhrif á almennt verðlag, með hvaða almennu verðlagsvísitölu sem mælt sé. Hins vegar sé ekki heimilt að láta laun vega meira eða minna í útreikningi vísitölu en þau vegi í raun og veru og gefa þannig ranga mynd af verðmyndun og verðlagsþróun.

Þá telur stefnandi rétt að taka það fram, að engu breyti það um gildi stjórnvaldsákvörðunarinnar, að henni sé ætlað að ná jafnt til allra verðtryggðra samninga, sem tengdir séu lánskjaravísitölu. Stjórnvaldsákvörðun verði ekki gild við það eitt. Hún verði ætíð að eiga sér næga stoð í lögum, enda sé henni ætlað að breyta réttarstöðu fjölda manna þeim í óhag andstætt vilja þeirra og án samþykkis þeirra. Stefnandi sé einn þeirra, sem vegið sé að með aðgerð þessari.

Stefnandi segir, að á því sé byggt af sinni hálfu, að stefndi hafi sönnunarbyrðina um það, að viðskiptaráðherra hafi verið heimilt að breyta vísitölugrundvellinum með þeim hætti, sem hann hafi gert í reglugerð, og hann hafi sönnunarbyrðina um það, að hin nýja vísitala mæli almennar verðlagsbreytingar. Í þessu sambandi telji stefnandi rétt að taka fram, að þær aðlaganir, sem gerðar hafi verið á lánskjaravísitölunni (þ.e. framfærsluvísitölunni og byggingarvísitölunni) fyrr, hafi ekki verið ákveðnar með reglugerð af stjórnvöldum, enda hafi þær átt sér faglegar og hlutlægar rætur og séu með öllu óskyldar þeirri breytingu, sem gerð hafi verið í janúar 1989.

Stefnandi vekur sérstaka athygli á fyrirvörum og áskilnaði sínum samkvæmt framlögðum málsskjölum, og sé á því byggt, að þeir fyrirvarar svo og síðari fyrirvari á kvittun, dagsettri 19. desember 1989, séu fullnægjandi fyrirvarar af hálfu stefnanda gagnvart stefnda.

Af hálfu stefnanda er einnig vakin á því athygli, að í greinargerð hans og skjölum sé sums staðar talað um lánskjaravísitöluna, eins og aðeins sé í gildi og notkun ein slík vísitala. Svo sé ekki. Í notkun séu og heimilaðar margvíslegar vísitölur aðrar, bæði almennar og sérstakar.

Við munnlegan flutning málsins benti lögmaður stefnanda á, að í umræddu skuldabréfi sé vísað gagngert til auglýsingar Seðlabanka Íslands 29. maí 1979 með síðari breytingum. Þeirri auglýsingu hafi að sjálfsögðu þurft að breyta, þar sem í henni sé auglýst lánskjaravísitalan 100,0. Síðan

hafi verið auglýstar breytingar um mánaðarlegan útreikning vísitalna framfærslu- og byggingarkostnaðar, sem sé til aukinnar nákvæmni, með vísan til laga nr. 13/1979. Auglýsingin 23. janúar 1989 sé allt annars eðlis, enda hafi Seðlabanka Íslands verið gefin fyrirmæli um að birta þessa auglýsingu með reglugerð nr. 18/1989, sem bankinn hafi talið sér skylt að verða við. Stefnandi hafi ekki undirgengist aðrar breytingar en þær, sem hafi byggst á faglegum sjónarmiðum um meiri nákvæmni í mælingum, og breytingar, sem hafi leitt af breytingum á almennu verðlagi. Ef óskað hefði verið eftir fyrirvara af hálfu ríkissjóðs um heimild til einhliða breytinga á skilmálum lánsins á lánstímanum, þ. á m. með tengingu við annað en almennar verðlagsvísitölur, þá hefði stefnandi synjað um lánveitinguna.

Þá tók lögmaður stefnanda fram við munnlegan flutning málsins, að ríkissjóður hefði tekið lán hjá stefnanda og væri því skuldari lánsins. Það séu að sjálfsögðu hagsmunir skuldara að geta að eigin vild breytt skilmálum eigin skuldar og haft þannig áhrif á það, hvernig skuldin greiðist. Með reglugerðinni 23. janúar 1989 hafi handhafar ríkisvaldsins freistast til þess að breyta skilmálum þessa láns og annarra einhliða sér í hag, a.m.k. til næstu ára litið. Ríkissjóður sé helsti skuldari lána með verðtryggingu samkvæmt lánskjaravísitölu og hafi því mestra hagsmuna allra skuldara í landinu að gæta. Við túlkun lagagildis reglugerðar nr. 18/1989 beri því að hafa í huga, að ekki hafi verið um almenna hagpólitíska aðgerð að ræða, heldur einhliða breytingu á lánaskilmálum ríkissjóði í hag.

Lögmaður stefnda mótmælti þessari síðastgreindu málsástæðu sem of seint fram kominni svo og báðum fyrrgreindum málsástæðum stefnanda efnislega.

Um lagarök vísar stefnandi til VII. kafla laga nr. 13/1979 svo og bráðabirgðaákvæðis við VI. kafla og 65. gr. sömu laga, laga nr. 5/1984, laga nr. 42/1987, laga nr. 18/1983, laga nr. 93/1975, auglýsingar Seðlabanka Íslands 26. ágúst 1983, reglugerðar nr. 18/1989, auglýsingar Seðlabanka Íslands nr. 19 frá 23. janúar 1989, laga nr. 63/1985, almennra reglna um samninga á sviði fjármunaréttar og almennra reglna um kröfuréttindi. Um vexti vísar stefnandi til vaxtalaga nr. 25/1987 og breytinga á þeim með lögum nr. 67/1989. Um málskostnað vísar stefnandi til XII. kafla laga nr. 85/1936. Um virðisaukaskatt er vísað til laga nr. 50/1988, en stefnandi hefur ekki með höndum virðisaukaskattsskylda starfsemi.

4.0.

Stefndi vísar sjónarmiðum stefnanda eindregið á bug. Af hálfu stefnda er því haldið fram, að breyting sú, er gerð var á grundvelli lánskjaravísitölunnar hinn 23. janúar 1989, hafi í hvívetna verið lögmæt og hún sé bindandi í lögskiptum aðila þessa máls.

Breyting sú, sem gerð hafi verið á grundvelli lánskjaravísitölunnar hinn 23. janúar 1989 með reglugerð nr. 18/1989 og auglýsingu Seðlabanka Íslands sama dag, miði að því að draga úr hættunni á misgengi launa og lánskjara samhliða því að verja sparifé fyrir verðhækkunum. Þessi breyting, sem hafi helgast af efnahagslegum aðgerðum stjórnvalda, hafi verið gerð á formlega réttan hátt, sbr. 3. mgr. 65. gr. og 2. mgr. 39. gr. laga nr. 13/1979, og hún byggi á lögmætum sjónarmiðum.

Í málsskjölum sé gerð grein fyrir ferli og gildi lánskjaravísitölunnar og fyrir helstu hagfræðilegu grundvallarviðhorfum til gildis vísitalna, sem verðtrygging fjármagns miðist við, og hvernig þau viðhorf speglist í eldri og yngri grundvelli lánskjaravísitölunnar. Sé gerður samanburður á ferli þeirra, leiði hann í stuttu máli í ljós, að frá langtímaviðhorfi séð skilji lítið á milli, þótt nokkrar líkur séu á, að hækkun verði eilítið meiri á yngri grundvelli, en ekki meiri en svo, að muninn megi jafna upp með vöxtum, jafnframt því sem sveifluhegðun vísitölunnar verði verulega hagstæðari. Vísitalan geti verkað nokkuð til sveiflujöfnunar í hagkerfinu. Ferill hennar verði ekki úr hófi rykkjóttur.

Breytingin hafi verið almenns eðlis, og gætt hafi verið almennra jafnræðissjónarmiða. Hún raski ekki verulega hagsmunum, sem tengdir séu þessum reikningum, þegar til lengri tíma sé litið. Lánskjaravísitalan sé eftir sem áður víðtækur og haldgóður mælikvarði á almenna verðlagsþróun, þó að til skamms tíma geti myndast jákvæður eða neikvæður mismunur á mælingum samkvæmt eldri og yngri grundvelli, en hinn síðarnefndi sé einmitt tilefni þessarar málsóknar. Lánskjaravísitalan svo breytt brjóti ekki í bága við ákvæði 1. gr. og VII. kafla laga nr. 13/1979 um stjórn efnahagsmála o.fl. með síðari breytingum.

Í 1. gr. laganna sé lýst meginmarkmiðum í efnahagsstefnunni samkvæmt þeim lögum. Samkvæmt henni skuli stefnt að því að tryggja næga og stöðuga atvinnu, halda verðhækkunum í skefjum, stuðla að jafnvægi í viðskiptum við önnur lönd og greiða fyrir félagslegum og efnahagslegum framförum og bættum lífskjörum alls almennings, og skulu ráðstafanir stjórnvalda jafnan við það miðaðar, að þessu markmiðum verði náð þannig, að þeirra á milli sé hæfilegt jafnvægi og fjárhagslegu öryggi þjóðarinnar sé ekki teflt í tvísýnu.

Í VII. kafla laganna sé fjallað um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár. Samkvæmt 2. mgr. 36. gr. laganna skuli reglur um verðtryggingu einkum við það miðaðar að tryggja sparifé gegn verðrýrnun af völdum verðhækkana. Þetta ákvæði verði ekki skýrt öðruvísi en svo, að taka megi mið af öðrum sjónarmiðum, samhliða meginmarkmiðinu, og engum takmörkunum sé háð, hvers konar verðhæ[illegible]egi miða við. Af þessu ákvæði verði því ekki dregin sú ályktun, að í verðtryggingu felist, að skuldir skuli

breytast á nákvæmlega sama hátt og almennt verðlag. Slík ályktun sé reyndar í beinni andstöðu við þá staðreynd, að í 34. gr. laganna sé verðtrygging skilgreind mjög vítt, án þess að einn ákveðinn verðmælikvarði sé tilgreindur sem viðmiðun, og beinlínis tekið fram, að nota megi gengisviðmiðun eingöngu.

Samkvæmt a-lið 4. tl. 1. mgr. 39. gr. laganna, sbr. nú 1. gr. laga nr. 13/1989, skuli grundvöllur verðtryggingarinnar vera opinber skráð vísitala eða vísitölur, eins og þær séu reiknaðar á hverjum tíma. Af þessu orðalagi verði ekki dregin sú ályktun, að vísitala eða vísitölur, sem heimilaðar séu í grundvelli verðtryggingar, þurfi að uppfylla sérstök skilyrði, að því er varðar efniskröfur eða varðandi gildis- eða áhrifasvið þeirra. Slík ályktun verði ekki heldur dregin af lögskýringargögnum varðandi þetta ákvæði, en á því hafi verið gerð breyting í meðförum þingsins. Þetta ákvæði verði því ekki heldur skýrt svo, að það sé því til fyrirstöðu, að við ákvörðun verðtryggingargrundvallar með vísitölu sé tekið beint mið af verðhækkun launa eða tekið sé mið af öðrum sjónarmiðum samhliða því meginmarkmiði að tryggja sparifé og lánsfé gegn verðhækkunum.

Aðlögun verðtryggingargrundvallar að greiðslugetu verði þannig fjarstætt talin andstæð VII. kafla laganna, og þau gildisviðhorf, sem felast í lánskjaravísitölunni nú, séu í fullu samræmi við markmið og tilgang laganna, sbr. 1. gr. þeirra.

Launavísitala sé ákveðinn verðmælikvarði á sama hátt og framfærslu- og byggingarvísitala. Upptaka hennar í grundvöll lánskjaravísitölu auki vissulega vægi launaþáttarins í henni. Á því sé stigsmunur, en enginn eðlismunur frá því, sem verið hefur. Þessi breyting raski því ekki, að lánskjaravísitalan sé víðtækur og haldgóður mælikvarði á almennar verðlagsbreytingar. Þeirri ályktun stefnanda, að í málsskjölum komi fram það álit Seðlabankans, að lánskjaravísitala með breyttum grundvelli sé allt annars eðlis og mæli einungis það, sem stjórnvöld ákveði, að hún mæli hverju sinni, sé harðlega vísað á bug. Þessi túlkun eigi sér ekki stoð.

Staðhæfingum stefnanda um, að rétt vægi launa í verðmyndun sé u.þ.b. 36%, sé vísað á bug. Engin viðurkennd hagfræðikenning liggi þar að baki. Laun séu vafalaust sá þáttur, sem hvað mest áhrif hafi á þróun verðlags beint og óbeint, þótt ekki sé hægt að slá því föstu, hvaða vægi launin ein og sér hafi í raun í verðmyndun vöru og þjónustu. Þannig hafi hlutfall launa af verðmætasköpun landsmanna verið á bilinu 60 - 70% á umliðnum árum. Laun og launatengd gjöld hafi verið 70% þjóðartekna 1987, en á sama tíma hafi t.d. beinn launakostnaður verið 14% af veltu smásöluverslunar.

Vakin sé athygli á því, að launavísitala samkvæmt lögum nr. 89/1989 hafi í samræmi við ákvæði í reglugerð nr. 18/1989 og auglýsingu Seðla-

banka Íslands frá 23. janúar 1989 leyst af hólmi launavísitölu til greiðslujöfnunar samkvæmt lögum nr. 63/1985.

Stefnukrafan í máli þessu sé byggð á útreikningi eftir eldri grundvelli lánskjaravísitölu. Svo sem að framan greini, hafi grundvelli lánskjaravísitölunnar verið breytt með lögmætum hætti hinn 23. janúar 1989, og hafi breytingin tekið gildi frá 1. febrúar sama ár. Eftir þann tíma bresti stefnanda lagaheimild til að krefjast verðtryggingar eftir eldri grundvelli lánskjaravísitölu. Vísitala eftir þeim grundvelli sé ekki lengur reiknuð og birt opinberlega af Seðlabanka Íslands. Kröfu stefnanda skorti því lagastoð, sbr. 1. mgr. 36. gr. og 2. mgr. 39. gr. laga nr. 13/1979, og samkvæmt því beri að sýkna stefnda af kröfunni.

Staðhæfingum stefnanda á þá leið, að samið hafi verið um, að beitt skyldi gildandi vísitölugrundvelli í desember 1986 við útreikning skuldarinnar og að sú breyting, er gerð hafi verið á grundelli lánskjaravísitölunnar, sé andstæð samningnum, sé eindregið vísað á bug. Í skuldabréfi því, sem mál þetta sé sprottið af, segi í lið 2: „Lánið er bundið þeirri lánskjaravísitölu, sem kveðið er á um í auglýsingu Seðlabanka Íslands 29. maí 1979 með síðari breytingum. Hverja einstaka greiðslu afborgana og vaxta skal umreikna til samræmis við breytingar á vísitölunni frá ofangreindri grunnvísitölu."

Hvergi í bréfinu sé þess getið, að skuldbinding ríkissjóðs miðist við tiltekna óbreytanlega samsetningu lánskjaravísitölu. Þvert á móti sé vísað til lánskjaravísitölu Seðlabanka Íslands með síðari breytingum, sem undirstriki sérstaklega, að lánskjaravísitalan sé breytingum undirorpin samkvæmt síðari ákvörðun stjórnvalda þar um. Samkvæmt því sé ljóst, að í skuldabréfinu hafi falist samkomulag málsaðila þess efnis, að skuldin skyldi verðtryggð miðað við þær reglur um verðtryggingu með lánskjaravísitölu, sem gildandi séu á hverjum tíma samkvæmt auglýsingu Seðlabanka Íslands.

Almenn lagasjónarmið hafi ekki heldur getað gefið stefnanda tilefni til að ætla neitt annað. Tilurð lánskjaravísitölunnar hafi byggst á einfaldri auglýsingu stjórnvalds, Seðlabanka Íslands, án þess að á neinn hátt hafi verið kveðið á um grundvöll hennar í lögunum sjálfum. Um slík stjórnvaldsfyrirmæli gildi sú almenna regla, að þau séu sett til óákveðins tíma, uns ný fyrirmæli séu gefin, eins og hér hafi verið gert með reglugerð og auglýsingu Seðlabankans, og séu í fullu samræmi við réttarlega tilurð vísitölunnar. Við upptöku hennar í samninga hafi menn því undirgengist að sæta, þeim breytingum á grundvelli hennar, sem stjórnvöld kunni að ákveða á síðara stigi. Ákvæði í VII. kafla laga nr. 13/1979 undirstriki sérstaklega, að grundvöllur verðtryggingar geti af ýmsum ástæðum breyst á samningstímanum. Komi þetta skýrt fram í orðalagi a-liðar 4. tl. 1. mgr. 39. gr. laganna og 44. gr. og athugasemdum við þá grein.

Þá hafi lánskjaravísitalan í reynd oft breyst, frá því að hún var tekin upp 1979. Útreikningi hennar hafi verið breytt í ágúst 1983 að frumkvæði ríkisstjórnarinnar, og hafi það leitt til minni hækkunar vísitölunnar en ella hefði orðið. Þar fyrir utan hafi grundvöllur hennar breyst fimm sinnum vegna breytinga, sem orðið hafi á grundvelli þeirra vísitalna, sem myndað hafi grundvöll hennar, þar af tvívegis, eftir að samningur sá, sem mál þetta snýst um, hafi verið gerður. Þannig hafi nýr grundvöllur byggingarvísitölu komið í júlí 1987, og samkvæmt ákvörðun kauplagsnefndar hafi nýr grundvöllur framfærsluvísitölu komið í maí 1988. Þær breytingar, sem gerðar hafi verið, hafi ekki lotið eingöngu að því að aðlaga vægi einstakra þátta að nýrri athugun innan sama viðmiðunarhóps, heldur hafi verið tekinn upp nýr viðmiðunargrundvöllur. Neysluhópur framfærsluvísitölunnar sé því ekki lengur takmarkaður við verkamannafjölskyldur í Reykjavík, eins og hafi verið í grundvelli þeirrar framfærsluvísitölu, sem gilti í maí 1979. Byggingarvísitalan byggi ekki heldur lengur á ákveðinni könnun á byggingarkostnaði í Reykjavík, heldur sé grundvöllur hennar nú ákveðinn af Hagstofu Íslands í samráði við Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins.

Af framansögðu leiði, að stefnanda hafi verið ljóst eða mátt vera ljóst, að lánskjaravísitalan hafi verið breytingum undirorpin. Eins og að framan sé rakið, hafi sú breyting, sem gerð hafi verið á grundvelli hennar, og ástæður breytingarinnar verið almenns eðlis. Breytingin raski ekki verulega, þegar til lengri tíma sé litið, þeim hagsmunum, sem tengdir séu vísitölunni. Slíkar lögmætar breytingar verði stefnandi að sætta sig við. Breytingin sé bindandi í lögskiptum aðila þessa máls.

5.0. Forsendur og niðurstaða.

Krafa stefnanda byggist á skuldabréfi, sem lagt hefur verið fram af hans hálfu í ljósriti, og var frumritið sýnt í dóminum við aðalmeðferð málsins. Líta verður svo á, að sá fyrirvari og áskilnaður stefnanda, sem fram kemur í framlögðum málsskjölum, um innheimtu þeirrar kröfu, sem gerð er í málinu, sé fullnægjandi gagnvart stefnda. Er útreikningi stefnanda á hinni meintu vanskilafjárhæð sem slíkum ekki mótmælt af hálfu stefnda.

Af greinargerð stefnanda verður ráðið, að hann telji, að ákvæði VII. kafla laga nr. 13/1979 heimili, að grundvelli verðtryggingar sé að einhverju marki breytt, enda gert ráð fyrir slíkum möguleika í lögunum, sbr. 44. gr. þeirra. Hann álítur ekki, að lögin leggi bann við, að tekin sé upp viðmiðun við almennar launabreytingar að vissu marki, enda telur stefnandi, að breytingar á launum séu ásamt öðrum þáttum mælikvarði á verðlagsbreytingar. Hann álítur, að laun séu að miklu leyti verð á vinnu og þjónustu og launabreytingar hafi þannig áhrif á almennt verðlag, og því megi nota þær sem verðmæli, sé það gert innan ákveðinna marka.

Á hinn bóginn er meginmálsástæða stefnanda á þá lund, að hin nýja eða breytta vísitala, sem greiðsla stefnda hafi miðast við, sé andstæð ákvæðum VII. kafla laganna og verði því ekki beitt um áðurgreint skuldabréf stefnda, heldur beri að reikna verðbætur miðað við hinn eldri grundvöll. Lánskjaravísitala samkvæmt lögum nr. 13/1979 skuli breytast í hlutfalli við almenna verðlagsþróun, þ.e. markmið hennar sé að verðtryggja höfuðstól skuldar. Lánskjaravísitala samkvæmt hinum nýja grundvelli mæli ekki almennar verðbreytingar, eins og lögin geri ráð fyrir, heldur mæli hún fyrst og fremst launabreytingar í samfélaginu, þ.e. verðlag launa hafi miklu meira vægi í vísitölugrundvellinum en eðlilegt geti talist. Skuld stefnda hafi verið verðtryggð miðað við almennar verðbreytingar, en ekki breytingar á einum þætti aðallega. Hinn nýi vísitölugrunnur mæli ekki almennar verðbreytingar með hlutlægum hætti. Stjórnvöld geti ekki breytt vísitölugrunninum án tillits til faglegra sjónarmiða, þannig að lánskjaravísitala endurspegli ekki lengur almennar verðlagsbreytingar.

Samkvæmt því, er hér hefur verið rakið, er það hlutverk dómsins m.a. að skera úr þeim ágreiningi, hvort og að hve miklu leyti orðalag ákvæða laga nr. 13/1979 leggi ákvörðunarvaldið um vísitölugrunninn í hendur stjórnvöldum, þ.e., hvort stjórnvöld hafi nokkurt sjálfstætt svigrúm til ákvarðana í þessu efni. Ekki er í VII. kafla laga nr. 13/1979, þar sem notaðar eru almennar skilgreiningar, að finna skýra vísbendingu um það, hvar mörk leyfilegrar breytingar á vísitölugrunni liggja. Ljóst er þó, að þær breytingar verða að uppfylla lagaskilyrði verðtryggingar, sérstaklega 36. og 39. gr. laganna. Hér kemur því einkum til álita, hvort heimilt hafi verið að nota launavísitölu í þeim mæli, sem gert er með auglýsingu frá Seðlabanka Íslands nr. 19/1989, sem hluta grundvallar verðtryggingar, þannig að fullnægt sé þessum ákvæðum laganna.

Svo sem heiti laganna ber með sér, er lögum nr. 13/1979 ætlað að vera liður í stjórn efnahagsmála. Fjallar I. kafli um stefnumörkun í efnahagsmálum, II. kafli um samráð stjórnvalda við samtök launafólks, sjómanna, bænda og atvinnurekenda, V. kafli um framfarir í atvinnuvegum og hagræðingu í atvinnurekstri o.s.frv. Í 1. gr. laganna segir, að meginmarkmið stefnunnar í efnahagsmálum séu að tryggja næga og stöðuga atvinnu, að halda verðhækkunum í skefjum, að stuðla að jafnvægi í viðskiptum við önnur lönd og greiða fyrir félagslegum og efnahagslegum framförum og bættum lífskjörum alls almennings. Ráðstafanir stjórnvalda í efnahagsmálum og fjármálum skuli jafnan við það miðaðar, að stefnt sé að framangreindum markmiðum á þann hátt, að þeirra á milli sé hæfilegt jafnvægi og fjárhagslegu öryggi þjóðarinnar sé ekki teflt í tvísýnu. Fer því ekki á milli mála, að með lögunum er stjórnvöldum ætlað að framkvæma ráðstafanir til að tryggja ákveðin efnahagsleg markmið.

Ekki er að finna ákvæði í greindum lögum, er afdráttarlaust banni ákveðin sjónarmið við ákvörðun um opinberar skráðar vísitölur, heldur verður fremur af orðalagi laganna ráðið, að stjórnvöldum sé almennt falið að ákveða vísitölugrunninn. Í 2. mgr. 36. gr. laganna segir, að reglur um verðtryggingu skuli einkum við það miðaðar að tryggja allt sparifé, sem bundið sé til þriggja mánaða eða lengur, gegn verðrýrnun af völdum verðhækkana. Samkvæmt a-lið 4. tl. 1. mgr. 39. gr. laganna, sbr. nú 1. gr. laga nr. 13/1989, skal grundvöllur verðtryggingar vera sá, að „miðað sé við opinbera skráða vísitölu eða vísitölur eins og þær eru reiknaðar á hverjum tíma". Ekki verður því talið, að stefnumörkun laganna um verðgrundvöll verðtryggingar sé afdráttarlaus. Er þeim ætlað að vera rammi um framkvæmd verðtryggingar, þ.e. að tengja verðtryggingu almennri verðþróun, án þess að í þeim sé að finna fastmótaðar reglur um það efni. Þessi einkenni laganna leiða til nokkurs svigrúms við framkvæmd þeirra.

Ekki verða það talin ósamrýmanleg markmið samkvæmt ákvæðum laga þessara, annars vegar að draga úr misgengi launa og lánskjara og hins vegar að verja sparifé fyrir verðlagsbreytingum. Verðlag og laun eru mjög samtengdir þættir, þótt erfitt sé að meta áhrif verðlagsbreytinga á laun. Þótt segja mætti, að launavísitala hafi ekki sömu nákvæmni og byggingar- eða framfærsluvísitölur og henni hætti til meiri sveiflna, getur það ekki haft afgerandi (sic) áhrif um notkun hennar í þessu sambandi. Þá ber að líta til þess, að almennra jafnræðissjónarmiða virðist gætt, þ.e. hér er um að ræða breytingu á lánskjaravísitölu almenns eðlis, sem er ætlað að hafa áhrif á alla samninga þannig verðtryggða.

Samkvæmt framansögðu er það skoðun dómsins, að löggjafinn hafi talið rétt, að stjórnvöld hefðu nokkurt svigrúm til ákvarðana um þessi efni, þ.e., að þau hefðu nokkurt frelsi um mat á hagfelldum ráðstöfunum. M.a. með hliðsjón af þessu verður ekki talið, að launavísitala sú, sem tekin er í hinn nýja grunn, sé svo mikill þáttur í heildargrunninum, að farið sé út fyrir það svigrúm við þessa ákvarðanatöku, sem stjórnvöldum er ætlað að hafa samkvæmt greindum lagaákvæðum. Verður að álíta, að hinn nýi verðtryggingargrundvöllur sé, þrátt fyrir hið mikla vægi, sem launaþættinum er ætlað, eftir atvikum hæfur og til þess fallinn að gegna því hlutverki, sem ætlast var til með lagasetningu þessari. Telja verður, að þau gildisviðhorf, sem felast í grundvellinum, séu í samræmi við markmið og tilgang laganna og að grundvöllurinn sé víðtækur og haldgóður mælikvarði á almenna verðþróun.

Launavísitala sú, sem stefnandi vefengir, að leggja eigi til grundvallar við útreikning skuldar stefnda, er reiknuð út og birt af Hagstofu Íslands samkvæmt ákvæðum 6. gr. laga nr. 63/1985, og verður því að telja, að með því hafi verið fullnægt formkröfu ákvæða a-liðar 4. tl. 1. mgr. 39.

gr. laga nr. 13/1979, sbr. nú 1. gr. laga nr. 13/1989, um, að „miðað sé við opinbera skráða vísitölu eða vísitölur eins og þær eru reiknaðar á hverjum tíma". Ekki verður því annað séð en að með auglýsingu nr. 19/1989, sem Seðlabanki Íslands birti í kjölfar reglugerðar viðskiptaráðherra nr. 18/1989, hafi verið tekin lögmæt ákvörðun um samsetningu lánskjaravísitölunnar.

Krafa stefnanda byggist, eins og áður greinir, á skuldabréfi, sem fyrir liggur í málinu í ljósriti. Skuldabréf þetta fullnægir formskilyrðum laga nr. 13/1979 um verðtryggingu lána, og er ekki ágreiningur um það í málinu. Tekið er fram í texta skuldabréfsins, að það sé „með fullri verðtryggingu samkvæmt lánskjaravísitölu". Um verðtryggingu kröfunnar segir svo í skuldabréfinu: „Lánið er bundið þeirri lánskjaravísitölu, sem kveðið er á um í auglýsingu Seðlabanka Íslands 29. maí 1979, með síðari breytingum. Hverja einstaka greiðslu afborgana og vaxta skal umreikna til samræmis við breytingar á vísitölunni frá ofangreindri grunnvísitölu." Að öðru leyti er enginn sérstakur fyrirvari gerður í bréfinu um breytingar, sem kunni að verða á grunni lánskjaravísitölunnar.

Þótt ríkissjóður sé skuldari lánsins, verður ekki litið svo á, að ákvörðun um nýjan grundvöll lánskjaravísitölu hafi haft eigin hagsmuni ríkissjóðs að leiðarljósi, heldur hafi almenn efnahagssjónarmið ráðið ferðinni. Er það hlutverk stjórnvalda að taka slíkar ákvarðanir án tillits til þess, hvort þær séu til hags eða óhags fyrir einkahagsmuni ríkissjóðs. Um samningsskyldur ríkisins fer í þessu efni eftir sömu reglum og annarra.

Þegar framangreint er virt, er það álit dómsins, að stefnandi verði eftir atvikum að sæta þeirri breytingu, sem varð á grundvelli lánskjaravísitölunnar, í lögskiptum hans við stefnda. Ber því að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum málsins og með tilvísun til 178. gr. laga nr. 85/1936 þykir rétt, að hvor aðili beri sinn kostnað af rekstri málsins.

Jón L. Arnalds borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Lífeyrissjóðs byggingarmanna, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 11. mars 1991.

Nr. 211/1990. **Lífeyrissjóður byggingarmanna**
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)
gegn
Húsnæðisstofnun ríkisins
(Jón Þorsteinsson hrl.).

Verðtrygging.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. maí 1990. Hann gerir þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 94.603,80 krónur með 40,8% vöxtum á ári frá 20. desember 1989 til 1. febrúar 1990, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Eins og lýst er í héraðsdómi, heldur áfrýjandi því fram, að viðskiptaráðherra hafi ekki haft heimild til setningar reglugerðar nr. 18/1989 um lánskjaravísitölu til verðtryggingar sparifjár og lánsfjár. Bendir áfrýjandi á, að í 2. mgr. 39. gr. laga nr. 13/1979 um stjórn efnahagsmála o.fl. segir: „Seðlabankinn skal birta vísitölur, sem heimilt er að miða verðtryggingu sparifjár og lánsfjár við, ásamt vaxtakjörum." Þá bendir hann og á 1. mgr. 36. gr. laganna, þar sem segir: „Seðlabanki Íslands skal hafa umsjón með framkvæmd ákvæða þessa kafla. Hann veitir heimildir til verðtryggingar, nema hún sé heimiluð sérstaklega í lögum."

Eins og í héraðsdómi greinir, var við hinn umdeilda útreikning hjá stefnda farið eftir reglum í auglýsingu nr. 19/1989 um grundvöll lánskjaravísitölu til verðtryggingar sparifjár og lánsfjár. Þessi auglýsing var gefin út af Seðlabankanum, en staðfest af viðskiptaráðuneytinu. Fyrsta málsgrein auglýsingarinnar er þannig:

„Með heimild í 39. gr. laga nr. 13 frá 10. apríl 1979 um stjórn efnahagsmála o.fl., svo og í reglugerð viðskiptaráðuneytisins nr. 18/1989, um lánskjaravísitölu til verðtryggingar sparifjár og lánsfjár hefur Seðlabanki Íslands ákveðið að grundvöllur lánskjaravísitölunnar, sbr. auglýsingu bankans frá 26. ágúst 1983, verði frá og með 1. janúar 1989 að 1/3 hluta vísitala framfærslukostnaðar skv. lögum nr. 5 frá 22. mars 1984, að 1/3 hluta vísitala byggingarkostnaðar skv. lögum nr. 42 frá 30. mars 1987 og að 1/3 hluta launavísitala, sem Hagstofa Íslands reiknar og birtir mánaðarlega, sbr. lög nr. 63/1985, þar til sett hafa verið sérstök lög um launavísitölu."

Ákvörðun sú, sem birt var með auglýsingu nr. 19/1989, var tekin af Seðlabankanum og uppfyllti lagakröfur um slíkar ákvarðanir. Eru ekki efni til að fjalla í þessu máli um valdmörk bankans og annarra stjórnvalda eða reglugerð nr. 18/1989. Verða kröfur áfrýjanda ekki teknar til greina á þeim grundvelli, að viðskiptaráðherra hafi brostið vald til að setja reglugerð nr. 18/1989.

II.

Þá reisir áfrýjandi kröfur sínar á því, að bein viðmiðun lánskjaravísitölu við laun sé óheimil eftir VII. kafla laga nr. 13/1979 og andstæð tilgangi þeirra og markmiðum. Vísitalan, sem áður var notuð, hafi verið almennur mælikvarði á verðlagsþróun, en hin nýja vísitala sé allt annars eðlis og mæli einungis það, sem stjórnvöld ákveða, að hún mæli hverju sinni. Þar með sé hún ekki lengur sú vísitala, sem kveðið er á um í VII. kafla laga nr. 13/1979.

Í 34. gr laga nr. 13/1979, en hún er í VII. kafla þeirra, segir: „Stefna skal að því að verðtryggja sparifé landsmanna og almannasjóða. Í því skyni er heimilt, eins og nánar greinir í þessum kafla, að mynda sparifjárreikninga og stofna til lánsviðskipta í íslenskum krónum eða öðrum verðmæli með ákvæðum þess efnis, að greiðslur, þar með taldir vextir, skuli breytast í hlutfalli við verðvísitölu eða gengi erlends gjaldeyris, sbr. 39. gr."

Í 2. mgr. 36. gr. sömu laga segir: „Reglur um verðtryggingu skulu einkum við það miðaðar að tryggja allt sparifé, sem bundið er til þriggja mánaða eða lengur, gegn verðrýrnun af völdum verðhækkana."

Við skýringu á þessum lagaákvæðum ber að hafa í huga, að lög-

gjafinn felur með þessu stjórnvöldum að ákveða, hvernig verðtryggingu er fyrir komið, og að orðin „verðvísitala" og „verðtrygging" verða ekki skýrð svo, að þau banni, að vísitala launa sé hluti lánskjaravísitölu. Verða kröfur áfrýjanda því ekki teknar til greina á grundvelli þessa atriðis.

III.

Í þriðja lagi heldur áfrýjandi því fram, að launavísitala sú, sem notast var við, þegar gerðir voru útreikningar á grundvelli auglýsingar nr. 19/1989, hafi ekki verið opinber skráð vísitala, svo sem þurft hafi að vera eftir 4. tölulið a í 1. mgr. 39. gr. laga nr. 13/1979.

Eins og í héraðsdómi segir, var vísitala launa samkvæmt lögum nr. 63/1985 um greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga reiknuð og birt af Hagstofu Íslands, og verður krafa áfrýjanda ekki tekin til greina á grundvelli þessarar málsástæðu.

IV.

Loks telur áfrýjandi, að skuldabréf það, sem stefndi gaf út og mál þetta er sprottið af, hafi falið í sér loforð um, að verðbætur yrðu miðaðar við hina eldri útreikningsaðferð, svo sem lögmætt hafi verið á útgáfudegi bréfsins. Þurfi áfrýjandi ekki að hlíta breytingu á þessu, sbr. 67. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944.

Auglýsing nr. 19/1989 fjallaði um hluta af efnahagsstefnu ríkisstjórnar landsins og hafði lagastoð, samanber framanskráð. Hún varðaði ekki höfuðstól skuldabréfsins, sem áfrýjandi átti, heldur aðferð við útreikning verðbóta, en um það atriði hefur gengið á ýmsu, og hefur meðal annars verið ákveðið í lögum að takmarka heimildir til samninga um verðbætur, samanber til dæmis lög nr. 71/1966 um verðtryggingu fjárskuldbindinga, sem þó rýmkuðu eldri heimildir. Reglurnar í auglýsingu nr. 19/1989 eru almenns eðlis og verður eigi jafnað til eignaupptöku. Verður áfrýjandi að hlíta þeim eins og aðrir, sem hafa hagsmuni af verðbótaákvörðunum, og getur ekki byggt á ákvæðum skuldabréfsins til að fá kröfum sínum framgengt hjá dómstólum.

Samkvæmt framansögðu ber að staðfesta héraðsdóminn.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 23. apríl 1990.

1.0.

Mál þetta, sem tekið var til dóms föstudaginn 30. mars sl., hefur Lífeyrissjóður byggingarmanna, kt. 600970-0389, Suðurlandsbraut 30, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, þingfestri 25. janúar 1990, á hendur húsnæðismálastjórn ríkisins f.h. Húsnæðisstofnunar ríkisins, Suðurlandsbraut 24, Reykjavík, kt. 640169-0289.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til greiðslu vangoldinnar skuldar, að fjárhæð kr. 94.603,80, með 40,8% dráttarvöxtum á ári frá 20. desember 1989 til 1. febrúar 1990, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands að teknu tilliti til virðisaukaskatts lögum samkvæmt.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda. Jafnframt krefst hann hæfilegs málskostnaðar úr hendi stefnanda. Til vara krefst hann sýknu að svo stöddu, jafnframt því sem málskostnaður verði felldur niður.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

2.0.

Stefnandi segir málsatvik vera þau, að hinn 19. desember 1988 hafi stefndi, gefið út skuldabréf til stefnanda. Höfuðstóll skuldarinnar hafi verið kr. 40.000.000 og skyldi endurgreiðast með 29 jöfnum endurgreiðslum vaxta og afborgana hinn 19. júní og 19. desember ár hvert, í fyrsta sinn 19. desember 1989. Skuldin beri fasta 7% ársvexti.

Skuldin samkvæmt skuldabréfinu sé bundin lánskjaravísitölu samkvæmt lögum nr. 13/1979, og beri að hækka hverja greiðslu afborgunar og vaxta um þá hækkun, sem hverju sinni hafi orðið á grunnvísitölu bréfsins, þ.e. 2274 stigum, til gildandi vísitölu á gjalddaga.

Á útgáfudegi bréfsins hafi verið í gildi ákvörðun Seðlabanka Íslands með heimild í VII. kafla laga nr. 13/1979 um lánskjaravísitölu, sem hafi verið samsett af vísitölu framfærslukostnaðar að ⅔ hlutum og vísitölu byggingarkostnaðar að ⅓ hluta. Með reglugerð nr. 18 frá 23. janúar 1989 hafi ráðherra ákveðið, að grundvelli lánskjaravísitölu skyldi breytt þannig, að hann skyldi samsettur að ⅓ hluta af vísitölu framfærslukostnaðar, sbr. lög

nr. 5/1985, að ⅓ hluta af vísitölu byggingarkostnaðar, sbr. lög nr. 42/1987, og að ⅓ hluta af launavísitölu, sem Hagstofa Íslands reikni og birti mánaðarlega, sbr. lög nr. 63/1985. Í reglugerðinni segi, að lánskjaravísitalan komi að öllu leyti í stað fyrri lánskjaravísitölu. Seðlabanki Íslands hafi hinn 23. janúar 1989 með tilvísun í reglugerðina auglýst (nr. 19/1989) hina nýju vísitölu, og hafi vísitalan tekið gildi 1. febrúar 1989.

Hinn 12. desember 1989 hafi lögmaður stefnanda ritað stefnda bréf og tilkynnt honum, að skuldabréfið væri vistað hjá honum. Bæri stefnda á næsta gjalddaga skuldabréfsins, hinn 19. desember 1989, að greiða kr. 2.749.352,13, sem lögmaðurinn hafi sundurliðað þannig:

Afborgun og vextir pr. 19.12 1989	kr.	2.217.817,20
Verðbætur m/v vt. 2819 stig í des. 1989	kr.	531.534,93
Samtals	kr.	2.749.352,13

Greindu bréfi hafi ekki verið svarað. Hinn 19. desember 1989 hafi stefndi greitt inn á bankareikning lögmanns stefnanda kr. 2.654.746,40, sem hann hafi tekið á móti með fyrirvara um, að krafist yrði greiðslu samkvæmt lánskjaravísitölustiginu 2819 í stað 2722. Fyrirvarinn hafi verið ítrekaður í bréfi, dagsettu 15. janúar 1990.

Upphafleg stefnufjárhæð skýrist því þannig:

Afborgun og vextir pr. 19.12. 1989	kr.	2.749.352,13
Innágreiðsla stefnda	kr.	2.654.746,40
Samtals	kr.	94.605,70

Mismunurinn, kr. 94.605,70, sé upphafleg stefnufjárhæð, sem stafi að hluta, þ.e. kr. 1,80, vegna vangoldinnar afborgunar, en að mestu, þ.e. kr. 94.603,80, vegna ágreinings um það, á hvern hátt skuli reikna verðbætur á skuldina 19.12. 1989.

Við aðalmeðferð málsins 30. mars sl. greiddi stefndi hina vangoldnu afborgun, kr. 1,80, ásamt vöxtum til greiðsludags. Í framhaldi af því lækkaði stefnandi kröfur sínar í kr. 94.603,80 auk vaxta.

Stefnandi upplýsir enn fremur, að með reglugerð 23. janúar 1989 hafi verið ákveðið að gefa út nýja lánskjaravísitölu í stað þeirrar, sem í gildi hafi verið, og hafi Seðlabanki Íslands auglýst hina nýju vísitölu hinn 23. janúar 1989. Hin nýja (eða breytta) vísitala hafi verið 2722 stig í desember 1989, en hefði átt að vera 2819 stig, ef hin eldri (eða óbreytta) vísitala hefði enn gilt samkvæmt útreikningi Seðlabanka Íslands. Stefndi telji sig lausan allra mála með því að greiða verðhækkun samkvæmt hinni nýju lánskjaravísitölu, en stefnandi telji stefnda skylt að greiða samkvæmt þeirri vísitölu,

sem í gildi hafi verið, þegar skuldabréfið hafi verið gefið út hinn 19. desember 1986, að viðbættum verðlagshækkunum. Stefnandi telji, að miða eigi við vísitöluna 2819 stig í desember 1989, og nemi þá verðbætur kr. 531.534,93, en stefndi telji, að miða beri við 2722 stig, en þá nemi verðbætur kr. 436.931,10 og mismunurinn því kr. 94.603,80, sem krafist sé greiðslu á í málinu.

3.0.

Stefndi segir málsástæður sínar vera eftirgreindar:

Markmið verðtryggingar ....[samhljóða dómi í málinu: Lífeyrissjóður byggingarmanna gegn fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, bls. 372-373 að framan] ...lánskjaravísitölunni hins vegar.

Stefnandi bendir og á, að engu máli skipti, að ákvörðunin í janúar 1989 hafi verið tekin sem liður í efnahagsaðgerðum stjórnvalda. Stefnandi heldur því fram, að afleiðingar af greindri ákvörðun séu þær, að skuldbindingar skuldara samkvæmt samningum með lánskjaravísitöluákvæðum lækki frá janúar til desember 1989 um ca. kr. 8 - 9.000.000.000 eða um 3 - 4% af kr. 250.000.000.000, ef hinni nýju vísitölu verði beitt. Þessi tilflutningur fjár frá sparifjáreigendum og öðrum bitni hvað þyngst á stefnanda og öðrum lífeyrissjóðum í landinu.

Samkvæmt framansögðu ... [sjá bls. 374 að framan].

Um lagarök vísar stefnandi til VII. kafla laga nr. 13/1979 svo og bráðabirgðaákvæðis við VI. kafla og 65. gr. sömu laga, laga nr. 5/1984, laga nr. 42/1987, laga nr. 18/1983, laga nr. 93/1975, auglýsingar Seðlabanka Íslands 26. ágúst 1983, reglugerðar nr. 18/1989, auglýsingar Seðlabanka Íslands nr. 19 frá 23. janúar 1989, laga nr. 63/1985, almennra reglna um samninga á sviði fjármunaréttar og almennra reglna um kröfuréttindi. Um vexti vísar stefnandi til vaxtalaga nr. 25/1987 og breytinga á þeim með lögum nr. 67/1989. Um málskostnað vísar stefnandi til XII. kafla laga nr. 85/1936. Um virðisaukaskatt er vísað til laga nr. 50/1988, en stefnandi hefur ekki með höndum virðisaukaskattsskylda starfsemi. Um sjálfstæða aðild stefnda vísar stefnandi til II. kafla laga nr. 86/1988.

4.0.

Aðalkrafa stefnda um fulla sýknu, segir hann, að grundvallist á eftirfarandi rökum:

a) Ákvörðun um nýja lánskjaravísitölu, sem tekin hafi verið með útgáfu reglugerðar frá 23. janúar 1989, hafi verið í fullu samræmi við 1. gr. laga um stjórn efnahagsmála o.fl. nr. 13/1979 svo og önnur ákvæði þeirra laga.

b) Ljóst sé af VII. kafla framangreindra laga um stjórn efnahagsmála, að heimilt sé að beita margs konar verðvísitölum, svo sem þær séu reiknaðar á hverjum tíma.

c) Í umræddu skuldabréfi sé átt við vísitölu lánskjara, eins og hún sé hverju sinni. Það er að segja, að skuldareigandi og skuldari séu háðir lögmætum breytingum lánskjaravísitölunnar á gildsitíma bréfsins.

d) Sanngjörn verðvísitala eigi ekki einungis að mæla sjálfstætt verð á vörum og þjónustu, heldur einnig verð á vinnu. Stefnandi telji, að verðmæti vinnunnar sé ofmetið í nýju vísitölunni, og vísi þar til útreikninga hagstofustjóra. Það sé út af fyrir sig rétt, að launabreytingar hafi veruleg áhrif á vísitölur framfærslukostnaðar og byggingarkostnaðar, en í þessa útreikninga hagstofustjóra vanti alveg áhrif verðlagsbreytinga á launin. Þau áhrif séu mikil, þótt ekki sé auðvelt að reikna þau út tölulega. Verðlag og laun séu mjög tengdar stærðir.

Varakröfu um sýknu að svo stöddu segir hann vera gerða með skírskotun til fyrirvara lífeyrissjóðanna um rétt til að krefja skuldara „um þann mismun, sem leiðir af því, að hinni nýju vísitölu er beitt í stað hinnar eldri". Þessi mismunur, ef honum verði til að dreifa, þegar upp sé staðið, komi ekki í ljós, fyrr en dagar umræddra skuldabréfs séu taldir, þ.e. á árinu 2003. Þá fyrst sé tímabært að setja fram kröfuna.

Besta verðtryggingin sé að eyða verðbólgunni. Allar ráðstafanir, sem stefni að því marki, þar með talin breyting lánskjaravísitölunnar, bæti því verðtryggingarkjör stefnanda, en rýri þau eigi. Af þeim sökum sé málshöfðun þessi á grundvallarmisskilningi byggð.

5.0. *Forsendur og niðurstaða.*

Krafa stefnanda byggist á skuldabréfi ...[sjá bls. 381-384 að framan] ...samsetningu lánskjaravísitölunnar.

Krafa stefnanda byggist, eins og áður greinir, á skuldabréfi, sem fyrir liggur í málinu í ljósriti. Skuldabréf þetta fullnægir formskilyrðum laga nr. 13/1979 um verðtryggingu lána, og er ekki ágreiningur um það í málinu. Um verðtryggingu kröfunnar segir svo í skuldabréfinu: „Lán þetta er bundið vísitölu lánskjara, sbr. 39. gr. laga nr. 13/1979, og ber lántaka að greiða viðbót við hverja greiðslu vaxta og afborgunar sem svarar til þeirrar hækkunar, sem hverju sinni hefur orðið frá grunnvísitölu bréfs þessa til gildandi vísitölu á gjalddaga." Að öðru leyti er enginn sérstakur fyrirvari gerður í bréfinu um breytingar, sem kunni að verða á grunni lánskjaravísitölunnar.

Þegar framangreint er virt, er það álit dómsins, að stefnandi verði eftir atvikum að sæta þeirri breytingu, sem varð á grundvelli lánskjaravísitölunnar í lögskiptum hans við stefnda. Ber því að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum málsins og með tilvísun til 178. gr. laga nr. 85/1936 þykir rétt, að hvor aðili beri sinn kostnað af rekstri málsins.

Jón L. Arnalds borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Húsnæðisstofnun ríkisins, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Lífeyrissjóðs byggingarmanna, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 12. mars 1991.

Nr. 353/1990. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Benedikt Ástmari Guðmundssyni
(Vilhjálmur Þórhallsson hrl.).

Líkamsárás. Röskun á húsfriði. Bifreiðar. Umferðarlög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. september 1990 að ósk ákærða, en jafnframt til sakfellingar samkvæmt ákæru, þyngingar á refsingu og staðfestingar á sviptingu ökuréttinda.

Verjandi ákærða krefst sýknu af brotum gegn 1. mgr. 194. gr., sbr. 20. gr., almennra hegningarlaga nr. 19/1940 svo og 1. mgr. 218. gr. og 231. gr. sömu laga, en að öðru leyti krefst hann vægustu refsingar, sem lög leyfa.

Ákærði hefur lítið getað borið um atvik þau, sem ákæran fjallar um, sökum minnisleysis af völdum áfengisdrykkju. Eins og í héraðsdómi greinir, voru engin vitni að því, sem gerðist í íbúðarhúsinu að Kirkjubæ 1, nema barnfóstrurnar tvær, og þær komu ekki fyrir dóm. Verjandi ákærða lýsti því yfir á dómþingi í héraði, að hann væri samþykkur því, að fallið væri frá fyrirætlun um að taka dómskýrslur af þeim.

Framferði ákærða gagnvart telpunni var særandi og til þess fallið að valda henni miklum ótta. Ósannað er þó, að fyrir ákærða hafi vakað að þröngva henni með ofbeldi til holdlegs samræðis. Ber því að sýkna hann af broti gegn 194. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 20. gr. sömu laga.

Héraðsdómari hefur dæmt ákærða fyrir brot gegn 209. gr. almennra hegningarlaga með vísan til 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála. Verknaðarlýsing 209. gr. er ekki í ákæru, og kemur því ekki til álita að refsa samkvæmt þeirri grein.

Staðfesta ber sakarmat héraðsdómara um þá ákæruliði, er varða húsbrot og alvarlega líkamsárás, og færslu þeirra til refsiákvæða svo og afgreiðslu hans á umferðarlagabroti ákærða.

Ákærði hefur greitt bætur vegna þess atburðar, sem mál þetta snýst um.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin í héraðsdómi, 7 mánaða fangelsi. Rétt þykir að skilorðsbinda refsinguna og láta hana falla niður að þremur árum liðnum frá uppsögu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um ökuleyfissviptingu ákærða svo og sakarkostnað.

Dæma ber ákærða til að greiða áfrýjunarkostnað málsins eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Ákærði, Benedikt Ástmar Guðmundsson, sæti fangelsi sjö mánuði, en fullnustu refsingar skal fresta og hún falla niður að þremur árum liðnum frá uppsögu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um ökuleyfissviptingu og sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur, svo og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Vilhjálms Þórhallssonar hæstaréttarlögmanns, 40.000 krónur.

Dómur sakadóms Keflavíkur 17. júlí 1990.

Ár 1990, þriðjudaginn 17. júlí, er í sakadómi Keflavíkur af Sigurði Halli Stefánssyni héraðsdómara kveðinn upp dómur í máli nr. 1656/1989.

Mál þetta, sem dómtekið var 30. maí 1990, er höfðað með ákæru, dagsettri 28. ágúst 1989, á hendur Benedikt Ástmari Guðmundssyni, Lyngholti 17, Keflavík, fæddum 26. febrúar 1960, fæðingarnúmer 324, „fyrir eftirgreind brot á almennum hegningarlögum og umferðarlögum aðfaranótt laugardagsins 13. maí 1989:

I.

Að hafa laust eftir kl. 2.00 ruðst heimildarlaust inn í íbúðarhúsið Kirkjubæ 1, Kirkjubæjarklaustri, og þar reynt með ofbeldi að þröngva stúlkunni X, fæddri [...] 1974, sem þar var við barnagæslu ásamt jafnöldru sinni, til holdlegs samræðis, jafnframt slegið stúlkuna tvívegis í andlitið með þeim afleiðingum, að hún hlaut bólgu yfir vinstra kjálkahorni og umtalsverð eymsli þar, svo og beint framan á ennið, einnig eymsli framarlega á neðri kjálka, rétt vinstra megin miðlínu undir kjálkabarði, neðri vör bólgin og skorin um tveggja cm skurð á slímhúðarhluta vararinnar, dofi í efri vör og upp á nasavængi og á svæðinu neðan vinstra auga. Tvær tennur í efri kjálka, miðframtönn og hliðarframtönn vinstra megin, urðu aðeins lausar og aumar viðkomu, en lítt eða ekki færðar úr stað, tannhold í kringum þessar tennur bólgið og marið.

Telst þetta varða við 1. mgr. 194. gr., sbr. 20. gr., en til vara við 1. mgr. 218. gr. eða 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, svo og við 231. gr. sömu laga.

II.

Að hafa fyrr sömu nótt ekið undir áhrifum áfengis bifreiðinni U-1538 frá veiðihúsi Stangaveiðifélags Keflavíkur að Mosum við Geirlandsá í Vestur-Skaftafellssýslu til Kirkjubæjarklausturs, þar sem ákærði ók á staur og í gegnum girðingu umhverfis kapelluna á Kirkjubæjarklaustri að húsinu Kirkjubæ 1, þar sem ákærði yfirgaf bifreiðina og fór inn húsið, eins og fram kemur í I. kafla ákæru, þar sem hann var handtekinn af lögreglumönnum síðar um nóttina.

Telst þetta varða við 1. mgr. 4. gr. og 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

III.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 101. gr. og 102. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málavextir eru þeir, að kl. 2.30 aðfaranótt laugardagsins 13. maí 1989 var lögreglunni í Vestur-Skaftafellssýslu tilkynnt, að drukkinn maður hefði ráðist á stúlkur, er verið hefðu að gæta barna að Kirkjubæ 1, Kirkjubæjarklaustri, á heimili tilkynnandans, Önnu Bjargar Siggeirsdóttur, og sambýlismanns hennar. Lögreglumenn frá Vík í Mýrdal komu á vettvang kl. 3.40. Kærði, þ.e. ákærði í máli þessu, lá á grúfu í ganginum og „andaði með snörli og sogum". Er hann nokkru seinna reis upp og sá lögreglumennina, réðst hann að þeim. Varð að handjárna hann og setja út í lögreglubifreiðina með vaktmanni, meðan skýrslutökur fóru fram. Í skýrslu lögreglumannsins

Reynis Ragnarssonar segir, að við skýrslutöku hafi komið í ljós, að ákærði hafi farið inn í íbúð Önnu, berháttað þar, vakið barnfóstrurnar, misþyrmt annarri og reynt að fá hana til fylgilags við sig. Síðar hafi komið í ljós, að ákærði hafi verið í veiðiskap í Geirlandsá ásamt tveim félögum sínum og þeir gist í veiðihúsi Stangaveiðifélags Keflavíkur að Mosum. Þaðan muni ákærði hafa ekið ölvaður bifreið sinni, U-1538, um nóttina til Klausturs. Við athugun á bifreiðinni og hjólförum hafi upplýst, að bifreiðinni hefði einnig verið ekið í gegnum girðingu umhverfis kapelluna á Klaustri og næstum því á kapelluna. Ákærða var tekið blóð til alkóhólrannsóknar kl. 5.45.

Rannsóknarlögregla ríkisins tók við rannsókn málsins samdægurs. Fer hér á eftir lýsing Harðar Sigurjónssonar rannsóknarlögreglumanns á vettvangi kl. 15 þann 13.5. 1989:

— — —

Vitnið X, f.[...] 1974, [...], Kirkjubæjarklaustri, skýrði svo frá, að hún hefði ásamt vinkonu sinni, Sigrúnu Ingu Birgisdóttur, komið kl. um 22 föstudagskvöldið 12. maí að Kirkjubæ 1, Kirkjubæjarklaustri, til að gæta barnanna Unu Margrétar, þriggja ára, og Sverris, fjögurra ára, fyrir Önnu Björgu Siggeirsdóttur og Bjarna Hermann Sverrisson, meðan þau væru í samkvæmi. Anna Björg hafi þá verið ein heima og farið ein í samkvæmið, en Bjarni Hermann hafi komið um miðnættið frá Reykjavík, haft fataskipti og farið síðan strax í samkvæmið. Kl. um 0.30 - 1.00 hafi þær lagst til svefns í hjónarúminu með Unu Margréti á milli þeirra. Sverrir hafi þá verið sofnaður í barnaherberginu. Hún kvað þær hafa verið alklæddar, og hafi hún verið í peysu og gallabuxum og bol undir peysunni. Þær hafi síðan vaknað, þegar ókunnur, allsnakinn maður kom inn í herbergið, þar sem þær voru. Hann hafi reynt að draga ofan af þeim sængina, og þegar hún hafi ætlað að standa upp, hafi hann tekið hana hálstaki og þvingað niður í rúmið. Hafi hann haldið henni þannig og legið við hlið hennar og beðið hana að fara úr fötunum. Þegar hún hafi neitað, hafi hann hert takið og reynt að klæða hana úr peysunni. Hún hafi beðið hann að losa takið á hálsinum og hann gert það, er hún lofaði að öskra ekki. Hún hafi þó öskrað strax á Sigrúnu Ingu, sem hafi þá komið inn í herbergið, en hún hafði farið fram. Hafi ákærði þá hert takið og slegið hana í höfuðið ofan við vinstra auga. Sigrún hafi síðan reynt að hjálpa henni til að losna frá manninum, og við það, að hann sneri sér að Sigrúnu, tókst henni að velta sér frá honum og losna. Sigrún hafi þá hlaupið fram úr svefnherberginu og maðurinn á eftir henni, og kvaðst hún hafa fylgt á eftir. Þegar hún kom fram í eldhús, en þar var eina leiðin út úr húsinu, var maðurinn í dyrunum fram á ganginn, og sneri hann sér þá að henni og sló hana á munninn

þungt högg. Kvaðst hún hafa skollið á gólfið og ekki muna eftir sér aftur fyrr en inni í stofu, og þá hafi maðurinn verið að reyna að slíta símann úr sambandi. Hún kvað Sigrúnu Ingu hafa tekið Unu Margréti með sér inn í barnaherbergið, meðan maðurinn hélt sjálfri henni í rúminu. Una Margrét hafi farið að gráta og maðurinn þá sussað á hana og lokað dyrunum að barnaherberginu. Hafi hún þá hlaupið fram hjá honum og út úr húsinu og að húsi því (Skerjavöllum 5, Kirkjubæjarklaustri), er fólkið, sem hún var að gæta barnanna fyrir, dvaldist í. Á hlaupunum kvaðst hún hafa heyrt í Sigrúnu Ingu á eftir sér, og hafi þær komið samtímis að húsinu. Hún hafi ekkert getað tjáð sig, er þangað kom, fyrir gráti. Hringt hafi verið strax í móður hennar, sem kom þegar á vettvang og bað um, að hringt yrði á lækni, sem kom að vörmu spori og gaf stúlkunni róandi lyf. Hún kvað útidyr á Kirkjubæ 1 hafa verið ólæstar. Hún kvaðst ekki hafa tekið eftir því, að umræddur maður væri drukkinn, og hann hafi virst styrkur, er hann var að slást við hana. Þá kvaðst hún ekki hafa veitt því athygli, hvort manninum hefði risið hold.

Vitnið Sigrún Inga Birgisdóttir, Skriðuvöllum 7, Kirkjubæjarklaustri, f. 5.4. 1974, skýrði frá atvikum mjög á sömu lund og X. Hún kvað þær stöllur hafa lagst til svefns í svefnherberginu milli kl. 1.00 og 2.00. Hún hafi síðan vaknað við eitthvert þrusk og orðið vör við, að maður var kominn inn í herbergið hjá þeim. Hún kvaðst hafa forðað sér út úr svefnherberginu með Unu Margréti og lagt hana inn í barnaherbergið. Hafi hún þá heyrt, að X kallaði á hana, og hún þá farið inn í hjónaherbergið, og hafi maðurinn þá haldið X kverkataki. Hún hafi þá reynt að losa tak mannsins með því að taka um hönd þá, er hann hélt um háls X. Hún hafi gert sér ljóst, að þær réðu ekki við manninn, og því hafi hún hlaupið út til að sækja hjálp. Hafi hún fyrst bankað upp á í tveimur húsum, en enginn hafi vaknað. Er hún var hjá síðara húsinu, hafi hún séð X hlaupa að húsi Valgeirs I. Ólafssonar, og þær hafi komið saman að því húsi. Hún hafi síðan sagt fólkinu, að einhver maður væri að Kirkjubæ 1 og að fólkið yrði að fara þangað strax.

Vitnið Anna Björg Siggeirsdóttir, húsráðandi að Kirkjubæ 1, Kirkjubæjarklaustri, skýrði svo frá, að hún hefði verið í teiti hjá Valgeiri Inga Ólafssyni, Skerjavöllum 5 á Klaustri, og fengið tvær stúlkur til að gæta dóttur hennar og sonar Bjarna Hermanns Sverrissonar, sambýlismanns hennar, sem hafi komið í samkvæmið rétt fyrir kl. 1.00. Um kl. 2.20 hafi þær báðar komið grátandi og miður sín að Skerjavöllum 5 og sagt, að það væri einhver maður í húsinu að Kirkjubæ 1. X hafi verið með sprungna vör og kúlu á enni, og hafi hún lítið getað sagt sökum taugaáfalls. Hafi vitnið farið heim ásamt Bjarna Sverrissyni og þeim Sverri Valdimarssyni og Sigurði Erni Jakobssyni, sem verið höfðu í samkvæminu. Þegar þau

hafi komið að Kirkjubæ 1, hafi útidyr verið opnar, en enginn maður sjáanlegur. Framangreindir menn hafi farið að leita hans, og kvaðst hún hafa orðið vör við stimpingar úti, en mennirnir komið skömmu síðar með manninn (ákærða). Hann hafi verið mjög ofstopafullur, meðan beðið var eftir lögreglu, og hafi komið til talsverðra átaka milli hans og mannanna þriggja. Í átökunum hafi maðurinn brotið salernisvatnskassa þannig, að vatn flóði niður í kjallara. Maðurinn hafi verið í úlpu, skóm og bláum gallabuxum, sem Bjarni Hermann átti. Fyrir framan eldavélina í eldhúsi hafi legið fatahrúga, blár gallabuxur, köflótt vinnuskyrta, ullarsokkar og nærbuxur. Armbandsúr hafi legið á eldavélinni. Kvaðst hún ekki hafa veitt fatahrúgunni athygli fyrr en Margrét Una hafi látið þessi orð falla: „Af hverju fór maðurinn úr fötunum?“ Hún kvað telpuna hafa verið grátandi, er að var komið, og mjög skelfda.

Vitnið Bjarni Hermann Sverrisson skýrði frá atvikum mjög á sömu lund og Anna Björg. Hann kvaðst hafa haft fataskipti að Kirkjubæ 1, áður en hann fór í samkvæmið, og lagt föt sín, þar á meðal blár gallabuxur, á barnavagn í hjónaherberginu. Hann kvað Unu Margréti hafa verið grátandi fyrir utan húsið, er að var komið. Hann kvaðst hafa farið ásamt Sverri og Sigurði Erni að leita mannsins og þeir fundið hann þar skammt frá. Þeir hafi leitt hann inn, en hann hafi rokið upp af og til (sic) og reynt að komast út og þeir þá lent í átökum við hann. Maðurinn hafi greinilega verið mjög utan við sig vegna ölvunar eða annarra áhrifa. Þá sagði hann, að ákærði hefði haft á orði rétt eftir handtökuna, að stúlkurnar hefðu verið yndislegar.

Ákærði hefur skýrt svo frá, að hann hafi komið á fimmtudag austur að Geirlandsá til að veiða ásamt veimur félögum sínum, þeim Brynjari Sigurðssyni og Lárusi Þórhallssyni. Þeir hafi verið á bíl ákærða, sem er Toyota, U-1538. Á föstudag hafi þeir verið við veiði, en gert hlé milli 13.00 - 15.00. Þeir hafi komið að veiðihúsi Stangaveiðifélags Keflavíkur um kl. 20, eldað sér mat og sest síðan að áfengisdrykkju. Um kl. 22 hafi maður, sem kallaður er Jói, frændi Brynjars, komið til þeirra. Um miðnætti hafi þeir farið í bíl ákærða að Klaustri, og hafi Jói þá ekið. Þar hafi þeir hitt Þjóðverja og ákærði keypt áfengispela af Þjóðverja þessum og þeir félagar drukkið úr honum inni í herbergi hjá honum. Aðspurður um áfengisneyslu kvaðst hann hafa byrjað að drekka um kl. 14 á föstudag. Hann kvaðst ekki geta tilgreint, hversu mikið, en sagðist hafa drukkið bjór, vodka og viskí, og eftir að hafa drukkið inni hjá Þjóðverjanum, hafi hann verið orðinn mjög drukkinn. Þar kvaðst hann hafa tapað minninu og ekkert muna eftir sér fyrr en í átökum við kvenmann inni í einhverju húsi. Varðandi akstur bifreiðarinnar og síðari atburði ber hann við minnisleysi. Hann kvað sig þó ráma í að hafa verið nærri kapellunni. Aðspurður af

dómara kvað hann sennilega ástæðu til síðari fararinnar að Klaustri hafa verið þá, að hann hefði ætlað að fá meira vín hjá Þjóðverjanum, og síðan hafi hann séð ljós í umræddu húsi. Hann kvaðst ekkert geta sagt, hvað fyrir sér hefði vakað, enda hljóti hann að hafa verið með það skerta dómgreind, að hann hafi ekki vitað, hvað hann var að gera.

Ákærði kvað vegalengdina frá veiðihúsinu að Kirkjubæjarklaustri vera um 3 km. Tvær lyklakippur voru í bláum gallabuxum, sem fundust í húsinu Kirkjubæ 1, og kvaðst ákærði eiga þær, en í þeim voru tveir lyklar, er gengu að bifreið hans. Þá hefur ákærði viðurkennt að eiga armbandsúr og fatnað, er fannst í húsinu aðfaranótt laugardagsins 13. maí 1989.

Vitnið Brynjar Hólm Sigurðsson, til heimilis að Greniteig 45, Keflavík, hefur skýrt svo frá, að þeir þrír, vitnið, ákærði og Lárus Þórhallsson, hafi verið við veiði í Geirlandsá föstudaginn 12. maí. Þeir hafi snemma hætt veiði vegna kulda og fyrst fengið sér bjór og síðan fljótlega á eftir sterkara vín. Þeir hafi verið í veiðihúsinu fram eftir kvöldi við spil og horft á sjónvarp og gengið til náða klukkan um 2 aðfaranótt laugardagsins 13. maí. Skömmu seinna kveðst vitnið hafa heyrt, að bifreið var sett í gang. Hann hafi þá litið út um gluggann og séð, að bifreið Benedikts var farin af hlaðinu og var að beygja af heimreiðinni út á veg. Hann kvað ákærða hafa verið ókominn til baka, er hann vaknaði kl. um 11. Hafi hann farið að leita hans og fundið bifreið hans við Edduhótelið, Kirkjubæjarklaustri.

Vitnið Lárus Benedikt Þórhallsson, Óðinsvöllum 17, Keflavík, skýrði frá á sömu lund og Brynjar, nema hann kvað þá hafa farið að Klaustri um miðnætti og hitt þar Þjóðverja, en komið til baka að veiðihúsinu milli kl. 1 og 1.30. Hann kvað Jóhann, frænda Brynjars, hafa ekið bifreiðinni í það skiptið. Hann hafi síðar orðið var við, er bifreið Benedikts var gangsett, en þeir hafi ekki haft nein tök á að stöðva aksturinn.

Vitnið Jóhann Grétar Sigurðsson, Bakkakoti 2, Leiðvallarhreppi, skýrði svo frá, að hann hefði komið í veiðikofa Stangaveiðifélags Keflavíkur að Mosum við Geirlandsá föstudaginn 12. maí 1989. Þeir þrír, sem þar voru fyrir, Lárus, Brynjar og ákærði, hafi verið við skál. Hann hafi ekið þeim að Klaustri klukkan um 23.30 og til baka skömmu síðar.

Lagt hefur verið fram áverkavottorð Hauks Valdimarssonar heilsugæslulæknis vegna X, dags. 23.5. 1989, svohljóðandi: „Trúlegt er, að ofangreind hafi vankast eitthvað við höggin, sú ályktun dregin, þar sem ofangreind á nokkuð erfitt með að gera sér grein fyrir atburðarásinni fyrst á eftir, eins þar sem hún kvartaði um höfuðverk og dál. ógleði fyrsta sólarhringinn eftir árásina. Að öðru leyti var meðvitundarástand alltaf með eðlilegum hætti. Undirritaður hitti ofannefnda innan við hálftíma eftir árásina. Hún var þá í miklu uppnámi og átti í byrjun erfitt með að útskýra, hvað gerst hafi, kvartaði um verk í andlitinu, mest í vörum vi. megin, einnig verk,

þegar hún beit saman í hliðarframtönn og augntönn ofan við vi. megin, verkur aftarlega í neðri kjálka vi. megin og verkur í enni vi. megin. Fyrsta skoðun leiddi í ljós dál. roða á húðinni á hálsinum, mest áberandi aftarlega hæ. megin. Efri og neðri vör voru bólgnar vi. megin og á neðri vör um 2 cm skurður á slímhúðarhluta vararinnar; þaðan blæddi dálítið. Dökkleitt mar á efri gómi, meðfram rót vi. hliðarframtannar. Dál. los er á vi. augntönn og vi. hliðarframtönn, og hún fékk verk, þegar komið var við þær. Veruleg eymsli og talsverð bólga á svæði yfir aftari hluta neðri kjálka vi.megin. Töluverð bólga á allstóru svæði vi. megin á enni. Eymsli og dál. bólga til hliðar við og neðan við vi. auga. Ný skoðun u.þ.b. hálfum sólarhring eftir líkamsárásina leiðir í ljós eðlilegt meðvitunarástand, en hún er þó greinilega miður sín og döpur. Sömu kvartanir um verki eins og í byrjun nema nú meiri kvartanir um ríg í hálsi..."

Þá hefur einnig verið lagt fram vottorð Sigurjóns H. Ólafssonar tannlæknis, dagsett 18.5. '89, en þar segir m.a: „...Við komu á sjúkrahúsið er X vel áttuð (sic) á stað og stund og gefur greinargóð svör, en er greinilega miður sín eftir atburði síðastliðins sólarhrings. Það er greinileg fyrirferð, bólga, yfir vinstra kjálkahorni og umtalsverð eymsli þar svo og beint framan á enni. Einnig eru eymsli framarlega á neðri kjálka, rétt vinstra megin miðlínu undir kjálkabarði. Neðri vör er bólgin og skorin um tveggja cm skurði á slímhúðarhluta vararinnar, en sárabarmar haldast þó allvel saman. Það er dofi í efri vör og upp á nasavængi og á svæðinu neðan vinstra augans, en fer þó dvínandi að sögn sjúklings. Tvær tennur í efri kjálka, miðframtönn og hliðarframtönn vinstra megin, eru aðeins lausar og aumar viðkomu, en lítt eða ekki færðar úr stað. Tannhold í kringum þessar tennur er bólgið og marið. Kjálkahreyfingar eru þvingaðar vegna eymsla í aftari hluta kjálkans vinstra megin. Bit sjúklings virðist hins vegar vera rétt. Röntgenmynd af kjálkum bendir ekki til beinbrota. Sérmyndir af tönnum staðfesta það los, sem finnst við kliniska skoðun... Á það skal lögð áhersla, að þung högg á tennur geta valdið skemmdum, sem koma ef til vill ekki fram kliniskt (í tönnum/beinum) fyrr en mánuðum og jafnvel árum eftir viðkomandi óhapp."

Í vottorði læknis Síðumúlafangelsis um rannsókn á ákærða þann 13.5. 1989 kl. 17.30 segir m.a: „...Andlit: bólginn og marinn yfir báðum kinnbeinum. Talsvert glóðarauga umhverfis bæði augu. Á aftanverðum hæ. upphandlegg eru dreifðar smárispur og mar. Talsvert mar er ofan á vi. handarbaki, og ofan á því er fleiður: 3.5 x 0.5 sm. Yfir hæ. öxl eru dreifð fleiður og smásár. Yfir alla bringu, einkum þó ofan við vi. brjóst, eru smáfleiður, mar og grunnar rispur. Þrjár samsíða rispur eru yfir vi. öxl (hugsanl. eftir neglur). Dreifð fleiður eru yfir báðum hnjám, einkum hæ. megin. Mar er aftan á vi. læri.."

Ákærði hefur sætt geðheilbrigðisrannsókn, og er ályktun Hannesar Péturssonar yfirlæknis í skýrslu, dags. 26. nóvember 1989, svohljóðandi: „...Að mati undirritaðs er Benedikt Ástmar Guðmundsson ekki haldinn formlegri geðveiki (psychosis) né greindarskorti. Hins vegar greinast merki um vægar persónuleikatruflanir, sem hafa m.a. komið fram í skapgerðarbrestum, hegðunarvandkvæðum á unglingsárum og óreglulegri skóla- og atvinnusókn framan af. Enn fremur komst Benedikt í kast við lögin á unglingsárum. Hins vegar er áberandi, að flest þessara vandkvæða eru fyrst og fremst bundin við unglingsárin, þ.e. Benedikt hefur sýnt fram á ákveðinn stöðugleika, bæði að því er varðar árangur og staðfestu í framhaldsnámi og síðar í atvinnusókn. Einnig virðist nokkuð um það, að Benedikt hafi neytt áfengis óhóflega, en að því er virðist, án þess að það hafi leitt til alvarlegra vandræða, þ.e. fyrr en með atburði þeim, er mál þetta snýst um. Benedikt kveðst hafa dregið úr áfengisneyslu sinni frá því síðastliðið vor, en hefur ekki talið ástæðu til að hætta neyslu áfengis vegna framangreinds atburðar, „En maður drekkur mun minna, geri mér grein fyrir, að svona má ekki ske." Undirritaður hefur bent Benedikt á framangreind einkenni um skapgerðarbresti og ráðlagt honum að halda sig alveg frá neyslu áfengis framvegis. Að því er varðar nánasta aðdraganda og hugsanlegar orsakir fyrir verknaði þeim, er Benedikt er nú sakaður um, þá vega að líkindum þyngst framangreindir skapgerðarbrestir, sem samfara miklum áfengisáhrifum hafa leitt til skertrar sjálfstjórnar og hvatvíslegra viðbragða af hans hálfu. Hins vegar er erfitt að meta með vissu, hvenær og með hvaða hætti ásetningur til verknaðarins kann að hafa myndast. Minnistruflanir þær, er Benedikt lýsir, eru í samræmi við mikla neyslu áfengis á tiltölulega stuttum tíma. Það verður því að telja líklegt, að dómgreind Benedikts hafi verið sljóvguð vegna mikilla áfengisvímuáhrifa, þegar framangreindur atburður átti sér stað. Hins vegar verður þó að ályktа, að raunveruleikamat og dómgreind Benedikts Ástmars Guðmundssonar sé annars með þeim hætti, að hann teljist sakhæfur."

Ákærði hefur greitt þær skaðabótakröfur, sem gerðar hafa verið í málinu, að fullu, þ.e. skaðabætur vegna tjóns á girðingu við minningarkapellu sr. Jóns Steingrímssonar, skaðabætur vegna skemmda að Kirkjubæ 1, skaðabætur vegna fatatjóns Bjarna H. Sverrissonar. Þá hefur verið lögð fram í réttinum yfirlýsing frá Gunnari Þorkelssyni, föður vitnisins X, þar sem tekið er fram, að ákærði í máli þessu hafi greitt bætur vegna miska og að ekki verði gerðar frekari kröfur um bætur á hendur honum.

Í blóðsýni því, sem ákærða var tekið í umrætt sinn, reyndist magn alkóhóls vera 1,51‰.

Ákærði hefur áður sætt eftirtöldum refsingum:

[Dómur 1978 fyrir þjófnað og skjalafals (refsiákvörðun frestað), 1973 sekt

fyrir tolllagabrot og 1980 sekt og ökuleyfissvipting vegna ölvunaraksturs og nytjastuldar].

Niðurstöður.

Ákærði hefur borið, að hann geti ekki vegna minnisleysis rengt vætti vitna um ætlaðar sakir, sem um ræðir í málinu.

Með vísan til þess, sem að framan er rakið, þykir nægilega sannað, að ákærði ruddist heimildarlaust inn í íbúðarhúsið Kirkjubæ 1, Kirkjubæjarklaustri, þann 13.5. 1989. Með því hefur hann gerst brotlegur við 231. gr. alm. hgl. nr. 19/1940, enda hefur húsráðandi þar borið fram kæru vegna þess, svo að skilyrði 2. tl. a 242. gr. sömu laga er fullnægt.

Líkur benda eindregið til, að er ákærði varð var við sofandi stúlkurnar, hafi hann upphaflega ætlað að fá stúlkuna X til kynferðismaka við sig, en varhugavert þykir að telja sannað, að það hafi verið ásetningur ákærða að koma fram samförum við stúlkuna gegn vilja hennar, þannig að um tilraun til brots samkvæmt 194. gr. hegningarlaga nr. 19/1940 sé að ræða. Hins vegar þykir leitt í ljós, að atlaga hans að stúlkunni hafi stjórnast af kynferðislegum hvötum. Frásögn stúlkunnar styðst við vottorð læknis um minni háttar áverka (rispur) á ákærða og við vætti vitna meðal annars um ástand hennar og hegðun, er hún kom að Skerjavöllum 5, Kirkjubæjarklaustri. Þykir háttsemi ákærða að þessu leyti eiga að varða hann refsingu samkvæmt 209. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, enda var málflytjendum gefinn kostur á að reifa málið með það í huga, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974.

Vegna meiðsla þeirra, er af hlutust fyrir X, þykir ákærði með líkamsárásinni hafa gerst brotlegur við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga.

Þá þykir af skýrslum málsins og framburði vitna nægilega sannað, að ákærði hafi ekið bifreið sinni, U-1538, undir áhrifum áfengis umrætt skipti frá veiðihúsi Stangaveiðifélags Keflavíkur að Mosum við Geirlandsá í Vestur-Skaftafellssýslu til Kirkjubæjarklausturs, þar sem ákærði ók á staur og í gegnum girðingu umhverfis kapelluna á Kirkjubæjarklaustri að húsinu Kirkjubæ 1. Telst hann með þessu hafa gerst brotlegur við 1. mgr. 4. gr. og 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Refsing ákærða þykir með hliðsjón af 1. mgr. 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin sjö mánaða fangelsi, en rétt þykir að ákveða, að fresta skuli fullnustu fjögurra mánaða af þeirri refsingu og að sá hluti hennar falli niður að þremur árum liðnum frá uppsögu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. greinar almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Þá ber að svipta ákærða ökuréttindum í eitt ár frá birtingu dóms

þessa að telja, sbr. 1. mgr. 101. gr. og 2. mgr. 102. gr. laga 50/1987.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Vilhjálms Þórhallssonar hrl., sem þykja hæfilega ákveðin kr. 80.000, og saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 50.000.

Dómsorð:

Ákærði, Benedikt Ástmar Guðmundsson, sæti fangelsi sjö mánuði. Fullnustu fjögurra mánaða af refsingunni skal fresta og sá hluti hennar falla niður að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, enda haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í eitt ár frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun Vilhjálms Þórhallssonar hæstaréttarlögmanns, 80.000 krónur, og saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 12. mars 1991.

Nr. 135/1989. **Álftárós hf.**
(Kristján Stefánsson hdl.)
gegn
Íslandsbanka hf.
(Gunnar Sæmundsson hrl.).

Verksamningar. Ábyrgð. Tómlæti hafnað.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. apríl 1989. Hann krefst þess, að stefndi greiði honum 587.024 krónur með 3,5% dráttarvöxtum á mánuði frá 23. ágúst 1985 til 1. september s.á., með 3,7% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. mars 1986, með 2,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. apríl s.á., með 2,25% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. mars 1987, með 30% ársvöxtum frá þeim degi til 14. apríl 1987, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Hann krefst þess, að vextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 23. ágúst 1986, þannig einnig fyrir tímann fyrir gildistöku vaxtalaga. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og honum dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti.

Íslandsbanki hf. yfirtók skuldbindingar Útvegsbanka Íslands hf. 1. janúar 1990, en hann hafði tekið við skuldbindingum Útvegsbanka Íslands 1. maí 1987, sbr. 12. gr. laga nr. 7/1987 um stofnun hlutafélagsbanka um Útvegsbanka Íslands.

I.

Svo sem greinir í héraðsdómi, gerðu áfrýjandi og Blikksmiðjan Vogur hf. með sér verksamning 2. apríl 1985. Með ábyrgðaryfirlýsingu 9. apríl 1985 setti Útvegsbanki Íslands áfrýjanda 587.024 króna tryggingu fyrir efndum blikksmiðjunnar sem verktaka. Ábyrgðaryfirlýsingin er rakin í héraðsdómi. Samkvæmt ákvæðum hennar gilti hún til 31. desember 1986.

Á vegum Blikksmiðjunnar Vogs hf. var unnið að verkinu til 12. ágúst 1985, en þá var bú félagsins tekið til gjaldþrotaskipta. Verulegum hluta verksins var þá ólokið. Ómótmælt er, að með bréfum 23. og 29. ágúst sama ár krafði áfrýjandi Útvegsbanka Íslands um greiðslu samkvæmt ábyrgðinni og taldi sig hafa orðið fyrir tjóni við gjaldþrotið. Dagsetningar þessar hafa misritast í niðurstöðu hins áfrýjaða dóms. Í bréfum þessum er ekki gerð grein fyrir fjárhæð tjóns eða í hverju það sé fólgið. Þessum bréfum var ekki sinnt eftir efni þeirra. Fullyrðir lögmaður áfrýjanda, að af hálfu bankans hafi því verið haldið fram, að áfrýjandi yrði ekki fyrir tjóni, þar sem nýtt fyrirtæki, Blikksmiðjan Vík hf., myndi taka að sér að ljúka verkinu. Fyrirsvarsmenn bankans voru ekki kvaddir til skýrslugjafar í málinu.

Hinn 18. október 1985 lýsti áfrýjandi kröfu, að fjárhæð „allt að kr. 3.500.000,-", í þrotabú Blikksmiðjunnar Vogs hf. Hinn 10. desember 1985 lækkaði hann kröfu sína í 1.176.394 krónur. Sú fjárhæð byggðist á tapi vegna mismunar á verksamningi hans við félagið og samningi hans við fyrirtækið, sem tók við verkinu.

Með bréfi 23. desember 1987 ítrekaði áfrýjandi kröfu sína og þá gegn Útvegsbanka Íslands hf. um tryggingarfé samkvæmt ábyrgðaryfirlýsingunni og taldi tap sitt nema um það bil 2.500.000 krónum. Af hálfu bankans var þessari kröfu hafnað með bréfi 5. janúar 1988 og vísað til þess, að ábyrgðin væri fallin niður. Skiptastjóri þrotabúsins samþykkti 15. febrúar 1988 kröfu áfrýjanda sem almenna kröfu í búið, og samkvæmt bréfi 5. október sama ár var 127.902,90 krónum úthlutað upp í hana. Áfrýjandi þingfesti síðan mál þetta fyrir bæjarþingi Kópavogs 27. október 1988.

Stefndi lítur svo á, að rök hnígi til þess, að ábyrgðin hafi orðið gild gagnvart honum á árinu 1985, þótt ákvörðun bústjóra þrotabúsins sé ekki einhlít sönnun þess. Hann heldur því fram, að áfrýjanda hafi borið að fengnum litlum undirtektum af hálfu Útvegsbanka Íslands að höfða mál til innheimtu tryggingarfjárhæðarinnar innan ábyrgðartímans.

II.

Samkvæmt ákvæðum ábyrgðaryfirlýsingarinnar frá 9. apríl 1985 mátti krefja Útvegsbankann um tryggingarféð án undangengins dóms á hendur Blikksmiðjunni Vogi hf. Þetta gerði áfrýjandi með

bréfum 23. og 29. ágúst 1985. Líta verður svo á, að þar með hafi hann gert bankanum nægjanlega ljóst fyrir lok ábyrgðartímans 31. desember 1986, að hann myndi gera ábyrgðina gildandi. Ósannað er hins vegar, að áfrýjandi hafi sýnt stefnda fram á, í hverju tjón hans væri fólgið, fyrr en við þingfestingu 27. október 1988. Þetta atriði getur þó ekki leitt til þess, að réttur áfrýjanda hafi fallið niður vegna tómlætis, enda mátti stefnda vera ljóst, eins og á stóð, að hann yrði krafinn um ábyrgðarféð. Krafa áfrýjanda er ófyrnd, og ósannað er, að hann hafi gefið hana upp. Ber því að taka hana til greina, en vextir verða aðeins dæmdir frá þingfestingu málsins í héraði.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms er staðfest.

Rétt er, að stefndi greiði áfrýjanda 75.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Stefndi, Íslandsbanki hf., greiði áfrýjanda, Álftárósi hf., 587.024 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 27. október 1988 til greiðsludags.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms er staðfest.

Stefndi greiði áfrýjanda 75.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Kópavogs 16. mars 1989.

Mál þetta, sem dómtekið var 10. mars sl., er höfðað fyrir bæjarþingi Kópavogs með stefnu, útgefinni 19. október sl., að Álftárósi hf., Smiðjuvegi 11, Kópavogi, gegn Hallgrími Snorrasyni hagstofustjóra og stjórnarformanni, f.h. Útvegsbanka Íslands hf., kt. 440587-2169, Austurstræti 19, Reykjavík, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 587.024, með [nánar tilgreindum vöxtum auk málskostnaðar].

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og að honum verði dæmdur málskostnaður skv. gjaldskrá LMFÍ.

Varakrafa stefnda er sú, að dráttarvaxtakrafa stefnanda verði lækkuð til muna, þannig, að honum verði einungis dæmdir dráttarvextir samkvæmt l. nr. 25, 1987, frá þingfestingardegi, 27. október 1988, til greiðsludags, og taki málskostnaðarupphæð mið af því.

Þrautavarakrafa stefnda er sú, að stefndi verði einungis dæmdur til að

greiða hæstu lögleyfða innlánsvexti, eins og þeir eru á hverjum tíma, frá 23. ágúst 1985, og lækki málskostnaðarkrafa til samræmis.

Málavextir.

Svo sem fram hefur komið af hálfu málsaðila, eru málavextir þeir, að með verksamningi, dags. 2. apríl 1985, milli stefnanda og Blikksmiðjunnar Vogs hf. tók blikksmiðjan að sér að smíða og setja upp loftræstilögn og tæki í nýbyggingu Breiðabliks hf. að Efstaleiti 10, 12 og 14 í Reykjavík, en samkvæmt samningnum skyldi stefnandi greiða verktakanum fyrir verkið kr. 5.867.856. Af þessu tilefni gaf Útvegsbanki Íslands út svohljóðandi ábyrgðaryfirlýsingu:

„Kópavogi, 9. apríl 1985,
Digranesvegi 5,
9032-7682.

Álftárós s/f, nnr. 0255-6251,
Langabakka,
Mosfellssveit.

Ábyrgðaryfirlýsing.

Undirritaður lýsir því hér með yfir, að hann ábyrgist Álftárósi h/f f.h. Breiðabliks hf. sem verkkaupa greiðslur allt að krónum 587.024,00, — fimm hundruð áttatíu og sjö þúsund tuttugu og fjórar 00/100, — sem 10% af samningsfjárhæð, kr. 5.867,856, — fimm milljónir átta hundruð sextíu og sjö þúsund átta hundruð fimmtíu og sex 00/100, — sem tryggingu fyrir, að Blikksmiðjan Vogur hf., nnr. 9338-6329, Auðbrekku 2, Kópavogi, inni af hendi samningsskyldur sínar sem verktaki við smíði og uppsetningu loftræstilagnar og tækja í nýbyggingu Breiðabliks hf. að Efstaleiti 10, 12 og 14 í Reykjavík samkvæmt samningi, dagsettum 2. apríl 1985.

Ábyrgðartrygging þessi gildir til 31. desember 1986.

Verkkaupi getur krafið undirritaðan um greiðslu tryggingarfjárins að einhverju eða öllu leyti, einhliða og án undangengins dóms, ef hann telur nauðsynlegt til að bæta galla, sem fram hafa komið á verki verktaka, eða til greiðslu á einhvers konar kostnaði, sem verkkaupi hefir orðið fyrir vegna vanefnda á ákvæðum verksamnings, og skal greiðslan fara fram, strax og hennar er krafist.

Ofangreindan verksamning höfum vér kynnt oss.

Rísi mál út af ábyrgðaryfirlýsingu þessari, verður farið eftir ákvæðum útboðslýsingar, og má reka það fyrir bæjarþingi Kópavogs, og er sáttaumleitan dómara nægjanleg.

Útvegsbanki Íslands."

Hinn 12. ágúst 1985 var Blikksmiðjan Vogur hf. tekin til gjaldþrotaskipta hjá skiptarétti Kópavogs, og tókst hlutafélaginu ekki að ljúka hinu umsamda verki.

Nokkru síðar tókust samningar með stefnanda og Blikksmiðjunni Vík hf. um, að blikksmiðjan tæki að sér að ljúka verkinu, en stefnandi taldi sig hafa þurft að greiða mun hærra verð fyrir verkið en samið hafði verið um við hlutafélagið, sem varð gjaldþrota.

Með bréfi stefnanda, sem dagsett er þann 18. október 1985, er kröfu hans lýst í þrotabú Blikksmiðjunnar Vogs hf., að fjárhæð allt að 3.500.000 kr. Kröfunni var hafnað að svo stöddu með bréfi bústjóra, dags. 30. október 1985, sem algerlega órökstuddri. Stefnandi lýsti kröfunni á ný með kröfulýsingu, dags. 10. desember 1985, að fjárhæð kr. 1.176.394, og var krafan samþykkt af hálfu skiptastjóra þrotabúsins með bréfi, dags. 15.2. 1988.

Í málinu hafa verið lögð fram afrit af tveimur bréfum, dags. 23. ágúst 1985 og 29. ágúst s.á., frá lögmanni stefnanda, hið fyrra til Axels Kristjánssonar, þáverandi bankastjóra Útvegsbanka Íslands, og hið síðara til bankastjórnar sama banka, en í báðum tilvikum er krafið um greiðslu samkvæmt ábyrgðinni. Ekki liggur fyrir, hvort bankanum bárust þessi bréf.

Þá hefur verið lagt fram afrit af bréfi lögmanns stefnanda til Útvegsbanka Íslands, dags. 23. desember 1987, þar sem vísað er til umræddrar ábyrgðar og krafist greiðslu samkvæmt henni ásamt vöxtum og kostnaði. Loks hefur verið lagt fram bréf Útvegsbanka Íslands hf., dags. 5. janúar 1988, svohljóðandi:

„Hr. Kristján Stefánsson hdl.,
Ránargötu 13,
101 Reykjavík.

Viðv. ábyrgð bankans v/Blikksmiðjunnar Vogs hf.
til Álftáróss hf. vegna Breiðabliks.

Vér vísum til bréfs yðar frá 23. desember 1987, þar sem gerð er krafa um greiðslu á grundvelli ofangreindrar ábyrgðar, svo og bréfs okkar (sic) frá 29. desember 1987.

Þar sem ábyrgð vor féll úr gildi hinn 31. desember 1986, er kröfu yðar hér með hafnað.

Ekki verður séð, að bréf þau, sem nefnd eru í ofangreindu bréfi yðar, hafi borist oss.

Bankanum er enn fremur kunnugt um, að kröfu þessari mun hafa verið hafnað af hálfu skiptastjóra þrotabús Blikksmiðjunnar Vogs hf.

Virðingarfyllst,
Guðmundur Hauksson (sign).“

Málsástæður og lagarök aðila.

Krafa stefnanda er á því byggð, að hann hafi þegar eftir gjaldþrot Blikksmiðjunnar Vogs hf. krafið stefnda um greiðslu samkvæmt ábyrgðinni. Bótakrafa stefnda í þrotabúi blikksmiðjunnar vegna vanefnda á samningnum hafi verið viðurkennd, að fjárhæð kr. 1.176.394, og upp í hana hafi fengist greiddar kr. 127.902,90. Sannað sé, að stefnandi hafi orðið fyrir tjóni vegna vanefnda blikksmiðjunnar, og því beri stefnda að svara ábyrgðinni, en bankinn hafi verið krafinn um greiðslu á þeim tíma, sem ábyrgðin var virk.

Gildistími ábyrgðarinnar standi í eitt ár, eftir að verki ljúki, svo sem venja segi til um, en í verksamningnum á dskj. nr. 4 komi fram, að verki skuli lokið þann 31. desember 1985, og í ábyrgðaryfirlýsingunni á dskj. nr. 3 er tekið fram, að hún gildi til 31. desember 1986.

Það hafi verið ljóst strax við gjaldþrotið, að blikksmiðjan myndi ekki efna samninginn, en hins vegar lá ekki fyrir, hvort stefnandi yrði fyrir tjóni vegna þessa. Stefnandi heldur því fram, að ekki hafi legið fyrir, fyrr en eftir að verkinu lauk, hvert raunverulegt tjón stefnanda varð vegna vanefnda hins gjaldþrota hlutafélags.

Því er mótmælt af hálfu stefnanda, að hann hafi misst rétt til að krefja stefnda um efndir samkvæmt ábyrgðaryfirlýsingunni vegna tómlætis. Stefnandi hafi falið lögmanni að innheimta kröfuna hjá stefnda, sbr. áritun á dskj. nr. 5, og hafi lögmaðurinn látið bankann strax vita um tilvist kröfunnar. Stefndi hafi farið fram á, að tjón stefnanda yrði sannað, og hefur stefndi dregið að greiða stefnanda í allan þennan tíma. Þann drátt, sem hafi orðið á þessu, megi eingöngu rekja til þess, að stefndi hafi haldið að sér höndum. Fyrirsvarsmönnum stefnda hafi verið kunnugt um kröfu stefnanda á þeim tíma, sem ábyrgðin var í gildi.

Þá hefur stefnandi harðlega mótmælt því, að hann hafi nokkurn tímann gefið yfirlýsingu þess efnis, að hann myndi ekki hafa uppi kröfu vegna þessarar ábyrgðar. Í framburði vitna komi ekki fram, að stefnandi hafi haft á orði, að hann myndi falla frá kröfum á hendur stefnda vegna ábyrgðaryfirlýsingarinnar. Loks telur stefnandi með öllu óljóst, hvort stefndi hafi átt einhverja tryggingu á hendur fyrirsvarsmönnum Blikksmiðjunnar Vogs hf. vegna ábyrgðarinnar. Víxillinn, sem stefndi vitni til, hafi ekki verið lagður fram í málinu, og yfirlýsingin á dskj. nr. 20 taki ekki endilega til þeirra viðskipta, sem hér um ræði. Því sé ekki hægt að byggja á tilvist víxilsins við úrlausn máls þessa.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að stefnandi hafi með tómlæti sínu firrt sig rétti til að krefja stefnda bóta á grundvelli ábyrgðaryfirlýsingar hans.

Ábyrgðaryfirlýsingin hafi einungis átt að gilda til 31. desember 1986 sam-

kvæmt eigin hljóðan. Eftir að stefnandi hafi ritað kröfubréfin til bankans, sem dagsett eru 23. ágúst og 29. ágúst 1985, hafi hann haldið að sér höndum gagnvart bankanum, þar til hann ritaði bankanum aftur bréf, sem dagsett er 23. desember 1987. Innheimtan hafi því fallið niður í tvö ár og tæpa fjóra mánuði eða í þrjú ár og tæpa tvo mánuði, ef miðað er við þingfestingu málsins. Í kröfulýsingu stefnanda á dskj. nr. 9 frá 18. október 1985 komi fram, að stefnandi telji sig hafa orðið fyrir verulegu tjóni vegna vanefnda Blikksmiðjunnar Vogs hf. Stefndi telur aðgerðaleysi stefnanda gagnvart sér óskiljanlegt, þegar litið sé til þess, að ábyrgðaryfirlýsingin hafði ákveðinn gildistíma, svo og þess, hvernig staðið var að kröfugerð stefnanda gagnvart þrotabúi Blikksmiðjunnar Vogs hf.

Stefndi telur, að stefnanda hafi verið í lófa lagið að höfða mál til innheimtu kröfunnar þegar á árinu 1985. Raunar sé ýjað að málshöfðun í bréfi lögmanns stefnanda, dags. 29. ágúst 1985. Vegna áðurnefndra tímamarka ábyrgðarinnar hafi stefnanda enn fremur mátt vera ljós nauðsyn þess að verja sig þeirri mótbáru stefnda, sem að takmörkum þessum lýtur, með málsókn þegar í stað.

Þá vekur stefndi athygli á því, að skilyrði þess, að ábyrgðin væri gjaldkræf, séu allrúm og stefnanda væntanlega ekki til trafala við málatilbúnað á hendur stefnda þegar á árinu 1985. Stefnanda hafi borið að höfða mál til innheimtu ábyrgðarinnar, áður en gildistími hennar var útrunninn, eða fyrir 31. desember 1986. Stefndi vísar í því efni til hliðsjónar til almennra reglna um fyrningu kröfuréttinda, en samkvæmt þeim sé almenna reglan sú, að fyrningarfrestur rofni við málshöfðun, þ.e. birtingu stefnu eða þingfestingu máls. Engin gögn liggi fyrir varðandi það, að stefndi hafi átt nokkurn þátt í þessum drætti af hálfu stefnanda.

Stefndi telur, að leggja verði mat á samningssamband málsaðilanna og að taka verði tillit til hagsmuna þeirra í því tilviki, sem hér um ræði. Stefndi telur, að hann eigi ekki að þurfa að bíða í óvissu í svo langan tíma, sem raun varð á, vegna tómlætis stefnanda, en samkvæmt skriflegu orðalagi ábyrgðaryfirlýsingarinnar sé gildistími hennar ekki lengur fyrir hendi.

Málsástæðu stefnda, er lýtur að munnlegum loforðum fyrirsvarsmanna stefnanda um, að ekki yrði gengið að ábyrgðinni, telur stefndi aðallega vera studda vætti vitna, en að auki lítur stefndi svo á, að áðurnefnt tómlæti stefnanda sé merki þess, að slíkt loforð hafi verið gefið, en loforðsgjafa hafi snúist hugur um svipað leyti og kröfubréf stefnanda barst í lok árs 1987.

Um hafi verið að ræða bindandi loforð, er lýst hafi verið yfir af hálfu stefnanda við bústjóra þrotabús Blikksmiðjunnar Vogs hf., þess efnis, að ekki yrði látið reyna á gildi ábyrgðarinnar. Stefndi hafi því losnað undan ábyrgðinni, enda þótt honum hafi eigi verið tilkynnt það sérstaklega, en

hann hafi talið, að svo væri, vegna þess dráttar, sem varð á innheimtuaðgerðum stefnanda.

Stefndi vísar í þessu efni til almennra reglna samningaréttarins um gildi loforða, munnlegra sem skriflegra, sbr. og 7. gr. samningalaga nr. 7, 1936.

Niðurstöður.

Í máli þessu liggur ekki fyrir, hver viðbrögð stefnda urðu við bréfum stefnanda, sem dagsett eru 13. og 23. ágúst 1985, eða yfir höfuð, hvort um nokkur viðbrögð hafi verið að ræða af hans hálfu vegna þessa. Samkvæmt ábyrgðaryfirlýsingunni, sem stefnandi byggir málsókn sína á, gilti ábyrgðartryggingin til 31. desember 1986, og var henni ætlað að bæta galla á verki ákveðins verktaka eða vera til greiðslu kostnaðar, sem stefnandi yrði fyrir vegna vanefnda á ákveðnum verksamningi. Þegar litið er til þess, að á síðari hluta ársins 1985 lá fyrir, að samningur þessi yrði ekki efndur og að stefnandi taldi sig verða fyrir tjóni vegna þessara vanefnda, sbr. kröfulýsingar hans, dags. 18. október 1985 og 10. desember s.á., svo og þess, að ósannað er, að stefnandi hafi eftir þetta haft uppi kröfur á hendur stefnda fyrr en með bréfi, dags. 27. desember 1987, tæpu ári eftir að ábyrgðartryggingin féll úr gildi samkvæmt orðalagi hennar, þykir stefnandi vegna þessa tómlætis ekki lengur eiga kröfu á hendur stefnda vegna umræddrar ábyrgðaryfirlýsingar.

Verður því að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í málinu.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kvað upp Sigríður Ingvarsdóttir héraðsdómari.

Dómsorð:

Stefndi, Útvegsbanki Íslands hf., er sýkn af kröfum stefnanda, Álftáróss hf., í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 12. mars 1991.

Nr. 465/1989. **Sveinn Bjarnason**
(Baldvin Jónsson hrl.)
gegn
Vigfúsi Helgasyni
(Árni Grétar Finnsson hrl.).

Innsetningargerð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Haraldur Henrysson og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. desember 1989. Krefst hann þess, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og að umbeðin innsetningargerð nái ekki fram að ganga. Jafnframt krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti, og beri málskostnaður dráttarvexti samkvæmt vaxtalögum frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt, þar á meðal uppmæling, dagsett 16. febrúar 1989, vegna vinnu áfrýjanda að múrhúðun hússins Móabarðs 33 í Hafnarfirði og endurrit aðila- og vitnayfirheyrslna, er fram fóru í bæjarþingi Reykjavíkur 10. apríl 1990.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dæma ber áfrýjanda til að greiða stefnda 35.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti, en ekki verða dæmdir dráttarvextir á málskostnað.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Sveinn Bjarnason, greiði stefnda, Vigfúsi Helgasyni, 35.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 13. september 1989.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar þann 5. september sl. að loknum munnlegum málflutningi.

Gerðarbeiðandi er Vigfús Helgason, Fagrabergi 54, Hafnarfirði.

Gerðarþoli er Sveinn Bjarnason, Keldulandi 17, Reykjavík.

Gerðarbeiðandi gerir þær kröfur, að múrsprauta ásamt fylgihlutum (sprautukönnu og slöngu) verði tekin úr umráðum gerðarþola og honum fengin umráð hennar með innsetningargerð. Auk þess krefst hann málskostnaðar að mati réttarins.

Af hálfu gerðarþola er þess krafist, að synjað verði um hina umbeðnu gerð og að honum verði úrskurðaður málskostnaður að mati réttarins.

II.

Málavextir eru á þá leið, að gerðarbeiðandi festi kaup á umræddri múrsprautu í maí 1983. Gerðarbeiðandi hafði tekið að sér múrverk að Móabarði 33, Hafnarfirði, en það varð úr, að gerðarþoli tók verkið að sér fyrir gerðarbeiðanda, og notaði hann múrsprautuna við þá vinnu. Er missætti kom upp milli aðilanna vegna verksins í janúar sl., sótti gerðarbeiðandi tækið til gerðarþola, en stuttu síðar kom gerðarþoli og tók múrsprautuna aftur til baka þrátt fyrir mótmæli gerðarbeiðanda.

Gerðarbeiðandi krefst innsetningar í umráð múrsprautunnar á þeim grundvelli, að hann sé réttur eigandi hennar, og vísar í reikning á rskj. nr. 3. Gerðarbeiðandi kveðst hafa fengið gerðarþola til að vinna verkið, þar sem annir hafi verið miklar hjá sér. Í upphafi hafi það komið til tals, að hann greiddi gerðarþola fyrir verkið með afhendingu umræddrar múrsprautu. Gerðarþoli hafi hins vegar gefið gerðarbeiðanda rangar upplýsingar um færni sína, og hafi gerðarbeiðandi orðið fyrir óþægindum og kostnaði vegna þess. Af þeirri ástæðu hafi það ekki lengur komið til greina, að múrsprautan kæmi sem greiðsla fyrir verkið, og gerðarbeiðandi því sótt verkfærið til gerðarþola. Af hálfu gerðarbeiðanda er því haldið fram, að það hafi aldrei verið endanlega umsamið milli þeirra, að greiða hefði átt með múrsprautunni, heldur hafi það aðeins komið til tals. Þó að uppgjör vegna vinnu þeirrar, er gerðarþoli hafi innt af hendi í þágu gerðarbeiðanda, hafi ekki ennþá farið fram, skipti það ekki máli á þessum vettvangi, þar sem málið snúist aðeins um eignarrétt að verkfærinu, en ekki launauppgjör. Gerðarþoli hafi því gerst sekur um ólögmæta sjálftöku með því að taka múrsprautuna úr vörslum gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli krefst þess, að synjað verði um innsetningu, þar sem það hafi verið umsamið á milli hans og gerðarbeiðanda, að hann tæki að sér að vinna fyrir hann umrætt verk gegn því að fá greitt með múrsprautunni.

Gerðarbeiðanda hafi verið fullkunnugt um það, að gerðarþola hafi skort réttindi, en samt sem áður viljað, að hann ynni verkið. Gerðarþoli krefst þess, að staðið verði við gerðan samning, og telur sig því vera réttan eiganda múrsprautunnar á grundvelli hans. Hér geti ekki verið um að ræða ólögmæta sjálftöku, þar sem gerðarbeiðandi hafði í upphafi verið búinn að afhenda gerðarþola múrsprautuna.

III.

Gerðarbeiðandi hefur krafist þess að fá umráð múrsprautu, er gerðarþoli notaði við vinnu sína í þágu gerðarbeiðanda, en gerðarþoli hefur haft hana í sinni vörslu síðan í febrúar sl. Eftir því sem fram hefur komið, festi gerðarbeiðandi kaup á umræddri múrsprautu árið 1983, en lánaði gerðarþola hana til að vinna fyrir sig ákveðið verk. Gerðarþoli hefur haldið því fram gegn mótmælum gerðarbeiðanda, að umrædda múrsprautu hafi átt að nota sem greiðslu fyrir þetta verk. Eftir því sem fram hefur komið, hefur gerðarþola ekki tekist að færa sönnur að því, að endanlegur samningur um greiðslu hafi komist á. Þykir því verða að taka kröfu gerðarbeiðanda um innsetningu til greina.

Gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda málskostnað, sem ákveðst kr. 25.000.

Helga Jóna Benediktsdóttir, fulltrúi yfirborgarfógeta, kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Krafa gerðarbeiðanda, Vigfúss Helgasonar, um innsetningu í umráð múrsprautu ásamt fylgihlutum (sprautukönnu og slöngu), sem eru í vörslum gerðarþola, Sveins Bjarnasonar, er tekin til greina.

Gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda kr. 25.000 í málskostnað.

Þriðjudaginn 12. mars 1991.

Nr. 90/1991. **Pétur Óskarsson**

gegn

Framleiðnisjóði landbúnaðarins.

Kærumál. Innsetningargerð. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Haraldur Henrysson og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili hefur með vísan til 3. töluliðar 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 21. febrúar 1991, sem barst Hæstarétti 27. sama mánaðar.

Dómkröfur sóknaraðila eru þær, að hinum kærða úrskurði „verði hrundið og lagt verði fyrir fógeta að framkvæma hina umbeðnu innsetningu í kr. 587.145,50, sem eru leigutekjur Jóns Jónssonar, Setbergi, Skógarstrandarhreppi, kt. 180328-2469, sem Framleiðnisjóður landbúnaðarins, Laugavegi 120, Reykjavík, átti að greiða nefndum Jóni Jónssyni skv. leigusamningi, dags. 17/3 1987, síðast með gjalddaga 15. desember 1990 og gert var fjárnám í í fógetarétti Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu 2. nóvember 1989. Þá er og gerð krafa um, að Framleiðnisjóður landbúnaðarins verði dæmdur til að greiða hæfilegan kærumálskostnað auk virðisaukaskatts".

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur. Jafnframt krefst hann kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Hinn kærði úrskurður verður ekki borinn undir Hæstarétt með kæru, sbr. a-lið 3. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973. Ber því að vísa málinu sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 14. febrúar 1991.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi þann 29. janúar sl.

Gerðarbeiðandi er Pétur Óskarsson, kt. 031050-2439, Neskinn 8, Stykkishólmi.

Gerðarþoli er Framleiðnisjóður landbúnaðarins, Laugavegi 120, Reykjavík.

Gerðarbeiðandi gerir þær kröfur, að honum verði með beinni fógetagerð færðar kr. 587.145,50 frá Framleiðnisjóði landbúnaðarins sem greiðsla upp í fjárnámskröfu hans á hendur Jóni Jónssyni, kt. 180328-2469, Setbergi, Skógarstrandarhreppi. Þá kom fram við munnlegan málflutning krafa um málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ auk virðisaukaskatts og dráttarvaxta frá 15. degi eftir uppkvaðningu úrskurðar.

Af hálfu gerðarþola er sú krafa gerð, að synjað verði um hina umbeðnu gerð. Einnig er krafist málskostnaðar úr hendi gerðarbeiðanda að mati réttarins.

II.

Málavextir eru þeir, að fimmtudaginn 2. nóvember 1989 var í fógetarétti Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu gert fjárnám hjá Jóni Jónssyni að kröfu Péturs Óskarssonar. Gerðarþoli var sjálfur mættur við fjárnámið og kvaðst ekki greiða kröfuna og ekki benda á eignir til fjárnáms. Samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda lýsti fógeti yfir fjárnámi í „.....leigutekjum gerðarþola eftir fullvirðisrétt hjá Framleiðnisjóði landbúnaðarins". Bókuð er eftir gerðarþola yfirlýsing um, að fjárnámsandlagið dugi ekki til að greiða kröfuna að fullu, og hann kveðst að öðru leyti eignalaus. Fallið var frá virðingu. Umboðsmaður gerðarbeiðanda ritaði Framleiðnisjóði bréf, dags. 14. nóvember 1989, og tilkynnti um fjárnámið og lét fylgja með afrit af fjárnámsgerðinni. Þann 15. desember greiddi síðan Framleiðnisjóður umboðsmanni gerðarbeiðanda kr. 132.618 inn á fjárnámskröfuna. Þegar kom að næsta gjalddaga leigugreiðslna til Jóns Jónssonar, neitaði gerðarþoli hins vegar að greiða meira til umboðsmanns gerðarbeiðanda, og virðist sú neitun annars vegar byggjast á mótmælum Jóns Jónssonar og hins vegar á bréfi landbúnaðarráðuneytisins, þar sem segir meðal annars:

„Ráðuneytið getur ekki orðið við beiðni yðar um úrskurð í þeirri deilu, sem orðin er vegna mótmæla Jóns Jónssonar, þar sem það hefur ekki úrskurðarvald um slíka deilu. Á hinn bóginn skal tekið fram, að það er mat ráðuneytisins, að krafa Jóhanns Þórðarsonar hrl. í bréfi, dags. 14. júní sl., fái á engan hátt staðist og verði ekki reist á fjárnámi á (sic) fógetarétti Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu frá 2. nóvember 1989. Þar er hvorki til-

greindur sá samningur, sem leigugreiðslur byggjast á, upphæð þeirra né gjalddagi greiðslna, sem gjaldfallnar eru.

Samkvæmt framansögðu telur ráðuneytið, að Framleiðnisjóði sé óskylt að verða við kröfu Jóhanns Þórðarsonar hrl."

Samningur sá, sem fjárnám virðist vera gert í og liggur frammi í málinu, kveður á um greiðslur til Jóns Jónssonar í sex ár þann 15.12. ár hvert frá 1987 til og með 1992. Samningi þessum hefur verið þinglýst á viðkomandi eign.

III.

Gerðarbeiðandi byggir á því, að 2. nóvember 1989 hafi farið fram fullgilt fjárnám í margnefndum leigugreiðslum til Jóns Jónssonar. Jón hafi verið viðstaddur gerðina og undirritað hana; ekki sé vafi á því, að öllum aðilum málsins sé fyllilega ljóst, hvað hafi verið tekið fjárnámi, enda hafi Framleiðnisjóður þegar greitt gerðarbeiðanda á grundvelli þess. Þá bendir gerðarbeiðandi á, að umræddu fjárnámi hafi ekki verið áfrýjað.

Gerðarþoli byggir á því, að telja verði, að samningur um ráðstöfun fullvirðisréttar geti ekki verið fullnægjandi fjárnámsandlag, þar sem ekki sé tryggt, að greiðslur muni eiga sér stað, greiðsla leigunnar í hvert sinn sé háð samþykki landbúnaðarráðuneytisins. Þá er því andmælt af hálfu gerðarþola, að verði fjárnámsgerðin haustið 1989 talin standast, verði hún talin ná til leigugreiðslna síðar en 15. desember 1989, þar sem á þeim tíma hafi ekki verið tryggt um framhald ábúðar Jóns Jónssonar á jörðinni Setbergi í Skógarstrandarhreppi. Af þeirri ástæðu sé ekki hægt að fallast á, að unnt sé að beita beinni fógetagerð, eins og hér sé farið fram á af hálfu gerðarbeiðanda.

IV.

Það er ekki að sjá á gögnum málsins, að fjárnámsgerð þeirri, sem hér er til umfjöllunar og framkvæmd var 2. nóvember 1989 í fógetarétti Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, hafi verið hnekkt. Ljóst er, að fógetarétturinn Reykjavíkur hefur ekki valdsvið til að endurskoða gerðir hliðsetts dómara, í þessu tilviki fógeta í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu. Hér að framan hefur komið fram, að greiðsla hefur einu sinni farið fram samkvæmt fjárnáminu, en sjá má af bókun, að líklegt er, að Jón Jónsson hafi talið, að aðeins væri um að ræða fjárnám í greiðslu þ. 15. desember 1989, en ekki í frekari greiðslum.

Það er meginregla varðandi beinar fógetagerðir, að mjög skýrt þarf að vera, að hvaða andlagi gerð beinist, þegar í upphafi máls, og almennt er ekki talið unnt að fá innsetningu í tegundarákveðna hluti. Önnur meginregla er, að innsetningargerð getur aldrei farið fram til fullnustu peninga-

kröfu. Það er því álit réttarins, að þegar allt ofangreint er virt, sé ekki unnt að verða við beiðni um innsetningu.

Umbeðin innsetningargerð getur ekki farið fram. Rétt þykir, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

Úrskurð þennan kvað upp Anna M. Karlsdóttir aðalfulltrúi.

Því úrskurðast:

Krafa Péturs Óskarssonar um innsetningu í kr. 587.145,50 hjá Framleiðnisjóði landbúnaðarins nær ekki fram að ganga. Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 13. mars 1991.

Nr. 387/1989. **Tryggvi Sigurðsson**
(Sigmundur Hannesson hrl.)
gegn
Stefáni Kristjánssyni
(Stefán Pálsson hrl.).

Lán.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Haraldur Henrysson og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. október 1989. Hann gerir þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða 90.000 krónur með dráttarvöxtum frá 22. apríl 1987 til greiðsludags samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 5. gr. laga nr. 67/1989. Verði dráttarvextir lagðir við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 22. apríl 1988, í samræmi við 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti með virðisaukaskatti og dráttarvöxtum frá og með 15. degi eftir uppsögu dóms til greiðsludags.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný skjöl, þar á meðal úttektarseðlar á reikning stefnda nr. 12377 við Háaleitisútibú Búnaðarbanka Íslands hér í borg.

Sambýliskona stefnda, dóttir áfrýjanda, skýrði svo frá fyrir dómi, að hún og stefndi hefðu verið búin að ákveða að þiggja boð föður hennar um aðstoð við að festa kaup á bifreið.

Áfrýjandi skýrði svo frá fyrir dómi, að dóttir sín hefði hringt í sig og beðið sig um lán fyrir sig og sambýlismann sinn, stefnda í máli þessu. Hann og stefndi hafi svo talað saman síðar. Hafi hann spurt stefnda, hvernig ætti að senda peningana, og hann sagt, að peningarnir skyldu lagðir inn á sparisjóðsbók sína. Áfrýjandi kvað ekki hafa verið rætt um endurgreiðslu lánsins.

Svo sem rakið er í héraðsdómi, sendi áfrýjandi 90.000 krónur, sem voru lagðar inn á framangreindan reikning stefnda 24. apríl 1987.

Af gögnum þeim, sem lögð hafa verið fyrir Hæstarétt, kemur fram, að 24. apríl 1987 tók stefndi út úr umræddri sparisjóðsbók 85.000 krónur, og 30. sama mánaðar tók hann 5.000 krónur út úr bókinni. Þá verður ekki ráðið af þessum gögnum, að dóttir áfrýjanda hafi tekið út úr umræddri sparisjóðsbók á því tímabili, sem hér um ræðir.

Þegar þetta er virt og með hliðsjón af framburði áfrýjanda og dóttur hans, þykir mega leggja til grundvallar, að fjárhæð sú, sem áfrýjandi greiddi inn á sparisjóðsreikning stefnda, hafi verið lán, sem áfrýjandi hafi veitt dóttur sinni og sambýlismanni hennar, stefnda í máli þessu. Er ekki leitt í ljós, að lánið hafi fremur verið í þágu dóttur áfrýjanda en stefnda. Samkvæmt því verður fjárkrafa áfrýjanda tekin til greina að hálfu. Fram er komið, að ekki hafi verið rætt um endurgreiðslu lánsins eða hvort vextir skyldu greiddir. Stefndi var krafinn um greiðslu allrar fjárhæðarinnar með kröfubréfi lögmanns áfrýjanda 11. júlí 1988, en ekki kemur fram, að hann hafi svarað þessu bréfi.

Með vísan til þessa verður stefndi dæmdur til að greiða helming hinnar umkröfðu fjárhæðar, 45.000 krónur, með vöxtum eins og í dómsorði segir frá 11. ágúst 1988, sbr. 3. mgr. 9. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 4. gr. laga nr. 67/1989.

Eftir þessum úrslitum verður stefndi dæmdur til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 100.000 krónur. Dráttarvextir af málskostnaði verða ekki dæmdir.

Dómsorð:

Stefndi, Stefán Kristjánsson, greiði áfrýjanda, Tryggva Sigurðssyni, 45.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 11. ágúst 1988 til greiðsludags.

Stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 100.000 krónur.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 7. júlí 1989.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 19. f.m., er höfðað hér fyrir þinginu með stefnu, birtri 12. október 1988.

Stefnandi er Tryggvi Sigurðsson, 160231-4329, Birkihlíð 11, Vestmannaeyjum.

Stefndi er Stefán Kristjánsson, 140762-3779, Öldugranda 15, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 90.000 með [nánar tilgreindum vöxtum auk málskostnaðar].

Stefndi gerir þær dómkröfur aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnanda verði gert að greiða honum málskostnað, en til vara, að stefndi verði einungis dæmdur til að greiða helming kröfu stefnanda, en málskostnaður falli niður.

I.

Stefnandi kveður málavexti vera þá, að hann hafi lánað stefnda kr. 90.000, sem hann hafi að beiðni stefnda lagt inn á sparisjóðsreikning hans nr. 12377 við Búnaðarbanka Íslands við Suðurlandsbraut. Hann hafi innt greiðsluna af hendi í Útvegsbanka Íslands í Vestmannaeyjum hinn 22. apríl 1987, og hafi peningalánið verið yfirfært á framangreindan sparisjóðsreikning stefnda með C-gíróseðli nr. 4013311. Tildrög láns þessa hafi verið þau, að dóttir stefnanda, Kristný Sigurbjörg, er hafi verið í óvígðri sambúð með stefnda, hafi hringt til stefnanda og beðið um 90.000 kr. lán fyrir sig og stefnda til kaupa á Fíat-bifreið, og hafi stefndi síðan gefið stefnanda upp númerið á bankabók sinni til yfirfærslu lánsins. Í árslok 1987 hafi slitnað upp úr sambúð stefnda og dóttur stefnanda. Eignaskipti hafi orðið með þeim hætti, að stefndi hafi tekið Fíat-bifreiðina og hafnað skiptingu á andvirði hennar. Lánið hafi því í upphafi verið veitt þeim báðum, en stefnandi krefji stefnda um greiðslu á því öllu, vegna þess að bifreiðin hafi runnið til hans.

II.

Stefndi kveður sig og dóttur stefnanda hafa verið í sambúð frá október 1986 til ársloka 1987. Þau hafi keypt og átt saman íbúð að Öldugranda 15, stefndi að 70%, en Kristný að 30%. Þau hafi ekki átt barn saman, og hafi hann verið mestan þennan tíma á togara, og því hafi ekki verið um eiginlegt heimilishald að ræða. Hann hafi haft miklar tekjur árið 1987 og hafi því staðið fullkomlega í skilum með sinn hluta íbúðarkaupanna. Öðru máli hafi gegnt um Kristnýju, þar sem hún hafi ekki getað staðið í skilum með sín 30% með tekjum sínum án aðstoðar annarra. Við sambúðarslitin hafi skiptum verið hagað þannig, að íbúðin hafi verið seld og söluandvirði hafi verið skipt eftir eignarhlutföllunum og hvort þeirra hafi tekið það, sem þau áttu.

Þegar deilur hafi orðið milli þeirra um eignaskipti, hafi Kristný haldið því fram, að faðir hennar hefði lánað þeim kr. 90.000 vegna kaupa á Fíat-

bifreið og að það lán ætti að endurgreiða. Stefndi hafi eindregið hafnað þeirri hugmynd, enda talið sér þetta lán óviðkomandi.

Stefndi styður sýknukröfu sína með því, að hann hafi aldrei beðið stefnanda um lán að fjárhæð kr. 90.000 og hann skuldi stefnanda því ekki þessa fjárhæð. Í raun sé þetta upplýst undir rekstri máls þessa. Stefnandi hafi sagt, að dóttir hans hafi beðið hann um lánið til þess að kaupa Fíat-bifreiðina. Þannig sé upplýst, að stefndi hafi ekki beðið um lánið. Ekki standist hjá stefnanda, að lánið hafi verið til þeirra beggja til kaupa á bifreiðinni. Upplýst sé, að stefndi hafi sjálfur keypt bifreið þessa hinn 21. apríl 1987 í eigin nafni á kr. 230.000. Hann hafi greitt helming út í hönd með peningum og helming með skuldabréfi til 12 mánaða. Framlögð bankabók sýni, að úr henni hafi verið teknar kr. 175.000 hinn 21. apríl 1987 til greiðslu á bifreiðinni og ýmissa skulda. Bókin sýni enn fremur, að lánið hafi verið innlagt á bókina hinn 24. apríl, og sé því sýnt, að það hafi ekki verið til kaupa á bifreiðinni. Framlögð greiðslukvittun seljanda bifreiðarinnar, Flugleiða hf., sýni þessi kaup. Hið rétta sé, að Kristný hafi ein um þetta lán ráðið og hún hafi haft aðgang að bókinni og getað notað hana til þess að taka við peningasendingu. Ekki standist heldur hjá stefnanda, að lán til dóttur stefnanda eða til þeirra beggja breytist í lán stefnda eins vegna vonbrigða með eignaskipti við sambúðarslit.

III.

Upplýst er, að stefndi hafi ekki beðið stefnanda um lán það, sem stefnt er út af, heldur hafi dóttir stefnanda um það beðið. Stefnandi greiddi hið umbeðna fé inn á sparisjóðsreikning stefnda, og var fjárhæðin, kr. 90.000, innfærð hinn 24. apríl 1987.

Gegn andmælum stefnda hefur stefnandi ekki sannað, að dóttir hans hafi engan aðgang haft að sparisjóðsbók þessari.

Ekki hefur verið sýnt fram á í máli þessu, hvert féð, sem stefnandi greiddi inn á bókina, hefur runnið. Gögn málsins benda til þess, að Fíat-bifreiðin hafi verið keypt hinn 21. apríl 1987, þ.e., áður en féð var lagt inn á bókina, og hefur stefnandi því ekki sannað gegn andmælum stefnda, að féð hafi verið fengið að láni til kaupa á bifreiðinni. Stefnandi hefur ekki heldur sýnt fram á, að stefndi hafi vegna síðari tíma atvika, svo sem vegna eignaskipta við sambúðarslit, orðið skuldbundinn stefnanda. Ber því að taka sýknukröfu stefnda til greina, en eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðila beri sinn málskostnað.

Garðar Gíslason borgardómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, Stefán Kristjánsson, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Tryggva Sigurðssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 13. mars 1991.

Nr. 87/1991. **Sigríður Gunnlaugsdóttir**

gegn

Kreditkortum hf.

Kærumál. Lausnargerð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason og Haraldur Henrysson og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili hefur með vísan til 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 20. febrúar 1991, sem barst Hæstarétti 25. sama mánaðar. Krefst hún þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur. Jafnframt krefst hún málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila að viðbættum virðisaukaskatti og með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir uppsögu dóms til greiðsludags.

Sóknaraðili reisir kröfur sínar á því, að hún eigi „lögvarinn rétt á því, að ólöglega framkvæmt fjárnám (sic) á lögskráðri eign kæranda verði með lausnargerð aflétt". Vísar hún til laga um aðför nr. 19/1987, sérstaklega 51. gr.

Varnaraðili reisir kröfur sínar á því, að fjárnáminu, sem um ræðir í málinu, hafi verið aflýst 26. október 1990 og sóknaraðili sé ekki lengur eigandi bifreiðarinnar R 4202.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dæma ber sóknaraðila til að greiða varnaraðila kærumálskostnað, sem ákveðst 15.000 krónur.

Dráttarvextir verða ekki dæmdir af kærumálskostnaði.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Sigríður Gunnlaugsdóttir, greiði varnaraðila, Kreditkortum hf., 15.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 6. febrúar 1991.

Mál þetta var tekið til úrskurðar 28. janúar 1991. Kristinn Sigurjónsson hrl. gerir þá kröfu fyrir hönd Sigríðar Gunnlaugsdóttur, kt. 251035-4909, Kvistalandi 22, Reykjavík, að fram fari lausnargerð vegna fjárnámsgerðar, sem fram fór í fógetarétti Reykjavíkur þann 14. maí 1990 í fógetamálinu A-2842/1990: Kreditkort hf. gegn Sigurjóni V. Sigurjónssyni, kt. 130431-2089. Þá krefst hann málskostnaðar ásamt dráttarvöxtum 15 dögum eftir, að úrskurður hefur verið kveðinn upp, svo og virðisaukaskatts. Jafnframt er gerð krafa til þess, að vextir verði lagðir við höfuðstólinn, þar til hann hefur verið að fullu greiddur.

Gunnar Viðar lögfræðingur vegna Róberts Árna Hreiðarssonar hdl. gerir þá kröfu fyrir hönd Kredítkorta hf., að sér verði úrskurðuð ómaksþóknun að mati réttarins ásamt virðisaukaskatti og dráttarvöxtum frá 15. degi eftir úrskurðardag.

Málavextir eru þeir, að með beiðni, dagsettri 25. október 1990, fór Kristinn Sigurjónsson hrl. þess á leit fyrir hönd Sigríðar Gunnlaugsdóttur við fógetarétt Reykjavíkur, að fram færi lausnargerð vegna áðurnefndrar fjárnámsgerðar. Með bréfi, dagsettu 17. desember 1990, var lögmanninum tilkynnt um það í ábyrgðarbréfi, sem lagt hefur verið fram í réttinum sem dskj. nr. 6, að beiðni hans væri hafnað. Höfnun þessi var grundvölluð á því, að umrædd Sigríður hefði ekki lögvarða hagsmuni af því, að lausnargerð færi fram. Í símskeyti, dags. 8. janúar 1991, sem lögmaðurinn sendi fógetaréttinum og lagt hefur verið fram sem dskj. nr. 7, óskaði hann eftir því, að fógeti kvæði upp úrskurð um höfnun þessa. Málið var tekið fyrir í fógetarétti Reykjavíkur hinn 28. janúar sl., og voru þá mættir Kristinn Sigurjónsson hrl. fyrir hönd Sigríðar Gunnlaugsdóttur og Gunnar Viðar lögfræðingur vegna Róberts Árna Hreiðarssonar hdl. fyrir hönd Kredítkorta hf. Var málið síðan tekið til úrskurðar.

Því hefur ekki verið mótmælt af hálfu Kristins Sigurjónssonar hrl., að umrædd krafa sé að fullu greidd og fjárnám það, sem gert var 14. maí 1990 í bifreið Sigríðar Gunnlaugsdóttur, R-4202, hafi verið afmáð úr veðmálabókum hinn 26. október 1990. Á vottorði Bifreiðaskoðunar Íslands hf., sem liggur fyrir í málinu, kemur fram, að bifreiðin var seld hinn 28. september 1990, og er núverandi eigandi Gyða Hafdís Margeirsdóttir, kt. 041156-3339.

Samkvæmt ofangreindu verður ekki séð, að Sigríður Gunnlaugsdóttir hafi nokkra réttarhagsmuni af því, að umbeðin lausnargerð fari fram, enda er hún ekki lengur eigandi þeirrar bifreiðar, sem fjárnám var gert í og lausnargerðin beinist að. Er kröfu hennar um lausnargerð því hafnað.

Rétt þykir, að Sigríður Gunnlaugsdóttir greiði Kredítkortum hf. kr. 15.000 í málskostnað, þ.m.t. virðisaukaskatt, og beri málskostnaðurinn dráttarvexti frá 15. degi eftir úrskurðardag.

Júlíus Guðmundsson, fulltrúi yfirborgarfógetans í Reykjavík, kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Kröfu Sigríðar Gunnlaugsdóttur um, að fram fari lausnargerð vegna fjárnáms, sem gert var 14. maí 1990 í fógetaréttarmálinu A-2842/1990, er hafnað.

Sigríður Gunnlaugsdóttir greiði Kredítkortum hf. kr. 15.000 í málskostnað, þ.m.t. virðisaukaskatt, og beri málskostnaðurinn dráttarvexti frá 15. degi eftir úrskurðardag.

Miðvikudaginn 13. mars 1991.

Nr. 74/1989. **Sigurósk Rannveig Aðalsteinsdóttir og Brunabótafélag Íslands**
(Hákon Árnason hrl.)
gegn
Þóri Bjarnasyni persónulega og f.h. Páls Þórissonar og dánarbús Grétu Pálsdóttur
(Jóhann Þórðarson hrl.)
og gagnsök

Bifreiðar. Skaðabætur. Örorka.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Guðmundur Jónsson, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Gunnar M. Guðmundsson, settur hsætaréttardómari.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. mars 1989. Krefjast þau aðallega sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjenda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefjast þau þess, að fébætur til gagnáfrýjenda verði verulega lækkaðar, en málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti felldur niður.

Gagnáfrýjendur hafa áfrýjað málinu með stefnu 20. mars 1989. Dómkröfur þeirra eru þær, að aðaláfrýjendur verði in solidum dæmd til að greiða gagnáfrýjandanum Þóri Bjarnasyni 7.604.172 krónur vegna ófjárráða sonar hans, Páls Þórissonar, með 9,5% ársvöxtum af 7.542.646 krónum frá 26. september 1986 til 1. mars 1987, 10,5% frá þeim degi til 1. maí s.á., 21,3% frá þeim degi til 1. júní s.á., 22,9% frá þeim degi til 1. júlí s.á., 24,6% frá þeim degi til 1. ágúst s.á. og 28,8% frá þeim degi til 1. september s.á., með 29,9% ársvöxtum af 7.568.916 krónum frá þeim degi til 1. október s.á., 30,5% frá þeim degi til 1. nóvember s.á., 31,5% frá þeim degi til 1. desember s.á., 35% frá þeim degi til 1. janúar 1988, 36,2% frá þeim degi til 1. febrúar s.á., 36,4% frá þeim degi til 1. mars s.á., 35,6% frá þeim degi til 1. apríl s.á. og 33,2% frá þeim degi til 1. maí s.á., með 32% ársvöxtum af 7.604.172 krónum frá þeim degi til 1. júní s.á. og 35,6% frá þeim degi til 16. s.m., en með hæstu leyfilegum dráttarvöxtum skv. 10. gr., sbr. 15. gr. vaxta-

laga nr. 25/1987 af sömu fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags. Verði áfallnir vextir lagðir við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 26. september 1987. Í annan stað verði aðaláfrýjendur dæmd á sama hátt til að greiða gagnáfrýjandanum Þóri Bjarnasyni 840.000 krónur vegna dánarbús látinnar eiginkonu hans, Grétu Pálsdóttur, og honum persónulega 120.000 krónur, í báðum tilvikum með sömu vöxtum og fyrr greinir frá 1. september 1987 til greiðsludags. Þá krefjast gagnáfrýjendur málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

I.

Mál þetta er risið af umferðarslysi, er varð á Arnarbakka í Reykjavík föstudaginn 26. september 1986, þegar gagnáfrýjandinn Páll Þórisson, þá níu ára að aldri, varð fyrir fólksbifreiðinni Í-2462 á reiðhjóli, sem hann ók. Var bifreiðin á ferð, þar sem beygja er á akbrautinni til vinstri miðað við aksturssteﬁnu, þegar reiðhjólið bar að niður halla handan beygjunnar, og lenti það á vinstra framhorni bifreiðarinnar. Við áreksturinn fékk drengurinn mikinn höfuðáverka, og er hann talinn algjör öryrki af völdum hans, svo sem rakið er í læknisfræðigögnum málsins.

Slysið varð um miðjan dag í björtu veðri. Þannig hagar til, að við slysstaðinn er barnaleikvöllur öðrum megin Arnarbakka, en hinum megin barnaskóli. Meðfram leikvellinum er allhátt grindverk, sem skerðir sýn vegfarenda fyrir beygjuna á akbrautinni.

Um atvik að slysinu eru ekki aðrir til frásagnar en aðaláfrýjandinn Sigurósk Rannveig Aðalsteinsdóttir, sem ók bifreiðinni, og unnusti hennar, er var farþegi í framsæti, svo og jafnaldri Páls Þórissonar, er sat fyrir aftan hann á reiðhjólinu.

Af ummerkjum á slysstaðnum samkvæmt vettvangsuppdrætti lögreglu og ljósmyndum verður ekki ráðið með vissu, hvar á akbrautinni bifreiðin og reiðhjólið voru í þann mund, er slysið varð, eða rétt áður. Verður þannig ekki fullyrt, til hvaða orsaka slysið verði helst rakið.

Samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 67. gr., sbr. 1. mgr. 69. gr. og 70. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sem í gildi voru á þessum tíma, bera aðaláfrýjendur fébótaábyrgð á tjóni gagnáfrýjenda af völdum slyssins. Eins og háttað er upplýsingum um atvik að slysinu samkvæmt framansögðu, eru ekki næg efni til þess að beita heimildarákvæði 3. mgr. 67. gr. nefndra laga og takmarka bótarétt gagnáfrýjenda.

Ber því að staðfesta niðurstöðu héraðsdómara um óskoraða og óskipta fébótaábyrgð aðaláfrýjenda.

II.

Í málinu eru gerðar þessar kröfur af hálfu gagnáfrýjandans Páls Þórissonar:

1.	Örorkutjón skv. útreikningi:	
	Verðmæti tapaðra vinnutekna	kr. 7.964.536
	Verðmæti lífeyrisréttinda	— 464.664
		Kr. 8.429.200
	Frádráttur vegna bóta almannatrygginga:	
	Verðmæti örorkulífeyris kr. 1.044.912	
	Verðmæti tekjutryggingar — 1.866.456	— 2.911.368
		Kr. 5.517.832
2.	Bætur vegna þjáninga, lýta og röskunar á stöðu og högum	kr. 2.000.000
3.	Fatatjón	— 12.334
4.	Andvirði reiðhjóls	— 12.480
5.	Aksturskostnaður	— 26.270
6.	Kostnaður vegna læknisvottorða, örorkumats og útreiknings	— 35.256
	Samtals	Kr. 7.604.172

Um 1.

Kröfuliðir þessir eru byggðir á örorkutjónsútreikningi Guðjóns Hansen tryggingafræðings frá 6. apríl 1988, þar sem stuðst er við úrtaksrannsókn Þjóðhagsstofnunar á vinnutekjum kvæntra verkamanna í Reykjavík árin 1975-1979 og tekjurnar umreiknaðar með tilliti til síðari breytinga á kjarasamningum og upplýsinga Kjararannsóknarnefndar um launaþróun á 4. ársfjórðungi 1986 og fram eftir ári 1987. Voru árlegar vinnutekjur verkamanns taldar nema 863.341 krónu á útreikningsdegi. Nýs útreiknings hefur ekki verið aflað. Með hliðsjón af skattfrelsi örorkubóta og hagræði af greiðslu þeirra í einu lagi má fallast á mat héraðsdómara á örorkutjóni Páls Þórissonar, 4.800.000 krónur.

Um 2.

Þegar virt eru hin miklu örkuml Páls Þórissonar af völdum slyss-

ins, þykja miskabætur einnig hæfilega ákveðnar í héraðsdómi, 1.500.000 krónur.

Um 3.-5.

Telja má kröfuliðum þessum í hóf stillt. Verða þeir teknir til greina að fullu, alls 51.084 krónur (12.334 + 12.480 + 26.270).

Um 6.

Þessi kröfuliður verður tekinn til greina við ákvörðun málskostnaðar.

Samkvæmt þessu verða aðaláfrýjendur dæmdir til að greiða óskipt 6.351.084 krónur til gagnáfrýjandans Þóris Bjarnasonar vegna ófjárráða sonar hans, Páls Þórissonar, með vöxtum eins og greint er í dómsorði.

III.

Í málinu er gerð sú krafa fyrir hönd dánarbús Grétu Pálsdóttur, móður Páls Þórissonar, að aðaláfrýjendur greiði óskipt 840.000 krónur í fébætur vegna vinnuframlags hennar við umönnun og endurhæfingu drengsins eftir slysið fram til þess, að hún andaðist 1. september 1987. Hún hafði áður stundað launaða vinnu utan heimilis, eins og rakið er í héraðsdómi, og má fallast á útlistun dómara á umfangi þeirra launatekna, sem hún varð af við að leggja niður þá vinnu. Hins vegar er krafan ekki einskorðuð við sannaðan missi vinnutekna, eins og einnig kemur fram í dóminum, heldur er hún talin miðuð við framlag móðurinnar til nauðsynlegrar umönnunar drengsins. Viðurkennt er, að hann þarfnaðist stöðugrar umönnunar á mánuðunum eftir slysið og að móðirin helgaði sig meðferð hans allt þar til hún féll frá. Endurhæfing Páls eftir slysið hófst á barnadeild Landspítalans undir lok október 1986 og var haldið áfram í dagvistun á Reykjalundi frá ársbyrjun til aprílloka 1987. Eftir það tók við vistun á dagheimili hluta úr degi og síðar í Öskjuhlíðarskóla. Staðfest er með vottorði læknis við Reykjalund, að móðir drengsins hafi verið með honum í meðferðinni þar og á Landspítala og aðstoðað við hana, enda hafi þátttaka hennar verið forsenda þess, að unnt væri að vinna að endurhæfingu drengsins.

Að öllu athuguðu þykir rétt að ákveða bætur til dánarbúsins 540.000 krónur, sem aðaláfrýjendum ber að greiða óskipt með vöxtum eins og í dómsorði greinir.

IV.

Gagnáfrýjandinn Þórir Bjarnason tók einnig þátt í umönnun sonar síns, meðan hann lá á Landspítalanum, og síðan á heimili hjónanna, þar sem hann aðstoðaði eiginkonuna og leysti hana af síðdegis, eftir að hann kom sjálfur frá vinnu. Telja verður sannað, að hann hafi af þessum sökum misst nokkuð í tekjum af yfirvinnu í starfi sínu hjá Íslenska álfélaginu hf. á tímanum fram til ársloka 1986, jafnframt því sem hann hafi tekið sér launalaus leyfi frá starfinu umfram það, sem verið hefði að óbreyttum högum fjölskyldunnar. Ljóst þykir, að faðirinn hafi lagt verulegan skerf til endurhæfingar drengsins, og ber að fallast á rétt hans til bóta. Teljast þær hæfilega ákveðnar 80.000 krónur, sem aðaláfrýjendum ber að greiða honum óskipt með vöxtum eins og í dómsorði greinir.

Dæma ber aðaláfrýjendur til að greiða gagnáfrýjendum óskipt málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Þykir hann hæfilega ákveðinn 1.350.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti af málflutningsþóknun. Hefur þá verið tekið tillit til kostnaðar af gagnaöflun í málinu.

Dómsorð:

Aðaláfrýjendur, Sigurósk Rannveig Aðalsteinsdóttir og Brunabótafélag Íslands, greiði gagnáfrýjanda Þóri Bjarnasyni vegna ófjárráða sonar hans, Páls Þórissonar, óskipt 6.351.084 krónur með ársvöxtum sem hér segir: 9% af 6.324.814 krónum frá 26. september 1986 til 21. janúar 1987, 9,5% frá þeim degi til 1. mars s.á., 10,5% frá þeim degi til 1. maí s.á., 12% frá þeim degi til 21. júní s.á., 13% frá þeim degi til 11. júlí s.á. og 15% frá þeim degi til 1. september s.á., 15% af 6.351.084 krónum frá þeim degi til 21. s.m., 17% af þeirri fjárhæð frá þeim degi til 11. október s.á., 19% frá þeim degi til 1. nóvember s.á., 20% frá þeim degi til 21. s.m., 22% frá þeim degi til 11. febrúar 1988, 23% frá þeim degi til 21. s.m., 22% frá þeim degi til 1. mars s.á., 19% frá þeim degi til 6. apríl s.á., 33,2% frá þeim degi til 1. maí s.á., 32% frá þeim degi til 1. júní s.á. og 35,6% frá þeim degi til 16. s.m., en síðan dráttar-

vöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af sömu fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags.

Aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjanda Þóri Bjarnasyni vegna dánarbús eiginkonu hans, Grétu Pálsdóttur, óskipt 540.000 krónur með sömu vöxtum og fyrr greinir frá 1. september 1987 til greiðsludags.

Aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjanda Þóri Bjarnasyni óskipt 80.000 krónur með sömu vöxtum og fyrr greinir frá 1. september 1987 til greiðsludags.

Aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjendum óskipt 1.350.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 30. desember 1988.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 9. desember sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 16. júní sl., af Grétu Pálsdóttur, nnr. 2703-1150, og Þóri Bjarnasyni, nnr. 9634-9203, báðum til heimilis að Lambastekk 9, Reykjavík, f.h. ófjárráða sonar þeirra, Páls Þórissonar, kt. 170377-3469, gegn Sigurósk Rannveigu Aðalsteinsdóttur, nnr. 8034-2098, Hlíðarvegi 3, Ísafirði, og Brunabótafélagi Íslands, nnr. 1484-8968, Laugavegi 103, Reykjavík.

Gréta Pálsdóttir lést þann 1. september sl., og hefur dánarbú hennar tekið við málsókninni. Samkvæmt heimild frá skiptaráðandanum í Reykjavík, d. 8. desember sl., fer Þórir Bjarnason með fyrirsvar fyrir dánarbúið. Við aðalflutning málsins þann 9. desember sl. var bókað, að það væri sameiginlegur skilningur aðila, að mál þetta væri rekið af Þóri Bjarnasyni persónulega vegna krafna um bætur vegna tapaðra vinnutekna, f.h. dánarbúsins vegna tapaðra vinnutekna Grétu heitinnar Pálsdóttur og jafnframt sem fjárráðamanni f.h. ófjárráða sonar hans, Páls Þórissonar.

Dómkröfur.

Dómkröfur stefnenda, eins og þær koma fram í stefnu, eru þær, að stefndu verði in solidum dæmd til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 8.564.172 með [nánar tilgreindum vöxtum auk málskostnaðar].

Dómkröfur stefndu eru þær aðallega, að þau verði sýknuð af kröfum stefnenda og tildæmdur málskostnaður úr þeirra hendi, en til vara, að umstefndar fébætur verði stórlega lækkaðar og málskostnaður felldur niður.

Málavextir.

Í stefnu er málavöxtum þannig lýst: Þann 26. september 1986 varð umferðarslys á Arnarbakka í Reykjavík. Slys þetta bar að með þeim hætti, að tveir piltar, Páll Þórisson, einn stefnenda máls þessa, og Hreinn Ólafur Davíðsson, Eyjabakka 20, Reykjavík, f. 12.10.77, komu akandi saman á reiðhjóli vestur Arnarbakka. Skammt sunnan við beygju, sem er á Arnarbakkanum, kom bifreiðin Í-2462 á móti þeim, en henni hafði verið ekið suður Arnarbakkann. Þarna varð árekstur á milli reiðhjólsins og bifreiðarinnar með þeim afleiðingum, að Páll Þórisson hlaut mikla áverka á höfði og er talinn 100% öryrki frá slysdegi til æviloka.

Lögreglan kom á slysstað, gaf skýrslu um málið og gerði uppdrátt af slysstað. Skýrsla var tekin af ökumanni og eiganda bifreiðarinnar, stefndu Sigurósk Rannveigu Aðalsteinsdóttur. Einnig var tekin skýrsla af Húna Sævari Ásgeirssyni, Hafnargötu 115 A, Bolungarvík, en hann var farþegi í bifreiðinni, þegar slysið varð. Samkvæmt skýrslu lögreglunnar taldi ökumaðurinn sig vera á 30 km hraða á klukkustund. Þegar ekið er austur Arnarbakka, er Breiðholtsskóli á hægri hönd, en á vinstri hönd, alveg við umræddа beygju, er barnaleikvöllur. Beygjan þarna er nokkuð kröpp, og skerðir þétt og hátt grindverk útsýni, bæði til vesturs, þegar ekið er suður með götunni, og til norðurs, þegar ekið er í vestur. Slys þetta varð kl. rúmlega 15.00, og kemur fram, að veður var gott, skýjað, vegurinn þurr og skyggni gott.

Vegna örkumla sinna hefur stefnandi Páll Þórisson ekki verið fær um að skýra frá tildrögum slyssins. Félagi hans, Hreinn Ólafur Davíðsson, var 9 ára, er slysið varð, og taldi lögreglan ekki fært að taka skýrslu af honum, en ræddi við móður hans. Hafði hún það eftir Hreini, að þeir félagar hefðu hjólað utan götunnar meðfram barnaleikvellinum og síðan farið út á götuna.

Páll Þórisson var fluttur af slysstað í sjúkrabifreið á slysadeild Borgarspítalans. Þar voru framkvæmdar á honum tvær höfuðaðgerðir til að fjarlægja blóðvökva úr vinstra heilahveli. Páll var síðan fluttur á gjörgæsludeild Borgarspítalans, þar sem hann var meðvitundarlaus í öndunarvélum til 12. október s.á., er hann fór loks að vakna til meðvitundar. Páll var síðan fluttur á Barnaspítala Hringsins á Landspítalanum þann 28. okt. 1986 til endurhæfingar.

Rannsóknir sýndu, að Páll hafði tapað miklu af heilavef í vinstra hluta gagnaugasvæðis, aftur í hnakkasvæði og fram í ennissvæði. Ennisheilaskaðinn olli skorti á hömlum og miklum óróleika. Þurfti af þessum sökum að gefa honum geðlyf, meðan á dvöl hans á Landspítalanum stóð. Í byrjun árs 1987 fór Páll að Reykjalundi til áframhaldandi æfinga, m.a. til að læra að tala. Fór honum talsvert fram bæði með tal og hreyfingar. Dvaldist hann

á Reykjalundi til 26. apríl 1987, er hann fór að Lyngási og síðan í Öskjuhlíðarskóla í september 1987. Í vottorði Sveins Más Gunnarssonar læknis á dskj. nr. 4 segir, að móðir Páls hafi alla tíð verið með honum, enda hafi það verið forsenda þess, að hægt væri að vinna að endurhæfingu Páls.

Þann 2. janúar 1988 mat Björn Önundarson tryggingalæknir örorku Páls og metur hana 100% frá slysdegi 26. september 1986 til æviloka. Á grundvelli þessa reiknaði Guðjón Hansen tryggingafræðingur út örorkutjón Páls.

Bifreiðin Í-2462 er skylduvátryggð hjá stefnda Brunabótafélagi Íslands.

Í greinargerð stefndu á dskj. nr. 19 er málavöxtum m.a. lýst svo: „Arnarbakki liggur í aflíðandi beygju frá vestri og upp halla á götunni til norðurs, en norðan og vestan götunnar er barnaleikvöllur og grindverk umhverfis. Hafði Páll hjólað utan götunnar meðfram grindverkinu á móti beygjunni, og reiddi hann jafnaldra sinn á hjólinu. Rétt ofan við slysstaðinn sveigði Páll til vinstri inn á götuna og hjólaði á miklum hraða undan götuhallanum yfir á rangan vegarhelming og beint á bifreiðina. Gafst ökumanni ekkert ráðrúm til að afstýra árekstri, og skall hjólið á vinstra framhorni bifreiðarinnar."

Málsástæður og lagarök stefnenda.

Í stefnu kveða stefnendur kröfur sínar reistar á því, að ökumaður bifreiðarinnar Í-2462 hafi valdið slysinu með því að aka of hratt miðað við aðstæður, þ.e. um svæði, þar sem er barnaleikvöllur og skóli. Við þessar aðstæður hafi ökumanninum borið að sýna ýtrustu aðgæslu. Engu að síður viðurkenni ökumaðurinn að hafa ekið á 30 km hraða á klukkustund. Útsýni til vegarins fram undan hafi verið skert vegna grindverksins, sem sé í kringum barnaleikvöllinn, og ekið hafi verið um svæði, þar sem vænta mátti mikils fjölda barna, gangandi og á hjólum. Sé litið á uppdráttinn af vettvangi, hljóti bifreiðin að hafa verið eitthvað handan miðlínu vegar, þegar hjólið varð fyrir henni.

Krafa stefnanda dánarbús Grétu Pálsdóttur sé reist á því, að Gréta heitin hafi þurft að taka fullan þátt í umönnun og endurhæfingu Páls. Hafi slíkt verið forsenda fyrir því, að einhvers árangurs væri að vænta. Er bent á, að hún hafi verið í fullri vinnu fyrir slysið. Samkvæmt launatöxtum Verkakvennafélagsins Framsóknar telja stefnendur tjónið hæfilega metið á kr. 840.000.

Krafa Þóris Bjarnasonar persónulega sé reist á því, að hann hafi í kjölfar slyssins orðið að hætta allri aukavinnu, þar sem hann hafi tekið þátt í umönnun Páls á kvöldin fyrstu mánuðina eftir slysið. Hafi hann af þessum sökum orðið fyrir tekjumissi, sem sé hæfilega metinn kr. 120.000.

Stefnendur kveða stefnufjárhæðina þannig fundna:

1. Kröfur Páls Þórissonar:

a. Örorkutjón að frádregnu verðmæti örorku-lífeyris og tekjutryggingar	kr.	5.053.168
b. Jafnvirði framlags vinnuveitanda til lífeyrissjóðs	kr.	464.664
c. Miskabætur	kr.	2.000.000
d. Fataskemmdir	kr.	12.334
e. Skemmdir á reiðhjóli	kr.	12.480
f. Akstur til og frá sjúkrahúsum	kr.	26.270
g. Kostnaður vegna læknisvottorða, örorkumats og örorkutjóns o.s.frv.	kr.	35.256
Samtals	kr.	7.604.172

2. Kröfur dánarbús Grétu Pálsdóttur:

a. Vinnutekjutap v/umönnunar Páls Þórissonar	kr.	840.000
Samtals	kr.	840.000

3. Kröfur Þóris Bjarnasonar:

a. Yfirvinnutekjutap v/umönnunar Páls Þórissonar	kr.	120.000
Samtals	kr.	120.000

Framangreindar kröfur nema samtals kr. 8.564.172, sem eru stefnufjárhæðin.

Varðandi lagarök er í stefnu vitnað til 67. gr. og 69. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. 74. gr. og 49. gr. sömu laga, svo og almennu skaðabótareglunnar.

Við munnlegan flutning málsins lögðu stefnendur áherslu á, að krafan væri reist á hlutlægri bótareglu 1. mgr. 67. gr. l. 40/1968. Af þeirri ástæðu skipti sök bifreiðarstjórans ekki máli nema við mat á hugsanlegri eigin sök stefnanda Páls Þórissonar.

Enn fremur mótmælti lögmaður stefnenda við flutning málsins þeim kröfum stefndu, að fella bæri niður bætur að öllu leyti eða lækka vegna eigin sakar stefnanda Páls Þórissonar. 3. mgr. 67. gr. eigi ekki við í þessu máli. Í fyrsta lagi hafi stefnandi Páll Þórisson ekki sýnt af sér hegðun, sem hægt sé að reikna honum til sakar. Hann hafi á allan hátt hegðað sér á þann veg, sem búast megi við af níu ára gömlu barni. Útsýni til norðurs eftir Arnarbakkanum hafi verið skert vegna grindverks og hárra trjáa. Af þessum sökum hafi hann ekki haft nein tök á að afstýra árekstrinum. Í öðru lagi hafi bifreiðinni verið ekið óvarlega. Þegar virtar séu þær skemmdir, sem urðu á bifreiðinni, liggi fyrir, að höggið var allþungt, sem bendi til þess, að hraði hennar hafi verið meiri en segir í lögregluskýrslunni. Þá sé ljóst af gögnum málsins, að bifreiðin hafi verið á miðju vegarins, þegar áreksturinn varð. Enn fremur sé til þess að líta, að slysið varð fyrir

utan barnaskóla og barnaleikvöll. Hafi því verið þörf sérstakrar aðgæslu, þar sem vænta mátti barna að leik. Vitnaði lögmaðurinn til 49. gr. l. 40/1968, 3. mgr., d-, f- og l-liða. Sérstaklega var mótmælt þeirri fullyrðingu í greinargerð stefndu, að hjólinu hefði verið ekið hratt undan halla. Götuhallinn sé óverulegur, og verði skemmdirnar á bifreiðinni og hjólinu ekki skýrðar með öðru en miklum hraða bifreiðarinnar. Gáleysislegur akstur stefndu Sigurðskar Rannveigar hafi átt sinn þátt í því, að stefnanda Páli Þórissyni hafi ekki verið unnt að afstýra árekstrinum. Í þriðja lagi leiði ungur aldur stefnanda til þess, að ekki eigi að lækka bætur vegna eigin sakar. Vitnaði lögmaðurinn til Hrd. 1975, 1105, og Hrd. 1961, 186. Í fjórða lagi eigi að gera strangari kröfur við mat á eigin sök tjónþola, þegar hlutlæg bótaregla á í hlut eins og í þessu máli, sbr. Hrd. 1967, 171. Í því sambandi er jafnframt bent á, að löggjafinn hafi nú staðfest þetta með breytingu á 3. mgr. 67. gr. l. 40/1968, sbr. 2. mgr. 88. gr. núgildandi umferðarlaga nr. 50/1987, þar sem því aðeins megi fella niður eða lækka bætur, að tjónþoli hafi verið meðvaldur að því (sic) af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Hafi lagabreytingin aðeins verið staðfesting á því, sem tíðkaðist í framkvæmd. Í fimmta lagi mæli sanngirnissjónarmið með því, að niðurfellingu eða lækkun sé ekki beitt, þar sem afleiðingar árekstursins sé aðallega að rekja til hættueiginleika bifreiðarinnar.

Þá mótmælti stefnandi því, að við ákvörðun bóta bæri að draga frá reiknuðum bótum það, sem annars gengi til greiðslu opinberra gjalda, þ.e. 35,2%. Benda stefnendur á, að í fyrsta lagi hafi slys þetta átt sér stað, áður en staðgreiðsla skatta kom til sögunnar. Um þetta atriði beri því að beita eldri lögum. Í öðru lagi sé við útreikning örorkutjóns miðað við svo lágan launataxta, að tekjurnar séu skattfrjálsar vegna persónuafsláttarins, sbr. 13. gr. l. 92/1987. Enn fremur er bent á heimild til að nýta ónýttan persónuafslátt maka. Þá mótmælti stefnandi því sérstaklega, að draga bæri 10% frá bótunum vegna eingreiðsluhagræðis.

Varðandi vaxtakröfu er bent á, að til 1. maí 1987 sé krafist almennra sparisjóðsvaxta, en frá þeim degi sé miðað við meðaltal útlánsvaxta bankanna á almennum skuldabréfum til stefnubirtingardags, en síðan hæstu dráttarvaxta frá þeim degi til greiðsludags. Þetta sé í samræmi við núgildandi vaxtalög nr. 25/1987, sbr. 7. gr.

Málsástæður og lagarök stefndu.

Stefndu styðja sýknukröfu sína því, að Páll Þórisson hafi sjálfur valdið slysi sínu með stórfelldu gáleysi, en við bifreiðarstjórann sé ekkert að sakast, og beri því að fella fébætur niður, sbr. 3. mgr. 67. gr. l. 40/1968, sem voru í gildi, er slysið átti sér stað. Páll hafi sýnt af sér stórfellt gáleysi með því að hjóla skyndilega út á götuna og yfir á rangan vegarhelming

á miklum hraða undan brekku og beint á bifreiðina, auk þess sem hann reiddi farþega á hjólinu andstætt banni 5. mgr. 60. gr. l. 40/1968. Hafi þetta skert möguleika hans til að hafa fullt vald á hjólinu, en hann hafi verið kominn til þess aldurs og þroska, að honum mátti vera ljós hættan af þessu atferli. Á hinn bóginn verði ökumanni bifreiðarinnar engin sök gefin á slysinu. Lögleyfður ökuhraði á Arnarbakka sé 50 km á klukkustund, en bifreiðinni hafi verið ekið á 30 km á klukkustund og að öllu leyti á réttum vegarhelmingi. Staðhæfingum í stefnu um hið gagnstæða sé mótmælt. Páll hafi hins vegar hjólað í veg fyrir og á bifreiðina með svo skjótum hætti, að ökumaður hafi ekkert ráðrúm haft til að afstýra árekstrinum. Af þessum sökum séu full efnisskilyrði til að fella bætur niður.

Varakröfu sína byggja stefndu á því, að ferð Páls í veg fyrir og á bifreiðina hafi verið svo gáleysisleg, að hann og foreldrar hans verði a.m.k. að bera stærstan hluta tjónsins sjálf, en auk þess beri að stórlækka stefnukröfurnar tölulega. Hrd. 1975, 1105, sem stefnendur vitni til, eigi ekki við, þar sem tjónþoli í því máli var mun yngri en Páll og atvik ólík. Sé Hrd. 1969, 96, mun nærtækari til samanburðar. Að öðru leyti vísa stefndu til röksemda með aðalkröfu.

Stefndu mótmæla einnig kröfugerð stefnenda tölulega. Frá örorkubótum skv. tjónsútreikningi beri vegna skattfrelsis bótanna að draga frá þann hluta, er ella gengi til greiðslu opinberra gjalda, þ.e. 35,2% miðað við núgildandi skattalöggjöf, nema stefnandi sanni, að frádrátturinn eigi að vera minni. Þá eigi að lækka kröfurnar um 10% vegna eingreiðsluhagræðis. Þá beri að draga frá bótunum verðmæti örorkulífeyris og tekjutryggingar almannatrygginga, kr. 2.911.368, sbr. dskj. nr. 6. Þá beri einnig að hafa hliðsjón af annarri samfélagsaðstoð. Miskabótakröfu beri að stórlækka. Samkvæmt læknisfræðilegum gögnum hafi vitundarstarfsemi Páls skerst svo mikið, að hann er lítt meðvitaður um miska sinn og raunverulegur miski því mun minni en annarra öryrkja með óskerta vitundarstarfsemi. Séu því ekki forsendur fyrir svo afbrigðilega háum miskabótum. Beri að ákvarða miskabætur í samræmi við dómvenju, ef til kemur. Vegna skattfrelsis og eingreiðslu eigi sömu sjónarmið og að framan greinir að leiða til lækkunar miskabóta.

Vaxtakröfum af umstefndum bótum er enn fremur mótmælt. Samkvæmt dómvenju eigi að dæmast einfaldir og almennir innlánsvextir á skaðabætur fyrir líkamstjón, en ekki samsettir vextir og dráttarvextir, eins og krafist sé í stefnu. Sé eðlilegt að ákveða vexti jafnháa og með sama hætti og gert er við útreikning bótanna. Eigi vextir skv. vaxtalögum nr. 25/1987 ekki við hér, enda hafi slysið orðið fyrir gildistöku þeirra, og skv. 3. gr. þeirra verði þeim ekki beitt, þar sem dómvenja standi til annars.

Við ákvörðun vaxta af miskabótakröfu sé og eðlilegast að reikna vexti eins og um fjárhagstjón (sic), ef miskinn er reiknaður á verðlagi slysdags. Ef miskinn er hins vegar reiknaður á verðlagi dómsuppsögudags, þá eigi að reikna vexti frá þeim degi, en ella ekki nema grunnvexti, þar sem höfuðstóllinn hefur notið verðtryggingar. Kröfuliðir vegna útlagðs kostnaðar til heyri málskostnaði. Um vexti af afleiddum kröfum foreldra vegna vinnutaps eigi að fara með sama hætti og af kröfum Páls. Hins vegar mótmæla stefndu þeim kröfum sérstaklega sem vanreifuðum, ósönnuðum og allt of háum, enda séu þær sýnilega áætlaðar. Skorti öll gögn um raunverulegan tekjumissi, auk þess sem ekki verði séð, að læknisfræðileg nauðsyn lægi til viðveru foreldra allan þann tíma, er kröfurnar taka til.

Við munnlegan flutning málsins mótmælti lögmaður stefndu enn fremur kröfum vegna fataskemmda, þar sem ekki væri sannað, að framlagðir reikningar væru vegna þeirra fata, sem skemmdust. Þá sé reikningurinn fyrir reiðhjólið vegna annars reiðhjóls en þess, sem Páll var á í umrætt sinn.

Niðurstaða.

Mál þetta er höfðað af þremur aðilum, þ.e. Páli Þórissyni, Þóri Bjarnasyni og dánarbúi Grétu Pálsdóttur. Í kröfugerð er kröfum þeirra allra slegið saman, þ.e. stefnufjárhæðinni, vaxtakröfu og málskostnaðarkröfu, án frekari sundurgreiningar á því, hver hluti einstakra aðila er. Undir liðnum Málavextir og málsástæður í stefnu er að finna frekari útlistun á þessu. Kemur fram, að hlutur stefnanda Þóris Bjarnasonar í kröfunni er kr. 120.000 og hluti dánarbús Grétu Pálsdóttur kr. 840.000. Af þessu verður ályktað, að hluti stefnanda Páls Þórissonar sé kr. 7.604.172. Þá kemur fram í stefnu, sem nánar var útlistað við munnlegan flutning málsins, að vaxta er krafist af kröfulið stefnanda Þóris Bjarnasonar og dánarbús Grétu Pálsdóttur frá 1. september 1987. Vaxta af kröfulið Páls Þórissonar er krafist sem hér segir: Af bótum fyrir örorku, miska, fataskemmdir og skemmdir á reiðhjóli frá slysdegi, 26. september 1986, að viðbættum útlögðum ferðakostnaði frá 1. sept. 1987 og að viðbættum útlögðum kostnaði vegna læknisvottorða, örorkumats og örorkutjónsútreiknings frá 1. maí 1988.

Kröfur stefnanda Páls Þórissonar.

Stefnendur reisa kröfur sínar á hlutlægri bótareglu 1. mgr. 67. gr. l. 40/1968, umferðarlaga, sem voru í gildi, er umrætt slys átti sér stað. Samkvæmt því skiptir sök stefndu Sigurðskar á árekstrinum ekki máli nema að svo miklu leyti sem aksturslag hennar kann að hafa gert stefnanda Páli Þórissyni erfiðara fyrir um að afstýra honum. Mál þetta snýst þar af leiðandi aðallega um það, hvort lækka beri bætur eða fella niður vegna eigin sakar Páls.

Samkvæmt gögnum málsins verður að telja fullyrðingar stefnenda um, að hraði bifreiðarinnar hafi verið meiri en segir í lögregluskýrslu og að bifreiðin hafi verið á miðju vegarins, með öllu ósannaðar. Rétt er þó að benda á, að skv. ljósmynd á dskj. nr. 20 sést, að mjög skömmu áður en komið er í beygjuna frá norðri, er viðvörunarskilti á hægri hönd um börn að leik. Gaf þetta ökumanni bifreiðarinnar tilefni til að sýna sérstaka aðgæslu, ekki síst þar sem útsýni var skert í beygjunni. Hins vegar er upplýst, að stefnandi Páll hjólaði utan götunnar norðan megin Arnarbakka undan halla. Þegar hann var kominn á beygju til hægri, sveigði hann til vinstri og út á götuna og yfir á hægri vegarhelming. Í sömu andrá kom bifreiðin Í-2462 frá hægri. Í beygjunni, rétt um það bil, þar sem henni lýkur, varð árekstur með hjólinu og bifreiðinni með þeim afleiðingum, sem að framan er lýst. Má fallast á það með stefndu, að ferð Páls út á götuna og yfir á hægri helming hennar hafi verið gáleysisleg út frá almennum mælikvarða. Í því sambandi er þess einnig að geta, að Páll reiddi félaga sinn, Hrein Ólaf Davíðsson, og má því búast við, að honum hafi verið erfiðara um vik við stjórn reiðhjólsins en ella.

Sem áður segir, voru í gildi umferðarlög nr. 40/1968, þegar umræddur árekstur varð. Samkvæmt 3. mgr. 67. gr. laganna, sbr. 4. gr. l. 55/1981, má lækka fébætur eða láta þær alveg falla niður vegna eigin sakar tjónþola. Því er haldið fram af stefnanda, að ákvæði þetta beri að túlka svo, að því aðeins eigi að koma til lækkunar bóta, að tjónþoli hafi orðið meðvaldur af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Í fyrsta lagi sé þetta eðlilegt, þar sem hlutlæg bótaregla eigi í hlut. Í öðru lagi er bent á, að þessu ákvæði hafi nú verið breytt í framangreinda veru með 2. mgr. 88. gr. núgildandi umferðarlaga nr. 50/1987, sem tekið hafi gildi u.þ.b. ári eftir, að slys þetta átti sér stað.

Þegar höfð eru í huga þau rök, sem búa að baki hlutlægri bótareglu 1. mgr. 67. gr. l. 40/1967, og sú þróun, sem leiddi til framangreindrar breytingar á 3. mgr. þeirrar greinar með 2. mgr. 88. gr. l. 50/1987, þykir mega fallast á það með stefnanda Páli Þórissyni, að eðlilegt sé að skýra 3. mgr. 67. gr. þröngt, þannig að til þurfi að koma aukið gáleysi, svo að unnt sé að lækka bætur eða fella niður vegna eigin sakar tjónþola.

Kemur þá til álita, hvort för stefnanda Páls Þórissonar á reiðhjólinu í umrætt sinn hafi verið svo gáleysisleg, að fella beri niður eða lækka bætur honum til handa af þeim sökum. Þegar hliðsjón er höfð af aldri Páls, skertu útsýni til norðurs eftir Arnarbakka, þegar ekið er til vesturs, og því, að árekstur inn varð á svæði, þar sem börn eru mikið á ferð og að leik, verður ekki talið, að hegðun Páls Þórissonar hafi verið svo gáleysisleg, að fella beri niður eða lækka bætur til hans af þeim sökum. Verða stefndu því dæmdir til að bæta tjón stefnanda Páls Þórissonar að öllu leyti.

Krafa stefnanda Páls Þórissonar nemur samtals kr. 7.604.172. Verður nú fjallað um einstaka liði kröfunnar.

1. Vinnutekjutap vegna varanlegrar 100% örorku frá slysdegi auk áætlaðs verðmætis framlags vinnuveitanda í lífeyrissjóð er metið á kr. 5.517.832. Krafa þessi er byggð á örorkutjónsútreikningi Guðjóns Hansen tryggingafræðings á dskj. nr. 6. Hún er þannig fengin, að dregnar eru frá áætluðu verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi kr. 7.964.536 auk jafnvirðis framlags vinnuveitanda í lífeyrissjóð, kr. 464.664, verðmæti almenns örorkulífeyris, kr. 1.044.912, og óskertrar tekjutryggingar, kr. 1.866.456. Stefndu hafa ekki mótmælt útreikningum þessum sem slíkum. Verða þeir því lagðir til grundvallar. Þegar tillit hefur verið tekið til skattfrelsis bótanna og eingreiðsluhagræðis, þykir þessi liður hæfilega áætlaður kr. 4.800.000. Er við þessa áætlun höfð hliðsjón af því, að örorkutjónsútreikningurinn er miðaður við tekjur, sem eru skattfrjálsar að stærstum hluta miðað við núgildandi skattalög.

2. Við ákvörðun miskabóta verður ekki talið skipta máli, hvort eða að hve miklu leyti stefnandi Páll Þórisson er sjálfur meðvitaður um miska sinn. Þegar hliðsjón er höfð af þeirri miklu röskun, sem slys þetta hefur haft í för með sér fyrir líf hans, þykir miskinn hæfilega ákveðinn kr. 1.500.000.

3. Stefnandi hefur lagt fram fjóra reikninga vegna fataskemmda, samtals að fjárhæð kr. 12.334, sem allir eru dagsettir rúmu ári eftir, að umrætt slys átti sér stað. Þeir geta því bersýnilega ekki verið fyrir þau föt, sem stefnandi var í, þegar slysið varð. Þá liggja ekki heldur fyrir nein gögn um það, hvort eða að hve miklu leyti þau föt skemmdust, sem stefnandi var í. Er því ekki unnt að taka lið þennan til greina.

4. Stefnandi hefur lagt fram á dskj. nr. 8 reikning vegna reiðhjóls, að fjárhæð kr. 12.480, d. 20. maí 1986. Reikningurinn er augljóslega ekki fyrir það reiðhjól, sem stefnandi var á í umrætt sinn, eins og stefndu hafa bent á. Samkvæmt gögnum málsins var stefnandi á reiðhjóli af tegundinni BMX. Reikningurinn er hins vegar fyrir Kalkhoff-reiðhjól, 24'', þriggja gíra. Þó hefur því ekki verið mótmælt, að reiðhjól stefnanda eyðilagðist við áreksturinn, né hefur því verið haldið fram, að það hjól hafi verið ódýrara en það, sem reikningurinn er fyrir. Af þessari ástæðu þykir mega leggja fjárhæð þessa til grundvallar. Er þessi liður því tekinn til greina.

5. Stefnandi gerir kröfu um greiðslu kostnaðar vegna aksturs foreldra til og frá sjúkrahúsum, samtals að fjárhæð kr. 26.270. Er miðað við, að farin hafi verið 71 ferð. Fyrir akstri þessum hefur stefnandi lagt fram 21 kvittun, samtals kr. 7.760. Er sú skýring gefin, að flestar ferðirnar hafi verið farnar á eigin bifreið. Því var ekki mótmælt af hálfu stefndu, að stefnandi Páll eigi rétt á bótum vegna þessa kostnaðar, enda þótt raun-

verulega sé um að ræða útgjöld foreldra. Þykja bætur vegna þessa hæfilega ákveðnar kr. 16.000.

6. Stefnandi gerir enn fremur kröfu um greiðslu útlagðs kostnaðar vegna læknisvottorða, örorkumats og örorkutjónsútreiknings, kr. 35.256. Þar sem kostnaður þessi tilheyrir með réttu málskostnaði, verður hann ekki tekinn til greina við ákvörðun bótafjárhæðar.

Samkvæmt framansögðu verða kröfur stefnanda teknar til greina með kr. 6.328.480 með vöxtum, eins og í dómsorði greinir. Málskostnaður í þessum þætti málsins þykir hæfilega ákveðinn kr. 570.000, þ.m.t. söluskattur.

Kröfur stefnanda dánarbús Grétu Pálsdóttur.

Í málinu er gerð krafa um greiðslu á kr. 840.000 fyrir vinnutekjutap, sem Gréta heitin Pálsdóttir varð fyrir vegna umönnunar Páls frá 26. september 1986 til 1. september 1987. Í málinu hafa verið lögð fram tvö vottorð á dskj. nr. 14 og 15, sem sýna, að Gréta heitin var í fullri vinnu hjá Meistaranum hf. allt til 1. október 1986, jafnframt því hafi hún unnið við ræstingar og hreingerningar í Laugarnesskóla í Reykjavík á tímabilinu 1. september 1973 til 26. september 1986. Þá kemur fram, að hún hafi unnið við kaffiumsjón í skólanum 1. september 1984-1985. Við upphaf aðalflutnings málsins þ. 9. desember sl. lagði stefnandi fram kauptaxta Verkakvennafélagsins Framsóknar til viðmiðunar við mat á tekjutapi Grétu heitinnar vegna slyssins. Við munnlegan flutning málsins gerði lögmaður þessa stefnanda rækilega grein fyrir því, hvernig krafan er samsett. Það athugast í sambandi við greinargerð stefnanda um kröfu þessa, að ekki hefur komið fram í málinu, að Gréta heitin hafi verið félagsmaður í Verkakvennafélaginu Framsókn, áður en hún lét af störfum, né hafa verið lögð fram gögn um, að hún hafi þegið laun samkvæmt launatöxtum þeim, sem lagðir hafa verið til grundvallar við útreikning kröfunnar. Þá athugast, að við þessa útreikninga var miðað við, að Gréta heitin hefði unnið 150 klst. í yfirvinnu á mánuði. Verður að ætla, að óraunhæft sé að ganga út frá, að hún hafi unnið svo mikið á umræddu tímabili. Enn fremur hefur ekki komið fram, hvaða starfa Gréta heitin hafði með höndum hjá Meistaranum hf. Ekki hafa stefnendur lagt fram skattframtöl Grétu heitinnar eða launaseðla, sem sýnt gætu raunverulegar tekjur hennar síðustu mánuðina, sem hún var að vinna. Krafan er því sýnilega áætluð.

Í greinargerð stefndu á dómskjali nr. 19 er hugsanlegri bótaskyldu stefndu á tjóni vegna vinnutekjutaps ekki mótmælt, en kröfunni hins vegar mótmælt sem vanreifaðri og of hárri. Við munnlegan flutning málsins var því enn fremur mótmælt, að unnt væri að leggja til grundvallar framlagða kauptaxta Verkakvennafélagsins Framsóknar, enda verði ekki af gögnum málsins ráðið, að Gréta heitin hafi þegið laun samkvæmt þeim.

Þrátt fyrir framangreinda galla á kröfugerð stefnanda dánarbús Grétu Pálsdóttur þykir ekki alveg næg ástæða til að vísa kröfunni frá dómi.

Það er álit dómsins, að vinnutekjutap Grétu heitinnar Pálsdóttur sé bein afleiðing af slysi því, sem um ræðir í þessu máli. Enn fremur hafa stefndu ekki hnekkt því mati Sveins M. Gunnarssonar læknis á dskj. nr. 4, að viðvera Grétu heitinnar væri forsenda þess, að unnt væri að vinna að endurhæfingu sonar hennar. Þykir mega fallast á það, að dánarbú Grétu Pálsdóttur eigi rétt á bótum vegna þessa. Þegar tillit hefur verið tekið til starfsmenntunar Grétu heitinnar, aldurs, þeirra starfa, sem hún gegndi fyrir slysið, og skattfrelsis, þykja bætur þessar fyrir framangreint tímabil hæfilega ákveðnar kr. 450.000. Þá reiknast vextir á þessa fjárhæð, eins og í dómsorði greinir, frá 20. apríl 1988, en rétt þykir að miða upphafsdag vaxtanna við dagsetningu bréfs lögmanns stefnenda til stefnda Brunabótafélags Íslands á dómskjali nr. 13.

Málskostnaður í þessum þætti málsins fellur niður.

Kröfur stefnanda Þóris Bjarnasonar.

Stefnandi Þórir Bjarnason krefst bóta vegna vinnutekjutaps, sem hann telur sig hafa orðið fyrir vegna minnkandi yfirvinnu í kjölfar slyssins á tímabilinu 26. ágúst 1986 — 1. september 1987, kr. 120.000.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en stefnandi Þórir Bjarnason hafi þegið laun fyrir fullt starf hjá Íslenska álfélaginu í Straumsvík á því tímabili, sem krafa hans tekur til. Að þessu athuguðu og með vísan til atvika að öðru leyti verður ekki fallist á, að umrætt slys hafi haft þau áhrif á möguleika hans til að afla tekna, að leiði til bótaskyldu stefndu. Ber því að sýkna stefndu af kröfum stefnanda Þóris Bjarnasonar í máli þessu.

Málskostnaður í þessum þætti málsins fellur niður.

Dóminn kvað upp Davíð Þór Björgvinsson, fulltrúi yfirborgardómara.

Dómsorð:

Stefndu, Sigurósk Rannveig Aðalsteinsdóttir og Brunabótafélag Íslands, greiði stefnanda Páli Þórissyni kr. 6.312.480 með 9% ársvöxtum af kr. 6.312.480 frá 26. september 1986 til 21. janúar 1987, 9,5% ársvöxtum frá þ.d. til 1. mars s.á., 10,5% ársvöxtum frá þ.d. til 1. maí s.á., 12% ársvöxtum frá þ.d. til 21. júní s.á., 13% ársvöxtum frá þ.d. til 11. júlí s.á., 15% ársvöxtum frá þ.d. til 1. september s.á., en með sömu vöxtum af kr. 6.328.480 frá þ.d. til 21. september s.á., 17% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þ.d. til 11. október s.á., 19% ársvöxtum frá þ.d. til 1. nóvember s.á., 20% ársvöxtum frá þ.d. til 1. desember s.á., 22% ársvöxtum frá þ.d. til 20. janúar 1988, 20% ársvöxtum

frá þ.d. til 1. mars s.á., 19% ársvöxtum frá þ.d. til 6. apríl s.á., 33,2% ársvöxtum frá þ.d. til 1. maí s.á., 32% ársvöxtum frá þ.d. til 1. júní s.á., 35,6% ársvöxtum frá þ.d. til stefnubirtingardags 16. júní s.á., en síðan með hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum frá þ.d. til greiðsludags og kr. 570.000 í málskostnað, þ.m.t. söluskatt, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Dráttarvextir frá 6. apríl 1988 leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta skipti 6. apríl 1989.

Stefndu, Sigurósk Rannveig Aðalsteinsdóttir og Brunabótafélag Íslands, greiði stefnanda dánarbúi Grétu Pálsdóttur kr. 450.000 með sömu vöxtum og að ofan greinir frá 20. apríl 1988 til greiðsludags, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum. Dráttarvextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 20. apríl 1989. Málskostnaður í þessum þætti málsins fellur niður.

Stefndu, Sigurósk Rannveig Aðalsteinsdóttir og Brunabótafélag Íslands, skulu vera sýkn af kröfum stefnanda Þóris Bjarnasonar. Málskostnaður í þessum þætti málsins fellur niður.

Fimmtudaginn 14. mars 1991.

Nr. 287/1989. **Félag verslunar- og skrifstofufólks, Akureyri**
(Jón Kr. Sólnes hrl.),
gegn
Sigrúnu Grímsdóttur
(Magnús Óskarsson hrl.)
og gagnsök.

Verkfall. Skaðabætur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Freyr Ófeigsson héraðsdómari kvað upp hinn áfrýjaða dóm.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. júlí 1989. Hann krefst aðallega sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda og jafnframt verði gagnáfrýjandi dæmdur til greiðslu málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, en til vara, að kröfur gagnáfrýjanda verði lækkaðar og málskostnaður verði þá felldur niður.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 10. ágúst 1989. Dómkröfur hennar eru þær, að aðaláfrýjanda verði gert að greiða henni 107.900 krónur með 44,4% ársvöxtum frá 3. júní 1988 til stefnubirtingardags 20. júní 1988, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti með framangreindum vöxtum frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, að því er varðar bótaskyldu, sbr. H.1986,1206, og dæmdar bætur fyrir fjárhagslegt tjón gagnáfrýjanda.

Formaður aðaláfrýjanda hefur skýrt svo frá fyrir héraðsdómi, að rétt sé, að verkfallsverðir hafi hindrað gagnáfrýjanda í að fara inn í flugvélina, og kveðst hún sjálf hafa tekið þátt í því og lagt hendur á öxl gagnáfrýjanda í því skyni.

Nægjanlega er í ljós leitt, að vegna athafna verkfallsvarðanna sætti gagnáfrýjandi slíku harðræði, að hún á rétt á miskabótum samkvæmt 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þykja þær

bætur hæfilega ákveðnar 10.000 krónur. Ber aðaláfrýjanda að greiða gagnáfrýjanda þá fjárhæð að viðbættum 7.900 krónum, samtals 17.900 krónur með vöxtum eins og í dómsorði greinir. Ákvæði héraðsdóms um málskostnað er staðfest.

Áfrýjandi greiði gagnáfrýjanda 50.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti, en vextir dæmast ekki af þeirri fjárhæð.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Félag verslunar- og skrifstofufólks, Akureyri, greiði gagnáfrýjanda, Sigrúnu Grímsdóttur, 17.900 krónur með 44,4% ársvöxtum frá 3. júní 1988 til 20. sama mánaðar, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað á að vera óraskað.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda 50.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Sératkvæði
hæstaréttardómaranna Hjartar Torfasonar og Hrafns Bragasonar.

Við erum samþykkir dómsatkvæði meiri hluta dómenda að öðru en því, er varðar miskabætur. Gagnáfrýjandi fékk ekki afgreiðslu í móttöku Flugleiða hf. á Akureyrarflugvelli, eins og í héraðsdómi greinir, og reyndi umdæmisstjóri félagsins ekki að andæfa verkfallsvörðum. Hún hafði því ekki í höndum brottfararspjald, er heimilaði henni för með flugvélinni. Henni var ljóst, að för hennar út í vélina myndi verða hindruð. Þrátt fyrir það reyndi hún að brjóta sér leið gegnum raðir verkfallsmanna. Hún átti þannig upptök að stimpingum þeim, sem þá fóru fram. Eru ekki efni til að dæma henni bætur þeirra vegna, enda hlaut hún ekki meira harðræði en hún gat vænst. Með vísan til þessa teljum við, að staðfesta megi niðurstöðu héraðsdóms í heild sinni.

Dómur bæjarþings Akureyrar 18. maí 1989.

Mál þetta, sem dómtekið var 10. maí sl., hefur Sigrún Grímsdóttir, Skólavörðustíg 13 a, Reykjavík, kt. 131155-3019, höfðað hér fyrir dómi með stefnu, útgefinni 16. júní 1988, á hendur Félagi verslunar- og skrifstofufólks, Akureyri.

Eru dómkröfur stefnanda þær, að stefnda verði dæmt til að greiða sér kr. 107.900 með 44,4% ársvöxtum frá 3. júní 1988 til stefnubirtingardags, 20. júní s.á., en með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25, 1987, frá þ.d. til greiðsludags og málskostnað skv. framlögðum reikningi með sömu vöxtum og stefnukrafan frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Stefnda krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda og jafnframt, að stefnandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar skv. mati dómsins. Til vara krefst stefnda þess, að stefnukröfur verði lækkaðar verulega og málskostnaður látinn falla niður.

Stefnandi lýsir málavöxtum svo, að sunnudaginn 1. maí 1988 um kl. 18.15 hafi stefnandi komið á Akureyrarflugvöll þeirra erinda að taka sér far með flugi Flugleiða nr. 65 til Reykjavíkur. Vélin hafi átt að fara frá Akureyri um kl. 20.00. Stefnandi hafi haft undir höndum farseðil, útgefinn af Flugleiðum hf., sem hún hafði keypt í Reykjavík 20. apríl, þ.e., er hún fór norður til Akureyrar. Er stefnandi ætlaði að gefa sig fram við afgreiðsluborð, hafi þar verið fyrir um 40 verkfallsverðir á vegum Félags verslunar- og skrifstofufólks á Akureyri undir forystu Jónu S. Steinbergsdóttur, formanns félagsins. Hafi þeir meinað stefnanda för að afgreiðsluborðinu, en þar hafi verið við störf Gunnar Oddur Sigurðsson, umdæmisstjóri Flugleiða á Norðurlandi. Stefnandi, sem hafði engan farangur meðferðis, hafi síðan tekið sér sæti í afgreiðslusal. Formaður stefnda, Jóna S. Steinbergsdóttir, hafi þá komið að máli við hana og spurt, hvort hún hygðist fara til Reykjavíkur. Þegar því hafi verið svarað játandi, hafi formaðurinn lýst því yfir, að séð yrði til þess, að ekki yrði af förinni. Eftir þetta hafi stefnandi átt í viðræðum við flugstjóra vélarinnar, Skúla Guðjónsson, sem ekkert hafi séð því til fyrirstöðu, að stefnandi yrði farþegi á leiðinni suður, enda hafi hún ekki þurft á neinni þjónustu skrifstofufólks að halda. Er að brottfarartíma kom, hafi stefnandi ætlað að ganga til flugvélarinnar, en verkfallsverðir stefnda hafi fylgt henni um bygginguna, gætt útgöngudyra, umkringt flugvélina og stöðvað stefnanda á ný á flugvélastæðinu. Stefnandi hafi ekki komist um borð í umrædda vél og ekki komist til Reykjavíkur fyrr en daginn eftir. Af þeim sökum hafi hún orðið að taka sér næturgistingu eina nótt á Akureyri. Hafi hún greitt kr. 1.500 fyrir gistingu og fæði. Auk þess hafi stefnandi þurft að taka leigubifreið til og frá flugvelli. Hvor ferð hafi kostað kr. 500, samtals kr. 1.000. Jafnframt hafi

stefnandi orðið fyrir vinnutapi við það að komast ekki suður, eins og fyrirhugað var, á sunnudaginn. Stefnandi hafi rekið gistiheimilið Hótel Jörð í Reykjavík þá daga, sem hér um ræði; hafi hún og fjölskylda hennar lagt nótt við dag, svo að unnt yrði að opna gistiheimilið á tilsettum tíma. Tjón sitt vegna þessa áætli stefnandi varlega kr. 5.400 eða sem svarar sex vinnustundum á krónur 900 pr. klst. Atburðirnir á Akureyrarflugvelli hafi vakið mikla athygli fjölmiðla. Frá þeim hafi víða verið skýrt, m.a. í Morgunblaðinu 3. maí, Degi 2. maí og Stöð 2 2. maí.

Stefnandi telur þær aðgerðir Félags verslunar- og skrifstofufólks á Akureyri undir forystu formanns félagsins, sem hindruðu för hennar til Reykjavíkur, ólögmætar með öllu og alvarlega íhlutun í persónu- og athafnafrelsi sitt. Hvorki lög um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80, 1938, né aðrar lagareglur hafi veitt stefnda rétt til að hindra umdæmisstjóra Flugleiða á Norðurlandi, sem hvergi sé félagsbundinn í stéttarfélagi, í því að hafa samskipti um afgreiðslu og upplýsingar við farþega Flugleiða, þar á meðal stefnanda. Enn frekar hafi það verið lögleysa að beita líkamlegu valdi til að hindra för stefnanda út í flugvél, sem hún hafði keypt sér far með og stóð henni opin og búin til brottfarar. Ganga stefnanda út í vélina hafi ekkert komið við Félagi verslunar- og skrifstofufólks á Akureyri, enda hafi ekki þurft neinn atbeina félagsmanna þess félags til þess, að farþegi án farangurs með fullgreiddan farmiða mætti fara út í flugvélina með samþykki flugstjóra. Með þessum ólögmætu aðgerðum hafi stefndi valdið stefnanda fjárhagstjóni, sem sé bótaskylt skv. almennum reglum skaðabótaréttarins. Sé það tjón bæði beint og óbeint, og geri stefnandi aðeins lágmarkskröfu vegna útlagðs kostnaðar og atvinnumissis. Alvarlegasti þáttur þessa máls sé hins vegar hin grófa og meiðandi framkoma félagsmanna stefnda, þar á meðal formanns hins stefnda félags, gagnvart stefnanda. Hendur hafi ítrekað (sic) verið lagðar á stefnanda og hún atyrt og elt á flugstöðinni og fyrir utan hana. Allt hafi þetta farið fram í augsýn fjölmiðla og verið rækilega lýst fyrir alþjóð. Aðgerðir stefnda hafi bersýnilega verið til þess fallnar að vekja athygli fjölmiðla, enda svo að sjá sem sá hafi beinlínis verið tilgangurinn. Stefnandi, sem hafi atvinnu af ferðaþjónustu, telji sig og starfsemi sína hafa af þessu hlotið tjón og álitshnekki auk margvíslegra óþæginda. Sé tjón það og miski varlega metið til fjár á kr. 100.000.

Af hálfu stefnda er því mótmælt, að aðgerðir stefnda hafi verið til þess ætlaðar að vekja athygli fjölmiðla. Aðgerðirnar hafi eingöngu verið framkvæmdar til að koma í veg fyrir, að gengið yrði inn á verksvið launþega innan vébanda stefnda, meðan löglega boðað verkfall stóð yfir. Hafi einhver haft framgöngu í því að vekja athygli fjölmiðla, hafi það verið stefnandi sjálfur.

Kveðst stefnda byggja kröfur sínar á 18. gr. laga nr. 80, 1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, sbr. 10. gr. laga nr. 56, 1972, um lögreglumenn. Stefnda hafi haft rétt til þess að framfylgja gagnvart stefnanda verkfalli, sem löglega var hafið, enda hafi aðgerðir stefnda verið innan ramma verkfallsheimildarinnar sjálfrar. Þegar hinn umdeildi atburður hafi átt sér stað, hafi meðlimir hins stefnda félags verið við hefðbundna verkfallsvörslu í flugstöðinni á Akureyri, og hafi þess sérstaklega verið gætt, að þeir beittu ekki ólögmætum aðgerðum við verkfallsvörsluna. Umdæmisstjóri Flugleiða hf. hafi á engan hátt verið hindraður í starfi, enda hafi hann ekki gengið í nein störf félagsmanna stefnda, sem þörf hefði verið á að stöðva. Sama máli gegni hér gagnvart Skúla Guðjónssyni flugstjóra, en skv. flugreglum og verklagsreglum Flugleiða hafi hann engin afskipti haft af farþegaafgreiðslu í flugstöðinni. Þegar stefnandi hafi reynt að brjótast um borð í flugvélina, hafi hún verið að gera tilraun til að brjóta á bak aftur lögmætar aðgerðir stefnda við verkfallsvörslu, og við það tækifæri hafi hún ekki verið beitt líkamlegu valdi umfram það, sem hún beitti sjálf við að ryðjast í gegnum hóp verkfallsvarða, sem aðeins hafi verið að gegna skyldustörfum sínum, og hafi þannig á grundvelli eigin sakar girt fyrir skaðabætur sér til handa. Það hafi verið á almannavitorði, að um nokkurt tímabil, áður en hinn umdeildi atburður átti sér stað, hafi verið flogið leiguflug á vegum Flugfélags Norðurlands hf., Akureyri, oft á degi hverjum, og u.þ.b. einni klukkustundu áður hafi flugvél frá Flugfélagi Norðurlands hf. farið til Reykjavíkur með farþega, en farmiðar, útgefnir af Flugleiðum hf., hafi verið gjaldgengir í flug með Flugfélagi Norðurlands hf. til Reykjavíkur.

Eins og hér hafi verið rakið, byggi stefnda sýknukröfu sína á því, að ekki hafi verið um neinar ólögmætar aðgerðir af hálfu félagsmanna þess að ræða. Varakröfu sína kveðst stefnda styðja með því, að ef niðurstaða dómsins sé sú, að verkfallsverðirnir hafi í umrætt sinn beitt ólögmætum aðgerðum, þá sé fjárhagslegt tjón stefnanda í engu samræmi við kröfugerð hennar.

Stefnandi og formaður stefnda hafa gefið skýrslur hér fyrir dóminum. Þá hafa vitnin Skúli Guðjónsson flugstjóri og Gunnar Oddur Sigurðsson, umdæmisstjóri Flugleiða á Akureyri, komið hér fyrir dóminn og gefið skýrslur. Enn fremur hefur verið lögð fram í málinu myndbandsupptaka af atburðum þeim, er mál þetta varða.

Ágreiningslaust er, að verkfallsverðir stefnda hindruðu stefnanda í því að komast að afgreiðsluborði Flugleiða í umrætt sinn. Þá er ágreiningslaust, að verkfallsverðir heftu för stefnanda út í flugvélina og beittu til þess valdi.

Dómurinn lítur svo á, að umdæmisstjóra Flugleiða hafi verið heimilt að afgreiða stefnanda í umrætt sinn þrátt fyrir verkfall stefnda, enda mátti

hann ganga í störf undirmanna sinna við afgreiðslustörf eins og önnur störf við afgreiðslu flugvélarinnar, sem hann gerði, að því er virðist, án athugasemda af hálfu stefnda. Atbeina félaga stefnda þurfti ekki til, að stefnandi færi út í flugvélina og fengi fyrirgreiðslu þar. Aðgerðir verkfallsvarða gagnvart stefnanda í greint sinn voru því ekki þáttur í að koma í veg fyrir verkfallsbrot, sbr. 18. gr. laga nr. 80, 1938, heldur beindust einungis að því að hefta för hennar og voru því ólögmætar gagnvart henni á þann hátt, að leiðir til skaðabótaskyldu stefnda í máli þessu.

Stefnandi hefur gert nægjanlega grein fyrir fjárhagslegu tjóni sínu, þ.e. kostnaði vegna leigubifreiða, gistingar svo og vinnutaps, samtals kr. 7.900.

Stefnanda var fyrir fram gerð grein fyrir því, að hún myndi verða hindruð í að fara með flugvélinni. Með hliðsjón af því og aðstæðum að öðru leyti mátti stefnandi gera ráð fyrir, að verkfallsverðir beittu valdi til að hefta för hennar að flugvélinni. Þrátt fyrir þetta reyndi stefnandi útgöngu í flugvélina gegn hópi verkfallsvarða. Stefnandi hefur ekki sýnt fram á, að hún hafi orðið fyrir öðrum eða meiri álitshnekki eða miska en hún gat búist við, að kynni að hljótast af þessari fyrirsjáanlegu valdbeitingu verkfallsvarða. Ósannað er, að tilvist fjölmiðla á staðnum hafi verið að tilhlutan stefnda. Þykja því ekki efni til að dæma stefnanda bætur vegna þessa liðar kröfu hennar.

Er niðurstaða dómsins þá sú, að dæma ber stefnda til að greiða stefnanda kr. 7.900 ásamt vöxtum, eins og krafist er. Þá ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn kr. 70.000.

Dómsorð:

Stefnda, Félag verslunar- og skrifstofufólks, Akureyri, greiði stefnanda, Sigrúnu Grímsdóttur, kr. 7.900 ásamt 44,4% ársvöxtum frá 3. júní 1988 til 20. júní s.á., en dráttarvöxtum skv. III. kafla laga nr. 25, 1987, frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 70.000 í málskostnað ásamt framangreindum vöxtum frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 19. mars 1991.

Nr. 93/1988. **Kjartan Ásmundsson**
(Jón Hjaltason hrl.)
gegn
Útgerðarfélagi Akureyringa hf. og Samvinnutryggingum gt.
(Hákon Árnason hrl.).

Vinnuslys. Skaðabætur. Örorka. Læknaráð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Guðmundur Jónsson, Haraldur Henrysson og Hjörtur Torfason og Sigurður Líndal prófessor.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. mars 1988. Fyrir Hæstarétti var því lýst yfir, að kröfur séu eingöngu hafðar uppi á hendur stefnda Útgerðarfélagi Akureyringa hf.

Áfrýjandi gerir þær dómkröfur, að stefnda Útgerðarfélag Akureyringa hf. verði dæmt til að greiða 2.398.210 krónur með ársvöxtum eins og hér segir: 42% frá 30. maí 1983 til 21. september s.á., 35% frá þeim degi til 21. október s.á., 32% frá þeim degi til 21. nóvember s.á., 27% frá þeim degi til 21. desember s.á., 21,5% frá þeim degi til 21. janúar 1984, 15% frá þeim degi til 11. ágúst s.á., 17% frá þeim degi til 1. janúar 1985, 24% frá þeim degi til 11. maí s.á., 22% frá þeim degi til 1. mars 1986, 13% frá þeim degi til 1. apríl s.á., 9% frá þeim degi til 11. október s.á., 15,5% frá þeim degi til 11. nóvember s.á., 16,25% frá þeim degi til 11. desember s.á., 18,25% frá þeim degi til 1. febrúar 1987, 19,5% frá þeim degi til 30. maí s.á. og með dráttarvöxtum samkvæmt 15. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 1. mgr. 10. gr. sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags. Dráttarvextir verði lagðir við höfuðstól á 12 mánaða fresti samkvæmt 12. gr. vaxtalaga, fyrst 30. maí 1988. Áfrýjandi krefst málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Áfrýjandi varð fyrir vinnuslysi um borð í bv. Sléttbaki, eign stefnda Útgerðarfélags Akureyringa hf., 18. desember 1978.

Stefndu Samvinnutryggingar gt. höfðu selt útgerðarfélaginu samningsbundna slysatryggingu og ábyrgðartryggingu, sem nam 5.000.000 gkr. fyrir hvert tjón. Viðurkenndi úrgerðarfélagið fébótaábyrgð sína á tjóni áfrýjanda með bréfi 22. júní 1979.

Í upphafi mat Jónas Hallgrímsson örorku áfrýjanda af völdum slyssins 14. desember 1979, og var varanleg örorka metin 15%. Á grundvelli þess mats var reiknað áætlað verðmæti tapaðra vinnutekna áfrýjanda og stefndu Samvinnutryggingar gt. krafðar um greiðslu bóta samkvæmt slysatryggingu sjómanna.

Björn Önundarson læknir mat örorku áfrýjanda 15. janúar 1980, og var varanleg örorka nú metin 20%. Á grundvelli þessa örorkumats reiknaði Þórir Bergsson, cand. act., áætlað verðmæti tapaðra vinnutekna áfrýjanda 11. febrúar 1980. Var þar reiknað með fjórum vaxtaforsendum, 5%, 7%, 9% og 13%.

Áfrýjandi krafði stefndu Samvinnutryggingar gt. 13. febrúar 1980 um greiðslu bóta miðað við þann hluta örorkutjónsútreikningsins, sem byggður var á 5% vöxtum. Nam krafa um bætur fyrir örorkutjón 10.900.000 gkr., þegar tekið hafði verið tillit til skattfrelsis bóta og hagræðis af eingreiðslu, sem áfrýjandi mat 15%, verðmætis dagpeninga og eingreiðslu Tryggingastofnunar ríkisins og verðmætis greiðslu úr slysatryggingu sjómanna. Þá var krafist miskabóta, að fjárhæð 5.000.000 gkr., auk kostnaðar við læknisvottorð og örorkumat, 306.552 gkr. Nam heildarkrafan 16.106.552 gkr. auk vaxta og innheimtukostnaðar.

Í svari stefndu Samvinnutrygginga gt. 5. mars 1980 kom fram, að félagið væri reiðubúið til að greiða bætur, sem byggðust á þeim hluta örorkutjónsútreikningsins, er miðaðist við 13% vexti, þ.e. 9.141.000, þ.e. gkr., en til frádráttar kæmu 30% vegna hagræðis af skatthlunnindum og eingreiðslu svo og laun, sem útgerðarfélagið hefði greitt, verðmæti dagpeninga og eingreiðslu Tryggingastofnunar ríkisins auk verðmætis greiðslu úr slysatryggingu sjómanna. Þá taldi félagið miskabætur hæfilega ákveðnar 500.000 gkr., og nam greiðsluboð félagsins 2.322.456 gkr. auk vaxta, innheimtulauna og útlagðs kostnaðar án skilyrða af hálfu félagsins.

Af hálfu áfrýjanda var greiðsluboðinu mótmælt og einstakir þættir þess gagnrýndir. Taldi hann, að beita ætti 5% vaxtafæti við útreikning tapaðra vinnutekna áfrýjanda, 30% frádráttur vegna

skattfrelsis og eingreiðslu bóta væri of hár, auk þess sem miskabætur væru of lágar í boði félagsins.

Lögmaður áfrýjanda tók 17. mars 1980 „með fyrirvara um frekari bætur" við greiðslu upp í örorkubætur og miskabætur til handa áfrýjanda ásamt vöxtum, kostnaði og innheimtulaunum, samtals 3.093.657 gkr.

Dr. med. Stefán Haraldsson, yfirlæknir á bæklunarskurðdeild Landspítalans, skoðaði áfrýjanda, svo sem fram kemur í vottorði læknisins 13. maí 1982.

Áfrýjandi taldi vottorð þetta staðfesta versnandi ástand sitt vegna meiðslanna, sem hann varð fyrir við slysið. Mat Björn Önundarson læknir örorku hans að nýju 20. september 1982 og komst að þeirri niðurstöðu, að varanleg örorka af völdum slyssins væri nú 30%. Áfrýjandi krafði stefndu Samvinnutryggingar gt. um bætur á grundvelli örorkutjónsútreiknings Þóris Bergssonar, cand. act., 18 janúar 1983, sem byggður var á örorkumati þessu. Gjaldmiðilsbreyting varð 1. janúar 1981. Krafa áfrýjanda um örorkubætur nam nú 325.446 krónum, er tekið var tillit til lækkunar vegna skattfrelsis og hagræðis af eingreiðslu að mati áfrýjanda. Áfrýjandi dró einnig frá fjárhæðinni greiðslur dagpeninga og eingreiðslu Tryggingastofnunar ríkisins, bætur úr slysatryggingu sjómanna og greiðslu upp í bætur frá stefndu Samvinnutryggingum gt., sem áður er getið, samtals 80.626 krónur. Þá var krafist miskabóta, að fjárhæð 100.000 krónur, og útlagðs kostnaðar, 3.750 krónur. Nam heildarkrafan því 348.570 krónum.

Stefndu Samvinnutryggingar gt. leituðu nú álits trúnaðarlæknis síns vegna þeirrar óvissu, sem hið breytilega örorkumat hafði í för með sér. Varð niðurstaða læknisins sú, að upphaflegt örorkumat væri raunhæft. Með vísan til þess hafnaði félagið 18. nóvember 1983 að taka málið upp að nýju.

Þórir Bergsson, cand. act., reiknaði 10. september 1984 á ný áætlað verðmæti tapaðra vinnutekna áfrýjanda af völdum slyssins á grundvelli örorkumats Björns Önundarsonar frá 20. september 1982 og tók mið af niðurstöðu dóms Hæstaréttar, sem kveðinn var upp 10. júlí 1984. Ekki kemur fram, að áfrýjandi hafi krafið stefndu um greiðslur á grundvelli þessa útreiknings.

Enn reiknaði Þórir Bergsson, cand. act., áætlað verðmæti tapaðra

vinnutekna áfrýjanda 27. janúar 1985. Stefndu Samvinnutryggingar gt. voru hinn 3. mars 1985 krafðar um bætur samkvæmt þeim útreikningi, samtals 981.475 krónur. Félagið hafnaði þeirri kröfu og taldi sig hafa bætt tjón áfrýjanda að fullu.

Jón Erlingur Þorláksson tryggingastærðfræðingur reiknaði nú áætlað verðmæti tapaðra vinnutekna áfrýjanda 11. maí 1987 og gerir svofellda grein fyrir forsendum og niðurstöðum útreikningsins: „Þegar um er að ræða hin eldri örorkumöt (sic) miða ég hér á eftir eingöngu við hið síðasta þeirra, þ.e. mat Björns Önundarsonar dags. 20. september 1982. Þá hefur væntanlega verið orðið ljósar en áður hverjar afleiðingar slyssins yrðu og því mest mark takandi á því mati.

Ég sný mér fyrst að því að reikna tjónið á grundvelli örorkumats Björns Önundarsonar frá 20. september 1982. Upplýsingar um örorkumötin (sic), vinnutekjur o.fl. tek ég úr skýrslum Þóris Bergssonar.

Kjartan Ásmundsson varð fyrir vinnuslysi 18. desember 1978 og slasaðist á hægri fæti. Hann er fæddur 23. maí 1949 og hefur því verið 29 ára á slysdegi.

Samkvæmt ljósritum af skattframtölum Kjartans voru vinnutekjur hans næstu 3 árin fyrir slysið eins og hér segir:

Árið 1976	gkr. 2.062.616
— 1977	2.679.643
— 1978	3.216.366

Tekjurnar munu vera fyrir sjómennsku. Þegar þær hafa verið umreiknaðar vegna kaupbreytinga fæ ég út árstekjur kr. 782.200 miðað við kaupgjald eins og það er nú.

Á framangreindum forsendum um tekjur og miðað við, að tekjutap vegna slyssins sé á hverjum tíma sami hundraðshluti tekna og örorka er metin, eins og tíðkast hefur, fæst eftirfarandi áætlun:

	Áætlaðar tekjur	*Tekjutap*
1. árið eftir slysið	54.900	30.400
2. — — —	90.500	27.200
3. — — —	135.600	40.700
4. — — —	212.800	63.800

5. — — —	322.400	96.700
6. — — —	399.400	119.800
7. — — —	534.400	160.300
8. — — —	702.100	210.600
9. — — —	779.700	233.900
Síðan árlega	782.200	234.660

Höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps reiknast mér

nema á slysdegi: vegna tímabundinnar örorku	kr.	20.900
vegna varanlegrar örorku	kr.	1.291.800
Samtals	kr.	1.312.700

Í örorkumati Jóns K. Jóhannssonar, dags. 18. mars sl., segir: „Starfsgeta mikið skert og til fyrri starfa er hann ófær. ... Örorka 100%". Þetta er óvenjulegt örorkumat og er ég ekki viss um hvernig beri að túlka það. En sé það túlkað sem mat á 100% örorku í venjulegum skilningi þá verður höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps á slysdegi kr. 4.326.900.-

Kjartan mun hafa fengið þessar greiðslur vegna tjónsins og er jafnframt sýnt reiknað höfuðstólsverðmæti hverrar greiðslu á slysdegi:

	Upphæð Kr.	*Höfuðstólsverðmæti* Kr.
Slysalauna til 31/12 1978	1.742,44	1.700
Dagpeninga v/31/12 78-31/3 79	2.558,67	2.400
Eingreiðslu 22/1 1980	28.657,77	22.900
— 28/9 1982	39.620,00	18.300
Úr slysat. sjómanna 25/7 1979	2.277,35	2.000
— — — 7/2 1980	21.936,35	17.300
Greiðsla upp í ábyrgðartj. 17/3 80	27.686,34	21.300
Samtals kr.	124.478,92	85.900

Við útreikning höfuðstólsverðmætis eru fram að útreikningsdegi 11. maí 1987 notaðir vextir (einfaldir) af almennum sparisjóðsbókum í Landsbanka Íslands (19% frá slysdegi til 31/5 79, 22%

frá 1/6 til 31/8 79, 27% frá 1/9 til 30/11 79, 31% frá 1/12 79 til 31/5 80, 35% 1/6 80 til 31/5 1981, 34% frá 1/6 1981 til 31/10 82, 42% frá 1/11 82 til 20/9 83, 35% frá 21/9 til 20/10 83, 32% frá 21/10 til 20/11 83, 27% frá 21/11 til 20/12 83, 21,5% frá 21/12 83 til 20/1 84, 15% frá 21/1 til 12/8 84, 17% frá 13/8 til 31/12 84, 24% frá 1/1 til 10/5 85, 22% frá 11/5 85 til 28/2 86, 12% frá 1/3 til 31/3 86, 9% frá 1/4 86 til 20/1 87, 10% frá 21/1 til 20/2 87 og 11% frá 21/2 1987). Eftir útreikning eru notaðir 6% vextir og vaxtavextir. Dánarlíkur fara eftir reynslu áranna 1976 til 1980 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi eftir sænskri reynslu. Ekki er tekið tillit til skatta."

Áfrýjandi krafði stefndu Samvinnutryggingar gt. um greiðslu bóta 12. maí 1987, og er krafan sundurliðuð þannig:

„1. Örorkutjón samkvæmt útreikningi Jóns Erlings Þorlákssonar, dags. 11. maí 1987,	kr.	1.312.700,00
— höfuðstólsverðmæti innborgana frá yður og vegna Tryggingastofnunar ríkisins á slysdegi samkvæmt sama útreikningi	—	85.900,00
— 20% vegna eingreiðsluhagræðis og skattfrelsis bóta	—	262.540,00
	Kr.	964.260,00
2. Útlagt fé:		
Gr. Birni Önundarsyni	kr.	1.200,00
— Þóri Bergssyni	—	2.400,00
— Ljósrit skattfr.	—	150,00
— Þóri Bergss.	—	5.140,00
— sama	—	3.040,00
— Stefáni Haraldss.	—	10.000,00
— Jóni E Þorlákss.	—	8.000,00
	kr.	29.930,00
Miskabætur, bætur fyrir sárindi, lýti, óhagræði og röskun á stöðu og högum og allt óbeint tjón fyrir tjónþola	kr.	800.000,00
Samtals	kr	1.794.190,00"

Samvinnutryggingar gt. höfnuðu kröfu áfrýjanda, sem þá höfðaði mál þetta með stefnu 30. maí 1987, og var málið þingfest 11. júní 1987.

II.

Hæstiréttur lagði mál þetta fyrir læknaráð 17. október 1989 þannig:

„Í málinu liggur fyrir vottorð dr. med. Stefáns Haraldssonar frá 13. nóvember 1979 svo og mat Jónasar Hallgrímssonar læknis 14. desember 1979 á örorku áfrýjanda vegna slyss þess, sem hann varð fyrir 18. desember 1978. Er varanleg örorka þar metin 15%. Einnig liggur fyrir mat Björns Önundarsonar læknis 15. janúar 1980 á örorku áfrýjanda. Er varanleg örorka þar metin 20%.

Þá liggur fyrir vottorð dr. med. Stefáns Haraldssonar frá 13. maí 1982 og örorkumat Björns Önundarsonar læknis 20. september 1982. Er varanleg örorka þar metin 30%.

Loks liggur fyrir álitsgerð Jóns Guðgeirssonar læknis frá 22. febrúar 1982.

— — —

Fellst læknaráð á einhverja framangreindra matsgerða?

Ef ekki, hvernig ber þá að meta tímabundna og varanlega örorku áfrýjanda vegna slyss þess sem hann varð fyrir 18. desember 1978?“

Í tillögu réttarmáladeildar læknaráðs 7. nóvember 1990, sem staðfest var sem ályktun læknaráðs 21. s.m., er spurningum þessum svarað þannig:

„Þau örorkumöt (sic), sem fyrir liggja í þessu máli, eru dags. 14. desember 1979, 15. janúar 1980 og 20. september 1982.

Þegar örorka er metin felst í því forspá um væntanlega þróun sjúkdómseinkenna sjúklings og áhrif þeirra á heilsufar hans í heild. Mismunandi niðurstaða þeirra vottorða sem fyrir liggja í máli þessu byggjast (sic) fyrst og fremst á mismunandi áliti viðkomandi lækna á væntanlegri þróun sjúkdómseinkenna sjúklingsins og afleiðingum þess fyrir hann.

Við skoðun nú kom í ljós að Kjartan stingur við hægra megin og má segja að hann gangi haltur á sléttu gólfi. Hann getur hvorki staðið á hæl eða (sic) tám hægra megin. Dreifður þroti er um hægri

ökkla og eymsli við þrýsting víða á svæðinu, einkum framan til og innanvert. Ör eru um ökklann og húðskyn brenglað í þeim og næsta nágrenni þeirra. Hreyfing er verulega skert í hægra ökkla. Virk (aktiv) hjararhreyfing er nánast engin, hvorki við ristarbeygingu (dorsal flexio) né iljarbeygingu (plantar flexio). Óvirk (passiv) hjararhreyfing nemur í báðum skurðum (plönum) um þriðjungi af sams konar hreyfingu vinstra megin. Virk hverfihreyfing er óveruleg, bæði ranghverfing (pronatio) og rétthverfing (supinatio). Óvirk hverfihreyfing nemur í báðum skurðum um helmingi sams konar hreyfingar vinstra megin. Hægri kálfi er um 1 sm grennri þar sem hann er gildastur en samsvarandi staður vinstra megin. Vöðvaátak við mótstöðu í ökklahreyfingum er áberandi lakara vinstra megin en hægra megin, en þó engar lamanir (sic).

Þessar forsendur leiða til þess að ástand hægra ökkla veldur nú þegar umtalsverðri skerðingu á hreyfi- og umferðarfærni og má búast við að hún aukist. Staurliðsaðgerð mundi að líkindum draga talsvert úr verkjum og sársauka í hægra ökkla en lítt eða ekkert auka hreyfi- og umferðarfærni þar eð hún mun ná bæði til hjarar- og hverfiliðamóta ökklans. Hafa verður í huga að aukið álag á vinstri ganglim, til komið af ástandi hægra ökkla, mun valda sliti burðarflata hraðar en hjá þeim sem á ungum aldri hafa heila báða fætur.

Með hliðsjón af framansögðu er svar læknaráðs við fyrirliggjandi spurningum:

Ad. 1. Nei.	
Ad. 2. Frá slysdegi talið 18.12.1978 - 31.03.1979	100%
Síðan í 3 mánuði	50%
Varanleg örorka	25%.“

III.

Meðal nýrra gagna, sem áfrýjandi hefur lagt fyrir Hæstarétt, er örorkutjónsútreikningur Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingastærðfræðings 1. desember 1990, svohljóðandi:

„Kjartan Ásmundsson varð fyrir vinnuslysi 18/12 1978 og slasaðist á fæti. Hann er fæddur 23/5 1949 og hefur því verið 29 ára á slysdegi.

Örorka vegna slyssins var metin af læknaráði skv. ályktun 21/11 1990 þannig:

18/12 1978-31/3 1979	100%
Síðan í 3 mánuði	50%
Varanleg örorka	25%

Samkvæmt ljósritum af skattframtölum Kjartans voru vinnutekjur hans næstu 3 árin fyrir slysið eins og hér segir, og eru jafnframt sýndar tekjurnar, eftir að þær hafa verið umreiknaðar vegna kaupbreytinga.

	Tekjur gkr.	*Umreiknaðar tekjur, nýkr.*
Árið 1976	2.062.616	1.490.500
— 1977	2.679.643	1.639.200
— 1978	3.216.366	1.270.500
Meðaltal		1.466.700

Tekjurnar munu vera fyrir sjómennsku. Ég miða við framangreint meðaltal í 20 ár frá slysdegi. Eftir það geng ég út frá meðaltekjum iðnaðarmanna, sem nú teljast vera kr. 1.438.900 á ári samkvæmt skýrslum Kjararannsóknarnefndar.

Á framangreindum forsendum um tekjur og miðað við, að tekjutap vegna slyssins sé á hverjum tíma sami hundraðshluti tekna og örorka er metin, eins og tíðkast hefur, fæst eftirfarandi áætlun:

	Áætlaðar tekjur	*Tekjutap*
Árið 1978 frá slysdegi	1.500	1.500
— 1979	52.700	24.300
— 1980	81.000	20.300
— 1981	129.000	32.300
— 1982	200.900	50.200
— 1983	304.900	76.200
— 1984	381.600	95.400
— 1985	519.200	129.800
— 1986	701.200	175.300
— 1987	973.800	243.500
— 1988	1.155.800	289.000
— 1989	1.315.500	328.900

Árið 1990	1.464.900	366.200
Síðan árlega til 1998	1.466.700	366.700
Eftir það árlega	1.438.900	359.700

Höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps reiknast mér nema á slysdegi:

Vegna tímabundinnar örorku	kr.	17.500
Vegna varanlegrar örorku	kr.	1.863.800
Samtals	kr.	1.881.300

Verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda vegna slyssins áætla ég 6% af höfuðstólsverðmæti taps vegna varanlegrar örorku. Það verður í þessu tilfelli kr. 111.800.

Kjartan mun hafa fengið eftirfarandi greiðslur vegna tjónsins og er jafnframt sýnt reiknað höfuðstólsverðmæti hverrar þeirra á slysdegi.

	Upphæð	*Höfuðstóls-verðmæti*
	Kr.	*Kr.*
Slysalauna til 31/12 1978	1.742,44	1.700
Dagpeninga v/ 31/12 78 til 31/3 79	2.558,67	2.400
Eingreiðslu 22/1 1980	28.657,77	22.900
— 28/9 1982	39.620,00	18.300
Úr slysat. sjómanna 25/7 1979	2.277,35	2.000
— — — 7/2 1980	21.936,35	17.300
Gr. upp í ábyrgðartj. 17/3 1980	27.686,34	21.300
Samtals kr.	124.478,92	85.900

Við útreikning höfuðstólsverðmætis eru fram að útreikningsdegi 1/12 1990 notaðir vextir (einfaldir) af almennum sparisjóðsbókum í Landsbanka Íslands (19% frá slysdegi, 22% frá 1/6 79, 27% frá 1/9 79, 31% frá 1/12 79, 36% frá 1/6 80, 34% frá 1/6 81, 42% frá 1/11 82, 35% frá 21/9 83, 32% frá 21/10 83, 27% frá 21/11 83, 21,5% frá 21/12 83, 15% frá 21/1 84, 17% frá 11/8 84, 24% frá 1/1 85, 22% frá 11/5 85, 12% frá 1/3 86, 9% frá 1/4 86, 10% frá 21/1 87, 11% frá 21/2 87, 12% frá 1/5 87, 13% frá 21/6 87, 15% frá 11/7 87, 17% frá 21/9 87, 19% frá 11/10 87, 20% frá

1/11 87, 22% frá 21/11 87, 23% frá 11/2 88, 22% frá 21/2 88, 19% frá 1/3 88, 23% frá 11/6 88, 24% frá 21/6 88, 26% frá 1/8 88, 22% frá 21/8 88, 12% frá 1/9 88, 9% frá 11/10 88, 6% frá 21/10 88, 4% frá 1/12 88, 6% frá 21/1 89, 8% frá 1/2 89, 10% frá 1/3 89, 13% frá 21/3 89, 15% frá 11/4 89, 17% frá 11/6 1989, 12% frá 21/7 89, 10% frá 1/8 89, 6% frá 1/9 89, 8% frá 21/9 89, 9% frá 21/10 89, 11% frá 1/11 89, 9% frá 1/1 90, 7% frá 21/1 90, 5% frá 1/3 90 og 3% frá 1/4 1990). - Einfaldir vextir frá slysdegi til útreikningsdags eru 261,43%. - Eftir útreikningsdag eru notaðir 6% vextir og vaxtavextir. Dánarlíkur fara eftir reynslu áranna 1976 til 1980 og líkur fyrir missi starfsorku í lífanda lífi eftir sænskri reynslu. Ekki er tekið tillit til skatta."

IV.

Áfrýjandi byggir endanlegar kröfur sínar fyrir Hæstarétti á úrskurði læknaráðs um örorku sína og örorkutjónsútreikningi Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingastærðfræðings frá 1. desember 1990. Jafnframt vísar áfrýjandi til dóms Hæstaréttar frá 10. júlí 1984 í málinu nr. 62/1981 kröfum sínum til stuðnings. Við móttöku á greiðslu frá Samvinnutryggingum gt. telur hann sig hafa gert fullkominn fyrirvara um heimtu frekari bóta.

Endanlegar dómkröfur sínar fyrir Hæstarétti sundurliðar áfrýjandi þannig:

„1. Örorkutjón samkvæmt útreikningi Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingastærðfræðings, dags. 1. 12. 1990.	kr.	1.881.300,00
— frádráttur vegna skattfrelsis bóta og eingreiðsluhagr. 20%	—	376.260,00
— höfuðstólsverðmæti innborgana á slysdegi	—	85.900,00
	Kr.	1.419.140,00
2. Verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda vegna slyssins skv. útreikningi Jóns Erlings, dags. 1. 12. 1990	—	111.800,00
3. Útlagt fé:		
Greitt Birni Önundarsyni	kr.	1.200,00
— Þóri Bergssyni	—	2.400,00

Greitt ljósrit framtala	kr.	150,00
— Þóri Bergssyni	—	5.140,00
— sama	—	3.040,00
— Stefáni Haraldssyni	—	10.000,00
— Jóni Erlingi Þorlákssyni	—	8.000,00
— sama	—	8.960,00
— sama	—	13.440,00
— sama	—	14.940,00
	Kr.	67.270,00
4. Miskabætur, bætur fyrir þjáningar, sárindi, lýti, óhagræði, röskun á stöðu og högum og allt óbeint tjón	—	800.000,00
	Samtals Kr.	2.398.210,00“

Stefndu mótmæla því, að hækkun sú, sem gerð hefur verið á kröfum áfrýjanda frá því, sem var í héraðsdómi, fái komist að fyrir Hæstarétti.

Þá halda stefndu því fram, að áfrýjandi hafi fengið tjón sitt að fullu bætt með greiðslum þeim, sem inntar hafa verið af hendi, m.a. greiðslu stefndu Samvinnutrygginga gt. 17. mars 1980. Uppgjör hafi verið í samræmi við ríkjandi dómvenju um bætur sem þessar. Hafi fyrirvari, sem gerður var af hálfu áfrýjanda, eingöngu beinst að vaxtafæti, sem notaður var við örorkutjónsútreikning þann, sem félagið byggði greiðslu sína á, en ekki því, að örorka áfrýjanda kynni að vera meiri en talið var. Geti dómur Hæstaréttar frá 10. júlí 1984 því ekki haft nein áhrif í þessu efni.

Stefndu hafa lagt fyrir Hæstarétt útreikning Jóns Erlings Þorlákssonar 1. desember 1990, sem hann gerði að þeirra ósk, um fjárhagstjón áfrýjanda af völdum slyssins miðað við 5% varanlega örorku. Var niðurstaða hans sú, að höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps næmi á slysdegi 373.800 krónum og verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda 22.400 krónum.

Gegn mótmælum stefndu þykja ekki skilyrði til þess, að hækkun sú, sem felst í endanlegri kröfugerð áfrýjanda, fái komist að fyrir Hæstarétti. Verður dómur því lagður á málið innan þeirra marka, sem fjárhæð kröfugerðar áfrýjanda í héraði setur.

Í dómi Hæstaréttar frá 10. júlí 1984 í málinu nr. 62/1981 var

fjallað um kröfu um skaðabætur vegna slyss, sem varð 8. maí 1978, og var málið höfðað í héraði 13. mars 1980. Var þar meðal annars deilt um það, hvaða vaxtafæti ætti að beita við útreikning bóta fyrir örorkutjón. Í atkvæði meiri hluta dómenda Hæstaréttar segir: „Að því er varðar skaðabætur til gagnáfrýjanda vegna örorkutjóns hennar þykir rétt, þegar tjón hennar er reiknað til höfuðstólsfjárhæðar á slysdegi, og með sérstöku tilliti til dráttarvaxtakröfu hennar, að hafa til hliðsjónar nafnvexti, eins og þeir hafa verið hverju sinni að því er tekur til þess tíma, sem liðinn er frá slysinu. Mjög mikilli óvissu er bundið, við hvaða vaxtafót sé rétt að miða, að því er varðar ókominn tíma, enda þykir hvorki unnt að leggja alfarið (sic) til grundvallar nafnvexti né raunvexti, eins og ætla má, að þeir séu nú. Þegar litið er til allra atvika, sem hér skipta máli, þykir eðlilegt að miða í þessum efnum við 6% vaxtafót. Er þess þó að geta, að ákvörðun tjóns vegna varanlegrar örorku er háð svo mörgum vafaatriðum, að nákvæmum útreikningum verður þar ekki við komið, heldur verður tjónsfjárhæð að verulegu leyti háð mati, sem á margan hátt er óvisst."

Með vísan til þessa og hins almenna fyrirvara áfrýjanda þykir mega fallast á það, að greiðsla sú, sem stefndu Samvinnutryggingar gt. inntu af hendi 17. mars 1980, hafi ekki verið fullnaðargreiðsla á bótum fyrir slys það, sem áfrýjandi, varð fyrir. Verða honum því dæmdar frekari bætur í máli þessu.

Fram er komið, að mat lækna á örorku áfrýjanda hefur verið mjög breytilegt. Með fyrrgreindum úrskurði hefur læknaráð látið í ljós, hvernig meta beri örorkuna, og hún þá talin meiri en ráð var fyrir gert í kröfugerð áfrýjanda frá 13. febrúar 1980, en minni en byggt var á við höfðun máls þessa. Verður við úrlausn málsins byggt á niðurstöðu læknaráðs um örorku áfrýjanda af völdum slyssins.

Þegar litið er til allra málavaxta, verða bætur fyrir fjártjón og miska dæmdar í einu lagi, og er þá tekið tillit til skattfrelsis bóta, greiðslna þeirra, sem áfrýjandi hefur fengið, og hæfilegra miskabóta. Þykir óbætt heildartjón áfrýjanda hæfilega metið 900.000 krónur. Verður stefnda Útgerðarfélagi Akureyringa hf. gert að greiða þá fjárhæð ásamt vöxtum, svo sem í dómsorði segir. Tekið verður tillit til kostnaðar við gagnaöflun við ákvörðun málskostnaðar.

Eftir þessum úrslitum verður Útgerðarfélag Akureyringa dæmt til að greiða áfrýjanda 480.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Málskostnaður gagnvart stefndu Samvinnutryggingum gt. fellur niður.

Dómsorð:

Stefnda Útgerðarfélag Akureyringa hf. greiði áfrýjanda, Kjartani Ásmundssyni, 900.000 krónur með ársvöxtum svo sem hér segir: 42% frá 30. maí 1983 til 21. september s.á., 35% frá þeim degi til 21. október s.á., 32% frá þeim degi til 21. nóvember s.á., 27% frá þeim degi til 21. desember s.á., 21,5% frá þeim degi til 21. janúar 1984, 15% frá þeim degi til 11. ágúst s.á., 17% frá þeim degi til 1. janúar 1985, 24% frá þeim degi til 11. maí s.á., 22% frá þeim degi til 1. mars 1986, 13% frá þeim degi til 1. apríl s.á., 9% frá þeim degi til 21. janúar 1987, 10% frá þeim degi til 21. febrúar s.á., 11% frá þeim degi til 14. apríl s.á., frá þeim degi með vöxtum samkvæmt 7. gr., sbr. 8. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 til 14. júní 1989, frá þeim degi með vöxtum samkvæmt 7. gr., sbr. 8. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 2. gr. laga nr. 67/1989, til uppsögudags dóms þessa, en frá þeim degi til greiðsludags með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987.

Stefnda Útgerðarfélag Akureyringa hf. greiði áfrýjanda 480.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Málskostnaður milli áfrýjanda og stefndu Samvinnutrygginga gt. fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur borgardóms Reykjavíkur 22. febrúar 1988.

Mál þetta, sem dómtekið var 1. febrúar sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, þingfestri 11. júní 1987, af Kjartani Ásmundssyni, nafnnr. 5596-9345, Háaleitisbraut 37, Reykjavík, gegn Útgerðarfélagi Akureyringa

hf., nafnnr. 9032-6880, Akureyri, og Samvinnutryggingum gt., nafnnr. 7479-4203, Ármúla 3, Reykjavík.

Dómkröfur.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði in solidum dæmd til að greiða stefnanda kr. 1.794.190 með 42% ársvöxtum og vaxtavöxtum frá 30. maí 1983 til 20. september 1983, með 35% ársvöxtum og vaxtavöxtum frá þeim degi til 20. október 1983, með 32% ársvöxtum og vaxtavöxtum frá þeim degi til 20. nóvember 1983, með 27% ársvöxtum og vaxtavöxtum frá þeim degi til 20. desember 1983, með 21,5% ársvöxtum og vaxtavöxtum frá þeim degi til 20. janúar 1984, með 15% ársvöxtum og vaxtavöxtum frá þeim degi til 11. ágúst 1984, með 17% ársvöxtum og vaxtavöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985, með 24% ársvöxtum og vaxtavöxtum frá þeim degi til til 11. maí 1985, með 22% ársvöxtum og vaxtavöxtum frá þeim degi til 1. mars 1986, með 13% ársvöxtum og vaxtavöxtum frá þeim degi til 1. apríl 1986, með 9% ársvöxtum og vaxtavöxtum frá þeim degi til 11. október 1986, með 15,5% ársvöxtum og vaxtavöxtum frá þeim degi til 11. nóv. 1986, með 16,25% ársvöxtum og vaxtavöxtum frá þeim degi til 11. des. 1986, með 18,25% ársvöxtum og vaxtavöxtum frá þeim degi til 1. febr. 1987, með 19,5% ársvöxtum og vaxtavöxtum frá þeim degi til 30. maí 1987 og með hæstu innlánsvöxtum banka eins og hverju sinni reiknast af sparisjóðsinnstæðum (dómvöxtum) og vaxtavöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk alls málskostnaðar að fullu að skaðlausu, þar með talin full málfærslulaun fyrir dóminum samkvæmt lágmarksgjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Dómkröfur stefndu eru þær, að þau verði sýknuð af öllum kröfum stefnanda í málinu og að stefnandi verði dæmdur til þess að greiða þeim málskostnað að skaðlausu miðað við gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Málsatvik, málsástæður og lagarök.

Stefnandi lýsir málsatvikum á þann veg, að stefnandi hafi orðið fyrir líkamstjóni um borð í Akureyrartogaranum Sléttbaki, en togarinn sé eign stefnda Útgerðarfélags Akureyringa hf. og ábyrgðartryggður hjá stefndu Samvinnutryggingum gt.

Stefnandi, sem var skipverji á Sléttbaki, EA 304, hafi orðið fyrir því þann 18. desember 1978, þegar fara átti að kasta, að steinn, u.þ.b. 200 kg að þyngd, losnaði og lenti á hægra fæti stefnanda með þeim afleiðingum, að hann hlaut opið brot við ökkla. Farið hafi verið með stefnanda til Ísafjarðar og honum komið undir læknishendur. Brotið hafi hafst illa við, og hafi stefnandi jafnan verið í læknismeðferð síðan.

Er stefnandi varð fyrir slysinu, hafi hann haft stýrimannsréttindi frá Sjó-

mannaskóla Vestmannaeyja, og hafi hann ætlað sér að stunda sjómennsku. Eftir slysið og eftir að brotið var gróið, hafi stefnandi reynt að taka upp fyrri störf til sjós, en orðið að hætta því vegna þjáninga í fætinum.

Um ástand stefnanda segi svo í samantekt í sérfræðingsslysavottorði Stefáns Haraldssonar, dags. 30. mars 1987:

„Sjúkl. hefur vaxandi óþægindi frá hægri ökklalið með minnkandi gönguhæfni og minnkandi starfshæfni. Hann hefur einnig minnkaða hreyfingu og minnkaðan styrk í hægri ökklalið. Tilfinningatruflanir hefur hann í húðinni, þar sem húð hafði verið flutt. Líkur eru fyrir því að slitgigt sú, sem byrjuð er í hægri ökkla sjúklings, eigi eftir að versna, þegar fram líða tímar, og munu þá óþægindi hans versna.

Sjúkl. hefur orðið að skipta um atvinnu vegna ofannefndra óþæginda og hefur hrapað við það í tekjum. Hann er á biðlista bæklunarskurðdeildar til staurliðsaðgerðar í hægri ökklalið."

Stefndu Samvinnutryggingar gt. hafi með bréfi, dags. 22. júní 1979, viðurkennt, að um bótaskylt tjón væri að ræða og að Útgerðarfélag Akureyringa hf. hefði gilda ábyrgðartryggingu hjá félaginu, að fjárhæð kr. 5.000.000 fyrir hvern skipverja. Með bréfi, dags. 5. mars 1980, hafi Samvinnutryggingar gt. sett fram tilboð um greiðslu á tjónbótum. Þessu greiðslutilboði hafi verið hafnað með bréfi, dags. 14. mars 1980, en tekið fram, að samþykkt væri að taka við framboðinni greiðslu sem uppígreiðslu með fyrirvara um frekari bætur. Hafi fyrirvarinn verið samþykktur af Braga Lárussyni með áritun hans á tjónkvittun á dskj. nr. 31, en greiddar voru þann 17.3. 1980 gkr. 3.093.657. Skv. bréfi Samvinnutrygginga gt., dags. 7. febrúar 1980, höfðu vátryggjendur greitt slysabætur úr slysatryggingu sjómanna miðað við 20% varanlega örorku, að fjárhæð gkr. 2.253.163, er dregnar höfðu verið frá dagpeningagreiðslum, gkr. 227.735.

Örorkumat liggi fyrir, hið fyrsta frá Jónasi Hallgrímssyni lækni, dags. 14. desember 1979, þar sem örorka stefnanda sé metin þannig: Frá slysinu í 6 mánuði 100%, síðan í 3 mánuði 50% og loks varanleg örorka 15%. Þá sé örorkumat frá Birni Önundarsyni lækni, dags. 15. janúar 1980, þar sem örorka stefnanda sé metin þannig: Frá slysdegi talið í 3½ mánuð 100%, eftir það í 3 mánuði 50% og varanlega 20%. Þá sé endurskoðað örorkumat frá Birni Önundarsyni lækni, dags. 20. september 1982. Þar sé örorka stefnanda metin þannig: Frá slysdegi talið 18.12. 1978 til 31.3. 1979 100%, eftir það í 3 mánuði 65% og varanlega 30%. Þá sé örorkumat Jóns K. Jóhannssonar tryggingalæknis vegna Lífeyrissjóðs sjómanna, endurmat 18. mars 1987. Niðurstaða þess mats sé sú, að starfsgeta sé mikið skert og að stefnandi sé ófær til fyrri starfa. Örorka 100%. Endurmat í maí 1989.

Á grundvelli framangreinds örorkumats hafi farið fram útreikningar tryggingafræðinga. Dómkröfur í máli þessu séu miðaðar við endurskoðað

örorkumat Björns Önundarsonar læknis, dags. 20. september 1982, eins og þær séu reiknaðar út af Jóni Erlingi Þorlákssyni tryggingafræðingi 11. maí 1987 og frádráttarliðir í samræmi við endurútreikning Jóns Erlings, þ.e. reiknað höfuðstólsverðmæti hverrar innborgunar upp í tjónið á slysdegi, og sundurliðist kröfugerð sem hér segir:

1. Örorkutjón skv. endurútreikningi Jóns Erlings Þorlákssonar, dags. 11. maí 1987		kr.	1.312.700
Höfuðstólsverðmæti innborgana á slysdegi skv. sama endurútreikningi, samtals		"	85.900
Frádráttur vegna skattfrelsis bóta og vegna endurgreiðsluhagræðis, reiknað 20%		"	262.540
		Kr.	964.260
2. Útlagt fé: Gr. Birni Önundars.	kr. 1.200		
" Þóri Bergssyni	" 2.400		
" Ljósrit framtala	" 150		
" Þóri Bergssyni	" 5.140		
" sama	" 3.040		
" Stefáni Haraldss.	" 10.000		
" Jóni E. Þorlákss.	" 8.000	kr.	29.930
3. Miskabætur, bætur fyrir þjáningar, sárindi, lýti, óhagræði og röskun á stöðu og högum og allt óbeint tjón		"	800.000
	Samtals	Kr.	1.794.190

Eftir að Samvinnutryggingar greiddu upp í tjónbætur stefnanda, liggi ljóst fyrir, að ágreiningur í máli þessu snúist eingöngu um bótafjárhæðir, en bótaskylda sé viðurkennd og undirstrikað af vátryggjanda, að félagið greiði bætur vegna ábyrgðarvátryggingar, allt að gkr. 5.000.000, og að félagið greiði auk þess endanlegar slysabætur úr slysatryggingu sjómanna.

Komið hafi í ljós, er fram liðu stundir, að ekki hafði verið misráðið að halda opinni bótaleið fyrir stefnanda, sem áfram hafi verið í sérfræðingsmeðferð eftir slysið, eins og gögn málsins beri með sér. Þegar fyrir hafi legið um ástand sjúklings í maí 1982, hafi það orðið efni til þess, að Björn Önundarson læknir endurskoðaði fyrra örorkumat sitt og færði rök að því, að varanleg örorka ætti að hækka í 30%.

Þórir Bergsson tryggingafræðingur hafi reiknað út 18. janúar 1983 örorkutjón stefnanda, sem lagt hafi verið til grundvallar nýrri kröfugerð til Samvinnutrygginga gt. 24. janúar 1983. Þórir hafi síðan skilað nýrri

greinargerð og útreikningum 10. september 1984, en 10. júlí 1984 hafði gengið í Hæstarétti Íslands dómur um það, hvaða vexti skuli nota við afvöxtun framtíðartjóns.

Hinn 25. mars 1985 synji vátryggingafélagið frekari kröfum og telji sig hafa bætt tjón stefnanda að fullu.

Eins og áður greini, sé algerlega byggt á útreikningi Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingastærðfræðings 11. maí 1987. Undirstaða útreikninga Jóns Erlings sé endurskoðað örorkumat Björns Önundarsonar læknis, þ.e. 30% varanleg örorka.

Það liggi hins vegar ljóst fyrir, að raunverulegt tekju tap stefnanda af því að verða að hætta sjómennsku með þessum hætti sé í raun mun meira en 30%. Hann sé stýrimannslærður og því allir vegir færir til frama í sjómennsku á aflaskipum, er hann hafi orðið fyrir slysinu. Eftir slysið hafi hann orðið að sætta sig við lágt launuð störf af léttara taginu, eins og skattframtöl hans beri með sér. Þótt hann hafi tíma og tíma getað unnið í fiskvinnsluhúsum, hafi hann jafnan orðið að gefast upp þar vegna þjáninga í fætinum.

Miskabótakröfu sé stillt í hóf með tilliti til þeirra langvinnu þrauta og þjáninga, sem stefnandi hafi orðið að þola sem afleiðingu slyssins.

Samvinnutryggingum gt. sé stefnt til þess að þola dóm í máli þessu með stefnda Útgerðarfélagi Akureyringa hf., þar sem það félag hafi viðurkennt bótaskyldu sína í málinu og hafi greitt upp í bótakröfurnar sem ábyrgðartryggjandi fyrir Útgerðarfélag Akureyringa hf.

Ljóst sé, að stefndu beri fébótaábyrgð á slysinu samkvæmt siglingalögum nr. 66/1963, einkum 7. og 8. gr. svo og 2. mgr. 205. gr., eins og viðurkennt hafi verið af Samvinnutryggingum gt. Jafnframt sé vísað til almennu skaðabótareglunnar svo og til laga um vátryggingarsamninga nr. 20/1954, einkum 91.-96. gr.

Sýknukröfu sína reisa Samvinnutryggingar gt. á því, að stefnanda bresti lagaheimild til að beina kröfum sínum að félaginu, sbr. 95. gr. laga nr. 20/1954. Stefnandi hefði átt að láta við það sitja að stefna félaginu til réttargæslu. Þá sé bent á þá villu í málatilbúnaði stefnanda að beina að Samvinnutryggingum gt. allri stefnufjárhæðinni, þar sem ljóst sé, að vátryggingarfjárhæð að baki bótaábyrgð meðstefnda nemi aðeins kr. 50.000.

Útgerðarfélag Akureyringa hf. reisir sýknukröfu sína á því í fyrsta lagi, að stefnandi hafi fengið tjón sitt af völdum umrædds slyss fullbætt með bótauppgjörinu þann 17. mars 1980 og undanfarandi greiðslum úr lögboðinni slysatryggingu og samningsbundinni slysatryggingu.

Því sé haldið fram, að örorkumat Jónasar Hallgrímssonar yfirlæknis hafi verið rétt og eðlilegt miðað við meiðsli stefnanda og afleiðingar þeirra, enda

megi segja, að tveir læknar standi að því mati, sbr. álitsgerð Jóns Guðgeirssonar læknis.

Því sé haldið fram, að lengra hafi verið gengið en efni stóðu til, þegar lagt var til grundvallar við bótauppgjörið, að varanleg örorka væri 20%. Hafa verði í huga, að örorka þessi hafi verið metin af tryggingayfirlækni sem mælikvarði á bótarétt stefnanda úr lögboðinni slysatryggingu hjá Tryggingastofnun ríkisins, en gera verði ráð fyrir, að á vettvangi þeirrar stofnunar geti önnur sjónarmið haft verulegt vægi við örorkumat en þau, sem höfð séu að leiðarljósi við örorkumat utan stofnunarinnar og eingöngu sé ætlað að vera mælikvarði á örorkutjón í tengslum við skaðabótaskyldu að lögum. Ætla megi, að m.a. velferðarsjónarmið og félagsleg sjónarmið komi iðulega til álita og hafi áhrif til hagsbóta tjónþolum, þegar örorka er metin vegna lögboðinna slysatrygginga innan Tryggingastofnunar ríkisins. Slík viðhorf eigi engan rétt á sér við örorkumat utan stofnunarinnar.

Bent sé á, að það hafi verið lögmaður stefnanda, er hafi hlutast til um örorkumat Jónasar Hallgrímssonar yfirlæknis, og aðeins einn mánuður hafi liðið á milli þess og fyrra mats tryggingayfirlæknis. Forsendur hafi í engu breyst fyrir örorkumati á þeim tíma.

Mótmælt sé eindregið síðara örorkumati Björns Önundarsonar tryggingayfirlæknis. Vakin sé í því sambandi athygli á því, sem Jón Guðgeirsson læknir segi á bls. 4 í álitsgerð sinni, þar sem hann víki að þessu örorkumati. Hann segi orðrétt: „Þannig hefur ekkert það skeð, sem ekki var gert ráð fyrir í nefndum örorkumötum (sic) í desember 1979 og janúar 1980." Jafnframt sé vakin athygli á því, er fram komi í næstneðstu mgr. í álitsgerð Jóns Guðgeirssonar: „Til samanburðar má geta þess, að skv. þeim töflum, sem yfirleitt er stuðst við í sambandi við slysaörorkumöt (sic) hér á landi, er örorkumat vegna stífs ökklaliðar 15%, og hafi viðkomandi misst fótinn um ökklaliðinn, er örorkumat 20%-30%.

Fráleitt sé að jafna afleiðingum af meiðslum stefnanda til þess, að hann hafi misst fótinn um ökklalið, svo sem Björn Önundarson virðist gera í örorkumati sínu. Slíkt sönnunargagn megi ekki nota sem einhlítt sönnunargagn gagnvart þeim, sem bótaábyrgð beri að lögum á slysi og afleiðingum þess.

Telja verði sýnt fram á, að engin haldbær rök hafi verið til þess að miða bótauppgjörið í mars 1980 við meiri varanlega örorku en 20% og síst hafi hallað á stefnanda í því efni.

Örorkuútreikningur, sem fyrir lá við bótauppgjörið, hafi verið fjórþættur með tilliti til vaxta. Miðað hafi verið við 5%, 7%, 9% og 13%. Í uppgjörinu hafi verið tekið mið af þeim þætti útreikningsins, sem byggður hafi verið á 13% ársvöxtum. Það hafi verið bæði rétt og eðlilegt á þeim tíma. Komi þar hvort tveggja til, að almennir innlánsvextir hafi verið um þær

mundir 35% og samkvæmt dómvenju hafi mat á örorkubótum verið miðað við 13% í örorkuútreikningi.

Bótauppgjör vegna slysa á fólki eigi sér langoftast stað utan vettvangs dómstóla. Það mótist eðlilega fastar uppgjörsvenjur, sem ráðist að öllu leyti af þeirri dómvenju, sem ríkjandi sé á hverjum tíma. Fjöldi dóma Hæstaréttar sé til marks um 13% ársvexti við útreikning og mat örorkubóta. Megi þar til nefna eftirtalda dóma: Hrd. 1979/978, Hrd. 1980/1775, Hrd. 1981/1203, Hrd. 1981/496, Hrd. 1982/711 og Hrd. 1983/1718.

Það hafi ávallt tíðkast við mat bóta vegna varanlegrar örorku, að niðurstöðutölur í örorkuútreikningi væru lækkaðar vegna skattfrelsis slíkra bóta lögum samkvæmt og vegna hagræðis af því að fá bætur greiddar í einu lagi. Það sé engin einhlít regla til um það, hversu mikill þessi frádráttur skuli vera. Það geti ráðist af ýmsu, og forsendur í málum geti verið næsta breytilegar með tilliti til þessa. Í bótauppgjöri því, sem hér sé til álita, hafi frádráttur verið 30%. Fullyrt sé, að það hafi verið mjög algengur frádráttur. Sú virðist og vera raunin í sumum framangreindra dóma, og í sumum þeirra hafi frádráttur verið meiri.

Í bótauppgjörinu við stefnanda hafi verið dregnar frá greiðslur úr lögboðinni slysatryggingu og samningsbundinni slysatryggingu svo og greidd laun eftir slysið. Ágreiningur sé ekki uppi um réttmæti þessa.

Ákvörðun miskabóta sé ávallt mikið matsatriði. Meðal annars með hliðsjón af áður tilvitnuðum dómum verði ekki séð, að hallað hafi verið á stefnanda varðandi miskabætur.

Einsætt sé samkvæmt framanskráðu, að bótauppgjörið, sem fram fór þann 17. mars 1980, hafi í alla staði verið rétt og eðlilegt miðað við þau gögn, er fyrir lágu, og raunar hagstæðara stefnanda en efni stóðu til með tilliti til þess, að tekið var mið af 20% varanlegri örorku, en ekki 15%, án þess að nokkur haldbær rök hafi legið til þess, að hærra örorkumatið ætti meiri rétt á sér en hitt.

Mál þetta sé sérstætt að því leyti til, að svo langur tími sé liðinn frá slysinu. Þess vegna njóti upplýsinga um tekjuöflun stefnanda um átta ára skeið eftir slysið. Skattframtöl yfir þetta tímabil liggi fyrir í málinu.

Í örorkuútreikningi þeim, sem nýjastur sé í málinu og stefnandi byggi á kröfugerð sína, sé áætlun um árlegar tekjur hans frá slysinu til frambúðar. Áætlun þessi sé byggð á launatekjum stefnanda þrjú næstu almanaksár fyrir slysið. Samanburður á áætluðum tekjum frá 1979 til og með 1986 og framtöldum tekjum á þessu tímabili leiði í ljós, að fyrstu tvö árin séu áætlaðar tekjur lítið eitt hærri en rauntekjur, en eftir það snúist þetta alveg við. Öll árin 1981 til og með 1986 hafi stefnandi haft meiri tekjur samanlagt í launum og lífeyrissjóðsgreiðslum en nemi áætluðum tekjum.

Þegar þetta sé virt, fari ekki á milli mála, að stefnandi hafi enn ekki

orðið fyrir neinu fjártjóni vegna varanlegrar örorku af völdum umræddsslyss. Þær greiðslur, sem stefnandi hafi fengið eftir slysið, hafi því að langmestu leyti komið honum til góða (sic) umfram það að vera bætur fyrir raunverulegt tjón. Og þótt miðað væri við 30% varanlega örorku, væri hið sama upp á teningnum. Sýni þetta best, hversu óraunhæf og fráleit kröfugerð stefnanda sé í þessu máli.

Jafnvel þótt stefnandi hefði ekki fengið tjón sitt af völdum slyssins fullbætt á sínum tíma, væri kröfugerð hans í málinu allt að einu að mestu leyti út í hött, þar sem við það sé látið sitja í örorkuútreikningi þeim, sem hann byggi á kröfugerð sína í málinu, að framreikna ímyndað örorkutjón frá slysinu til útreikningsdags, en verðgildi þeirra greiðslna, sem hann hafi fengið á sínum tíma og áttu að vera upp í örorkutjón, sé látið haldast óbreytt, þ.e. miðað við verðlag þess tíma, er greiðslurnar voru inntar af hendi. Svona útreikningur sé að sjálfsögðu ekki annað en einber firra.

Væri stefnandi vanhaldinn í bótum vegna tjóns af völdum slyssins, sem telja verði sýnt fram á, að sé ekki, ætti að sjálfsögðu aðeins að framreikna tjónið að því leyti, þ.e. óbættan hluta þess. Útkoman úr því dæmi gæti með engu móti orðið nema örlítið brot af fjárhæð þeirrar kröfu, sem í stefnu sé gerð til örorkubóta.

Sýknukrafa Útgerðarfélags Akureyringa hf. sé í öðru lagi reist á því, að þýðing þess fyrirvara, er lögmaður stefnanda gerði, er hann undirritaði kvittun við bótauppgjör 17. mars 1980, sé fyrir löngu að engu orðin vegna aðgerðaleysis. Slíkum fyrirvara verði að fylgja eftir með aðgerðum innan hæfilegs tíma. Sá tími megi ekki vera lengri en nauðsyn krefji.

Örorkumat það, er stefnandi byggi á kröfugerð sína í málinu, sé dags. 20. september 1982. Örorkuútreikningur á grundvelli þessa örorkumats hafi legið fyrir í janúar 1983. Alveg sé ljóst, að óþarft hafi verið að draga framkvæmd þessa örorkumats í hátt á annað ár, en þá hafi verið liðin hátt í fjögur ár frá slysinu. Frá því að þetta örorkumat lá fyrir, hafi síðan liðið fjögur og hálft ár, uns stefnandi hófst handa um að reka þess réttar, sem hann telji sig eiga, og frá bótauppgjörinu í mars 1980 hafi verið liðin meira en sjö ár við höfðun þessa máls.

Hið eina, sem hafi falist í umræddum fyrirvara, hafi verið áskilnaður um frekari bætur. Fyrirvarinn gefi ekkert til kynna, hvað hafi legið að baki þessum áskilnaði. Fyrirvarinn hafi því verið óskýr og ómarkviss og næsta haldlítill af þeirri ástæðu.

Þegar sé bent á, að bótauppgjörið, er fram fór á sínum tíma, hafi í alla staði verið eðlilegt og bæði í samræmi við dómvenju og uppgjörsvenjur utan réttar. Með dómi Hæstaréttar frá 10. júlí 1984 hafi verið kveðið sérstaklega á um það, að í örorkuútreikningi skuli nota 6% ársvexti. Þessi

dómur geti ekki raskað bótauppgjöri, er fram hafi farið fyrir þann tíma og verið frábrugðið, að því er þetta atriði varðar.

Mótmælt sé fullyrðingum, sem m.a. komi fram í læknisgögnum í málinu, að stefnandi hafi hrapað í tekjum eftir slysið, vegna þess að hann hafi orðið að hverfa frá sjómennsku. Hið gagnstæða hafi komið í ljós, svo sem áður sé rakið. Stefnanda höfðu ekki nýst stýrimannsréttindi, þótt hann væri orðinn 29 ára gamall, er hann slasaðist, og sé ekki hægt að miða við, að breyting hefði orðið á í því efni. Það sé heldur engan veginn einhlítt, að störf við sjómennsku tryggi meiri tekjur en störf í landi.

Vaxtakröfu sé sérstaklega mótmælt, þ.e. vaxtafæti og kröfu til vaxtavaxta.

Niðurstaða.

Í máli þessu er Samvinnutryggingum gt. og Útgerðarfélagi Akureyringa hf. stefnt in solidum til greiðslu skaðabóta. Er stefnandi varð fyrir slysi sínu þann 18. desember 1978, var Útgerðarfélag Akureyringa hf. með samningsbundna slysatryggingu og ábyrgðartryggingu hjá Samvinnutryggingum gt. Samkvæmt 95. gr. laga nr. 20/1954 öðlast sá, er tjón bíður, rétt vátryggðs á hendur tryggingafélaginu, þegar staðreynt er, að vátryggður sé skaðabótaskyldur þeim, er tjónið beið, og upphæð bótanna ákveðin. Ekki verður á það fallist, að Samvinnutryggingar gt. hafi með því að greiða stefnanda bætur samkvæmt samkomulagi viðurkennt, að stefnandi geti beint frekari kröfum sínum beint til félagsins, án þess að ákvæðum 95. gr. laga nr. 20/1954 sé að öðru leyti fullnægt. Telja verður því, að stefnanda bresti lagaheimild til þess að beina kröfum sínum að félaginu, og ber að sýkna Samvinnutryggingar gt. af kröfum stefnanda í máli þessu.

Það sætir eigi ágreiningi, að stefndi Útgerðarfélag Akureyringa hf. ber skaðabótaábyrgð á því tjóni, er stefnandi varð fyrir. Af hálfu útgerðarfélagsins er því hins vegar haldið fram, að stefnandi hafi fengið tjón sitt bætt að fullu með greiðslu þeirri, er hann fékk frá Samvinnutryggingum gt. þann 17. mars 1980, að fjárhæð gkr. 3.093.657.

Tveir læknar hafa metið tímabundna og varanlega örorku stefnanda, og í málinu hefur verið lagt fram þrenns konar örorkumat, sem er ekki samhljóða. Er greiðsla fór fram 17. mars 1980, lá fyrir örorkumat Björns Önundarsonar læknis, dags. 15. janúar 1980, þar sem tímabundin örorka stefnanda var metin 100% fyrsta 3½ mánuð frá slysdegi, en 50% í 3 mánuði eftir það. Varanleg örorka var metin 20%. Útreikningur Þóris Bergssonar tryggingafræðings, dags. 11. febrúar 1980, er varð grundvöllur greiðslunnar 17. mars 1980, er byggður á þessu mati. Kröfur sínar í málinu nú byggir stefnandi hins vegar á útreikningi Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingastærðfræðings, dags. 11. maí, 1987, þar sem byggt er á endur-

skoðuðu örorkumati Björns Önundarsonar, dags. 20. september 1982. Samkvæmt því mati er tímabundin örorka stefnanda fyrsta 3½ mánuðinn metin 100%, næstu 3 mánuði 65%, en varanleg örorka metin 30%.

Þegar litið er til þess, að fyrra örorkumat Björns Önundarsonar læknis er dags. 15. janúar 1980, rúmu ári eftir slys stefnanda, verður að telja, að allar forsendur hafi á þeim tíma átt að liggja fyrir, svo að unnt væri að meta tímabundna örorku stefnanda af nákvæmni. Þykja því engin skynsamleg rök mæla með því að miða tímabundna örorku stefnanda við örorkumatið frá 1982, enda er ekki að finna í síðara matinu neina skýringu á hækkun tímabundinnar örorku.

Það er álit dómsins, að ekki komi fram í örorkumati Björns Önundarsonar læknis frá árinu 1982, á hverju læknirinn byggir mat sitt á aukinni varanlegri örorku stefnanda. Þá verður ekki ráðið af læknisvottorðum þeim, er fyrir lágu við mat á örorku árið 1982, eða öðrum málsgögnum, hverjar þær breyttu forsendur eru, sem þessi hækkun er byggð á, þar sem við örorkumatið 1980 er tekið tillit til sömu læknisfræðilegu þátta, sem hækkuð varanleg örorka virðist byggjast á í örorkumatinu frá árinu 1982.

Ber því samkvæmt framansögðu að byggja á örorkumati Björns Önundarsonar, dags. 15. janúar 1980, og þar sem tjónsútreikningi samkvæmt því mati hefur ekki verið hnekkt, þykir rétt að leggja hann til grundvallar við ákvörðun bóta til stefnanda.

Fram hefur komið, að þegar Samvinnutryggingar gt. greiddu stefnanda bætur þann 17. mars 1980, var tekið mið af framangreindum útreikningi Þóris Bergssonar tryggingafræðings, dags. 11. febrúar 1980, þar sem í útreikningnum er byggt á 13% ársvöxtum við útreikning skaðabóta, en stefnandi heldur því fram, að sá vaxtafótur sé of hár og miða beri við lægri vaxtafót. Á þeim tíma, sem uppgjörið fór fram þann 17. mars 1980 samkvæmt örorkumati því, sem dómurinn telur, að stefnanda sé rétt að byggja bótakröfur sínar á, var það eðlilegt og í samræmi við ríkjandi dómvenju að miða bótagreiðslur við útreikning, sem byggðist á 13% ársvöxtum.

Telja verður því, að stefnandi hafi fengið örorkutjón sitt bætt að fullu með framangreindu uppgjöri, og fallast má á, að frádráttarliðir séu hæfilega metnir samkvæmt uppgjörinu. Er ekki á það fallist, að stefnandi geti nú komið með hækkaða kröfu á hendur stefnda vegna örorku, er hann fékk að fullu bætta árið 1980.

Í miskabætur fékk stefnandi greiddar gkr. 500.000. Sú fjárhæð hefur eigi verið reiknuð til raunvirðis í dag. Sé tillit tekið til meiðsla stefnanda og afleiðinga þeirra með ríkjandi dómvenju í huga á þessum tíma, þykir stefnandi ekki hafa sýnt fram á, að miski hans hafi verið meiri í raun en bættur var með þessari fjárhæð.

Ber því að sýkna stefnda Útgerðarfélag Akureyringa af öllum kröfum stefnanda.

Eftir úrslitum málsins ber að dæma stefnanda til þess að greiða stefndu málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 60.000 til hvors aðila um sig, þar með talinn söluskattur.

Kristjana Jónsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum Hauki Þórðarsyni yfirlækni og Rögnvaldi Þorleifssyni lækni.

Dómsorð:

Stefndu, Útgerðarfélag Akureyringa hf. og Samvinnutryggingar gt., skulu vera sýkn af kröfum stefnanda, Kjartans Ásmundssonar.

Stefnandi, Kjartan Ásmundsson, greiði Samvinnutryggingum gt. kr. 60.000 í málskostnað og Útgerðarfélagi Akureyringa hf. kr. 60.000 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 20. mars 1991.

Nr. 311/1990
og
nr. 474/1990. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Jónasi James Ásmundssyni
(Páll Arnór Pálsson hrl.).

Skjalafals. Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason og Jón Finnsson hæstaréttarlögmaður.

Ríkissaksóknari hefur með stefnum 10. ágúst 1990 og 17. ágúst 1990 áfrýjað til Hæstaréttar að ósk ákærða, en einnig til þyngingar, tveimur dómum sakadóms Reykjavíkur, en meðákærðu í héraði vildu una héraðsdómum. Dómur í málinu nr. 311/1990 var kveðinn upp 16. júlí 1990, en dómur í málinu nr. 474/1990 var kveðinn upp 29. júní 1990.

Málin hafa verið sameinuð og flutt í einu lagi fyrir Hæstarétti.

Nýtt sakavottorð ákærða hefur verið lagt fyrir Hæstarétt. Þar kemur fram, að hinn 23. janúar 1991 var ákærði dæmdur í 5 mánaða fangelsi vegna auðgunarbrota.

I.

Héraðsdómur 29. júní 1990.

Staðfesta ber sakarmat héraðsdómara og færslu brota til refsiákvæða samkvæmt ákæru í þessu máli, að því er ákærða, Jónas James Ásmundsson varðar.

II.

Héraðsdómur 16. júlí 1990.

Staðfesta ber sakarmat héraðsdómara og færslu brots til refsiákvæðis samkvæmt ákæru í máli þessu, að því er ákærða, Jónas James Ásmundsson varðar.

Héraðsdómari vísaði framkominni skaðabótakröfu frá dómi, og

er hún því eigi til endurskoðunar, sbr. 1. mgr. 147. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála.

III.

Eins og fram kemur í hinum áfrýjuðu dómum, gefur ferill ákærða til kynna, að hann sé vanaafbrotamaður. Ber að ákveða refsingu með hliðsjón af ákvæðum 71. gr., 72. gr., 77. gr. og 255. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 12 mánaða fangelsi.

Ákvæði hinna áfrýjuðu dóma um sakarkostnað skulu vera óröskuð.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, svo sem í dómsorði segir.

Dómsorð:

Ákærði, Jónas James Ásmundsson, sæti fangelsi 12 mánuði.

Ákvæði hinna áfrýjuðu dóma um sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls A. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 40.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 29. júní 1990.

Ár 1990, föstudaginn 29. júní, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Helga I. Jónssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 331-335/1990: Ákæruvaldið gegn A, Jónasi James Ásmundssyni, B, C og D, sem tekið var til dóms 18. þ.m.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 15. maí sl., á hendur ákærðu, ,,A, Jónasi James Ásmundssyni, Bárugötu 22, Reykjavík, fæddum 23. júlí 1962, fæðingarnúmer 554, B, C og D, fyrir eftirtalin brot, framin í júlí 1989 í Reykjavík, nema annað sé nefnt:

— — —

II.

Ákærðu A og Jónasi James Ásmundssyni er gefinn að sök þjófnaður, sem hér greinir nánar:

A. Sunnudaginn 23. eða mánudaginn 24. júlí stolið myndavél, aðdráttarlinsu, breiðlinsu, linsufilter og myndavélartösku utan um hlutina, allt af gerðinni Minolta, úr bílskúr við Boðagranda 4.

B. Aðfaranótt mánudagsins 24. júlí stolið CB-talstöð um borð í bátnum Mara, RE 79, í smábátahöfninni við Grandagarð.

C. Í júlí stolið myndavél og ferðaútvarpi um borð í bátnum Guðrúnu Ósk, KÓ, í höfninni í Kópavogi.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

— — —

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar".

— — —

Málavextir.

Ákæra, dagsett 15. maí 1990.

— — —

II.

Ákærðu A og Jónas James Ásmundsson.

A. Sunnudaginn 23. eða mánudaginn 24. júlí 1989 fóru ákærðu A og Jónas James Ásmundsson inn í bílskúr við Boðagranda 4 hér í borg. Tók ákærði A þar ófrjálsri hendi myndavél, aðdráttarlinsu, breiðlinsu, linsufilter og myndavélartösku utan um hlutina, allt af gerðinni Minolta. Ákærði Jónas James var viðstaddur, er þetta gerðist, og horfði á meðákærða taka nefnda hluti. Fóru ákærðu með þýfið að Bárugötu 22, þar sem það fannst við rannsókn málsins.

B. Aðfaranótt 24. júlí 1989 fóru ákærðu í bátinn Mara, RE 79, þar sem hann lá í smábátahöfninni við Grandagarð hér í borg. Stálu þeir þar CB-talstöð og fóru með hana að Bárugötu 22 hér í borg. Komst talstöðin til skila við rannnsókn málsins.

C. Í júlí 1989 fóru ákærðu í bátinn Guðrúnu Ósk, KÓ, sem lá í höfninni í Kópavogi, og stálu úr honum myndavél og ferðaútvarpstæki.

Með framangreindu atferli hafa ákærðu í öllum tilvikum gerst sekir um brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga.

— — —

Ákærði Jónas James hefur sætt refsidómum sem hér greinir:

[Sjá dóm í sakadómsmálinu nr. 368-370/1990, bls 479 hér á eftir.]

Hinn 12. september 1988 fékk ákærði reynslulausn tvö ár á 120 daga

eftirstöðvum dómanna frá 5. febrúar og 15. júlí 1988. Hóf ákærði afplánun þeirra 15. nóvember 1989 og lauk henni 15. mars sl.

— — —

Refsing ákærða Jónasar James þykir með vísan til 71. gr., 72. gr., 77. gr. og 255. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi fjóra mánuði.

— — —

Sakarkostnaður.

Dæma ber ákærða A til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin kr. 20.000, en annan sakarkostnað greiði ákærði A að helmingi, ákærðu Jónas James og D að 3/8 hlutum hvor um sig og ákærðu B og C hvor um sig að 1/8 hluta.

Dómsorð:

Ákærði A sæti fangelsi níu mánuði.

Ákærði Jónas James Ásmundsson sæti fangelsi fjóra mánuði.

Ákærði D sæti fangelsi fimm mánuði.

Ákærðu B og C sæti hvor um sig fangelsi 45 daga, en fresta skal fullnustu refsingar þeirra og hún niður falla að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærðu hvor um sig almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

— — —

Ákærði A greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 20.000, en annan sakarkostnað greiði ákærði A að helmingi, ákærðu Jónas James og D að 3/8 hlutum hvor og ákærðu B og C að 1/8 hluta hvor.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 16. júlí 1990.

Ár 1990, mánudaginn 16. júlí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jónasi Jóhannssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 368-370/1990: Ákæruvaldið gegn X, Jónasi James Ásmundssyni og Y, sem tekið var til dóms hinn 11. þ.m.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 22. febrúar 1990, á hendur ákærðu, X, Jónasi James Ásmundssyni, atvinnulausum, Bárugötu 22, Reykjavík, kt. 230762-5549, og Y, „fyrir skjalafals, með því

að hafa, 31. júlí 1989, staðið að því í félagi við Rósu Dröfn Sigurðardóttur, kt. 24.08.5409 (sic), að svíkja tóbaksvörur út hjá afgreiðslu Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins, Borgartúni 7, Reykjavík, að verðmæti kr. 341.413, sem ákærðu greiddu með tékka, sem þeir fengu ofangreinda Rósu Dröfn til að falsa og selja fyrir sig í afgreiðslunni, á meðan þeir biðu álengdar og veittu síðan tóbakinu viðtöku. Ákærðu höfðu fyrr um daginn lagt fram pöntun á tóbakinu í nafni Auðuns S. Hinrikssonar vegna söluturnsins Svarta svansins, Laugavegi 118, Reykjavík, og fengu Rósu Dröfn til að falsa tékka til ÁTVR, að fjárhæð kr. 341.413, með útgefandanafnrituninni Auðunn S. Hinriksson á eyðublað nr. 2163467 úr tékkhefti frá Breiðholtsútibúi Landsbanka Íslands, sem ákærði Jónas James hafði stolið. Skiptu ákærðu með sér andvirðinu.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar".

Málavextir.

Í júlímánuði 1989 sammæltust ákærðu um að svíkja tóbaksvörur út hjá afgreiðslu ÁTVR, sem þá var til húsa að Borgartúni 7, Reykjavík. Hafði ákærði Jónas James gert þetta áður, og skýrði hann meðákærðu, X og Y, frá því, hvernig framkvæma mætti verknaðinn, en hugmyndin var sú að panta símleiðis ákveðið magn af tóbaki hjá ÁTVR í nafni einhvers söluturns, sækja það síðan og greiða fyrir það með fölsuðum tékka. Lagði Jónas James til verksins eyðublað nr. 2163467 úr tékkhefti frá Breiðholtsútibúi Landsbanka Íslands, sem hann hafði komist yfir skömmu áður. Hinn 31. júlí var áætlun þeirra hrundið í framkvæmd. Ákærðu hringdu þann dag frá útibúi Landsbanka Íslands við Laugaveg 77 og pöntuðu tóbak fyrir krónur 341.413 í nafni Auðuns S. Hinrikssonar vegna söluturnsins Svarta svansins, Laugavegi 118, Reykjavík. Ákærðu fengu síðan Rósu Dröfn Sigurðardóttur, kt. 240867-5409, til að falsa framangreindan tékka og framvísa honum til greiðslu á tóbakinu. Átti hún að fá 15.000 krónur fyrir vikið. Ákærðu biðu álengdar, meðan Rósa Dröfn var að greiða fyrir tóbakið, en síðan fór ákærði Y með greiðslukvittunina inn í tóbaksafgreiðsluna og fékk þar afhenta fimm kassa af tóbaki. Ákærði bar tóbakið út til meðákærðu, sem síðan aðstoðuðu hann við að bera það heim til Rósu Drafnar, en hún hafði þá dvalarstað á Skúlagötu. Er þangað var komið, fengu ákærðu bifreiðina H-18 að láni og fluttu tóbakið heim til ákærða Jónasar James. Næstu daga á eftir fóru ákærðu í söluturna og verslanir á höfuðborgarsvæðinu og buðu tóbakið til sölu. Ágóðanum skiptu ákærðu milli sín og vörðu stórum hluta hans til vímuefnakaupa. Þá gáfu ákærðu vinum

og kunningjum allnokkurt magn af tóbaki, en hluti þess komst óskemmdur til skila.

Rósa Dröfn var ákærð fyrir þátt sinn í ætluðu broti í nóvember 1989, og viðurkenndi hún afdráttarlaust aðild sína að málinu. Féll dómur í máli hennar hinn 26. janúar síðastliðinn, og var hún sakfelld fyrir skjalafals.

Ákærði Y hefur viðurkennt aðild sína að framangreindum verknaði og borið, að meðákærði Jónas James hafi átt hugmyndina að honum. Jafnframt hafi meðákærði hringt og pantað tóbakið. Við gerð pöntunarinnar hafi Jónas James stuðst við pöntunarlista og reynt að taka mið af því, hvað eðlilegt væri, að söluturn pantaði af tóbaki. Áður hafi ákærði og Jónas James verið búnir að ákveða að gera pöntunina í nafni söluturnsins Svarta svansins, en ákærði vissi, að eigandi hans hét Auðunn. Jónas James hafi síðan farið á Hagstofuna og fengið frekari upplýsingar um manninn.

Ákærði X hefur einnig viðurkennt aðild sína að verknaðinum og skýrt frá málsatvikum á sama veg og meðákærði Y. Ákærði fullyrti, að meðákærði Jónas James hefði verið upphafsmaður að brotinu, en síðan hefðu ákærðu allir átt jafnan þátt í framkvæmd þess.

Ákærði Jónas James hefur hins vegar neitað allri aðild að skjalafalsi með umræddum tékka og borið, að þátttaka sín í máli þessu einskorðist við það að hafa skýrt meðákærðu frá því, hvernig fremja mætti brotið. Jafnframt hafi hann lagt til umrætt tékkaeyðublað og sagt meðákærða X, hvernig ætti að útfylla það. Eyðublaðið hafi X síðan afhent Rósu Dröfn sama dag og tóbakskaupin fóru fram. Á meðan Rósa Dröfn var inni í afgreiðslu ÁTVR að greiða fyrir tóbakið, hafi ákærðu allir beðið fyrir utan, og báru þeir síðan tóbakið niður á Skúlagötu, en þaðan var það flutt í bifreiðinni H-18 og síðan selt víðs vegar um borgina. Ákærði kvaðst ekki hafa selt neitt tóbak sjálfur, en var viðstaddur nokkrum sinnum, er X bauð tóbak til sölu. Ekki fékk hann neinn ágóða af sölunni, en meðákærðu buðu honum upp á nokkur glös af áfengi. Þá fullyrti ákærði, að X hefði hringt frá bankanum og pantað tóbakið, og við val á tóbakstegundum hefði hann stuðst við lista, sem meðákærði Y hefði útbúið. Ákærði kvaðst hafa verið með X, er hann hringdi og bað X að spyrja, hversu mikið tóbakið kæmi til með að kosta. Ákærði kvað Y hafa átt hugmyndina að því að nota nafn eiganda Svarta svansins við gerð pöntunarinnar, en Y hefði vitað fornafn hans og heimilisfang. Ákærði hafi síðan flett manninum upp í símaskrá og þannig fengið vitneskju um föðurnafn hans. Aðrar upplýsingar hafi ákærðu ekki haft um eigandann.

Niðurstaða.

Með framburði ákærðu fyrir dómi, sem studdur er öðrum gögnum málsins, þykir sannað, að ákærðu hafi staðið saman að fölsun og sölu umræddS

tékka í félagi við Rósu Dröfn Sigurðardóttur, og varðar sú háttsemi þeirra við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins hefur lagt fram skaðabótakröfu á hendur ákærðu, að fjárhæð kr. 341.413, ásamt hæstu lögleyfðu vöxtum frá móttöku tékkans hinn 31. júlí 1989. Ákærðu eru ekki einir um sök í málinu, heldur eiga þeir óskipta sakaraðild með Rósu Dröfn Sigurðardóttur. Ber þegar af þeirri ástæðu að vísa kröfunni frá dómi.

Sakaferill ákærðu.

— — —

Ákærða Jónasar James:

Samkvæmt sakavottorði ákærða og öðrum upplýsingum, sem fyrir liggja í málinu, hefur hann tvívegis verið sektaður fyrir ölvun á almannafæri. Þá var ákæru á hendur honum vegna þjófnaðar frestað skilorðsbundið í tvö ár í janúar 1978. Loks hefur ákærði sætt eftirtöldum refsidómum:

[Ákærði sætti á árabilinu 1978-1988 alls 11 áfallsdómum fyrir þjófnað o.fl. hegningarlagabrot, síðast 29. júní 1990 (4 mánaða fangelsi). Honum hafði 1988 verið veitt reynslulausn af eftirstöðvum refsingar, 120 dögum].

Refsingu ákærða Jónasar James ber einnig að ákvarða með hliðsjón af 78. gr. almennra hegningarlaga, og þykir refsingin með vísan til framanritaðs og með hliðsjón af sakaferli ákærða, sbr. 72. gr. hegningarlaga, hæfilega ákveðin sex mánaða fangelsi.

— — —

Með vísan til 141. og 142. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74, 1974, ber að dæma ákærða Jónas James til að greiða verjanda sínum, Indriða Þorkelssyni hdl., krónur 30.000 í málsvarnarlaun, og sömu fjárhæð greiði X verjanda sínum, Þorsteini Einarssyni hdl. Annan sakarkostnað greiði ákærðu óskipt.

Dómsorð:

Ákærði X sæti fangelsi í þrjá mánuði.

Ákærði Jónas James Ásmundsson sæti fangelsi í sex mánuði.

Ákærði Y sæti fangelsi í fjóra mánuði, en fullnustu refsingarinnar skal fresta, og fellur hún niður að liðnum þremur árum frá dómsuppkvaðningu, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði Jónas James greiði verjanda sínum, Indriða Þorkelssyni hdl., krónur 30.000 í málsvarnarlaun, og sömu fjárhæð greiði Y verjanda sínum, Þorsteini Einarssyni hdl. Annan sakarkostnað greiði ákærðu óskipt.

Miðvikudaginn 20. mars 1991.

Nr. 294/1990. **Hreinn Sigurðsson**

gegn

Vátryggingafélagi Íslands hf.,
Sparisjóði V.-Húnavatnssýslu,
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs,
Búnaðarbanka Íslands,
Víði Finnbogasyni hf., - Teppalandi, og
Jóni Brynjólfssyni hf.

Frestur

Úrskurður Hæstaréttar.

Mál þetta úrskurða hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Guðmundur Jónsson og Hjörtur Torfason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. júlí 1990. Áfrýjað er nauðungaruppboði á fasteigninni Aðalgötu 20, Sauðárkróki, sem fram fór 12. júlí 1990. Málið var þingfest í Hæstarétti 1. október 1990, og fékk áfrýjandi þá frest til febrúar 1991. Málinu var síðan að hans ósk frestað til 1. mars. Er málið kom fyrir þann dag, óskaði áfrýjandi eftir fresti til 8. apríl 1991 til framlagningar ágrips og greinargerðar.

Stefndi Búnaðarbanki Íslands hefur mótmælt frestbeiðninni og krafist málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Af hálfu annarra stefndu, sem þing sóttu 1. mars sl., var umbeðinn frestur samþykktur.

Mótmæli sín styður stefndi Búnaðarbanki Íslands þeim rökum, að mál þetta hafi verið til meðferðar í uppboðsrétti frá árinu 1982. Síðast hafi verið þingað í málinu 12. júlí 1990, og hafi áfrýjandi þá sjálfur verið mættur, en ekki haft uppi nein mótmæli við framkvæmd eða undirbúning uppboðsins.

Í greinargerð lögmanns áfrýjanda kemur fram, að sökum mistaka lögmannsins við pöntun dómsgerða hafi afhending þeirra dregist, og hafi honum því ekki reynst unnt að leggja fram ágrip og greinargerð við fyrirtöku málsins 1. mars sl.

Rétt þykir eftir atvikum að veita áfrýjanda frest til framlagningar dómsgerða, ágrips og greinargerðar til reglulegs þingdags 8. apríl 1991.

Málskostnaður verður ekki dæmdur í þessum þætti málsins.

Á l y k t a r o r ð:

Málinu er frestað til reglulegs þingdags 8. apríl 1991.

Miðvikudaginn 20. mars 1991.

Nr. 351/1990. **Verslunarfélag Íslands og Spánar hf.**
gegn
Ó. Johnson og Kaaber hf.,
Stofnlánasjóði matvörukaupmanna,
Einari B. Arasyni,
Lífeyrissjóði verslunarmanna,
Eignarhaldsfélagi Verslunarbankans hf.,
Jóni Gunnari Sæmundssyni,
Baldvini Einarssyni og
Sigurði G. Guðjónssyni hrl. vegna
þrotabús Víðis sf.

Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Guðmundur Jónsson og Hjörtur Torfason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. september 1990 að fengnu áfrýjunarleyfi 5. sama mánaðar. Áfrýjað er úrskurði uppboðsréttar Reykjavíkur 12. júní 1990. Málið var þingfest í Hæstarétti 2. nóvember 1990, og fékk áfrýjandi þá frest til febrúar 1991. Málinu var síðan að hans ósk frestað til 1. mars. Er málið kom fyrir þann dag, óskaði áfrýjandi eftir fresti til apríl 1991.

Af hálfu stefnda Ó. Johnson og Kaaber hf. hefur frestbeiðninni verið mótmælt og þess krafist, að málinu verði vísað frá Hæstarétti. Þá er og krafist málskostnaðar úr hendi áfrýjanda.

Af hálfu annarra stefndu, sem þing sóttu 1. mars sl., var umbeðinn frestur samþykktur.

Samkvæmt vottorði borgarfógetaembættisins í Reykjavík hafði áfrýjandi ekki enn óskað eftir dómsgerðum í málinu 4. mars 1991.

Áfrýjandi hefur enga skýringu á því gefið, af hverju frestur sá, sem hann hefur haft til að búa mál sitt til flutnings fyrir Hæstarétti, hafi ekki nýst honum. Að svo vöxnu máli þykir ekki fært að veita áfrýjanda frekari frest í málinu. Ber því að vísa því frá Hæstarétti og dæma áfrýjanda til að greiða Ó. Johnson og Kaaber hf. málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem segir í dómsorði.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjandi, Verslunarfélag Íslands og Spánar hf., greiði stefnda Ó. Johnson og Kaaber hf. 10.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti, að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 21. mars 1991.

Nr. 117/1990. **Stefán Sigurðsson**
(Hjalti Steinþórsson hrl.)
gegn
Miðnesi hf.
(Skarphéðinn Þórisson hrl.).

Vinnusamningur. Sjómannalög. Veikindaforföll.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir og Guðmundur Jónsson og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. mars 1989. Hann gerir þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 294.960 krónur með ársdráttarvöxtum eins og hér greinir: 44,4% frá 1. júní 1988 til 1. júlí s.á., 52,8% frá þeim degi til 1. ágúst s.á., 56,4% frá þeim degi til 1.september s.á., 49,2% frá þeim degi til 1. október s.á., 33,6% frá þeim degi til 1. nóvember s.á., 27,6% frá þeim degi til 1. desember s.á., 24% frá þeim degi til 1. janúar 1989, 21,6% frá þeim degi til 1. mars s.á., 24% frá þeim degi til 1. apríl s.á., en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur aukadómþings Gullbringusýslu 18. desember 1989.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi þann 15. þ.m., höfðaði Stefán Sigurðsson, nnr. 8361-9104, Vallarbarði 1,

Hafnarfirði, með stefnu, birtri þann 3. desember 1988 Gunnari Ólafssyni, stjórnarformanni Miðness hf., f.h. félagsins, til greiðslu skuldar, að fjárhæð 294.960, ásamt 44,4% dráttarvöxtum á ári frá 1. júní 1988 til 1. júlí s.á., 52,8% p.a. frá þeim degi til 1. ágúst s.á., 56,4% p.a. frá þeim degi til 1. september s.á., 49,2% p.a. frá þeim degi til 1. október s.á., 33,6% p.a. frá þeim degi til 1. nóvember s.á., 27,6% p.a. frá þeim degi til 1. desember s.á., 24% p.a. frá þeim degi til 1. janúar 1989, 21,6% p.a. frá þeim degi til 1. mars s.á., 24% p.a. frá þeim degi til 1. apríl 1989 og síðan með dráttarvöxtum skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Þá krefst stefnandi þess, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða sér málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ auk 12% söluskatts.

Stefnandi krefst þess, að staðfest verði sjóveð í b/v Ólafi Jónssyni, GK-404, vegna ofangreindra krafna.

Meginkröfu sína í máli þessu sundurliðar stefnandi á þennan hátt:

a. Veiðiferð 4.-12. maí 1988. Aflahlutur og sala á fiskmarkaði 89.309/1,25x1,5	kr. 119.960
Fatapeningar og endurgreitt fæði	kr. 5.345
b. Veiðiferð 14.-23. maí 1988. Aflahlutur og sala á fiskmarkaði 114.121/1,25x1,5	kr. 136.945
Fatapeningar, föst laun og endurgreitt fæði	kr. 6.363
10,17% orlof af ofangreindu	kr. 27.228
Samtals	kr. 199.960 (sic)

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og hann dæmdur til þess að greiða stefnda málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ.

Um málavexti eru aðilar sammála, en þeir eru á þá leið, að stefnandi, sem er vélstjóri á b/v Ólafi Jónssyni, GK-404, sem stefndi á og gerir út, fékk í veiðiferð í janúar 1988 ígerð í tennur í neðri gómi. Er hann kom í land, leitaði hann til tannlæknis, en það var ekki fyrr en eftir næstu veiðiferð, þann 18. febrúar 1988, sem stefnandi lét fjarlægja úr sér tvær framtennur úr neðri gómi vegna ígerðarinnar. Hafi tannlæknirinn síðan ákveðið, að heppilegast væri að loka skarðinu með tannréttingaraðgerð, eftir að hafa ráðfært sig við sérfræðing á þessu sviði, Ólaf Björgúlfsson tannlækni, sem tók að sér verkið. Ekki hafði Ólafur tíma til þess að sinna stefnanda fyrr en í maí 1988, og þurfti stefnandi að koma til Ólafs dagana 9., 11. og 18. maí og auk þess dagana 28. júní og 11. ágúst 1988.

Af þessum sökum hafi stefnandi misst af tveimur veiðiferðum í maí, þ.e. veiðiferð 4.-12. maí og 14.-23. maí 1988, og vegna þeirra gert kröfu um

greiðslu veikindakaups. Enginn ágreiningur er varðandi útreikning stefnukröfu og dráttarvexti.

Dómkröfur stefnanda eru studdar þeim rökum, að hann eigi rétt til launa í veikindaforföllum, þar sem um sjúkdóm eða veikindi hafi verið að ræða, en ekki nein þau atriði, er stefnandi geti sjálfur borið ábyrgð á, og bendir á rétt sinn byggðan á 1. mgr. 36. gr. sjómannalaga nr. 35/1985 og ákvæði l.28 í kjarasamningi LÍÚ og FFSÍ frá 1987. Að því er varðar tímann, sem valinn var til þeirra aðgerða á stefnanda, sem af sérfræðingum voru taldar nauðsynlegar, réðst hann af því, hvenær umræddir sérfræðingar hefðu tíma lausan til þess að framkvæma þær. Krafan um staðfestingu sjóveðs er byggð á 1. tl. 1. mgr. 197. gr. siglingalaga nr. 34/1985, sbr. 2. og 3. mgr. sömu greinar, sbr. og 198. gr. sömu laga.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að stefnandi hafi ekki verið óvinnufær í merkingu 1. mgr. 36. gr. sjómannalaga, sem sé algert skilyrði þess, að sjómaður eigi rétt á veikindakaupi. Ekkert hafi verið eðlilegra en stefnandi hafi viljað láta loka tannskarðinu, bæði af útlitsástæðum auk þess sem því kunni að fylgja óþægindi að vera með skarð í framtönnum, og því þurft að vera í landi, meðan á því stóð, en slíkt hafi ekkert með óvinnufærni að gera út af fyrir sig. Ekki dregur stefndi í efa, að stefnanda hafi verið „jafnvel nauðsyn" að leita tannlæknis, en hins vegar breyti það ekki þeirri staðreynd, að stefnandi hafi verið fullvinnufær, þegar hann fór í tannréttinguna þann 9. maí 1988. Nefnir stefndi í því sambandi, að stefnandi hafi unnið við vélgæslu þann 11. maí 1988 og verið sama dag í tannréttingu.

Forsendur og niðurstaða.

Í máli þessu er, eins og áður segir, enginn ágreiningur um málavexti, heldur er tekist á um það, hvort stefnandi eigi rétt á launum, eins og um veikindi hafi verið að ræða, er hann gekk til sérfræðings í tannréttingum í því augnamiði að fá þá meðferð, er heppilegust þætti til þess að bæta úr afleiðingum ígerðar, er hann fékk, er hann var við vinnu sína, og leiddi til þess, að draga þurfti úr honum tvær framtennur.

Ekki verður talið, að stefnandi hafi sýnt fram á það, að hann hafi verið ófær til vinnu, vegna þess að sjúkdómur eða veikindi hafi hamlað starfsgetu hans, enda þótt ekki sé í efa dregið, að honum hafi verið nauðsyn á að leita til tannlæknis. Hafi sú nauðsyn ekki tengst sjúkdómi eða veikindum með þeim hætti, að hægt sé að fallast á, að honum beri réttur til óskertra launa vegna sjúkdóms eða meiðsla í skilningi 1. mgr. 36. gr. laga nr. 35/1985. Samkvæmt þessu verða kröfur stefnanda ekki teknar til greina og stefndi vera sýkn af þeim.

Rétt þykir eftir atvikum málsins, að hvor aðili um sig beri sinn kostnað af rekstri þess.

Dóm þennan kvað upp Sveinn Sigurkarlsson héraðsdómari.

Dómsorð:

Stefndi, Miðnes hf., skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Stefáns Sigurðssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 21. mars 1991.

Nr. 124/1991. **Ákæruvaldið**
gegn
Lárusi Birni Svavarssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Hrafn Bragason og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 19. mars 1991, sem ásamt kærugögnum barst Hæstarétti í dag. Krefst hann þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldstími verði styttur. Þá er af hálfu varnaraðila krafist kærumálskostnaðar.

Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 19. mars 1991.

Ár 1991, þriðjudaginn 19. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Júlíusi B. Georgssyni aðalfulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess, að Lárusi Birni Svavarssyni, kt. 120951-4839, til lögheimilis að Vegghömrum 47 hér í borg, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til þriðjudagsins (sic) 27. þ.m. kl. 16.00.

Aðfaranótt laugardagsins 16. þ.m. var brotist inn í húsið nr. ..... við Grettisgötu hér í borg og stolið þar kvenpels, að verðmæti u.þ.b. 300.000 kr., myndbandstæki, litlu segulbandstæki og 8-10 geisladiskum. Þegar brotist var inn í húsið, voru íbúar þess sofandi.

Síðdegis í gær handtók lögreglan í Ólafsvík kærða og fann þá í fórum hans pels, sem sannreynt þykir, að hafi horfið í framangreindu innbroti.

Við yfirheyrslur hjá lögreglunni í Ólafsvík og rannsóknarlögreglu ríkisins hefur kærði gefið skýringar á, með hvaða hætti pels þessi komst í vörslur hans. Hefur kærði bæði hjá rannsóknarlögreglu ríkisins og hér fyrir dómi staðfastlega neitað aðild sinni að framangreindum innbrotsþjófnaði. Þá hefur hann greint frá ferðum sínum aðfaranótt sl. laugardags og nefnt á nafn fólk, sem hann hafi hitt þá nótt. Þar kemur m.a. fram, að um sl. helgi hafi hann dvalið í íbúðum við Grettisgötu og Vitastíg við drykkju.

Verið er að rannsaka ætlað brot kærða gegn 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, og er rannsóknin enn á frumstigi. Þarf í þessu sambandi að sannreyna framburð kærða með því að yfirheyra þá aðila, sem hann hefur nafngreint. Með vísan til framanritaðs og skírskotun til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974, þykir rétt að taka kröfu rannsóknarlögreglu ríkisins til greina, eins og hún er fram sett, en skilja verður kröfuna svo, að átt sé við 26. mars.

Úrskurðarorð:

Kærði, Lárus Björn Svavarsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til þriðjudagsins 26. mars nk. kl. 16.00.

Föstudaginn 22. mars 1991.

Nr. 174/1989. **Vilborg Guðsteinsdóttir**
(Skúli Pálsson hrl.)
gegn
þrotabúi Hermanns Björgvinssonar
(Atli Gíslason hrl.).

Stefnubirting.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason og Jón Finnsson hæstaréttarlögmaður.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 16. maí 1989. Hún gerir þær dómkröfur, að hinni áfrýjuðu áritun verði hrundið og málinu vísað frá héraðsdómi og hið áfrýjaða fjárnám verði fellt úr gildi. Þá krefst hún málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Dómkröfur stefnda eru þær, „að hin áfrýjaða áritun og hið áfrýjaða fjárnám verði staðfest og að áfrýjanda verði gert að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti og að málskostnaður beri dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags, allt að frádregnum innborgunum inn á hina áfrýjuðu áritun þann 25. janúar 1991, að fjárhæð 75.000 kr., og 25. febrúar 1991, að fjárhæð 75.000 kr".

I.

Hinn 19. febrúar 1981 barst firmaskrá Reykjavíkur tilkynning frá áfrýjanda og Ársæli Guðsteinssyni þess efnis, að áfrýjandi hefði tekið við hlut Óskars Jensens í Lýsingu s/f. Samkvæmt því væru þau eigendur sameignarfélagsins, „og rekum við firmað með ótakmarkaðri ábyrgð. Firmað er sjálfstæður skattgreiðandi. Til að skuldbinda firmað þarf undirritun beggja eigenda. Prókúruumboð fyrir firmað hefur Ársæll Guðsteinsson". Tilkynning þessi er dagsett 20. desember 1975.

Hinn 6. júní 1988 gaf Ársæll Guðsteinsson út fyrir hönd Lýsingar s/f skuldabréf til þrotabús Hermanns Björgvinssonar, að fjárhæð

798.356 krónur, og skuldbatt firmað ,,til þess að endurgreiða skuld þessa með 18 afborgunum á 1 mánaðar fresti, í fyrsta sinn hinn 15. ágúst 1988, kr. 44.353,11 í hvert sinn auk vaxta. Skuld þessi ber hæstu lögleyfðu vexti af skuldabréfalánum, eins og Seðlabanki Íslands reiknar út meðaltal þeirra hverju sinni. Vextir þessir eru nú ársvextir. Vextir greiðast eftir á, samhliða greiðslu hverrar afborgunar. Vextir reiknast frá 1.6.1988". Á skuldabréfið er skráð: ,,Afb. 15.8.1988 greidd auk vaxta. Eftirstöðvar 754.002,87." "

Lögmaður stefnda ritaði Lýsingu s/f, Síðumúla 34, innheimtubréf, sem dagsett er 28. nóvember 1988.

Með áskorunarstefnu, birtri 4. janúar 1989, höfðaði stefndi síðan mál til greiðslu á eftirstöðvum skuldabréfsins á hendur Ársæli Guðsteinssyni, Eyjabakka 26, Reykjavík, og áfrýjanda, Nökkvavogi 8, Reykjavík, báðum persónulega og fyrir hönd sameignarfélags þeirra, Lýsingar s/f, Síðumúla 34, Reykjavík, ,,öllum in solidum, til greiðslu kr. 779.230,55 með eftirgreindum dráttarvöxtum á ári: 49,2% frá 15.9.1988 til 1.10.1988, en 33,6% frá þeim degi til 1.11.1988, en 27,6% frá þeim degi til 1.12.1988, en 24,0% frá þeim degi til þingfestingardags, en með dráttarvöxtum skv. 3. kafla laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar skv. gjaldskrá L.M.F.Í. og að málskostnaður beri dráttarvexti skv. 3. kafla laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags". Í stefnunni er skuldabréfið talið gjaldfellt miðað við 15. september 1988, og nemur höfuðstóll stefnukröfunnar fyrirgreindum eftirstöðvum bréfsins ásamt vöxtum til þess dags.

Málið var þingfest á bæjarþingi Reykjavíkur 24. janúar 1989, og var þá ekki sótt dómþing af hálfu stefndu. Var málið þá tekið til áritunar. Hinn 23. febrúar 1989 ritaði Arnfríður Einarsdóttir, fulltrúi yfirborgardómara, svofellda áritun á áskorunarstefnuna: ,,Stefnukröfur máls þessa og kr. 96.596,- í málskostnað, þ.m.t. söluskattur, eru aðfararhæfar frá dagsetningu áritunar þessarar. Vextir af málskostnaði án söluskatts reiknist frá 15. degi frá áritun þessari skv. III. kafla vaxtalaga."

Með bréfi, dagsettu 8. mars 1989, óskaði lögmaður stefnda eftir, að gert yrði fjárnám í eignum dómþolanna. Hinn 4. apríl 1989 var síðan gert fjárnám í fasteigninni Nökkvavogi 8, eign áfrýjanda, til tryggingar skuldinni.

Daginn eftir, hinn 5. apríl 1989, barst borgarfógetaembættinu tilkynning, dagsett 20. mars sama ár, til firmaskrárinnar þess efnis, að Vilborg Guðsteinsdóttir hefði „frá og með 1. júní 1988 gengið úr fyrirtækinu Lýsingu sf.“, og séu allar skuldbindingar þess frá og með þeim degi henni óviðkomandi.

II.

Af hálfu áfrýjanda er á því byggt, að birting áskorunarstefnunnar í héraði sé ekki rétt gagnvart áfrýjanda. Í vottorði stefnuvotta komi fram, að stefnan sé birt á vinnustað hennar að Síðumúla 34. Þetta sé rangt, þar sem hún vinni á allt öðrum stað. Birting stefnunnar fullnægi því ekki reglum laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Beri því að vísa málinu frá héraðsdómi, að því er áfrýjanda varðar. Það leiði þá til þess, að grundvöllur fjárnámsins sé brostinn. Beri því að fella það úr gildi.

Af hálfu stefnda er á það lögð áhersla, að áskorunarstefnan hafi verið birt á skráðu heimilisfangi og vinnustofu Lýsingar s/f, sem þá hafi verið skráð sameignarfyrirtæki áfrýjanda og bróður hennar, sem hafi tekið við stefnunni. Birting stefnunnar á hendur áfrýjanda sé því fullnægjandi, sbr. 1. og 3. mgr. 95. gr. og 2. mgr. 96. gr. laga nr. 85/1936. Áfrýjandi hafi ekki gert hina minnstu tilraun til að hnekkja birtingarvottorði stefnuvotta, sem með vísan til 2. mgr. 92. gr. laga nr. 85/1936 beri að leggja til grundvallar í málinu. Eigi því að hafna kröfum áfrýjanda.

III.

Í birtingarvottorði stefnuvotta segir svo: „Árið 1989 miðvikudaginn 4-1 kl. 13.34 birtum við undirritaðir stefnuvottar Reykjavíkur þessa framanritaða stefnu á Ársæl Guðsteinsson og Vilborgu Guðsteinsdóttur persónulega og f.h. Lýsingar s/f fyrir Ársæli sjálfum á vinnustað þeirra Síðumúla 34 hér í borg, og afhentum honum 2 endurrit af stefnunni 1, sem hann lofaði að afhenda stefndu er starfar í sama húsi, en var fjarverandi.“

Í 2. mgr. 92. gr. laga nr. 85/1936 segir, að vottorðum stefnuvotta verði ekki hnekkt, nema full sönnun komi á móti þeim. Birtingarvottorði stefnuvotta hefur ekki verið hnekkt, en þar segir, að áfrýjandi starfi í starfsstöð Lýsingar s/f. Var áfrýjanda því löglega stefnt í héraði, sbr. 1. og 3. mgr. 95. gr. laga nr. 85/1936. Ber því að staðfesta hina áfrýjuðu áritun, sem ekki hefur verið mótmælt tölu-

lega, allt að frádregnum þeim innborgunum, sem um getur í kröfugerð stefnda.

Áfrýjandi mætti sjálf við fjárnámið, sem gert var í fasteign hennar, Nökkvavogi 8, hinn 4. apríl 1989. Ber að staðfesta það.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 70.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti án vaxta.

Dómsorð:

Hin áfrýjaða áritun á að vera óröskuð að öðru leyti en því, að til frádráttar koma tvær innborganir, 75.000 krónur 25. janúar 1991 og 75.000 krónur 25. febrúar 1991.

Framangreint fjárnám er staðfest.

Áfrýjandi, Vilborg Guðsteinsdóttir, greiði stefnda, þrotabúi Hermanns Björgvinssonar, 70.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Reykjavíkur 4. apríl 1989.

Ár 1989, þriðjudaginn 4. apríl, er fógetaréttur Reykjavíkur settur að Nökkvavogi 8 og haldinn þar af fulltrúa yfirborgarfógeta, Júlíusi Guðmundssyni, með undirrituðum vottum.

Fyrir er tekið málið: A 1727/1989, þb. Hermanns Björgvinssonar gegn Vilborgu Guðsteinsdóttur.

Fógeti leggur fram nr. 1, gerðarbeiðni, nr. 2, aðfararhæfa áskorunarstefnu. Nr. 1 fylgir í ljósriti. Nr. 2 fylgir í frumriti.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Jón H. Hauksson lögfr. og krefst fjárnáms fyrir kr. 779.230,55 með 49,2% ársv. frá 15.9.'88 til 1.10.'88, 33,6% frá þ.d. til 1.11.'88, 27,6% frá þ.d. til 1.12.'88, 24% frá þ.d. til þingfestingardags, en með drv. skv. 3. kafla l. 25/1987 frá þ.d. til greiðsludags, í stimpil- og afsagnarkostnað kr. 96.596, í málskostnað samkv. gjaldskrá LMFÍ kr. 2.268 fyrir gerðarbeiðni auk kostnaðar við gerðina og eftirfarandi uppboð/innheimtuaðgerðir, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli býr hér og er mættur. Áminntur um sannsögli kveðst hann ekki geta greitt.

Samkv. kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætts gerir fógeti fjárnám í eign gerðarþola, Nökkvavogi 8.

Fallið var frá virðingu.

Fógeti skýrir þýðingu gerðarinnar.

Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni lokið.

Föstudaginn 22. mars 1991.

Nr. 388/1990. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Sigurði Grímssyni
(Jóhann Þórðarson hrl.).

Líkamsmeiðingar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Haraldur Henrysson og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. september 1990 að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákæruvalds til sakfellingar samkvæmt ákæru og þyngingar á refsingu.

Ákærði krefst aðallega sýknu, til vara, að refsing verði látin niður falla, og til þrautavara, að dæmd verði vægasta refsing og hún skilorðsbundin.

Varhugavert þykir að telja, að aðstæður hafi verið slíkar, að ákærða hafi hlotið að vera ljóst, að með atferli sínu stofnaði hann í háska lífi og heilsu fólks þess, sem var innan dyra í veitingastofunni Geirsbúð. Ber því að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms um að sýkna ákærða fyrir brot á 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Hins vegar verður að meta ákærða það til gáleysis, að hann braut rúðu í útidyrahurð veitingastofunnar með þeim afleiðingum, að brot úr henni þeyttist í auga eins gestsins, sem hugðist yfirgefa veitingastofuna. Hefur ákærði því gerst brotlegur við ákvæði 219. gr. almennra hegningarlaga. Þykir mega staðfesta niðurstöðu héraðsdóms um refsingu ákærða og skilorðsbindingu hennar. Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem í dómsorði segir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Sigurður Grímsson, greiði áfrýjunarkostnað sakar-

innar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Jóhanns Þórðarsonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 7. september 1990.

Ár 1990, föstudaginn 7. september, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er í Borgartúni 7 af Pétri Guðgeirssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 460/1990: Ákæruvaldið gegn Sigurði Grímssyni, sem dómtekið var 5. sama mánaðar.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 25. júlí 1990, á hendur ákærða, Sigurði Grímssyni kvikmyndagerðarmanni, Bárugötu 29, Reykjavík, fæddum 20. mars 1951, kennitala 274, „fyrir að hafa, aðfaranótt mánudagsins 13. nóvember 1989, slegið með hægri hendi í rúðu í útidyrum á veitingahúsinu Geirsbúð, Vesturgötu 6, Reykjavík, svo að hún brotnaði, og með því á ófyrirleitinn hátt stofnað í augljósa hættu lífi og heilsu fólks, sem stóð innan við dyrnar, en afleiðingar þessa athæfis ákærða urðu þær, að Birna Þórðardóttir, fædd 26. febrúar 1949, sem stóð rétt innan við dyrnar, fékk glerflís úr rúðunni í vinstra auga, svo að stór skurður kom á það og augasteinn og lithimna hurfu úr því, og missti hún svo til alla sjón á því og greinir aðeins með því mun ljóss og myrkurs.

Telst þetta varða við 219. gr. og 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar auk skaðabóta, verði þeirra krafist".

Fébótakrafa hefur ekki borist í málið.

Málavextir.

Skömmu eftir kl. eitt mánudagsnóttina 13. nóvember í fyrra var lögregla kvödd að veitingastofunni Geirsbúð við Vesturgötu. Þar hafði kona, Birna Þórðardóttir, skorist í andliti. Var lögreglumönnunum skýrt frá því, að ölvaður gestur hefði slegið með krepptum hnefa í rúðu í útidyrum veitingastofunnar og brotið rúðuna. Hefði Birna, sem verið hefði innan dyra, skorist af glerbrotunum.

Ákærði, sem er töluvert sjóndapur, hefur skýrt frá því, að hann hafi setið ásamt fólki, sem hann kannaðist við, í Geirsbúð. Hafi hann verið orðinn lítillega ölvaður. Engin háreysti eða vandræði hafi verið þarna. Undir lokun hafi dyravörður komið og beðið fólk um að tygja sig, og segir ákærði, að fólk hafi orðið við því og verið á förum. Hafi það verið um 10 manns. Hann hafi sagt við dyravörðinn, að hann væri að ljúka úr glas-

inu, og spurt, hvaða læti þetta væru. Kveðst hann þá ekki hafa vitað fyrr en dyravörðurinn hélt honum haustaki. Við þetta hafi orðið stimpingar og allt farið í uppnám. Hafi dyravörðurinn dregið sig út og yfir götuna, þjarmað þar að sér, en síðan farið inn og lokað á eftir sér. Ákærði kveðst hafa misst gleraugun í þessum átökum og verið orðinn rifinn og tættur eftir þau og mjög reiður. Hann hafi því gengið að kráardyrunum og viljað fá gleraugun. Hann hafi barið með hnefanum í gluggann í hurðinni, svo að rúðan brotnaði. Það hafi þó ekki vakað fyrir sér að brjóta rúðuna, og ekki hafi hann séð, að fólk stæði þar rétt fyrir innan. Ákærði segir, að hann hafi ekki vitað fyrr en seinna, að þarna hefði orðið slys.

Vitnið Birna Þórðardóttir hefur skýrt frá því, að þegar loka átti húsinu, hafi fólk verið beðið að fara út. Einhverjar orðahnippingar hafi orðið með dyraverði og ákærða, og fannst vitninu dyravörðurinn vera fremur ruddalegur í garð hans, enda hefði ákærði ekki verið með nein ólæti. Þó hafi hún orðið þess vör, að dyravörðurinn færði ákærða út með valdi. Hún hafi svo verið á leiðinni út og verið komin að dyrunum, þegar slysið eða óhappið varð. Hún hafi þá ekki getað gert sér grein fyrir því, hvað gerðist, en fundið, að eitthvað kom í augað á henni og að blæddi úr auganu.

Vitnið Guðrún Kristjana Óladóttir hefur skýrt frá því, að dyravörðurinn hafi án tilefnis veist með þjósti að ákærða og sagt honum að fara út. Ákærði hafi þá spurt, hvort hann mætti ekki ljúka úr glasinu. Hafi engum togum skipt, að dyravörðurinn hafi tekið ákærða og fært hann út með valdi. Við þetta hafi stólar og borð hrokkið frá og brotnað. Ákærði hafi misst gleraugun, og kveðst vitnið hafa tekið þau til handargagns. Skömmu seinna hafi rúða í dyrunum brotnað, en ekki veit hún, hvernig það gerðist. Aðrir gestir og starfsfólk hafi furðað sig á þessum aðförum dyravarðarins og talað um, að þetta væri óþarfa-þjösnaskapur.

Vitnið Sigmar Bent Hauksson hefur skýrt frá því, að hann hafi tekið eftir því, að ákærði stóð úti við dyr á Geirsbúð. Ekki hafi hann verið með nein læti. Dyravörður hafi viljað meina ákærða að ljúka úr ölkrúsinni, sem hann var með. Hafi dyravörðurinn tekið ákærða og varpað honum á dyr. Kveðst hann hafa undrast þessar aðfarir, þar sem mikil umferð bifreiða hafi verið fyrir utan. Hann hafi svo heyrt, að rúða í hurðinni brotnaði, en hann hafi ekki séð, hvernig það vildi til. Hafi dyravörðurinn snarast út og lent í átökum við ákærða. Vitnið kveðst hafa farið með Sigurð heim til sín, og hafi blóð lagað úr handlegg hans.

Vitnið kveður sig minna, að ákærði hafi misst gleraugun og eitthvað hafa verið að spyrja dyraverðina um þau.

Vitnið Elín Þóra Friðfinnsdóttir kveðst hafa setið við borð úti á miðju gólfi í Geirsbúð og minnast þess, að ákærði stóð við barinn. Ekki muni hún, hver hafi verið aðdragandinn að átökunum, en skyndilega hafi allt

verið komið í uppnám. Hafi dyravörður fært ákærða út úr veitingastofunni. Birna Þórðardóttir hafi eitthvað blandað sér í þetta og beðið dyravörðinn að láta manninn vera. Þegar dyravörðurinn hafði komið ákærða út, hafi rúða brotnað, en ekki kveðst vitnið hafa séð, hvernig það gerðist. Vitnið kveðst svo hafa séð, hvar ákærði lá fyrir utan, og lagaði blóð úr handlegg hans.

Vitnið Guðlaug María Bjarnadóttir hefur skýrt frá því, að hún hafi komið í Geirsbúð um líkt leyti og Birna Þórðardóttir og hópur annars fólks. Allt hafi verið með kyrrum kjörum, þar til hún heyrði einhverja háreysti og sá dyravörð með mann í hálstaki. Fannst henni dyravörðurinn fara fruntalega að af litlu tilefni, og hafi afgreiðslustúlka á barnum haft orð á því einnig. Dyravörðurinn hafi svo komið manninum út. Rétt á eftir kveðst vitnið hafa heyrt brothljóð í gleri og séð, að Birna sat á gólfinu og hélt um andlit sér. Sá vitnið, að blóð lagaði úr andliti hennar.

Vitnið Bjarnþór Sigvarður Harðarson var dyravörður í afleysingum í Geirsbúð, þegar atburðir málsins urðu. Kveðst hann hafa verið að segja fólki að ljúka úr glösum sínum og fara út, því að búið væri að loka. Kveðst hann hafa haft litla reynslu af dyravörslu og fengið þau fyrirmæli frá barþjóninum, að hann ætti að standa yfir fólkinu, þangað til búið væri að loka. Hefði hann verið búinn að gera fólki viðvart um þetta. Þegar hann hafi komið að ákærða, hafi hann brugðist illa við og hreytt í sig ónotum og skömmum. Ákærði hafi sagt, að hann ætti eftir í glasi sínu. Kveðst hann hafa rétt ákærða pappaglas og sagt, að hann gæti hellt drykk sínum í það. Hafi ákærði hent glasinu á eftir sér. Hafi hann ekki viljað líða ákærða þessa framkomu og tekið í stól hans og dregið hann eða lyft honum, og hafi ákærði þá ráðist á sig og slegið til sín. Kveðst hann hafa tekið utan um ákærða aftan frá og haldið handleggjum hans föstum að síðum. Ekki minnist hann þess að hafa tekið ákærða hálstaki. Þeir ákærði hafi stimpast og dottið á borð, og hafi eitthvað af glösum brotnað. Vitnið kveður annan dyravörð, Agnar að nafni, hafa komið sér til hjálpar, og kynni hann að hafa hjálpað sér við að koma ákærða út. Þegar hann hafði lokað á ákærða og snúið frá, hafi hann heyrt, að rúða í hurðinni brotnaði, og fann hann fyrir glerbrotum. Hafi þeir Agnar farið út, og hafi Agnar náð ákærða hinum megin við götuna og haldið honum. Þegar vitnið hafi komið inn aftur, hafi hann orðið þess áskynja, að Birna Þórðardóttir hafði slasast.

Vitnið Agnar Páll Agnarsson, dyravörður í Geirsbúð, var í fríi þetta kvöld og kom í veitingastofuna rétt fyrir lokun. Bjarnþór hafi beðið fólk um að ljúka úr glösum sínum og fara. Þegar Bjarnþór hafi komið að borði ákærða, hafi hann sagt, að hann ætti eftir að ljúka úr glasinu. Bjarnþór hafi látið hann hafa pappaglas til að hella drykknum í og gengið að næsta borði. Ákærði hafi þá hent á eftir honum pappaglasinu og viðhaft einhver

fúkyrði í garð Bjarnþórs. Bjarnþór hafi þá sagt, að hann skyldi henda honum út, ef hann léti svona. Hafi Bjarnþór tekið stól, sem ákærði sat á, og snúið eða lyft stólnum. Drukkinn gestur hafi þrifið í öxl ákærða, og hafi ákærði þá staðið upp og snúið sér að Bjarnþóri og átök hafist með þeim. Hafi ákærði annaðhvort slegið til Bjarnþórs eða hrint honum. Hafi Bjarnþór þá tekið ákærða tökum. Einhverjir gestanna hafi reynt að slíta Bjarnþór frá ákærða, og eins hafi komið til átaka milli gestanna innbyrðis, því að einhverjir hafi virst standa með Bjarnþóri. Borð og stóll hafi brotnað, og kveðst vitnið hafa farið Bjarnþóri til aðstoðar og þeir komið ákærða út og skellt í lás. Ákærði hafi gengið frá og út á götu, en allt í einu hafi hann verið komin að dyrunum aftur, og kveðst vitnið hafa séð, að ákærði kýldi í gegnum rúðu í dyrunum. Hafi hann kýlt beint áfram frá sér með krepptum hnefa. Birna hafi fallið í gólfið, og kveðst vitnið hafa séð, að hún hafði skorist í andliti.

Einar Stefánsson læknir hefur í bréfi, dagsettu 6. desember 1989, lýst áverkunum á auga Birnu Þórðardóttur þannig, að stór skurður hafi komið á vinstra auga og augasteinn og lithimna horfið við áverkann. Einnig hafi verið mikil blæðing í auganu. Hafi Birna gengist undir tvær augnaðgerðir vegna þessa slyss. Í desember 1989 hafi sjónin á vinstra auga aðeins verið ljós (sic). Sé þetta neðan við mörk lögblindu á Íslandi. Nokkrar vonir standa þó til, að sjónin kunni að batna á vinstra auga, þótt það sé ekki tryggt. Víst sé, að augað verði aldrei fullkomlega eðlilegt aftur. Líklegt sé, að allmargir mánuðir og jafnvel heilt ár líði, þar til endanlegt ástand augans liggi ljóst fyrir.

Birna hefur nú skýrt frá því hér í dóminum, að hún greini mun ljóss og myrkurs, og sé útséð um, að sjón hennar verði bjargað.

Niðurstaða.

Sannað er með skýrslum ákærða og vitna, að ákærði sló í reiði í dyraglugga Geirsbúðar og olli því, að Birna Þórðardóttir skarst á vinstra auga og hlaut þann áverka, sem lýst hefur verið hér að framan.

Ekki er unnt að líta svo á, að ákærða hafi hlotið að vera ljóst, að hann stofnaði lífi og heilsu fólks, sem í veitingastofunni var, í augljósan háska með því að slá í rúðuna. Ber því að sýkna hann af ákæru fyrir brot gegn 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga. Aftur á móti hlaut ákærða að vera ljóst, að hann gat valdið meiðslum með þessu athæfi sínu, hvað og varð. Hefur hann með þessu orðið brotlegur við 219. gr. almennra hegningarlaga.

Viðurlög og sakarkostnaður.

Ákærði hlaut skilorðsbundna frestun ákæru árið 1967 fyrir þjófnað. Þá var hann sektaður fyrir ölvun 1971. Refsing hans þykir hæfilega ákveðin

varðhald í 45 daga, en rétt þykir að fresta framkvæmd refsingarinnar og ákveða, að hún skuli niður falla að liðnum tveimur árum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Dæma ber ákærða til þess að greiða allan sakarkostnað af málinu, þar með talin málsvarnarlaun verjandans, Jóns Sigfúsar Sigurjónssonar héraðsdómslögmanns, 45.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurður Grímsson, sæti varðhaldi í 45 daga. Framkvæmd refsingarinnar er frestað, og fellur hún niður að liðnum tveimur árum frá dómsuppsögu, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun verjanda síns, Jóns Sigfúsar Sigurjónssonar, 45.000 krónur.

Föstudaginn 22. mars 1991.

Nr. 429/1990. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Viðari Ævarssyni
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.).

Bifreiðar. Umferðarlög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Haraldur Henrysson og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. september 1990 til sakfellingar samkvæmt ákæru og refsiákvörðunar.

Í héraðsdómi eru eftirfarandi ummæli höfð eftir Grími Grímssyni lögregluþjóni: „Vitnið bar að aðstæður hafi ekki verið með besta móti á mælingarstað, eins og reiknað sé með þegar rætt sé um hámarkshraða á hverjum stað. Vitnið bar að myrkur hafi m.a. verið er mæling fór fram.“

Frásögn þessi er ekki alls kostar í samræmi við framburð vitnisins í sakadómi Reykjavíkur. Hann er svohljóðandi: „Vitnið kveður ummæli (höfð eftir því í framburði ákærða) um aðstæður vera að vísa til þess sem oft sé sagt við ökumenn, að hámarkshraði sé miðaður við bestu aðstæður á hverjum stað, en ekki sé hægt að segja að aðstæður til aksturs hafi verið þannig, með besta móti því m.a. hafi verið myrkur.“

Hin tilvitnuðu orð úr framburði vitnisins verða ekki með réttu skilin öðruvísi en svo, að með þeim hafi vitnið eingöngu verið að tjá sig um akursskilyrði á vettvangi.

Svo sem rakið er í héraðsdómi, fullyrti vitnið Atli Már Sigurðsson lögregluþjónn, að skilyrði til hraðamælingar hefðu verið mjög góð á mælingarstað, og gæti slík mæling ekki orðið betri og nákvæmari en hún hefði verið í umræddu tilviki.

Samkvæmt þessu verður að líta svo á, að fullnægjandi skilyrði hafi verið til að mæla ökuhraða bifreiðar ákærða, er henni var ekið á hægri akrein Hringbrautar fram hjá Smáragötu, þar sem lögreglu-

bifreiðin R-20015 stóð við gatnamótin. Eigi verður það talið hnekkja sönnunargildi hraðamælingarinnar, eins og hér stóð á, að mældur ökuhraði bifreiðarinnar var ekki varðveittur á ratsjánni. Ljósrit úr dagbók lögreglunnar um hraðamælingu með ratsjá ber með sér, að umrædd hraðamæling var þar skráð. Þar kemur einnig fram, að ratsjáin var prófuð bæði fyrir og eftir mælingu, þ.e. kl. 22.40 og kl. 24.00. Dagbókin er undirrituð af báðum framangreindum lögregluþjónum.

Með vísan til þess, sem að framan er rakið, telst sannað, að ákærði hafi ekið bifreiðinni G-9629 vestur Hringbraut fram hjá Smáragötu í Reykjavík rétt fyrir miðnætti hinn 28. júlí 1988 á 95 km hraða miðað við klukkustund, en leyfilegur hámarkshraði á Hringbraut á umræddum slóðum var á þessum tíma 50 km miðað við klukkustund. Með þessum hraðakstri braut ákærði gegn 1. mgr. 37. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Þykir refsing hans samkvæmt 1. mgr. 100. gr. laganna hæfilega ákveðin 12.000 króna sekt í ríkissjóð, og komi fjögurra daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Dæma ber ákærða til að greiða allan sakarkostnað í héraði og allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Viðar Ævarsson, greiði 12.000 króna sekt í ríkissjóð, en sæti fjögurra daga varðhaldi, verði sektin eigi greidd innan fjögurra vikna frá frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað í héraði og allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 29. júní 1989.

Ár 1989, fimmtudaginn 29. júní, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Höllu Bachmann Ólafsdóttur fulltrúa, kveðinn

upp dómur í sakadómsmálinu nr. 315/1989: Ákæruvaldið gegn Viðari Ævarssyni, sem tekið var til dóms þann 8. júní sama ár.

Mál þetta höfðaði ríkissaksóknari með ákæruskjali, dagsettu 24. nóvember 1988, gegn ákærða, Viðari Ævarssyni nema, til heimilis að Vífilsgötu 13 hér í borg, kt. 24.11.67-4379, „fyrir að aka, að kvöldi laugardagsins 16. júlí 1988, bifreiðinni G-9629 vestur Hringbraut í Reykjavík með allt að 95 kílómetra hraða miðað við klukkustund eftir vegarkafla að Smáragötu.

Telst þetta varða við 1. mgr. 37. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Málavextir eru sem hér segir samkvæmt framburði ákærða og öðrum gögnum málsins.

Laugardaginn 16. júlí 1988 voru lögreglumenn við hraðamælingar á Hringbraut við Smáragötu, er bifreiðinni G-9629 var ekið vestur Hringbraut, og sýndi ratsjáin þá töluna 95 km/klst. Í frumskýrslu málsins kemur fram, að annarri bifreið hafi verið ekið sömu leið á sömu akrein fyrir framan bifreiðina G-9629. Í frumskýrslu segir, að ratsjáin hafi sýnt töluna 82 km/klst., er bifreiðin kom inn í radarinn. Við Smáragötu hafi bifreiðinni G-9629 verið ekið fram úr bifreiðinni, sem áður er nefnd, á hægri akrein, og hafi ratsjáin þá sýnt töluna 95 km/klst., svo sem fram kemur hér að framan.

Lögreglan hafði afskipti af ökumönnum beggja bifreiðanna, og bar ökumaður bifreiðarinnar G-9629, ákærði í máli þessu, Viðar Ævarsson, að hafa ekið bifreiðinni nokkuð lengi á vinstri akrein á eftir annarri bifreið, en ákveðið að aka fram úr henni við Smáragötu. Ákærði bar, að hann teldi sig hafa ekið bifreiðinni með 80 km/klst., er hann ók fram úr bifreiðinni, án þess að hann hefði fylgst með hraðamæli.

Ákærða var boðið að ljúka málinu með dómsátt og greiðslu 8.000 króna sektar í sakadómi Reykjavíkur þann 27. september sl., en því boði hafnaði hann.

Ákærði gaf skýrslu við meðferð málsins fyrir dómi.

Ákærði bar að hafa ekið bifreiðinni G-9629 vestur Hringbraut að kvöldi laugardagsins 16. júlí 1988, uns akstur var stöðvaður af lögreglu vegna grunar um of hraðan akstur ákærða. Ákærði bar, að hann teldi sig hafa ekið bifreiðinni með 70 km/klst. á framangreindum stað og tíma, þ.e. á kaflanum við Smáragötu.

Ákærði bar, að er hann hefði komið inn í lögreglubifreiðina, hefði annar lögreglumannanna borið, að þeim hefði gengið erfiðlega að mæla hraða bifreiðarinnar G-9629 og ekki tekist að festa inni kærða tölu.

Ákærði mótmælti kærðum hraða, 95 km/klst.

Ákærði bar, að einn farþegi hefði verið í bifreiðinni, Valdimar Bragason.

Vitnið Valdimar Bragason gaf skýrslu við meðferð málsins fyrir dómi.

Vitnið bar að hafa verið farþegi í bifreiðinni G-9629 að kvöldi laugardagsins 16. júlí sl., þar sem henni var ekið áleiðis vestur Hringbraut. Vitnið bar, að ákærði hefði stöðvað (sic) á ljósum á mótum Hringbrautar og Njarðargötu og lögreglumaður þá komið og rætt við ákærða. Lögregla hefði beðið ákærða að færa bifreiðina, þar sem þeir (sic) hefðu einnig haft afskipti af öðrum ökumanni vegna grunar um of hraðan akstur.

Vitnið bar, að það hefði rætt við ökumann hinnar bifreiðarinnar, á meðan lögreglan ræddi við ákærða. Vitnið kvað þann hafa farið á undan ákærða inn í lögreglubifreiðina og borið, að talan á radarnum hefði verið lág tala, undir 50 km/klst., en ekki sú tala, er ákærði og hann hefðu verið kærðir fyrir. Vitnið bar, að maður þessi hefði ekið rauðri Lada-bifreið.

Vitnið kvaðst hafa litið á hraðamæli öðru hverju, áður en ákærði hefði farið fram úr Lada-bifreiðinni, og hefði hann þá sýnt töluna 50-60 km/klst. og hann því varla verið á meiri hraða en 60-70 km/klst., er hann ók fram úr henni. Vitnið kvað ákærða hafa þurft að hægja ferðina skömmu eftir það, þar sem hann hefði nálgast umferðarljósin.

Vitnið Atli Már Sigurðsson lögreglumaður gaf skýrslu við meðferð málsins fyrir dómi.

Vitnið bar að hafa verið við radarmælingar á Smáragötu við Hringbraut laugardaginn 16. júlí sl. og hraði bifreiða, sem ekið var vestur Hringbraut, verið mældur. Vitnið bar, að bifreið af gerðinni Lada hefði komið inn í geislann og ratsjáin þá sýnt töluna 82 km/klst. Vitnið kvað bifreið af gerðinni Honda hafa komið fast á eftir, og hefði henni verið ekið fram úr Lada-bifreiðinni; um leið hefði hún nálgast lögreglubifreiðina og ratsjáin þá sýnt töluna 95 km/klst. Vitnið bar, að höfð hefðu verið afskipti af ökumönnum skömmu síðar, þar sem þeir hefðu verið kyrrstæðir á rauðu ljósi á mótum Hringbrautar og Njarðargötu.

Vitnið bar, að aðstæður hefðu verið mjög góðar á mælingarstað, lögreglubifreiðin hefði verið staðsett (sic) vinstra megin við gangbraut, og við framúraksturinn hefði Honda-bifreiðin verið í beinni línu við radarinn, því að ákærði hefði um leið skipt um akrein og því verið á þeirri akrein, sem nær sé Smáragötunni. Vitnið kvaðst hafa verið undrandi á akstursmáta ákærða, þar sem lögreglubifreiðinni hefði verið lagt við vegkantinn.

Vitnið bar, að fyrir utan það, að ratsjáin hefði sýnt kærðan hraða, þá hefði verið augljóst, að ákærði ók bifreiðinni mjög greitt.

Vitnið bar, að skýringin á því, að kærð tala hefði ekki verið læst inni, væri sú, að það væri erfitt, þegar mældar væru fleiri bifreiðar en ein. Aðrar aðstæður á mælingarstað hefðu verið góðar, og mæling gæti í raun ekki orðið betri og nákvæmari en í þessu tilviki.

Vitnið Grímur Grímsson lögreglumaður gaf skýrslu við meðferð málsins fyrir dómi.

Vitnið bar að hafa verið við hraðamælingar á Hringbraut og verið í lögreglubifreið, sem staðsett (sic) hefði verið á Smáragötu. Vitnið bar, að hraði bifreiða, sem ekið hefði verið vestur Hringbraut, hefði verið mældur.

Vitnið bar, að það myndi eftir tveimur bifreiðum, sem ekið var vestur Hringbraut á þessum tíma. Vitnið bar, að fyrst hefði Lada-bifreið komið inn í geislann og ratsjáin þá sýnt töluna 82 km/klst. Vitnið kvað Honda-bifreiðinni þá hafa verið ekið fram úr Lada-bifreiðinni og yfir á hægri akrein og ratsjáin þá sýnt töluna 95 km/klst.

Vitnið bar, að þeir (sic) hefðu haft afskipti af báðum ökumönnum á Hringbraut við Njarðargötu, og hefði ákærði þá borið að hafa ekið bifreiðinni með 80 km/klst.

Vitnið bar, að kærð tala hefði ekki verið læst inni, þar sem þeir (sic) hefðu haldið áfram að mæla bifreiðarnar, eftir að þær hefðu komið inn í geislann.

Vitnið bar, að aðstæður hefðu ekki verið með besta móti á mælingarstað, eins og reiknað sé með, þegar rætt sé um hámarkshraða á hverjum stað. Vitnið bar, að myrkur hefði m.a. verið, er mæling fór fram.

Vitnið Jón Ómar Sveinbjörnsson, ökumaður Lada-bifreiðarinnar R-71693, gaf skýrslu við meðferð málsins fyrir dómi.

Vitnið bar að hafa ekið bifreið sinni samhliða bifreið af gerðinni Honda vestur Hringbraut laugardagskvöldið 16. júlí sl. Vitnið bar, að ökumaður Honda-bifreiðarinnar hefði farið fram úr bifreið vitnisins, skömmu áður en þeir hefðu komið að umferðarljósunum á Hringbraut og Njarðargötu, en þá hefði logað rautt ljós fyrir akstursstefnu þeirra. Vitnið bar, að það hefði ekki veitt lögreglubifreiðinni athygli, er það ók um Hringbraut.

Vitnið bar, að það hefði farið inn í lögreglubifreiðina og það verið kært fyrir að hafa ekið bifreiðinni með 80 km/klst., en ratsjáin hefði sýnt töluna 60 km/klst.

Vitnið Hákon Einarsson gaf skýrslu við meðferð málsins fyrir dómi.

Vitnið bar að hafa verið farþegi í bifreiðinni R-71693, þar sem henni var ekið vestur Hringbraut að kvöldi laugardagsins 16. júlí sl. Vitnið bar, að það hefði ekki tekið eftir neinu sérstöku, fyrr en bifreiðin hefði verið kyrrstæð á mótum Hringbrautar og Njarðargötu, þegar lögreglumaður hefði komið og bankað í gluggann.

Vitnið bar, að það hefði ekki fylgst með hraðamæli bifreiðarinnar, en ökumaður hennar, Jón Ómar, hefði fylgt umferðarhraða og ekið bifreiðinni með 60-70 km/klst.

Vitnið bar, að það myndi eftir Honda-bifreið, sem ekið hefði verið um Hringbraut og fram úr bifreið Jóns Ómars, og hefði ökumaður hennar stöðvað (sic) við umferðarljósin skammt á undan sér.

Vitnið Sævar Geir Hallvarðsson gaf skýrslu við meðferð málsins fyrir dómi.

Vitnið bar að hafa verið farþegi í bifreiðinni R-71693, þar sem henni var ekið um Hringbraut 16. júlí sl., og hefði það setið í farþegasæti við hlið ökumanns.

Vitnið bar, að ökumaður Lada-bifreiðarinnar hefði fylgt umferðarhraða og því trúlega ekið bifreiðinni á 60 km/klst., en vitnið kvaðst ekki hafa fylgst með hraðamæli bifreiðarinnar greint sinn.

Vitnið bar, að það myndi eftir, að Honda-bifreið hefði verið ekið fram úr Lada-bifreiðinni, en ökumaður hennar hefði stöðvað (sic) á ljósum, og það hefði ökumaður Lada-bifreiðarinnar einnig gert. Vitnið bar, að það hefði litið út á ljósunum til að skoða Honda-bifreiðina, þar sem það hefði verið mjög falleg bifreið, og þá hefði lögreglan komið. Vitnið kvað lögreglumanninn hafa beðið ökumann Lada-bifreiðarinnar að færa bifreiðina út í kantinn. Vitnið bar, að það hefði ekki séð lögregluna fyrr en þá, og kvaðst það ekki treysta sér til að bera um hraða Honda-bifreiðarinnar.

Ákærði gaf viðbótarskýrslu fyrir dómi.

Ákærði bar, að hann hefði ekið bifreiðinni G-9629 í öðrum gír frá hringtorginu. Ákærði bar, að þegar hann hefði skipt um akrein, hefði rautt ljós logað á umferðarvitanum, og hefði hann þá ekið áfram í öðrum gír hægt að ljósunum.

Í dagbók lögreglunnar frá 16. júlí 1988 kemur fram, að á sömu mínútu, þ.e. kl. 23.08, hafi hraði tveggja bifreiða, sem ekið var vestur Hringbraut, verið mældur, annars vegar hraði bifreiðarinnar R-71693 og hins vegar hraði bifreiðarinnar G-9629.

Svo sem fram kemur hér að framan, var bifreið ákærða ekið á eftir bifreiðinni R-71693 á syðri akrein, en við Smáragötu, þar sem lögreglubifreiðin var staðsett (sic), hafi henni verið ekið fram úr bifreiðinni yfir á nyrðri akrein.

Ökumaður bifreiðarinnar G-9629 var kærður fyrir að hafa ekið bifreiðinni á 95 km/klst., en ökumaður bifreiðarinnar R-71693 var hins vegar kærður fyrir að hafa ekið á 82 km/klst., hvorug talan var fest inni á radarnum. Báðir ökumenn mótmæltu kærðum hraða á staðnum. Í framburði ökumanns Lada-bifreiðarinnar kemur fram, að hann hafi séð töluna 60 km/klst. á radarnum, en ákærði hefur skýrt frá því, að slökkt hafi verið á radarnum, er hann kom inn í lögreglubifreiðina.

Í báðum bifreiðunum voru farþegar, en lögregla skráði ekki nöfn þeirra á staðnum, svo sem lagaskylda er, en þegar ákærði gaf framburðarskýrslu hjá lögreglu, bar hann, að Valdimar hefði verið farþegi í bifreiðinni.

Við meðferð málsins í sakadómi var síðan haft uppi á vitnum í hinni

bifreiðinni, en æskilegt hefði verið, að framburður þeirra hefði legið fyrir frá upphafi málsmeðferðar hjá lögreglu.

Verjandi ákærða víkur að því í vörn sinni, að lögreglumenn þeir, er unnu að hraðamælingu greint sinn, hafi ekki gefið neina skýringu á því, hvers vegna kærða talan var ekki læst á skjánum, þar sem hraði bifreiðar ákærða hafi verið mældur á eftir hraða Lada-bifreiðarinnar.

Verjandi bendir enn fremur á það, að óforsvaranlegt sé með öllu að mæla hraða tveggja bifreiða á sama tíma, þar sem tölur í ratsjárglugga breytist ört og slíkt sé til þess fallið að valda mistökum, þegar um fleiri bifreiðar er að ræða og kærð tala ekki fest inni á skjánum.

Verjandi telur, þegar framangreind atriði séu virt ásamt framburði vitna, vafa á, að umrædd hraðamæling sé rétt.

Niðurstöður.

Ákærði hefur frá upphafi mótmælt kærðum hraða. Aðeins eitt vitni fyrir utan lögreglumennina af fjórum mögulegum var kallað fyrir hjá lögreglu, og verður að telja, að það hafi verið mjög bagalegt fyrir framgang rannsóknar málsins, eins og það lá fyrir þegar í upphafi.

Vitnið Valdimar Bragason bar, að ákærði hefði varla ekið bifreiðinni á meira en 60-70 km/klst., er hann ók fram úr Lada-bifreiðinni, en vitnið var eigandi bifreiðarinnar á undan ákærða og því vel kunnugt henni. Bifreiðarstjóri Lada-bifreiðarinnar kvaðst telja, að hann hefði ekið á 60 km/klst., er það ók samhliða bifreið ákærða á Hringbraut. Vitnin Hákon Einarsson og Sævar Geir Hallvarðsson hafa bæði borið, að bifreiðarstjóri Lada-bifreiðarinnar hafi fylgt umferðarhraða og því ekið á 60-70 km/klst. Vitnin treystu sér ekki til að bera um hraða Honda-bifreiðarinnar, en mundu eftir, að hún fór fram úr Lada-bifreiðinni og var kyrrstæð við hlið Lada-bifreiðarinnar á rauðu ljósi á gatnamótum Hringbrautar og Njarðargötu.

Lögreglumenn, er unnu að hraðamælingum, hafa borið, að ástæðan til þess, að kærð tala hvorugrar bifreiðarinnar hafi ekki (sic) verið fest inni, hafi verið sú, að þeir hafi haldið áfram að mæla. Þetta sé algengt, þegar mældar séu fleiri bifreiðar en ein.

Í málum sem þessum, þar sem kærð tala er aðalgrundvöllur málshöfðunar, verður að telja eðlilegt, að sökunautur sjái sjálfur kærða tölu á skjánum við upphaf málsins. Verulega þykir halla á rétt sökunautar, þar sem honum gefst ekki tækifæri til að sjá aðalsönnunargagnið í málinu.

Bifreiðarnar voru mældar á sömu mínútunni, og þegar litið er til þess, sem að framan er rakið, verður að líta svo á, að sú aðferð sé eigi nægilega örugg og tryggileg.

Þegar litið er til þeirra atriða, sem að framan eru rakin, verður að telja,

að í upphafi hafi málið eigi verið nægilega rannsakað og óvarlegt, þegar litið er til þeirra atriða, sem hér að framan eru rakin, að telja, að mæling hafi verið unnin með þeim hætti, að leiða skuli til sakfellingar ákærða. Ákærði er því sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins.

Sakarkostnaður.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, krónur 10.000.

Dómsorð:

Ákærði, Viðar Ævarsson, skal sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Ragnars Aðalsteinssonar hrl., kr. 10.000.

Föstudaginn 22. mars 1991.

Nr. 487/1990. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Georg Hirti Howser
(Gunnlaugur Þórðarson hrl.).

Bifreiðar. Umferðarlög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Haraldur Henrysson og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. desember 1990 að ósk ákærða, en einnig af ákæruvalds hálfu til sakfellingar samkvæmt ákæru, þyngingar refsingar og sviptingar ökuréttinda. Við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti voru þær kröfur gerðar af hálfu ákæruvalds, að hinn áfrýjaði dómur yrði staðfestur, að því er varðaði ákærur, útgefnar 16. mars 1989 og 11. maí 1990, og að ákærði yrði dæmdur til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar.

Verjandi ákærða krefst þess, að refsing ákærða verði milduð frá því, sem hún var ákveðin í héraðsdómi, og hún jafnframt skilorðsbundin. Þá verði verjanda dæmd málsvarnarlaun.

Skilja verður kröfur ákæruvaldsins svo, að af þess hálfu sé unað við niðurstöður hins áfrýjaða dóms varðandi ákæru frá 31. ágúst 1987.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta niðurstöðu hans, þó svo, að vísun til 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 á hér ekki við. Ákærði hafði verið sviptur ökuleyfi ævilangt frá 10. apríl 1986. Ber að árétta þá sviptingu.

Dæma ber ákærða til að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærði, Georg Hjörtur Howser, sæti varðhaldi í 45 daga.

Ákærði skal vera sviptur ökuréttindum ævilangt.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað skal vera óraskað.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, dr. jur. Gunnlaugs Þórðarsonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur sakadóms Hafnarfjarðar 18. september 1990.

Ár 1990, þriðjudaginn 18. september, er á dómþingi sakadóms Hafnarfjarðar, sem háð er á skrifstofu dómsins, Strandgötu 31, Hafnarfirði, af Höllu Bachmann Ólafsdóttur héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 1722/1987: Ákæruvaldið gegn Georg Hirti Howser, sem tekið var til dóms 28. ágúst s.á.

Mál þetta höfðaði ríkissaksóknari með ákæruskjali, dagsettu 31. ágúst 1987, gegn ákærða, Georg Hirti Howser, „fyrir að aka, miðvikudaginn 5. ágúst 1987, sviptur ökuréttindum ævilangt, bifreiðinni G-24515 norður Reykjavíkurveg í Hafnarfirði að húsi nr. 72.

Telst þetta varða við 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Mál þetta höfðaði ríkissaksóknari enn fremur með ákæruskjali, dagsettu 16. mars 1989, gegn ákærða, Georg Hirti Howser, „fyrir að aka, aðfaranótt fimmtudagsins 27. október 1988, undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum ævilangt, bifreiðinni G-24515 um götur í miðborg Reykjavíkur, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans á Kalkofnsvegi.

Telst þetta varða við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 45. gr., 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101. gr. og 102. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Mál þetta höfðaði ríkissaksóknari loks með ákæruskjali, dagsettu 11. maí 1990, gegn ákærða, Georg Hirti Howser, „fyrir að aka, föstudaginn 8. desember 1989, sviptur ökuréttindum ævilangt, bifreiðinni R-40001 um götur í Reykjavík, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans á Laugavegi við hús númer 72.

Telst þetta varða við 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Dómari fékk tvær fyrri ákærurnar frá öðrum dómara til meðferðar 17. apríl 1990.

Málavextir.

1) Að morgni 5. ágúst 1987 voru lögreglumenn í Hafnarfirði á eftirlitsferð hér í bænum. Á gatnamótum Reykjavíkurvegar og Hjallabrautar mættu þeir bifreiðinni G-24515, er bifreiðinni var ekið norður Reykjavíkurveg. Þar sem grunur lék á, að ökumaður bifreiðarinnar væri sviptur ökuréttindum, var bifreiðinni veitt eftirför. Bifreiðinni var ekið inn á bifreiðastæði við hús nr. 72 við Reykjavíkurveg og lagt þar á bak við sendiferðabifreið. Í frumskýrslu kemur fram, að þegar lögreglubifreiðinni hafi verið ekið þar að, hafi meintur ökumaður, ákærði í máli þessu, Georg Hjörtur Howser, verið í farþegasæti, en vinkona hans á gangi frá bifreiðinni farþega megin, en hún sest inn í bifreiðina í sæti ökumanns.

Ákærði var færður yfir í lögreglubifreiðina. Ákærði neitaði að hafa ekið bifreiðinni greint sinn og kvað vinkonu sína hafa ekið henni. Ákærði og vinkona hans, Elín Björg Haraldsdóttir, voru bæði færð á lögreglustöðina til skýrslugjafar.

Ákærði bar í skýrslu hjá lögreglu, að sambýliskona sín hefði ekið bifreiðinni greint sinn og þau verið á leið til Reykjavíkur.

Ákæra var gefin út þann 31. ágúst 1987. Á ákæruna er ritað, að hún hafi verið lögð fram 16. mars 1988, en hvergi er að finna í sakadómsbókum embættisins þá fyrirtöku málsins.

Ákærða var birt ákæran í þinghaldi 28. maí sl., en dómari fékk málið afhent frá öðrum dómara 17. apríl sl.

Ákærði kvaðst ekki hafa ekið bifreiðinni G-24515 sviptur ökuréttindum norður Reykjavíkurveg í Hafnarfirði 5. ágúst 1987, svo sem hann væri ákærður fyrir. Ákærði bar, að Elín Björg Haraldsdóttir hefði ekið bifreiðinni greint sinn frá Suðurgötu 77, Hafnarfirði, uns lögregla hefði haft afskipti af þeim á Reykjavíkurvegi við Kostakaup.

Vitnið Elín Björg Haraldsdóttir gaf skýrslu fyrir dómi.

Vitnið óskaði ekki eftir að nýta sér rétt sinn samkvæmt 2. tl. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 74, 1974, en vitnið var sambýliskona ákærða, er lögregla hafði afskipti af þeim.

Vitnið kvaðst hafa ekið bifreiðinni G-24515 frá heimili sínu 5. ágúst 1987 og verið á leið í vinnu. Á Reykjavíkurvegi hefði það stöðvað (sic) á rauðu ljósi og lögreglubifreið verið á ljósunum hinum megin gatnamótanna. Það hefði ekið áfram og ákveðið að koma við í versluninni Skalla við Reykjavíkurveg. Er það hefði verið á leið inn í verslunina, hefði það uppgötvað,

að það hafði gleymt veski í bifreiðinni, og því hlaupið til baka. Lögreglan hefði þá verið við bifreiðina og það og ákærði bæði verið færð á lögreglustöðina til skýrslugjafar.

Vitnið Sævar Örn Guðmundsson lögreglumaður gaf skýrslu fyrir dómi.

Vitnið bar, að það og Ómar Herbertsson lögreglumaður hefðu verið á lögreglubifreið og ekið suður Reykjavíkurveg 5. ágúst 1987, er þeir hefðu mætt bifreið á mótum Reykjavíkurvegar, Hjallabrautar og Hjallahrauns og þekkt ökumann sem ákærða, Hjört Howser. Þeir hefðu vitað, að hann var sviptur ökuréttindum, og því hefði bifreiðinni verið veitt eftirför norður Reykjavíkurveg og inn á bifreiðastæði við verslun, sem þá hefði heitið Kostakaup. Þeir hefðu misst sjónar á bifreiðinni í nokkrar sekúndur, þar sem henni hefði verið ekið á bak við sendiferðabifreið. Er lögreglubifreiðinni hefði verið ekið að bifreiðinni, hefði ákærði verið í sæti farþega, en unnusta hans á gangi fyrir framan bifreiðina og hún sest í sæti ökumanns. Vitnið kvaðst geta fullyrt það, að ákærði hefði ekið bifreiðinni greint sinn.

Vitnið Kristinn Ómar Herbertsson lögreglumaður gaf skýrslu fyrir dómi.

Vitnið bar, að það hefði verið í lögreglubifreið ásamt Sævari 5. ágúst 1987, og er lögreglubifreiðin hefði verið á ljósunum á Reykjavíkurvegi og Hjallabraut, hefðu þeir mætt bifreið ákærða, sem hann hefði ekið. Bifreiðinni hefði verið veitt eftirför norður Reykjavíkurveg, en henni hefði verið ekið inn á bifreiðastæði við söluturninn Skalla. Þegar lögreglubifreiðinni hefði verið ekið þar að, hefði ákærði setið í farþegasæti, en kona hefði verið með honum í bifreiðinni. Ákærði hefði verið færður á lögreglustöðina til skýrslugjafar, þar sem hann hefði þrætt fyrir aksturinn.

Ákærða var kynntur framburður vitna, og kvaðst hann halda fast við framburð sinn og kvað Elínu hafa ekið bifreiðinni.

Niðurstöður.

Ákæra í málinu var gefin út 31. ágúst 1987 varðandi brot það, er ákærði var talinn hafa framið 5. ágúst 1987. Á ákæru er áritað, að hún hafi verið lögð fram 16. mars 1988, en svo sem hér að framan greinir, kemur eigi fram í bókum embættisins, að málið hafi verið þingfest þá. Dómari fékk málið afhent frá öðrum dómara 17. apríl sl., og var ákærða birt ákæran 28. maí s.á. Frá því að ákæra var gefin út 31. ágúst 1987, þar til hún var birt ákærða 28. maí sl., var ekkert gert í málinu. Samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 81. gr. almennra hegningarlaga fyrntist sök ákærða, ef sönnuð þætti, 5. ágúst 1989, og er ákærði sýknaður af ákæru, dags. 31. ágúst 1987.

2) Aðfaranótt fimmtudagsins 27. október 1988 voru lögreglumenn í Reykjavík í eftirlitsferð, er þeir veittu bifreiðinni G-24515 athygli, þar sem henni var ekið austur Tryggvagötu og áfram norður Kalkofnsveg, þar sem lögreglan stöðvaði akstur. Í viðræðum við lögreglumenn viðurkenndi öku-

maður bifreiðarinnar, ákærði í máli þessu, Georg Hjörtur Howser, að hafa neytt áfengis fyrir akstur og ekið bifreiðinni sviptur ökuréttindum ævilangt. Í skýrslu hjá varðstjóra, sem tekin var kl. 1.08, kvaðst ákærði hafa verið að koma frá veitingastaðnum Gauki á Stöng og viðurkenndi að hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn.

Ákærði var færður til töku blóðsýnis kl. 1.37, og mældist alkóhólmagn í blóði hans 1,07‰.

Ákærði gaf skýrslu fyrir dómi.

Ákærði viðurkenndi að hafa ekið bifreiðinni G-24515 undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum ævilangt aðfaranótt fimmtudagsins 27. október 1988 um götur í miðborginni, uns lögregla stöðvaði frekari akstur á Kalkofnsvegi.

Niðurstöður.

Með niðurstöðu alkóhólrannsóknar og játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, þykir vera sannað, að hann hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem hann er ákærður fyrir. Varða brot hans við 1., sbr. 2. mgr. 45. gr. og 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

3) Föstudaginn 8. desember 1989 var akstur ákærða stöðvaður af lögreglu, þar sem hann ók bifreiðinni R-40001 á móts við Laugaveg 72, Reykjavík. Ákærði kvaðst vera sviptur ökuréttindum. Ákærði var færður til skýrslugjafar, þar sem hann bar, að hann hefði verið að missa af flugi og því ekið bifreiðinni.

Ákærði gaf skýrslu fyrir dómi.

Ákærði viðurkenndi að hafa ekið bifreiðinni R-40001 sviptur ökuréttindum ævilangt föstudaginn 8. desember sl. um götur í Reykjavík, uns lögregla stöðvaði frekari akstur á móts við Laugaveg 72 þar í borg.

Niðurstöður.

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, þykir vera sannað, að hann hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem hann er ákærður fyrir. Varðar brot hans við 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Sakaferill ákærða.

[Ákærði hefur sex sinnum undirgengist sekt fyrir umferðarlagabrot, og 1986 var hann dæmdur í 20.000 kr. sekt fyrir ölvunarakstur og sviptur ökuleyfi ævilangt frá 10. apríl 1986.]

Refsing ákærða.

Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987, og þykir hún hæfilega ákveðin með hliðsjón af

sakaferli hans og 71. og 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, 45 daga varðhald.

Ákæruði var sviptur ökuréttindum ævilangt frá 10. apríl 1986 með dómi sakadóms Hafnarfjarðar frá 27. júní 1986, og er sú svipting áréttuð með vísan til 101. og 102. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Sakarkostnaður.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákæruði, Georg Hjörtur Howser, sæti varðhaldi í 45 daga.

Ákæruði greiði allan sakarkostnað.

Föstudaginn 22. mars 1991.

Nr. 320/1989. **Guðmundur Axelsson**
gegn
Landsbanka Íslands.

Ómerking. Frávísun frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Guðmundur Jónsson og Hjörtur Torfason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. ágúst 1989 að fengnu áfrýjunarleyfi 17. sama mánaðar. Áfrýjað er dómi bæjarþings Reykjavíkur frá 3. mars 1989.

Áfrýjandi krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi, en til vara, að áfrýjandi verði sýknaður af öllum kröfum stefnda. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir Hæstarétti.

Stefndi hefur fallist á aðalkröfu áfrýjanda um, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu verði vísað frá héraðsdómi. Jafnframt gerir stefndi þá kröfu, að málskostnaður í Hæstarétti verði felldur niður.

Samkvæmt þessu ber að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu frá héraðsdómi. Rétt þykir, að stefndi greiði áfrýjanda 55.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi.

Stefndi, Landsbanki Íslands, greiði áfrýjanda, Guðmundi Axelssyni, 55.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 3. mars 1989.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 15. nóvember 1988, er höfðað fyrir bæjarþinginu með áskorunarstefnu, birtri þann 6. maí 1988, af Landsbanka Íslands gegn Guðmundi Axelssyni, nnr. 3045-2348, Skólavörðustíg 6 B, fyr-

ir hönd Klausturhóla, nnr. 5634-8301, og persónulega til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 250.000, með 5% vanskilavöxtum á mánuði frá 15. júní 1983 til 21. október 1983, með 4,75% dráttarvöxtum p.m. frá þeim degi til 21. nóvember 1983, með 4% dráttarvöxtum p.m. frá þeim degi til 21. desember 1983, en með 3,25% dráttarvöxtum p.m. frá þeim degi til 21. janúar 1984, með 2,5% dráttarvöxtum p.m. frá þeim degi til 1. september 1984, 2,75% dráttarvöxtum p.m. frá þeim degi til 1. febrúar 1985, með 3,75% dráttarvöxtum p.m. frá þeim degi til 1. mars 1985, með 4% dráttarvöxtum p.m. frá þeim degi til 1. júní 1985, með 3,5% dráttarvöxtum p.m. frá þeim degi til 1. september 1985, með 3,75% dráttarvöxtum p.m. frá þeim degi til 1. mars 1986, með 2,75% dráttarvöxtum p.m. frá þeim degi til 1. apríl 1986, með 2,25% dráttarvöxtum p.m. frá þeim degi til 1. mars 1987, með 2,5% dráttarvöxtum p.m. frá þeim degi til 6. maí 1987, með 30% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1987, með 33,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júlí 1987, með 36% ársvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst 1987, með 40,8% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1987, með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. október 1987, með 43,2% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1987, með 45,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1987, með 49,2% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1988, með 51,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1988, með 45,6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Vaxtavextir eru reiknaðir á 12 mánaða fresti, í fyrsta skipti 15. júlí 1984, 15. júlí 1985, 15. júlí 1986 og 15. júlí 1987.

Mál þetta var upphaflega þingfest á reglulegu bæjarþingi þann 10. maí 1988 og það dómtekið þann sama dag. Málið var endurupptekið á reglulegu bæjarþingi þann 15. nóvember 1988, og skilaði stefnandi þá sókn, og var málið dómtekið á ný þann sama dag.

Stefnandi kveður málavexti þá, að þann 21. júní 1983 hafi Ulrich Falkner (8974-6833) gefið út víxil, að upphæð kr. 250.000, til greiðslu 15. júlí 1983. Samþykkjandi á víxlinum sé Guðmundur Axelsson, 3045-2348, Skólavörðustíg 6 B, Reykjavík, f.h. Klausturhóla, 5634-8301, og persónulega stefndi í máli þessu.

Stefnandi kveður frumrit víxilsins hafa komist úr vörslu bankans, og hafi því verið nauðsynlegt að fá ógildingardóm. Sá dómur hafi verið gefinn út 7. október 1987 að undangenginni opinberri stefnu í 78. H. (sic) Lögbirtingablaðsins 26. júní 1987.

Stefnandi kveðst reisa kröfur sínar á því, að til kröfuréttarsambands hafi stofnast milli stefnanda og stefnda. Um víxilskuldbindingu sé að ræða. Greiðsluskylda stefnda sé ótvíræð, þar sem hann hafi selt víxilinn og fengið andvirði greitt. Það sé því ljóst, ef krafa stefnanda komist ekki að, að þá muni stefndi vinna fé úr hendi stefnanda. Byggt sé því á 74. gr. víxillaganna

nr. 93/1933, þar sem víxilskuldari, stefndi í þessu máli, muni hagnast á kostnað stefnanda, falli fjárheimtan niður.

Stefnandi kveður kröfu um málskostnað styðjast við 177. gr. laga nr. 85/1936.

Stefndi hefur hvorki sótt né látið sækja þing, og er honum þó löglega stefnt. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda, verða kröfur hans teknar til greina að öðru leyti en því, að vextir reiknast eins og í dómsorði greinir.

Málskostnaður ákveðst kr. 36.058, þar með talinn söluskattur.

Dóminn kvað upp Arnfríður Einarsdóttir, ftr. yfirborgardómara.

Uppkvaðning dóms þessa hefur dregist vegna embættisanna dómarans.

Dómsorð:

Stefndi, Guðmundur Axelsson persónulega og fyrir hönd Klausturhóla, greiði stefnanda, Landsbanka Íslands, kr. 250.000 með 5% vanskilavöxtum á mánuði frá 15. júní 1983 til 21. október 1983, með 4,75% dráttarvöxtum p.m. frá þeim degi til 21. nóvember 1983, með 4% dráttarvöxtum p.m. frá þeim degi til 21. desember 1983, en með 3,25% dráttarvöxtum p.m. frá þeim degi til 21. janúar 1984, með 2,5% dráttarvöxtum p.m. frá þeim degi til 1. september 1984, 2,75% dráttarvöxtum p.m. frá þeim degi til 1. febrúar 1985, með 3,75% p.m. frá þeim degi til 1. mars 1985, með 4% dráttarvöxtum p.m. frá þeim degi til 1. júní 1985, með 3,5% dráttarvöxtum p.m. frá þeim degi til 1. september 1985, með 3,75% dráttarvöxtum p.m. frá þeim degi til 1. mars 1986, með 2,75% dráttarvöxtum p.m. frá þeim degi til 1. apríl 1986, með 2,25% dráttarvöxtum p.m. frá þeim degi til 1. mars 1987, með 2,5% dráttarvöxtum p.m. frá þeim degi til 6. maí 1987, með 30% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1987, með 33,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júlí 1987, með 36% ársvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst 1987, með 40,8% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1987, með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. október 1987, með 43,2% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1987, með 45,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1987, með 49,2% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1988, með 51,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1988, með 45,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. maí 1988, með 44,4% ársvöxtum frá þeim degi til 1. október 1988, með 33,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1988, með 27,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1988, með 24% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1989, með 21,6% ársvöxtum frá þeim degi

til greiðsludags og kr. 36.058, þar með talinn söluskattur, í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 22. mars 1991.

Nr. 333/1990. **Sigurjón Ragnarsson**
gegn
Pétri Þór Sigurðssyni.

Fjárnámsgerð úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Guðmundur Jónsson og Hjörtur Torfason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. september 1990. Áfrýjað er fjárnámsgerð, sem fram fór í fógetarétti Garðakaupstaðar 20. júní 1990 í fasteigninni Blikanesi 13 í Garðabæ.

Áfrýjandi krefst þess, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði úr gildi felld og honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnda fyrir Hæstarétti.

Stefndi hefur fallist á kröfu áfrýjanda um ómerkingu fjárnámsgerðarinnar. Hann óskar dóms Hæstaréttar um málskostnað, en kveðst fallast á, að áfrýjanda verði dæmd hæfileg ómakslaun.

Samkvæmt þessu ber að fella hina áfrýjuðu fjárnámsgerð úr gildi. Rétt þykir, að stefndi greiði áfrýjanda 35.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er úr gildi felld.

Stefndi, Pétur Þór Sigurðsson, greiði áfrýjanda, Sigurjóni Ragnarssyni, 35.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Garðabæjar 20. júní 1990.

Ár 1990, miðvikudaginn 20. júní, er fógetaréttur Garðakaupstaðar settur í skrifstofu embættisins að Strandgötu 31, Hafnarfirði, og haldinn með undirrituðum vottum af Rúnari S. Gíslasyni fulltrúa.

Fyrir er tekið fógetamálið nr. 1135/1990: Pétur Þór Sigurðsson hdl. gegn Sigurjóni Ragnarssyni, kt. 160729-2289.

Fógeti leggur fram nr. 1, gerðarbeiðni, nr. 2, áskorunarstefnu, áritaða

um aðfararhæfi, nr. 3, greiðsluáskorun, nr. 4, birtingarvottorð, og nr. 5, símskeyti.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Pétur Þór Sigurðsson hdl. og krefst fjárnáms fyrir kr. 1.500.360 með hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum skv. ákvörðun Seðlabanka Íslands frá 1.5. 1986 af kr. 500.000 til 15.5'86, en af kr. 1.000.000 f.þ.d. til 1.6.1986, en af kr. 1.500.000 f.þ.d. til greiðsludags. Í áskorunarstefnu eru tildæmdir mánv. frá 1.6. 1986, 2,25%, til greiðsludags, kr. 2.454 fyrir gerðarbeiðni, kr. 155.000 í málskostnað auk kostnaðar við gerðina og eftirfarandi uppboð, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli er ekki viðstaddur þrátt fyrir lögmæta boðun.

Að kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda lýsir fógeti yfir fjárnámi í eign gerðarþola, fasteigninni Blikanesi nr. 13, Garðabæ, en gerðarbeiðandi fullyrðir, að kaupmála hafi aldrei verið þinglýst á ofangreinda eign og hún sé því enn þinglýst eign Sigurjóns.

Fallið er frá virðingu.

Fógeti tilkynnir gerðarþola fjárnámið og að ekki megi ráðstafa hinu fjárnumda á nokkurn hátt, er fari í bága við gerð þessa, að viðlagðri ábyrgð að lögum.

Upplesið, staðfest. Gerðinni lokið.

Mánudaginn 25. mars 1991.

Nr. 105/1991. **Ákæruvaldið**
gegn
Halli Magnússyni.

Kærumál. Framlagning skjala.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Ákærði hefur með kæru 7. þ.m. skotið til Hæstaréttar, með vísan til ákvæðis 10. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, ákvörðun sakadóms Reykjavíkur um að heimila vararíkissaksóknara að leggja fram þrjú skjöl, bréf borgarlögmannsins í Reykjavík 11. janúar 1991, endurrit úrskurðar meiri hluta siðanefndar Blaðamannafélags Íslands frá 6. desember 1990 í kærumáli séra Þóris Stephensens á hendur ákærða í máli þessu vegna blaðagreinar, sem birtist í dagblaðinu Tímanum 14. júlí 1988, svo og álit minni hluta siðanefndarinnar.

Mál þetta barst Hæstarétti 12. þ.m.

Af hálfu ákæruvalds er þess krafist aðallega, að kærumáli þessu verið vísað frá Hæstarétti, en til vara, að staðfest verði sú ákvörðun og sú dómsathöfn sakadómarans að leggja fram og þingmerkja þau þrjú skjöl, sem hér um ræðir.

Af hálfu ákærða er þess krafist, að ákvörðun sakadóms Reykjavíkur um að veita viðtöku til framlagningar fyrrnefndum þremur skjölum verði felld úr gildi og lagt verði fyrir sakadómarann að fella greind skjöl, sem þingmerkt hafa verið XXXV, XXXVI og XXXVII, úr skjölum málsins. Einnig er krafist kærumálskostnaðar.

Kæra þessi er heimil samkvæmt 10. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974.

Af hálfu ákærða er því haldið fram, að bréf borgarlögmannsins í Reykjavík feli í sér lögfræðilega álitsgerð um það, hvort staðarhaldarinn í Viðey teljist opinber starfsmaður samkvæmt 108. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Álit meiri hluta siðanefndar Blaðamannafélags Íslands feli hins vegar í sér siðferðilega afstöðu til ákæruatriða málsins, sem ákæruvaldið muni nota til að kasta rýrð á ákærða og með þeim hætti ætla sér að hafa áhrif á niðurstöðu málsins.

Héraðsdómarinn hefur gert grein fyrir afstöðu sinni til þessara skjala með svofelldri bókun: „Dómarinn ákveður að verða við ósk sækjandans um framlagningu bréfs borgarlögmanns, þrátt fyrir það að telja megi, að í bréfinu felist ákveðið mat á lögfræðilegum álitaefnum, er mál þetta varða, sem bindur þó á engan hátt hendur dómsins, enda þykir að hluta til einnig mega líta á bréfið sem embættisvottorð um stöðu staðarhaldara í Viðey innan starfsmannakerfis Reykjavíkurborgar og getur horft til skýringar á framlagðri starfslýsingu staðarhaldara á dskj. nr. XXI. Þá þykir rétt að verða við ósk ákæruvaldsins um framlagningu úrskurðar meirihluta siðanefndar Blaðamannafélags Íslands svo og áliti minnihluta nefndarinnar í ljósi þess, að verjandinn hefur ítrekað (sic) vísað til nefnds úrskurðar við meðferð málsins, svo og til frekari skýringar á dskj. nr. XXXIII, sem verjandinn hefur lagt fram í málinu."

Héraðsdómarinn hefur þegar lagt fram umrædd skjöl á grundvelli bókunar þessarar. Verður eftir atvikum látið sitja við þessa ákvörðun hans.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Ákvörðun héraðsdómara um framlagningu framangreindra þriggja skjala skal óröskuð standa.

Þriðjudaginn 26. mars 1991.

Nr. 323/1990: **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Ólafi Þór Þórhallssyni
(Jón Oddsson hrl.).

Ávana- og fíkniefni. Upptaka. Sönnun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Jónsson, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Ríkissaksóknari hefur að ósk ákærða áfrýjað héraðsdómi til Hæstaréttar með stefnu 29. ágúst 1990. Jafnframt var dóminum, að því er varðar ákærða, áfrýjað af hálfu ákæruvaldsins til sakfellingar samkvæmt ákæru og þyngingar á refsingu, en staðfestingar á ákvæðum um upptöku. Tveir menn, sem saksóttir voru ásamt ákærða, óskuðu ekki áfrýjunar.

Ákærði krefst sýknu af öllum kröfum ákæruvaldsins. Til vara krefst hann þess, að refsing verði milduð og jafnframt skilorðsbundin að öllu eða hluta.

I.

Mál þetta er risið af innflutningi á tæplega 1 kg af kókaíni, tiltölulega hreinu efni, og meðhöndlun þess og dreifingu hér á landi. Var efnið keypt í einu lagi í Bandaríkjunum um mánaðamótin október/nóvember 1988 og flutt í varahjólbarða bifreiðar, sem þar var keypt á sama tíma og kom til landsins með skipi þremur vikum síðar. Upp komst um þessi viðskipti í byrjun maímánaðar 1989, eftir að lögregla varð vör við dreifingu á kókaíni, sem rakið varð til ákærða X. Við þá rannsókn, sem á eftir fór, fundust alls 413,9 g af efninu, þar af 337,5 g í geymsluhólfi í banka hér í borg. Um afdrif þess efnis, sem ekki kom fram, er nokkur óvissa, en ljóst er, að meiri hluta þess var dreift með sölu á vegum þeirra, er hlut áttu að innflutningnum. Atvik að málinu eru ýtarlega rakin í héraðsdómi.

Ákærði Ólafur Þór hefur neitað sakargiftum í málinu og synjað fyrir alla aðild að þessum fíkniefnaviðskiptum eða vitneskju um þau. Hann hefur staðfest kunningsskap sinn við þá X og Y, er saksóttir voru ásamt honum, en hann er vinur þeirra beggja frá bernskuárum. Hann hefur og skýrt frá stofnun og starfsemi Bílaleigu GÓ, sem hann starfrækti með X sumarið 1988. Hann hefur staðfest afhendingu á fjármunum úr rekstri bílaleigunnar til X daginn, sem hinn síðarnefndi fór í ferð þá til Bandaríkjanna, er nýtt var til innkaupa á efninu. Ákærði viðurkennir einnig að hafa aðstoðað Y við að koma peningum til X, meðan á ferðinni stóð, eins og nánar er rakið í héraðsdómi.

Ákærði Ólafur Þór hefur sömuleiðis greint frá því, að hann hafi hitt X í hádeginu daginn, sem hinn síðarnefndi leysti úr tolli bifreiðina, er efnið var falið í. Var þetta í nánd við bifreiðaverkstæði í Kópavogi, sem var vinnustaður X. Við frumrannsókn hjá lögreglu skýrði ákærði einnig svo frá, að hann hefði hitt X á verkstæðinu að kvöldi sama dags, eftir að bifreiðin var þangað komin. Hefði faðir Y, annar eigandi bifreiðarinnar, þá einnig komið á verkstæðið. Fyrir dómi hefur ákærði hins vegar borið með stuðningi vitna úr hópi tengdafólks síns, að hann hafi verið staddur annars staðar þetta kvöld, auk þess sem hann hefur ávallt neitað því, að heimsóknin á verkstæðið hafi verið vegna annars en bifreiðarinnar sjálfrar. Faðir Y og vitnið S, hálfbróðir ákærða X, segjast hvor um sig hafa hitt ákærða á verkstæðinu um kvöldið.

II.

Ákærði Ólafur Þór skýrir fyrrgreindar athafnir sínar með öðru en því, að þær tengist fíkniefnaviðskiptum. Gögn málsins gefa þó eindregið til kynna, að svo hafi verið. Þeir X og Y hafa greint frá málavöxtum hvor frá sinni hlið, en þeir voru yfirheyrðir hvor í sínu lagi, meðan rannsókn var á frumstigi. Ber frásögnum þeirra saman um meginatriði málsins, eftir því sem aðild þeirra nær til, þar á meðal um þátt ákærða Ólafs Þórs. Jafnframt koma þær að mestu heim við þær upplýsingar, sem fengist hafa með öflun beinna sönnunargagna og skýrslna frá aðilum, sem komu við sögu í málinu eða urðu vitni að einstökum atburðum þess. Með gögnum þessum er sannað, að ákærði átti aðild að viðskiptunum allt frá upphafi og skipulagði kaupin á efninu með X ásamt því að fá Y til þátttöku

í þeim. Hann tók síðan við efninu ásamt X, þegar bifreiðin var komin til landsins, 970 grömmum, á bifreiðaverkstæðinu hinn 22. nóvember 1988. Frásagnir fyrir dómi um dvöl ákærða annars staðar það kvöld þykja ekki marktækar í ljósi annarra gagna.

Um síðari atburði er það einnig sannað, að ákærði stóð að því að koma efninu í geymslu á heimili X og ákvarða þeim tveimur sameiginlegan hlut í því, 730 g, sem þeir vógu og skömmtuðu í pakka til söludreifingar, jafnframt því að afhenda Y hlut hans í efninu, 206-208 g. Stóð ákærði síðan sjálfur fyrir dreifingu á hluta hans og X á tímabilinu desember 1988 - apríl 1989 og seldi af honum verulegt magn, allt að 250 g, þar á meðal fyrir milligöngu vitnisins J, en þáttur J í málinu er rakinn í héraðsdómi. Viðurkennt er af hálfu X, að ákærði hafi afhent honum á þessu tímabili að minnsta kosti 400.000 krónur sem andvirði af þessari sölu. Þykir mega leggja til grundvallar, að hlutur hans sjálfs af andvirðinu hafi ekki verið minni en því nemur. Loks var ákærði með í ráðum, þegar hluta af efninu var komið í geymslu í bankahólfi í aprílmánuði 1989, og ræddi við vitnið S um meðferð þess hluta, eftir að X var handtekinn.

III.

Samkvæmt því, sem fyrr var rakið, er ákærði Ólafur Þór sannur að sök um þann verknað, sem lýst er í ákæru á hendur honum, að gerðum þeim athugasemdum um afhendingu peninga og efnismagn, sem greindar eru í héraðsdómi. Er ljóst, að hann hafi sammælst um það við X annars vegar og Y hins vegar að kaupa kókaínefnið og flytja það til landsins með þeim hætti, sem lýst er í ákæru, til sölu og neyslu hér á landi. Viðskiptin áttu sér alllangan aðdraganda. Þeir X og Y staðfesta báðir, að ákærði hafi rætt við þá hvorn í sínu lagi um möguleg fíkniefnakaup. Átti ákærði Ólafur Þór úrslitaþátt í að skipuleggja verknaðinn og tengja saman hlutverk þeirra X og Y, sem kveðast ekki hafa vitað með vissu hvor af annars aðild á þeim tíma. Var ákærði frumkvöðull að verknaðinum í þessum skilningi, þótt ekki sé þar með fullyrt, að hann hafi verið upphafsmaður að honum. Ekki verður talið sannað, að bílaleiga þeirra ákærða og X hafi verið stofnuð gagngert til þess að afla fjár til fíkniefnakaupanna, en ljóst er, að miklum hluta teknanna af starfrækslu hennar var haldið til haga í þessu skyni.

Brot ákærða Ólafs Þórs varðar við 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 64/1974. Er það rétt niðurstaða héraðsdómara, að líta verði á verknað ákærða sem eina brotaheild.

Við ákvörðun refsingar ber að hafa það í huga, að ákærði hefur ekki áður komið við sögu fíkniefnamála eða orðið brotlegur við almenn hegningarlög. Brotið var framið í hagnaðarskyni og af einbeittum vilja, og um var að ræða mikið magn af hættulegu fíkniefni. Brotið var skipulagt með ærinni fyrirhöfn, en hagnaður af því varð minni en vonir þátttakenda stóðu til. Enda þótt brotið yrði fyrst uppvíst eftir alllangan tíma, var það minna en helmingur efnisins, sem þeir höfðu þá náð að dreifa. Sem fyrr segir, hefur ákærði jafnan neitað sök.

Að öllu athuguðu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 4 ára fangelsi. Þar til frádráttar kemur 210 daga vistun hans í gæsluvarðhaldi vegna málsins.

Í ákæruskjali er gerð krafa til þess á grundvelli 3. tl. 1. mgr. 69. gr. almennra hegningarlaga og 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974, að ákærði Ólafur Þór sæti upptöku á bifreiðinni R-49061, Ford Fiesta fólksbifreið, sem hann er talinn hafa keypt af G haustið 1988 og nú er í vörslum lögreglunnar í Reykjavík. Ágreiningslaust er milli þeirra G, að ákærði hafi haft umráð bifreiðarinnar frá því í október þetta ár, en ákærði kveðst einungis hafa haft hana að láni. Telja má sannað, eins og gert er í héraðsdómi, að ákærði hafi greitt G 360.000 krónur vegna bifreiðarinnar fyrir árslok 1988, í þrennu lagi. Bifreiðin er þó enn skrásett eign G, og beinum gögnum um meint eigendaskipti að henni er ekki til að dreifa. Hvorugur þeirra Ólafs Þórs gerir tilkall til bifreiðarinnar. Ekki er nægilega sannað, að fé það, er ákærði lagði til bifreiðarinnar, hafi verið fengið með sölu á fíkniefninu. Með tilliti til þessa og atvika að öðru leyti þykja ekki skilyrði til að gera bifreiðina upptæka sem jafnvirði hagnaðar af broti samkvæmt 3. tl. 1. mgr. 69. gr. Hins vegar er rétt að gera ákærða fésekt jafnframt refsivist hans með tilliti til fjárvinnings af brotinu samkvæmt 2. mgr. 49. gr. almennra hegningarlaga. Telst sektin hæfilega ákveðin 150.000 krónur, er renni í ríkissjóð. Komi 50 daga fangelsi í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Dæma ber ákærða til þess ásamt ákærða X að sæta upptöku á

samtals 413,9 g af kókaíni, sem hald var á lagt við rannsókn málsins, sbr. 5. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni.

Þá ber og að dæma ákærða til að sæta upptöku á lóðavog, sem lögregla lagði hald á og sýnt þykir, að notuð hafi verið við meðhöndlun fíkniefnisins, samkvæmt 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði, að því er ákærða varðar.

Gera ber ákærða að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og greint er í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærði, Ólafur Þór Þórhallsson, sæti fangelsi 4 ár. Til frádráttar þeirri refsingu komi gæsluvarðhaldsvist ákærða í 210 daga.

Ákærði greiði 150.000 krónur í sekt til ríkissjóðs, og komi 50 daga fangelsi í stað sektarinnar, verði sektin ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði sæti upptöku til eyðingar á 413,9 g af kókaíni, sem hald var lagt á af lögreglu.

Ákærði sæti upptöku til ríkissjóðs á lóðavog, sem nú er í vörslum lögreglu og merkt nr. 731 á munaskrá.

Hafnað er kröfu ákæruvalds um upptöku til ríkissjóðs á bifreiðinni R-49061, Ford Fiesta, árgerð 1987, með fastanúmeri JÖ-015.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað í héraði eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 150.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, 150.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 5. júní 1990.

Ár 1990, þriðjudaginn 5. júní, er á dómþingi sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum, sem haldið er í Borgartúni 7 af Guðjóni St. Marteinssyni setu-

dómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 729-731/1989: Ákæruvaldið gegn Ólafi Þór Þórhallssyni, X og Y, sem dómtekið var 28. fyrra mánaðar.

Málið er höfðað á hendur ,,Ólafi Þór Þórhallssyni, Suðurgötu 71, Reykjavík, kennitala 170264-2669, X og Y, öllum fyrir brot gegn löggjöf um ávana- og fíkniefni, og ákærða Y enn fremur fyrir skjalafals, með því að hafa haustið 1988 í ágóðaskyni staðið saman að innflutningi á kókaíni hingað til lands, allir átt þátt í skipulagningu brotsins og allir lagt fram fé til kaupa á efninu í Bandaríkjunum og dreift því hér á landi, svo sem rakið er:

I. Ákærði Ólafur Þór.

Ákærða er gefið að sök að hafa verið frumkvöðull í að skipuleggja öflun kókaínsins og flutning þess hingað til lands og fyrir för meðákærða X til Bandaríkjanna 12. október 1988 afhent honum sameiginlegt fé þeirra, 8000 Bandaríkjadali, en þar var um að ræða tekjur fyrirtækis þeirra, Bílaleigu GÓ, sem þeir stofnuðu og ráku sumarið 1988 gagngert til að afla fjár til fíkniefnakaupa, og 23. október sent meðákærða X að auki 5000 Bandaríkjadali til kaupanna, þar með talið framlag meðákærða Y, — hinn 22. nóvember á bifreiðaverkstæði í Kópavogi ásamt meðákærða X losað 970 g af kókaíni úr bifreið og afhent það S til flutnings heim til meðákærða X, sem hafði keypt bæði kókaínið og bifreiðina í Bandaríkjunum, falið efnið í bifreiðinni og sent hana hingað til lands, allt samkvæmt ráðagerðum ákærðu, — nokkrum dögum síðar ásamt meðákærða X vegið kókaínið á heimili sínu, ákveðið, að í hlut þeirra kæmu 730 g (365 g í hlut hvors), skipt því efnismagni í pakkningar til söludreifingar, og flutti X það síðan heim til sín, — haldið eftir 240 g og um mánaðamót nóvember/desember afhent meðákærða Y hans efnishlut til ráðstöfunar, 206-208 g, að ..... í Reykjavík, — á tímabilinu frá fyrri hluta desember 1988 og fram í miðjan apríl 1989 margsinnis sótt skammta af efninu heim til meðákærða X, samtals allt að um 250 g, sem ákærði og X áttu að jöfnu, og selt það að óvissu magni, m.a. samtals 70 g fyrir milligöngu J, á kr. 8.000 hvert gramm, en ákærði afhenti J efnið í fjórum skömmtum á tímabilinu frá seinni hluta janúar til seinni hluta febrúar 1989, — á tímabilinu frá seinni hluta desember 1988 og fram í febrúar 1989 í nokkur skipti afhent meðákærða X fé, sem ákærði aflaði með sölu á efninu, samtals um kr. 400.000-500.000, verið með í ráðum um, að leigt var geymsluhólf í Breiðholtsútibúi Landsbanka Íslands um miðjan apríl 1989 og að meðákærði X setti í það um 437 g af kókaíninu, sbr. II. lið.

— — —

Framangreind brot ákærðu Ólafs Þórs og X og brot ákærða Y í lið III,1 teljast varða við 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. lög

nr. 64, 1974. Brot ákærða Y í lið III,2 telst varða við 1. mgr. 155. gr. hegningarlaganna.

V. Dómkröfur.

1) Að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu sakarkostnaðar.

2) Að ákærðu Ólafur Þór og X sæti upptöku samkvæmt 5. mgr. 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65, 1974, og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 16, 1986, á samtals 413,9 g af kókaíni, sem lagt var hald á, sbr. II. lið.

3) Að ákærði Ólafur Þór sæti upptöku samkvæmt 3. tl. 1. mgr. 69. gr. hegningarlaganna og 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65, 1974, á bifreiðinni R-49061 af gerðinni Ford Fiesta, árgerð 1987, með föstu númeri JÖ-015, sem ákærði keypti seint á árinu 1988 af G fyrir kr. 360.000 og varði til kaupanna fé, sem hann aflaði með kókaínsölu, en lagt var hald á bifreiðina 5. júlí 1989.

4) Að ákærði Ólafur Þór sæti upptöku samkvæmt 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65, 1974, og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 16, 1986, á lóðavog, sem lagt var hald á og ákærði notaði til að vega kókaín.

5) Að ákærði X sæti upptöku samkvæmt 3. tl. 1. mgr. 69. gr. hegningarlaganna og 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65, 1974, á kr. 30.000 og á þremur ódagsettum ávísunum, nr. 3120198, að fjárhæð kr. 80.000, nr. 3184952, að fjárhæð kr. 80.000, og nr. 3184955, að fjárhæð kr. 100.000, öllum á tékkareikning nr. 8570 við Sparisjóð vélstjóra og útgefnum af H, en alls þessa aflaði ákærði með framangreindri sölu á kókaíni til nefnds H, sbr. II. lið".

Munnlegur málflutningur fór fram 28. maí sl. Verjandi ákærða Ólafs Þórs Þórhallssonar gerði þá eftirfarandi dómkröfur: aðallega, að ákærði verði algerlega sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins, en til vara, að ákærða verði eingöngu gerð vægasta refsing, sem lög frekast standa til, og að tildæmd refsing verði skilorðsbundin að öllu leyti eða að hluta til. Til frádráttar komi að fullri dagatölu gæsluvarðhaldsvist ákærða í máli þessu frá og með 12. maí 1989 til og með 7. desember 1989.

Verjandi ákærða X gerði þessar dómkröfur: að dæmd verði vægasta refsing, er lög leyfa, og ef refsingin verði skilorðsbundin og ef dæmd verði refsivist, að gæsluvarðhaldsvist ákærða komi til frádráttar.

Verjandi ákærða Y gerði eftirfarandi dómkröfur: að dæmd verði vægasta refsing, er lög leyfa, og að refsing verði skilorðsbundin að hluta og að gæsluvarðhald ákærða komi til frádráttar refsivist, ef dæmd verður.

Allir verjendurnir kröfðust málsvarnarlauna að mati réttarins.

Málsatvik.

I.-III.

Málsatvik verða nú rakin sameiginlega varðandi þessa þrjá kafla ákæru unnar.

Ákærði Ólafur Þór Þórhallsson hefur staðfastlega neitað sakargiftum. Vikið verður að framburði ákærða Ólafs Þórs síðar.

Ákærði X var yfirheyrður fyrir dóminum 10. apríl sl., og kvað hann ákæruskjalið vera rétt sig varðandi. Ákærði lýsti þá þeirri hugmynd sinni og meðákærða Ólafs Þórs að flytja til landsins fíkniefni frá Bandaríkjunum í gróða- og söluskyni. Ákærði kvað þetta fyrst hafa komið til tals milli þeirra félaga í janúar 1988. Ákærði kvað þá félaga hafa stofnað Bílaleigu GÓ í júní 1988, og hafi bílaleigan verið stofnuð gagngert í þeim tilgangi að afla fjár til fíkniefnakaupa í Bandaríkjunum. Ákærði kvað meðákærða Ólaf Þór að öllu leyti hafa annast fjárreiður bílaleigunnar, og hafi hann tekið til hliðar erlendan gjaldeyri, er aflað var með rekstrinum, en það fé hafi verið ætlað til fíkniefnakaupanna. Ákærði lýsti síðan hér fyrir dóminum 15. maí sl., að þeir meðákærði Ólafur Þór hefðu ákveðið í sameiningu að láta prenta ótölusetta leigusamninga fyrir bílaleiguna í því skyni að geta skotið undan veltu bílaleigunnar til að geta síðan keypt fíkniefni.

Ákærði kvað þá félaga í fyrstu hafa ætlað að kaupa bifreið í Bandaríkjunum og síðan að flytja fíkniefnin til landsins falin í bifreiðinni. Ákærði kvað hafa verið fallið frá þessari fyrirætlan vegna kostnaðar, og þá hafi verið ákveðið að leita að þriðja manni, sem hefði hug á því að kaupa bifreið í Bandaríkjunum. Ákærði kvað meðákærða Ólaf Þór hafa tekið að sér að útvega þriðja manninn, en ákærði kvaðst hafa talið, að sá yrði einnig með í fíkniefnakaupunum, en ákærði kvað meðákærða Ólaf Þór hafa annast samskiptin við þriðja manninn og verið fámáll um þau í eyru ákærða. Ákærði kvað síðan hafa verið ákveðið að flytja til landsins fíkniefni í bifreið, er ákærði ætlaði að kaupa fyrir meðákærða Y.

Ákærði X bar fyrir dóminum 15. maí sl., að meðákærði Ólafur hefði stungið upp á því, að rætt yrði við Þ í því skyni, að hann annaðist milligöngu um útvegun fíkniefna ytra. Fyrir dóminum 10. apríl sl. lýsti ákærði X síðan tveimur fundum sínum og Þ hér á landi, þar sem lögð voru á ráðin um kaup fíkniefna ytra og hvar og hvernig þeir ákærðu X og Þ ætluðu að hittast í Bandaríkjunum, en ákærði X kvaðst hafa gefið Þ upp væntanlegan dvalarstað í Bandaríkjunum. Ákærði X kvað þá meðákærða Ólaf Þór hafa ákveðið að kaupa marihjúana í Bandaríkjunum, en í ljós hafi komið, að efnismagn og fyrirferð yrðu of mikil, og þeir meðákærði Ólafur þá ákveðið, að keypt yrði kókaín.

Ákærði X kvaðst síðan hafa haldið flugleiðis til Bandaríkjanna hinn 12. október 1988 ásamt B.

Ákærði kvaðst fyrir brottför 12. október hafa haldið á heimili meðákærða Ólafs Þórs ásamt hálfsystur sinni, C, og hún verið vitni að því, er meðákærði Ólafur Þór afhenti ákærða 8.000 bandaríska dollara, og kvaðst ákærði hafa greint C frá því, að til stæði að nota féð í Bandaríkja-

ferðinni til skemmtana og uppihalds. Ákærði kvað V, sambýliskonu meðákærða Ólafs Þórs, einnig hafa verið vitni að peningaafhendingunni. Ákærði kvað meðákærða Ólaf Þór hafa sagt vera 9.000 USD í umslagi því, er afhent var á heimili meðákærða Ólafs fyrir brottför 12. október, en ákærði kvaðst síðan hafa talið féð á hótelherbergi ytra og féð þá reynst vera 8.000 USD, og hafi B verið vitni að því.

Ákærði lýsti ýtarlega hjá lögreglunni ferðum sínum um Bandaríkin og samskiptum sínum og Þ og því, hvernig efninu var að lokum komið fyrir í varadekki bifreiðarinnar. Ákærði hefur staðfest þennan framburð hér fyrir dómi.

Við dómsyfirheyrsluna 10. apríl sl. bar ákærði um kaup sín á bifreiðinni ytra, sama dag og ákærði kvað Þ hafa afhent sér 1 kg af kókaíni, en ákærði kvað Þ hafa aðstoðað sig við að koma efninu fyrir í varadekki bifreiðarinnar. Ákærði kvað efnið hafa kostað 18.500 USD. Ákærði kvað þá meðákærða Ólaf Þór hafa heyrt í fjölmiðlum hér á landi, að verðfall hefði orðið á kókaíni í Bandaríkjunum og hvert kg kostað 10.000 USD. Ákærði kvað Þ hafa haft orð á því, að efnið kostaði í allra mesta lagi 12.000 til 15.000 USD. Ákærði kvaðst ekki hafa verið viðstaddur, er kaup Þ fóru fram, og því í raun ekki geta sagt til um, hvað Þ greiddi fyrir efnið. Ákærði lýsti síðan ferð sinni til Norfolk, þar sem bifreiðinni var komið til flutnings hingað til lands.

Ákærði kvað 18.500 USD hafa verið þannig til komna, að 8.000 USD hefði ákærði fengið afhenta hjá meðákærða Ólafi Þór fyrir brottför, 5.000 USD hefði A flugþjónn afhent sér ytra, og það, sem upp á vantaði, kvaðst ákærði hafa tekið út af greiðslukortum sínum ytra. Ákærði kvað meðákærða Ólaf Þór hafa greint sér frá því, að 9.000 USD væru í umslagi því, er ákærði fékk afhent á heimili meðákærða Ólafs Þórs hinn 12. október 1988. Þá hefði meðákærði Ólafur Þór greint frá því, að þriðji maðurinn gæti ekki lagt fram nema 5.000 USD til efniskaupanna, en ekki 6.000 USD, eins og til stóð. Ákærði kvaðst hafa rætt þetta við meðákærða Ólaf Þór eftir heimkomuna og e.t.v. einnig símleiðis frá Bandaríkjunum, en ákærði kvaðst hafa hringt a.m.k. tvisvar í meðákærða, meðan á Bandaríkjaferðinni stóð. Ákærði kvað V, sambýliskonu meðákærða Ólafs Þórs, hafa svarað í símann í a.m.k. annað skiptið, en ákærði kvaðst hafa rætt málið við meðákærða Ólaf Þór í bæði skiptin.

Ákærði kvað meðákærða Y hafa verið á sjó, er bifreiðin kom til landsins, og kvaðst ákærði X hafa ekið henni úr tolli hinn 22. nóvember 1988. Ákærði kvaðst hafa boðist til að yfirfara bifreiðina á vinnustað sínum í Kópavogi, og þar hafi bifreiðin verið tekin inn á verkstæði um kvöldið. Ákærði kvaðst hafa hitt meðákærða Ólaf Þór í hádeginu þennan sama dag, en þá hafi meðákærði Ólafur Þór og V borðað hádegismat í Smiðjukaffi.

Ákærði kvað þau meðákærða Ólaf Þór og V hafa komið á vinnustað ákærða milli kl. 13 og 14 þennan dag og þau þá séð bifreiðina, er fíkniefnin voru flutt inn í. Þeir meðákærði Ólafur Þór hafi þá mælt sér mót á verkstæðinu, vinnustað ákærða X, kl. 19 um kvöldið. Ákærði kvaðst hafa ekið bifreiðinni inn á verkstæðið um kl. 19 um kvöldið. Ákærði X kvað þá meðákærða Ólaf Þór hafa hjálpast að við að taka varadekkið undan bifreiðinni og síðan að fjarlægja fíkniefnin úr hjólbarðanum. Ákærði kvað bróður sinn, S, fyrir tilviljun hafa komið á verkstæðið, er hér var komið sögu, og hafi hann séð, hvað fram fór, og vitað af því, að verið var að fjarlægja fíkniefni úr bifreiðinni. Ákærði kvað meðákærða Ólaf Þór hafa hlaupið upp á loft á verkstæðinu, er S kom þar að, en þeir Ólafur hafi ekki vitað, hver þar var á ferð. Ákærði kvað meðákærða Ólaf Þór síðan hafa afhent S fíkniefnin, sem voru í tveimur plastpokum, vöfðum límbandi, og beðið S að flytja efnið á sameiginlegt heimili þeirra S hér í borg.

Ákærði kvað E hafa komið á verkstæðið skömmu síðar, og hafi meðákærði Ólafur Þór þá strax snúið sér að Lada-bifreið þar inni og hann þóst vera að gera við þá bifreið. Ákærði kvað meðákærða Ólaf Þór hafa verið með leðurhanska á höndum, er hann var inni á verkstæðinu um kvöldið. Ákærði kvað bifreiðina hafa verið uppi á lyftu, er E kom á verkstæðið, og varadekkið ekki enn verið komið undir bifreiðina. Ákærði kvaðst síðan hafa lokið frágangi bifreiðarinnar og ekið henni á heimili E í Árbæjarhverfi.

Ákærði kvað V hafa komið á verkstæðið, skömmu eftir að S var farinn, en áður en E kom á staðinn. Ákærði kvaðst ekki vita, hvert var erindi V á staðinn, en meðákærði Ólafur Þór hafi ekki verið hrifinn af komu V á staðinn. Ákærði kvað V hafa dvalist inni á skrifstofu verkstæðisins, meðan E dvaldist þar. V hafi haldið á brott stuttu eftir brottför E, og hið sama hafi átt við ákærða.

Ákærði kvað V hafa sótt sig á heimili E í Árbæjarhverfi, eftir að ákærði hafði ekið bifreiðinni þangað, og þau síðan sótt meðákærða Ólaf Þór í næstu götu, þar sem foreldrar meðákærða Ólafs Þórs búa. Þau þrjú hafi síðan haldið á heimili ákærða og þar öll athugað, hvort fíkniefnunum hefði verið komið fyrir í frystihólfi ísskápsins, svo sem meðákærði Ólafur Þór hafði mælt fyrir um, og öll séð fíkniefnin þar. Ákærði taldi S hafa verið þarna staddan, er gengið var úr skugga um, að fíkniefnin væru í ísskápnum.

Ákærði kvað fíkniefnin hafa verið geymd þarna á heimili sínu fram að næstu helgi, en þá hefði ákærði flutt efnið á heimili meðákærða Ólafs Þórs og efnið þar verið vegið. Ákærði kvað efnið hafa reynst vera 970 g, og hefðu þeir meðákærði Ólafur Þór þannig átt saman 730 g eða 365 g hvor og meðákærði X 240 g, og hefði meðákærði Ólafur ætlað að afhenda 240

g, en hlutur þeirra meðákærða Ólafs Þórs síðan verið geymdur á heimili ákærða. Ákærði kvað þá meðákærða Ólaf Þór hafa ákveðið, að rýrnun efnisins skyldi koma niður á hlut meðákærða Y. Ákærði kvað efnið hafa verið vegið og sett í 10 og 20 g pakkningar, en ákærði kvað meðákærða Ólaf áður hafa útvegað græna plastpoka, er efnið var vegið í. Ákærði kvað meðákærða Ólaf Þór hafa verið með plasthanska á höndum, er efnið var vegið á heimili hans. Ákærði kvað meðákærða Ólaf Þór oftast hafa haft plasthanska, er hann meðhöndlaði efnið, en ákærði kvaðst hafa keypt plasthanska í málningarvöruverslun og afhent meðákærða Ólafi Þór til afnota.

Ákærði kvað þá meðákærða Ólaf hafa samið um það, að meðákærði Ólafur Þór skyldi annast sölu efnisins, og hefðu þeir ákveðið að fá kr. 6.000 til 8.000 fyrir hvert gramm efnisins. Ákærði lýsti hjá lögreglu og fyrir dóminum, hvernig þeir meðákærði Ólafur Þór hefðu útbúið ákveðið kerfi, sem notað var, er þeir ræddu saman símleiðis. Innihald þessa kerfis laut að því að sögn ákærða, að meðákærði Ólafur Þór hringdi á heimili ákærða og pantaði efni, en þeir þá talað saman símleiðis eftir fyrir fram ákveðnu kerfi, sem laut bæði að efnismagni, er meðákærði Ólafur Þór hugðist sækja á heimili ákærða, svo og að því, hversu mikil íblöndun aðskotaefna skyldi vera í hvert sinn, en ákærði kvaðst ýmist hafa blandað efnið sjálfur eða í samvinnu við meðákærða Ólaf. Ákærði kvað meðákærða Ólaf Þór hafa komið í 10-15 skipti á heimili sitt frá því í desember 1988 og fram til enda febrúar 1989 og meðákærði Ólafur Þór þá verið að sækja fíkniefni. Ákærði kvað V oft hafa verið með í för, og þá hefði S oft verið heima, er efnið var sótt, og þau V og S vitað, hvað fram fór, er meðákærði Ólafur Þór fékk efnið afhent. Ákærði taldi sig hafa afhent meðákærða Ólafi Þór allt að 250 g af efninu frá fyrri hluta desember fram í miðjan apríl.

Ákærði kvað söluna hjá meðákærða Ólafi Þór hafa gengið treglega og skuldir innheimst illa. Ákærði kvaðst hafa tekið við um kr. 400.000 frá meðákærða Ólafi Þór, sem var hluti af söluandvirðinu. Ákærði kvaðst ávallt hafa tekið við reiðufé fyrir utan tvær ávísanir, en ákærði kvað þá félaga helst ekki hafa viljað ávísanaviðskipti, þar sem auðveldara væri að rekja slík viðskipti. Ákærði kvaðst hafa tekið til við að selja sjálfur af efninu, er salan gekk svo treglega hjá meðákærða Ólafi Þór, og kvaðst ákærði þannig hafa selt H alls 50 g af óblönduðu efni í þremur afhendingum í apríl 1989, og hefði hvert gramm verið selt á kr. 8.000. Auk sölunnar kvaðst ákærði hafa notað og gefið vinum og kunningjum nærri 30 g af efninu, en ákærði kvaðst m.a. hafa neytt efnisins ásamt meðákærða Ólafi Þór. Ákærði kvaðst hafa tekið við um kr. 100.000 frá H vegna fíkniefnasölunnar.

Ákærði kvaðst hafa ákveðið, er hann hóf sölu efnisins sjálfur, að hætta

að geyma efnið á heimili sínu. Þá hefði meðákærði Ólafur Þór ekki heldur viljað geyma efnið, og hefðu þeir því ákveðið að taka á leigu bankahólf í Landsbanka Íslands í Mjódd. Ákærði kvað hvorugan þeirra félaga hafa viljað vera skráða sem leigutaka, og hefði ákærði þá fengið bróður sinn, S, til að taka hólfið á leigu, og hefði hann vitað, í hvaða tilgangi það var gert. Ákærði kvaðst síðan ásamt S, bróður sínum, hafa flutt nærri ½ kg af efninu í bankahólfið hinn 18. apríl 1989 eða deginum eftir að bankahólfð var tekið á leigu. Ákærði kvaðst síðan hafa sótt 100 g í bankahólfið hinn 28. apríl 1989 og selt þar af 20 g til H, en eftirstöðvarnar, er reyndust vera 76,3 g, hefði ákærði geymt í bifreið þeirri, er hann hafði til umráða, og kvaðst ákærði hafa greint meðákærða Ólafi Þór frá þessum felustað efnisins í bifreiðinni. Ákærði kvað þá meðákærða Ólaf Þór hafa haft hvorn sinn lykilinn að bankahólfinu, og hefðu þeir samið um það, að efnið yrði sótt í bankahólfið, ef annar hvor þeirra yrði handtekinn. Samið hafði verið við S um, að hann léti meðákærða Ólaf Þór vita, ef ákærði yrði handtekinn, og átti meðákærði Ólafur Þór þá að sækja efnið í bankahólfið með S, en S komst þangað ekki, án þess að annar ákærðu væri með, þar sem þeir höfðu lykil, er gekk að hólfinu, en ekki S. Ákærði kvað meðákærða Ólaf Þór ekki hafa staðið við sinn hluta samkomulagsins, en ákærði kvaðst hafa átt von á því, að hólfið væri tómt, er lögreglan leitaði í því hinn 11. maí 1989, en svo hefði ekki reynst vera.

Ákærði kvað meðákærða Ólaf Þór hafa lagt áherslu á það, að hann stæði á milli ákærða og þriðja mannsins og að öll viðskipti færu um hendur meðákærða Ólafs Þórs. Ákærði hafði áður borið efnislega á sama veg hjá lögreglu og m.a. greint frá því, að aldrei hefði verið ætlunin, að ákærði vissi af þriðja aðilanum, og þriðji aðilinn ætti ekki að vita af ákærða. Ákærði kvaðst hafa sætt sig við þetta fyrirkomulag, en hafa séð eftir á, að spilað (sic) hefði verið með sig á ýmsan hátt, t.d. með því, að ákærði geymdi efnið á heimili sínu og flutti það til landsins, meðan meðákærði Ólafur Þór sat heima.

Ákærði Y var yfirheyrður fyrir dóminum 18. apríl sl., og kvað hann ákæruskjalið ekki vera rétt að öllu leyti sig varðandi, einkum varðandi undirbúning fíkniefnakaupanna.

Ákærði kvað fyrst hafa borist í tal milli sín og meðákærða Ólafs um verslunarmannahelgina 1988, að meðákærði Ólafur hefði hug á að flytja inn marihjúana til landsins frá Bandaríkjunum. Ákærði kvað þessi áform meðákærða Ólafs Þórs ekki hafa verið rædd frekar að sinni, og kvaðst ákærði hafa haldið í sumarfrí og síðar á sjóinn. Ákærði kvaðst síðan um haustið hafa hitt meðákærða Ólaf Þór. Ákærði kvað meðákærða Ólaf Þór þá hafa greint sér frá því, að báðir meðákærðu hefðu þá ákveðið að flytja inn fíkniefni frá Bandaríkjunum. Ákærði kvað meðákærða Ólaf þá hafa

boðið sér að taka þátt í kaupunum gegn því, að ákærði heimilaði, að fíkniefnin yrðu flutt til landsins í bifreið, er meðákærði Ólafur Þór vissi, að ákærði hafði hug á að kaupa í Bandaríkjunum. Ákærði kvaðst síðan hafa fundið kaupanda að bifreið þeirri, er ákærði hugðist selja, en við sölu bifreiðarinnar hefði komið í ljós, að á bifreiðinni hvíldi veðskuld, að fjárhæð rúmlega 100.000 krónur, sem ákærði kvaðst ekki hafa haft ráð á að greiða. Ákærði kvað þá meðákærða Ólaf Þór og V, sambýliskonu hans, hafa útvegað fé til að létta af veðskuldinni. Ákærði kvað meðákærða Ólaf Þór hafa veitt sér tveggja daga frest til þess að útvega eins mikinn gjaldeyri og ákærði gæti til fíkniefnakaupanna ytra, en ákærði kvað, er hér var komið sögu, hafa verið ákveðið, að keypt yrði kókaín ytra. Ákærði kvaðst ekki hafa vitað, hver annaðist milligöngu um kaup efnisins ytra, en kvað meðákærða Ólaf Þór hins vegar hafa sagt sér í upphafi, að meðákærði X ætlaði að annast kaupin ytra. Ákærði kvaðst hafa hitt meðákærða X sumarið 1988 og þá rætt við hann um það, að ákærði hefði hug á því að flytja bifreið frá Bandaríkjunum. Ákærði kvað meðákærða X þá hafa greint frá því, að hann hygðist heimsækja systur sína í Bandaríkjunum þá um haustið, og kvaðst ákærði þá hafa fært í tal við meðákærða X, hvort hann myndi vilja kaupa fyrir sig bifreið í ferðinni, og hefði meðákærði X fallist á það. Ákærði kvaðst síðan hafa hitt meðákærða X einu sinni á vinnustað hans og þá verið rætt um aukahluti í bifreiðina, en meðákærði Ólafur Þór hefði annast samskiptin við meðákærða X að öðru leyti, utan ákærði kvaðst tvívegis hafa rætt við meðákærða X símleiðis frá Bandaríkjunum vegna bifreiðarkaupanna.

Ákærði lýsti síðan aðstoð meðákærða Ólafs Þórs við gjaldeyrisöflun til fíkniefnakaupanna. Ákærði kvaðst hafa lagt 3.890 USD til efniskaupanna. Ákærði kvaðst hafa aflað fjárins á þann hátt, að ákærði hefði tekið víxillán í Sparisjóði Hafnarfjarðar, að fjárhæð kr. 180.000. Hluti fjárins hefði verið vinnulaun, og þá hefði eiginkona ákærða keypt gjaldeyri, er ákærði sagðist ætla að nota til að kaupa útbúnað í bifreið þá, er keypt yrði ytra. Ákærði kvaðst síðan hafa keypt gjaldeyri í Iðnaðarbanka Íslands í Lækjargötu hin 21. október 1988 og þá framvísað farseðlum foreldra sinna og keypt 2.000 USD út á farseðil móður sinnar og 1.456 USD á farseðil föður síns. Ákærði kvaðst hafa fundið skotvopnaleyfi D, Reykjavík, í bílskúr á heimili foreldra ákærða, og kvaðst ákærði hafa notað það skírteini og falsað nafn D á gjaldeyrisumsóknirnar, og hefði D ekki vitað af þessu og ákærði aldrei greint honum frá því. Ákærði bar fyrir dóminum 15. maí sl., að meðákærði Ólafur Þór hefði verið ábekingur á víxli þeim, er að framan greinir, og að meðákærði Ólafur Þór hefði vitað, til hvers nota átti féð.

Ákærði lýsti síðan fyrir dóminum 18. apríl sl., er féð var afhent með-

ákærða Ólafi Þór á heimili hans, og hefði V, sambýliskona meðákærða Ólafs Þórs, farið afsíðis, meðan á afhendingu fjárins stóð. Ákærði kvað meðákærða Ólaf Þór hafa ætlað að sjá um að koma fénu í hendur meðákærða X, er þá var kominn til Bandaríkjanna, en ákærði kvaðst ekki hafa vitað, hvernig féð átti að berast þangað, en síðar hafa frétt, að féð var sent með A flugþjóni.

Þá lýsti ákærði gjaldeyriskaupum vegna bílkaupanna. Ákærði kvaðst hafa ætlað sér að sækja um gjaldeyri í Seðlabanka Íslands, en frétt þar, að of langan tíma tæki að koma fénu í hendur meðákærða X, er staddur var í Bandaríkjunum. Ákærði kvaðst nú hafa snúið sér til meðákærða Ólafs Þórs, og hefði hann ætlað að kanna málið og í því sambandi snúið sér til R flugfreyju. Ákærði kvað hafa verið ákveðið að kaupa gjaldeyri í svokölluðu „money order"-formi og senda til Orlando í Flórída, þar sem meðákærði X var staddur, en ákærði kvað meðákærða Ólaf Þór hafa komist að því, að R var á leið þangað. Ákærði kvað gjaldeyrinn hafa verið keyptan í Landsbanka Íslands, Rofabæ 7, og hefði meðákærði Ólafur Þór komið með sér þangað og m.a. rætt við aðstoðarútibússtjórann og gjaldeyririnn verið afgreiddur eftir það. Ákærði kvað meðákærða Ólaf Þór hafa komið fram á þann hátt, er gjaldeyririnn var keyptur, að svo hefði litið út sem hann hefði af því nokkrar áhyggjur, að ekki tækist að útvega gjaldeyri í tæka tíð.

Eftir kaup gjaldeyrisins kvað ákærði þá meðákærða Ólaf Þór hafa haldið akandi í Skeifuna, í hús Framtíðarinnar, er þar er, og þar hefði meðákærði Ólafur Þór afhent G, sambýlismanni R flugfreyju, gjaldeyrinn, en hann hefði ætlað að koma fénu til R. Ákærði kvað meðákærða Ólaf Þór hafa ákveðið, að þeir félagar sæjust ekki saman, og því hefði meðákærði Ólafur Þór einn afhent G féð.

Ákærði kvaðst hafa frétt símleiðis frá meðákærða Ólafi Þór, að allt hefði gengið vel, og síðan hefðu meðákærði X og faðir ákærða sótt bifreiðina í toll, og hefði bifreiðinni verið ekið á vinnustað meðákærða X undir því yfirskini, að yfirfara og athuga þyrfti bifreiðina.

Ákærði kvað þá meðákærða Ólaf Þór hafa mælt sér mót á heimili ákærða, er eiginkona ákærða var að heiman, og hefði meðákærði Ólafur Þór þá komið og afhent ákærða hans hluta efnisins. Ákærði kvað meðákærði kvað hafa átt að nota til að greiða flugfar B svo og þeim aðila, pokum, þannig að tveir pokanna innihéldu 100 g hvor og einn poki innihélt 16 g, og hefði sá poki verið opnaður og úr honum tekin um 10 g, sem ákærði kvað hafa átt að nota til að greiða flugfar B, svo og þeim aðila, er annaðist milligöngu vegna kaupanna ytra, en ákærði kvað meðákærða Ólaf Þór ekki hafa svarað því, hver sá aðili væri. Ákærði kvað meðákærða Ólaf Þór síðan hafa komið aftur á heimili ákærða 1 eða 2 dögum síðar

og þá haft meðferðis vog og þeir í sameiningu vegið efnið og skipt í smærri pakkningar.

Ákærði kvað meðákærða Ólaf Þór hafa haft hanska á höndum, er hann afhenti efnið, og síðan haft plasthanska, er þeir félagar vógu efnið í smærri pakkningar.

Ákærði kvaðst hafa fengið meira efni en hann hefði gert ráð fyrir. Ákærði kvað meðákærða Ólaf Þór áður hafa greint sér frá því, að hvert kíló kókaíns kostaði 25-30.000 USD, og kvaðst ákærði því hafa álitið, að keypt yrðu 500 til 700 g, og kvaðst ákærði þannig hafa talið allt umfram 100 g í sinn hlut yrði hreinn ágóði.

Ákærði kvaðst hafa geymt efnið falið á heimili sínu fram undir jól 1988, en þá byrjað að selja efnið, eftir að hafa drýgt efnið um 10% með rotvarnarefni, er sett er á fisk, en ákærði kvað meðákærða Ólaf Þór hafa lánað sér vog í þessu sambandi. Ákærði kvaðst hafa selt nafngreindum manni 40 g í fjórum afhendingum á kr. 7.000 hvert g og hafa fengið greiddar kr. 210.000, en eiga útistandandi kr. 70.000. Ákærði kvaðst hafa selt vinum sínum og kunningjum 10 til 20 g að jafnaði á kr. 8.000 til kr. 8.500 hvert g. Ákærði kvaðst hafa notað mikið af efninu sjálfur og gefið vinum og kunningjum með sér. Þá kvaðst ákærði hafa sturtað (sic) niður 70 til 80 g, eftir að meðákærði Ólafur Þór greindi ákærða frá handtöku meðákærða X, en hafa geymt 20 til 30 g á heimili sínu, uns ákærði kvaðst einnig hafa fleygt því efni, er ákærði frétti af handtöku meðákærða Ólafs Þórs.

Ákærði kvaðst ekki vita, hvernig meðákærðu ráðstöfuðu sínum efnishluta, en einhverju sinni hafa spurt meðákærða Ólaf Þór að því, en engin svör fengið.

Ákærði kvað aldrei hafa verið fyrir fram ákveðið milli sín og meðákærða Ólafs Þórs, hvernig ákærðu skyldu haga framburði sínum, ef annar yrði handtekinn, og kvaðst ákærði hafa talið, að eftir að efnið væri komið í hendur hvers og eins, yrði það öðrum ákærðu óviðkomandi.

Ákærði lýsti því, að hann hefði verið orðinn mjög taugaspenntur kvöldið fyrir handtöku sína. Ákærði kvað rannsóknaraðila þá hafa leitað að þriðja manninum í máli þessu, sem svo var kallaður. Ákærði kvaðst þá hafa greint eiginkonu sinni frá því, að ákærði væri þessi þriðji maður, er leitað var, og kvaðst ákærði hafa greint eiginkonu sinni frá sínum hlut í málinu, og hafi þau rætt málið, án þess þó að ræða það í smáatriðum.

Ákærði kvaðst hafa tekið ákvörðun um að vera með í innflutningi kókaínsins vegna þess, að ákærði hefði átt í fjárhagsvandræðum á þessu tímabili og hafði hug á því að rétta við fjárhag sinn og selja hluta efnisins, en ákærði kvaðst einnig hafa haft hug á því að komast yfir kókaín til eigin nota.

Ákærði kvað meðákærða Ólaf Þór hafa verið frumkvöðul og skipuleggjanda máls þessa. Ákærði kvað meðákærða Ólaf hafa sett þá reglu, að

ákærði og meðákærði X ættu ekki að ræðast við um málið og að meðákærði X vissi ekki af þátttöku ákærða í efniskaupunum. Þá kvað ákærði meðákærða Ólaf Þór hafa sett þá reglu, að málið skyldi aldrei rætt nema undir fjögur augu og reynt yrði að ganga þannig frá öllum endum, að sem minnstar líkur væru á því, að málið kæmist upp. Ákærði kvaðst aldrei hafa rætt verkaskiptingu við meðákærða Ólaf Þór, en hafa fengið þau svör frá honum, er ákærði spurði um málið, að best væri, að ákærði vissi sem minnst, og af því leiddi minnsta áhættu fyrir alla aðila. Ákærði kvað meðákærða Ólaf Þór þannig hafa leitt málið og rekið áfram.

Ákærði Y bar um það hér fyrir dóminum 15. maí sl., að V hefði komið á heimili sitt, eftir að ákærði var látinn laus úr gæsluvarðhaldi. Ákærði kvað V hafa spurt ákærða að því, hvernig ákærði hefði hagað framburði sínum í gæsluvarðhaldinu Ákærði kvað V hafa haldið á brott, er ákærði spurði hana um skýrslur þær, er greindu frá viðræðum V við rannsóknaraðila málsins. Ákærði kvað V hafa spurt þannig um málið, að svo virtist sem hún vissi mun meira en aðrir, en ákærði kvaðst ekki treysta sér til að greina nánar frá þessu.

Ákærði bar við þessa yfirheyrslu að hafa fengið peninga hjá meðákærða Ólafi Þór til að aflétta veðskuld, er hvíldi á bifreið þeirri, er ákærði seldi haustið 1988. Ákærði kvaðst ekki hafa greitt skuldina sjálfur, heldur fengið til þess fé hjá þeim meðákærða Ólafi Þór og V, en ákærði kvaðst hafa talið féð komið frá O.

Vitnið S, nemi í bifvélavirkjun, kom fyrir dóminn 18. apríl sl.

S kvað ákærða X, bróður sinn, hafa greint sér frá því, að flutt hefðu verið inn fíkniefni í bifreið þeirri, er X keypti fyrir Y í Bandaríkjunum, og að X stæði að innflutningi fíkniefnanna ásamt ákærða Ólafi Þór Þórhallssyni. S kvaðst hafa frétt þetta eftir komu bifreiðarinnar til landsins.

S, sem vinnur á sama stað og ákærði X, kvaðst hafa haldið heim í kvöldmat eftir vinnu hinn 22. nóvember 1988, en eftir kvöldmat hafa haldið aftur á vinnustaðinn í Kópavogi til að sækja þangað dót. S kvaðst hafa komið á verkstæðið eftir kl. 20 um kvöldið, og hefðu þeir ákærðu Ólafur Þór og X þá verið þar fyrir, og bifreiðin, er keypt hafði verið í Bandaríkjunum og geymd hafði verið utan dyra verkstæðisins um daginn, hefði verið inni á verkstæðinu, er hér var komið sögu. S kvað bifreiðina hafa verið uppi á lyftu og þeir ákærðu X og Ólafur Þór hefði verið að taka filmu af rúðum bifreiðarinnar. S kvað ákærða X hafa greint sér frá því, að búið væri að fjarlægja fíkniefnið úr varadekki bifreiðarinnar, en ákærði X hafði áður greint frá því, að keypt hefði verið kókaín í Bandaríkjunum. S kvað ákærða Ólaf Þór hafa verið búinn að flytja efnið upp á kaffistofu á verkstæðinu, er S kom þar að. S kvað ákærða Ólaf Þór síðan hafa sótt efnið upp á kaffistofuna og hafa afhent sér efnið og beðið sig fyrir það að flytja efnið

á sameiginlegt heimili þeirra ákærða X. S kvaðst hafa tekið við efninu og kvað efnið hafa verið í svörtum plastpoka og komið efninu þannig fyrir í ísskáp á heimili þeirra ákærða X. Síðar kvaðst S muna, að efnið hefði verið í tveimur pokum, er vafðir voru límbandi. S kvað ákærða Ólaf Þór hafa verið berhentan, er hann tók filmurnar af rúðum bifreiðarinnar, en er ákærði Ólafur Þór hefði afhent efnið, hefði hann haft hanska á höndum.

S kvað V hafa komið og sótt ákærða Ólaf Þór, meðan S dvaldist á verkstæðinu. S kvaðst telja, að þau ákærði Ólafur Þór og V hefðu verið farin, er E kom á staðinn, en S kvaðst hafa hitt hann á verkstæðinu um kvöldið.

S kvað þau ákærðu Ólaf Þór, V og ákærða X öll hafa komið á heimili þeirra bræðra þetta sama kvöld og þau öll þrjú haldið þar inn í eldhús til að skoða þar fíkniefnin, er S kvaðst hafa komið fyrir í ísskápnum. S kvaðst hafa verið að horfa á sjónvarpið, er þetta átti sér stað, og ekki hafa veitt því sérstaka athygli, hvernig skoðun efnisins fór fram, en kvaðst þess þó fullviss, að öll þrjú hefðu skoðað efnið.

S kvað fíkniefnin nú hafa verið geymd í ísskáp á heimili sínu næstu vikurnar utan eina helgi, er efnið var flutt á brott, og ákærði X þá greint sér frá því, að efnið hefði verið flutt á heimili ákærða Ólafs Þórs, og þar hafi efnið verið vegið, en síðan geymt áfram á heimili S í grænum plastpokum. Eftir að efnið var aftur flutt á heimili þeirra bræðra, kvað S efnið hefði verið látið afskiptalaust í u.þ.b. eina viku, en eftir það hefði ákærði Ólafur Þór tekið að sækja efni og ýmist verið einn í för eða með V, sem S kvaðst fullviss, að hefði vitað, hvað fram fór. S kvaðst hafa verið viðstaddur í nokkur skipti, er ákærði Ólafur Þór hefði sótt efni, og hefðu þeir ákærði X þá farið í ísskápinn og ákærði Ólafur Þór þá tekið plastpoka, er innihélt fíkniefni. S kvaðst ekki vita, hverjum þeir ákærðu Ólafur Þór og X seldu fíkniefnið.

S kvað ákærða X hafa lagt að sér að taka bankahólf á leigu til að geyma í fíkniefnin, sem S kvað þá ákærðu X og Ólaf Þór hafa verið komna í einhver vandræði með. S kvaðst hafa fallist á þetta, og daginn eftir, að hólfið var tekið á leigu í Landsbankanum í Mjódd, hefðu þeir bræður farið í bankann og S fyllt út einhver plögg, en ákærði X komið fíkniefnunum fyrir í bankahólfinu á meðan. S kvaðst hafa fengið afhenta tvo lykla að bankahólfinu, og hefði ákærði X fengið annan, en ákærði X afhent ákærða Ólafi Þór hinn lykilinn. S kvað ákærða X hafa getað komist í bankahólfið án atbeina S, en ákærða Ólaf Þór ekki. S kvað hafa verið ákveðið, að hann léti ákærða Ólaf Þór vita, ef ákærði X yrði handtekinn, svo að ákærði Ólafur Þór gæti tæmt bankahólfið.

S kvaðst síðan hafa látið ákærða Ólaf Þór vita af handtöku ákærða X, og í því sambandi kvaðst S hafa hringt á heimili ákærða Ólafs Þórs, en hann ekki verið heima, en V gefið sér upp símanúmer í Fossvogi og ákærði

Ólafur Þór reynst þar staddur. S kvaðst hafa hringt í þetta símanúmer, en sér ókunnur aðili svarað, en gefið sér samband við ákærða Ólaf Þór og þeir mælt sér mót við hús í Fossvogi. Þar kvaðst S hafa hitt ákærða Ólaf Þór og þeir ákveðið að hittast við Landsbankann í Mjódd daginn eftir til að fjarlægja fíkniefnið úr bankahólfinu. S kvaðst síðan hafa komið til fundarins við Landsbankann daginn eftir, en V komið í stað ákærða Ólafs Þórs og hún sagt, að ákærði Ólafur Þór gæti ekki komið vegna prófa. S kvað V hafa ætlað að afhenda sér lykilinn að bankahólfinu þarna, en svo hefði ekki farið og hún haldið lyklinum í sínum vörslum. S kvað þau V ekki hafa rætt um það að sækja fíkniefnin í bankahólfið. S kvað V fyrst og fremst hafa komið til að greina frá fjarveru ákærða Ólafs Þórs og til að losa sig við lykil þann, er ákærði Ólafur Þór hafði haft að bankahólfinu. S kvað aldrei hafa komið til tals, að hann tæki að sér að sækja efnið í bankahólfið, enda einungis verið um það samið, að hann léti Ólaf Þór vita af handtöku ákærða X. S kvaðst því ekki hafa viljað taka við lyklinum hjá V eða að taka að sér annað en um hafði verið samið.

S kvaðst nokkrum dögum eftir handtöku ákærða X hafa fundið poka í verkstæðisbifreið þeirri, er ákærði X hafði haft til umráða, og kvaðst S hafa talið fullvíst, að um fíkniefni hefði verið að ræða, og því sett sig í sambandi við ákærða Ólaf Þór til að fá hjá honum fyrirmæli um það, hvað skyldi gera við efnið. S kvað þá ákærða Ólaf Þór hafa mælt sér mót á Seltjarnarnesi og V komið til þess fundar með ákærða Ólafi Þór og hún orðið vitni að því, er ákærði Ólafur Þór hefði látið sér eftir að ákveða, hvað gera skyldi við efnið. S kvaðst síðan hafa falið efnið í Elliðavogi daginn eftir. Lögreglan lagði síðan hald á efnið. S kvaðst síðan hafa falið efnið í Elliðavogi daginn eftir. Lögreglan lagði síðan hald á efnið. S kvað ákærða Ólaf Þór hafa reynt að fá sig til að taka við lyklinum að bankahólfinu á þessum fundi þeirra, en S vikið sér undan því. S kvað ákærða Ólaf Þór þá hafa haft orð á því, að ekkert lægi á að fara í bankahólfið, þar sem svo virtist sem lykill ákærða X að bankahólfinu hefði ekki fundist og því litlar líkur á því, að lögreglan færi í hólfið.

Vitnið E, starfsmaður sjónvarpsins, Reykjavík, kom fyrir dóminn 25. apríl sl.

E kvað þá Y, son sinn, lengi hafa haft hug á því að kaupa bifreið í Bandaríkjunum og flytja hingað til lands. E kvað þá feðga hafa ákveðið að slá til, er Y frétti af utanför X til Bandaríkjanna, og beðið hann að kaupa bifreið ytra.

E kvað ákærða X hafa aðstoðað sig við að sækja bifreiðina úr tolli, og hefði bifreiðinni verið ekið á vinnustað ákærða X og ákærði X boðist til að yfirfara ýmislegt í bifreiðinni. E kvað hafa verið ákveðið, að hann kæmi á verkstæðið um kvöldið, og þangað kvaðst E hafa komið um kl.

19. E kvað verkstæðið hafa verið læst, er komið var að því, en hafa séð þá ákærðu X og Ólaf Þór inn um glugga á verkstæðishurðinni, og hefði sér verið minnisstætt að sjá ákærða Ólaf Þór kappklæddan og með leðurhanska inni á verkstæðinu. E kvað bifreiðina hafa verið uppi á lyftu, og kvaðst hann hafa veitt því eftirtekt, að varadekkið lá við hlið bifreiðarinnar. E kvað þá ákærðu X og Ólaf Þór hafa staðið við bifreiðina, er E kom þar, en ákærði Ólafur Þór hefði sagst vera að gera við Lada-bifreið, er var þar inni, en E kvaðst ekkert hafa merkt, er benti til þess, að ákærði Ólafur Þór væri að gera við bifreiðina. E kvaðst hafa haft það á tilfinningunni án þess að geta fullyrt það, að einhver þriðji maður hefði verið inni í afgreiðslubúri verkstæðisins, en E kvaðst ekki vita, hvort svo var og þá hver.

E kvaðst ekki minnast þess að hafa hitt S á verkstæðinu um kvöldið. E kvað einhverja menn hafa verið fyrir utan verkstæðið um kvöldið, og þá kvaðst E hafa verið að þrífa rúður bifreiðarinnar og e.t.v. ekki hafa séð S, hafi hann komið.

E kvað ákærða X síðan hafa ekið bifreiðinni á heimili sitt um kvöldið og ákærði X haft orð á því, að vinkona hans sækti sig, og hefði verið mikill flýtir á ákærða X.

E kvað T, tengdadóttur sína, hafa greint sér frá því, er Y sætti gæsluvarðhaldi, er E kom til landsins frá útlöndum, að Y tengdist máli þessu ásamt þeim ákærðu X og Ólafi Þór.

Vitnið G auglýsingateiknari, Reykjavík, kom fyrir dóminn 18. apríl sl.

G kvað ákærða Ólaf Þór hafa hringt í sig fyrri hluta október 1988 og spurt sig að því, hvort sambýliskona sín gæti tekið að sér að flytja peninga til ákærða X í Bandaríkjunum, en ákærði X væri þar að kaupa bifreið. G kvaðst hafa bent ákærða Ólafi Þór á að ræða þetta beint við R, sambýliskonu sína, sem sé flugfreyja.

G kvaðst síðan minnast þess að hafa fengið féð afhent á þáverandi vinnustað sínum í húsi Framtíðarinnar í Faxafeni. G kvaðst ekki muna, hvort ákærði Y eða ákærði Ólafur Þór afhentu féð, en þó muna að hafa séð þá báða á staðnum. G kvaðst síðan hafa afhent R féð til flutnings til Bandaríkjanna.

G kvaðst hafa selt ákærða Ólafi Þór bifreiðina R-49061, Ford Fiesta, árgerð 1987, í byrjun október 1988. G kvaðst á þessu tímabili hafa verið illa staddur fjárhagslega, og hefði hann notað peningana, er fengust úr bílasölunni, til að greiða reikninga heimilisins, svo sem greiðslukortareikninga og greiðslu af skuldabréfum. G kvað söluverð bifreiðarinnar hafa verið kr. 360.000, og hefðu greiðslur farið fram í október, nóvember og desember 1988. G kvað ákærða Ólaf Þór hafa innt allar greiðslurnar af hendi í reiðufé. G kvað engin skjöl vera til vegna sölunnar, og hefði þessi háttur verið

hafður á að beiðni ákærða Ólafs Þórs vegna námslána hans. G kvaðst hafa haft bifreiðina skráða á sitt nafn þrátt fyrir söluna, en til hefði staðið að umskrá bifreiðina um áramótin 1988/1989. G kvaðst ekki vita, hvaðan peningar þeir, er ákærði Ólafur Þór greiddi fyrir bifreiðina, voru komnir, og aldrei hafa spurt um það.

Vitnið R flugfreyja, Reykjavík, kom fyrir dóminn 18. apríl sl.

R kvað ákærða Ólaf Þór hafa hringt í sig nokkrum dögum fyrir utanför sína til Orlando í Flórída haustið 1988 og spurt sig að því, hvort hún gæti tekið að sér að flytja peninga í svokölluðu „money order"-formi til Bandaríkjanna og þar til ákærða X, er þar var staddur. R tók peningaflutningana að sér og kvað G, sambýlismann sinn, hafa tekið við fénu á vinnustað sínum, og hefðu ákærðu Ólafur Þór og Y afhent fé þar. R kvað G síðan hafa afhent sér fé sama dag og hún hefði haldið til Flórída, og kvaðst R hafa skilið fé eftir í afgreiðslu hótels í Orlando, en fé hefði verið í umslagi merktu ákærða X.

R kvaðst hafa vitað af því, er G seldi ákærða Ólafi Þór Ford Fiesta-bifreið sína í nóvember 1988. R kvað bifreiðina hafa verið greidda með þremur greiðslum og í reiðufé, en söluverð bifreiðarinnar hefði verið kr. 360.000. R kvað engin skjöl vera til staðfestingar sölu bifreiðarinnar, og kvað R þann hátt hafa verið á hafðan í greiðaskyni við ákærða Ólaf Þór, svo að hann tapaði ekki rétti til námslána. R kvað peningana, er fengust við bifreiðasöluna, hafa verið notaða til að greiða ýmsa reikninga heimilisins, svo sem greiðslukortareikninga og bankalán.

Vitnið B skrifstofumaður, Reykjavík, kom fyrir dóminn 25. apríl sl.

B kvaðst hafa haldið til Bandaríkjanna ásamt ákærða X hinn 12. október 1988, og hefði ákærði X greint sér frá því nokkrum dögum fyrir utanförina, að hann hygðist kaupa kókaín ytra. B kvað C, systur ákærða X, hafa ekið þeim ákærða X á heimili ákærða Ólafs Þórs fyrir brottförina, og þar hefði ákærði Ólafur Þór afhent ákærða X peninga, og hefði V verið þar stödd. B kvaðst hafa séð, að um mikla peninga var að ræða, og kvaðst B hafa séð fé, er það var talið í hótelherbergi í Chicago. B kvaðst hafa heyrt á tali ákærðu Ólafs Þórs og X, er peningarnir voru afhentir, að eitthvað af fé vegna reksturs bílaleigunnar hefði ekki innheimst, og kvaðst B því hafa talið fé komið úr rekstri bílaleigunnar og að það væri hlutur ákærða X.

B bar um fundi ákærða X við sölumann fíkniefnanna ytra, en ekki kvaðst B vita nánar um sölu efnanna, en B kvað efnið hafa verið falið í varadekki bifreiðar þeirrar, er ákærði X keypti í Bandaríkjunum. B kvað ákærða X hafa verið mjög taugaspenntan, meðan á fíkniefnakaupunum stóð, og hefði ákærði X verið hræddur og m.a. beðið sig fyrir skilaboð til móður sinnar, ef eitthvað kæmi fyrir sig.

B kvað A flugþjón hafa komið með fé frá ákærða Ólafi Þór og afhent ákærða X fé, er átti að fara til fíkniefnakaupanna.

B kvaðst hafa vitað af peningasendingu, er barst með R flugfreyju og að það fé hefði átt að nota til bifreiðakaupanna.

B kvað ákærða X hafa greint sér frá því, að ákærðu Ólafur Þór og Y ættu hlut að máli þessu. Þá kvaðst B einu sinni hafa séð ákærðu X og Ólaf Þór með kókaín í fórum sínum, en það hefði verið á heimili ákærða X í mars 1989 og þeir þá verið með kókaín í neytendaumslagi.

Vitnið C afgreiðslustúlka, Reykjavík, kom fyrir dóminn 25. apríl sl.

C kvaðst hafa ekið ákærða X og B um bæinn sama dag og þau héldu til Bandaríkjanna, hinn 12. október 1988, og þá m.a. komið á heimili ákærða Ólafs Þórs, þar sem ákærði X átti að fá afhenta peninga. C kvað þau öll þrjú hafa haldið inn á heimili ákærða Ólafs Þórs, sem ekki hefði verið heima, en V tekið á móti þeim. C kvað V hafa greint frá því, að ákærði Ólafur Þór væri í banka að sækja gjaldeyri. C kvað ákærða Ólaf Þór hafa komið eftir u.þ.b. hálfa klukkustund og hann þá sagt, að vinir sínir hefðu útvegað sér gjaldeyri. C kvaðst síðan hafa verið viðstödd ásamt B og V, er ákærði Ólafur Þór afhenti ákærða X peningaumslag. C kvað ákærða X þá hafa tekið peninga úr umslaginu og spurt að því, hvort þetta væri allt, og ákærði Ólafur Þór þá sagt svo vera. C kvað þá ákærðu X og Ólaf Þór hafa farið afsíðis stutta stund, en þau þrjú, er komu á staðinn saman, haldið brott skömmu síðar. C kvað ákærða X hafa greint sér frá því, að féð hefði verið skuld ákærða Ólafs Þórs vegna uppgjörs bílaleigunnar og féð hefði átt að nota til uppihalds í Bandaríkjaferðinni.

Vitnið A nemandi, Reykjavík, kom fyrir dóminn 2. maí sl.

A kvaðst hafa starfað sem flugþjónn sl. þrjú sumur. A kvaðst hafa verið í skóla með ákærða Ólafi Þór og því þekkja hann. A kvað ákærða Ólaf Þór hafa spurt sig að því í byrjun október 1988, hvort hann héldi ekki reglulega til Orlando. A kvað ákærða Ólaf Þór síðan hafa komið að máli við sig síðari hluta október 1988 og þá beðið sig fyrir peninga til ákærða X, er staddur var í Orlando. A kvaðst hafa haldið út hinn 23. október og þá með peningana til ákærða X og hafa afhent honum féð á hóteli í Orlando. A kvaðst ekki vita, um hversu háa fjárhæð hefði verið að ræða, en peningarnir hefðu verið í lokuðu umslagi, og ákærði Ólafur Þór hefði sagt, að féð ætti að nota til bifreiðarkaupa ytra.

Vitnið F bifvélavirkjameistari, Reykjavík, faðir ákærða X, kom fyrir dóminn 2. maí sl.

F kvaðst hafa hringt í ákærða Ólaf Þór daginn eftir handtöku X, sonar síns, og tilkynnt ákærða Ólafi Þór um handtökuna. F kvaðst hafa spurt ákærða Ólaf Þór að því, hvort X notaði fíkniefni. F kvað ákærða Ólaf Þór hafa svarað: „Ekki hefði ég getað talið það." F kvaðst hafa skilið

svar ákærða Ólafs Þórs svo, að X hefði notað fíkniefni og að ákærði Ólafur Þór hefði vitað af því. F kvaðst hafa lokið símtalinu strax, er hér var komið sögu, þar sem F kvaðst hafa verið þess fullviss, að ákærði Ólafur Þór segði ósatt.

Vitnið K nemandi, Reykjavík, kom fyrir dóminn 8. maí sl.

K kvað V hafa gefið sér kókaín í afmælisveislu ákærða Ólafs Þórs, og kvaðst K þá hafa notað kókaín ásamt V og J. Þá kvað K V hafa gefið sér kókaín í a.m.k. tvö skipti um áramótin 1988-1989, og kvað K V hafa haft kókaínið í neytendaumslögum og u.þ.b. ½ g í hvort skipti. K kvaðst aldrei hafa fengið kókaín hjá ákærða Ólafi Þór.

Vitnið T nemandi, Reykjavík, eiginkona ákærða Y, kom fyrir dóminn 2. maí sl.

T kvaðst hafa haldið á vinnustað ákærða X, eftir að ákærði X gekk laus úr gæsluvarðhaldinu, en áður en ákærði Y sætti gæsluvarðhaldi. T kvað ákærða X þá hafa greint frá því, að hann ásamt ákærða Ólafi Þór hefði flutt til landsins 1 kg af kókaíni og að hlutur hvors þeirra hefði verið 365 g. T kvaðst á þessari stundu ekki hafa vitað um hlut eiginmanns síns í málinu. T kvað eiginmann sinn hafa greint sér frá því daginn fyrir handtöku, að hann væri þriðji maðurinn í máli þessu, en þá höfðu báðir meðákærðu verið handteknir. T kvað ákærða Y hafa greint sér frá því, að ákærði Ólafur Þór hefði afhent sér sinn efnishlut á heimili þeirra hjóna, og þar hefði efnið verið vegið á eldhúsborðinu. T lýsti tveimur heimsóknum V á heimili sitt, og síðari heimsóknin hefði átt sér stað skömmu eftir, að ákærði Y gekk laus úr gæsluvarðhaldinu, og hefði hann verið heima. T kvað þau þrjú hafa rætt mál þetta og hver ætti sök á því, að málið komst til rannsóknar hjá lögreglu. T kvað V hafa bölvað ákærða X fyrir það að greina frá hlut ákærða Ólafs Þórs. T kvað hafa verið ljóst af tali V, að hún hefði vitað nákvæmlega, hvernig málið var í pottinn búið og hver hefði verið hlutur hvers og eins í máli þessu. T kvað Y hafa greint sér frá því, eftir að hann gekk laus úr gæsluvarðhaldinu, að hann hefði selt nafngreindum manni af efninu og að J hefði selt efni fyrir ákærða Ólaf Þór.

Maður sá, er ákærði Y kvaðst hafa selt alls 40 g af kókaíni fyrir samtals kr. 210.000, var yfirheyrður hér fyrir dóminum 2. maí sl. og hafði áður verið yfirheyrður hjá lögreglu og samprófaður með ákærða Y. Maðurinn tók fyrir að hafa keypt kókaín af ákærða Y.

Vitnið H sendibifreiðarstjóri, Reykjavík, kom fyrir dóminn 25. apríl sl.

H kvaðst hafa móttekið 30 g af kókaíni frá ákærða X skömmu fyrir handtöku sína í byrjun maí 1988. H kvaðst hafa afhent ákærða X þrjá tryggingarvíxla vegna kaupanna, og hefðu tveir verið að fjárhæð kr. 80.000, en einn að fjárhæð kr. 100.000. H vísaði á bug að hafa keypt 50 g af efninu af ákærða X, svo sem hann bar fyrir dóminum.

Vitnið Ingibjörg Indriðadóttir, deildarstjóri Landsbanka Íslands, Árbæjarútibúi, kom fyrir dóminn 2. maí sl.

Ingibjörg greindi frá því, er ákærði Y sótti um gjaldeyri í bankanum hinn 28. október 1988 og að með ákærða Y hefði verið maður, er Ingibjörgu virtist aðstoða ákærða Y, og að þeim manni hefði verið jafnmikið í mun að fá gjaldeyrinn afgreiddan sem ákærða Y.

Vitnið Þorgrímur Ottósson, skrifstofustjóri Landsbanka Íslands, Árbæjarútibúi, kom fyrir dóminn 2. maí sl.

Þorgrímur kvað ákærða Y, sem Þorgrímur kvaðst þekkja sem viðskiptamann bankans, hafa sótt um gjaldeyri til bílkaupa í Bandaríkjunum í október 1988. Þorgrímur kvað hafa staðið til að senda féð í banka í Flórída, en í ljós hefði komið, að Landsbankinn hafði þar ekki viðskiptabanka, og hefði ákærða Y þá verið greint frá því, að nokkra daga tæki að senda féð út og uns það bærist til Flórída. Þorgrímur kvað samferðamann ákærða Y í bankanum nú hafa æst sig mjög upp, og því hefði Þorgrímur verið kallaður á vettvang. Þorgrímur kvað ákærða Y hafa skilið útskýringar sínar, en samferðamaður hans orðið mjög æstur. Þorgrímur kvaðst hafa boðist til þess að senda skeyti til Bandaríkjanna til staðfestingar því, að peningar væru á leiðinni frá Landsbanka Íslands, en samferðamaður ákærða Y hefði tekið af skarið og ekki talið það fullnægjandi. Þorgrímur kvað mennina þá hafa brugðið sér frá, en komið aftur sama dag og fengið gjaldeyri í svokölluðu „money order"-formi.

Vitnið J nemi, Reykjavík, kom fyrir dóminn 25. apríl sl.

J kvaðst þá engin fíkniefni hafa móttekið frá ákærða Ólafi Þór. J var fyrst yfirheyrður hjá lögreglunni 12. maí 1989. J kvað hafa komið til tals milli sín og ákærða Ólafs Þórs milli jóla og nýárs 1988, að ákærði Ólafur Þór hefði yfir einhverju kókaíni að ráða, og hefði ákærði Ólafur farið þess á leit við sig, að hann seldi kókaín fyrir ákærða Ólaf Þór. J kvað ákærða Ólaf Þór hafa viljað fá kr. 8.000 fyrir hvert g efnisins. J óskaði að taka það sérstaklega fram við skýrslutöku þessa, að hann hefði ávallt verið hræddur við ákærða Ólaf Þór og að hann hefði margsinnis hótað að hefna sín, ef J segði frá misferli þessu. J kvaðst hafa látið til leiðast og selt efnið fyrir ákærða Ólaf Þór af ótta við hótanir hans. J lýsti síðan móttöku á 70 g af kókaíni og sölu sinni til tveggja nafngreindra aðila. J var síðan yfirheyrður hjá lögreglunni 25. og 31. maí, 2. og 3. júní og bar ávallt efnislega á sama veg um efnið frá ákærða Ólafi Þór. Ákærði bar og efnislega á sama veg fyrir dómi 25. maí 1989, og þar lýsti J enn sölu 70 g af kókaíni til þeirra M og L. Þá hafði komið til tals, að J hygðist breyta framburði sínum eða draga til baka, og var hann sérstaklega spurður að þessu fyrir dóminum, og kvaðst J að vísu hafa orðað þetta einslega við lögreglu, en ekki ætlast til, að það færi lengra eða yrði tekið hátíðlega.

J og ákærði Ólafur Þór voru samprófaðir hjá lögreglunni 3. ágúst 1989. J kvað þá, að ákærði Ólafur Þór hefði viljað fá kr. 6.000 til 7.000 fyrir hvert kókaíngramm. Þá kvaðst J hafa selt M alls 50 til 60 g af efninu og L 10 g og allt efnið verið frá ákærða Ólafi Þór.

J kvað fyrir dóminum 25. apríl sl. framburð sinn hjá lögreglu hafa verið til kominn fyrir hótanir lögreglunnar og að sér hefði ekki verið boðin aðstoð réttargæslumanns, svo sem lög geri ráð fyrir. Þá kvað J framburð sinn hafa verið svo sem raun varð á vegna heimilishaga sinna og vegna náms, og hefði hann því illa mátt við gæsluvarðhaldi. J nafngreindi tvo rannsóknarlögreglumenn, sem hefðu hótað sér gæsluvarðhaldi, ef framburði yrði ekki hagað svo sem raun varð á.

Rannsóknarlögreglumennirnir Óskar Kristjánsson og Jóhannes Viggósson, er J kvað hafa hótað sér, komu fyrir dóminn 8. maí sl. og vísuðu framburði J um hótanir algerlega á bug svo og því, að J hefði ekki verið boðin aðstoð réttargæslumanns við yfirheyrslu hinn 12. maí 1989. Sú lögregluskýrsla ber með sér, að gætt var viðeigandi ákvæða réttarfarslaga við upphaf skýrslutökunnar. Óskar Kristjánsson kvaðst muna vel eftir því, að J hefði haft orð á því, að hann væri hræddur við ákærða Ólaf Þór, og hefði það komið fram hjá J æ síðan. Óskar kvað J og ákærðu X og Y alla hafa haft orð á því, að þeir væru hræddir við hefndaraðgerðir ákærða Ólafs Þórs, ef þeir greindu frá hans meinta þætti í málinu.

J kom aftur fyrir dóminn 8. maí sl., þar sem J var kynntur framburður rannsóknarlögreglumannanna Óskars og Jóhannesar, er að framan er getið. J óskaði þá eftir fresti til að tjá sig um málið.

J kom loks fyrir dóminn 14. maí sl.

J kvaðst nú ekki treysta sér til að svara því, hvort hann hefði tekið við kókaíni frá ákærða Ólafi Þór, og nýtti J rétt sinn samkvæmt 91. gr. laga 74, 1974, til að svara ekki spurningunni. Er J var spurður út í framburð sinn fyrir dóminum 25. maí sl., kvaðst J ekki treysta sér til að segja annað um þann framburð en að hann væri ekki að öllu leyti réttur, utan J kvaðst standa við framburð sinn varðandi samskiptin við lögregluna.

M bar hjá lögreglunni í maí 1989 að hafa keypt 17-20 g af kókaíni af J á tímabilinu frá áramótum 1988 - 1989 og fram í febrúar 1989.

L bar hjá lögreglunni 29. maí 1989 að hafa hinn 24. febrúar 1989 keypt 10 g af kókaíni af manni, er kallaðist Nonni.

Vitnið U, Reykjavík, var yfirheyrt hjá lögreglunni 23. ágúst sl.

U kvað ákærða Ólaf Þór hafa verið staddan á heimili sínu í Fossvogi í byrjun maí 1989 og þeir verið að lesa fyrir próf. U kvað mann þá hafa hringt og spurt eftir ákærða Ólafi, og hefði maðurinn komið skömmu síðar, og ákærði Ólafur og maður þessi hefðu ræðst við í bíl við heimili U. U kvað ákærða Ólaf hafa greint sér frá því, að fundurinn með manni

þessum hefði verið vegna væntanlegs aukatíma í stærðfræði, er V ætlaði að gefa viðkomandi.

Þ var yfirheyrður hjá lögreglunni 30. maí 1989. Þ kvaðst þá ekkert þekkja til ákærða Ólafs Þórs, en þekkja ákærða X lítillega. Þ neitaði öllum fíkniefnasamskiptum við ákærða X, og voru þeir samprófaðir hjá lögreglunni 1. júní sl., án þess að samræmi næðist í framburði þeirra. Þ, sem búsettur er í Bandaríkjunum, var ekki yfirheyrður undir dómsrannsókn málsins.

Vitnið V verkfræðingur, Reykjavík, kom fyrir dóminn 14. maí sl.

V kvað sér ekki hafa verið kunnugt um innflutning ákærðu á fíkniefnum til landsins. V kvaðst hafa vitað um fyrirhugaða utanför ákærða X til Bandaríkjanna í október 1988 og að fyrirhugað hefði verið, að ákærði X keypti þar bifreið fyrir ákærða Y.

V kvaðst ekki hafa verið heima, er ákærði X fékk afhentan gjaldeyri fyrir brottförina. V kvaðst telja, að ákærði X hefði fengið afhentan gjaldeyri, er Bílaleiga GÓ átti. V kvaðst hafa tekið 666 USD út úr banka sama dag, og hefði það fé átt að fara til kaupa á hasarblöðum í Bandaríkjunum. V hafði áður borið hjá lögreglunni, að hún hefði tekið þetta fé út og afhent ákærða Ólafi Þór féð, sem síðan afhenti ákærða X það. V kvað þann framburð sinn ekki hafa verið réttan og hann væri til kominn fyrir misskilning.

V kvaðst telja ákærða Ólaf Þór hafa beðið sig að ræða við R flugfreyju og biðja hana fyrir gjaldeyri til ákærða X í Bandaríkjunum, en féð átti að fara til bílkaupa.

V kvaðst hafa rætt símleiðis við ákærða X, meðan hann var staddur í Bandaríkjunum, og hefði verið rætt eitthvað um peningasendingu þangað út. V hafði áður borið við lögregluyfirheyrslu, að ákærði X hefði sagt, að hann vildi ekki ræða beint við ákærða Y frá Bandaríkjunum. V kvaðst hafa átt við það, er þessi framburður var gefinn, að ákærði Ólafur Þór hefði sagt ákærða X hafa farið fram á það að fá að ræða við ákærða Ólaf Þór sem milligöngmann í stað þess að ræða beint við ákærða Y, og ástæðan hefði verið sögð sú, að erfitt væri að ræða við ákærða Y símleiðis, þar sem hann stamaði svo mikið. V kvað ákærða X vegna þessa oft hafa hringt í ákærða Ólaf Þór, meðan á Bandaríkjadvölinni stóð.

V kvaðst hafa hitt ákærða X í hádeginu þann dag, er bifreiðin, er ákærði X keypti ytra, var leyst úr tolli. V kvaðst hvorki hafa komið á verkstæðið, vinnustað ákærða X sama kvöld né á heimili hans. V kvað framburð manna, er báru svo, vera rangan.

V var spurð um framburð sinn hjá lögreglunni 5. júlí sl., en þar kvaðst V hafa logið að lögreglunni um tilvist lykils að bankahólfi. V kvaðst ekki átta sig á ástæðu þess að hafa greint lögreglunni rangt frá að þessu leyti,

en kvað sig hafa langað til að láta lögregluna leita að lyklinum í Kópavogslæk. V kvaðst aldrei hafa heyrt á tal ákærðu Ólafs Þórs og X varðandi neitt, er lyti að bankahólfi.

V kvaðst hafa komið á heimili ákærða Y, eftir að hann gekk laus úr gæsluvarðhaldi, og þá spurt að því, vegna hvers ákærði Y hefði borið rangar sakir á ákærða Ólaf Þór. V var kynntur framburður T, er rakinn var að framan, og kvað V T hafa dregið rangar ályktanir varðandi það, er fram fór á heimili T í þetta skipti.

V greindi frá fundi sínum og S við Landsbanka Íslands í Mjódd, en V kvaðst hafa haldið þangað fyrir ákærða Ólaf Þór, er ekki hefði komist vegna prófa. V kvað tilgang fundarins hafa verið þann að afhenda S fé til að greiða af láni fyrir ákærða X, en S hefði ekki viljað taka við óútfylltri ávísun, er V kvaðst hafa boðið S. V kvaðst einungis hafa hitt S í þetta eina skipti og hvorki hafa hitt hann fyrr né síðar.

V var spurð um kókaínneyslu sína, og kvaðst hún aldrei hafa neytt efnisins. V kvað rangan framburð í þá áttina, svo sem framburð K, er rakinn var að framan. V lýsti rangan framburð sinn hjá lögreglu, þar sem hún hefði ítrekað (sic) borið um fíkniefnaneyslu sína. V kvaðst hafa búið þann framburð til í því skyni að fá að ganga laus. Þá kvað V framburð sinn hjá lögreglunni rangan varðandi það, að hún hefði séð ákærða X með kókaín í glærum plastpoka. V kvaðst hafa þetta eftir B og ákveðið að haga framburði sínum á sama veg og B.

V greindi frá því, að hún hefði rekið söluturn á sínum tíma ásamt Ö og ákærða Y. V kvað ákærða Y hafa ætlað að selja bifreið sína, en þá komið í ljós, að veðskuld nærri kr. 100.000 hvíldi á bifreiðinni vegna þessa atvinnureksturs. V kvað ákærða Y ekki hafa getað selt bifreiðina vegna veðskuldarinnar, og þá hefði Ö afhent annaðhvort sér eða ákærða Ólafi Þór fé, sem þau síðan komu áleiðis til ákærða Y, svo að hann gæti aflétt veðskuldinni.

V kvað þau ákærða Ólaf Þór hafa haft bifreiðina R-49061 að láni hjá G og hafa haft bifreiðina samfellt að láni frá áramótum 1988-1989. V kvað framburð G og R rangan varðandi það, að bifreiðin hefði verið seld ákærða Ólafi Þór.

V voru kynntar skýrslur rannsóknarlögreglumannanna Reynis Kjartanssonar og Björns Halldórssonar, þar sem þeir greina frá samræðum við V, en skýrslurnar hafa verið staðfestar fyrir dóminum, og verður þeirra getið síðar. Þar kemur fram, að V hafi vitað nánast um alla þætti máls þessa. V kvað þessar skýrslur uppspuna, og samræðurnar, er þar greinir frá, hefðu aldrei átt sér stað.

V greindi nú frá því í fyrsta skipti, að hún og ákærði Ólafur Þór hefðu verið í matarboði hjá N, systur V, að Suðurgötu 73 hér í borg, að kvöldi

22. nóvember 1988. Hefðu þau dvalist þar frá því kl. 17-18 um daginn og fram til miðnættis. V var spurð að því, af hverju ekki hefði verið greint frá þessu fyrr, og kvaðst hún ekki hafa munað þetta fyrr.

Vitnið Ö skrifstofumaður, Reykjavík, kom fyrir dóminn 15. maí sl.

Ö kvaðst þekkja ákærða Ólaf Þór gegnum V, sambýliskonu hans, sem hefði verið með Ö í skóla. Ö kvaðst hafa rekið „sjoppu" ásamt þeim V og ákærða Y frá því í júní 1986 til júní 1987. Ö kvað veðskuld hafa hvílt á bifreið ákærða Y vegna þessa atvinnureksturs, og hefði þar verið söluskattsskuld, er koma hefði átt í sinn hlut að greiða. Ö kvað ákærða Ólaf Þór hafa hringt í sig og greint sér frá því, að ákærði Y hefði verið búinn að greiða skuldina, og hefði ákærði Ólafur Þór beðið Ö að útvega fé til að greiða ákærða Y vegna skuldarinnar. Ö bar áður hjá lögreglunni 5. júlí sl., að hann hefði kannað hjá embætti tollstjóra, hversu há skuldin væri, en þá komist að því, að búið var að greiða skuldina.

Ö kvaðst hafa frá miðju ári 1987 fram að jólum 1988 flutt inn vasabrotsbækur frá Bretlandi og Bandaríkjunum ásamt V. Ö kvað ávallt hafa verið sótt um gjaldeyri í banka vegna þessa innflutnings utan í eitt skipti, líklega í október 1988, er Ö kvaðst hafa tekið við nærri 600 USD frá V.

Ö kom fyrir dóminn, svo sem getið var, 15. maí, daginn eftir að vitnið V kom fyrir dóminn. Ö kvaðst hafa ekið V, er hún mætti hér fyrir dóminum, og síðan hafa sótt hana eftir yfirheyrsluna. Ö kvað ekkert hafa verið rætt um mál þetta.

Vitnið Reynir Kjartansson rannsóknarlögreglumaður kom fyrir dóminn 8. maí sl.

Reynir staðfesti þá skýrslu sína, dagsetta 13. júní sl., þar sem greint er frá samræðum hans og V. Í þessari skýrslu hefur Reynir eftir V upplýsingar um nánast alla efnisþætti máls þessa og að hinir þrír ákærðu hefðu flutt til landsins 1 kg af kókaíni og að hlutur hvers þeirra um sig væri nánast svo sem í ákærunni greinir.

Reynir kvað V hafa verið taugaspennta, og hefði hún haft þörf fyrir að ræða við einhvern um málið. Reynir kvað V hafa haft orð á því, að hún myndi bera því í mót, að samtal þeirra hefði átt sér stað.

Vitnið Björn Halldórsson rannsóknarlögreglumaður kom fyrir dóminn 14. maí sl.

Björn staðfesti þar skýrslu sína, dagsetta 14. júní sl. Í skýrslunni hefur Björn eftir V upplýsingar um flesta þætti málsins, og virtist Birni V vita um flesta þætti málsins, svo sem skýrsla hans ber með sér. Björn kvaðst hafa lesið skýrsluna og kynnt V efni hennar, en hún borið því í mót að hafa greint frá sem í skýrslunni greinir.

Vitnið N heilsugæslulæknir, Reykjavík, kom fyrir dóminn 25. maí sl.

N kvaðst minnast þess að hafa boðið V, systur sinni, og ákærða Ólafi

Þór í matarboð á heimili sínu hinn 22. nóvember 1988, en J hefði ekki verið þar staddur. N kvað V hafa komið á heimili sitt kl. 18 um kvöldið og ákærði Ólafur Þór um hálftíma síðar. N kvað þær systur hafa farið á heimili móður sinnar að kvöldi 21. nóvember 1988, og þar hefði N boðið V í matarboðið. N kvaðst hafa farið yfir þetta tímabil í huganum og kvaðst þess „jafnviss og hægt er að vera" eftir þennan tíma, að þau V og ákærði Ólafur Þór hefðu verið á heimili hennar að kvöldi 22. nóvember 1988.

N var kynntur framburður ákærða X og vitna í málinu, er borið hafa um það, að ákærði Ólafur Þór og V hafi verið stödd annars staðar en á heimili hennar að kvöldi 22. nóvember 1988. N kvað hæpið, að um misminni sitt gæti verið að ræða, og nefndi í því sambandi, að hún hefði greint V frá þessu í nóvember sl., að hún og ákærði Ólafur Þór hefðu verið á heimili sínu framangreint kvöld. N kvað V, systur sína, hafa verið fegna, að einhver skyldi muna, hvar hún hefði verið stödd að kvöldi 22. nóvember 1988, en ekki kvaðst N hafa vitað, hvort og þá hvernig V hefði ætlað að koma þessum upplýsingum á framfæri.

Ákærði Ólafur Þór Þórhallson var yfirheyrður fyrir dómi 29. nóvember sl. og bar þá af sér allar sakir.

Ákærði Ólafur Þór kom fyrir dóminn 14. maí sl. og bar enn af sér allar sakir.

Ákærði Ólafur kvað þá meðákærða X hafa stofnað Bílaleigu GÓ fyrri hluta árs 1988. Hefði verkaskiptingu milli þeirra verið þannig háttað, að ákærði átti að annast fjármál leigunnar, en meðákærði X að annast viðhald og viðgerðir á fjórum bifreiðum leigunnar. Ákærði kvað bifreiðarnar aðallega hafa verið leigðar útlendingum, og hefði velta leigunnar verið svo sem fram kemur í reikningum hennar. Ákærði kvað meðákærða X hafa látið prenta samninga vegna leigunnar, og hefðu verið prentaðir bæði númeraðir og ónúmeraðir leigusamningar. Ákærði kvaðst ekki hafa gert athugasemd við þetta, og kvaðst ákærði einu sinni hafa fyllt út ónúmeraðan leigusamning. Ákærði kvað meðákærða X hafa haft orð á því að nota ónúmeraða leigusamninga, ef færi gæfist á því.

Ákærði Ólafur Þór kvaðst hafa vitað af fyrirhugaðri utanför meðákærða X til Bandaríkjanna í október 1988, og hefði ákærði afhent meðákærða X fé á heimili sínu fyrir brottför ákærða X, og hefði þar verið um að ræða fé af rekstri bílaleigunnar. Ákærði kvaðst ekki muna, hversu há fjárhæð var afhent, en kvaðst hafa tekið féð út af gjaldeyrisreikningum. Ákærði kvað fjárhæðina, er hann afhenti meðákærða X, ekki hafa getað verið svo háa sem framburður meðákærða X benti til svo og framburður C og B.

Ákærði Ólafur Þór kvaðst halda, að meðákærði X hefði enga peninga haft meðferðis til Bandaríkjanna vegna bílkaupanna. Ákærði kvaðst ekki minnast þess að hafa annast milligöngu um það að koma peningum til með-

ákærða X í Bandaríkjunum. Síðar kvaðst ákærði muna, að R flugfreyja hefði haldið til Bandaríkjanna með peninga til meðákærða X. Ákærði kvaðst ekki muna, hvernig féð frá meðákærða Y barst R í hendur. Ákærði kvaðst ekki minnast þess að hafa haldið á vinnustað G og afhent honum féð, er R flutti til Bandaríkjanna.

Ákærði Ólafur Þór kvaðst hafa tekið að sér fyrir beiðni meðákærða Y að biðja A flugþjón að flytja peninga til Bandaríkjanna til meðákærða X.

Ákærði kvaðst í fyrstu ekki minnast þess að hafa aðstoðað meðákærða Y við öflun gjaldeyris á nokkurn hátt og ekki minnast þess að hafa komið í Landsbankann í Árbæ í því skyni að aðstoða meðákærða Y. Síðar í þessu þinghaldi mundi ákærði eftir því að hafa fyrir hreina tilviljun haldið með meðákærða Y í Landsbankann í Árbæ, þar sem verið var að sækja um gjaldeyri vegna bílkaupanna. Ákærði kvað hafa komið í ljós, að of langan tíma hefði tekið að senda féð til banka í Flórída, og því hefði verið ákveðið að kaupa ávísanir, en ekki kvaðst ákærði muna, hvort þeir félagar fóru úr bankanum og komu aftur sama dag til að kaupa tékkana. Ákærða var kynntur framburður vitnanna Ingibjargar Indriðadóttur og Þorgríms Ottóssonar um það, að maður sá, er var í för með meðákærða Y, hefði verið æstur í skapi og haft sig mjög í frammi. Ákærði kvaðst telja bankastarfsmennina ekki hafa áttað sig á því, að þeir ynnu í þjónustustofnun og að einn starfsmanna bankans væri þekktur fyrir afskiptasemi af viðskiptamönnum bankans. Ákærði kvað afskipti sín af gjaldeyriskaupunum hafa stafað af því, að ákærði hefði verið orðinn „pirraður" á biðinni.

Ákærði kvaðst hafa hitt meðákærða X í hádeginu 22. nóvember 1988 og þeir rætt fjármál bílaleigunnar, en ekki hafa rætt við hann aftur þennan dag. Ákærði kvaðst hafa séð meðákærða X koma akandi á bifreið þeirri, er hann keypti í Bandaríkjunum. Ákærði var nú spurður um ástæðu fyrir breyttum framburði sínum um þetta, en ákærði hafði, meðan hann sætti gæsluvarðhaldi, margsinnis borið að hafa komið á verkstæðið að kvöldi 22. nóvember 1988. Ákærði kvaðst telja það hafa verið misskilning, og kvaðst ákærði telja sig hafa ruglast á bifreið þeirri, er meðákærði X flutti til landsins, og einhverri annarri „pickup"-bifreið, er ákærði hefði e.t.v. einhvern tíma séð á verkstæðinu, og vegna þessa hafa talið sig hafa komið á verkstæðið þetta kvöld. Ákærði var nú spurður að því, hvers vegna hann leiðrétti ekki framburð sinn fyrr, þar sem oftsinnis hefði verið borið á ákærða, að hann hefði afhent S kókaín á verkstæðinu þetta kvöld. Ákærði kvaðst ekki hafa aðra skýringu en þá, að hann hefði vísað í fyrri framburð sinn um þetta. Ákærða var kynntur framburður meðákærða X og vitnanna S og E um það, að ákærði hefði komið á verkstæðið framangreint kvöld. Ákærði kvað framburðinn rangan. Ákærði kvaðst ekki heldur hafa komið á heimili meðákærða X þetta kvöld, en ákærði kvaðst oft hafa komið á

heimili meðákærða X á þeim tíma, er í ákærunni greinir, en aldrei séð þar meðhöndluð fíkniefni.

Ákærði greindi nú frá því í fyrsta sinn, að hann hefði verið staddur í matarboði hjá N, systur sambýliskonu sinnar, þetta kvöld. Ákærði kvaðst ekki hafa munað eftir að koma þessu á framfæri áður. Ákærði kvað þau V hafa verið í matarboðinu hjá N.

Ákærði kvaðst ekki muna, hvort hann hefði afhent meðákærða Y fé til að létta af veði af bifreið þeirri, er meðákærði Y hugðist selja haustið 1988. Ákærða var kynntur framburður V um þetta, en ákærði kvaðst ekki muna þetta.

Ákærði kvaðst nokkrum sinnum hafa tekist á hendur fjárskuldbindingar fyrir meðákærða Y og staðfesti í því sambandi að hafa gerst ábekingur á víxil að fjárhæð kr. 180.000, er meðákærði Y seldi í Sparisjóði Hafnarfjarðar hinn 20. október 1988.

Ákærði kvaðst ekki muna eftir að hafa hitt S, eftir að meðákærði X var handtekinn. Ákærði kvaðst ekki muna að hafa átt fund með S í Fossvogi, er ákærði var staddur á heimili U.

Ákærði kvaðst ekki muna eftir því að hafa mælt sér mót við S við útibú Landsbanka Íslands í Mjódd eða að hafa mælt sér mót við hann annars staðar. Ákærði kvaðst ekki muna að hafa sent V til fundar við S í Mjódd.

Ákærði kvaðst aldrei hafa vitað af bankahólfi í Landsbanka Íslands í Mjódd, fyrr en eftir að ákærði sætti gæsluvarðhaldi, og kvaðst ákærði aldrei hafa haft í sinni vörslu lykil að bankahólfi.

Ákærði kvaðst hafa greitt reikninga fyrir meðákærða X, meðan hann var staddur í Bandaríkjunum, og telja sig hafa greitt greiðslukortareikninga og eitthvað fleira.

Ákærði kvaðst ekki þekkja mann að nafni Þ.

Ákærði kvaðst hafa haft bifreiðina R-49061 að láni hjá G og hann sé eigandi bifreiðarinnar, og kvaðst ákærði enga athugasemd hafa fram að færa varðandi upptökukröfu ákæruvaldsins. Ákærði kvaðst enga hugmynd hafa um það, hvers vegna G og R hagi framburði sínum á þann hátt, að ákærði hafi keypt bifreiðina. Ákærði kvaðst hafa fengið bifreiðina að láni í nóvember 1988 og hafa haft hana í vörslum sínum og til umráða og afnota allt til þess, er ákærði hefði verið handtekinn.

Svo sem rakið hefur verið, hefur ákærði Ólafur Þór neitað öllum sakargiftum. Ákærði var yfirheyrður ýtarlega hjá lögreglunni undir frumrannsókn málsins. Ekki verður rakinn framburður hans þar nema að litlu leyti, en nokkurra atriða getið. Framburður ákærða var mjög á reiki um fjárhæð þá, er ákærði Ólafur Þór kvaðst hafa afhent meðákærða X fyrir brottför hans til Bandaríkjanna. Framburður ákærða Ólafs Þórs hjá lögreglunni um peningasendingar til Bandaríkjanna til meðákærða X var mjög á reiki.

Ákærði bar í fyrstu, að V hefði enga peninga útvegað til að afhenda meðákærða X fyrir utanförina, síðan hjá lögreglunni 8. júlí sl. kvaðst ákærði ekki muna þetta. Við yfirheyrslu 1. ágúst sl. kvaðst ákærði hafa afhent meðákærða X 666 USD fyrir brottförina, og kvað ákærði sig og V hafa lánað meðákærða X fé. Ákærði bar á sama veg við samprófun með meðákærða X 2. ágúst sl. Framburður ákærða og V hefur verið breytilegur um þetta og margt fleira, svo sem rakið er að framan.

Ákærðu Ólafur Þór og X voru samprófaðir fyrir dóminum 15. maí sl., og staðfesti ákærði X þá fyrri framburð sinn um meintan þátt sinn í málinu svo og meintan þátt ákærða Ólafs Þórs, sem hélt sig við fyrri framburð sinn, og náðist ekki samræmi.

Sama dag, 15. maí sl., voru ákærðu Ólafur Þór og Y samprófaðir, og staðfesti ákærði Y þá fyrri framburð sinn að öllu leyti og í því sambandi einnig meintan hlut meðákærða Ólafs Þórs að undirbúningi, skipulagningu og síðar afhendingu kókaínsins á heimili ákærða Y, allt svo sem í ákærunni greinir. Þá lýsti ákærði Y enn hlut ákærða Ólafs Þórs að fjáröflun og síðan útvegun fólks til flutnings fjárins til Bandaríkjanna til meðákærða X og að ákærði Ólafur Þór hefði gerst ábekingur á víxil, er seldur var í Sparisjóði Hafnarfjarðar, og að ákærði Ólafur Þór hefði vitað, að féð átti að nota til fíkniefnakaupanna. Ákærði Ólafur Þór vísaði í fyrri framburð sinn, og náðist ekki samræmi.

Niðurstöður.

Niðurstöður verða raktar sérstaklega varðandi hvern kafla ákærunnar.

I.

Ákærði hefur verið mjög reikandi í framburði sínum um fé það, er ákærði kvaðst hafa afhent meðákærða X fyrir brottför til Bandaríkjanna hinn 12. október 1988, bæði um fjármuni og fjárhæð, er ákærði kvað hafa komið úr rekstri Bílaleigu GÓ, svo og um þá 666 USD, er að framan er getið. Ákærði hefur þvertekið fyrir það að hafa afhent meðákærða X þá 8.000 Bandaríkjadali, er ákært er út af, en með framburði ákærða X og vitnanna B og að hluta C telst sannað, að ákærði hafi afhent meðákærða X 8.000 Bandaríkjadali, en í niðurstöðum skýrslu rannsóknardeildar ríkisskattstjóra, dagsettri 27. júlí 1989, segir, að tekjur vegna Bílaleigu GÓ hafi verið verulega vantaldar og tekjur og gjöld á rekstrar- og efnahagsreikningi rekstrarársins 1988 hafi verið rangt tilgreind. Þykir þetta ásamt öðrum gögnum málsins renna stoðum undir það, að Bílaleiga GÓ hafi fyrst og fremst verið sett á fót í því skyni að skjóta undan tekjum, er nota átti til fíkniefnakaupa. Hið sama á við um fé það, er sent var til Bandaríkjanna og var framlag meðákærða Y, en það voru 5.000 Bandaríkjadalir, að fram-

burður ákærða um það hefur verið mjög á reiki, en sannað er, að ákærði sendi þetta fé utan, svo sem ákært er út af.

Ákærði Ólafur sætti gæsluvarðhaldi í þágu rannsóknar máls þessa og síðar á grundvelli 4. til 67. gr. laga 74, 1974, frá 12. maí 1989 til 7. desember sl., í 210 daga. Ákærði var, svo sem rakið var að framan, ýtarlega yfirheyrður um hina ýmsu þætti máls þessa hjá lögreglunni. Ákærði lýsti ítrekað (sic) dvöl sinni á verkstæðinu að ..... með meðákærða X að kvöldi 22. nóvember 1988. Ákærði hefur hins vegar borið því í mót, að fíkniefni hafi verið meðhöndluð, jafnt þar sem annars staðar. Ákærði bar loks fyrir dóminum 14. maí sl. að hafa verið staddur í matarboði hjá N framangreint kvöld ásamt V. N bar fyrir dóminum 25. maí sl., að ákærði Ólafur Þór og V hefðu verið í matarboði á heimili sínu að kvöldi 22. nóvember 1988, og kvaðst hún „jafnviss og hægt er að vera" eftir þennan tíma um, að þessi dagsetning væri rétt. N kvaðst hafa greint V frá þessu í nóvember sl. Þrátt fyrir þetta kváðust hvorki V né ákærði Ólafur Þór hafa munað eftir matarboðinu, fyrr en þau voru yfirheyrð hér fyrir dómi 14. maí sl. Ákærði X, S og E hafa allir borið um það, að ákærði Ólafur Þór hafi verið á verkstæðinu að kvöldi 22. nóvember 1988, og hafa þeir lýst í smáatriðum, bæði hjá lögreglu og hér fyrir dómi, hvað átti sér stað þar, og að V hefði þar einnig verið stödd, en ákærði Ólafur Þór bar hjá lögreglunni, að hann myndi ekki, hvort V hefði verið þarna stödd. Hinn breytti framburður ákærða Ólafs Þórs og V þykir að engu hafandi, enda í algjöru ósamræmi við önnur gögn málsins, og skiptir í því sambandi engu máli framburður N hér fyrir dóminum.

Vitnið S og ákærði X hafa borið um afhendingu ákærða Ólafs á 970 g af kókaíni á verkstæðinu að kvöldi 22. nóvember 1988 og flutning S á efninu á heimili ákærða X fyrir beiðni ákærða Ólafs.

Að hluta til breyttur framburður vitnisins J er að engu hafandi, og verður gengið út frá upphaflegum framburði hans, enda ekkert í málinu, er veikir þann framburð, heldur þvert á móti ýmislegt, er styrkir hann.

Framburður ákærða Ólafs er mjög breytilegur og ótrúverðugur um allt, er lýtur að leigu geymsluhólfsins í Landsbankanum í Mjódd, og samrýmist framburður ákærða Ólafs og V ekki um ýmislegt, er að þessu lýtur. Skýring V á tilvist lykilsins að bankahólfinu og það, að sig hafi langað til að láta lögregluna leita í Kópavogslæk að lyklinum, er út í hött og bendir eindregið í þá átt, að framburður S og ákærða X um bankahólfið og allt, er að því lýtur, sé réttur, og er gengið út frá því, að svo sé. Sömuleiðis virðist réttur framburður S um ætlaðan fund S og ákærða Ólafs Þórs í Fossvogi við heimili U, sem kvað fund ákærða Ólafs Þórs og einhvers manns hafa átt sér stað í byrjun maí 1989, en lögreglan fann kókaínið, er falið var við Elliðavog, hinn 12. maí 1989. Ákærði kvað fundinn hafa staðið í sambandi

við aukatíma, er V hugðist gefa einhverjum manni í stærðfræði, en þessi framburður er ótrúverðugur, en framburður S trúverðugur.

Framburður ákærða Ólafs Þórs hér fyrir dóminum er um margt ótrúverðugur og óstöðugur og ýmislegt, er ákærði Ólafur Þór kvaðst ekki muna, og vísast í þessu sambandi til framburðar ákærða hér að framan.

Fjölmargt í gögnum málsins bendir til sektar ákærða Ólafs Þórs. Margt hafa ákærðu og vitni borið efnislega á sama veg. Ákærðu X og Y hafa borið á sama veg um umbúðir þær, er fíkniefnin voru geymd í og voru vegin með. Báðir hafa borið um það, hversu varlega ákærði Ólafur Þór fór, er hann meðhöndlaði fíkniefnin, og hafi oftast nær haft hanska á höndum. Vitni og ákærðu X og Y hafa borið um fíknefnameðhöndlun og neyslu bæði ákærða Ólafs Þórs og V á því tímabili, er í ákærunni greinir.

Framburður vitnisins V er mjög ótrúverðugur, og benda skýrslur rannsóknarlögreglumannanna Reynis Kjartanssonar og Björns Halldórssonar til þess, að framburður V sé rangur að mestu leyti, a.m.k. ekki nema hálfkveðinn. Skýrslur lögreglumannanna eru upplýsingaskýrslur um gang rannsóknarinnar. Skýrslurnar eru ritaðar eftir viðræður rannsóknaraðila og V, og gat henni ekki dulist, er hún sætti gæsluvarðhaldi og einangrun, að viðræður og skýrslutökur, meðan á gæsluvarðhaldinu stóð, voru hluti af rannsókn málsins og gátu ekki verið neitt annað, meðan á einangrun V stóð. Skýrslurnar verða hins vegar ekki metnar til jafns við eiginlegar yfirheyrslur, enda ekki gætt viðeigandi ákvæða réttarfarslaga. Skýrslurnar eru hins vegar hluti af gögnum máls þessa ásamt framburði rannsóknarlögreglumannanna og þykja renna stoðum undir sekt ákærða Ólafs Þórs ásamt öðrum gögnum málsins.

Ákærði Ólafur Þór átti frumkvæði á ýmsan hátt, t.d. um öflun gjaldeyris, að senda peninga til Bandaríkjanna, leysa veð af bifreið þeirri, er meðákærði Y hugðist selja til að afla fjár til bílkaupanna í Bandaríkjunum. Hann tókst á hendur ábyrgð vegna láns meðákærða Y og vissi, að féð átti að nota til fíkniefnakaupa.

Framburður ákærðu X og Y er efnislega á sama veg varðandi það, að ákærði Ólafur Þór hafi verið frumkvöðull og aðalskipuleggjandi brotastarfsemi þeirrar, er ákært er út af. Ákærði Ólafur Þór stóð þannig á milli ákærðu X og Y, og nánast öll samskipti fóru um hans hendur. Framburður V um það, að ákærði X hafi viljað láta ákærða Ólaf Þór vera milligöngumann á milli ákærðu X og Y, er X var í Bandaríkjunum, og ástæðan hafi verið sú, að Y hafi stamað svo mikið, er út í hött, en ekkert kom fram við yfirheyrslur yfir ákærða Y, er benti til þess, að hann stamaði. Þetta þykir hins vegar ásamt fjölmörgu öðru meðal gagna málsins renna stoðum undir það, að ákærði Ólafur Þór hafi verið frumkvöðull, svo sem honum er gefið að sök í ákærunni. Ákærði Ólafur ætlaðist ekki til þess, að ákærðu

Y og X ræddu saman um málið, og greindi ákærði Y frá því, að ákærði X vissi ekki af ákærða Y.

Þegar framanritað er virt og að virtum gögnum málsins, þykir enginn skynsamlegur vafi leika á því, að ákærði Ólafur Þór er sekur í máli þessu gegn eindreginni neitun sinni og að hann hefur gerst sekur um þá háttsemi, er honum er gefin að sök í ákærunni, þó með þeirri athugasemd, að ekki er sannað, að ákærði Ólafur Þór hafi afhent meðákærða X meira en kr. 400.000 frá því í desember 1988 og fram í febrúar 1989, en þetta fé var söluandvirði fíkniefna og allt að helmingur söluandvirðis. Þá er gengið út frá því, að J hafi fengið allt að 60 g hjá ákærða, og fékk ákærði kr. 6.000 til 7.000 fyrir hvert gramm.

II.

Ekki er sannað, að ákærði hafi keypt kókaínið af nafngreindum Íslendingi, en ákærði keypti hins vegar efnið á þeim stað og á þeirri stundu, er í ákærunni greinir. Ekki er sannað, að ákærði hafi í apríl 1989 selt H nema 30 g af kókaíninu. Að öðru leyti er þessi ákæruliður réttur, og þykir sannað með framburði ákærða, sem studdur er öðrum gögnum málsins, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, er honum er hér gefin að sök, með ofangreindum athugasemdum þó.

III., 1 og 2.

Dómurinn telur sannað með framburði ákærða, sem studdur er öðrum gögnum málsins, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, er honum er gefin að sök í þessum ákæruliðum, með eftirfarandi athugasemd þó. Ekki er sannað, að ákærði hafi selt nafngreindum manni í Reykjavík 40 g, svo sem ákært er út af. Ákærði seldi hins vegar óvissan hluta efnisins og þar af vinum og kunningjum 10 til 20 g , að jafnaði á kr. 8.000 til 8.500 hvert gramm.

Brot ákærðu eru stórfelld og varða innflutning og dreifingu á kókaíni, sem telst til skaðsamlegri fíkniefna. Dómurinn lítur svo á, að fíkniefnabrot ákærðu beri að meta sem eina heild áframhaldandi brotastarfsemi. Dómurinn telur, að eftirfarandi efnislýsing 173. gr. a almennra hegningarlaga, þar sem fjallað er um það að láta mönnum í té fíkniefni gegn verulegu gjaldi „eða á annan sérstaklega saknæman hátt", eigi við um brot ákærðu, þar sem þeir stóðu að innflutningi og dreifingu kókaíns, sem telst til þeirra fíkniefna, er hafa hvað mesta hættueiginleika, en samkvæmt efnagreiningu á efni því, er lagt var hald á, var efnið mjög sterkt kókaín, þ.e. lítið var um aðskotaefni. Fíkniefnabrot ákærðu varða því samkvæmt ofanrituðu við 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. lög nr. 64, 1974. Brot ákærða Y í ákæruliðum III. 2 varðar við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga, allt svo sem í ákærunni greinir.

Ákærði Ólafur Þór gekkst á árinu 1984 undir dómsátt fyrir umferðarlagabrot.

Ákærði X gekkst undir dómsátt fyrir umferðarlagabrot á árinu 1983 og aftur 1984 og hlaut dóm fyrir sams konar brot árið 1987.

Ákærði Y hefur ekki sætt refsingu.

Mál þetta snýst aðallega um innflutning og dreifingu á 970 g af kókaíni. Lögreglan lagði hald á 413,9 g af efninu. Sönnuð er sala ákærða Ólafs Þórs á allt að 60 g, ákærða X á allt að 40 g og ákærða Y á allt að 20 g, og hafa þannig verið sannanlega seld samtals allt að 120 g til nafngreindra aðila, en auk þess seldi ákærði Ólafur Þór óvissan hluta þess magns, er hann sótti á heimili ákærða X, en svo sem rakið var, skilaði ákærði Ólafur Þór kr. 400.000 ákærða X, og var það fé söluandvirði fíkniefna. Eftir standa um 436 g, sem ýmist hafa verið sögð gefin, farið hafi til mikillar eigin neyslu ákærðu X og Y ásamt vinum og kunningjum eða engin grein hefur verið gerð fyrir efninu. Samkvæmt þessu tókst lögreglu að koma í veg fyrir, að verulegum hluta fíkniefnanna yrði dreift og þeirra yrði neytt.

Eignarhlutur ákærðu í kókaíninu og fjárframlag til kaupanna var ekki jafnt, svo sem komið hefur fram. Ákærðu Ólafur Þór og X áttu sameiginlega 730 g af kókaíninu eða 365 g hvor, en ákærði Y fékk í sinn hlut 206 - 208 g.

Einungis tveimur dómum Hæstaréttar er til að dreifa, er fjalla um meðferð manna á kókaíni. Þessir dómar eru H. 1983, 1997. bls., og í málinu nr. 116/1989. Í fyrra málinu hlaut maður 2½ árs fangelsi fyrir að kaupa og selja rúmlega 14 kg af hassi og fyrir að kaupa 180 g af kókaíni, blanda það efni til helminga og selja síðan af því 130 g. Þessi brot voru framin í Danmörku og Svíþjóð í samvinnu við annan mann. Í síðara málinu hlaut maður 2 ára fangelsi fyrir að smygla til landsins 56 g af kókaíni og fyrir að selja hluta efnisins með hagnaði hérlendis. Svo sem greina má af þessum tveimur dómum Hæstaréttar, eru efnistegund og/eða efnismagn ekki einhlítur mælikvarði á refsingar fyrir fíkniefnabrot, enda dómarnir ekki samrýmanlegir, ef svo væri, jafnvel þótt refsimat hafi eitthvað þyngst, frá því að fyrri dómurinn var kveðinn upp.

Þyngstu refsingar fyrir fíkniefnabrot hérlendis eru að jafnaði, er mönnum er gerð refsing eftir 173. gr. a almennra hegningarlaga. Aldrei hefur í Hæstarétti verið kveðinn upp þyngri dómur fyrir fíkniefnabrot en tveggja og hálfs árs fangelsi. Þeir menn, er hlotið hafa þyngstu refsingarnar fyrir fíkniefnabrot, hafa vanalega margsinnis áður gerst sekir um fíkniefnabrot og/eða önnur refsilagabrot og hafa oftast stundað brotastarfsemi í langan tíma, jafnvel svo að árum skiptir, og auk þess hefur yfirleitt verið til að dreifa margvíslegum refsiþyngjandi atriðum öðrum.

Ákærðu sammæltust við framningu brotanna, og verður það virt ákærðu til þyngingar við refsiákvörðun, sbr. 2.mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga.

Svo sem rakið var, stofnuðu ákærðu Ólafur Þór og X Bílaleigu GÓ beinlínis í þeim tilgangi að afla fjár til fíkniefnakaupanna. Brot þeirra hafði þannig langan aðdraganda og var vel skipulagt og lýsir þannig einbeittum brotavilja þeirra, og er það virt þeim til þyngingar við refsiákvörðun, sbr. 6. tl. 70. gr. almennra hegningarlaga. Ákærði Y kom síðar við sögu og, svo sem rakið hefur verið, mikið fyrir tilstilli og frumkvæði ákærða Ólafs Þórs.

Ákærðu X og Y greindu hreinskilnislega frá öllum atvikum máls þessa, og leiddi framburður þeirra fyrst og fremst til þess, að málið upplýstist. Þetta verður virt þessum ákærðu til hagsbóta við refsiákvörðun, sbr. 9. tl. 1. mgr. 74. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærðu hafa aldrei áður gerst brotlegir við fíkniefnalöggjöfina, og enginn ákærðu hefur áður sætt refsingum fyrir brot gegn almennum hegningarlögum, og hafa allir ákærðu stundað fasta vinnu eða verið við nám.

Svo sem rakið var, telur dómurinn, að meta beri fíkniefnabrot ákærðu sem heild, en ákærða Y verður gerð refsing með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga vegna skjalafalsbrotsins.

Þegar allt ofanritað er virt og að virtum gögnum málsins, telst refsing ákærða Ólafs Þórs hæfilega ákvörðuð fangelsi í 4½ ár, og til frádráttar refsivistinni komi 210 gæsluvarðhald ákærða.

Refsivist ákærða X þykir með vísan til alls ofanritaðs hæfilega ákvörðuð fangelsi í 3½ ár, og til frádráttar refsivistinni komi 30 daga gæsluvarðhaldsvist ákærða.

Refsivist ákærða Y þykir hæfilega ákvörðuð fangelsi í 2½ ár, og til frádráttar refsivistinni komi 9 daga gæsluvarðhald ákærða.

Í öllum tilvikum, er gæsluvarðhald ákærðu er dregið frá refsivistinni, er vísað til 76. gr. almennra hegningarlaga.

Rakin er að framan sala ákærðu á kókaíninu, en svo sem þar var getið, seldi ákærði Ólafur Þór allt að 60 g til nafngreinds aðila, en seldi efnið í óvissu magni að öðru leyti, svo sem ákært er út af. Þessi niðurstaða er studd framburði ákærða X og framburði rannsóknarlögreglumannanna Reynis Kjartanssonar og Björns Halldórssonar, sem báðir hafa eftir V, að kr. 500.000 til 600.000 hafi komið í hlut ákærða Ólafs Þórs vegna fíkniefnasölunnar. Þessi niðurstaða er og studd öðrum gögnum máls þessa. Þótt nokkur óvissa sé um það, hver var heildarágóði ákærða Ólafs Þórs, telur dómurinn sannað, að ágóði hans af fíkniefnasölunni hafi numið hærri fjárhæð en nam kaupverði bifreiðarinnar R-49061. Dómurinn lítur svo á, að andvirði hverrar ólögmætrar sölu fíkniefna teljist ólögmætur ágóði, sem

unnt sé að gera upptækan, og skiptir kostnaður við öflun efnisins ekki máli í þessu sambandi. Svo sem rakið var, seldu ákærðu hluta kókaínsins. Ekki hefur tekist að sanna þrátt fyrir ýtarlega rannsókn, að ákærðu hafi haft verulegan ágóða af sölu fíkniefnanna, en mikil umræða hefur átt sér stað í fjölmiðlum um mál þetta og þar verið nefndar milljónir króna sem söluandvirði fíkniefnanna, er mál þetta snýst um. Mál þetta er þannig ekki frábrugðið öðrum fíkniefnamálum, er komið hafa til kasta dómstóla, að því leyti, að brotin eru framin með hagnaðarvon í huga, en hagnaður af brotastarfseminni hefur verið minni en til var stofnað og ástæðurnar ýmsar, en í þessu máli einkum mikil eigin neysla ákærðu, efnið hefur ekki fengist greitt o.s.frv., svo sem gögnin bera með sér.

Sönnuð eru viðskiptasjónarmið ákærðu, svo sem ákært er út af, og vegna þeirra og með vísan til 2. mgr. 49. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 101, 1976, er rétt að gera hvorum ákærðu X og Y að greiða kr. 75.000 í sekt til ríkissjóðs, og komi 25 daga fangelsi í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa að telja. Eftir atvikum er látið við það sitja að beita ákærða Ólaf Þór eignaupptöku, sbr. síðar, en gera honum ekki jafnframt að greiða sekt.

Upptökukröfur.

Ákærðu Ólafur Þór og X sæti upptöku á 413,9 g af kókaíni, sbr. 5. mgr. 5. gr. laga nr. 65, 1974, en efnið er nú í vörslu lögreglu.

Ákærði Ólafur Þór kveður upptökukröfu bifreiðarinnar R-49061 sér óviðkomandi, þar sem hann sé ekki eigandi bifreiðarinnar. Dómurinn telur sannað gegn neitun ákærða Ólafs Þórs, að ákærði hafi keypt bifreiðina R-49061 af G í október 1988 og greitt bifreiðina í október, nóvember og desember s.á. Kaupverðið var kr. 360.000, og voru greiðslur inntar af hendi í þrennu lagi og ein greiðsla í hverjum ofangreindra mánaða. Dómurinn telur sannað, að sala fíkniefnanna hafi hafist í desember 1988 og því hafi örugglega tvær fyrstu greiðslurnar, er inntar voru af hendi vegna bifreiðarkaupanna, verið greiddar með öðru fé en fé, er fékkst með fíkniefnasölu. Líklegast er hins vegar, að síðasta greiðslan hafi verið innt af hendi með fé, er fékkst með sölu kókaínsins. Krafist er upptöku bifreiðarinnar með vísan til 3. tl. 1. mgr. 60. gr. almennra hegningarlaga, en þar segir, að gera megi upptæka muni eða ávinning, sem aflað hefur verið með broti og enginn á löglegt tilkall til, eða fjárhæð, sem svarar til slíks ávinnings. Svo sem rakið var að framan, telur dómurinn sannað, að ágóði ákærða Ólafs Þórs af sölu fíkniefna nemi samtals hærri fjárhæð en nemur kaupverði bifreiðarinnar, er hér um ræðir. Því má slá föstu, að eignarréttur geti ekki stofnast fyrir brotastarfsemi, og þykir dóminum mega beita svokallaðri jafnvirðisupptöku og gera bifreiðina upptæka til ríkissjóðs, enda

ágóði ákærða Ólafs Þórs af fíkniefnasölunni meiri en kaupverð bifreiðarinnar, svo sem rakið var. Þykir í því sambandi engu máli skipta, þótt hluti af kaupverðinu eða jafnvel allt kaupverðið hafi verið innt af höndum með löglega fengnu fé. Dómurinn lítur svo á, að ganga megi að eignum manna, er jafnvirðisupptöku er beitt, því að ella næði þetta úrræði ekki tilgangi sínum, svo sem ef hlutir þeir, er aflað hefur verið með brotastarfsemi, hafa fyrir einhverra hluta sakir farið forgörðum og ættu þá að girða fyrir, að gengið yrði að eignum manna.

Ákærða Ólafi Þór er því með vísan til ofanritaðs og með vísan til 3. tl. 1. mgr. 69. gr. almennra hegningarlaga gert að sæta upptöku á bifreiðinni R-49061 með föstu númeri JÖ015. Bifreiðin er nú í vörslum lögreglu, merkt munaskrá nr. 715.

Ákærði Ólafur Þór sæti upptöku á lóðavog, er lagt var hald á, en vogin var notuð við að vega kókaín. Vogin er merkt munaskrá nr. 731 í vörslum lögreglu.

Ákærði X hefur samþykkt upptökukröfur ákæruvaldsins. Ákærði X sæti upptöku á kr. 30.000, sem er söluandvirði fíkniefna, og jafnframt á þremur ódagsettum ávísunum, nr. 3120198, að fjárhæð kr. 80.000, nr. 3184952, að fjárhæð kr. 80.000, og nr. 3184955, að fjárhæð kr. 100.000, öllum á tékkareikning nr. 8570 við Sparisjóð vélstjóra, en tékkanna aflaði ákærði X með sölu kókaíns. Vegna upptökunnar vísast til 3. tl. 1. mgr. 69. gr. almennra hegningarlaga.

Við ákvörðun málsvarnar- og réttargæslulauna er höfð hliðsjón af hinu mikla umfangi málsins og ýtarlegri og tímafrekri rannsókn bæði hjá lögreglu og hér fyrir dómi.

Ákærði Ólafur Þór greiði skipuðum verjanda sínum, Jóni Oddssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 350.000 í málsvarnar-og réttargæslulaun.

Ákærði X greiði skipuðum verjanda sínum, Erni Clausen hæstaréttarlögmanni, kr. 350.000 í málsvarnar- og réttargæslulaun.

Ákærði Y greiði skipuðum verjanda sínum, Ólafi Garðarssyni héraðsdómslögmanni, kr. 200.000 í málsvarnarlaun, en lögmaðurinn hefur þegar fengið greidda réttargæsluþóknun skv. reikningi, er fylgir gögnum málsins.

Sakarkostnað að öðru leyti greiði ákærðu óskipt, þ.m.t. kr. 200.000 í saksóknarlaun til ríkissjóðs.

Dómsorð:

Ákærði Ólafur Þór Þórhallsson, sæti fangelsi í 4½ ár, en til frádráttar fangelsisrefsingunni komi 210 daga gæsluvarðhald ákærða.

Ákærði X sæti fangelsi í 3½ ár, en til frádráttar fangelsisrefsingunni komi 30 daga gæsluvarðhald ákærða.

Ákærði Y sæti fangelsi í 2½ ár, en til frádráttar fangelsisrefsingunni komi 9 daga gæsluvarðhald ákærða.

Ákærðu X og Y greiði hvor fyrir sig kr. 75.000 í sekt til ríkissjóðs, og komi 25 daga fangelsi í sektar stað, greiði hvor þessara ákærðu fyrir sig ekki sektina innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði Ólafur Þór sæti upptöku til ríkissjóðs á bifreiðinni kókaíni.

Ákærði Ólafur Þór sæti upptöku til ríkissjóðs á bifreiðinni R-49061, Ford Fiesta, árgerð 1987, með föstu númeri JÖ015, en bifreiðin er nú í vörslu lögreglu, merkt munaskrá nr. 715.

Þá sæti ákærði Ólafur upptöku til ríkissjóðs á lóðavog, er nú er í vörslu lögreglu, merkt munaskrá nr. 731.

Ákærði X sæti upptöku til ríkissjóðs á kr. 30.000, sem nú eru í vörslum lögreglu, merktar munaskrá nr. 709, og jafnframt á ódagsettum ávísunum, nr. 3120198, að fjárhæð kr. 80.000, nr. 3184952, að fjárhæð kr. 80.000, og nr. 3184955, að fjárhæð kr. 100.000. Ávísanirnar eru allar á tékkareikning nr. 8570 á Sparisjóð vélstjóra og eru nú í vörslum lögreglu.

Ákærði Ólafur greiði skipuðum verjanda, Jóni Oddssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 350.000 í réttargæslu- og málsvarnarlaun.

Ákærði X greiði skipuðum verjanda sínum, Erni Clausen hæstaréttarlögmanni, kr. 350.000 í réttargæslu- og málsvarnarlaun.

Ákærði Y greiði skipuðum verjanda sínum, Ólafi Garðarssyni héraðsdómslögmanni, kr. 200.000 í málsvarnarlaun.

Sakarkostnað að öðru leyti greiði ákærðu óskipt, þ.m.t. kr. 200.000 í saksóknarlaun í ríkissjóð.

Þriðjudaginn 26. mars 1991.

Nr. 72/1989. **Ingibjörg Ingimarsdóttir**
(Kristján Stefánsson hdl.)
gegn
Vilhjálmi Þórhallssyni hrl.
sem fjárhaldsmanni Ágústs Jónssonar
(Vilhjálmur Þórhallsson hrl.)
og gagnsök.

Misneyting. Ógildi samnings. Gjafsókn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir, Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. mars 1989 að fengnu leyfi dómsmálaráðuneytisins 27. febrúar sama ár samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Hún krefst sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 26. apríl 1989. Hann gerir eftirgreindar dómkröfur:

„1) Að aðaláfrýjanda verði gert að þola ógildingu eða riftun á kaupsamningi aðila, dags. 4. júní 1986, um íbúðarhæð húseignarinnar nr. 18 við Drekavog í Reykjavík, svo og, að hinn þinglýsti kaupsamningur verði afmáður úr veðmálabók Reykjavíkur og

2) Að aðaláfrýjanda verði dæmd (sic) til þess að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að mati réttarins, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Gagnáfrýjandi fékk með leyfi dómsmálaráðuneytisins 7. desember 1987 gjafsókn í héraði og með leyfi 5. mars 1990 gjafsókn og gjafvörn fyrir Hæstarétti. Ágúst Jónsson var að eigin ósk sviptur fjárræði með úrskurði bæjarþings Reykjavíkur 20. maí 1987.

Með dómi Hæstaréttar 8. maí 1990 í málinu nr. 334/1989: Ákæruvaldið gegn Fríðu Ingibjörgu Magnúsdóttur, var staðfestur dómur sakadóms Reykjavíkur frá 2. ágúst 1989. Með þeim dómi var Fríða Ingibjörg Magnúsdóttir fundin sek um að hafa notfært sér ellisljóleika, einmanaleika og ósjálfstæði gagnáfrýjanda, Ágústs

Jónssonar, meðal annars til að afla dótturdóttur sinni, aðaláfrýjanda þessa máls, íbúðarhæðar og bílskúrs að Drekavogi 18, Reykjavík, án þess að hann fengi nokkurt endurgjald fyrir að sögn Fríðu Ingibjargar.

Aðaláfrýjandi er fæddur 25. júlí 1968. Var hún því ófjárráða, þegar kaupsamningur var gerður um eignina. Amma hennar ritaði undir kaupsamninginn með henni sem fjárhaldsmaður, en hún ól hana upp. Þó er óupplýst, að hún hafi verið fjárhaldsmaður aðaláfrýjanda að lögum. Samkvæmt kaupsamningnum átti að greiða 500.000 krónur við undirritun hans. Aðaláfrýjandi kveðst aldrei hafa haft útborgunarféð undir höndum, en hún hafi ekki vitað annað en amma hennar hefði greitt það. Aðaláfrýjandi hefur engar kvittanir lagt fram.

Kaupsamningurinn, sem gerður var um íbúðarhæðina að Drekavogi 18, komst á fyrir misneytingu Fríðu Ingibjargar, ömmu áfrýjanda. Eins og mál þetta liggur fyrir Hæstarétti, er rétt samkvæmt 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, sbr. 6. gr. laga nr. 11/1986, að víkja samningnum til hliðar, og skal hann vera óskuldbindandi fyrir gagnáfrýjanda. Ber því að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms.

Málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms er staðfest.

Aðaláfrýjandi greiði 152.385 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti, sem renni í ríkissjóð. Gjafsóknar- og gjafvarnarkostnaður gagnáfrýjanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hans, Vilhjálms Þórhallssonar hæstaréttarlögmanns, 150.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Ingibjörg Ingimarsdóttir, greiði 152.385 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti, sem renni í ríkissjóð. Gjafsóknar- og gjafvarnarkostnaður gagnáfrýjanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hans, Vilhjálms Þórhallssonar hæstaréttarlögmanns, 150.000 krónur.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. nóvember 1988.

Mál þetta, sem dómtekið var 17. október 1988, er höfðað fyrir bæjarþinginu af Vilhjálmi Þórhallssyni hrl., Vatnsnesvegi 20, Keflavík, sem fjárhaldsmanni Ágústs Jónssonar, nnr. 0134-7788, fyrrverandi bifreiðarstjóra, Drekavogi 18, Reykjavík, gegn Ingibjörgu Ingimarsdóttur, nnr. 4616-2307, afgreiðslukonu, Krummahólum 6, Reykjavík, til riftunar eða ógildingar á kaupsamningi.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru aðallega, að stefndu verði gert að þola riftun, en til vara ógildingu á kaupsamningi hennar og Ágústs Jónssonar, dags. 4. júní 1986, um íbúðarhæð húseignarinnar nr. 18 við Drekavog í Reykjavík, svo og, að hinn þinglýsti kaupsamningur verði afmáður úr þinglýsingarbókum Reykjavíkur og að stefnda verði dæmd til þess að greiða stefnanda málskostnað skv. framlögðum málskostnaðarreikningi, svo sem mál þetta væri ekki gjafsóknarmál.

Endanlegar dómkröfur stefndu eru, að hún verði sýknuð af öllum kröfum stefnanda og honum verði gert að greiða stefndu málskostnað að mati réttarins.

Málavextir, málsástæður og lagarök.

Stefnandi telur, að með kaupsamningi, dags. 4. júní 1986, hafi Ágúst Jónsson selt stefndu íbúð á hæð hússins nr. 18 við Drekavog í Reykjavík auk bifreiðageymslu og tilheyrandi lóðarréttindum. Kaupverð hafi verið ákveðið kr. 1.900.000. Við undirritun kaupsamnings skyldi greiða kr. 500.000, en eftirstöðvarnar annaðhvort með láni frá Húsnæðisstofnun eða með útgáfu á verðtryggðu, en vaxtalausu skuldabréfi til 10 ára með veði í íbúðinni. Ekki hafi verið getið gjalddaga á eftirstöðvabréfinu. Amma stefndu, Ingibjörg Magnúsdóttir, hafi skrifað á kaupsamninginn „fjárh.", sem vafalaust þýði fjárhaldsmaður, án þess að hún sé það. Ekki hafi verið sótt um leyfi til dómsmálaráðuneytisins, að stefnda, sem var ófjárráða, aðeins 17 ára, f. 25.7.1968, mætti kaupa íbúðina. Stefnda hefur ekki ári eftir samningsgerðina greitt umsamda útborgun og hvorki sótt um fyrrgreint lán né gengið frá skuldabréfi fyrir eftirstöðvum kaupverðs. Þetta séu stórfelldar vanefndir.

Sama dag og fyrrgreind kaup hafi farið fram hafi Ágúst Jónsson gert kaupsamning við Ingibjörgu Magnúsdóttur, ömmu stefndu, um íbúð í kjallara hússins að Drekavogi 18 á kr. 1.100.000. Þar hafi komið upp sams konar vanefndir og í þessu máli. Þessara samninga beggja verði að geta samtímis, svo samofnir sem þeir séu og margt líkt með þeim. Komi þar til tilurð þeirra og ýmis atriði, er varði samningsgerðina.

Forsagan sé sú, að Ágúst Jónsson, f. 27.7.1905, sé fyrrverandi stjúpfaðir

Ingibjargar Magnúsdóttur, ömmu stefndu. Hann hafi skilið við móður hennar fyrir réttum 40 árum. Samband hafi ekkert verið á milli Ingibjargar og stefnanda frá skilnaðinum og þar til á árinu fyrir samningsgerðina, en þá hafi hann verið orðinn ekkjumaður. Eiríkur, bróðir hans og besta hjálparhella hans, hafi látist í byrjun maí 1986. Heilsu Ágústs hafði farið hrakandi undanfarið og mótstöðuafl dvínað. Þessar aðstæður hafi Ingibjörg Magnúsdóttir notfært sér til hlítar. Hún hafi fengið hann til að selja sér og stefndu húseignina langt undir gangverði skv. mati tveggja fasteignasala, ekki síst þegar tillit sé tekið til hagstæðra greiðsluskilmála á eftirstöðvum kaupverðs. Stefnandi telur, að stefnda hafi í raun engan þátt átt í gerð samninganna nema með undirskrift sinni, enda hún barn að aldri og eins og peð í lævíslegu svikatafli ömmu sinnar. En amman hafi gert fleira; hún hafi sölsað undir sig bankainnstæður Ágústs, að fjárhæð kr. 920.795, og bætt um betur með því að fá Ágúst til að gera erfðaskrá til hagsbóta fyrir sig. Raunar hafi erfðaskráin verið þýðingarlaus, því að Ágúst hafi verið orðinn nálega eignalaus. Með fullum sanni megi segja, að þetta mál sé hluti af viðskiptum Ágústs og ömmunnar, en mál út af þeim sé rekið á bæjarþinginu samtímis þessu máli.

Amman hafi haft allt frumkvæði að gerð beggja kaupsamninganna. Hún hafi farið á fund fasteignasalans, að vísu með Ágúst með sér. Til lögmannsins hafi hún farið ein. Ágúst hafi ekki haft samband við lögmann né sína nánustu, sem reyndar hafi ekki fengið vitneskju um gerðir hans fyrr en síðla sumars 1986. Samningsgerðinni sé mjög ábótavant. Þess sé ekki getið, hver hafi samið skjölin. Skiptayfirlýsing hafi ekki legið fyrir. Þess sé ekki getið, hvenær afsöl eigi að fara fram né hvar greiðslur skuli inntar af höndum. Í öðrum samningnum sé þess ekki getið, að veðbókarvottorð liggi frammi við söluna. Enginn lögmaður eða fasteignasali hafi verið viðstaddur undirskriftir, sem ekki hafi farið fram samtímis. Heimildarlaus fjárhaldsmennska ömmunnar bætist hér ofan á. Þá telur stefnandi, að of mikið sé gert úr slæmu ástandi hússins til að réttlæta hið lága verð. Ekki sé þetta traustvekjandi.

Málið hafi verið kært til rannsóknarlögreglu ríkisins 6. október 1986. Ágúst hafi gengist undir rannsókn dr. Hannesar Péturssonar, yfirlæknis á Borgarspítalanum, og Sigurgísla Skúlasonar sálfræðings til þess að ganga úr skugga um hæfi hans til að gera sér grein fyrir afleiðingum hérgreindra fjármálagerninga. Álit læknisins sé, að Ágúst „hafi ekki verið fær um að gera sér nægilega ljósa þýðingu, efnisinnihald og afleiðingar framangreindra fjármálagerninga". Sálfræðiprófið bendi m.a. til verulegs greindarskorts og að Ágúst sé treggefinn eða tornæmur. Greindarvísitala hafi mælst aðeins 83.

Með úrskurði bæjarþings Reykjavíkur hinn 20. maí 1987 hafi Ágúst verið

sviptur fjárræði, og hafi Vilhjálmur Þórhallsson hrl. verið skipaður fjárhaldsmaður hans.

Stefnandi kveður málsástæður sínar vera tvenns konar og lúta annars vegar að riftun kaupsamningsins og hins vegar að ógildingu hans.

1. Riftun kveður hann byggjast á stórfelldum vanefndum stefndu, sem ekki hafi enn, einu ári frá kaupsamningsdegi, efnt skyldur sínar samkvæmt greiðsluskilmálum, hvorki greitt umsamda útborgun né gefið út skuldabréf né sótt um lán tengd kaupunum.

2. Kröfu um ógildingu kveður hann í fyrsta lagi byggða á fjárræðisskorti stefndu, heimildarskorti ömmu hennar og samþykkisskorti dómsmálaráðuneytisins. Engir tilburðir hafi verið hafðir uppi til úrbóta.

Í öðru lagi á því, að Ágúst hafi ekki verið fær um að skilja þýðingu, efni og afleiðingar kaupsamningsins. Samningurinn sé því óskuldbindandi fyrir Ágúst vegna gerhæfisskorts hans. Að öðru leyti kveðst stefnandi vísa til stefnu í máli Ingibjargar Magnúsdóttur um nánari útlistun málsástæðu þessarar, svo samofin sem málin séu. Hann telur ömmuna, Ingibjörgu Magnúsdóttur, vera aðalhvatamann að samningi stefndu og vekur athygli á þætti hennar í gerð kaupsamningsins.

Stefnandi kveðst byggja kröfur sínar á 28. gr. kaupalaganna nr. 39/1922, að því er riftun kaupsamnings varðar. Um ógildingarkröfuna kveðst hann vísa til samningalaga nr. 7/1936, sbr. lög nr. 11/1986, 30., 31., 32. og 36. gr., sbr. sams konar ákvæði í 248. og 253. gr. almennra hegningarlaga, svo og 2. mgr. 34. og 1. mgr. 37. gr. erfðalaga nr. 8/1962. Almennar reglur um brostnar forsendur komi hér og til álita. Þá sé byggt á 2. mgr. 48. gr. erfðalaga um sameiginlega eða gagnkvæma erfðaskrá. Þá sé vísað til lögræðislaga nr. 68/1968, 1. mgr. 22. gr. og 1. mgr. 37. gr. um fjárræðisskort. Að því er samningagerðina varði, sé vísað til laga um fasteigna- og skipasölu nr. 34/1986, 12. gr., laga um fjölbýlishús nr. 59/1976 og þinglýsingalaga nr. 39/1978, 22. gr.

Stefnda kveðst hafa keypt tiltekna eign skv. kaupsamningi, dags. 4. júní 1986, af Ágústi Jónssyni. Kaupverð hafi verið kr. 1.900.000, og hafi það að öllu leyti verið eðlilegt á þeim tíma, sem hér um ræði, svo og með tilliti til ástands eignarinnar, sem hafi verið mjög lélegt. Kveðst stefnda reyndar hafa lagt stórfé í endurbætur, sem hún eigi rétt til að fá endurgreitt, ef kröfur stefnanda um riftun eða ógildingu kaupsamningsins nái fram að ganga.

Stefnandi hafi fengið tvo fasteignasala til að verðmeta eignina. Því mati sé mótmælt sem röngu og óstaðfestu. Fasteignasalarnir miði mat sitt við verðlag í september 1986, en ekki við verðlag á kaupsamningsdegi. Einnig beri hér að hafa í huga, að Ágúst hafi verið að selja fósturdótturdóttur sinni, en ekki einhverjum algerlega óviðkomandi. Sé ekki óeðlilegt, að kaupverð og greiðslukjör taki að einhverju leyti mið af slíku.

Stefnda hafi þegar greitt útborgun, kr. 500.000, og hafi amma hennar, fósturdóttir stefnanda, tekið við greiðslunni. Sé í sjálfu sér ekkert óeðlilegt við það, og sé það í rauninni mál á milli Ágústs sjálfs og fósturdótturinnar, hvernig með þessa greiðslu skyldi fara, og sé það stefndu með öllu óviðkomandi.

Að því er varði eftirstöðvar kaupverðsins, kr. 1.400.000, sé það ljóst, að stefnda hafi ekki getað uppfyllt þessar samningsskyldur sínar vegna atvika, sem stefnandi beri ábyrgð á, því að það sé strax í byrjun september 1986, sbr. dskj. 39, sem stefnandi krefjist riftunar eða ógildingar kaupsamningsins. Eftirstöðvar kaupverðsins skyldu vera tryggðar með veði í hinni seldu eign, en til þess að svo gæti orðið, hafi stefnda annaðhvort orðið að fá afsal eða veðleyfi hjá Ágústi. Slíkt hafi hins vegar aldrei legið á lausu, eins og ljóst megi vera með tilliti til riftunarkröfu stefnanda í september 1986 svo og málatilbúnaðar hans að öðru leyti.

Eins og vikið hafi verið að, hafi stefnda lagt í mikinn kostnað við endurbætur hins selda. Bæði sé um að ræða útlagðan kostnað svo og vinnuframlag af hálfu stefndu. Var áskilinn réttur til að láta meta endurbætur þessar svo og að gagnstefna í máli þessu til að knýja stefnanda á um efndir af hans hálfu.

Stefnda kveðst hafa fengið afnot hins selda 1. júlí 1986 og hafi haft afnot þess til áramóta 1986/1987. Um afnot síðan hafi ekki verið að ræða.

Af hálfu stefndu er byggt á því, að stefnandi hafi ekki sýnt fram á neinar riftunar- eða ógildingarástæður. Meintar vanefndir stefndu með greiðslu kaupverðsins séu algerlega á ábyrgð stefnanda. Hann hafi sjálfur komið í veg fyrir það, að stefnda gæti uppfyllt samningsskyldur sínar.

Að því er varði ógildingarkröfur stefnanda, séu málsástæður hans varðandi þá kröfu algerlega út í hött. Stefnda hafi orðið fjárráða fáeinum dögum eftir kaupsamningsgerðina, 25. júlí 1986. Sé því með öllu mótmælt, að stefnandi geti nú byggt á þessari málsástæðu.

Um aðrar ógildingarástæður, þ.e.a.s. meintan gerhæfisskort Ágústs Jónssonar, sé m.a. vísað til greinargerðar Ingibjargar Magnúsdóttur á dskj. nr. 55. Stefnda kveðst byggja á því, að Ágúst hafi fyllilega gert sér grein fyrir efni og innihaldi kaupsamningsins við stefndu, þegar hann var gerður. Á því stigi hafi ekki verið um gerhæfisskort hjá Ágústi að ræða. Vottorð ýmissa aðila, sem lögð hafi verið fram í máli þessu, staðfesti þetta.

Niðurstaða.

Stefnda þykir ekki hafa sannað, að hún hafi greitt umsamda útborgun við undirritun kaupsamnings, kr. 500.000. Samkvæmt vottorði Húsnæðisstofnunar ríkisins hafði hún ekki sótt um lán til kaupanna til Byggingarsjóðs ríkisins hinn 17. ágúst 1987. Hefur hún ekki sýnt fram á, að hún

hafi gert neina tilraun til þess að efna samninginn. Hinn 9. september 1986 ritaði stefnandi, Vilhjálmur Þórhallsson hæstaréttarlögmaður, stefndu og Ingibjörgu Magnúsdóttur, ömmu hennar, bréf fyrir hönd Ágústs Jónssonar, þar sem meðal annars er bent á, að útborgunin hafi ekki verið greidd, og þess krafist, að kaupin gangi til baka og kaupsamningarnir við hana um íbúðarhæð hússins og við Ingibjörgu Magnúsdóttur um kjallara hússins nr. 18 við Drekavog verði ógiltir. Hinn 8. október 1986 skrifaði Árni Grétar Finnsson hæstaréttarlögmaður stefndu og Ingibjörgu Magnúsdóttur bréf og einnig Ágústi Jónssyni, þar sem þess er krafist fyrir hönd Bjarnfríðar Viktoríu Sigurðsson Guðmundsson, mágkonu Ágústs, að kaupunum verði rift, þar sem salan brjóti í bág við rétt hennar til arfs eftir systur sína, látna eiginkonu Ágústs, og verð og greiðsluskilmálar séu óeðlilegir. Hinn 19. ágúst 1987 sendi stefnandi stefndu og Ingibjörgu Magnúsdóttur skeyti, þar sem hann áréttar riftunarkröfuna. Samkvæmt því, sem hér er rakið, þykir ljóst, að skilyrði riftunar samkvæmt grunnreglu 28. gr., sbr. 32. gr. kaupalaga nr. 39/1922, séu fyrir hendi, svo framarlega sem talið verði, að um gilda kaupsamninga sé að ræða.

Hinn 20. maí 1986.....

[Samhljóða dómi í bæjarþingsmálinu: Vilhjálmur Þórhallsson sem fjárhaldsmaður Ágústs Jónssonar gegn Ingibjörgu Magnúsdóttur, bls. 579-580 hér á eftir.] ..... getað lesið samninginn.

Í vottorði heimilislæknis Ágústs, Þorgeirs Gestssonar, sem stundað hefur hann reglulega um tuttugu ára skeið, og ritað er 10. október 1986, segir m.a.: Ágúst „er einbúi um árabil eða síðan hann missti konu sína í apríl '76. Borið hefur á vaxandi gleymsku og depurð (dementia senilis). Á síðastliðnu ári bar mikið á kvíða og vanlíðan, enda þá með líkamlegar kvartanir og sjúkdómseinkenni, sem nú hefur verið ráðin bót á. Andleg líðan hans er einnig mun betri síðustu mánuði". Við vitnaleiðslu í lögræðismálinu 5. maí 1987 kvað læknirinn Ágúst hafa breyst töluvert, eftir að hann missti konuna, en ekki hefði borið á beinu minnisleysi lengur en u.þ.b. tvö til þrjú ár. Kvað hann það hafa ágerst í seinni tíð.

Undir rekstri máls þessa.....

[Sjá bls. 581-582 hér á eftir.] ..... vitnisburðum mikið vægi.

— — —

Með vísan til alls þessa, sem hér hefur verið rakið, þykir sannað, að talsverðrar ellihrörnunar hafi verið farið að gæta hjá Ágústi Jónssyni um mánaðamót maí-júní 1986, — enn fremur, að hann hafi að eðlisfari verið ósjálfstæður og látið betur að fela mál sín öðrum og að þessi persónuleikaeinkenni hafi aukist samfara hrörnuninni. Með vísan til þessa og álits allra þeirra fjögurra sérfræðinga, sem rannsakað hafa Ágúst og ályktað um mál-

ið, er það niðurstaða dómsins, að Ágúst hafi skort andlega hæfni til þess að hafa skilning á þeim réttaráhrifum, sem athafnir hans höfðu, er hann ráðstafaði með kaupsamningi íbúðarhæð fasteignar sinnar að Drekavogi 18, Reykjavík, til stefndu og öðrum eigum sínum með löggerningum til Ingibjargar Magnúsdóttur.

Samkvæmt framburði stefndu og Ingibjargar Magnúsdóttur mun fé það, er stefnda kveðst hafa greitt með útborgun samkvæmt kaupsamningi um Drekavog 18, vera fé, er fyrrverandi eiginmaður ömmu hennar ánafnaði henni í líftryggingu, og mun hafa verið tekið fram, að sérstakur fjárhaldsmaður vegna þessara fjármuna skyldi vera faðir hennar, Ingimar Jónsson. Stefnda er fædd 25. júlí 1968 og var því ófjárráða fyrir æsku sakir, er greindur kaupsamningur var gerður. Samkvæmt framburði stefndu hafði hún sjálf aldrei útborgunarféð undir höndum, en kveðst ekki vita annað en amma hennar hafi greitt Ágústi það. Upplýst er með framburði Ingibjargar Magnúsdóttur, að hún greiddi Ágústi ekki féð og hafði ekki í hyggju að gera það, vegna þess að hún taldi, að hann hefði gefið sér húsið. Því er haldið fram af hálfu stefnanda, að ekki hafi verið sótt um tilskilið leyfi samkvæmt 37. gr. lögræðislaga nr. 68/1984 til dómsmálaráðuneytis til þess að kaupa fasteignina fyrir hönd stefndu. Þessu hefur ekki verið mótmælt af hennar hálfu. Lagt hefur verið fram vottorð, undirritað Ingimar Jónsson, dags. á Stöðvarfirði 14. janúar 1988, svohljóðandi: „Ég undirritaður, sem er fjárhaldsmaður Ingibjargar Ingimarsdóttur, votta hér með, að ég gaf Ingibjörgu Magnúsdóttur, Krummahólum 6, Rvík, fullt umboð til að kaupa íbúð að Drekavogi 18 til handa Ingibjörgu Ingimarsdóttur.“ Vottorð þetta er óvottfest og hefur ekki verið staðfest fyrir dómi. Verður því ekki á því byggt. Enn fremur er ljóst, að eins og málavöxtum er hér háttað, var Ingibjörg Magnúsdóttir vanhæf vegna eigin hagsmuna til að koma fram sem fjárhaldsmaður stefndu við þennan löggerning, sbr. 28. gr. lögræðislaga. Ljóst þykir með vísan til 32. gr., sbr. 37. gr. sömu laga, að kaupsamningsgerðin af hálfu stefndu hafi verið ólögmæt. Stefnda var ólögráða, og samningurinn var ekki gerður af þar til bærum aðila og með tilskildu samþykki dómsmálaráðuneytis. Samningnum hefur ekki verið fullnægt. Telja verður, að Ágúst Jónsson hafi ekki getað vegna ellihrörnunar sinnar gert sér grein fyrir því, að stefnda var ófjárráða og hvaða þýðingu það hefði. Þegar þetta er virt sem og það, að Ingibjörg Magnúsdóttir var í máli því, sem gegn henni var rekið fyrir bæjarþinginu, nr. 19519/1987, ekki talin hafa sannað, að Ágúst Jónsson hefði gefið henni húseignina, og þeir löggerningar, er hann gerði henni til hagsbóta, voru þar ógiltir, og einnig það, að meint endurgjald fyrir eignina var óeðlilega lágt og greiðsluskilmálar óskýrir, þá þykir rétt með vísan til 23. gr. lögræðislaga nr. 68/1984 og með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð

og ógilda löggerninga, sbr. 1. gr. laga nr. 11/1986, að ógilda kaupsamning stefndu og Ágústs Jónssonar um íbúðarhæð að Drekavogi 18, Reykjavík, sem talinn er gerður 4. júní 1986, og ber að afmá þinglýsingu hans úr veðmálabókum Reykjavíkur.

Sannað þykir af gögnum málsins, að Ingibjörg Magnúsdóttir, amma stefndu og uppeldismóðir, hafi haft allt frumkvæði að og séð um gerð kaupsamninganna til sín og stefndu. Telja verður ljóst, að hún hafi notfært sér einmanaleika, ósjálfstæði og ellihrumleika Ágústs Jónssonar til að koma nefndum kaupsamningum á. Rétt þykir að líta til þessa og til æsku stefndu, þegar málskostnaður er ákvarðaður. Með vísan til ákvörðunar um útlagðan kostnað í bæjarþingsmáli nr. 19519/1987 þykir eftir atvikum rétt að láta málskostnað í þessu máli niður falla.

Dóminn kvað upp Hjördís Hákonardóttir borgardómari.

Dómsorð:

Kaupsamningur stefndu, Ingibjargar Ingimarsdóttur, og Ágústs Jónssonar um íbúðarhæð húseignarinnar nr. 18 við Drekavog í Reykjavík, gerður 4. júní 1986, skal vera ógildur og ber að afmá hann úr veðmálabókum Reykjavíkur.

Málskostnaður fellur niður.

Gjafsóknarlaun Vilhjálms Þórhallssonar hrl., kr. 150.000, greiðist úr ríkissjóði.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 26. mars 1991.

Nr. 73/1989. **Fríða Ingibjörg Magnúsdóttir**
(Kristján Stefánsson hdl.)
gegn
Vilhjálmi Þórhallssyni hrl.
sem fjárhaldsmanni Ágústs Jónssonar
(Vilhjálmur Þórhallsson hrl.)
og gagnsök.

Misneyting. Ógildi samnings. Gjafsókn. Erfðaskrá. Löghald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. mars 1989 að fengnu leyfi samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands frá 27. febrúar sama ár. Hún krefst sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda, að synjað verði um staðfestingu löghalds og að gagnáfrýjandi greiði henni málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 26. apríl 1989. Hann gerir eftirgreindar dómkröfur:

„1) Að aðaláfrýjanda verði aðallega gert að þola ógildingu, en til vara riftun á kaupsamningi aðila, dags. 4.6. 1986, um kjallara húseignarinnar nr. 18 við Drekavog í Reykjavík, svo og, að hinn þinglýsti kaupsamningur verði afmáður úr veðmálabókum Reykjavíkur.

2) Að aðaláfrýjanda verði dæmd (sic) til þess að þola ógildingu á erfðaskrá, er gagnáfrýjandi gerði til hagsbóta fyrir hana hinn 2. júní 1986.

3) Að aðaláfrýjanda verði dæmd (sic) til þess að endurgreiða gagnáfrýjanda kr. 920.795,93 ásamt 27% ársvöxtum frá 30. maí 1986 til 1. mars 1987, en með 30% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1988, en með dráttarvöxtum skv. 10. gr. l. nr. 25/1987, sbr. 19. gr. l. nr. 9/1989, frá þeim degi til greiðsludags.

Þá er þess krafist, að áfallnir dráttarvextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, i fyrsta skipti 30. maí 1987.

4) Að staðfest verði löghald, er gert var hinn 18. júní 1987 í húseign aðaláfrýjanda, íbúð á 6. - 7. hæð, merkt D, nr. 6 við Krummahóla í Reykjavík, til tryggingar kröfum skv. 3. tl.

5) Að aðaláfrýjanda verði dæmd (sic) til þess að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að mati réttarins, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Með leyfi dómsmálaráðuneytisins 7. desember 1987 var gagnáfrýjanda veitt gjafsókn í héraði og með leyfi 5. mars 1990 gjafsókn og gjafvörn fyrir Hæstarétti. Vilhjálmur Þórhallsson hæstaréttarlögmaður var jafnframt skipaður til að flytja málið fyrir gjafsóknarhafa. Ágúst Jónsson var sviptur fjárræði að eigin ósk með úrskurði bæjarþings Reykjavíkur 20. maí 1987.

Aðaláfrýjandi heitir fullu nafni Fríða Ingibjörg Magnúsdóttir.

Með dómi Hæstaréttar 8. maí 1990 í málinu nr. 334/1989: Ákæruvaldið gegn Fríðu Ingibjörgu Magnúsdóttur, var staðfestur dómur sakadóms Reykjavíkur 2. ágúst 1989, en þar var aðaláfrýjandi fundinn sekur um að hafa notfært sér ellisljóleika, einmanaleika og ósjálfstæði Ágústs Jónssonar til að afla sér þeirra hagsmuna, sem um ræðir í 1. - 3. tölulið kröfugerðar gagnáfrýjanda hér að framan. Var háttsemi hennar talin varða við 253. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Með hliðsjón af þessum dómi Hæstaréttar er sannað samkvæmt 1. mgr. 196. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. 2. mgr. 168. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, að aðaláfrýjandi hafi notað sér bágindi Ágústs til að afla sér ofangreindra hagsmuna, án þess að nokkurt endurgjald ætti fyrir að koma samkvæmt framburði hennar sjálfrar. Eins og málið liggur fyrir Hæstarétti, ber því samkvæmt 31. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, sbr. l. gr. laga nr. 11/1986 svo og 37. gr. erfðalaga nr. 8/1962, að ógilda greinda gerninga og staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms. Vextir verða dæmdir eins og í dómsorði greinir.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms varðandi löghald, sem gert var 18. júní 1987 í íbúð aðaláfrýjanda, skal vera óraskað.

Aðaláfrýjandi greiði 765.547 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, er renni í ríkissjóð. Gjafsóknar- og gjafvarnarkostnaður gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns

hans, Vilhjálms Þórhallssonar hæstaréttarlögmanns, 600.000 krónur.

Dómsorð:

Kaupsamningur aðaláfrýjanda, Fríðu Ingibjargar Magnúsdóttur, og gagnáfrýjanda, Ágústs Jónssonar, frá 4. júní 1986 um kjallara húseignarinnar nr. 18 við Drekavog í Reykjavík skal vera ógildur, og ber að afmá hann úr veðmálabókum Reykjavíkur.

Erfðaskrá, sem gagnáfrýjandi gerði aðaláfrýjanda til hagsbóta 2. júní 1986, skal vera ógild.

Aðaláfrýjandi skal endurgreiða gagnáfrýjanda 920.795,93 krónur með 27% ársvöxtum frá 30. maí 1986 til 1. mars 1987, með 30% ársvöxtum frá þeim degi til 11. nóvember 1988, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Löghald, sem gert var 18. júní 1987 í íbúð aðaláfrýjanda á 6. hæð, merkt D, í húsi nr. 6 við Krummahóla í Reykjavík, er staðfest.

Aðaláfrýjandi greiði 765.547 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, er renni í ríkissjóð. Gjafsóknar- og gjafvarnarkostnaður gagnáfrýjanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hans í héraði og fyrir Hæstarétti, Vilhjálms Þórhallssonar hæstaréttarlögmanns, 600.000 krónur.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. nóvember 1988.

Mál þetta, sem dómtekið var 17. október 1988, er höfðað fyrir bæjarþinginu af Vilhjálmi Þórhallssyni hrl., Vatnsnesvegi 20, Keflavík, sem fjárhaldsmanni Ágústs Jónssonar, nnr. 0134-7788, fyrrverandi bifreiðarstjóra, Drekavogi 18, Reykjavík, gegn Ingibjörgu Magnúsdóttur, nnr. 4626-6846, þjónakonu, Krummahólum 6, Reykjavík, til riftunar eða ógildingar á kaupsamningi, til ógildingar á erfðaskrá, til endurgreiðslu á bankainnstæðum og til greiðslu vaxta og málskostnaðar og til staðfestingar á löghaldsgerð.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að stefndu verði aðallega gert að þola riftun, en til vara ógildingu á kaupsamningi hennar og Ágústs Jónssonar, dags. 4. júní 1986, um kjallara húseignarinnar nr. 18 við Drekavog í Reykjavík, svo og, að hinn þinglýsti kaupsamningur verði afmáður úr þinglýsingarbókum Reykjavíkur.

2. Að stefnda verði dæmd til þess að þola ógildingu á erfðaskrá, er Ágúst Jónsson gerði til hagsbóta fyrir hana hinn 2. júní 1986.

3. Að stefnda verði dæmd til þess að endurgreiða Ágústi Jónssyni kr. 920.795,93 ásamt 27% ársvöxtum frá 30. maí 1986 til 1. mars 1987, en með 30% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og til greiðslu vaxtavaxta.

4. Að staðfest verði löghald, er gert var hinn 18. júní 1987 í húseign stefndu, íbúð á 6.-7. hæð, merktri D, nr. 6 við Krummahóla, til tryggingar kröfum skv. 3. tl.

5. Að stefnda verði dæmd til þess að greiða stefnanda málskostnað skv. framlögðum málskostnaðarreikningi, svo sem mál þetta væri ekki gjafsóknarmál.

Af hálfu stefndu eru gerðar eftirfarandi dómkröfur:

1. Að kröfum stefnanda um ógildingu erfðaskrár, dags. 2. júní 1986, verði vísað frá dómi.

2. Að stefnda verði að öðru leyti sýknuð af kröfum stefnanda.

3. Að synjað verði staðfestingar löghalds.

4. Að stefnanda verði gert að greiða stefndu málskostnað að mati réttarins.

Hinn 17. október 1988 var kveðinn upp úrskurður um frávísunarkröfu stefndu skv. 1. lið kröfugerðar hennar, þar sem kröfunni var hafnað.

Rök stefndu fyrir frávísunarkröfunni voru, að erfðaskrá þessi væri einhliða gerningur Ágústs Jónssonar. Hann ætti því ekki að þurfa neinn ógildingardóm til riftunar erfðaskrárinnar. Það dugi, að arfleiðandi láti ótvírætt í ljós, að hann taki aftur erfðaskrá sína, sbr. 48. gr. l. nr. 8/1962.

Stefnandi krafðist þess, að frávísunarkröfunni yrði hrundið. Hann taldi rétt og eðlilegt að fjalla um alla kröfuliði sína í einu lagi, þar sem augljóst samband væri á milli þeirra. Þá væri Ágúst Jónsson ekki talinn gerhæfur, og því hlyti að mega ógilda erfðaskrána, ella kynni sú sérkennilega staða að koma upp, að aðrir fjármunagerningar Ágústs, sem fjallað sé um í aðalmálinu, verði ógiltir, en erfð falli samkvæmt erfðaskránni.

Dómurinn taldi, að afturköllun erfðaskrár væri persónulegur gerningur, sem arfleiðandi einn gæti gert, og þar sem hugsanlegt væri, að afturköllun arfleiðanda í þessu tilviki yrði vefengd vegna heilsu hans, þá væri hér um réttaróvissu að ræða, og lögvarðir hagsmunir stefnanda að fá skorið úr um gildi erfðaskrárinnar.

Málavextir, málasástæður og lagarök.

Af hálfu stefnanda er málavöxtum þannig lýst:

Ágúst Jónsson sé fæddur 27. júlí 1905. Einkadóttir hans sé Anna Dóra, f. 13. nóvember 1930, utan hjónabands, og hafi hún alist upp hjá móður sinni. Hann hafi kvænst Huldu Long Ingibergsdóttur hinn 16. maí 1933. Þau hafi skilið 5. desember 1947. Stefnda, sem fædd sé 1. júlí 1929, sé dóttir Huldu og því fyrrverandi stjúpdóttir Ágústs. Hinn 19. febrúar 1949 hafi hann kvænst Svövu Halldóru Sigurðardóttur. Þau hafi gert með sér kaupmála til hagsbóta fyrir Svövu Halldóru 16. mars 1950 og viðbótarkaupmála 29. júní 1960 um húseignina nr. 18 við Drekavog, sem þau hafi byrjað að byggja 1954. Hinn 12. júlí 1960 hafi Ágúst og Svava Halldóra gert sameiginlega erfðaskrá, sem telja megi gagnkvæma. Þar hafi verið gert ráð fyrir mjög eindregnum helmingaskiptum erfingja hvors um sig við lát þess, er lengur lifði. Svava Halldóra hafi látist 17. apríl 1976. Ekki sé ofmælt, að hún hafi verið Ágústi hin styrka stoð og hafi stjórnað fjármálum þeirra og framkvæmdum öllum. Hann hafi í gegnum árin (sic) haft samband við Kristján, bróður sinn, og eftir lát Svövu Halldóru hafi hann haft mjög náið og gott samband við Eirík, bróður sinn, og Maju, eiginkonu hans, er hafi búið að Skipasundi 75. Eiríkur hafi látist skyndilega í byrjun maí 1986.

Ágúst hafi lifað kyrrlátu og vanabundnu lífi, en skyndilega hafi orðið þar breyting á, er stefnda, Ingibjörg Magnúsdóttir, hafi komið til sögunnar. Nokkru fyrir lát Eiríks hafi hún farið að gefa sig að Ágústi, en samband þeirra hafi þá verið algjörlega rofið í hartnær fjörutíu ár. Þetta endurnýjaða samband hafi ekki verið náið. Ágúst hafi ekki fengið neina þjónustu eða framfærslu hjá stefndu. Hún hafi hins vegar látið vel að honum. Í lögregluskýrslu segir Ágúst m.a.: „Þá þegar bauðst hún til að gera allt fyrir mig. Hún bauðst til að gæta mín eins og barns." Stefnandi kveður nánast ekkert hafa orðið úr þessum loforðum. Ágúst segir einnig, að sér virðist sem stefnda hafi náð einhverju valdi yfir honum og sér hafi virst allt vera satt og rétt, sem hún gerði.

Eftir að Eiríkur, bróðir Ágústs, lést, hafi hlutirnir farið að ganga hratt fyrir sig(sic). Dagana 26. maí og 30. maí 1986 hafi Ágúst tæmt innstæður tveggja kjörbókarreikninga í Langholtsútibúi Landsbankans. Önnur bókin hafi verið á nafni hans, nr. 60116, með kr. 394.102,62, en hin á nafni Viktoríu Guðmundsson, mágkonu Ágústs, nr. 60115, með kr. 489.719,42. Sömu daga hafi nákvæmlega sömu fjárhæðir verið lagðar inn á kjörbókarreikning stefndu, nr. 61933, í sama banka. Það veki athygli, að Ágúst hafi ekki skrifað nafn sitt á innleggsnóturnar. Þá hafi hann einnig tekið út innstæðu sína á hávaxtareikningi nr. 218514 í Samvinnubankanum, kr. 36.973,89, hinn 26. maí 1986, og hafi þetta verið lagt inn á reikning

stefndu, Ingibjargar Magnúsdóttur, sama dag í sama banka. Stefnda hafi fyllt út innleggsnótuna. Samtals nemi þessar bankainnstæður kr. 920.795,93, sem sé stefnukrafa skv. 3. tl. Stefnda hafi notið þessara fjármuna og t.d. tekið út innstæðu sína í Landsbankanum af reikningi nr. 61933. Ekkert skriflegt sé til um þetta nema bankafylgiskjöl.

Næst kveður stefnandi það gerast, að Ágúst gangi frá erfðaskrá hjá borgarfógetaembættinu hinn 2. júní 1986 til hagsbóta fyrir stefndu. Hafi stefnda farið með honum til að gegna þessu erindi. Erfðaskrá þessi brjóti mjög í bága við erfðaskrá Ágústs og Svövu, seinni konu hans, sem dags. sé 12. júlí 1960 og þar sem gert sé ráð fyrir mjög eindregnum helmingaskiptum erfingja hvors um sig við lát þess langlífara.

Flóknasta atriðið í viðskiptum Ágústs og stefndu séu kaupsamningar um Drekavog 18, sem dags. séu 4. júní 1986. Þar kaupi stefnda kjallara hússins á kr. 1.100.000 með útborgun kr. 500.000 og verðtryggðu bréfi til 10 ára, án þess að vaxta sé getið. Skyldi Ágúst hafa afnot kjallarans svo lengi sem hann kysi. Ekki sé tekið fram um endurgjald fyrir þau afnot. Dótturdóttir stefndu, Ingibjörg Ingimarsdóttir, kaupi hins vegar íbúðarhæð hússins, og sé sérstakt dómsmál rekið út af þeim gerningi. Stefnandi telur samt órofa samhengi vera hér á milli. Það, sem meginmáli skipti, sé, að stefnda hafi haft allt frumkvæði að gerð samninganna. Hún hafi haft samband við fasteignasala og lögmann. Ágúst hafi ekkert samráð haft við lögmann eða einhvern sér nákominn, áður en til samninganna kom. Samningskjörin séu runnin undan rifjum stefndu. Kaupverðið sé ákveðið langt undir gangverði skv. mati tveggja fasteignasala, og hafi Ágúst beinlínis verið hlunnfarinn. Skjalagerð sé mjög gölluð. Þess sé ekki getið, hver hafi samið skjölin, þrátt fyrir lagaskyldu þar um. Skiptayfirlýsing hafi ekki legið fyrir. Þá sé þess ekki getið í samningnum, hvenær afsöl skuli fara fram né hvar greiðslur kaupverðs eigi að fara fram. Í öðrum samningnum sé þess ekki getið, að veðbókarvottorð liggi frammi. Enginn lögmaður hafi verið viðstaddur undirskriftir, sem ekki hafi farið fram samtímis. Stefnda hafi skrifað heimildarlaust sem fjárhaldsmaður undir kaupsamning nöfnu sinnar. Ekki hafi enn verið sótt um heimild til dómsmálaráðuneytisins vegna kaupanna.

Hvorug nafnanna hafi greitt Ágústi umsamda útborgun né hafi stefnda haft nokkurt frumkvæði að því að ganga frá afsali og skuldabréfum. Þá hafi Ingibjörg Ingimarsdóttir ekki sótt um lán hjá Húsnæðismálastofnun ríkisins til efnda á kaupsamningnum.

Þeirri fullyrðingu stefndu, að Ágúst hafi gefið sér húseignina eða andvirði hennar, sé afdráttarlaust mótmælt. Þótt svo hefði verið, skipti það engu máli.

Sumarið 1986 hafi mágkona Ágústs, Viktoría, sem búsett sé í Bandaríkjunum, komið í heimsókn til Íslands. Hún hafi orðið þess áskynja, hvað

hann hafði gert, og hafi í framhaldi af því leitað til lögmanns. Maja, mágkona Ágústs, hafi einnig komist að þessu og sagt Kristjáni, bróður hans, frá því. Hann hafi síðan haft samband við Önnu Dóru, dóttur Ágústs. Hún hafi rætt málið við Vilhjálm Þórhallsson hrl. Tilraun lögmannsins til að leysa málið friðsamlega hafi ekki borið árangur. Málið hafi verið kært til rannsóknarlögreglu ríkisins 6. október 1986. Ágúst hafi gengist undir rannsókn dr. Hannesar Péturssonar, yfirlæknis á Borgarspítalanum, og Sigurgísla Skúlasonar sálfræðings til þess að ganga úr skugga um hæfi hans til að gera sér grein fyrir afleiðingum hérgreindra fjármálagerninga. Álit læknisins sé, að Ágúst „hafi ekki verið fær um að gera sér nægilega ljósa þýðingu, efnisinnihald og afleiðingar framangreindra fjármálagerninga". Sálfræðiprófið bendi m.a. til verulegs greindarskorts og að Ágúst sé treggefinn eða tornæmur. Greindarvísitala hafi mælst aðeins 83.

Með úrskurði bæjarþings Reykjavíkur hinn 20. maí 1987 hafi Ágúst verið sviptur fjárræði, og hafi Vilhjálmur Þórhallsson hrl. verið skipaður fjárhaldsmaður hans.

Stefnandi kveður málsástæður sínar vera tvenns konar og lúta annars vegar að riftun kaupsamningsins og hins vegar að ógildingu hans, ógildingu erfðaskrárinnar og afhendingar bankainnstæðnanna. Við munnlegan málflutning kvað stefnandi endurgreiðslukröfu sína á því byggða, að gerningarnir væru ógildanlegir.

1. Riftun kveður hann byggjast á stórfelldum vanefndum stefndu, sem ekki hafi enn, einu ári frá kaupsamningsdegi, efnt skyldur sínar gagnvart greiðsluskilmálum, hvorki greitt umsamda útborgun né gefið út skuldabréf.

2. Kröfu um ógildingu kveður hann byggða á því, að Ágúst hafi verið ófær um að skilja þýðingu, efni og afleiðingar gerða sinna, sbr. rannsókn sérfræðinga. Greindar ráðstafanir séu því óskuldbindandi vegna gerhæfisskorts Ágústs. Hafa beri í huga, að hér sé um flókin og óvenjuleg viðskipti að tefla, a.m.k. fyrir Ágúst. Geta verði þess, að gerningarnir séu bæði óskynsamlegir og óeðlilegir. Íbúðin og húseignin í heild séu seldar langt undir gangverði og því bersýnilegur munur á andvirði þeirra og matsverði. Reyndar hafi húseignin verið gefin að sögn stefndu, en það telur stefnandi vera fjarri öllu lagi. Það séu engin þau tengsl á milli aðila, sem réttlæti slík vildarkjör, og örlæti að ráðstafa nánast aleigu sinni án endurgjalds. Hvorki stefnda né Ingibjörg Ingimarsdóttir hafi gert nokkuð fyrir Ágúst, svo að þær verðskuldi allt þetta. Erfðaskrá Ágústs og Svövu Halldóru beri að túlka þannig, að honum hafi verið óheimil ráðstöfun eigna, svo sem hann hafi gert, a.m.k. að því er húseignina varði. Stefnandi telur visst samhengi vera á milli þeirra löggerninga, sem fjallað sé um í málinu. Aðferðin sé hin sama, allt beri upp á sama tíma, allt sé til hagsbóta fyrir stefndu, en til tjóns fyrir Ágúst Jónsson. Kveður hann stefndu ótvírætt

hafa beitt Ágúst ótilhlýðilegum áhrifum, eins og heilsu og högum hans hafi verið komið, og beinlínis notfært sér dómgreindarskort hans. Misneyting og óheiðarleiki séu augljós. Sviksamleg brögð hafi verið í tafli. Ósanngjarnt væri, ef Ágúst fengi ekki vikið þessum gerðum til hliðar. Við munnlegan málfutning kvaðst stefnandi ekki byggja á brostnum forsendum, svo sem sagt er í stefnu.

Stefnandi kveðst byggja kröfur sínar á 28. gr. kaupalaganna nr. 39/1922, að því er riftun kaupsamnings varðar. Um ógildingarkröfuna kveðst hann vísa til samningalaga nr. 7/1936, sbr. lög nr. 11/1986, 30., 31., 32. og 36. gr., sbr. sams konar ákvæði í 248. og 253. gr. almennra hegningarlaga, svo og 2. mgr. 34. og 1. mgr. 37. gr. erfðalaga nr. 8/1962. Þá sé byggt á 2. mgr. 48. gr. erfðalaga um sameiginlega eða gagnkvæma erfðaskrá. Að því er samningagerðina varði, sé vísað til laga um fasteigna- og skipasölu nr. 34/1986, 12. gr., laga um fjölbýlishús nr. 59/1976, 3. og 4. gr., og þinglýsingalaga nr. 39/1978, 22. gr.

Af hálfu stefndu er fullyrt, að málavaxtalýsing stefnanda sé í veigamiklum atriðum röng, bæði að því er varði aðdraganda þess, að stefnda og Ágúst tóku upp samband að nýju, svo og aðdraganda og tilgang greindra kaupsamninga.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að hún hafi hitt Ástu, systur Ágústs, á árinu 1984, sem hafi tjáð henni, að hann væri orðinn ekkjumaður og væri mjög einmana, og hún hafi jafnframt beðið stefndu að líta til hans.

Kveður stefnda það hafa verið á gamlaársdag 1984, sem hún hafi hringt í Ágúst og boðið honum í mat. Kveðst hún hafa sagt honum, að hann hefði gaman af því að koma og sjá börn og barnabörn stefndu. Hafi Ágúst þakkað henni mikið fyrir að hringja, en sagst alltaf vera heima hjá sér á þessu kvöldi. Hafi stefnda þá sagt honum, að hún kæmi í kaffi til hans einvern daginn.

Hún kveður það svo hafa verið á árinu 1985, sem Ágúst hafi sjálfur farið að hringja í stefndu til að spyrja hana, hvort hún ætlaði ekki að fara að líta til sín. Upp frá því hafi stefnda farið í tíðar heimsóknir, enda hafi Ágúst haft lítið samband við önnur skyldmenni sín, svo sem dóttur og systkini, fyrir utan bróður sinn, Eirík. Einnig hafi Ágúst dvalist hjá stefndu bæði á páskum og jólum svo og um áramót. Um miðjan apríl 1986 hafi það verið ákveðið að ráði Eiríks, bróður hans, að Ágúst flyttist í kjallaraíbúðina að Drekavogi 18, en mjög stuttu síðar hafi Eiríkur fallið frá. Um miðjan maí hafi svo verið hafist handa um að mála og standsetja kjallarann, en von hafi verið á Viktoríu, mágkonu Ágústs, sem ætíð hafi gist hjá honum, þegar hún hafi komið í heimsókn, en hún hafi verið búsett í Bandaríkjunum. Um svipað leyti hafi það borist í tal, að bróðir Ágústs, Eiríkur, hefði ráðlagt honum að selja hæðina. Kveðst stefnda þá hafa

boðist til að kaupa hæðina fyrir dótturdóttur sína, Ingibjörgu Ingimarsdóttur, sem hefði fengið dánarbætur frá fósturföður sínum, Gísla Marinóssyni. Hafi Ágúst þá sagt: „Þú átt að eiga húsið, og þú ræður því þá, góða."

Í framhaldi af þessu hafi stefnda og Ágúst farið á fund fasteignasalans Sverris Kristjánssonar, og hafi þau skýrt Sverri frá málavöxtum, þ.e. að Ágúst væri að gefa stefndu húsið að Drekavogi 18. Kveður hún Sverri hafa staðfest frásögn stefndu að þessu leyti og jafnframt það, að Ágúst hafi ætlað að selja dótturdóttur stefndu hæðina og andvirði hennar gengi til stefndu. Það hafi síðan orðið að ráði, að gjafagerningur Ágústs vegna kjallarans hafi einnig að forminu til verið settur upp sem kaupsamningur. Kaupsamningar hafi síðan verið gerðir og undirritaðir af öllum viðkomandi, og hafi Ágúst þá vitað fullkomlega, hvað hann hafi verið að undirrita og hvers vegna. Vottar að undirskriftum Ágústs hafi verið Ragnar Kristinsson og Ægir Kári Bjarnason, og kveður hún þá báða hafa staðfest, að Ágúst hafi gert sér fulla grein fyrir, hvað hann var að gera með undirritun kaupsamninganna.

Í lok maí 1986 hafi Ágúst millifært og greitt inn á bankareikninga stefndu samtals kr. 920.795,93. Þetta hafi hann gert ótilkvaddur, og hafi stefnda engin afskipti haft af þessum tilfærslum. Hafi stefnda orðið mjög undrandi, er hún hafi orðið þessa vís, og innt Ágúst eftir þessu, og hafi hann þá svarað svo: „Mér þykir svo gaman að gefa þér þetta, Inga."

Að því er varði erfðaskrána frá 2. júní 1986, þá hafi allt frumkvæðið verið hjá Ágústi. Erfðaskráin sé undirrituð í viðurvist borgarfógeta og notarialvotta, sem staðfesti, að Ágúst hafi undirritað hana „af frjálsum og fúsum vilja, með fullu ráði og kveði skrána hafa að geyma vilja sinn". Stefnda kveður, að við komu mágkonu Ágústs, Viktoríu, til landsins hafi hann orðið fyrir miklum þrýstingi, bæði af hennar hálfu svo og dóttur hans og bróður, Kristjáns, að rifta öllum þessum gerningum. Hafi hann þá haft svo á orði við stefndu, að þetta fólk væri að ganga af sér dauðum.

Af hálfu stefndu er byggt á því, að Ágúst hafi fyllilega gert sér grein fyrir þeim gerningum, sem hann hafi gert til hagsbóta fyrir stefndu. Því sé algerlega mótmælt, að hann hafi verið ófær um að gera sér ljósa grein fyrir þýðingu, efnisinnihaldi eða afleiðingum þessara gerninga. Þau vitni, sem borið hafi um andlega hæfileika Ágústs vorið 1986, séu öll sammála um það, að hann hafi í alla staði verið vel áttaður (sic) og alls ekki í því andlega ástandi, sem lesa mætti út úr rannsókn Hannesar Péturssonar yfirlæknis, dags. 22. febrúar 1987. Yfirlækninum sé auðvitað vorkunn, þar sem hann hafi ekki átt þess kost, eins og hann orði það sjálfur, „að skoða Ágúst, þá er framangreindir fjármálagerningar voru framkvæmdir". Hins vegar vilji svo til, að ýmsir aðilar, sem engra hagsmuna eigi að gæta í máli þessu, geti hjálpað yfirlækninum að þessu leyti, því að þeir hafi átt

þess kost að ræða við og kynnast Ágústi á því tímabili, sem hér skipti máli. Er í þessu sambandi vísað til vottorða á dskj. nr. 45, 46, 47, 49, 51 og 53. Lýsing þessara aðila á Ágústi virðist vera í miklu ósamræmi við lýsingu yfirlæknisins á honum eftir skoðun, sem ætla verður, að hafi ekki farið fram fyrr en 20. desember 1986. Það sé ef til vill ekki að undra, þótt Ágúst láti eitthvað á sjá frá maí til desember 1986 eftir allt, sem á hafi gengið, þegar bréf- og lögerfingjar verði þess áskynja, að hann hafi enga hlutdeild ætlað þeim í eignum sínum eftir sinn dag. Og til þess að kóróna þetta allt saman sé Ágúst sjálfur látinn óska þess, að hann verði sviptur fjárræði. Þetta megi hann þola af sínum nánustu á elliárunum. Það sé því ekkert það tilefni í máli þessu, sem leiða ætti til riftunar eða ógildingar hins svokallaða „kaupsamnings". Ágúst hafi verið sér þess fyllilega meðvitaður, að hann væri með samningi þessum að gefa stefndu kjallaraíbúðina að Drekavogi 18. Það hafi verið Ágúst sjálfur, sem hafi viljað gefa stefndu íbúðina, og hafi þar sjálfur átt allt frumkvæðið. Hið sama gildi um peningagjafir hans til stefndu. Hann hafi þar átt allt frumkvæðið, og hafi stefnda ekkert vitað af því, fyrr en allt hafi verið um garð gengið. Gjafagerningar milli náinna vandamanna séu ekkert einsdæmi og með öllu eðlilegir. Hér sé fósturfaðir að gefa fósturdóttur sinni, sem alist hafi upp hjá honum frá tveggja ára til átján ára aldurs. Gjafagerningur slíkur sem þessi sé með öllu eðlilegur, eins og á hafi staðið. Einnig beri að hafa það í huga, að Ágúst skyldi hafa afnot kjallaraíbúðarinnar eins lengi og hann óskaði án nokkurs endurgjalds. Hafi stefnda gengist í því að koma kjallaraíbúðinni í gott stand með því að láta mála hana, dúk- og teppaleggja, svo að eitthvað sé nefnt. Sýknukrafa stefndu sé byggð á framangreindum sjónarmiðum, að því er varði kröfu stefnanda um riftun eða ógildingu kaupsamningsins svo og endurgreiðslukröfuna.

Verði sýknukrafa stefndu tekin til greina, leiði það af sjálfu sér, að synja beri um staðfestingu löghaldsins frá 18. júní 1987. En auk þess er á því byggt, að synja beri um staðfestingu löghaldsins, þar sem af hálfu stefndu hafi enginn verið mættur eða skipaður sem réttargæslumaður við framkvæmd löghaldsins.

Í máli þessu liggi frammi ýmis skjöl og framburður. Sé öllum þeim skjölum og framburði mótmælt sem röngum og ósannfestum, að svo miklu leyti sem þau fari í bága við málatilbúnað stefndu.

Niðurstaða.

Hinn 20. maí 1986 var Ágúst Jónsson að eigin ósk sviptur fjárræði með úrskurði bæjarþings Reykjavíkur. Var úrskurðurinn m.a. byggður á áliti tveggja sérfræðinga, Hannesar Péturssonar geðlæknis og Sigurgísla Skúlasonar sálfræðings.

Framangreindir sérfræðingar komu fyrir dóm bæði í lögræðismálinu og í þessu máli. Rannsókn læknisins leiddi í ljós greinilega skerðingu á andlegri starfsemi Ágústs vegna heilabilunar, sem hann taldi að líkindum hafa átt sér nokkurra ára aðdraganda og mætti líklega rekja til tveggja sjúkdóma, sem valdið geti skemmdum í miðtaugakerfi, sjúkdómsins multi-infarct dementia, sem háþrýstingur geti orsakað og lýsi sér í skerðingu á nærminni, og hugsanlega langvinns hrörnunarsjúkdóms, senil dementia, af Alzheimergerð. Færu þessi sjúkdómar oft saman. Hannes Pétursson læknir taldi engan vafa á því, að um verulega skerðingu á andlegri starfsemi Ágústs, þ.e. meðvitund, áttun (sic), athygli og einbeitingu hafi verið að ræða, þegar gerningarnir voru gerðir, og einnig taldi hann mjög líklegt, að hann hefði á þeirri stundu ekki heldur gert sér grein fyrir umfangi eigna sinna né beinum afleiðingum þeirra fjármálagjörninga, sem hann var að gera. Rannsókn læknisins fór fram í desember og janúar 1986-1987.

Sigurgísli Skúlason sálfræðingur lagði þrjú sálfræðipróf fyrir Ágúst á tímabilinu janúar-febrúar 1987, Wechslers-próf fyrir fullorðna, Ravens-próf-ið og Kendriks-prófin. Bentu niðurstöður úr öllum prófunum til vefrænnar skerðingar (dementia), í daglegu tali nefnd elliglöp. Reyndist langtímaminni vera þolanlegt, en skammtímaminni mjög lítið. Við vitnaleiðslu taldi sálfræðingurinn, að Ágúst myndi eiga í erfiðleikum með að fá samhengi í hlutina og ná nægilega miklum skilningi til að geta gengið frá flóknum samningum, hann myndi eiga í erfiðleikum með að fá samhengi í atburðarás, sem tæki marga daga, þar sem hann gleymdi í millitíðinni (sic). Hann taldi öruggt, að hann hefði ekki getað lesið samninginn.

Í vottorði heimilislæknis Ágústs, Þorgeirs Gestssonar, sem stundað hefur hann reglulega um tuttugu ára skeið, og ritað er 10. október 1986, segir m.a.: Ágúst „er einbúi um árabil eða síðan hann missti konu sína í apríl '76. Borið hefur á vaxandi gleymsku og depurð (sic) (dementia senilis). Á síðastliðnu ári bar mikið á kvíða og vanlíðan, enda þá með líkamlegar kvartanir og sjúkdómseinkenni, sem nú hefur verið ráðin bót á. Andleg líðan hans er einnig mun betri síðustu mánuði". Við vitnaleiðslu í lögræðismálinu 5. maí 1987 kvað læknirinn Ágúst hafa breyst töluvert, eftir að hann missti konuna, en ekki hefði borið á beinu minnisleysi lengur en u.þ.b. tvö til þrjú ár. Kvað hann það hafa ágerst í seinni tíð. Hann kvað Ágúst hafa sagt sér, að hann hefði alltaf átt erfitt með fjármál og að kona sín hefði „verið sá aflgjafi, sem hafi hjálpað honum". Þegar læknirinn var spurður, hvort hann teldi þetta minnisleysi Ágústs geta réttlætt fjárræðissviptingu, sagði vitnið: „Það sem ég get helst sagt um þau mál, er það, sem hann sjálfur segir mér og hefur sagt. Hann sagði fyrst, að hann hefði verið búinn að koma sér nokkuð vel fyrir. Það væri ein manneskja, sem hefði hjálpað sér og tekið að sér sínar fjárreiður, og hann hélt, að hann

væri áhyggjulaus eftir það. Svo leið ekki langur tími, að þá kemur hann til mín aftur og getur þess að fyrra bragði, að hann muni ekki hafa verið með sjálfum sér, þegar hann gerði þessa ráðstöfun, enda væri hann svo minnislaus, að hann myndi mjög illa það, sem væri að ske." Þessi skoðun kom aftur fram hjá lækninum við vitnaleiðslu 7. apríl 1988, að Ágúst hefði búið við depurð og kvíða og gripið fegins hendi þá aðstoð, sem honum hafi boðist, og glaðst af að þurfa ekki að hafa frekari áhyggjur.

Undir rekstri þessa máls varð að samkomulagi með lögmönnum að leita álits enn eins sérfræðings, og var Högni Óskarsson geðlæknir beðinn með bréfi stefnanda, dags. 13. apríl 1988, um að álykta um gerhæfi Ágústs Jónssonar í maí-júní 1986. Er álit hans dagsett 12. júní 1988 og hefur verið staðfest fyrir dómi. Er niðurstaða þess svohljóðandi:

„Ágúst er haldinn elliglöpum á háu stigi vegna heilarýrnunar (dementia senilis vegna atrophia cerebri). Niðurstöður tölvusneiðmyndar benda til, að heilarýrnun sé af þeirri gerð, sem vex hægfara á mörgum árum og veldur truflunum á vitsmunalegri getu og tilfinningalífi viðkomandi.

Samkvæmt upplýsingum heimilislæknis virðist hér um að ræða a.m.k. allmargra ára aðdraganda. Ættingjar Ágústs telja sig hafa séð merki um elliglöp strax um árið 1977. Hnignandi félagleg geta Ágústs í allmörg ár bendir til hins sama. Afleiðingar þess hafa verið vaxandi minnisleysi, sérstaklega á nýliðna atburði, minnkandi áttun (sic) í daglegu lífi, vaxandi félagslegt ósjálfstæði ásamt truflunum á dómgreind og stundum á tilfinningum.

Ágúst virðist hafa verið með þunglyndiseinkenni og kvíðaeinkenni árið 1985.

Persónuleiki Ágústs er þannig, að hann hefur mikið reitt sig á aðra vegna ósjálfstæðis við ákvarðanatöku, og má búast við, að þannig (sic) persónuleikaeinkenni vaxi samfara vaxandi elliglöpum. Margt í framburði vitna bendir einmitt til þess.

Það er mat undirritaðs að vandlega rannsökuðu þessu máli, að það séu yfirgnæfandi líkur á því, að Ágúst hafi verið ófær um að ráðstafa eigum sínum í maí og júní 1986, eins og lýst er í dómskjölum, þannig að skynsamlegt mætti telja."

Hjá Högna Óskarssyni lækni kom enn fremur fram, að tölvusneiðmynd sú, sem tekin var af Ágústi, benti ekki til blóðrásartruflana í heila, þannig að líkur væru á meiri hægfara rýrnun en ef slíkt hefði átt sér stað.

Ættingjar Ágústs bera, að honum hafi byrjað að fara aftur fyrir mörgum árum, þar af tveir bræður hans, sem ekki verður séð, að eigi nokkurra hagsmuna að gæta varðandi þá fjármunagerninga, sem mál þetta snýst um. Taldi Kristján Jónsson, bróðir hans, fyrst fara að bera á því, eftir að hann missir konuna og fer að verða einn. Er þetta í samræmi við lýsingu heimilis-

læknisins, Þorgeirs Gestssonar. Það kom fram hjá Kristjáni, að Svava Halldóra heitin, síðari kona Ágústs, hefði verið stjórnsöm, og það hefði að líkindum látið Ágústi vel. Það kom enn fremur fram í framburði hans, að hann, Kristján, hefði undanfarið aðstoðað Ágúst t.d. við gerð skattframtala og við að fara í banka og annað. Kvað hann Ágúst þá ekkert gá að því, hvar hann skrifaði nafn sitt, „vill skrifa nafnið sitt einhvers staðar og einhvers staðar bara án þess að gera sér grein fyrir því, hvar það á að vera. Ég benti honum á þetta, því að hann er mjög illa farinn."

Af hálfu stefndu hafa verið lögð fram nokkur vottorð einstaklinga, sem gerð eru að hennar beiðni og fjalla um gott andlegt ástand, minni og skýrleika Ágústs Jónssonar og hversu geðþekkur hann sé. Hér er um að ræða tvo iðnaðarmenn, sem að hennar beiðni litu á húsið að Drekavogi 18, en aðrir vottorðsgjafar eru vinir hennar eða ættingjar. Allt þetta fólk hefur komið fyrir dóminn og staðfest vitnisburð sinn. Allt þekkir Ágúst lauslega, og langflest vísar það til dæma í samræðum, sem fjalla um liðna tíð. Ljóst er, að Ágúst býður af sér góðan þokka og að vitnunum hafa líkað viðkynnin vel, en þegar það er virt, að hér er í öllum tilvikum um stutt kynni að ræða, er í ljósi álits sérfræðinga og þeirra, sem hann hafa lengi þekkt, ekki unnt að gefa þessum vitnisburðum mikið vægi.

Með vísan til alls þessa, sem hér hefur verið rakið, þykir sannað, að talsverðrar ellihrörnunar hafi verið farið að gæta hjá Ágústi Jónssyni um mánaðamót maí-júní 1986, enn fremur, að hann hafi að eðlisfari verið ósjálfstæður og látið betur að fela mál sín öðrum og að þessi persónuleikaeinkenni hafi aukist samfara hrörnuninni. Með vísan til þessa og álits allra þeirra fjögurra sérfræðinga, sem rannsakað hafa Ágúst og ályktað um málið, er það niðurstaða dómsins, að Ágúst hafi skort andlega hæfni til þess að hafa skilning á þeim réttaráhrifum, sem athafnir hans höfðu, er hann ráðstafaði eigum sínum með þeim hætti, sem að ofan hefur verið lýst, til stefndu, Ingibjargar Magnúsdóttur.

Stefnda hefur haldið því fram, að Ágúst hafi gefið sér húseignina Drekavog 18, Reykjavík, en gjöfin hafi verið sett í kaupsamningsform af hagkvæmnisástæðum, þ.e. til þess að komast undan skattgreiðslum. Engin vitni eru að gerð slíks gjafagernings, og ekki er hann skjalfestur. Eitt vitni, Sigríður Sívertsdóttir Hjelm, kveður í yfirlýsingu sinni, sem er ódagsett, en skrifuð í tilefni þessa máls, að Ágúst hafi sagt við sig í kringum 18. ágúst 1986, að hann væri búinn að gefa stefndu húsið. Fyrir dóminum kvaðst hún ekki muna nákvæmt orðalag, en taldi það hafa verið: „...hún fær allt eftir mig." Vitnið Jóhann Þorgeirsson kveðst í yfirlýsingu sinni hafa rætt við Ágúst um gjöfina, en hefur þar ekki eftir honum beina staðfestingu á henni. Yfirlýsingu þessa staðfesti hann fyrir dómi, en ekki er í vitnaskýrslu hans sérstaklega minnst á gjöf. Skoða verður framburð þessa

vitnis í ljósi þess, að hann hefur haft nokkur afskipti af málinu, og augljóst er, að mjög náin tengsl eru milli hans og stefndu. Ingibjörg Ingimarsdóttir, dótturdóttir og fósturdóttir stefndu og kaupandi efri hæðar hússins að Drekavogi 18, kvaðst t.d líta á hann sem fjárhaldsmann sinn og uppalanda ásamt ömmu sinni, Ingibjörgu Magnúsdóttur. Önnur vitni hafa haft það eftir stefndu sjálfri, að Ágúst ætlaði að gefa eða hafi gefið henni fasteignina og peninga. Vitnið Sverrir Kristjánsson fasteignasali bar hjá rannsóknarlögreglu ríkisins, að Ingjbörg hefði sagt Ágúst vera að gefa sér húsið, og hefði hún haft allt frumkvæði, er þau Ágúst hefðu komið til sín, en hann verið atkvæðalítill. Vitnið Hafsteinn Baldvinsson hæstaréttarlögmaður kveður Ágúst og stefndu hafa komið til sín að tilvísun Sverris Kristjánssonar fasteignasala til að gera afsal um eignina. Kvað hann stefndu hafa haft orð fyrir þeim, og er hann hafi ekki fengið greið svör við fyrirspurnum sínum um ástæður fyrir afsalinu, endurgjaldi og fleira, hafi hann viljað fá að tala við Ágúst einslega. Stefnda hafi alltaf verið fyrri til að svara, og er hann hafi ekki fengið nein svör hjá Ágústi, hafi hann beðið þau að ganga fram fyrir og doka við, þar sem hann hugðist hugsa sinn gang, hafi stefnda sagt, að þau myndu bara koma aftur. Stefnda hefur ekki orðið við þeirri áskorun stefnanda að leggja fram skattframtal sitt. Með vísan til þessa, sem hér hefur verið rakið, þykir stefnda ekki hafa sannað, að um lögmætan gjafagerning hafi verið að ræða.

Ljóst er og ágreiningslaust, að ekkert endurgjald hefur komið fyrir húseignina, en við undirritun samningsins um kjallaraíbúðina skyldi stefnda greiða kr. 500.000, en eftirstöðvar með skuldabréfi til ótilgreinds tíma, en með gjalddaga 1. júlí hvert ár, í fyrsta sinn 1. júlí 1987. Hinn 9. september 1986 ritaði stefnandi, Vilhjálmur Þórhallsson hæstaréttarlögmaður, stefndu og Ingibjörgu Ingimarsdóttur, dótturdóttur hennar, bréf fyrir hönd Ágústs Jónssonar, þar sem meðal annars er bent á, að útborgunin hafi ekki verið greidd, og þess krafist, að kaupin gangi til baka og kaupsamningarnir við hana um kjallara hússins og við Ingibjörgu Ingimarsdóttur um hæð hússins nr. 18 við Drekavog verði ógiltir. Hinn 8. október 1986 skrifaði Árni Grétar Finnsson hæstaréttarlögmaður stefndu og Ingibjörgu Ingimarsdóttur bréf og einnig Ágústi Jónssyni, þar sem þess er krafist fyrir hönd Bjarnfríðar Viktoríu Sigurðsson Guðmundsson, mágkonu Ágústs, að kaupunum verði rift, þar sem salan brjóti í bág við rétt hennar til arfs eftir systur sína, látna eiginkonu Ágústs, og verð og greiðsluskilmálar séu óeðlilegir. Hinn 19. ágúst 1987 sendi stefnandi stefndu og Ingibjörgu Ingimarsdóttur skeyti, þar sem hann áréttar riftunarkröfuna. Samkvæmt því, sem hér er rakið, þykir ljóst, að skilyrði riftunar samkvæmt grunnreglu 28. gr., sbr. 32. gr. kaupalaga nr. 39/1922, séu fyrir hendi, svo framarlega sem talið verði, að um gilda kaupsamninga sé að ræða.

Stefnda, Ingibjörg Magnúsdóttir, heldur því fram, að Ágúst Jónsson hafi alið sig upp frá tveggja til átján ára aldurs, að síðari kona hans hafi reynt að hindra samgang þeirra, að aldrei hafi rofnað tengslin, þar sem þau hafi hist annað slagið í gegnum árin (sic) og að samband þeirra hafi aftur orðið reglulegt um áramótin 1984-1985. Ingibjörg er fædd 1.júlí 1929. Samkvæmt vottorði Hagstofu Íslands var hjónavígsludagur Ágústs og móður stefndu, Huldu Long Ingibergsdóttur, hinn 23. september 1933, og hefur hún þá verið fjögurra ára gömul. Ljóst þykir af gögnum málsins, að samgangur var ekki með stefndu og Ágústi í u.þ.b. 40 ár. Ekki hefur fengist upplýst með vissu, hvenær samband stefndu og Ágústs endurnýjaðist, en líkur benda til þess, að það hafi verið um áramótin 1985/1986. Voru þá liðin hartnær 10 ár frá láti seinni konu hans. Styðst þessi niðurstaða einkum við framburð vitnanna Kristjáns Jónssonar og Jakobínu S.G. Hafliðadóttur og þá staðreynd, að stefnda kom hvergi nærri áttræðisafmæli Ágústs, sem var 27. júlí 1985, en þá bauð Ágúst heim til sín nánustu vinum og vandamönnum, og enn fremur við framburð stefndu sjálfrar, þegar hún er spurð, hvernig Ágúst hafi komið henni fyrir sjónir á þeim tíma, er þau fara að umgangast að jafnaði. Kvað hún hann hafa verið glaðan, hressan og heilsuhraustan, en hann hefði talað um, að hann hefði verið með eitthvað í ristlinum, en það væri búið. Samkvæmt framburði heimilislæknisins, Þorgeirs Gestssonar, sbr. álit Högna Óskarssonar læknis, átti Ágúst við vanheilsu og depurð að stríða af þessum sökum á árinu 1985, sem ætla verður, að stefnda hlyti að hafa fylgst með og vitað um af sjálfsdáðum, hefði samband þeirra endurnýjast um áramótin 1984/1985, eins og hún heldur fram.

Löggerningar þeir, sem mál þetta fjallar um, eiga sér stað á tíu dögum, frá 26.maí til 4.júní 1986. Endurvakinn samgangur stefndu og Ágústs hafði því staðið í um það bil fimm mánuði, er þetta átti sér stað. Framburður stefndu um persónuleika, ákveðni, áttun (sic) og viljastyrks Ágústs stangast mjög á við vætti sérfræðinga, nágranna hans og ættingja. Stefnda kynntist Ágústi vel á uppvaxtarárum sínum og hefur að eigin sögn hitt hann annað slagið og rætt við hann á þeim 40 árum, sem þau umgengust ekki að staðaldri. Henni var kunnugt um, að Ágúst væri á níræðisaldri. Í umgengni sinni við hann á árinu 1986 mátti hún því betur gera sér grein fyrir, að honum var farið að förlast. Ágúst virðist hafa treyst stefndu og talið málum sínum vel borgið í hennar höndum, en þó af einhverjum ástæðum talið sig þurfa að leyna þessu fyrir öðrum. Samkvæmt framburði stefndu sjálfrar verður að telja, að hún hafi kynnt sér erfðaskrá Ágústs og síðari konu hans frá 12. júlí 1960, en þar eru arfskipti miðuð við eignir eins og þær eru við fráfall skammlífara maka. Söluverð beggja íbúðanna er undir markaðsverði og greiðslukjör eru óskýr og ófrágengin. Fyrirhuguð skemmtiferð stefndu þykir ekki réttlæta þann hraða, sem hafður var á við að koma

þessum eignayfirfærslum í gegn, og það, hversu hroðvirknislega gengið var frá jafnþýðingarmiklum löggerningum. Telja verður, að stefndu hafi hlotið að vera ljóst, að Ágúst gerði sér ekki fulla grein fyrir því, sem fram fór. Hann hlaut enga ráðgjöf frá öðrum en stefndu á þessu tímabili, en hann virðist hafa treyst og reitt sig á hana. Sannað þykir af gögnum málsins, að stefnda hafi haft allt frumkvæði og séð um gerð kaupsamninganna. Telja verður ljóst, að hún hafi notfært sér einmanaleika, ósjálfstæði og ellihrumleika Ágústs til að koma nefndum kaupsamningum á. Þegar þetta er virt, þykir rétt að ógilda þann samning, er Ágúst gerði við stefndu um kjallara húseignarinnar að Drekavogi 18, Reykjavík, dags. 4. júní 1984, en talinn gerður 4. júní 1986, með vísan til 31. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, sbr. 1. gr. laga nr. 11/1986, og ber að afmá hann úr veðmálabókum.

Að því er varðar yfirfærslur úr bankabókum hinn 26. maí 1986, kr. 394.104,62 af kjörbók Ágústs nr. 60116 í Landsbanka Íslands og kr. 36.973,89 af reikningi Ágústs nr. 218514 í Samvinnubankanum, og hinn 30. s.m. kr. 489.719,42 af kjörbók nr. 60115 í Landsbanka Íslands á nafni Viktoríu Guðmundsson, sem Ágúst var forráðamaður að, inn á reikninga á nafni stefndu, samtals kr. 920.797,93, þá er ljóst af gögnum málsins, að Ágúst hefur ekki sjálfur útfyllt innleggs- og úttektarnótur né beiðni um stofnun bókar á nafn stefndu hinn 26. maí 1986 í Landsbanka Íslands. Nafnritun Ágústs er á síðastgreindri beiðni og á úttektarseðlunum, en ekki á innleggsnótunum. Ágúst kveðst ekki muna eftir þessum peningafærslum né að hafa ætlað sér að framkvæma þær. Samkvæmt framburði stefndu sjálfrar er ljóst, að hún fór með honum í Samvinnubankann og ók honum í síðara skiptið, sem hann fór í Landsbankann. Þegar litið er til álits sérfræðinga og vitna á andlegu atgervi Ágústs, þykir ólíklegt, að honum hafi verið kleift að eigin frumkvæði og án hjálpar að ákveða og framkvæma þessa fjárflutninga, svo sem stefnda heldur fram. Stefnda heldur því fram, að Ágúst hafi gefið sér þetta fé auk fasteignarinnar og að slík gjöf sé ekki óeðlileg, þegar litið sé til þess, að um gjafagerning milli náinna vandamanna sé að ræða. Ekki verður fallist á þessa skilgreiningu stefndu á sambandi hennar og Ágústs. Þykir hún ekki hafa sannað, að samband þeirra hafi verið náið á uppvaxtarárum hennar, og upplýst þykir, að það hafi rofnað um fjörutíu ára skeið þar til nokkrum mánuðum fyrir gerninginn. Stefnda hefur ekki sýnt fram á, að hún hafi unnið til slíks örlætis að hálfu Ágústs. Þessir gerningar ásamt hússölunni stangast á við þær ráðstafanir, sem hann hafði áður gert ásamt síðari konu sinni. Þegar þetta er virt, sú niðurstaða, að gerhæfi Ágústs var skert, að stefndu var kunnugt um, að einn reikningurinn var á nafni mágkonu Ágústs, og þegar litið er til þess, um hversu miklar fjárhæðir er að ræða, þykir stefndu við þessar aðstæður ekki hafa

verið vítalaust að taka við peningunum, og skal því með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936, sbr. 6. gr. laga nr. 11/1986, víkja öllum þessum þremur gerningum til hliðar og stefnda dæmd til að endurgreiða stefnanda fé þetta fyrir hönd Ágústs, svo sem krafist er.

Í erfðaskrá þeirri, sem Ágúst Jónsson gerði til hagsbóta fyrir stefndu hinn 2. júní 1986, er stefnda sögð fósturdóttir hans. Þykir það hugtak ekki lýsa tengslum þeirra rétt. Efni erfðaskrárinnar þykir ekki eðlilegt, þegar virt eru tengsl aðila og það, hvernig eignir Ágústs mynduðust. Þegar virt er ofangreint álit sérfræðinga á gerhæfi Ágústs, þykir rétt að úrskurða, að hann hafi skort arfleiðsluhæfi, sbr. 2. mgr. 34. gr. erfðalaga nr. 8/1962, og að með vísan til þessa og þeirra aðstæðna, sem erfðaskráin er gerð við, skuli hún vera ógild.

Að jafnaði skal ekki tilkynna gerðarþola fyrir fram um löghald, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 18/1949 um kyrrsetningu og lögbann. Ef gerðarþoli er fjarstaddur, þegar gerð fer fram, er fógeta þó heimilt og eftir atvikum skylt að veita honum kost á að koma fyrir dóm, sbr. 1. mgr. 11. gr. sömu laga. Stefnda var ekki viðstödd, er löghaldsgerð fór fram, og enginn var tilnefndur af hennar hálfu. Ekki þykir orðalag 1. mgr. 11. gr. leiða til þess, að hafna beri staðfestingu löghalds þess, er gert var hinn 18. júní 1987 í húseign stefndu, íbúð merktri D á 6. hæð í húsi nr. 6 við Krummahóla í Reykjavík, enda hefur ekki verið sýnt fram á, að fjarvera stefndu eða fulltrúa hennar hafi leitt til réttarspjalla.

Með hliðsjón af málalokum og þeim hagsmunum, sem um er fjallað, þykir rétt að dæma stefndu til þess að greiða allan málskostnað, er ákveðst kr. 513.162. Þar af greiðast ríkissjóði réttargjöld, kr. 38.140, en stefnanda sjálfum kr. 125.022 vegna útlagðs kostnaðar og í málflutningslaun kr. 350.000, og hefur þá verið tekið tillit til flutnings um frávísunarkröfu og til söluskatts.

Dóminn kvað upp Hjördís Hákonardóttir borgardómari.

Dómsorð:

Kaupsamningur stefndu, Ingibjargar Magnúsdóttur, og Ágústs Jónssonar um kjallara húseignarinnar nr. 18 við Drekavog í Reykjavík, gerður 4. júní 1986, skal vera ógildur, og ber að afmá hann úr veðmálabókum Reykjavíkur.

Erfðaskrá, sem Ágúst Jónsson gerði til hagsbóta fyrir stefndu, Ingibjörgu Magnúsdóttur, hinn 2. júní 1986, skal vera ógild.

Stefnda, Ingibjörg Magnúsdóttir, skal endurgreiða stefnanda, Vilhjálmi Þórhallssyni f.h. Ágústs Jónssonar, kr. 920.795,93 ásamt 27% ársvöxtum frá 9. október 1986 til 1. mars 1987, en með 30% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Heimilt er að leggja vexti við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 14. apríl 1988.

Staðfest er löghald, sem gert var hinn 18. júní 1987, í húseign stefndu, Ingibjargar Magnúsdóttur, íbúð á 6. hæð, merkt D, í húsi nr. 6 við Krummahóla í Reykjavík.

Stefnda, Ingibjörg Magnúsdóttir, greiði stefnanda allan málskostnað, kr. 513.162. Þar af greiði hún ríkissjóði réttargjöld, kr. 38.140, en stefnanda sjálfum, Vilhjálmi Þórhallssyni hrl., kr. 125.022 vegna útlagðs kostnaðar og kr. 350.000 í málsflutningslaun til Vilhjálms Þórhallssonar hrl.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 26. mars 1991.

Nr. 494/1989, **Ákæruvaldið**
nr. 485/1990 (Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
og nr. 486/1990. gegn
Sigurði Stefáni Almarssyni
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

Þjófnaður. Skjalafals. Skaðabætur. Sameining mála.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason og Jón Finnsson hæstaréttarlögmaður.

Ríkissaksóknari hefur með stefnu 8. desember 1989 áfrýjað til Hæstaréttar dómi sakadóms Reykjavíkur 1. sama mánaðar í máli á hendur ákærða, og er það nr. 494/1989 hér fyrir dómi. Þá hefur hann með stefnu 17. desember 1990 áfrýjað dómi sakadóms Reykjavíkur 13. september 1990 í máli á hendur ákærða og þremur öðrum sakborningum, er ekki óskuðu áfrýjunar, nr. 485/1990 hér fyrir dómi. Loks hefur ríkissaksóknari með stefnu sama dag áfrýjað dómi sakadóms Reykjavíkur 19. október 1990 í máli á hendur ákærða einum, nr. 486/1990. Málunum er áfrýjað að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákæruvaldsins til þyngingar refsingu.

Málin hafa verið sameinuð og flutt í einu lagi fyrir Hæstarétti.

I.

Héraðsdómur 1. desember 1989.

Með ákæru 7. september 1989 var ákærði sakaður um þjófnað á matvælum úr verslun við Eddufell í Reykjavík aðfaranótt 9. apríl 1989. Var hann handtekinn nærri vettvangi og játaði verknaðinn, en þýfið komst óskemmt til skila.

Staðfesta ber sakarmat héraðsdómara og færslu brotsins til refsingar eftir 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Skaðabótakröfu á hendur ákærða var vísað frá héraðsdómi, og kemur hún því ekki til endurskoðunar fyrir Hæstarétti, sbr. 1. mgr. 147. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála.

II.

Héraðsdómur 13. september 1990.

Með ákæru 22. febrúar 1990 var ákærði sakaður um það ásamt öðrum manni að hafa brotist inn í söluturn við Skúlagötu í Reykjavík aðfaranótt 30. október 1989 í félagi við þriðja mann og stolið þar talsverðu magni af tóbaki, öli, matvælum og svonefndum happaþrennumiðum. Ákærði játaði þátttöku í verknaðinum fyrst eftir handtöku, en kvaðst fyrir dómi einungis hafa verið viðstaddur hann og notið góðs af þýfinu ásamt félögum sínum.

Með vísan til forsendna héraðsdómara ber að staðfesta sakarmat hans og færslu brotsins til refsingar eftir 244. gr. almennra hegningarlaga.

Með ákæru 2. ágúst 1990 var ákærði einn sakaður um tékkafals með því að hafa í marsmánuði 1989 notað eða reynt að nota í viðskiptum 7 tékka á stolnum eyðublöðum, sem hann falsaði á nafn útgefanda og reikningsnúmer. Gekkst ákærði við verknaði þessum.

Staðfesta ber sakarmat héraðsdómara og færslu brotsins til refsingar eftir 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

Af hálfu ákæruvaldsins er krafist staðfestingar á ákvæðum héraðsdóms um fimm skaðabótakröfur, sem bornar hafa verið fram á hendur ákærða vegna þessara tékkaviðskipta. Verjandi óskaði ekki endurskoðunar á ákvæði dómsins um kröfurnar. Ákærði hefur viðurkennt kröfur þessar fyrir dómi, og ber að staðfesta ákvæði héraðsdómsins um skaðabætur.

III.

Héraðsdómur 19. október 1990.

Með ákæru 7. september 1990 var ákærði sakaður um að hafa að kvöldi 16. júlí 1990 brotist inn í kjallaraíbúð við Klyfjasel í Reykjavík og stolið þaðan sjónvarpstæki og útvarps- og segulbandstæki. Lögregla kom að ákærða á staðnum, þar sem hann var að flytja þessi tæki út í leigubifreið. Kvaðst hann hafa skrúfað laust stormjárn á opnanlegum glugga á íbúðinni til að komast inn í hana. Tækin kvaðst hann hafa ætlað að færa húsráðanda og eiganda þeirra, stúlku, sem stödd var í íbúð við Nýlendugötu, sem ákærði hafði aðgang að og var án tækja af þessu tagi. Ákærði var mjög ölvaður, þegar hann var handtekinn, og hafði verið við drykkju í síðarnefndu íbúðinni.

Skýringar ákærða á ferð hans að Klyfjaseli koma ekki heim við frásagnir húsráðanda og vitnis, er hafði undir höndum lykla hennar að íbúðinni. Eins og á stóð, þykir þó ekki nægilega sannað, að ákærði hafi haft þann ásetning að slá eign sinni á umrædd tæki. Samkvæmt því ber, sbr. 108. gr. laga um meðferð opinberra mála, að sýkna ákærða af kröfum ákæruvalds í þessu máli. Verður sakarkostnaður í héraði svo og áfrýjunarkostnaður málsins lagður á ríkissjóð, eins og nánar greinir í dómsorði.

IV.

Nýtt sakavottorð ákærða hefur verið lagt fyrir Hæstarétt. Kemur þar fram, að ákærði var 28. janúar 1991 dæmdur í sakadómi Reykjavíkur í 30 daga fangelsi og til sviptingar ökuleyfis ævilangt fyrir brot gegn 2., sbr. 3. mgr. 45. gr. og 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Fram er og komið, að ákærði eigi yfir höfði sér saksókn fyrir nokkur brot gegn hegningarlögum og umferðarlögum. Eins og rakið er í hinum áfrýjuðu dómum, á ákærði langan brotaferil að baki, einkum á sviði auðgunarbrota. Telst hann því vera vanaafbrotamaður. Þykir refsing hans með hliðsjón af 72. gr., 77. gr. og 255. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin 11 mánaða fangelsi.

Staðfesta ber ákvæði dóms 1. desember 1989 svo og dóms 13. september 1990 um sakarkostnað í héraði, að því er varðar ákærða. Þá verður ákærði dæmdur til að greiða allan áfrýjunarkostnað vegna þessara tveggja mála, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurður Stefán Almarsson, á að vera sýkn af kröfum ákæruvalds samkvæmt ákæruskjali 7. september 1990.

Allur kostnaður þeirrar sakar í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans fyrir Hæstarétti, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Ákærði sæti fangelsi 11 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms frá 13. september 1990 um skaðabætur eiga að vera óröskuð.

Ákvæði hinna áfrýjuðu dóma frá 1. desember 1989 og 13. september 1990 um sakarkostnað eiga að vera óröskuð, að því er ákærða varðar.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað í framangreindum tveimur málum, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 1. desember 1989.

Ár 1989, föstudaginn 1. desember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 597/1989: Ákæruvaldið gegn Sigurði Stefáni Almarssyni, sem tekið var til dóms 27. nóvember sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 7. september sl., á hendur ákærða, „Sigurði Stefáni Almarssyni, Karfavogi 33, Reykjavík, kennitala 30.08.56-5519, fyrir þjófnað með því að hafa aðfaranótt sunnudagsins 9. apríl 1989 stolið í verslun KRON við Eddufell í Reykjavík matvöru, sem hann hafði á brott með sér í 3 innkaupapokum.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar".

Málavextir eru þessir samkvæmt framburði ákærða og öðru því, sem fram er komið í málinu:

Sunnudaginn 9. apríl sl. um kl. 4.25 var lögreglunni tilkynnt um innbrot í verslunina KRON við Eddufell. Fóru lögreglumenn á vettvang og höfðu tal af mönnum, er kváðust hafa séð ákærða hlaupa frá versluninni að Fannarfelli 12, og hefði hann verið með plastpoka í höndum. Lögreglumenn handtóku ákærða, þar sem hann var á hlaupum frá Fannarfelli að verslunarsamstæðunni við Eddufell, en hann hafði þá losað sig við pokana.

Ákærði hefur við rannsókn og meðferð málsins viðurkennt að hafa stolið 3 pokum með matvælum úr versluninni. Kvaðst ákærði hafa átt leið fram hjá versluninni, er hann tók eftir því, að búið var að brjóta rúðu í versluninni. Kvaðst ákærði hafa séð 3 plastpoka liggja á gólfinu fyrir innan, og kvaðst hann hafa teygt sig inn fyrir og tekið pokana. Ákærði kvaðst síðan hafa losað sig við pokana við mannlausa bifreið, þar sem þeir rifnuðu um handfangið. Í pokunum voru matvæli, og komust þau til skila.

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst

sannað, að hann hafi með þessu athæfi sínu gerst sekur um þjófnað samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann frá árinu 1974 til ársins 1988 hlotið samtals 34 dóma, aðallega fyrir þjófnað, skjalafals, fjársvik og brot gegn umferðar- og áfengislögum, og nemur dæmd refsivist ákærða samkvæmt dómum þessum samtals 6 árum og 11 mánuðum. Þá hefur ákærði 10 sinnum sæst á sektargreiðslur, aðallega fyrir brot gegn áfengis- og fíkniefnalöggjöf.

Með hliðsjón af sakaferli ákærða þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 6 mánuði.

Lögð hefur verið fram skaðabótakrafa í máli þessu af hálfu ofangreindrar verslunar, og er hún svohljóðandi:

1.	Skipt um rúðu	14.000
2.	Skemmdir á vörum	48.442
3.	Vinna við hreingerningar	5.000
4.	5 stk. vasatölvur	5.000
5.	Skiptimynt úr kössum	19.500
	Samtals	91.942

Ósannað er, að tjón verslunarinnar, sem rakið er í kröfunni, sé af völdum ákærða. Ber því að vísa skaðabótakröfunni frá dómi.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Kristjáns Stefánssonar héraðsdómslögmanns, kr. 20.000.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurður Stefán Almarsson, sæti fangelsi í 6 mánuði.

Skaðabótakröfu verslunarinnar KRON, Eddufelli 4, er vísað frá dómi.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar héraðsdómslögmanns, kr. 20.000.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 13. september 1990.

Ár 1990, fimmtudaginn 13. september, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Guðjóni St. Marteinssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 476-479/1990: Ákæruvaldið gegn A, Sigurði Stefáni Almarssyni, B og C, sem tekið var til dóms í dag.

Málið er höfðað með þremur ákæruskjölum ríkissaksóknara, dagsettum

22. febrúar 1990, 12. mars 1990 og 2. ágúst 1990. Í fyrstu ákærunni er málið höfðað á hendur ákærðu, A og Sigurði Stefáni Almarssyni, Karfavogi 33, kt. 300856-5519, „fyrir eftirgreind þjófnaðarbrot, framin í Reykjavík 1989:

I.

Ákærðu er báðum gefið að sök að hafa aðfaranótt mánudagsins 30. október brotist inn í söluturninn Skúla, Skúlagötu 54, í félagi við Jósep Hjálmar Sigurðsson, kt. 050861-5979, og stolið talsverðu magni af tóbaki, öli, matvælum og svonefndum happaþrennumiðum.

— — —

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

— — —

Í síðustu ákærunni er málið höfðað á hendur ákærða Sigurði Stefáni Almarssyni einum „fyrir tékkafals með því að nota með eftirgreindum hætti í viðskiptum í mars 1989 í Reykjavík eftirtalda 7 falsaða tékka á stolnum eyðublöðum úr tékkhefti frá Útvegsbanka Íslands hf., Hafnargötu 60, Keflavík, en tékkana, sem eru allir til handhafa, falsaði ákærði með nafni útgefanda, Gústaf Leifsson, og reikningsnúmeri 1208 nema einn, 1285:

1. Nr. 1247811, kr. 7.000, dagsettur 6. mars. Ákærði fékk kunningja sinn, Þórarin Einarsson, til að reyna að skipta tékkanum í Landsbanka Íslands, aðalbanka, en sá varð frá að hverfa.

2. Nr. 1247802, kr. 5.000, dagsettur 5. mars. Notaður í söluturni Öddu, Hagamel 67.

3. Nr. 1247810, kr. 5.000, dagsettur 6. mars. Notaður í söluturninum Lukku-Láka, Langholtsvegi 126.

4. Nr. 1247812, kr. 5.000, dagsettur 7. mars. Notaður í staðgreiðsluviðskiptum, en tékkinn ber ólæsilegt framsal.

5. Nr. 1247813, kr. 5.000, dagsettur 7. mars. Ákærði fékk tékkann Þórarni Einarssyni, sem reyndi að nota hann í versluninni Kaupstað í Mjódd, en varð frá að hverfa.

6. Nr. 1247814, kr. 5.000, dagsettur 6. mars. Notaður í staðgreiðsluviðskiptum, en tékkinn ber ólæsilegt framsal og einnig framsalsstimipil Olíufélagsins hf.

7. Nr. 1247824, kr. 5.000, dagsettur 5. mars. Ákærði fékk tékkann Þórarni Einarssyni, sem greiddi með honum fyrir viðskipti við leigubílstjóra af Hreyfli.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

— — —

Málsatvik.

Ákæra, dagsett 22. febrúar 1990.

I.

Ákærði A kom fyrir dóminn 7. mars sl. og viðurkenndi þá að hafa brotist inn í söluturninn ásamt meðákærða og Jósep Hjálmari Sigurðssyni, og hafi verið stolið þeim verðmætum, er í ákærunni greinir. Ákærði kvaðst hafa ekið bifreið, er þeir félagar höfðu til umráða, og hafi þýfinu verið ekið áleiðis að Hverfisgötu 86. Ákærði hafði áður borið á sama veg hjá lögreglunni og viðurkennt innbrot í söluturninn aðfaranótt 30. október 1989, og staðfesti ákærði þann framburð sinn fyrir dóminum.

Ákærði Sigurður Stefán kom fyrir dóminn 3. apríl sl. Ákærði kvaðst ekki hafa tekið þátt í innbrotinu, er honum er hér gefið að sök, en ákærða var kynntur framburður meðákærða fyrir dómi og hjá lögreglu svo og framburður Jóseps Hjálmars Sigurðssonar hjá lögreglunni, sem bar efnislega á sama veg og meðákærði A um meintan þátt ákærða í innbrotinu. Ákærði kvaðst hafa viðurkennt innbrotið, er ákærði var yfirheyrður hjá lögreglunni hinn 15. nóvember sl. Ákærði kvaðst hafa verið í „pressu“, og lögreglan hefði hótað gæsluvarðhaldi. Ákærði kvaðst hafa selt tóbakið, er meðákærði og Jósep Hjálmar Sigurðsson komu með úr innbrotinu, en ákærði kvað þýfið hafa verið flutt í Skipholt 40.

Jósep Hjálmar Sigurðsson var yfirheyrður hjá lögreglu hinn 13. nóvember sl. og lýsti þá innbrotinu og hlut ákærða Sigurðar Stefáns á sama veg og ákærði A bar bæði hjá lögreglu og fyrir dómi.

— — —

Ákæra, dagsett 2. ágúst 1990.

Ákærði kom fyrir dóminn 7. þ.m. og viðurkenndi þá að hafa gefið út og falsað þessa sjö tékka. Ákærði staðfesti lögregluskýrslu frá 27. apríl 1990, þar sem ákærði bar á sama veg og skoðaði alla tékkana og viðurkenndi fölsun og notkun tékkanna.

Ákærði samþykkti að greiða bótakröfur vegna tékka nr. 2-4 og 6-7, en ekkert hefur enn verið greitt af kröfunum.

Niðurstöður.

Ákæra, dagsett 22. febrúar 1990.

I.

Ákærði Sigurður Stefán viðurkenndi sinn þátt í innbroti þessu, er hann var yfirheyrður hjá lögreglunni 15. nóvember sl. Hinn breytti framburður ákærða Sigurðar Stefáns nú er órökstuddur og í ósamræmi við einshljóða framburð meðákærða A og Jóseps Hjálmars Sigurðssonar. Skýringar Sigurðar Stefáns á hinum breytta framburði eru að engu hafandi, og þykir dóminum með vísan til ofanritaðs og með vísan til gagna málsins að öðru leyti sannað, að ákærðu hafi framið þá háttsemi, er þeim er hér gefin að sök, og varðar brot ákærðu við 244. gr. almennra hegningarlaga, svo sem greinir í ákærunni.

— — —

Ákæra, dagsett 2. ágúst 1990.

Sannað er með framburði ákærða og öðrum gögnum, að ákærði hefur gerst sekur um þessa háttsemi, og varða brotin við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði er dæmdur til að greiða eigendum tékka nr. 2-4 og 6-7 skaðabætur auk vaxta, svo sem nánar greinir í dómsorði, en eigendurnir hafa í öllum tilvikum krafist greiðslu á höfuðstól viðkomandi tékka auk vaxta. Eigandi tékka nr. 4 er söluturninn Círó, Bergstaðastræti 54, Reykjavík, Olíufélagið á tékka nr. 6, og Hreyfill sf. á tékka nr. 7. Eigendur tékka nr. 2 og 3 eru hinir sömu og getið er um í ákærunni.

— — —

Ákærði Stefán hefur frá árinu 1974 hlotið 35 refsidóma, og dæmd óskilorðsbundin refsivist ákærða samkvæmt dómum þessum nemur nærri 7½ ári. Ákærði hefur einkum hlotið dóma fyrir þjófnað, skjalafals, fjársvik, líkamsárásir, brot gegn umferðarlögum o.fl. Þá hefur ákærði 10 sinnum gengist undir sektargreiðslur, aðallega fyrir umferðar- og fíknilagabrot. Ákærði Stefán er síbrotamaður.

— — —

Refsing ákærðu er í öllum tilvikum ákvörðuð með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga og refsing ákærða Stefáns auk þess með hliðsjón af 78. gr. s.l. að hluta.

— — —

Ákærði Sigurður Stefán er síbrotamaður, svo sem rakið var að ofan. Ákærði Sigurður hlaut 6 mánaða fangelsisdóm hinn 1. desember sl. fyrir brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga. Með vísan til þess og framanritaðs að öðru leyti þykir refsing ákærða Sigurðar Stefáns hæfilega ákvörðuð fangelsi í 3 mánuði.

— — —

Ákærði Sigurður Stefán greiði eftirtöldum aðilum skaðabætur:

1. Sölturninum Öddu, Hagamel 67, Reykjavík, kr. 5.000 auk dráttarvaxta frá 21. mars 1989, en krafan er dagsett 21. mars 1989, og tékkinn ber ekki með sér, að reynt hafi verið að innleysa hann í banka.

2. Sölturninum Lukku-Láka, Langholtsvegi 126, Reykjavík, kr. 5.000 auk dráttarvaxta frá 8. mars 1989.

3. Sölturninum Círó, Bergstaðastræti 54, Reykjavík, kr. 5.000 auk dráttarvaxta frá 17. mars 1989, en þá er krafan dagsett.

4. Olíufélaginu hf., Suðurlandsbraut 18, Reykjavík, kr. 5.000 auk dráttarvaxta frá 10. mars 1989.

5. Hreyfli sf., kr. 5.000 auk dráttarvaxta frá 8. mars 1989.

Í öllum tilvikum, er dæmdir eru dráttarvextir að ofan, reiknast vextirnir eftir vaxtalögum nr. 25, 1987, og ávallt frá uppgefnum tíma og allt til greiðsludags.

Ákærði Sigurður Stefán Almarsson greiði skipuðum verjanda, Sigurði Georgssyni hrl., kr. 35.000 í málsvarnarlaun.

Ákærði B greiði skipuðum verjanda sínum, Kristjáni Stefánssyni hdl., kr. 20.000 í málsvarnarlaun.

Sakarkostnað að öðru leyti greiði ákærðu óskipt.

Dómsorð:

Ákærði A sæti fangelsi í 8 mánuði, en til frádráttar komi 8 daga gæsluvarðhald ákærða.

Ákærði Sigurður Stefán Almarsson sæti fangelsi í 3 mánuði.

Ákærði B sæti fangelsi í 30 daga, en fresta skal fullnustunni skilorðsbundið í 1 ár frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, og falli refsingin niður að þeim tíma liðnum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

Ákærða, C, sæti fangelsi í 30 daga.

— — —

Ákærði Sigurður Stefán greiði eftirtöldum aðilum skaðabætur:

1. Sölturninum Öddu, Hagamel 67, Reykjavík, kr. 5.000 auk dráttarvaxta frá 21. mars 1989.

2. Sölturninum Lukku-Láka, Langholtsvegi 126, Reykjavík, kr. 5.000 auk dráttarvaxta frá 8. mars 1989.

3. Sölturninum Círó, Bergstaðastræti 54, Reykjavík, kr. 5.000 auk dráttarvaxta frá 17. mars 1989.

4. Olíufélaginu hf., Suðurlandsbraut 18, Reykjavík, kr. 5.000 auk dráttarvaxta frá 10. mars 1989.

5. Hreyfli sf., kr. 5.000 auk dráttarvaxta frá 8. mars 1989.

Dráttarvextir reiknast í öllum ofangreindum tilvikum frá uppgefnum degi og til greiðsludags, og reiknast dráttarvextirnir eftir lögum nr. 25, 1987.

Ákærði Sigurður Stefán Almarsson greiði Sigurði Georgssyni hæstaréttarlögmanni kr. 35.000 í málsvarnarlaun.

Ákærði B greiði Kristjáni Stefánssyni héraðsdómslögmanni kr. 20.000 í málsvarnarlaun.

Sakarkostnað að öðru leyti greiði ákærðu óskipt.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 19. október 1990.

Ár 1990, föstudaginn 19. október, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Guðjóni St. Marteinssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 566/1990: Ákæruvaldið gegn Sigurði Stefáni Almarssyni, sem dómtekið var sama dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 7. september 1990, á hendur ákærða, Sigurði Stefáni Almarssyni, Karfavogi 33, Reykjavík, kt. 300856-5519, „fyrir að hafa mánudaginn 16. júlí 1990 brotist inn í kjallaraíbúð í Klyfjaseli 2, Reykjavík, og stolið sjónvarpstæki og útvarps- og segulbandstæki.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar".

— — —

Málsatvik.

Mánudagskvöldið 16. júlí sl. var lögreglan kölluð að Klyfjaseli 2 hér í borg vegna innbrots, er þar ætti sér stað. Lögreglan kom á staðinn og handtók ákærða, sem hafði í fórum sínum þá hluti, er í ákærunni greinir.

Ákærði var yfirheyrður hér fyrir dóminum 24. september sl. og vísaði ákæruefninu þá algerlega á bug. Ákærði kvaðst hafa verið staddur í íbúð að Nýlendugötu 24 b hinn 16. júlí sl. ásamt Ingibjörgu Huld Þorsteinsdóttur. Ákærði kvað hvorki sjónvarp né útvarp hafa verið í íbúðinni á Nýlendugötunni, og hafi ákærði því farið að beiðni Ingibjargar Huldar á dvalarstað hennar að Klyfjaseli 2 hér í borg í því skyni að sækja sjónvarps-, útvarps- og myndbandstæki. Ákærði kvað Ingibjörgu Huld hafa hringt í mann, er heiti Helgi, áður en ákærði hélt af stað að sækja tækin, og kvað ákærði Helga hafa verið staddan í íbúð Auðar Ólafsdóttur við Írabakka. Ákærði kvað Helga þennan hafa haft lykla að íbúð Ingibjargar við Klyfjasel, og hafi verið um það samið, að Helgi skildi lyklana að íbúðinni eftir á eldhússborði, og átti ákærði að geta teygt sig inn um gluggann og náð

til lyklanna. Ákærði kvað lyklana ekki hafa verið til staðar, er ákærði kom í Klyfjaselið, og kvaðst ákærði ekki hafa viljað svíkja Ingibjörgu Huld, eins og ákærði orðaði það, og því ákveðið að skríða inn um gluggann og sækja þá muni, er fyrir fram var ákveðið, að sóttir yrðu. Ákærði kvaðst síðan hafa mætt lögreglunni, er hann kom út úr íbúðinni.

Ákærði var yfirheyrður hjá lögreglunni 17. júlí sl. og bar þá í fyrstu um það, að hann hefði verið að sækja tækin með vilja og vitund Ingibjargar Huldar. Er ákærða var kynntur framburður Ingibjargar Huldar hjá lögreglunni þess efnis, að ákærði hefði ætlað að sækja bjór, er hann fór af Nýlendugötu 24 b að kvöldi 16. júlí sl., kvað ákærði framburð Ingibjargar Huldar vel geta verið réttan, og kvaðst ákærði hafa verið mikið ölvaður og ekki muna atburði vel.

Vitnið Ingibjörg Huld Þorsteinsdóttir kom fyrir dóminn 28. september sl. Ingibjörg kvaðst hafa verið stödd ásamt ákærða í íbúð að Nýlendugötu 24 b hinn 16. júlí sl., og hefði ákærði haldið á brott úr íbúðinni um kvöldið, og kvaðst Ingibjörg hafa talið ákærða ætla að sækja bjór. Ingibjörg kvaðst aldrei hafa gefið ákærða heimild til að sækja muni þá, er í ákærunni greinir, á heimili sitt í Klyfjasel hinn 16. júlí sl. og ekki hafa vitað, er ákærði hélt á brott frá Nýlendugötu 24 b um kvöldið, að ákærði hafi þá ætlað að fara á heimili sitt í Klyfjaseli, heldur kvaðst Ingibjörg hafa talið ákærða ætla að sækja bjór, svo sem rakið var. Ingibjörg kvað mann, er heitir Helgi, á þessum tíma hafa haft lykil að íbúð sinni til umráða, og kvaðst Ingibjörg hafa greint ákærða frá þessu, er þau voru stödd í Klyfjaselinu. Helgi hafi skilað lyklunum síðar að sögn Ingibjargar Huldar.

Vitnið Helgi Bergsson, Aðalstræti 16, Akureyri, kom fyrir dóminn 17. þ.m.

Helgi kvaðst hafa haft lykil að íbúð Ingibjargar Huldar Þorsteinsdóttur til umráða hinn 16. júlí sl. Helgi kvaðst hafa tekið lyklana í sínar vörslur til að koma í veg fyrir, að Ingibjörg Huld tæki upp á því að aka bifreið sinni undir áhrifum áfengis, en billyklar voru einnig í lyklakippunni, er að framan greinir. Helgi kvað öruggt, að aldrei hefði verið um það samið eða rætt, að hann hefði átt að skilja lyklana eftir í íbúð Ingibjargar Huldar við Klyfjasel, svo að ákærði gæti nálgast þá. Helgi vísaði framburði ákærða að þessu leyti á bug og kvað hann rangan.

Niðurstöður.

Dóminum þykir sannað þrátt fyrir framburð ákærða, að ákærði hafi gerst sekur um þjófnaðarbrot það, er í ákærunni greinir, og að ákærði hafi þannig brotist inn í kjallaraíbúð í Klyfjaseli 2 hér í borg hinn 16. júlí sl. og stolið þeim munum, er í ákærunni greinir. Brotið varðar við 244. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði hefur frá árinu 1974 hlotið 36 refsidóma, og dæmd óskilorðsbundin refsivist samkvæmt dómunum er nærri 8 ára fangelsi. Brot ákærða eru ýmiss konar, en einkum þjófnaður, skjalafals, fjársvik, líkamsárásir og brot gegn umferðarlögum. Ákærði hefur 10 sinnum gengist undir sektargreiðslur, aðallega fyrir umferðar- og fíkniefnalagabrot. Ákærði hlaut hinn 13. september sl. 3 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga, en sá dómur var hegningarauki við 6 mánaða fangelsisdóm.

Ákærði er síbrotamaður. Refsing ákærða er hér ákvörðuð með hliðsjón af 78. gr. almennra hegningarlaga og þykir hæfilega ákvörðuð fangelsi í tvo mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þ.m.t. kr. 35.000 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, Sigurðar Georgssonar hæstaréttarlögmanns.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurður Stefán Almarsson, sæti fangelsi í 2 mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þ.m.t. kr. 35.000 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Sigurðar Georgssonar hrl.

Miðvikudaginn 27. mars 1991.

Nr. 336/1990. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Guðjóni Júlíusi Halldórssyni
(Kjartan Reynir Ólafsson hrl.).

Bifreiðar. Umferðarlög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Hrafn Bragason og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. ágúst 1990 að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákæruvalds til sakfellingar samkvæmt ákæru og þyngingar á refsingu.

Fyrir Hæstarétti var af hálfu ákæruvalds krafist staðfestingar héraðsdóms á sakfellingu, refsiákvörðun og greiðslu sakarkostnaðar samkvæmt ákæru, útgefinni 10. janúar 1989, og ákærulið 2 í ákæru, útgefinni 20. september 1989, og verði ákærði dæmdur til greiðslu áfrýjunarkostnaðar sakarinnar.

Ákærði krefst þess, að refsing fyrir ákæruatriði þau, sem til álita koma fyrir Hæstarétti, verði ákveðin sektargreiðsla, og verði allur sakarkostnaður greiddur úr ríkissjóði.

Staðfesta ber sakfellingu ákærða samkvæmt ákæru 10. janúar 1989 og lið 2 í ákæru 20. september 1989 svo og færslu brota til refsiákvæða.

Ákvæði umferðarlaga nr. 50/1987 um refsingar hafa ekki að geyma ákvæði um ítrekunaráhrif brota. Á því tilvísun til 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 hér ekki við um ákvörðun refsingar.

Svo sem rakið er í héraðsdómi, voru gefnar út í máli þessu þrjár ákærur á hendur ákærða: Fyrsta ákæra 7. nóv. 1986 vegna tveggja brota 23. ágúst 1986, önnur ákæra 10. janúar 1989 vegna brots 27. júlí 1988 og þriðja ákæra 20. september 1989 vegna brota 11. febrúar 1987 og 19. maí 1988. Í héraðsdómi voru bæði brotin samkvæmt fyrstu ákærunni og fyrra brotið samkvæmt þriðju

ákærunni talin fyrnd, er ákærur voru birtar ákærða. Frá því að fyrsta ákæran var gefin út, liðu meira en þrjú og hálft ár, áður en fyrst var þingað í málinu í sakadómi Garðabæjar 9. maí 1990. Ber að átelja þennan óhæfilega drátt á meðferð málsins. Við dómara þann, sem kvað upp héraðsdóm og fékk málið til meðferðar 17. apríl 1990, er þó ekki um drátt þennan að sakast.

Við refsiákvörðun ber að líta til sakaferils ákærða, sem lýst er í héraðsdómi, sbr. 70. gr., 1. mgr. 5. tl., almennra hegningarlaga.

Refsing ákærða samkvæmt 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 þykir hæfilega ákveðin 50.000 króna sekt til ríkissjóðs og 30 daga varðhald, sem þykir mega skilorðsbinda með hliðsjón af því, sem að framan er rakið um drátt á meðferð málsins í héraði. Vararefsing vegna sektarinnar ákveðst 20 daga varðhald, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem í dómsorði segir.

Dómsorð:

Ákærði, Guðjón Júlíus Halldórsson, greiði 50.000 króna sekt til ríkissjóðs, en sæti 20 daga varðhaldi í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði sæti varðhaldi í 30 daga, en fullnustu refsingar skal frestað og hún niður falla að þremur árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Kjartans Reynis Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur sakadóms Garðakaupstaðar 17. júlí 1990.

Ár 1990, þriðjudaginn 17. júlí, er á dómþingi sakadóms Garðakaupstaðar, sem háð er á skrifstofu dómsins, Strandgötu 31, Hafnarfirði, af Höllu Bachmann Ólafsdóttur héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 3470/86: Ákæruvaldið gegn Guðjóni Júlíusi Halldórssyni, sem tekið var til dóms þann 26. júní s.á.

Mál þetta höfðaði ríkissaksóknari með ákæruskjali, dagsettu 7. nóvember 1986, gegn ákærða, Guðjóni Júlíusi Halldórssyni, með lögheimili að Bæjargili 57, en dvalarstað að Hlíðabyggð 30, Garðakaupstað, kt. 030763-5489, fæddum í Reykjavík, ,,fyrir að hafa laugardaginn 23. ágúst 1986:

1) ekið, sviptur ökuréttindum ævilangt, óskráðu vélknúnu ökutæki af gerðinni Gocart austur Lyngás í Garðakaupstað og síðan suður Stórás, en þar stöðvaði lögreglan akstur hans,

2) falið Róberti Magnúsi Kristmundssyni, fæddum 22. desember 1973, akstur sams konar ökutækis sömu leið.

Telst þetta varða við 2. mgr. 4. gr., 1. og 2. mgr. 11. gr., lið 1, auk þess við 1. mgr. 27. gr., og lið 2 við 35. gr., allt sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Mál þetta höfðaði ríkissaksóknari enn fremur með ákæruskjali, dagsettu 10. janúar 1989, gegn ákærða, Guðjóni Júlíusi, ,,fyrir að aka miðvikudaginn 27. júlí 1988, sviptur ökuréttindum ævilangt, bifreiðinni R-77411 frá Reykjavík til Kópavogs og fyrir að aka henni suður Túnbrekku í Kópavogi með allt að 70 kílómetra hraða miðað við klukkustund og með allt að 65 kílómetra hraða vestur Álfhólsveg, en lögreglan stöðvaði síðan akstur hans þar við hús númer 32.

Telst þetta varða við 1. mgr. 37. gr., 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Mál þetta höfðaði ríkissaksóknari loks með ákæruskjali, dagsettu 20. september 1989, gegn ákærða, Guðjóni Júlíusi, ,,fyrir að aka eftirtöldum bifreiðum, sviptur ökuréttindum ævilangt, svo sem hér greinir:

1) miðvikudaginn 11. febrúar 1987 bifreiðinni Y-14819 frá Nýbýlavegi 22 í Kópavogi, uns lögreglan stöðvaði akstur hans á Bæjarhálsi í Reykjavík,

2) fimmtudaginn 19. maí 1988 bifreiðinni R-77411 frá heimili sínu til Hafnarfjarðar, en lögreglan stöðvaði akstur hans á Hafnarfjarðarvegi á móts við Stakkahraun.

Telst þetta varða við 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Dómari fékk mál þetta til meðferðar frá öðrum dómara 17. apríl 1990.

Málavextir.

1-2) Laugardaginn 23. ágúst 1986 voru lögreglumenn í Hafnarfirði á eftirlitsferð í Garðabæ, er þeir veittu athygli ómerktu vélknúnu ökutæki, sem ekið var um Lyngás í austur og suður Stórás. Stöðvuðu þeir akstur ökutækisins, og reyndist 12 ára drengur vera ökumaður þess. Á hæla hans kom sams konar ökutæki, og var ökumaður þess Guðjón Júlíus Halldórsson, ákærði í máli þessu, en hann var sviptur ökuréttindum ævilangt 14. október 1985.

Ákærði gaf skýrslu hjá lögreglu.

Ákærði viðurkenndi að hafa ekið ökutæki af gerðinni Gocart, sviptur ökuréttindum ævilangt, 23. ágúst 1986 og lögregla þá haft afskipti af sér. Ákærði bar, að hann hefði verið að aka framangreindri bifreið frá geymslugámi að þar til gerðri lokaðri braut. Ákærði bar, að bifreiðarnar væru notaðar sem leiktæki og ekki væri hægt að aka þeim hraðar en 30 km/klst.

Ákærði kvað Róbert Magnús Kristmundsson, 12 ára, sem lögregla hafði afskipti af á sama tíma, hafa verið að aka sams konar ökutæki á sínum vegum austur Lyngás og suður Stórás, Garðabæ.

Ákæra í málinu var gefin út 7. nóvember 1986.

Ákæran var lögð fram 28. janúar 1987, en hvergi er að finna í gögnum málsins, að hún hafi verið birt þá.

Ákærða var birt ákæran 9. maí 1990.

Ákærði kvað efni ákæru vera rétt og viðurkenndi að hafa sjálfur ekið óskráðu vélknúnu ökutæki af gerðinni Gocart austur Lyngás í Garðakaupstað og síðan suður Stórás, þar sem lögregla hafi haft afskipti af akstri.

Ákærði viðurkenndi enn fremur að hafa falið Róberti Magnúsi Kristmundssyni, fæddum 22. desember 1973, akstur sams konar ökutækis þá leið, sem lýst er hér að ofan.

Niðurstöður.

Brot ákærða, þótt sönnuð væru, myndu ekki sæta þyngri viðurlögum en þeim, er í 1. tl. 1. mgr. 81. gr. laga nr. 19, 1940, greinir. Brot ákærða voru framin 23. ágúst 1986, og af gögnum málsins verður eigi annað ráðið en réttarrannsókn í þeim hafi legið niðri, þar til ákærða var birt ákæran 9. maí 1990. Er því ljóst, að sök í málunum fyrntist 23. ágúst 1988, og er ákærði sýknaður af ákæru, dagsettri 7. nóvember 1986.

3) Að morgni miðvikudagsins 27. júlí 1988 voru lögreglumenn í Kópa-

vogi á eftirlitsferð á gatnamótum Þverbrekku og Nýbýlavegar, er þeir veittu bifreiðinni R-77411 athygli, þar sem henni var ekið greitt eftir Nýbýlavegi í vestur. Lögreglumenn veittu bifreiðinni eftirför og mældu hraða hennar með því að halda jöfnu bili milli hennar og lögreglubifreiðarinnar, og sýndi hraðamælir lögreglubifreiðarinnar þá töluna 70 km/klst. Á Álfhólsvegi sýndi hraðamælir lögreglubifreiðarinnar 65 km/klst. Akstur ökumanns, ákærða í máli þessu, Guðjóns Júlíusar Halldórssonar, var stöðvaður á Álfhólsvegi 32, þar sem lögreglumenn ræddu við ákærða.

Ákærði var spurður um það, á hvaða hraða hann hefði ekið bifreiðinni greint sinn.

Ákærði bar, að hann hefði ekki fylgst með hraðamæli.

Þegar ákærði var beðinn um ökuskírteini, viðurkenndi hann að vera sviptur ökuréttindum ævilangt.

Í frumskýrslu kemur fram, að á þeirri leið, er mæling fór fram á, sé biðstöð fyrir strætisvagna og gangbraut.

Ákærði var færður til skýrslutöku á lögreglustöð Kópavogs í beinu framhaldi af afskiptum lögreglu, þar sem hann viðurkenndi að hafa ekið bifreiðinni, sviptur ökuréttindum, en ákærði dró í efa, að hann hefði ekið á kærðum hraða, þar sem hann hefði fylgst með hraðamæli skömmu áður og þá ekið á um 60 km/klst., og enn fremur vegna þess, að hann hefði vitað af lögreglubifreiðinni, er mæling fór fram, og ekið með hliðsjón af því.

Ákæra var gefin út 10. janúar 1989 og birt ákærða 9. maí 1990.

Ákærði viðurkenndi að hafa ekið bifreiðinni R-77411, sviptur ökuréttindum ævilangt, frá Reykjavík í Kópavog. Ákærði kvaðst hins vegar hafa ekið bifreiðinni með 60 km/klst. suður Túnbrekku, en ekki 70 km/klst., svo sem hann er ákærður fyrir, og 60 km/klst. á Álfhólsvegi, en ekki 65 km/klst., svo sem í ákæru greini.

Lögreglumenn, er unnu að hraðamælingu, komu báðir fyrir dóm.

Vitnið Oddur Ólafsson lögreglumaður gaf skýrslu fyrir dómi.

Vitnið staðfesti að hafa unnið að hraðamælingu bifreiðar ákærða í Kópavogi þann 27. júlí 1988. Vitnið bar, að þeir (sic) hefðu veitt bifreið hans athygli, þar sem henni hefði verið ekið hratt vestur Nýbýlaveg. Viðvörunarljós hefðu strax verið kveikt og henni verið veitt eftirför suður Túnbrekku. Mæling hefði verið framkvæmd með því að halda jöfnu bili milli bifreiðanna, er henni var ekið um Túnbrekku og Álfhólsveg.

Vitnið Sigurður Freyr Gunnarsson lögreglumaður gaf skýrslu fyrir dómi.

Vitnið kvaðst hafa unnið að hraðamælingu með Oddi Ólafssyni í Kópavogi 27. júlí 1988. Vitnið bar, að það myndi, er bifreið ákærða var ekið greitt vestur Álfhólsveg og mæling verið framkvæmd með því að halda jöfnu bili milli bifreiðanna. Vitnið kvaðst hins vegar ekki muna eftir hraðamælingunni í Túnbrekku.

Bæði vitnin staðfestu framburðarskýrslur, sem þau gáfu hjá lögreglu, þar sem aðdraganda hraðamælingar og mælingu í Túnbrekku og á Álfhólsvegi er nákvæmlega lýst.

Niðurstöður.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa ekið, sviptur ökuréttindum, greint sinn og yfir leyfðum hámarkshraða, þó að hann hafi mótmælt kærðum hraða. Með játningu ákærða og framburði vitna, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, þykir vera sannað, að hann hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem hann er ákærður fyrir. Varða brot hans við 1. mgr. 37. gr. og 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

4) Miðvikudaginn 11. febrúar 1987 var ákærði stöðvaður á bifreiðinni Y-14819, þar sem henni var ekið um Bæjarháls, þar sem bifreiðin hafði ekki verið færð til skoðunar. Í viðræðum við lögreglumenn viðurkenndi ökumaður bifreiðarinnar, ákærði, Guðjón Júlíus Halldórsson, að vera sviptur ökuréttindum.

Ákærði gaf framburðarskýrslu hjá lögreglu 1. september sama ár.

Ákæra var gefin út 20. september 1989.

Ákærða var birt ákæran í þinghaldi 9. maí 1990.

Ákærði viðurkenndi, að efni ákæru væri rétt, og kvaðst hafa ekið bifreiðinni Y-14819, sviptur ökuréttindum ævilangt, 11. febrúar 1987 frá Nýbýlavegi 22, Kópavogi, uns lögregla hefði stöðvað akstur á Bæjarhálsi.

Niðurstöður.

Af gögnum málsins er ljóst, að þegar ákæra í málinu var gefin út 20. september 1989, var sök ákærða þegar fyrnd, þar sem engin rannsókn fór fram, frá því að brot ákærða var framið 11. febrúar 1987. Ákærði er því sýknaður af lið 1) í ákæru, dagsettri 20. september 1989.

5) Að morgni þriðjudagsins 19. maí 1988 var lögreglumaður á eftirlitsferð, er hann veitti bifreiðinni R-77411 athygli, þar sem henni var ekið suður Hafnarfjarðarveg á móts við Stakkahraun. Var bifreiðinni veitt eftirför, þar sem grunur lék á, að ökumaður hennar væri sviptur ökuréttindum. Ákærði, Guðjón Júlíus Halldórsson, var ökumaður bifreiðarinnar, og viðurkenndi hann að hafa ekið bifreiðinni greint sinn, sviptur ökuréttindum ævilangt, úr Kópavogi áleiðis að Herjólfsgötu, Hafnarfirði. Ákærði var færður til skýrslutöku hjá lögreglu í beinu framhaldi, þar sem hann bar að hafa ekið bifreiðinni frá heimili sínu í Garðabæ, uns lögregla hefði stöðvað akstur í Hafnarfirði.

Ákæra var gefin út 20. september 1989 og birt ákærða 9. maí 1990.

Ákærði viðurkenndi að hafa ekið bifreiðinni R-77411, sviptur ökuréttindum ævilangt, fimmtudaginn 19. maí 1988 frá heimili sínu, Bæjargili 57,

Garðabæ, áleiðis í Hafnarfjörð, uns lögregla stöðvaði frekari akstur ákærða á Hafnarfjarðarvegi á móts við Stakkahraun.

Niðurstöður.

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, þykir vera sannað, að hann hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem hann er ákærður fyrir. Varðar brot hans við 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Sakaferill ákærða.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1980 14/10 Sátt: 40.000 kr. sekt fyrir brot gegn 49. og 50. gr. umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi 2 mánuði frá 5.9. 1980.
1981 7/12 Sátt: 1.500 kr. sekt fyrir brot gegn 25. gr. umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi 3 mánuði frá 19.11. 1981.
1983 8/12 Dómur: 12.000 kr. sekt fyrir brot gegn 25. og 46. gr. umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 8.12. 1983.
1984 20/6 Sátt: 8.000 kr. sekt fyrir brot gegn 27. gr. umferðarlaga.
1985 21/1 Sátt: 18.000 kr. sekt fyrir brot gegn 27., 49. og 50. gr. umferðarlaga.
1986 3/4 Dómur: Varðhald 20 daga fyrir brot gegn 2., sbr. 4. mgr. 25. og 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga.
1986 25/9 Sátt: 15.000 kr. sekt fyrir brot gegn 27. gr. umferðarlaga. Veitt heimild til ökuleyfis á ný 11.4. 1990.

Refsing ákærða.

Dómsáttin frá 20. júní 1984, dómsátt frá 21. janúar 1985 og dómsátt frá 25. september 1986 ásamt dómi sakadóms Garðabæjar frá 3. apríl 1986 hafa ítrekunaráhrif samkvæmt 71. gr. almennra hegningarlaga á brot ákærða, er hér er fjallað um, og verður honum dæmd refsing með tilliti til þess.

Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 100. gr., og þykir hún hæfilega ákveðin með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga 3 mánaða fangelsi.

Sakarkostnaður.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin greiðsla málsvarnarlauna skipaðs verjanda ákærða, Kjartans Reynis Ólafssonar hrl., krónur 25.000.

Dómsorð:

Ákærði, Guðjón Júlíus Halldórsson, sæti fangelsi í 3 mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kjartans Reynis Ólafssonar hrl., krónur 25.000.

Miðvikudaginn 27. mars 1991.

Nr. 319/1990. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Hermanni Ragnarssyni
(Garðar Garðarsson hrl.).

Bifreiðar. Umferðarlög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Hrafn Bragason og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 31. júlí 1990 að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákæruvalds til sakfellingar samkvæmt ákæru, þyngingar á refsingu og lengingar á ökuleyfissviptingu.

Ákærði krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar. Til vara krefst hann vægustu refsingar, og verði ökuleyfissvipting felld niður. Í báðum tilvikum er þess krafist, að sakarkostnaður verði lagður á ríkissjóð.

Kröfu sína um, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað, reisir ákærði á því, að slík vafaatriði séu í málinu, að ríkissaksóknara hafi borið að láta sækja þing af hálfu ákæruvalds við meðferð þess í héraði, sbr. 2. tl. 1. mgr. 130. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála.

Af hálfu ákæruvalds er kröfunni mótmælt, enda séu ekki skilyrði til að verða við henni, sbr. ákvæði 2. mgr. 130. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974.

Engin skilyrði eru til að ómerkja hinn áfrýjaða dóm, þótt eigi væri sótt þing af hálfu ákæruvalds í héraði. Verður kröfu ákærða um ómerkingu hins áfrýjaða dóms því hafnað.

Ákæra 29. september 1989.

Viðurkennt er og sannað, að ákærði ók í bæði þau skipti, sem í ákæru greinir, hraðar en leyfilegt er á Grindavíkurvegi, sbr. 1.

gr. auglýsingar nr. 250/1987 um hámarkshraða á þjóðvegum. Varða brot ákærða við 2. mgr. 37. gr. umferðarlaga.

Ákæra 22. janúar 1990.

Ákærði hefur gefið þá skýringu á akstri bifreiðarinnar Ö-260 föstudaginn 27. október 1989, að henni hafi ekið Norðmaður, sem hann hafi kynnst á veitingastað fyrr um kvöldið, en hann hafi horfið af vettvangi, eftir að bifreiðin valt.

Skýring þessi er ekki marktæk, enda á hún sér enga stoð í gögnum málsins. Verður lagt til grundvallar, að ákærði hafi ekið bifreiðinni, er hún valt á Reykjanesbraut 27. október 1989. Fram er komið, að hann hafði verið við drykkju kvöldið áður og orðið mjög ölvaður.

Ber að staðfesta sakarmat héraðsdómara um þetta ákæruefni og færslu brots til refsiákvæðis.

Refsing ákærða samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, þykir hæfilega ákveðin varðhald 45 daga.

Með vísan til 101. gr. og 1. mgr. 102. gr. umferðarlaga ber að svipta ákærða rétti til að stjórna vélknúnu ökutæki. Ákveðst svipting ökuréttinda 1 ár. Ákærði var með héraðsdómi sviptur ökuréttindum í sex mánuði. Ber því að ákveða ákærða sviptingu ökuréttinda til viðbótar í sex mánuði frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og í dómsorði segir.

Dómsorð:

Ákærði, Hermann Ragnarsson, sæti varðhaldi 45 daga.

Ákærði er sviptur rétti til að stjórna vélknúnu ökutæki í 1 ár.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 35.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Garðars Garðarssonar hæstaréttarlögmanns, 35.000 krónur.

Dómur sakadóms Keflavíkur 15. júní 1990.

Ár 1990, föstudaginn 15. júní, er í sakadómi Keflavíkur, sem haldinn er í skrifstofu dómsins, Vatnsnesvegi 33, Keflavík, af Sigurði Halli Stefáns-

syni héraðsdómara, upp kveðinn dómur í máli nr. 89.2271: Ákæruvaldið gegn Hermanni Ragnarssyni.

Mál þetta, sem var dómtekið 28. f.m., er höfðað á hendur Hermanni Ragnarssyni, Bjarnavöllum 4, Keflavík, kt. 220855-3689, með tveimur ákærum ríkissaksóknara, dags. 29. september 1989 og 22. janúar 1990.

A.

Með ákæru, dags. 29. september 1989, er málið höfðað „fyrir að aka eftirtöldum bifreiðum á árinu 1989 yfir leyfðum hámarkshraða norður Gíghæð á Grindavíkurvegi í Gullbringusýslu, svo sem hér greinir:

1) að kvöldi mánudagsins 29. maí bifreiðinni Ö-260 með allt að 141 kílómetra hraða miðað við klukkustund,

2) að kvöldi laugardagsins 15. júlí bifreiðinni Ö-2650 með allt að 111 kílómetra hraða miðað við klukkustund.

Telst þetta varða við 2. mgr. 37. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Með ákæru, dags. 22. janúar 1990, er málið höfðað „fyrir að aka aðfaranótt föstudagsins 27. október 1989 undir áhrifum áfengis bifreiðinni Ö-260 frá Reykjavík áleiðis til Keflavíkur og svo óvarlega vestur Reykjanesbraut á Strandarheiði í Gullbringusýslu, að bifreiðin lenti út af veginum og valt.

Telst þetta varða við 1., sbr. 3. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101. og 102. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Ákærði hefur samkvæmt sakavottorði sætt refsingum sem hér segir: [Ákærði sætti refsidómi fyrir ölvunarakstur 1977 og fyrir líkamsárás 1985. Hann hefur 9 sinnum sæst á greiðslu sekta fyrir umferðarlagabrot.]

B.

Ákæra 29. september 1989.

1. Mánudaginn 29. maí 1989 kl. 22.42 stöðvuðu lögreglumenn, sem voru í eftirlitsferð til suðurs um Grindavíkurveg á vegarkafla á Gíghæð í lögreglubifreiðinni Ö-1005, bifreiðina Ö-260, sem ákærði ók úr gagnstæðri átt. Samkvæmt skýrslu lögreglumanna mældist hraði bifreiðarinnar 141 km á klst., en hámarkshraði á veginum var 90 km á klst.

Ákærði hefur áætlað, að hann hafi ekið á 120 km hraða, en kveðst ekki hafa fylgst með hraðamæli bifreiðarinnar í umrætt sinn. Hann hafði

„radarvara“ í bifreiðinni. Hann dregur hraðamælingu lögreglunnar í efa fyrir þá sök, að lögreglumennirnir hafi ekki getað sýnt honum töluna í ratsjá, þegar hann kom yfir í lögreglubifreiðina.

Eftirtalin vitni hafa gefið skýrslur hjá rannsóknarlögreglu og fyrir dómi: Ína Björk Hannesdóttir, Ásgarði 10, Keflavík, og lögreglumennirnir, sem stóðu að kærunni, þeir Arnar Daníelsson, Ránargötu 5, Grindavík, og Hjálmar Hallgrímsson, Víkurbraut 28, Grindavík. Lögreglumennirnir staðfestu skýrslur sínar með eiði.

Ína Björk Hannesdóttir var farþegi í framsæti bifreiðarinnar Ö-260, sem ákærði ók í umrætt sinn frá baðhúsinu við Bláa lónið áleiðis til Keflavíkur. Hún kvaðst hafa séð 120 km hraða á hraðamælinum, rétt áður en hún varð vör lögreglubifreiðar, sem kom á móti með sírenum.

Lögreglumennirnir Arnar Daníelsson og Hjálmar Hallgrímsson varðstjóri báru, að ratsjá lögreglubifreiðarinnar hefði verið prófuð fyrir og eftir hraðamælinguna með tónkvíslum, sem eru sérstaklega til slíks ætlaðar. Þeir kváðu ratsjána hafa sýnt 141 km hraða á klst, en ákærði hafi brugðið snöggt við, snarhægt ferðina, svo að tölurnar hafi lækkað mjög ört og þeir ekki náð að „læsa inni“ hærri tölu en 132. Þeir sýndu ákærða ekki þá tölu, og bar Arnar Daníelsson, að Hjálmar hefði skipað svo fyrir, að þeirri tölu skyldi sleppt út til að rugla málið ekki með annarri tölu en þeirri, sem kæran myndi hljóða um.

2) Laugardaginn 15. júlí 1989 kl. 22.25 mældu lögreglumenn, sem óku Grindavíkurveg til suðurs, með ratsjá hraða bifreiðarinnar Ö-2650, sem ákærði ók úr gagnstæðri átt á vegarkafla við Gíghæð. Reyndist hraðinn vera 111 km á klst.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa gerst sekur um brot þau, sem hér um ræðir.

3) Sannað þykir, að ákærði hafi gerst sekur um brot þau, sem í ákæruunni greinir og eru þar réttilega færð til lagaákvæða.

C.

Ákæra 22. janúar 1990.

Föstudaginn 27. október 1989 kl. 2.45 var hringt á lögreglustöðina í Keflavík og tilkynnt um mann á Reykjanesbraut talsvert innan við Voga, og hegðaði hann sér undarlega, hlypi fyrir bíla, er leið ættu um veginn. Matthías H. Guðmundsson lögreglumaður og Ægir Guðlaugsson aðstoðarvarðstjóri fóru að leita mannsins. Á Strandarheiði óku þeir fram á bifreiðina Ö-260, sem hafði verið ekið vestur Reykjanesbraut, snúist til á veginum, oltið sunnan megin vegar og lent á hjólunum. Segir í lögregluskýrslu, að ákærði hafi setið í bílstjórasæti og verið með opna bjórdós í sætinu milli fóta sér. Hann hafi verið greinilega ölvaður, ekki munað, hvað gerst

hafði, en neitað að hafa ekið bifreiðinni. Kvaðst hann hafa verið með Ólafi Eyjólfssyni, Krossholti 3, Keflavík, og ökumanninum, sem hann vissi ekki, hver var. Kvað hann mennina hafa farið og skilið sig eftir. Farið var með ákærða til lögreglustöðvar, þar sem ekki var unnt að sjá nein spor í snjónum eftir þessa menn við athugun á vettvangi. Einnig var náð í Ólaf Eyjólfsson.

Framburður þeirra er sagður hafa verið ógreinilegur og samhengislaus. Ólafur kvaðst hafa „húkkað" sér far heim, eftir að hafa verið með ákærða á veitingahúsinu Gauki á Stöng.

Læknir var fenginn til að taka ákærða blóðsýni. Við rannsókn þess reyndist magn alkóhóls vera 2,37‰ . Ólafi Eyjólfssyni var einnig tekið blóðsýni, og reyndist magn alkóhóls í því vera 1,77‰.

Ákærði hefur skýrt svo frá, að kl. um 9 umrætt fimmtudagskvöld hafi hann komið ásamt Ólafi Eyjólfssyn í veitingastaðinn Gauk á Stöng og ekið bifreiðinni Ö-260 þangað. Þeir höfðu verið á gæsaveiðum, og var haglabyssa ákærða í bifreiðinni svo og bjórkassi. Hann kvaðst hafa drukkið bjór og Jägermeister í veitingahúsinu og orðið mjög ölvaður. Þar hafi hann hitt 4-6 norska skotveiðiáhugamenn, og hafi einn þeirra verið mjög áfjáður í að fá að sjá og jafnvel prófa haglabyssu hans. Einnig hafi borið á góma, þegar ákærði hugðist láta vera að drekka, þar sem hann væri með bifreið, að einn Norðmannanna hafi sagst ekki drekka.

Ákærði kvaðst ekki muna eftir atvikum, eftir að hann fór frá Gauki á Stöng, en rankað við sér í aftursæti bifreiðarinnar, eftir að hún hafði oltið, og þá hafi enginn annar maður verið í henni. Hann kveðst hafa hringt í eiginkonu sína og setið eftir það töluverðan tíma í bifreiðinni og drukkið bjór.

Vitnið Ólafur Eyjólfsson kvaðst hafa komið á veitingastaðinn Gauk á Stöng umrætt kvöld í bifreið ákærða, Ö-260, og þá einskis áfengis hafa neytt, þótt bjórkassi væri í bifreiðinni. Þeir hafi setið að drykkju í veitingahúsinu með Norðmönnum og þremur stúlkum. Þegar stúlkurnar yfirgáfu staðinn, kvaðst hann hafa farið með þeim og skilið ákærða eftir, en þeir hafi þá verið orðnir ölvaðir. Kvaðst hann hafa fengið far í bifreið stúlknanna á móts við Hafnarfjörð, en gengið síðan áleiðis til Keflavíkur, alla leið á Strandarheiði, þar sem tvær bifreiðar, sem voru á leið til Keflavíkur, stöðvuðu (sic) fyrir honum og fékk hann far með annarri þeirra, Ladabifreið, sem Kristinn Þór Guðbjartsson ók, heim til sín.

Samkvæmt vitnisburði eiginkonu ákærða, Ingibjargar Finnsdóttur, hringdi ákærði til hennar upp úr miðnætti umrædda nótt, greinilega mjög ölvaður, og kvaðst vera í Bláfjöllum eða á leið þangað og sitja aftur í bílnum með hundi sínum. Virtist hann vera skelkaður og vera að biðja um aðstoð. Hún kvaðst hafa fengið Guðmund Guðbjörnsson til að koma með sér að

leita ákærða. Þau hafi ekið upp í Bláfjöll og að Hveragerði í talsverðri snjókomu, síðan til Reykjavíkur, þar sem hún hringdi í bílasíma ákærða, sem svaraði og var þá á lögreglustöðinni í Keflavík. Þau Guðmundur óku þá til Keflavíkur og komu að bifreiðinni Ö-260 utan Reykjanesbrautar vinstra megin. Þá snjóaði ekki, og gengu þau að bifreiðinni og tóku þaðan riffil og fatnað.

Samkvæmt vætti Guðmundar Guðbjörnssonar, Miðtúni 1, Keflavík, hringdi Ingibjörg Finnsdóttir í hann rétt upp úr miðnætti og bað hann að koma með sér að leita ákærða. Kvaðst hann hafa hringt í ákærða, sem hefði þegar svarað í bílasíma og heyranlega verið mjög ölvaður, sagst vera uppi í Bláfjöllum og ekki vera slasaður, en sitja í bifreiðinni ásamt hundi sínum og vera að drekka bjór. Þau Ingibjörg hafi þegar farið að leita ákærða, og hafi snjóað á leiðinni til Reykjavíkur, en þó meira í Bláfjöllum. Eftir að hafa ekið talsvert um, hafi þau farið til Reykjavíkur og hringt til ákærða, sem reyndist þá vera á lögreglustöðinni í Keflavík. Á leiðinni aftur til Keflavíkur hafi verið éljagangur, og er þau hafi ekið fram á bifreið ákærða við Vatnsleysuströnd, hafi þau tekið úr henni byssu og fleira. Bjórdósir hafi verið út um alla bifreiðina og einhverjar þeirra uppteknar.

Lögreglumennirnir Ægir Guðlaugsson og Matthías Hólm Guðmundsson fóru inn á Reykjanesbraut frá lögreglustöðinni í Keflavík vegna tilkynningar um, að maður væri þar á gangi. Þeir fundu hann ekki, en komu að bifreiðinni Ö-260, sem hafði oltið út fyrir brautina á Strandarheiði, og sneri framendi til Reykjavíkur. Þeir gáfu skýrslur hjá rannsóknarlögreglu og hér fyrir dómi.

Ægir Guðlaugsson kvað ákærða hafa setið undir stýri bifreiðarinnar með bjórdós í höndum og verið mjög ölvaður að sjá. Hann hafi viljað meina, að tveir menn hefðu verið með sér í bifreiðinni, Ólafur Eyjólfsson og einhver annar, og hefði annar þeirra ekið. Um tommuþykkur nýfallinn snjór hafi verið yfir, og muni lítið eitt hafa snjóað, en fok ekkert verið. Engin spor hafi fundist við bifreiðina nema við ökumannshurðina og engin spor legið í burtu frá henni. Hann taldi, að aðstæður hefðu verið þannig, að för hefðu sést, og útilokað, að þau hefði fennt í kaf.

Matthías Hólm Guðmundsson kvað ákærða hafa virst vera mjög ölvaður og áfengisþef lagt af honum. Hann hefði haldið á bjórdós og fleiri slíkar hefðu verið í bifreiðinni. Á honum hefði verið að skilja, að einhverjir menn hefðu verið með honum í bifreiðinni, en stungið af eftir veltuna. Nýfallinn snjór, tæplega ökkladjúpur, hefði verið yfir öllu, en augljóst hefði verið við könnun á sporum, að enginn hefði farið frá bifreiðinni. Hætt hefði verið að snjóa, för eftir bifreiðina hefðu verið mjög greinileg og afar ólíklegt, að för eftir gangandi mann hefðu afmáðst eða fennt í þau.

Föstudaginn 27. október 1989 fóru Rúnar Lúðvíksson rannsóknarlög-

reglumaður og Karl Hermannsson aðstoðaryfirlögregluþjónn inn á Reykjanesbraut til að kanna, hvort þar væru sjáanleg för eftir gangandi mann í snjófölinu, sem fallið hafði kvöldið áður, vegna framangreindrar frásagnar Ólafs Eyjólfssonar. Karl Hermannsson skýrði svo frá fyrir dómi, að spor hefðu sést eftir mann, reikulan í spori, frá Kúagerði óslitið upp á miðja Strandarheiði, um 2 km Hafnarfjarðar megin við þann stað, er bifreiðin Ö-260 hafði oltið. Á sama stað og sporin eftir hinn gangandi mann hurfu, hefðu verið för eftir 1-2 bifreiðar út fyrir veginn. Virtist frásögn Ólafs Eyjólfssonar fá staðist miðað við verksummerki.

Framangreindir lögreglumenn unnu eiða að vætti sínu.

Í skýrslu Rúnars Lúðvíkssonar greinir frá því, að hann hafi haft samband við Kristin Þór Guðbjartsson, sem hafi staðfest, að hann hafi verið á ferð um Reykjanesbraut þá um nóttina og ekið fram á Ólaf Eyjólfsson, sem var gangandi. Einnig hafi leigubifreið staðnæmst. Ólafur hafi verið talsvert ölvaður og allkaldur, og hafi hann ekið honum heim, en á leiðinni ekið að heimili ákærða að beiðni Ólafs til að kanna, hvort hann væri kominn þangað. Svo hafi ekki verið.

Með framburði ákærða og vætti vitna er sannað, að ákærði hefur gerst sekur um hátterni það, sem í ákæru greinir. Vegna eftirfarandi áfengisneyslu verður niðurstaða alkóhólrannsóknar ekki lögð til grundvallar.

Brot ákærða varðar við 1. mgr. 45. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

D.

Refsing ákærða samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 77. gr. almennra hegningarlaga, þykir hæfilega ákveðin sekt 35.000 krónur, og komi varðhald 14 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Svipta ber ákærða ökuréttindum samkvæmt 101. og 102. gr. umferðarlaga í 6 mánuði frá birtingu dómsins.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun Garðars Garðarssonar hrl., 35.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Hermann Ragnarsson, greiði sekt, kr. 35.000, og komi varðhald 14 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í 6 mánuði frá birtingu dómsins.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun Garðars Garðarssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 35.000.

Miðvikudaginn 27. mars 1991.

Nr. 98/1990. **Vatnsleysustrandarhreppur**
(Skúli Pálsson hrl.)
gegn
Guðjóni Hannessyni
(Páll Arnór Pálsson hrl.).

Gatnagerðargjald. Lögveð. Stjórnarskrá. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. mars 1990. Kröfur hans eru, að stefndi verði dæmdur „til að greiða stefnanda kr. 202.014,00, auk 40,80% ársvaxta frá 1. ágúst 1987 til 1. september 1987, með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. október 1987, með 43,2% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1987, með 45,60% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1987, með 49,20% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1988, með 51,60% ársvöxtum frá þeim degi til 1. marz 1988, með 45,60% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júlí 1988, með 52,80% ársvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst 1988, með 56,4% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1988, með 49,20% ársvöxtum frá þeim degi til 1. október 1988, með 33,60% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1988, með 27,60% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1988, með 24% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1989, með 21,60% ársvöxtum frá þeim degi til 1. marz 1989, með 24% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl 1989, með 33,60% ársvöxtum frá þeim degi til 1. maí 1989, með 38,40% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1989, með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júlí 1989, með 45,60% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1989, með 40,80% ársvöxtum frá þeim degi til 1. október 1989 og með hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum samkvæmt útreikningi Seðlabanka Íslands á hverjum tíma frá þeim degi til greiðsludags skv. vaxtalögum nr. 25/1987.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá L.M.F.Í. auk lögmælts vsk. Þess er krafist, að málskostnaður beri dráttarvexti

frá 15. degi eftir dómsuppsögu með skírskotun til vaxtalaga nr. 25/1987. Jafnframt er þess krafist, að heimilt verði að leggja dráttarvexti við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. ágúst 1988.

Áfrýjandi gerir þá kröfu, að viðurkenndur verði lögveðsréttur til tryggingar dómkröfum í fasteigninni nr. 20 við Vogagerði í Vogum, Vatnsleysustrandarhreppi, eign stefnda".

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti með dráttarvöxtum frá 15. degi frá dómsuppsögu til greiðsludags, og verði tekið tillit til 24,5% virðisaukaskatts við ákvörðun málskostnaðar.

Málavöxtum er lýst í II. kafla héraðsdóms.

Úrslit máls þessa ráðast af skýringu á 3., 4. og 5. gr. laga nr. 51/1974 um gatnagerðargjöld, eins og þessi ákvæði eru eftir breytingu á 4. gr. með lögum nr. 31/1975. Þá þarf einnig að hafa í huga reglugerð um gatnagerðargjöld í Vatnsleysustrandarhreppi nr. 284/1985 og V. kafla vegalaga nr. 6/1977, sbr. reglugerð nr. 257/1964 um ríkisframlag til þjóðvega í kaupstöðum og kauptúnum og nr. 369/1979 um þjóðvegi í kaupstöðum og kauptúnum.

Í 3. - 5. gr. laga nr. 51/1974 er fjallað um svonefnd B-gatnagerðargjöld. Lagaákvæðin eru þannig:

„3. gr. - Sveitarstjórnum er heimilt að ákveða með sérstakri samþykkt, sem ráðherra staðfestir, að innheimta sérstakt gjald, sem varið skal til framkvæmda við að setja bundið slitlag á götur í sveitarfélaginu og til lagningar gangstétta.

Heimild til að leggja á slík gjöld er bundin við það, að sveitarfélagið hafi ekki áður innheimt af hlutaðeigandi fasteign gatnagerðargjald, sem ætlað hefur verið a.m.k. að hluta til bundins slitlags.

4. gr. - Gjald skv. 3. gr. má innheimta af öllum fasteignum við þær götur, sem bundið slitlag hefur verið sett á og þar sem gangstéttir hafa verið lagðar, enda sé eigi lengri tími en fimm ár liðinn, frá því að slitlag var sett eða gangstétt lögð. Má gjaldið nema allt að meðalkostnaði við þessar framkvæmdir.

5. gr. - Við ákvörðun gjalda skv. 1. og 3. gr. laga þessara skal miða við lóðarstærð og/eða rúmmál bygginga, eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt. Gjöld mega vera mismunandi eftir notkun

húss, t.d. eftir því, hvort um er að ræða hús til íbúðar, verslunar, iðnaðar o.s.frv. Þá mega gjöld af íbúðarhúsum vera mismunandi eftir því, hvort um er að ræða einbýlishús, raðhús, fjölbýlishús o.s.frv.“

Eins og fram kemur í hinum áfrýjaða dómi, ákvað hreppsnefnd áfrýjanda 1986 að leggja bundið slitlag á götur í Vogum. Var það verk boðið út í einu lagi og tilboð ekki sundurliðað eftir götum. Jafnframt var ákveðið að leggja gangstéttir, og verður eftir málsgögnum að byggja á því, að gera hafi átt í einu lagi allar gangstéttir, sem áttu að vera við þessar götur. Er fram komið, að gangstéttir voru ekki gerðar við hús atvinnufyrirtækja nálægt höfninni, þar sem ekki þótti rétt, að þar væru slíkar stéttir. Þetta verk var einnig boðið út í einu lagi, og var tilboð ekki sundurliðað eftir götum. Gjald var reiknað eftir 11. gr. reglugerðar nr. 284/1985, þ.e. af hverjum rúmmetra húss, en mismunandi hundraðshluti byggingarkostnaðar var lagður til grundvallar eftir tegund byggingar. Í máli þessu er ekki ágreiningur um heimild til slíkrar mismununar, sem var lögleg. Verður það atriði ekki rakið frekar. Það gjald, sem í upphafi var reiknað, var síðar lækkað um 20%.

Stefndi hefur haft uppi ýmis andmæli gegn gjaldtökunni.

Í fyrsta lagi telur hann, að ekki hafi verið heimilt að jafna kostnaði við framkvæmdirnar niður án tillits til kostnaðar við einstakar götur. Fallast ber á það með héraðsdómi, að heimilt hafi verið, eins og á stóð, að jafna gjöldum niður án þess að reikna út kostnað við hverja götu.

Þá telur stefndi, að kostnað við Hafnargötu hafi í öllu falli átt að sérgreina, enda sé hún þjóðvegur í þéttbýli, og beri að greiða kostnaðinn við hana af vegafé. Fram er komið, að áfrýjandi fékk greiðslur af vegafé á árunum 1975 til 1986, þar á meðal sérstök framlög 1978 til 1980 vegna slitlags, sem lagt var á Hafnargötu. Einnig er fram komið, að framkvæmdir þær, sem nú er deilt um, voru einnig gerðar á þessari götu. Voru gerðar gangstéttir við hluta götunnar og lagt á hana bundið slitlag ofan á hið eldra.

Hvergi í lögum eru fyrirmæli um, að þessar framkvæmdir við götuna hafi átt að gera upp sér í lagi og bíða greiðslna af vegafé til þeirra. Af tölum þeim, sem fyrir liggja, verður ráðið, að kostnaður við Hafnargötu hafi verið 5.345.617 krónur, en jafnframt er

upplýst, að framlag til áfrýjanda af vegafé hafi árið 1986 verið 213.711 krónur. Var áfrýjanda heimilt að jafna kostnaði við þessa götu niður með sama hætti og öðrum kostnaði, sem hér er deilt um. Verður kröfu áfrýjanda ekki hrundið vegna þessa atriðis.

Þá telur stefndi, að krafa áfrýjanda sé án lagastoðar, þar sem við útreikning hafi ekki verið tekið gjald af óbyggðum lóðum. Í 5. gr. laga nr. 51/1974 er berum orðum heimilað að miða gjaldið við rúmmál bygginga, svo sem gert var í samræmi við 11. gr. reglugerðar nr. 284/1985. Þar sem hér var um heildarframkvæmdir að ræða og kostnaði við þær jafnað niður á allar götur, sem þær náðu til, eru ekki lagarök til að hnekkja þessari aðferð við gjaldtökuna, hvorki í 67. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944, almennri jafnræðisreglu íslensks réttar eða öðrum réttarheimildum, enda allt í óvissu um not af óbyggðum lóðum í þorpinu.

Stefndi heldur því enn fremur fram, að óheimilt hafi verið að taka gjöld eftir lögum nr. 51/1974 og nota þau til framkvæmda, sem ekki verði taldar vera við bundið slitlag á götur eða lagningu gangstéttar. Vísar stefndi í 1. mgr. 3. gr. laganna. Er af hálfu hans sérstaklega bent á, að hið umdeilda gjald hafi meðal annars verið notað til að ganga frá grassvæðum eða graseyjum við götur svo og til að kosta uppgröft og ýmis stjórnunarstörf. Þá sé í framlögðum gögnum ekki gerð grein fyrir verkum, sem ólokið var haustið 1987, en til þeirra hafi verið áætlaðar 2.850.000 krónur. Er því haldið fram, að alla þessa liði beri að draga frá öðrum útgjöldum, þegar gerður er upp kostnaður við bundið slitlag og gangstéttir. Komi þá fram, að meira hafi verið innheimt með hinum umdeildu gjöldum en kostnaði nam, en slíkt sé ólöglegt, svo sem ráða megi af lokaákvæði 4. gr. laga nr. 51/1974, sbr. 1. gr. laga nr. 31/1975. Er bent á, að áfrýjandi telji heildarkostnaðinn, að meðtöldum þeim umdeildu kostnaðarliðum, sem nýnefndir eru, 28.377.882 krónur, en álögð gjöld 28.002,361 krónu. Þar sem kostnaðurinn við grassvæðin ein nemi að sögn áfrýjanda meira en mismuni þessara talna, sé ljóst, að gjaldtakan sé ólögmæt.

Fallast ber á það með stefnda, að áfrýjandi sé bundinn af tveimur lagareglum um hámark álagðra gatnagerðargjalda. Hin fyrri er sú, sem fram kemur í 11. gr. reglugerðar nr. 284/1985, sem byggð er á 5. gr. laga nr. 51/1974, sem fyrr segir. Hin síðari er sú, sem fram

kemur í lokaákvæði 4. gr. laganna með breytingu í lögunum frá 1975. Segir þar: „Má gjaldið nema allt að meðalkostnaði við þessar framkvæmdir.“ Verður að skýra þetta ákvæði svo, að „meðalkostnaður“ sé heildarkostnaður, sem jafnað er niður eftir reglum, byggðum á 5. gr. Af samanburði við 2. gr. um svokallað A-gatnagerðargjald, sem eðli sínu samkvæmt er innheimt, áður en framkvæmdir á lóðum eru hafnar, verður ráðið, að B-gjaldið skuli miðað við raunverulegan, en ekki áætlaðan kostnað. Eftir þessu er óhjákvæmilegt að kanna, hvort einstakir liðir í uppgjöri því, sem áfrýjandi hefur lagt fram um framkvæmdirnar, sem hér er um fjallað, verði taldir kostnaður við að setja bundið slitlag á götur eða við að gera gangstéttir.

Fallast ber á það með héraðsdómi, að ýmsan viðbótarkostnað hafi verið heimilt að greiða af hinum álögðu gjöldum. Allir þeir kostnaðarliðir, sem að framan eru raktir, teljast slíkur viðbótarkostnaður, enda eru graseyjar hluti gatna víða um land, uppgröftur, sem lítið kostar tiltölulega, eðlilegur hluti malbikunarframkvæmda eftir lögum nr. 51/1974 og stjórnunarkostnaður óhjákvæmilegur hluti framkvæmdanna. Þá verður ekki talið, að óheimilt hafi verið að áætla nálægt verklokum nokkurt fé til ólokinna minni háttar framkvæmda og óvissuþátta.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, ber að taka til greina þá kröfu áfrýjanda, að stefndi verði dæmdur til að greiða hreppnum 202.014 krónur, enda er sú fjárhæð ekki tölulega umdeild. Við ákvörðun vaxta ber að taka tillit til þess, að mál þetta var þingfest 19. október 1989, eftir að fallið hafði verið frá málsókn með öðrum hætti. Verður stefnda af þeim sökum ekki gert að greiða vexti nema frá þingfestingardegi. Um vexti fer að þessu athuguðu svo sem segir í dómsorði.

Rétt er, að málskostnaður falli niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Taka ber til greina kröfu um viðurkenningu lögveðsréttar, sbr. 7. gr. laga nr. 51/1974.

Dómsorð:

Stefndi, Guðjón Hannesson, greiði áfrýjanda, Vatnsleysustrandarhreppi, 202.014 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt

III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 19. október 1989 til greiðsludags.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Viðurkenndur er lögveðsréttur áfrýjanda í fasteign stefnda, Vogagerði 20 í Vogum, Vatnsleysustrandarhreppi, til tryggingar 202.014 krónum með vöxtum eftir dómi þessum.

Sératkvæði
Bjarna K. Bjarnasonar hæstaréttardómara.

Þegar það er virt, á hvern hátt áfrýjandi hefur lagt mál sitt fyrir dómstóla, og með hliðsjón af 3. gr., 5. gr., 2. mgr. 6. gr. og 4. gr. laga nr. 51/1974 um gatnagerðargjöld, sbr. 1. gr. laga nr. 31/1975, 10. gr. reglugerðar nr. 284/1985 um gatnagerðargjöld í Vatnsleysustrandarhreppi og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms tel ég, að staðfesta beri hann, en málskostnaður fyrir Hæstarétti eigi að falla niður.

Sératkvæði
Hjartar Torfasonar hæstaréttardómara.

Með lögum nr. 51/1974, sbr. lög nr. 31/1975, um gatnagerðargjöld hefur sveitarstjórnum í landinu verið heimilað að leggja á sérstök gjöld til að standa straum af kostnaði við gatnagerðarframkvæmdir innan hlutaðeigandi sveitarfélags. Styðjast lögin við þá stjórnskipulegu heimild, sem almenni löggjafinn hefur samkvæmt 77. gr., sbr. 40. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944, til að leggja skatta á þjóðfélagsþegnana eða tiltekna hópa þeirra eftir almennum efnislegum mælikvarða og vissri jafnræðisreglu. Lög þessi voru sett með hliðsjón af tilvist gatnagerðargjalda, sem komið hafði verið á í nokkrum sveitarfélögum án heimildar í settum lögum, sem samningsbundnum greiðslum frá rétthöfum að byggingarlóðum í tengslum við lóðaúthlutun og veitingu byggingarleyfa af hálfu sveitarfélagsins. Er ljóst af þessum aðdraganda og efni laganna sjálfra, að þeim er ætlað að tryggja sveitarfélögum aðstöðu til að þvinga fram eins konar endurgjald frá eigendum eða rétthöfum að fasteignum með tilliti til hagsmuna þeirra af gerð gatna með þátttöku í kostnaði við gatnagerð innan sveitarfélagsins í formi hinna umræddu gjalda.

Á hinn bóginn er jafnljóst af efni laganna, að þeim er ekki ætlað að tryggja fullkomið jafnvægi milli gjalda einstakra rétthafa og kostnaðar af þeim sérstöku gatnagerðarframkvæmdum, sem kalla megi tengdar fasteignum þeirra sjálfra. Jafnframt er gjöldunum ætlað að verða lögð á rétthafana eina þrátt fyrir þá staðreynd, að göturnar, sem verið er að fjármagna, séu gerðar sem vegir til almennrar umferðar, meiri eða minni eftir aðstæðum, í þágu þeirra og annarra. Þessi sjónarmið koma skýrast fram í 5. gr. laganna, þar sem því er lýst, að gatnagerðargjöld skuli miða við stærð lóða og/eða rúmmál bygginga á þeim, eftir því sem nánar sé ákveðið með reglugerð í hverju sveitarfélagi. Megi gjöldin einnig vera mismunandi eftir notkun húsa, til íbúðar eða atvinnuþarfa, og eftir því, hvort um sé að ræða hús til einbýlis eða fjölbýlis. Í þessari afmörkun gjaldanna felst meðal annars afdráttarlaus vísbending í þá átt, að taxti þeirra eigi ekki að fara eftir lengd, breidd, legu, efnisgerð, umferðarþoli eða öðru, sem varðar tilhögun gatnanna sjálfra, heldur eftir nýtingu lóða við göturnar, þ.e. aðallega byggingarmagni eða byggingarmöguleikum. Um afmörkun gjaldanna frá hinu sjónarmiðinu sé ekki að ræða nema að því leyti, sem leiða megi hið gagnstæða af ákvæðum 2. gr. og 4. gr. laganna um hámark gatnagerðargjalda, er vísa til meðalkostnaðar af framkvæmdum.

Um gatnagerðargjöld í Vogum í Vatnsleysustrandarhrepi gilda ákvæði reglugerðar nr. 284/1985, sem samin var og staðfest eftir þessum lögum. Samkvæmt I. kafla hennar ber lóðarhöfum að eignar- og leigulóðum innan hreppsins að greiða gatnagerðargjald til sveitarsjóðs af öllum nýbyggingum og einnig stækkun eldri húsa. Er þetta hið almenna gatnagerðargjald eða A-gjald, eins og það er nefnt í reglugerðinni, sem heimilað er í 1. og 2. gr. laganna, sbr. og 5. gr. og 1. mgr. 6. gr. þeirra. Taxti gjaldsins er miðaður við rúmmál húsa einvörðungu, en ekki jafnframt við lóðastærð, eins og er í sumum sveitarfélögum. Er taxtinn reiknaður sem hlutfall af byggingarkostnaði á rúmmetra í fjölbýlishúsi og álagning gjaldsins tengd byggingarleyfi vegna húss eða stækkunar, svo sem við er miðað í 1. gr. laganna.

Samkvæmt II. kafla reglugerðarinnar, sem fjallar um þátttöku í kostnaði við að gera gangstétt og bundið slitlag á götu, eiga lóðar-

hafar að greiða svonefnt B-gatnagerðargjald af öllum lóðum og húsum, sem falla undir I. kafla hennar, að því tilskildu, að ekki hafi áður verið innheimt af þeim A-gatnagerðargjald, er ætlað hafi verið a.m.k. að hluta til bundins slitlags. Er þetta hið sérstaka gatnagerðargjald, sem heimilað er í 3. og 4. gr. laganna, sbr. 5. gr. og 2. mgr. 6. gr. þeirra. Taxti þessa gjalds er einnig miðaður við byggingarkostnað á rúmmetra í húsi einvörðungu, og á að reikna hann miðað við þann tíma, er lokaframkvæmd við gerð götu fer fram. Ef hús er byggt við fullgerða götu, á að miða hann við útgáfutíma byggingarleyfis.

Síðarnefnda gjaldið er það gatnagerðargjald, sem um er deilt í máli þessu. Var það lagt á stefnda vegna lóðar hans, nr. 20 við Vogagerði í Vogum, þar sem hann átti fullbyggt hús, þegar bundið slitlag var lagt á þá götu og gangstétt gerð við hana. Sú aðgerð var þáttur í átaki til að ganga þannig frá nær öllum götum í kauptúninu, eins og lýst er í héraðsdómi. Var gjaldinu í reynd ætlað að mæta kostnaði af þessum framkvæmdum. Gjaldið var upphaflega lagt á haustið 1986, meðan framkvæmdir stóðu yfir, en endanlega sumarið eftir, þegar þeim var lokið að kalla. Er gjaldið reiknað eftir taxta í 11. gr. reglugerðarinnar miðað við vísitölu byggingarkostnaðar í júlímánuði 1987. Sama gjald var lagt á vegna sams konar húsa við aðrar götur, sem framkvæmdirnar náðu til, enda taxtinn hinn sami um allt kauptúnið.

Stefndi hefur borið fram ýmis andmæli við gjaldtökunni, eins og rakið er í atkvæði meiri hluta dómenda. Þau andmæli beinast ekki að sjálfum taxta reglugerðarinnar í Vogum, sem er að öllu leyti í samræmi við heimildir 5. gr. laganna. Eru þau fremur tengd því álitaefni, hvort gjaldið samkvæmt taxtanum fari fram úr þeirri fjárhæð sérstakra gatnagerðargjalda, sem leyfileg sé eftir ákvæðum laganna. Telur stefndi, að í því efni þurfi að taka tillit til álagningar vegna annnarra lóða við sömu götu og eftir atvikum annarra þeirra gatna, sem umræddar framkvæmdir náðu til.

Í 3. gr. laganna segir, að sveitarstjórn sé heimilt að innheimta sérstakt gjald, sem varið skuli „til framkvæmda við að setja bundið slitlag á götur í sveitarfélaginu og til lagningar gangstétta“. Er hér um að ræða hliðstæðu við það ákvæði 2. gr. um hið almenna gatnagerðargjald, að því skuli varið „til gatnagerðarframkvæmda í

sveitarfélaginu". Í fyrri málslið 4. gr. segir síðan um sérstaka gjaldið, eftir þá breytingu, sem á henni var gerð með lögum nr. 31/1975, að það megi innheimta „af öllum fasteignum við þær götur, sem bundið slitlag hefur verið sett á og þar sem gangstéttir hafa verið lagðar". Í síðari málslið segir, að gjaldið megi nema „allt að meðalkostnaði við þessar framkvæmdir". Þetta síðasttalda samsvarar því ákvæði 2. gr. um almenna gjaldið, að það megi nema „allt að áætluðum meðalkostnaði við að undirbyggja götu með tilheyrandi lögnum og slitlagi".

Um það má deila, hvaða skírskotun felist í orðunum „þessar framkvæmdir" í síðari málslið 4. gr., sem við á að miða, þegar „meðalkostnaður" er fundinn. Þegar litið er til samhengis í lögunum og tilgangs þeirra, verður þó að telja ljóst, að þau höfði til þeirra „framkvæmda", sem lýst er í ákvæði 3. gr. um hlutverk sérstaka gjaldsins, eins og áður er til vitnað, en ekki til fyrri málsliðar 4. gr. Samkvæmt þeirri skírskotun ber að ákvarða „meðalkostnað" eftir almennum sjónarmiðum, er við eigi um gerð slitlags og gangstétta „í sveitarfélaginu", en ekki eftir kostnaði af framkvæmdum við þá einstöku götu, sem fasteign gjaldanda stendur við.

Þessi túlkun ræðst meðal annars af hliðstæðunni við ákvæði 1. og 2. gr. laganna um almenna gjaldið, þar sem ekki er orðað fast samhengi milli fjárhæðar gjaldsins og kostnaðar við einstakar götur. Jafnframt styðst hún við það höfuðatriði í 5. gr. laganna, að bæði gjöldin eigi að miða við nýtingu á lóðum í sveitarfélaginu, en ekki tilhögun gatna. Af því er eðlilegt að draga þá ályktun, að nauðsynlegu jafnræði milli gjaldenda við álagningu gatnagerðargjalda megi ná með því að leggja svipuð gjöld á sams konar fasteignir á sama tíma, eins og gert var í þessu tilviki. Því jafnræði yrði raskað, ef gjaldendum væri mismunað eftir aðstæðum til gatnagerðar við lóðir þeirra. Þar með er ekki fullyrt, að slík mismunun væri útilokuð eftir lögunum eða vegna ákvæða stjórnarskrárinnar, en úr því þarf ekki að skera í þessu máli.

Gegn umræddri túlkun mælir það eitt í texta laganna, að samkvæmt fyrri málslið 4. gr. og 2. mgr. 6. gr. laganna er ekki heimilt að innheimta hið sérstaka gjald, fyrr en gerð slitlags og/eða gangstéttar er lokið, þ.e., þegar ætla má, að raunkostnaður af framkvæmdunum liggi fyrir í meginatriðum. Í því sambandi má og vitna

til þess, að orðið „áætlaður" var fellt brott úr síðari málslið 4. gr., þegar henni var breytt með lögum nr. 31/1975. Sú breyting var sérstaklega ætluð til að tryggja afturvirkni reglnanna um gjaldið (sem síðar var synjað viðurkenningar með dómi Hæstaréttar í málinu H. 1984,560), og skýringu á brottfellingunni er ekki að finna í greinargerð fyrir breytingunni eða umræðum á Alþingi. Umrædd ákvæði eru greinilega orðuð í ljósi þess, að ekki er unnt að tengja álagningu gatnagerðargjalds af þegar byggðum húsum við útgáfu byggingarleyfa, eins og almennt er gert um nýbyggingar, og er tengingin við lok framkvæmda sett í hennar stað, að því er þau varðar. Af þessu þarf hins vegar ekki að draga þá ályktun, að heimildin til álagningar sérstaka gjaldsins eigi að felast í því einu að jafna niður raunkostnaði við tilteknar götur, og önnur ákvæði laganna mæla henni í mót.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, er ekki unnt að hafna álagningu hins sérstaka gatnagerðargjalds á stefnda af þeirri ástæðu, að framkvæmdakostnaður við götu hans sé sá meðalkostnaður, sem ráða eigi hámarki gjaldsins, og var áfrýjanda ekki nauðsynlegt að sérgreina þann kostnað til að staðreyna hámarkið.

Í máli þessu er aðstaðan sú, að lagning slitlags og gangstétta var framkvæmd í einu lagi á nær öllum götum í Vogum. Liggur því nærri að líta svo á, að hinn raunverulegi heildarkostnaður af þessum framkvæmdum gefi tæmandi mynd af þeim meðalkostnaði, er við eigi sem hámark sérstakra gatnagerðargjalda í Vogum. Áfrýjandi hefur ekki gert grein fyrir öðrum mælikvarða, sem leggja megi til grundvallar í því efni, og í reglugerð nr. 284/1985 er engin ákvæði að finna um hámark gjalda samkvæmt henni. Á hún það sammerkt með flestum eða öllum reglugerðum um gatnagerðargjöld í sveitarfélögum, sem staðfestar hafa verið. Áfrýjandi hefur hins vegar reynt að gera grein fyrir framkvæmdakostnaðinum og telur hann nema sem næst 28.377.882 krónum á verðlagi í júlí 1987. Hafi þá verið dregnar frá 4.027.000 krónur vegna gamla þjóðvegarins til Suðurnesja, sem engin hús séu talin við. Álögð gjöld nemi samanlagt 28.002.061 krónu, eftir að áfrýjandi hafi gefið af þeim 20% afslátt. Með þeim afslætti séu gjöldin ótvírætt lögmæt.

Ég er samþykkur því áliti meiri hluta dómenda, að hinir ýmsu kostnaðarliðir, sem áfrýjandi hefur gert grein fyrir, séu eðlilegir

þættir í kostnaði við framkvæmdir af þessu tagi. Sé hinn framtaldi raunkostnaður að því leyti tækur til samanburðar sem kostnaður, er mæta megi með gatnagerðargjöldum. Þeir liðir, sem helst gætu orðið að álitaefni, svo sem gerð sérstakra hraðahindrana vegna umferðaröryggis, vega auk þess of lítið til að skipta máli um lögmæti álagningar og voru í reynd hluti gatnagerðarinnar.

Ég er enn fremur samþykkur því áliti meiri hlutans, að heimilt hafi verið að telja kostnað af framkvæmdum við Hafnargötu meðal þess, sem líta megi til varðandi hámark gatnagerðargjalda í Vogum, og eigi stefndi ekki kröfu á því, að kostnaðurinn verði sérgreindur og dreginn frá gagnvart honum. Auk þess, sem í atkvæðinu greinir, leiðir það af þeim sjónarmiðum, sem hér er fylgt varðandi ákvörðun meðalkostnaðar, að líta eigi til meðalgötu í kauptúninu við þá ákvörðun fremur en tiltekinna gatna eins og Hafnargötu. Jafnframt væri það óeðlileg röskun á því jafnræði gjaldþegna, sem á er byggt eftir 5. gr. laga nr. 51/1974, ef fasteignir við þjóðveg innan sveitarfélags væru undanþegnar gatnagerðargjöldum. Á hinn bóginn kann að koma til álita að taka tillit til tekna af vegafé við ákvörðun meðalkostnaðar. Að því er vikið hér á eftir.

Loks er um að ræða þá mótbáru stefnda, að áfrýjandi beri heildarkostnað saman við álögð gjöld án tillits til þess, að gjöldin voru lögð á rétthafa að 173 byggðum lóðum, en ekki að 26 óbyggðum lóðum við sömu götur. Sú tilhögun var í samræmi við síðari málslið 12. gr. reglugerðar nr. 284/1985, en í honum felst, að gjald samkvæmt 11. gr. skuli síðar taka af nýjum húsum, sem byggð yrðu við göturnar. Að vísu er allt í óvissu um óbyggðar lóðir í kauptúninu samkvæmt upplýsingum í máli þessu, en ætla verður áfrýjanda að geta gert nokkra grein fyrir því, hvers raunhæft sé að vænta um gjaldtekjur af þeim. Jafnframt hefði áfrýjandi getað komið því við með breytingu á reglugerð, en þó ekki án staðfestingar ráðuneytis, að tiltaka eða áætla sérstakt gjald af hinum óbyggðu lóðum við álagninguna 1987. Með tilliti til þessa er ég samþykkur því áliti dómenda í héraði, að rétt væri að taka tillit til hinna óbyggðu lóða, sem gatnagerðin náði til, ef leggja ætti heildarkostnað af framkvæmdum til grundvallar sem hámark gatnagerðargjalds.

Ég tel hins vegar, að þessi annmarki á aðferð áfrýjanda eigi ekki að varða því, að hið álagða gjald teljist ólögmætt. Regla 4. gr.

laga nr. 51/1974, sbr. lög nr. 31/1975, um meðalkostnað af framkvæmdum sem hámark útgjalda sveitarfélags, er mæta megi með sérstöku gatnagerðargjaldi, er vísiregla, sem höfðar til almennra sjónarmiða um gatnagerð í sveitarfélagi eða kostnaðar við meðalgötu innan þess. Reglan leggur þá kvöð á sveitarstjórnir að áætla gatnagerðargjöld með þeim hætti, að fjárhæð þeirra standist samanburð við slíkan kostnað. Í því tilliti skiptir það ekki máli, að raunkostnaður við tiltekna framkvæmd verði lægri en almennt megi við búast, ef munurinn gefur ekki til kynna, að hugmyndir um meðalkostnað séu óraunhæfar.

Í þessu tilviki liggur fyrir sá heildarkostnaður af gatnagerð, sem fyrr var að vikið. Í samanburði við hann einan virðast líkur til þess, þegar litið er til óbyggðra lóða og eftir atvikum til tekna af vegafé, að gatnagerðargjöld áfrýjanda hafi verið of hátt áætluð, þannig að hinn veitti afsláttur hafi naumast nægt til að brúa bilið. Þessi niðurstaða er þó ekki vafalaus. Á hinn bóginn er ekki ástæða til að draga í efa, að gjöldin standist samanburð við það, sem almennt gerist um gatnagerðarkostnað. Sé ekki um það að ræða, að gjöld sveitarfélagsins á grundvelli hinnar staðfestu reglugerðar færi því ósanngjarnar tekjur á kostnað fasteignaeigenda í kauptúninu. Með tilliti til þess og til fyrrgreindra lögskýringa ber að fallast á þá staðhæfingu áfrýjanda, að hið umkrafða gjald á hendur stefnda standist kröfur laganna um gatnagerðargjöld. Það er og ekki á lagt með þeim hætti, að í bága fari við 77. gr., sbr. 40. gr. stjórnarskrárinnar, eða svo hátt, að jafna beri til eignarupptöku eftir 67. gr. hennar.

Á þessum forsendum er ég samþykkur niðurstöðu meiri hluta dómenda um efni máls þessa svo og um málskostnað.

Dómur aukadómþings Gullbringusýslu 13. desember 1989.

I.

Mál þetta var tekið til dóms að loknum munnlegum málflutningi 23. nóvember sl.

Stefnandi er Vatnsleysustrandarhreppur, kt. 670269-2649, Vogum, Gullbringusýslu.

Stefndi er Guðjón Hannesson, kt. 120235-4199, Vogagerði 20, Vogum, Vatnsleysustrandarhreppi.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda kr. 202.014 auk [nánar tiltekinna vaxta svo og málskostnaðar].

Stefnandi gerir þá kröfu, að viðurkenndur verði lögveðsréttur til tryggingar dómkröfum í fasteigninni nr. 20 við Vogagerði, Vogum, Vatnsleysustrandarhreppi, sem er þinglýst eign stefnda.

Af hálfu stefnda eru gerðar þær dómkröfur aðallega, að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða stefnda fullan málskostnað með söluskatti.

Þess er jafnframt krafist, að málskostnaður beri dráttarvexti skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá 15. degi til dómsuppsögu.

Til vara er þess krafist, að dómkröfur stefnanda verði lækkaðar verulega og að málskostnaður verði felldur niður.

II.

Málavextir eru þeir, að vorið 1986 ákvað stefnandi að leggja bundið slitlag á og gangstéttir við meginhluta gatna í Vogum, þar með talið Vogagerði, en við þá götu stendur fasteign stefnda. Á þessum tíma voru allar götur í Vogum án bundins slitlags að undanskilinni Hafnargötu, en á þá götu hafði verið lögð olíumöl á árunum 1979 og 1980. Stefnandi fól Verkfræðistofu Suðurnesja hf. að annast alla nauðsynlega undirbúningsvinnu fyrir verkið, þ.e. mælingar, hönnun og gerð útboðsgagna svo og eftirlit með framkvæmdum. Framkvæmdinni var skipt í tvo verkþætti.

Annars vegar var um að ræða lagningu slitlags og nauðsynlega undirbúningsvinnu, gerð niðurfalla og lagna að þeim, hallajöfnun gatna, jarðvegsskipti og fyllingu, en hins vegar gerð gangstétta og frágang grassvæða.

Fyrri hluti verksins var boðinn út í júní 1986. Alls bárust 13 tilboð í verkið, og reyndist fyrirtækið Loftorka sf. með lægsta tilboðið, kr. 11.900.000, sem af hálfu stefnanda er sagt hafa verið 70% af áætluðu kostnaðarverði.

Í ódagsettri tilkynningu stefnanda til húseigenda í Vogum, þar sem þeim eru kynntar hugmyndir um framkvæmdir þessar, er þess getið, að verkið verði fjármagnað með álagningu B-gatnagerðargjalds samkvæmt reglugerð um gatnagerðargjöld í Vatnsleysustrandarhreppi nr. 284/1985. Þess er getið, að greiðslu B-gatnagerðargjaldsins megi inna að hendi þannig, að 20% greiðist út við upphaf framkvæmda og eftirstöðvar með fasteignatryggðu skuldabréfi með jöfnum afborgunum næstu fjögur ár.

Í bréfi stefnanda til húseigenda í Vogum, dags. 22.ágúst 1986, er tilkynnt, að framkvæmdir við verkið séu hafnar og stefnt að því í samræmi við verksamning að ljúka þeim 31. október sama ár. Eftir því sem fram kemur í gögnum málsins, urðu nokkrar tafir á verkinu, en unnið var eftir því, sem veður leyfði, fram í desember það ár. Þá var búið að leggja tvöfalt slitlag á meginhluta gatnanna. Á fjórar götur og götuhluta var einungis búið að leggja fyrra lag, en tvær götur höfðu aðeins verið grófjafnaðar.

Verkið hófst að nýju í maí 1987, og 23. júní 1987 var lokið við lagningu slitlags.

Af málskjölum kemur fram, að tiltekinn fjöldi fasteignaeigenda í Vogahverfi, þar á meðal stefndi, sætti sig ekki við það, hvernig að fjármögnun verksins var staðið, og þá sér í lagi, að stefnandi sýndi ekki fram á raunverulegan kostnað hvers fasteignareiganda fyrir sig við hverja götu eða götukafla. Spunnust af mótmælum þeirra bréfaskriftir, sem ekki þykir ástæða til að rekja hér nema að litlu leyti.

Þann 19. júní 1987 ritaði sveitarstjóri fasteignaeigendum upplýsingabréf, þar sem segir, að verið sé að ljúka við gerð akbrauta og lagningu gangstétta miði samkvæmt áætlun. Síðan segir í bréfinu: „Framkvæmdakostnaður miðað við stöðu gatnagerðarinnar nú er að nálgast 20 millj. kr. Allt bendir til þess, að verkið muni kosta milli 25 og 26 millj. kr., er þá ótalinn kostnaður, sem nemur nokkrum milljónum króna." Þá er tekið fram í bréfinu, að eftir 1. júní s.á. þurfi gjaldendur að staðgreiða gjöld sín, hafi þeir ekki samið um greiðslu fyrir þann tíma.

Seinni hluti framkvæmda, þ.e. gerð steyptra gangstétta, var boðinn út í mars 1987, og var samið við Margeir Elentínusson verktaka um verkið. Framkvæmdir hófust í byrjum apríl og lauk 24. ágúst 1987.

Stefnda var sendur reikningur, dags. 6. ágúst 1987, þar sem hann var krafinn um B-gatnagerðargjald, eins og hér segir: Stærð hússins Vogagerðis 20 er 595 m^3. Gjaldið að frádregnum 20% afslætti er alls kr. 202.014.

Reikningurinn óskast greiddur fyrir 20. ágúst nk. Álagning B-gjalds til innheimtu í Vogum er kr. 27.877.447. Áætlaður heildarkostnaður við gatnagerðina á verðlagi í júlí 1987 er alls kr. 31.211.026. Sé greitt á réttum tíma, er veittur 10% staðgreiðsluafsláttur.

Með úrskurði, dags. 7. júní 1988, synjaði uppboðshaldarinn í Gullbringusýslu kröfu stefnanda um uppboð á fasteign vegna gatnagerðargjalda, sem um er deilt í máli þessu. Það mál hafði verið rekið sem prófmál fyrir hóp þeirra gjaldenda, er neitað höfðu greiðslu. Í forsendum úrskurðarins kom fram, að skylda uppboðsþola til greiðslu gatnagerðargjaldsins væri ekki það skýr og ótvíræð, að beitt yrði heimild laga nr. 49/1951 um sölu lögveðs á nauðungaruppboði án undangengins lögtaks. Máli þessu var áfrýjað til Hæstaréttar, en dómur liggur enn ekki fyrir.

Í málinu liggur frammi annars vegar greinargerð Verkfræðistofu Suðurnesja hf., dags. 14. mars 1988, um gatnagerð í Vogum 1986 og 1987 og hins vegar viðbótargreinargerð, dags. 16. september 1988. Í fyrri greinargerðinni er framkvæmdakostnaður sundurliðaður og færður til verðlags í júní 1987 þannig:

Kostnaður við slitlag.			
Gröftur og uppúrtekt		kr.	205.003
Niðurföll og lagnir		"	808.494
Fylling		"	1.047.939
Jöfnun yfirborðs		"	1.473.468
Jöfnunarlag		"	4.420.404
Klæðing		"	6.434.830
Olíumalbik		"	1.355.149
Tímavinna		"	1.473.636
	Samtals	kr.	17.218.923
Kostnaður við gerð gangstétta.			
Jarðvinna		kr.	979.407
Gangstéttar		"	6.074.771
Kantsteinn		"	338.182
Rafbúnaður o.fl.		"	1.098.529
Ýmislegt		"	493.851
	Samtals	kr.	8.984.740
Frádregin hlutdeild Hitaveitu Suðurnesja		"	957.784
	Samtals	kr.	8.026.956
Ýmis kostnaður.			
Grassvæði við Hafnargötu		kr	688.864
Aðkeypt efni		"	651.815
Verkfræðikostnaður		"	2.108.007
Umsjón hreppsins 3%		"	860.837
	Samtals	kr.	4.309.523
Ólokin verk, áætlun.			
Gangstéttar		kr.	1.350.000
Grassvæði		"	500.000
Hraðahindranir		"	500.000
Ófyrirséð og umsjón		"	500.000
	Samtals	kr.	2.850.000
Samantekt			
Slitlag		kr.	17.218.403
Gangstéttar		"	8.026.956
Ýmislegt		"	4.309.523
Ólokin verk		"	2.850.000
	Samtals	kr.	32.404.882

Fram kemur, að kostnaður, kr. 4.027.000, við slitlag á „Gamla þjóðveginn", sem liggur við byggðina, er tekinn með í heildarkostnaði verksins. Við þann veg eru ekki byggingarlóðir, og kemur fram af hálfu stefnanda, að sá kostnaður falli allur á stefnanda.

III.

Stefnandi byggir kröfugerð sína í málinu á því, að heildarkostnaður við framkvæmdir þær, sem hér um ræðir, hafi numið tæpum 32,5 milljónum króna. Heildarálagning B-gatnagerðargjalds af sama tilefni hafi numið rúmlega 28 milljónum króna miðað við verðlag í júní 1987. Þá hafi verið búið að taka tillit til þess, að stefnandi felldi niður 20% áætlaðrar álagningar, þar sem framkvæmdakostnaður varð lægri en fyrirhugað hafði verið.

Gjaldtaka stefnanda er sögð byggð á þessum kostnaði. Miðist útreikningar B-gatnagerðargjaldsins við rúmmál fasteignar stefnda, eins og heimild sé fyrir í 5. gr. l. nr. 51/1974, sbr. 11. gr. reglugerðar nr. 284/1985. Sjá megi af skýrslu Verkfræðistofu Suðurnesja hf., að heildarkostnaður (meðalkostnaður) framkvæmda hafi farið verulega fram úr heildarálagningunni, þannig að skilyrðum 4. gr. laga nr. 51/1974 hafi verið fullnægt. Þetta sé í fyrsta sinn, sem B-gatnagerðargjöld hafi verið innheimt í hreppnum.

Í réttarheimildum þeim, sem stefnandi byggir á, sé talað um kostnað við gerð gangstétta og bundins slitlags á götu. Stefnandi telur, að ekki fari milli mála, að þar megi telja með kostnað vegna undirbúningsframkvæmda, s.s. niðurfalla, lagna, uppgraftar, fyllingar o. fl., sem telja verði eðlilegan vegna þeirra framkvæmda. Að sama skapi telur stefnandi eðlilegt og sanngjarnt að telja kostnað vegna graseyja og grasbletta við viðkomandi götu til kostnaðar við verkið, enda sé þá bundnu slitlagi og/eða gangstéttarlögn sleppt á viðkomandi stað og framkvæmdin í reynd ódýrari.

Stefnandi telur eðlilegt að líta á heildarkostnað framkvæmda á móti álögðum gjöldum, þannig að ekki þurfi að reikna út sérstaklega kostnað og álagningu við hvern götukafla. Eðli verksins sé slíkt, að ósanngjarnt væri að taka einstaka verkþætti út úr því. Þá beri til þess að líta, að raunkostnaður hvers götukafla sé í nær öllum tilvikum hærri en álagning á gjaldanda. Þá er vísað til skýringar í greinargerð Verkfræðistofu Suðurnesja hf. um kostnað, s.s. vegna aðkeyptrar verkfræðiþjónustu og kostnaðar stefnanda.

Stefnda hafi áður verið sent lögveðsbréf auk almennrar áskorunar, sem birtist í dagblaði 18. ágúst 1987. Þessar greiðsluáskoranir hafi reynst árangurslausar.

Af hálfu stefnanda er því á því byggt, að samkvæmt ákvæðum 3. - 7. gr. laga nr. 51/1974, eins og þeim var breytt með lögum nr. 31/1975, og

II. kafla reglugerðar um gatnagerðargjöld í Vatnsleysustrandarhreppi nr. 284/1985 hafi stefnanda verið heimil álagning B-gatnagerðargjalda með þeim hætti, sem hún var framkvæmd.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að ekki séu uppfyllt skilyrði laga um gatnagerðargjald nr. 51/1974, þannig að unnt sé að leggja B-gatnagerðargjald á stefnda, og fái þessi skattlagning ekki staðist ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944. Heimild sveitarstjórna samkvæmt 3. gr. laga nr. 51/1974 sé bundin við, að ekki hafi áður verið innheimt af hlutaðeigandi fasteign gatnagerðargjald, sem ætlað hafi verið a.m.k. að hluta til bundins slitlags.

Árið 1986 hafi verið sett slitlag á Hafnargötu yfir það, sem fyrir var. Slík aðgerð hafi einungis flokkast undir viðhald við götuna og greiðist úr ríkissjóði. Stefnanda hafi verið óheimilt að telja kostnað við þá götu með í heildarkostnaði.

Engum vafa sé undirorpið, að með orðunum „meðalkostnaður við framkvæmdir" sé átt við meðalkostnað við framkvæmdir við hverja götu eða götukafla. Þessi skilningur komi berlega fram í dómi Hæstaréttar 1984, bls. 574, og 1984, bls. 560.

Þá sé sundurliðun stefnanda á kostnaði við framkvæmdir algjörlega ófullnægjandi, og nokkrum kostnaðarliðum sé ofaukið, svo sem kostnaði við óloknar framkvæmdir við grassvæði, við gröft, klapparvinnu og fyllingu, við hraðahindranir, við verkfræðiþjónustu og umsjón hreppsins. Slíkir kostnaðarliðir falli utan þess að setja bundið slitlag á götu, sbr. 3. gr., en margir þeirra tilheyri A-gatnagerðargjöldum. Þá hafi stefnandi ekki upplýst, hvernig hann dreifir kostnaði á eigendur fasteigna við hverja götu, t.d. hvort gatnagerðargjöld elli- og örorkulífeyrisþega, sem fái gjöld niðurfelld eða frestun greiðslu, séu færð á kostnað gjaldanda. Sama eigi við um óbyggðar lóðir. Þá hafi stefnandi ekki upplýst, hver hafi verið kostnaður við hverja götu eða götukafla fyrir sig, og hafi hann þannig ekki fullnægt skilyrðum 4. gr. i.f. laga nr. 51/1974. Brjóti slík skattheimta í bága við 40. gr. og 77. gr. stjórnarskrárinnar.

Því er haldið fram, að álögð B-gatnagerðargjöld í Vogum séu gífurlega há og álagning gjaldsins með þessum hætti nánast eignaupptaka. Í sumum tilvikum eigni stefnandi sér stóran hluta andvirðis fasteignar með lögveði, án þess að hann láti fasteignareiganda í té sambærileg verðmæti í staðinn.

Gjalddagi B-gjalds sé, eftir að bundið slitlag hafi verið sett á eða gangstéttir hafi verið lagðar, skv. 4. gr. laga nr. 51/1974. Ef innheimta eigi gjöldin til að standa straum af kostnaði við hvort tveggja, sé gjalddaginn, þegar framkvæmdum við verkið ljúki. Ákvæði 13. gr. reglugerðar um annað sé lögleysa. Þá er mótmælt þeim rökum, er fram koma í framhaldsgreinargerð Verkfræðistofu Suðurnesja hf.

Mótmælt er vaxtakröfu stefnanda, vegna þess að gjalddagi kröfu hans sé óljós.

IV.

Með heimild í 5. gr. laga nr. 51/1974 og 11. gr. rglg. nr. 284/1985 um gatnagerðargjöld í Vatnsleysustrandarhreppi hefur stefnandi lagt sérstakt gatnagerðargjald á stefnda og aðra íbúa Voga miðað við rúmmál bygginga. Álagningarheimildin sætir þeirri takmörkun samkvæmt 4. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 31/1975, að gjaldið má ekki nema meira en meðalkostnaði við framkvæmdirnar. Af þessu leiðir, að heildarálagning má ekki fara fram úr heildarframkvæmdakostnaði. Af þeim ástæðum virðist stefnandi hafa ákveðið að lækka álögð gjöld um 20%, þegar heildarkostnaður lá nokkurn veginn fyrir, en jafnframt hefur komið fram, að ekki er ætlast til, að kostnaður við „Gamla þjóðveginn", sem engin hús standa við, sé reiknaður með í viðmiðunarkostnaðinum. Þegar frá hafa verið dregnar kr. 4.027.000 vegna framkvæmda við þann veg, nemur heildarkostnaður samkvæmt útreikningi stefnanda á verðlagi júlímánaðar 1987 kr. 28.377.882, en álögð gjöld hins vegar kr. 28.002.261.

Eðlileg skýring á 3. og 4. gr. laga nr. 51/1974, sbr. 1. gr. laga nr. 31/1975, er, að sveitarstjórn sé aðeins heimilt að leggja sérstakt gjald á eigendur fasteigna við götur, þar sem bundið slitlag og/eða gangstétt hafa verið lögð þannig, að viðkomandi fasteignaeigendur hafi beint gagn af framkvæmdinni. Þessi skilningur er staðfestur í framkvæmd í því, að engin gjöld hafa verið lögð á eigendur fasteigna við Austurgötu, þar sem hvorki hefur verið lagt varanlegt slitlag né gangstétt, og að kostnaði við „Gamla þjóðveginn" hefur verið haldið utan við kostnaðarútreikninga vegna álagningar gatnagerðargjalda.

Af hagkvæmnisástæðum var ráðist í að leggja í einu lagi bundið slitlag og gangstéttir á nálega allar götur í Vogum. Af sömu ástæðum varð því trauðla komið við að halda kostnaði við einstakar götur og götuhluta aðgreindum. Virðist því eðlilegt, að kostnaði við þær framkvæmdir væri jafnað niður á alla fasteignaeigendur, sem nutu beinna hagsbóta af framkvæmdinni, án þess að gerðir væru sérstakir útreikningar fyrir einstakar götur eða hluta gatna, enda verða ákvæði laga nr. 51/1974 ekki talin girða fyrir, að þessi háttur sé á hafður.

Samkvæmt því, sem fram er komið í málinu, virðist lagningu slitlags á Hafnargötu hafa verið þannig háttað á árinu 1986, að olíumalarlagið frá 1979-1980 var holufyllt og síðan lagt yfir það nýtt lag „klæðingar" og olíumalbiks að hluta. Er svo að sjá sem ekki hafi verið neitt gert við götuna, sem um munaði, frá 1980 til 1986, og virðist slitlagið, sem þá var sett á hana, hafa bætt úr uppsafnaðri viðhaldsþörf. Lagningu slitlagsins 1986 til

1987 virðist að verulegu leyti hafa átt að fjármagna með árlegum framlögum af þjóðvegafé úr ríkissjóði skv. 32. gr. laga nr. 6, 1977. Ber því að fallast á með stefnda, að þessi framkvæmd hafi verið viðhaldsaðgerð, sem verði ekki fjármögnuð með álagningu sérstaks gatnagerðargjalds, þar sem því skal varið til nýframkvæmda, en ekki til viðhalds. Var af þessum ástæðum nauðsynlegt að halda kostnaði við Hafnargötu sérgreindum.

Af gögnum málsins kemur fram, að lagt var sérstakt gatnagerðargjald á eigendur 173 byggðra lóða, en ekki á eigendur 26 óbyggðra lóða. Þá kemur einnig fram, að þegar byggt hefur verið á lóðum þessum síðar, hefur verið lagt gatnagerðargjald á eigendur þeirra.

Af hálfu stefnda hefur verið bent á og staðhæft, að meira en 50% lands við götubrún Hafnargötu séu auð svæði, en svæðið í heild skipulagt að 95 hundraðshlutum. Telur stefndi, að tillit hefði átt að taka til þessa við álagningu. Því hefur ekki verið haldið fram, að taka beri tillit til auðra svæða annars staðar, og þar sem þegar hefur verið komist að þeirri niðurstöðu, að leggja hefði átt sérstaklega á eigendur fasteigna við Hafnargötu, þykja ekki efni til að taka afstöðu til þessarar málsástæðu í úrlausn þessa máls.

Samkvæmt 4. gr. laga nr. 51/1974 er heimilt að innheimta gjald skv. 3. gr. af öllum fasteignum við þær götur, sem bundið slitlag hefur verið lagt á og þar sem gangstéttir hafa verið lagðar. Af þessu ákvæði verður sú ályktun dregin, að gjaldendur eigi rétt á því við niðurjöfnun gjaldanna, að tekið sé tillit til óbyggðra lóða, sem að viðkomandi götum liggja, þannig að ekki verið ósamræmi í álagningu milli óbyggðra lóða og byggðra. Gjöld á óbyggðar lóðir virðist hafa mátt áætla miðað við ætlað rúmmál fyrirhugaðra bygginga og fresta gjaldtöku, þar til byggingarleyfi væri gefið út.

Samkvæmt 13. gr. rglg. nr. 284/1985 er eindagi gjalda almennt einum mánuði eftir, að framkvæmdum við viðkomandi götu eða götukafla, öðrum en við lagningu gangstétta, er lokið. Skv. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 51/1974 skal sérstakt gatnagerðargjald gjaldkræft, þegar lagningu bundins slitlags og gangstéttar við hlutaðeigandi götu er lokið. Í ákvæði 4. gr. laga nr. 51/1974, sbr. 1. gr. laga nr. 31/1975, felst, að sérstakt gjald skv. 3. gr. verður ekki lagt á, fyrr en verki er lokið og allur kostnaður liggur fyrir, þannig að hægt sé að gæta þess, að álögð gjöld fari ekki fram úr hámarki skv. 4. gr. i.f. Eins og framkvæmdum var hagað, voru þannig ekki lagaskilyrði til álagningar, fyrr en verkinu í heild var lokið.

Stefnandi reisir heimild sína til álagningar á stefnda á ákvæðum II. kafla rglg. nr. 284/1985 með stoð í 3. gr. laga nr. 51/1974. Skilyrði álagningar er, að ekki hafi áður verið innheimt gatnagerðargjald af sömu fasteign, ætlað a.m.k. að hluta til bundins slitlags. Ágreiningslaust er, að þetta skilyrði stendur ekki í vegi fyrir álagningu á stefnda.

Ákvæði laga nr. 51/1974 eru ekki skýr um það, hvernig reikna beri þann kostnað, sem hámark álagningar sérstakra gatnagerðargjalda á að miðast við skv. 4. gr. i.f. Samkvæmt 2. gr. má almennt gatnagerðargjald nema allt að áætluðum meðalkostnaði við að undirbyggja götu með tilheyrandi lögnum og slitlagi. Samkvæmt þessu virðist eðlilegt að játa sveitarstjórn rétti til að reikna með allan viðbótarkostnað, beinan og óbeinan, við að leggja varanlegt slitlag á akbrautir og gera gangstéttir, enda hafi áður verið gengið frá götum og lögnum á fullnægjandi hátt miðað við, að síðar mætti leggja bundið slitlag og gangstéttir. Út frá þessu sjónarmiði virðist mega fallast á það með stefnanda, að heimilt sé að reikna með kostnað við verkfræðiþjónustu og umsjón svo og kostnað við tilfæringar við að leiða yfirborðsvatn af hinu fasta yfirborði ofan í frárennsliskerfið auk kostnaðar við undirbúningsvinnu og undirvinnu, svo sem við að jafna yfirborð gatna undir lagningu slitlags. Hins vegar verður kostnaður við að bæta úr því, sem vangert hefur verið varðandi undirbyggingu gatna, svo sem klapparbrot og jarðvegsskipti, ekki felldur undir framkvæmdir við að setja bundið slitlag á götur og til lagningar gangstétta í skilningi 1. mgr. 3. gr. laga nr. 51/1974.

Eins og rakið hefur verið, er ljóst, að stefnandi hefur ekki gætt þeirra sjónarmiða að öllu leyti, sem gæta ber við álagningu sérstaks gatnagerðargjalds á stefnda, þannig að ætla verður, að gjaldið hafi orðið hærra en ella og hærra en heimilt var skv. 4. gr. i.f. laga nr. 51/1974. Ekki eru skilyrði til þess, að dómurinn ákveði gjaldið í stað sveitaryfirvalda, og verður ekki komist hjá að hnekkja álagningunni og sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í þessu máli.

Eftir þessari niðurstöðu ber að dæma stefnanda til að greiða stefnda málskostnað, sem telst hæfilegur kr. 30.000.

Dóm þennan kvað upp Sveinn Sigurkarlsson héraðsdómari ásamt Steingrími Gaut Kristjánssyni borgardómara og Valtý Sigurðssyni borgarfógeta. Dómurinn er fjölskipaður samkvæmt heimild í 2. mgr. 7. gr. A laga 85/1936, sbr. 9. gr. laga 28/1981. Skilyrði 2. ml. 2. mgr. er fullnægt.

Dómsorð:

Stefndi, Guðjón Hannesson, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Vatnsleysustrandarhrepps.

Stefnandi greiði stefnda kr. 30.000 í málskostnað. Málskostnaður beri dráttarvexti skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu.

Miðvikudaginn 27. mars 1991.

Nr. 106/1990: **Vatnsleysustrandarhreppur**
(Skúli Pálsson hrl.)
gegn
Árnýju Helgadóttur og
Höllu Árnadóttur
(Páll Arnór Pálsson hrl.).

Gatnagerðargjald. Lögveð. Stjórnarskrá. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. mars 1990. Hann krefst þess, að stefndu verði dæmdar til að greiða hreppnum 202.014 krónur með tilteknum vöxtum, þar með töldum hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum eftir vaxtalögum nr. 25/1987, frá 1. október 1989 til greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, sem beri dráttarvexti eftir vaxtalögum. Loks gerir hann kröfu um viðurkenningu lögveðsréttar í Vogagerði 22, Vogum, Vatnsleysustrandarhreppi.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar hér fyrir dómi með dráttarvöxtum.

Málsatvik eru rakin í héraðsdómi.

Úrslit máls þessa ráðast af lögskýringu, sem er með sama hætti og lýst er í dómi Hæstaréttar í máli nr. 98/1990, sem upp var kveðinn fyrr í dag. Af ástæðum, sem þar eru greindar, verður í máli þessu svofellt

Dómsorð:

Stefndu, Árný Helgadóttir og Halla Árnadóttir, greiði áfrýjanda, Vatnsleysustrandarhreppi, 202.014 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 19. október 1989 til greiðsludags.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Viðurkenndur er lögveðsréttur áfrýjanda í fasteign stefndu, Vogagerði 22, Vogum, Vatnsleysustrandarhreppi, til tryggingar 202.014 krónum með vöxtum eftir dómi þessum.

Sératkvæði
Bjarna K. Bjarnasonar hæstaréttardómara.

Þegar það er virt, á hvern hátt áfrýjandi hefur lagt mál sitt fyrir dómstóla, og með hliðsjón af 3. gr., 5. gr., 2. mgr. 6. gr. og 4. gr. laga nr. 51/1974 um gatnagerðargjöld, sbr. 1. gr. laga nr. 31/1975, 10. gr. reglugerðar nr. 284/1985 um gatnagerðargjöld í Vatnsleysustrandarhreppi og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms tel ég, að staðfesta beri hann, en málskostnaður fyrir Hæstarétti eigi að falla niður.

Sératkvæði
Hjartar Torfasonar hæstaréttardómara.

Viðhorf mín í máli þessu ráðast af lögskýringu, sem er með sama hætti og lýst er í sératkvæði í máli nr. 98/1990, þar sem dómur var upp kveðinn fyrr í dag. Á forsendum, sem þar greinir, er ég samþykkur niðurstöðu meiri hluta dómenda í máli þessu.

Dómur aukadómþings Gullbringusýslu 13. desember 1989.

I.

Mál þetta var tekið til dóms að loknum munnlegum málflutningi 23. nóvember sl.

Stefnandi er Vatnsleysustrandarhreppur, kt. 670269-2649, Vogum, Gullbringusýslu.

Stefnda er Árný Helgadóttir, kt. 300947-2479, Grænukinn 7, Hafnarfirði, og Halla Árnadóttir, Vogagerði 22, Vogum, til réttargæslu.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda Árný Helgadóttir verði dæmd til þess að greiða stefnanda kr. 202.014 auk [nánar tiltekinna vaxta svo og málskostnað].

Stefnda gerir þá kröfu, að viðurkenndur verði lögveðsréttur til tryggingar dómkröfum í fasteigninni nr. 22 við Vogagerði, Vogum, Vatnsleysustrandarhreppi, sem er þinglýst eign réttargæslustefndu.

Af hálfu stefndu Árnýjar Helgadóttur eru gerðar þær dómkröfur aðallega, að stefnda verði sýknuð af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða stefndu fullan málskostnað með söluskatti.

Þess er jafnframt krafist, að málskostnaður beri dráttarvexti skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá 15 degi til dómsuppsögu.

Til vara er þess krafist, að dómkröfur stefnanda verði lækkaðar verulega og að málskostnaður verði felldur niður.

Af hálfu réttargæslustefndu eru ekki gerðar kröfur í málinu.

II.

Málavextir eru þeir ... [sbr. dóm í málinu: Vatnsleysustrandarhreppur gegn Guðjóni Hannessyni, bls. 627-628 að framan] ... lauk þann 24. ágúst 1987.

Réttargæslustefndu var sendur reikningur, dags. 6. ágúst 1987, þar sem hún var krafin um B-gatnagerðargjald, eins og hér segir: „Stærð hússins Vogagerðis 22 er 595 m^3. Gjaldið að frádregnum 20% afslætti er alls kr. 202.014.

Reikningurinn óskast greiddur fyrir 24. júlí nk. Álagning B-gjalds til innheimtu í Vogum er kr. 27.877.447. Áætlaður heildarkostnaður við gatnagerðina á verðlagi í júlí 1987 er alls kr. 31.211.026. Sé greitt á réttum tíma, er veittur 10% staðgreiðsluafsláttur."

Með úrskurði, dags. 7. júní 1988 ... [sbr. bls. 628-634 að framan]. ... Skilyrði 2. ml. 2. mgr. er fullnægt.

Dómsorð:

Stefndu, Árný Helgadóttir og Halla Árnadóttir, skulu vera sýknar af öllum kröfum stefnanda, Vatnsleysustrandarhrepps.

Stefnandi greiði stefndu kr. 30.000 í málskostnað. Málskostnaður beri dráttarvexti skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu.

Miðvikudaginn 27. mars 1991.

Nr. 107/1990. **Vatnsleysustrandarhreppur**
(Skúli Pálsson hrl.)
gegn
Jóhönnu Jóhannsdóttur
(Páll Arnór Pálsson hrl.).

Gatnagerðargjald. Lögveð. Stjórnarskrá. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. mars 1990. Hann krefst þess, að stefnda verði dæmd til að greiða hreppnum 187.415 krónur með tilteknum vöxtum, þar með töldum hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum eftir vaxtalögum nr. 25/1987, frá 1. október 1989 til greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, sem beri dráttarvexti eftir vaxtalögum. Loks gerir hann kröfu um viðurkenningu lögveðsréttar í Heiðargerði 13, Vogum, Vatnsleysustrandarhreppi.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar hér fyrir dómi með dráttarvöxtum.

Málsatvik eru rakin í héraðsdómi.

Úrslit máls þessa ráðast af lögskýringu, sem er með sama hætti og lýst er í dómi Hæstaréttar í máli nr. 98/1990, sem upp var kveðinn fyrr í dag. Af ástæðum, sem þar eru greindar, verður í máli þessu svofellt

Dómsorð:

Stefnda, Jóhanna Jóhannsdóttir, greiði áfrýjanda, Vatnsleysustrandarhreppi, 187.415 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 19. október 1989 til greiðsludags.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Viðurkenndur er lögveðsréttur áfrýjanda í fasteign stefndu,

Heiðargerði 13, Vogum, Vatnsleysustrandarhreppi, til tryggingar 187.415 krónum með vöxtum eftir dómi þessum.

Sératkvæði
Bjarna K. Bjarnasonar hæstaréttardómara.

Þegar það er virt, á hvern hátt áfrýjandi hefur lagt mál sitt fyrir dómstóla, og með hliðsjón af 3. gr., 5. gr., 2. mgr. 6. gr. og 4. gr. laga nr. 51/1974 um gatnagerðargjöld, sbr. 1. gr. laga nr. 31/1975, 10. gr. reglugerðar nr. 284/1985 um gatnagerðargjöld í Vatnsleysustrandarhreppi og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms tel ég, að staðfesta beri hann, en málskostnaður fyrir Hæstarétti eigi að falla niður.

Sératkvæði
Hjartar Torfasonar hæstaréttardómara.

Viðhorf mín í máli þessu ráðast af lögskýringu, sem er með sama hætti og lýst er í sératkvæði í máli nr. 98/1990, þar sem dómur var upp kveðinn fyrr í dag. Á forsendum, sem þar greinir, er ég samþykkur niðurstöðu meiri hluta dómenda í máli þessu.

Dómur aukadómþings Gullbringusýslu 13. desember 1989.

I.

Mál þetta var tekið til dóms að loknum munnlegum málflutningi 23. nóvember sl.

Stefnandi er Vatnsleysustrandarhreppur, kt. 670269-2649, Vogum, Gullbringusýslu.

Stefnda er Jóhanna Jóhannsdóttir, kt. 030358-2609, Heiðargerði 17, Vogum, Vatnsleysustrandarhreppi.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði dæmd til þess að greiða stefnanda kr. 187.415 auk [nánar tiltekinna vaxta svo og málskostnað].

Stefnandi gerir þá kröfu, að viðurkenndur verði lögveðsréttur til tryggingar dómkröfum í fasteigninni nr. 13 við Heiðargerði, Vogum, Vatnsleysustrandarhreppi, sem er þinglýst eign stefndu.

Af hálfu stefndu eru gerðar þær dómkröfur aðallega, að stefnda verði sýknuð af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða stefndu fullan málskostnað með söluskatti.

Þess er jafnframt krafist, að málskostnaður beri dráttarvexti skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá 15. degi til dómsuppsögu.

Til vara er þess krafist, að dómkröfur stefnanda verði lækkaðar verulega og að málskostnaður verði felldur niður.

II.

Málavextir eru þeir ... [sbr. dóm í málinu: Vatnsleysustrandarhreppur gegn Guðjóni Hannessyni, bls. 627-628 að framan] ... lauk þann 24. ágúst 1987.

Stefndu var sendur reikningur, dags. 15. júlí 1987, þar sem hún var krafin um B-gatnagerðargjald, eins og hér segir: „Stærð hússins Heiðargerðis 17 er 552 m^3. Gjaldið að frádregnum 20% afslætti er alls kr. 187.415.

Reikningurinn óskast greiddur fyrir 24. júlí nk. Álagning B-gjalds til innheimtu í Vogum er kr. 27.877.447. Áætlaður heildarkostnaður við gatnagerðina á verðlagi í júlí 1987 er alls kr. 31.211.026. Sé greitt á réttum tíma, er veittur 10% staðgreiðsluafsláttur."

Með úrskurði, dags. 7. júní 1988, ... [sbr. bls. 628-634 að framan]. ... Skilyrði 2. ml. 2. mgr. er fullnægt.

Dómsorð:

Stefnda, Jóhanna Jóhannsdóttir, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Vatnsleysustrandarhrepps.

Stefnandi greiði stefndu kr. 30.000 í málskostnað. Málskostnaður beri dráttarvexti skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu.

Miðvikudaginn 27. mars 1991.

Nr. 109/1990. **Vatnsleysustrandarhreppur**
(Skúli Pálsson hrl.)
gegn
Byggingarsjóði ríkisins
(Páll Arnór Pálsson hrl.).

Gatnagerðargjald. Lögveð. Stjórnarskrá. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. mars 1990. Hann krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða hreppnum 232.911 krónur með tilteknum vöxtum, þar með töldum hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum eftir vaxtalögum nr. 25/1987, frá 1. október 1989 til greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, sem beri dráttarvexti eftir vaxtalögum. Loks gerir hann kröfu um viðurkenningu lögveðsréttar í Heiðargerði 11, Vogum, Vatnsleysustrandarhreppi.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar hér fyrir dómi með dráttarvöxtum.

Málsatvik eru rakin í héraðsdómi.

Úrslit máls þessa ráðast af lögskýringu, sem er með sama hætti og lýst er í dómi Hæstaréttar í máli nr. 98/1990, sem upp var kveðinn fyrr í dag. Af ástæðum, sem þar eru greindar, verður í máli þessu svofellt

Dómsorð:

Stefndi, Byggingarsjóður ríkisins, greiði áfrýjanda, Vatnsleysustrandarhreppi, 232.911 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 19. október 1989 til greiðsludags.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Viðurkenndur er lögveðsréttur áfrýjanda í fasteign stefnda,

Heiðargerði 11, Vogum, Vatnsleysustrandarhreppi, til tryggingar 232.911 krónum með vöxtum eftir dómi þessum.

Sératkvæði
Bjarna K. Bjarnasonar hæstaréttardómara.

Þegar það er virt, á hvern hátt áfrýjandi hefur lagt mál sitt fyrir dómstóla, og með hliðsjón af 3. gr., 5. gr., 2. mgr. 6. gr. og 4. gr. laga nr. 51/1974 um gatnagerðargjöld, sbr. 1. gr. laga nr. 31/1975, 10. gr. reglugerðar nr. 284/1985 um gatnagerðargjöld í Vatnsleysustrandarhreppi og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms tel ég, að staðfesta beri hann, en málskostnaður fyrir Hæstarétti eigi að falla niður.

Sératkvæði
Hjartar Torfasonar hæstaréttardómara.

Viðhorf mín í máli þessu ráðast af lögskýringu, sem er með sama hætti og lýst er í sératkvæði í máli nr. 98/1990, þar sem dómur var upp kveðinn fyrr í dag. Á forsendum, sem þar greinir, er ég samþykkur niðurstöðu meiri hluta dómenda í máli þessu.

Dómur aukadómþings Gullbringusýslu 13. desember 1989.

I.

Mál þetta var tekið til dóms að loknum munnlegum málflutningi 23. nóvember sl.

Stefnandi er Vatnsleysustrandarhreppur, kt. 670269-2649, Vogum, Gullbringusýslu.

Stefndi er Byggingarsjóður ríkisins, kt. 460169-2409, Laugavegi 77, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda kr. 232.911 auk [nánar tiltekinna vaxta svo og málskostnað].

Stefnandi gerir þá kröfu, að viðurkenndur verði lögveðsréttur til tryggingar dómkröfum í fasteigninni nr. 11 við Heiðargerði, Vogum, Vatnsleysustrandarhreppi, sem er þinglýst eign stefnda.

Af hálfu stefnda eru gerðar þær dómkröfur aðallega, að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða stefnda fullan málskostnað með söluskatti.

Þess er jafnframt krafist, að málskostnaður beri dráttarvexti skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá 15. degi til dómsuppsögu.

Til vara er þess krafist, að dómkröfur stefnanda verði lækkaðar verulega og að málskostnaður verði felldur niður.

II.

Málavextir eru þeir ... [sbr. dóm í málinu: Vatnsleysustrandarhreppur gegn Guðjóni Hannessyni, bls. 627-628 að framan] ... lauk þann 24. ágúst 1987.

Stefnda var sendur reikningur, dags. 15. júlí 1987, þar sem hann var krafinn um B-gatnagerðargjald, eins og hér segir: „Stærð hússins Heiðargerðis 11 er 686 m^3. Gjaldið að frádregnum 20% afslætti er alls kr. 232.911.

Reikningurinn óskast greiddur fyrir 24. júlí nk. Álagning B-gjalds til innheimtu í Vogum er kr. 27.877.447. Áætlaður heildarkostnaður við gatnagerðina á verðlagi í júlí 1987 er alls kr. 31.211.026. Sé greitt á réttum tíma, er veittur 10% staðgreiðsluafsláttur."

Með úrskurði, dags. 7. júní 1988, ... [sbr. bls. 628-634 að framan]. ... Skilyrði 2. ml. 2. mgr. er fullnægt.

Dómsorð:

Stefndi, Byggingarsjóður ríkisins, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Vatnsleysustrandarhrepps.

Stefnandi greiði stefnda kr. 30.000 í málskostnað. Málskostnaður beri dráttarvexti skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu.

Miðvikudaginn 27. mars 1991.

Nr. 96/1990. **Vatnsleysustrandarhreppur**
(Skúli Pálsson hrl.)
gegn
Svönu Einarsdóttur
(Páll Arnór Pálsson hrl.).

Gatnagerðargjald. Lögveð. Stjórnarskrá. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. mars 1990. Hann krefst þess, að stefnda verði dæmd til að greiða hreppnum 210.163 krónur með tilteknum vöxtum, þar með töldum hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum eftir vaxtalögum nr. 25/1987, frá 1. október 1989 til greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, sem beri dráttarvexti eftir vaxtalögum. Loks gerir hann kröfu um viðurkenningu lögveðsréttar í Hafnargötu 20, Vogum, Vatnsleysustrandarhreppi.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar hér fyrir dómi með dráttarvöxtum.

Málsatvik eru rakin í héraðsdómi.

Úrslit máls þessa ráðast af lögskýringu, sem er með sama hætti og lýst er í dómi Hæstaréttar í máli nr. 98/1990, sem upp var kveðinn fyrr í dag. Þess er þó að geta, að hús stefndu er við Hafnargötu, sem er þjóðvegur í þéttbýli, eins og kemur fram í nýnefndum dómi. Eins og þar segir, var áfrýjanda ekki skylt að halda kostnaði við þessa götu utan við uppgjör við aðrar framkvæmdir og bíða framlags af vegafé til að greiða hann. Að þessu athuguðu og með tilvísun til forsendna dóms í máli nr. 98/1990 verður í máli þessu svofellt

D ó m s o r ð:

Stefnda, Svana Einarsdóttir, greiði áfrýjanda, Vatnsleysustrandarhreppi, 210.163 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt

III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 19. október 1989 til greiðsludags.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Viðurkenndur er lögveðsréttur áfrýjanda í fasteign stefndu, Hafnargötu 20, Vogum, Vatnsleysustrandarhreppi, til tryggingar 210.163 krónum með vöxtum eftir dómi þessum.

Sératkvæði

Bjarna K. Bjarnasonar hæstaréttardómara.

Þegar það er virt, á hvern hátt áfrýjandi hefur lagt mál sitt fyrir dómstóla, og með hliðsjón af 3. gr., 5. gr., 2. mgr. 6. gr. og 4. gr. laga nr. 51/1974 um gatnagerðargjöld, sbr. 1. gr. laga nr. 31/1975, 10. gr. reglugerðar nr. 284/1985 um gatnagerðargjöld í Vatnsleysustrandarhreppi og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms tel ég, að staðfesta beri hann, en málskostnaður fyrir Hæstarétti eigi að falla niður.

Sératkvæði

Hjartar Torfasonar hæstaréttardómara.

Viðhorf mín í máli þessu ráðast af lögskýringu, sem er með sama hætti og lýst er í sératkvæði í máli nr. 98/1990, þar sem dómur var upp kveðinn fyrr í dag. Með vísan til forsendna, sem þar greinir, og til atkvæðis meiri hluta dómenda í máli þessu er ég samþykkur niðurstöðu þeirra.

Dómur aukadómþings Gullbringusýslu 13. desember 1989.

I.

Mál þetta var tekið til dóms að loknum munnlegum málflutningi 23. nóvember sl.

Stefnandi er Vatnsleysustrandarhreppur, kt. 670269-2649, Vogum, Gullbringusýslu.

Stefnda er Svana Einarsdóttir, kt. 311034-7319, áður til heimilis að Hafnargötu 20, Vogum, Vatnsleysustrandarhreppi, en nú búsett í Færeyjum.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda kr. 210.163 auk [nánar tiltekinna vaxta svo og málskostnað].

Stefnandi gerir þá kröfu, að viðurkenndur verði lögveðsréttur til trygg-

ingar dómkröfum í fasteigninni nr. 20 við Hafnargötu í Vogum, Vatnsleysustrandarhreppi, eign stefndu.

Af hálfu stefndu eru gerðar þær dómkröfur aðallega, að stefnda verði sýknuð af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða stefndu fullan málskostnað með söluskatti.

Þess er jafnframt krafist, að málskostnaður beri dráttarvexti skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá 15. degi til dómsuppsögu.

Til vara er þess krafist, að dómkröfur stefnanda verði lækkaðar verulega og að málskostnaður verði felldur niður.

II.

Málavextir eru þeir ... [sbr. dóm í málinu: Vatnsleysustrandarhreppur gegn Guðjóni Hannessyni, bls. 627-628 að framan] ... lauk þann 24. ágúst 1987

Stefndu var sendur reikningur, dags. 15. júlí 1987, þar sem hún var krafin um B-gatnagerðargjald, eins og hér segir: „Stærð hússins Hafnargötu 20 er 619 m³. Gjaldið að frádregnum 20% afslætti er alls kr. 210.163. Reikningurinn óskast greiddur fyrir 24. júlí nk. Álagning B-gjalds til innheimtu í Vogum er kr. 27.877.447. Áætlaður heildarkostnaður við gatnagerðina á verðlagi í júlí 1987 er alls kr. 31.211.026. Sé greitt á réttum tíma, er veittur 10% staðgreiðsluafsláttur."

Í málinu liggur frammi ... [sbr. bls. 628-630 að framan] ... falli allur á stefnanda.

III.

Stefnandi byggir kröfugerð sína í málinu á því, að heildarkostnaður við framkvæmdir þær, sem hér um ræðir, hafi numið tæpum 32,5 milljónum króna. Heildarálagning B-gatnagerðargjalds af sama tilefni hafi numið rúmlega 28 milljónum króna miðað við verðlag í júní 1987. Þá hafi verið búið að taka tillit til þess, að stefnandi felldi niður 20% áætlaðrar álagningar, þar sem framkvæmdakostnaður varð lægri en fyrirhugað hafði verið.

Gjaldtaka stefnanda er sögð byggð á þessum kostnaði. Miðist útreikningar B-gatnagerðargjaldsins við rúmmál fasteignar stefnda, eins og heimild sé fyrir í 5. gr. l. nr. 51/1974, sbr. 11. gr. reglugerðar nr. 284/1985. Sjá megi af skýrslu Verkfræðistofu Suðurnesja hf., að heildarkostnaður (meðalkostnaður) framkvæmda hafi farið verulega fram úr heildarálagningunni, þannig að skilyrðum 4. gr. laga nr. 51/1974 hafi verið fullnægt. Þetta sé í fyrsta sinn, sem B-gatnagerðargjöld hafi verið innheimt í hreppnum.

Í réttarheimildum þeim, sem stefnandi byggir á, sé talað um kostnað við gerð gangstétta og bundins slitlags á götu. Stefnandi telur, að ekki fari milli mála, að þar megi telja með kostnað vegna undirbúningsframkvæmda, s.s.

niðurfalla, lagna, uppgraftar, fyllingar og fl., sem telja verði eðlilegt vegna þeirra framkvæmda. Að sama skapi telur stefnandi eðlilegt og sanngjarnt að telja kostnað vegna graseyja og grasbletta við viðkomandi götu til kostnaðar við verkið, enda sé þá bundnu slitlagi og/eða gangstéttarlögn sleppt á viðkomandi stað og framkvæmdin í reynd ódýrari.

Stefnandi telur eðlilegt að líta á heildarkostnað framkvæmda á móti álögðum gjöldum, þannig að ekki þurfi að reikna út sérstaklega kostnað og álagningu við hvern götukafla. Eðli verksins sé slíkt, að ósanngjarnt væri að taka einstaka verkþætti út úr því. Þá beri til þess að líta, að raunkostnaður hvers götukafla sé í nær öllum tilvikum hærri en álagning á gjaldanda. Þá er vísað til skýringar í greinargerð Verkfræðistofu Suðurnesja hf. um kostnað, s.s. vegna aðkeyptrar verkfræðiþjónustu og kostnaðar stefnanda.

Mótmælt er þeirri skoðun stefndu, að henni beri ekki að greiða gjaldið, þar sem fimm ár séu liðin, frá því að lagt var slitlag á Hafnargötu. Með álagningu B-gatnagerðargjalds sé stefnandi að leggja á gjald vegna framkvæmda árin 1986 og 1987, en ekki fyrir árið 1979, þannig að regla þessi eigi ekki við. Því til viðbótar megi geta þess, að gangstétt við götuna hafi fyrst verið lögð árið 1987, þannig að framkvæmdum hafi endanlega ekki lokið fyrr en með þeirri framkvæmd. Þá séu húseigendur við „þjóðvegi í þéttbýli" ekki undanþegnir álagningu B-gatnagerðargjalds, þótt ríkið fjármagni að hluta framkvæmdir og þessir aðilar njóti þess, að framkvæmdakostnaður verði lægri. Stefndu hafi verið sendur reikningur, dags. 15. júlí 1987, fyrir hennar hluta gatnagerðargjaldsins, og nemi fjárhæðin stefnufjárhæð í máli þessu. Stefndu hafi verið sent lögveðsbréf auk almennrar áskorunar, sem birtist í dagblaði 18. ágúst 1987, án árangurs.

Af hálfu stefnanda er því á því byggt, að samkvæmt ákvæðum 3. - 7. gr. laga nr. 51/1974, eins og þeim var breytt með lögum nr. 31/1975, og II. kafla reglugerðar um gatnagerðargjöld í Vatnsleysustrandarhreppi nr. 284/1985 hafi stefnanda verið heimil álagning B-gatnagerðargjalda með þeim hætti, sem hún var framkvæmd.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að ekki séu uppfyllt skilyrði laga um gatnagerðargjald nr. 51/1974, þannig að unnt sé að leggja B-gatnagerðargjald á stefndu, og fái þessi skattlagning ekki staðist ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944. Heimild sveitarstjórna samkvæmt 3. gr. laga nr. 51/1974 sé bundin við, að ekki hafi áður verið innheimt af hlutaðeigandi fasteign gatnagerðargjald, sem ætlað hafi verið a.m.k. að hluta til bundins slitlags. Þá girði 4. gr. laganna fyrir gjaldtöku hjá stefndu, þar sem meira en 5 ár séu liðin, frá því að bundið slitlag var sett á Hafnargötu. Auk þess hafi kostnaður við þá götu verið fjármagnaður að miklu leyti með framlagi úr ríkissjóði vegna þjóðvegar í þéttbýli. Stefnandi hafi ekki

fengist til að gefa upp tölur í því sambandi. Stefnda hafi hins vegar upplýst, að þau framlög hafi numið með uppreiknuðum fjárhæðum rúmlega þeirri fjárhæð, sem stefnandi hafi lagt á fasteignaeigendur við Hafnargötu. Árið 1986 hafi verið sett slitlag á Hafnargötu yfir það, sem fyrir var. Slík aðgerð hafi einungis flokkast undir viðhald við götuna og greiðist úr ríkissjóði.

Engum vafa sé undirorpið, að með orðunum „meðalkostnaður við framkvæmdir" sé átt við meðalkostnað við framkvæmdir við hverja götu eða götukafla. Þessi skilningur komi berlega fram í dómi Hæstaréttar 1984, bls. 574, og 1984, bls. 560.

Þá sé sundurliðun stefnanda á kostnaði við framkvæmdir algjörlega ófullnægjandi, og nokkrum kostnaðarliðum sé ofaukið, svo sem kostnaði við óloknar framkvæmdir við grassvæði, við gröft, klapparvinnu og fyllingu, við hraðahindranir, við verkfræðiþjónustu og umsjón hreppsins. Slíkir kostnaðarliðir falli utan þess að setja bundið slitlag á götu, sbr. 3. gr., en margir þeirra tilheyri A-gatnagerðargjöldum. Þá hafi stefnandi ekki upplýst, hvernig hann dreifir kostnaði á eigendur fasteigna við hverja götu, t.d., hvort gatnagerðargjöld elli- og örorkulífeyrisþega, sem fái niðurfelld gjöld eða frestun greiðslu, séu færð á kostnað gjaldanda. Sama eigi við um óbyggðar lóðir. Þá hafi stefnandi ekki upplýst, hver hafi verið kostnaður við hverja götu eða götukafla fyrir sig, og hafi hann þannig ekki fullnægt skilyrðum 4. gr. i.f. laga nr. 51/1974. Brjóti slík skattheimta í bága við 40. gr. og 77. gr. stjórnarskrárinnar.

Því er haldið fram, að álögð B-gatnagerðargjöld í Vogum séu gífurlega há og álagning gjaldsins með þessum hætti nánast eignaupptaka. Í sumum tilvikum eigni stefnandi sér stóran hluta andvirðis fasteignar með lögveði, án þess að hann láti fasteignareiganda í té sambærilegt verðmæti í staðinn.

Við ákvörðun gatnagerðargjalds við Hafnargötu beri að taka tillit til þess, að meira en 50% lands við götubrún sé auð svæði, en engu að síður sé svæðið í heild 95% skipulagt. Það sé ósanngjarnt og óeðlilegt að láta íbúana við Hafnargötu taka eina þátt í kostnaði við götuna, þegar svo háttar til. Þá sé ekki heldur sanngjarnt eða lögmætt að láta fasteignaeigendur við aðrar götur greiða þann umframkostnað.

Gjalddagi B-gjalds sé, eftir að bundið slitlag hafi verið sett á eða gangstéttir hafi verið lagðar, skv. 4. gr. laga nr. 51/1974. Ef innheimta eigi gjöldin til að standa straum af kostnaði við hvort tveggja, sé gjalddaginn, þegar framkvæmdum við verkið ljúki. Ákvæði 13. gr. reglugerðar um annað sé lögleysa. Við Hafnargötu sé framkvæmdum við gangstéttir ekki lokið að fullu, þannig að gjöld séu gjaldkræf. Mótmælt er vaxtakröfu stefnanda, vegna þess að gjalddagi kröfu hans sé óljós.

IV.

Með heimild í 5. gr. laga nr. 51/1974 og 11. gr. rglg. nr. 284/1985 um gatnagerðargjöld í Vatnsleysustrandarhreppi hefur stefnandi lagt sérstakt gatnagerðargjald á stefndu og aðra íbúa Voga miðað við rúmmál bygginga. Álagningarheimildin sætir þeirri takmörkun samkvæmt 4. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 31/1975, að gjaldið má ekki nema meira en meðalkostnaði við framkvæmdirnar. Af þessu leiðir, að heildarálagning má ekki fara fram úr heildarframkvæmdakostnaði. Af þeim ástæðum virðist stefnandi hafa ákveðið að lækka álögð gjöld um 20%, þegar heildarkostnaður lá nokkurn veginn fyrir, en jafnframt hefur komið fram, að ekki er ætlast til, að kostnaður við „Gamla þjóðveginn", sem engin hús standa við, sé reiknaður með í viðmiðunarkostnaðinum. Þegar frá hafa verið dregnar kr. 4.027.000 vegna framkvæmda við þann veg, nemur heildarkostnaður samkvæmt útreikningi stefnanda á verðlagi júlímánaðar 1987 kr. 28.377.882, en álögð gjöld hins vegar kr. 28.002.261.

Eðlileg skýring á 3. og 4. gr. laga nr. 51/1974, sbr. 1. gr. laga nr. 31/1975, er, að sveitarstjórn sé aðeins heimilt að leggja sérstakt gjald á eigendur fasteigna við götur, þar sem bundið slitlag og/eða gangstétt hafa verið lögð, þannig að viðkomandi fasteignaeigendur hafi beint gagn af framkvæmdinni. Þessi skilningur er staðfestur í framkvæmd í því, að engin gjöld hafa verið lögð á eigendur fasteigna við Austurgötu, þar sem hvorki hefur verið lagt varanlegt slitlag né gangstétt, og að kostnaði við „Gamla þjóðveginn" hefur verið haldið utan við kostnaðarútreikninga vegna álagningar gatnagerðargjalda.

Stefnandi lét á árunum 1986 og 1987 leggja olíumalbik og „klæðingu" á Hafnargötu í Vogum, en við þá götu stendur fasteign stefndu. Kostnaður við þá framkvæmd var á verðlagi júlímánaðar 1987 samtals kr. 5.345.617. Óumdeilt er, að á árinu 1980 var lokið lagningu bundins slitlags á Hafnargötu. Gangstéttir voru lagðar 1987. Stefnandi heldur því fram, að hið upprunalega slitlag hafi þarfnast endurnýjunar, en því mótmælir stefnda.

Stefnandi hefur látið leggja grasþökur á hluta svæðisins milli gangstéttarinnar og götunnar og segir þetta gert í sparnaðarskyni. Grasblettir þessir virðast vera í götustæðinu, en utan við akbrautina, og virðist verða að fallast á, að nauðsynlegt hafi verið að ganga frá þessu svæði milli akbrautar og gangstéttar, til að gatan gæti talist fullfrágengin. Aðrir kostir voru að breikka gangsvæðið eða akbrautina með auknum kostnaði. Þykir því verða að fallast á, að þennan kostnað megi telja til þess kostnaðar, sem álagning má miðast við.

Samkvæmt því, sem fram er komið í málinu, virðist lagningu slitlags hafa verið þannig háttað á árinu 1986 og 1987, að olíumalarlagið frá 1979-1980 var holufyllt og síðan lagt yfir það nýtt lag „klæðingar" og að hluta olíu-

malbik. Er svo að sjá sem ekki hafi neitt verið gert við götuna, sem um munaði, frá 1980 til 1986, og virðist slitlagið, sem þá var sett á götuna, hafa bætt úr samsafnaðri viðhaldsþörf. Upplýst hefur verið, að hið nýja slitlag hefur eingöngu verið lagt á, þar sem slitlag var fyrir. Lagningu slitlagsins 1986 til 1987 virðist að verulegu leyti hafa átt að fjármagna með árlegum framlögum af þjóðvegafé úr ríkissjóði skv. 32. gr. laga nr. 6, 1977. Ber því að fallast á það með stefndu, að þessi framkvæmd hafi verið viðhaldsaðgerð, sem ekki verði fjármögnuð með álagningu sérstaks gatnagerðargjalds, þar sem því skal varið til nýframkvæmda, en ekki til viðhalds. Þegar af þessari ástæðu fer álagning á stefndu fram úr hámarki því, sem sett er í 4. gr. laga nr. 51/1974. Verður því að fallast á það með stefndu, að álagning gjaldsins hafi verið byggð á röngum sjónarmiðum, og sýkna hana af öllum kröfum stefnanda.

Eftir þessari niðurstöðu ber að dæma stefnanda til að greiða stefndu málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn kr. 45.000.

Dóm þennan kvað upp Sveinn Sigurkarlsson héraðsdómari ásamt Steingrími Gaut Kristjánssyni borgardómara og Valtý Sigurðssyni borgarfógeta. Dómurinn er fjölskipaður samkvæmt heimild í 2. mgr. 7. gr. A laga nr. 85/1936, sbr. 9. gr. laga 28/1981. Skilyrði 2. ml. 2. mgr. er fullnægt.

Dómsorð:

Stefnda, Svana Einarsdóttir, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Vatnsleysustrandarhrepps.

Stefnandi greiði stefndu kr. 45.000 í málskostnað. Málskostnaður beri dráttarvexti skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu.

Miðvikudaginn 27. mars 1991.

Nr. 100/1990. **Vatnsleysustrandarhreppur**
(Skúli Pálsson hrl.)
gegn
Drífu Hraunfjörð Hugadóttur
(Páll Arnór Pálsson hrl.).

Gatnagerðargjald. Lögveð. Stjórnarskrá. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. mars 1990. Hann krefst þess, að stefnda verði dæmd til að greiða hreppnum 172.476 krónur með tilteknum vöxtum, þar með töldum hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum eftir vaxtalögum nr. 25/1987, frá 1. október 1989 til greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, sem beri dráttarvexti eftir vaxtalögum. Loks gerir hann kröfu um viðurkenningu lögveðsréttar í Hafnargötu 15, Vogum, Vatnsleysustrandarhreppi.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar hér fyrir dómi með dráttarvöxtum.

Málsatvik eru rakin í héraðsdómi.

Úrslit máls þessa ráðast af lögskýringu, sem er með sama hætti og lýst er í dómi Hæstaréttar í máli nr. 98/1990, sem upp var kveðinn fyrr í dag. Þess er þó að geta, að hús stefndu er við Hafnargötu, sem er þjóðvegur í þéttbýli, eins og kemur fram í nýnefndum dómi. Eins og þar segir, var áfrýjanda ekki skylt að halda kostnaði við þessa götu utan við uppgjör við aðrar framkvæmdir og bíða framlags af vegafé til að greiða hann. Að þessu athuguðu og með tilvísun til forsendna dóms í máli nr. 98/1990 verður í máli þessu svofellt

Dómsorð:

Stefnda, Drífa Hraunfjörð Hugadóttir, greiði áfrýjanda, Vatnsleysustrandarhreppi, 172.476 krónur með dráttarvöxtum

samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 19. október 1989 til greiðsludags.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Viðurkenndur er lögveðsréttur áfrýjanda í fasteign stefndu, Hafnargötu 15, Vogum, Vatnsleysustrandarhreppi, til tryggingar 172.476 krónum með vöxtum eftir dómi þessum.

Sératkvæði

Bjarna K. Bjarnasonar hæstaréttardómara.

Þegar það er virt, á hvern hátt áfrýjandi hefur lagt mál sitt fyrir dómstóla, og með hliðsjón af 3. gr., 5. gr., 2. mgr. 6. gr. og 4. gr. laga nr. 51/1974 um gatnagerðargjöld, sbr. 1. gr. laga nr. 31/1975, 10. gr. reglugerðar nr. 284/1985 um gatnagerðargjöld í Vatnsleysustrandarhreppi og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms tel ég, að staðfesta beri hann, en málskostnaður fyrir Hæstarétti eigi að falla niður.

Sératkvæði

Hjartar Torfasonar hæstaréttardómara.

Viðhorf mín í máli þessu ráðast af lögskýringu, sem er með sama hætti og lýst er í sératkvæði í máli nr. 98/1990, þar sem dómur var upp kveðinn fyrr í dag. Með vísan til forsendna, sem þar greinir, og til atkvæðis meiri hluta dómenda í máli þessu er ég samþykkur niðurstöðu þeirra.

Dómur aukadómþings Gullbringusýslu 13. desember 1989.

I.

Mál þetta var tekið til dóms að loknum munnlegum málflutningi 23. nóvember sl.

Stefnandi er Vatnsleysustrandarhreppur, kt. 670269-2649, Vogum, Gullbringusýslu.

Stefnda er Drífa Hraunfjörð Hugadóttir, kt. 230349-3209, Hafnargötu 15, Vogum, Vatnsleysuströnd.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda kr. 172.476 auk [nánar tiltekinna ársvaxta svo og málskostnað].

Stefnandi gerir þá kröfu, að viðurkenndur verði lögveðsréttur til tryggingar dómkröfum í fasteigninni nr. 15 við Hafnargötu í Vogum, Vatns-

leysustrandarhreppi, sem samkvæmt gatnaskrá Vatnsleysustrandarhrepps er þinglýst eign stefndu.

Af hálfu stefndu eru gerðar þær dómkröfur aðallega, að stefnda verði sýknuð af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða stefndu fullan málskostnað með söluskatti.

Þess er jafnframt krafist, að málskostnaður beri dráttarvexti skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá 15. degi til dómsuppsögu.

Til vara er þess krafist, að dómkröfur stefnanda verði lækkaðar verulega og að málskostnaður verði felldur niður.

II.

Málavextir eru þeir ... [sbr. dóm í málinu Vatnsleysustrandarhreppur gegn Guðjóni Hannessyni, bls. 627-628 að framan] ... lauk þann 24. ágúst 1987.

Stefndu var sendur reikningur, dags. 15. júlí 1987, þar sem hún var krafin um B-gatnagerðargjald, eins og hér segir: „Stærð hússins Hafnargötu 15 er 508 m³. Gjaldið að frádregnum 20% afslætti er alls kr. 172.476. Reikningurinn óskast greiddur fyrir 24. júlí nk. Álagning B-gjalds til innheimtu í Vogum er kr. 27.877.447. Áætlaður heildarkostnaður við gatnagerðina á verðlagi í júlí 1987 er alls kr. 31.211.026. Sé greitt á réttum tíma, er veittur 10% staðgreiðsluafsláttur."

Í málinu liggur frammi ... [sbr. bls. 628-630 að framan] ... falli allur á stefnanda.

[III. og IV. kafli eru samhljóða sömu köflum í málinu: Vatnsleysustrandarhreppur gegn Svönu Einarsdóttur, bls. 646-650 að framan.]

Dómsorð:

Stefnda, Drífa Hraunfjörð Hugadóttir, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Vatnsleysustrandarhrepps.

Stefnandi greiði stefndu kr. 45.000 í málskostnað. Málskostnaður beri dráttarvexti skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu.

Miðvikudaginn 27. mars 1991.

Nr. 102/1990. **Vatnsleysustrandarhreppur**
(Skúli Pálsson hrl.)
gegn
Elínu Þ. Albertsdóttur og
Erni Pálssyni
(Páll Arnór Pálsson hrl.).

Gatnagerðargjald. Lögveð. Stjórnarskrá. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. mars 1990. Hann krefst þess, að stefndu verði dæmd til að greiða hreppnum 57.043 krónur með tilteknum vöxtum, þar með töldum hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum eftir vaxtalögum nr. 25/1987, frá 1. október 1989 til greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, sem beri dráttarvexti eftir vaxtalögum. Loks gerir hann kröfu um viðurkenningu lögveðsréttar í Hafnargötu 22, Vogum, Vatnsleysustrandarhreppi.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar hér fyrir dómi með dráttarvöxtum.

Málsatvik eru rakin í héraðsdómi.

Úrslit máls þessa ráðast af lögskýringu, sem er með sama hætti og lýst er í dómi Hæstaréttar í máli nr. 98/1990, sem upp var kveðinn fyrr í dag. Þess er þó að geta, að hús stefndu er við Hafnargötu, sem er þjóðvegur í þéttbýli, eins og kemur fram í nýnefndum dómi. Eins og þar segir, var áfrýjanda ekki skylt að halda kostnaði við þessa götu utan við uppgjör við aðrar framkvæmdir og bíða framlags af vegafé til að greiða hann. Að þessu athuguðu og með tilvísun til forsendna dóms í máli nr. 98/1990 verður í máli þessu svofellt

Dómsorð:

Stefndu, Elín Þ. Albertsdóttir og Örn Pálsson, greiði áfrýjanda, Vatnsleysustrandarhreppi, 57.043 krónur með dráttar-

vöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 19. október 1989 til greiðsludags.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Viðurkenndur er lögveðsréttur áfrýjanda í fasteign stefndu, Hafnargötu 22, Vogum, Vatnsleysustrandarhreppi, til tryggingar 57.043 krónum með vöxtum eftir dómi þessum.

Sératkvæði
Bjarna K. Bjarnasonar hæstaréttardómara.

Þegar það er virt, á hvern hátt áfrýjandi hefur lagt mál sitt fyrir dómstóla, og með hliðsjón af 3. gr., 5. gr., 2. mgr. 6. gr. og 4. gr. laga nr. 51/1974 um gatnagerðargjöld, sbr. 1. gr. laga nr. 31/1975, 10. gr. reglugerðar nr. 284/1985 um gatnagerðargjöld í Vatnsleysustrandarhreppi og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms tel ég, að staðfesta beri hann, en málskostnaður fyrir Hæstarétti eigi að falla niður.

Sératkvæði
Hjartar Torfasonar hæstaréttardómara.

Viðhorf mín í máli þessu ráðast af lögskýringu, sem er með sama hætti og lýst er í sératkvæði í máli nr. 98/1990, þar sem dómur var upp kveðinn fyrr í dag. Með vísan til forsendna, sem þar greinir, og til atkvæðis meiri hluta dómenda í máli þessu er ég samþykkur niðurstöðu þeirra.

Dómur aukadómþings Gullbringusýslu 13. desember 1989.

I.

Mál þetta var tekið til dóms að loknum munnlegum málflutningi 23. nóvember sl.

Stefnandi er Vatnsleysustrandarhreppur, kt. 670269-2649, Vogum, Gullbringusýslu.

Stefndu eru Elín Þóra Albertsdóttir, kt. 301258-3809, Hafnargötu 22, Vogum, Vatnsleysustrandarhreppi, og Örn Pálsson, kt. 041240-3429, sama stað.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði dæmd til að greiða stefnanda kr. 57.043 auk [nánar tiltekinna ársvaxta svo og málskostnað].

Stefnandi gerir þá kröfu, að viðurkenndur verði lögveðsréttur til trygg-

ingar dómkröfum í fasteigninni nr. 22 við Hafnargötu í Vogum, efri hæð, Vatnsleysustrandarhreppi, eign stefndu.

Af hálfu stefndu eru gerðar þær dómkröfur aðallega, að stefndu verði sýknuð af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða stefndu fullan málskostnað með söluskatti.

Þess er jafnframt krafist, að málskostnaður beri dráttarvexti skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá 15. degi til dómsuppsögu.

Til vara er þess krafist, að dómkröfur stefnanda verði lækkaðar verulega og að málskostnaður verði felldur niður.

II.

Málavextir eru þeir ... [sbr. dóm í málinu: Vatnsleysustrandarhreppur gegn Guðjóni Hannessyni, bls. 627-628 að framan] ... lauk þann 24. ágúst 1987.

Stefndu voru sendir tveir reikningar, dags. 15. júlí 1987, þar sem þau voru krafin um B-gatnagerðargjald, eins og hér segir: „Stærð hússins Hafnargötu 22 er 252 m^3. Gjaldið að frádregnum 20% afslætti er alls kr. 57.043. Reikningarnir óskast greiddir fyrir 24. júlí nk. Álagning B-gjalds til innheimtu í Vogum er kr. 27.877.447. Áætlaður heildarkostnaður við gatnagerðina á verðlagi í júlí 1987 er alls kr. 31.211.026. Sé greitt á réttum tíma, er veittur 10% staðgreiðsluafsláttur.“

Í málinu liggur frammi ... [sbr. bls. 628-630 að framan] ... falli allur á stefnanda.

[III. og IV. kafli eru samhljóða sömu köflum í málinu: Vatnsleysustrandarhreppur gegn Svönu Einarsdóttur, bls. 646-650 að framan.]

Dómsorð:

Stefndu, Elín Þ. Albertsdóttir og Örn Pálsson, skulu vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Vatnsleysustrandarhrepps.

Stefnandi greiði stefndu kr. 45.000 í málskostnað. Málskostnaður beri dráttarvexti skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu.

Miðvikudaginn 27. mars 1991.

Nr. 103/1990. **Vatnsleysustrandarhreppur**
(Skúli Pálsson hrl.)
gegn
Páli A. Kristjánssyni
(Páll Arnór Pálsson hrl.).

Gatnagerðargjald. Lögveð. Stjórnarskrá. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. mars 1990. Hann krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða hreppnum 174.513 krónur með tilteknum vöxtum, þar með töldum hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum eftir vaxtalögum nr. 25/1987, frá 1. október 1989 til greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, sem beri dráttarvexti eftir vaxtalögum. Loks gerir hann kröfu um viðurkenningu lögveðsréttar í Hafnargötu 26, Vogum, Vatnsleysustrandarhreppi.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar hér fyrir dómi með dráttarvöxtum. Málsatvik eru rakin í héraðsdómi.

Úrslit máls þessa ráðast af lögskýringu, sem er með sama hætti og lýst er í dómi Hæstaréttar í máli nr. 98/1990, sem upp var kveðinn fyrr í dag. Þess er þó að geta, að hús stefnda er við Hafnargötu, sem er þjóðvegur í þéttbýli, eins og kemur fram í nýnefndum dómi. Eins og þar segir, var áfrýjanda ekki skylt að halda kostnaði við þessa götu utan við uppgjör við aðrar framkvæmdir og bíða framlags af vegafé til að greiða hann. Að þessu athuguðu og með tilvísun til forsendna dóms í máli nr. 98/1990 verður í máli þessu svofellt

Dómsorð:

Stefndi, Páll A. Kristjánsson, greiði áfrýjanda, Vatnsleysustrandarhreppi, 174.513 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt

III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 19. október 1989 til greiðsludags.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Viðurkenndur er lögveðsréttur áfrýjanda í fasteign stefnda, Hafnargötu 26, Vogum, Vatnsleysustrandarhreppi, til tryggingar 174.513 krónum með vöxtum eftir dómi þessum.

Sératkvæði
Bjarna K. Bjarnasonar hæstaréttardómara.

Þegar það er virt, á hvern hátt áfrýjandi hefur lagt mál sitt fyrir dómstóla, og með hliðsjón af 3. gr., 5. gr., 2. mgr. 6. gr. og 4. gr. laga nr. 51/1974 um gatnagerðargjöld, sbr. 1. gr. laga nr. 31/1975, 10. gr. reglugerðar nr. 284/1985 um gatnagerðargjöld í Vatnsleysustrandarhreppi og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms tel ég, að staðfesta beri hann, en málskostnaður fyrir Hæstarétti eigi að falla niður.

Sératkvæði
Hjartar Torfasonar hæstaréttardómara.

Viðhorf mín í máli þessu ráðast af lögskýringu, sem er með sama hætti og lýst er í sératkvæði í máli nr. 98/1990, þar sem dómur var upp kveðinn fyrr í dag. Með vísan til forsendna, sem þar greinir, og til atkvæðis meiri hluta dómenda í máli þessu er ég samþykkur niðurstöðu þeirra.

Dómur aukadómþings Gullbringusýslu 13. desember 1989.

I.

Mál þetta var tekið til dóms að loknum munnlegum málflutningi 23. nóvember sl.

Stefnandi er Vatnsleysustrandarhreppur, kt. 670269-2649, Vogum, Gullbringusýslu.

Stefndi er Páll A. Kristjánsson, kt. 280448-2449, áður til heimilis að Hafnargötu 26, Vogum, Vatnsleysustrandarhreppi, en nú að Eiríksgötu 33, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 174.513 auk [nánar tiltekinna vaxta svo og málskostnað].

Stefnandi gerir þá kröfu, að viðurkenndur verði lögveðsréttur til trygg-

ingar dómkröfum í fasteigninni nr. 26 við Hafnargötu í Vogum, Vatnsleysustrandarhreppi, sem er þinglýst eign stefnda.

Af hálfu stefnda eru gerðar þær dómkröfur aðallega, að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða stefnda fullan málskostnað með söluskatti.

Þess er jafnframt krafist, að málskostnaður beri dráttarvexti skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá 15. degi til dómsuppsögu.

Til vara er þess krafist, að dómkröfur stefnanda verði lækkaðar verulega og að málskostnaður verði felldur niður.

II.

Málavextir eru þeir ... [sbr. dóm í málinu: Vatnsleysustrandarhreppur gegn Guðjóni Hannessyni, bls. 627-628 að framan] ... lauk þann 24. ágúst 1987.

Stefnda var sendur reikningur, dags. 15. júlí 1987, þar sem hann var krafinn um B-gatnagerðargjald, eins og hér segir: „Stærð hússins Hafnargötu 26 er 514 m³. Gjaldið að frádregnum 20% afslætti er alls kr. 1.742.513. Reikningurinn óskast greiddur fyrir 24. júlí nk. Álagning B-gjalds til innheimtu í Vogum er kr. 27.877.447. Áætlaður heildarkostnaður við gatnagerðina á verðlagi í júlí 1987 er alls kr. 31.211.026. Sé greitt á réttum tíma, er veittur 10% staðgreiðsluafsláttur."

Í málinu liggur frammi ... [sbr. bls. 628-630 að framan] ... falli allur á stefnanda.

[III. og IV. kafli eru samhljóða sömu köflum í málinu: Vatnsleysustrandarhreppur gegn Svönu Einarsdóttur, bls. 646-650 að framan.]

Dómsorð:

Stefndi Páll A. Kristjánsson, skal vera sýkn af kröfu stefnanda, Vatnsleysustrandarhrepps.

Stefnandi greiði stefnda kr. 45.000 í málskostnað. Málskostnaður beri dráttarvexti skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu.

Miðvikudaginn 27. mars 1991.

Nr. 104/1990. **Vatnsleysustrandarhreppur**
(Skúli Pálsson hrl.)
gegn
Kristínu Sigurjónsdóttur
(Páll Arnór Pálsson hrl.).

Gatnagerðargjald. Lögveð. Stjórnarskrá. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. mars 1990. Hann krefst þess, að stefnda verði dæmd til að greiða hreppnum 210.842 krónur með tilteknum vöxtum, þar með töldum hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum eftir vaxtalögum nr. 25/1987, frá 1. október 1989 til greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, sem beri dráttarvexti eftir vaxtalögum. Loks gerir hann kröfu um viðurkenningu lögveðsréttar í Hafnargötu 1 B, Vogum, Vatnsleysustrandarhreppi.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar hér fyrir dómi með dráttarvöxtum.

Málsatvik eru rakin í héraðsdómi.

Úrslit máls þessa ráðast af lögskýringu, sem er með sama hætti og lýst er í dómi Hæstaréttar í máli nr. 98/1990, sem upp var kveðinn fyrr í dag. Þess er þó að geta, að hús stefndu er við Hafnargötu, sem er þjóðvegur í þéttbýli, eins og kemur fram í nýnefndum dómi. Eins og þar segir, var áfrýjanda ekki skylt að halda kostnaði við þessa götu utan við uppgjör við aðrar framkvæmdir og bíða framlags af vegafé til að greiða hann. Að þessu athuguðu og með tilvísun til forsendna dóms í máli nr. 98/1990 verður í máli þessu svofellt

Dómsorð:

Stefnda, Kristín Sigurjónsdóttir, greiði áfrýjanda, Vatnsleysustrandarhreppi, 210.842 krónur með dráttarvöxtum sam-

kvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 19. október 1989 til greiðsludags.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Viðurkenndur er lögveðsréttur áfrýjanda í fasteign stefnda, Hafnargötu 1 B, Vogum, Vatnsleysustrandarhreppi, til tryggingar 210.842 krónum með vöxtum eftir dómi þessum.

Sératkvæði
Bjarna K. Bjarnasonar hæstaréttardómara.

Þegar það er virt, á hvern hátt áfrýjandi hefur lagt mál sitt fyrir dómstóla, og með hliðsjón af 3. gr., 5. gr., 2. mgr. 6. gr. og 4. gr. laga nr. 51/1974 um gatnagerðargjöld, sbr. 1. gr. laga nr. 31/1975, 10. gr. reglugerðar nr. 284/1985 um gatnagerðargjöld í Vatnsleysustrandarhreppi og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms tel ég, að staðfesta beri hann, en málskostnaður fyrir Hæstarétti eigi að falla niður.

Sératkvæði
Hjartar Torfasonar hæstaréttardómara.

Viðhorf mín í máli þessu ráðast af lögskýringu, sem er með sama hætti og lýst er í sératkvæði í máli nr. 98/1990, þar sem dómur var upp kveðinn fyrr í dag. Með vísan til forsendna, sem þar greinir, og til atkvæðis meiri hluta dómenda í máli þessu er ég samþykkur niðurstöðu þeirra.

Dómur aukadómþings Gullbringusýslu 13. desember 1989.

I.

Mál þetta var tekið til dóms að loknum munnlegum málflutningi 23. nóvember sl.

Stefnandi er Vatnsleysustrandarhreppur, kt. 670269-2649, Vogum, Gullbringusýslu.

Stefnda er Kristín Sigurjónsdóttir, kt. 201031-2579, til heimilis að Hafnargötu 1 B, Vogum, Vatnsleysustrandarhreppi.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda kr. 210.842 auk [nánar tiltekinna vaxta svo og málskostnað].

Stefnandi gerir þá kröfu, að viðurkenndur verði lögveðsréttur til trygg-

ingar dómkröfum í fasteigninni nr. 1 B við Hafnargötu í Vogum, Vatnsleysustrandarhreppi, eign stefndu.

Af hálfu stefndu eru gerðar þær dómkröfur aðallega, að stefnda verði sýknuð af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða stefndu fullan málskostnað með söluskatti.

Þess er jafnframt krafist, að málskostnaður beri dráttarvexti skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá 15. degi til dómsuppsögu.

Til vara er þess krafist, að dómkröfur stefnanda verði lækkaðar verulega og að málskostnaður verði felldur niður.

II.

Málavextir eru þeir ... [sbr. dóm í málinu: Vatnsleysustrandarhreppur gegn Guðjóni Hannessyni, bls. 627-628 að framan] ... lauk þann 24. ágúst 1987.

Stefndu var sendur reikningur, dags. 15. júlí 1987, þar sem hún var krafin um B-gatnagerðargjald, eins og hér segir: „Stærð hússins Hafnargötu 1 B er 621 m³. Gjaldið að frádregnum 20% afslætti er alls kr. 210.842. Reikningurinn óskast greiddur fyrir 24. júlí nk. Álagning B-gjalds til innheimtu í Vogum er kr. 27.877.447. Áætlaður heildarkostnaður við gatnagerðina á verðlagi í júlí 1987 er alls kr. 31.211.026. Sé greitt á réttum tíma, er veittur 10% staðgreiðsluafsláttur."

Í málinu liggur frammi ... [sbr. bls. 628-630 að framan] ... falli allur á stefnanda.

[III. og IV. kafli eru samhljóða sömu köflum í málinu: Vatnsleysustrandarhreppur gegn Svönu Einarsdóttur, bls. 646-650 að framan.]

Dómsorð:

Stefnda, Kristín Sigurjónsdóttir, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Vatnsleysustrandarhrepps.

Stefnandi greiði stefndu kr. 45.000 í málskostnað. Málskostnaður beri dráttarvexti skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu.

Miðvikudaginn 27. mars 1991.

Nr. 105/1990. **Vatnsleysustrandarhreppur**
(Skúli Pálsson hrl.)
gegn
Adolf Kristjánssyni og
Guðrúnu Ólafsdóttur
(Páll Arnór Pálsson hrl.).

Gatnagerðargjald. Lögveð. Stjórnarskrá. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. mars 1990. Hann krefst þess, að stefndu verði dæmd til að greiða hreppnum 55.911 krónur með tilteknum vöxtum, þar með töldum hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum eftir vaxtalögum nr. 25/1987, frá 1. október 1989 til greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, sem beri dráttarvexti eftir vaxtalögum. Loks gerir hann kröfu um viðurkenningu lögveðsréttar í hluta stefndu í Hafnargötu 3, Vogum, Vatnsleysustrandarhreppi.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar hér fyrir dómi með dráttarvöxtum.

Málsatvik eru rakin í héraðsdómi.

Úrslit máls þessa ráðast af lögskýringu, sem er með sama hætti og lýst er í dómi Hæstaréttar í máli nr. 98/1990, sem upp var kveðinn fyrr í dag. Þess er þó að geta, að hús stefndu er við Hafnargötu, sem er þjóðvegur í þéttbýli, eins og kemur fram í nýnefndum dómi. Eins og þar segir, var áfrýjanda ekki skylt að halda kostnaði við þessa götu utan við uppgjör við aðrar framkvæmdir og bíða framlags af vegafé til að greiða hann. Að þessu athuguðu og með tilvísun til forsendna dóms í máli nr. 98/1990 verður í máli þessu svofellt

Dómsorð:

Stefndu, Adolf Kristjánsson og Guðrún Ólafsdóttir, greiði áfrýjanda, Vatnsleysustrandarhreppi, 55.911 krónur með

dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 19. október 1989 til greiðsludags.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Viðurkenndur er lögveðsréttur áfrýjanda í hluta stefndu í fasteigninni Hafnargötu 3, Vogum, Vatnsleysustrandarhreppi, til tryggingar 55.911 krónum með vöxtum eftir dómi þessum.

Sératkvæði
Bjarna K. Bjarnasonar hæstaréttardómara.

Þegar það er virt, á hvern hátt áfrýjandi hefur lagt mál sitt fyrir dómstóla, og með hliðsjón af 3. gr., 5. gr., 2. mgr. 6. gr. og 4. gr. laga nr. 51/1974 um gatnagerðargjöld, sbr. 1. gr. laga nr. 31/1975, 10. gr. reglugerðar nr. 284/1985 um gatnagerðargjöld í Vatnsleysustrandarhreppi og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms tel ég, að staðfesta beri hann, en málskostnaður fyrir Hæstarétti eigi að falla niður.

Sératkvæði
Hjartar Torfasonar hæstaréttardómara.

Viðhorf mín í máli þessu ráðast af lögskýringu, sem er með sama hætti og lýst er í sératkvæði í máli nr. 98/1990, þar sem dómur var upp kveðinn fyrr í dag. Með vísan til forsendna, sem þar greinir, og til atkvæðis meiri hluta dómenda í máli þessu er ég samþykkur niðurstöðu þeirra.

Dómur aukadómþings Gullbringusýslu 13. desember 1989.

I.

Mál þetta var tekið til dóms að loknum munnlegum málflutningi 23. nóvember sl.

Stefnandi er Vatnsleysustrandarhreppur, kt. 670269-2649, Vogum, Gullbringusýslu.

Stefndu eru Adolf Kristjánsson, kt. 260952-3109, og Guðrún Ólafsdóttir, kt. 210958-3399, bæði til heimilis að Sléttahrauni 25, Hafnarfirði.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði dæmd til þess að greiða stefnanda kr. 55.911 auk [nánar tiltekinna vaxta svo og málskostnað].

Stefnandi gerir þá kröfu, að viðurkenndur verði lögveðsréttur til trygg-

ingar dómkröfum í fasteigninni nr. 3 við Hafnargötu í Vogum, efri hæð, Vatnsleysustrandarhreppi, sem er þinglýst eign stefndu.

Af hálfu stefndu eru gerðar þær dómkröfur aðallega, að stefndu verði sýknuð af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða stefndu fullan málskostnað með söluskatti.

Þess er jafnframt krafist, að málskostnaður beri dráttarvexti skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá 15. degi til dómsuppsögu.

Til vara er þess krafist, að dómkröfur stefnanda verði lækkaðar verulega og að málskostnaður verði felldur niður.

II.

Málavextir eru þeir ... [sbr. dóm í málinu: Vatnsleysustrandarhreppur gegn Guðjóni Hannessyni, bls. 627-628 að framan] ... lauk þann 24. ágúst 1987.

Stefndu var sendur reikningur, dags. 15. júlí 1987, þar sem þau voru krafin um B-gatnagerðargjald, eins og hér segir: „Stærð hússins Hafnargötu 3, efri hæð, er 247 m^3. Gjaldið að frádregnum 20% afslætti er alls kr. 55.911. Reikningurinn óskast greiddur fyrir 20. ágúst nk. Álagning B-gjalds til innheimtu í Vogum er kr. 27.877.447. Áætlaður heildarkostnaður við gatnagerðina á verðlagi í júlí 1987 er alls kr. 31.211.026. Sé greitt á réttum tíma, er veittur 10% staðgreiðsluafsláttur.“

Í málinu liggur frammi ... [sbr. bls. 628-630 að framan] ... falli allur á stefnanda.

[III. og IV. kafli eru samhljóða sömu köflum í málinu: Vatnsleysustrandarhreppur gegn Svönu Einarsdóttur, bls. 646-650 að framan.]

Dómsorð:

Stefndu, Adolf Kristjánsson og Guðrún Ólafsdóttir, skulu vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Vatnsleysustrandarhrepps.

Stefnandi greiði stefndu kr. 45.000 í málskostnað. Málskostnaður beri dráttarvexti skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu.

Miðvikudaginn 27. mars 1991.

Nr. 97/1990. **Vatnsleysustrandarhreppur**
(Skúli Pálsson hrl.)
gegn
Vogum hf.
(Páll Arnór Pálsson hrl.).

Gatnagerðargjald. Lögveð. Stjórnarskrá. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. mars 1990. Hann krefst þess, að hið stefnda hlutafélag verði dæmt til að greiða hreppnum 894.115 krónur með tilteknum vöxtum, þar með töldum hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum eftir vaxtalögum nr. 25/1987 frá 1. október 1989 til greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, sem beri dráttarvexti eftir vaxtalögum. Loks gerir hann kröfu um viðurkenningu lögveðsréttar í Hafnargötu 1, Vogum, Vatnsleysustrandarhreppi.

Hið stefnda hlutafélag krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar hér fyrir dómi með dráttarvöxtum.

Málsatvik eru rakin í héraðsdómi.

Úrslit máls þessa ráðast af lögskýringu, sem er með sama hætti og lýst er í dómi Hæstaréttar í máli nr. 98/1990, sem upp var kveðinn fyrr í dag. Þess er þó að geta, að hús hins stefnda hlutafélags er við Hafnargötu, sem er þjóðvegur í þéttbýli, eins og kemur fram í nýnefndum dómi. Eins og þar segir, var áfrýjanda ekki skylt að halda kostnaði við þessa götu utan við uppgjör við aðrar framkvæmdir og bíða framlags af vegafé til að greiða hann. Þá er þess enn fremur að geta, að samkvæmt skýrslum lögmanna aðila er gangstétt ekki við athafnasvæði við Hafnargötu, þar sem hús stefnda er. Á því ber þó að byggja, að gangstéttir hafi verið lagðar þar við götuna, sem þurfti miðað við aðstæður. Eru ekki lagarök til þess, að hið stefnda hlutafélag geti skorast undan því að taka þátt í kostnaði við gangstéttir, eins og á stendur. Að þessu athuguðu

og með tilvísun til forsendna dóms í máli nr. 98/1990 verður í máli þessu svofellt

Dómsorð:

Stefndi, Vogar hf., greiði áfrýjanda, Vatnsleysustrandarhreppi, 894.115 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 19. október 1989 til greiðsludags.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Viðurkenndur er lögveðsréttur áfrýjanda í fasteign hins stefnda hlutafélags, Hafnargötu 1, Vogum, Vatnsleysustrandarhreppi, til tryggingar 894.115 krónum með vöxtum eftir dómi þessum.

Sératkvæði

Bjarna K. Bjarnasonar hæstaréttardómara.

Þegar það er virt, á hvern hátt áfrýjandi hefur lagt mál sitt fyrir dómstóla, og með hliðsjón af 3. gr., 5. gr., 2. mgr. 6. gr. og 4. gr. laga nr. 51/1974 um gatnagerðargjöld, sbr. 1. gr. laga nr. 31/1975, 10. gr. reglugerðar nr. 284/1985 um gatnagerðargjöld í Vatnsleysustrandarhreppi og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms tel ég, að staðfesta beri hann, en málskostnaður fyrir Hæstarétti eigi að falla niður.

Sératkvæði

Hjartar Torfasonar hæstaréttardómara.

Viðhorf mín í máli þessu ráðast af lögskýringu, sem er með sama hætti og lýst er í sératkvæði í máli nr. 98/1990, þar sem dómur var upp kveðinn fyrr í dag. Með vísan til forsendna, sem þar greinir, og til atkvæðis meiri hluta dómenda í máli þessu er ég samþykkur niðurstöðu þeirra.

Dómur aukadómþings Gullbringusýslu 13. desember 1989.

I.

Mál þetta var tekið til dóms að loknum munnlegum málflutningi 23. nóvember sl.

Stefnandi er Vatnsleysustrandarhreppur, kt. 670269-2649, Vogum, Gullbringusýslu.

Stefndi er Vogar hf., kt. 700269-5589, Hafnargötu 1, Vogum, Vatnsleysustrandarhreppi.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda kr. 894.115 auk [nánar tiltekinna vaxta svo og málskostnað].

Stefnandi gerir þá kröfu, að viðurkenndur verði lögveðsréttur til tryggingar dómkröfum í fasteigninni nr. 1 við Hafnargötu í Vogum, Vatnsleysustrandarhreppi, sem er þinglýst eign stefnda.

Af hálfu stefnda eru gerðar þær dómkröfur aðallega, að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða stefnda fullan málskostnað með söluskatti.

Þess er jafnframt krafist, að málskostnaður beri dráttarvexti skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá 15. degi til dómsuppsögu.

Til vara er þess krafist, að dómkröfur stefnanda verði lækkaðar verulega og að málskostnaður verði felldur niður.

II.

Málavextir eru þeir ... [sbr. dóm í málinu: Vatnsleysustrandarhreppur gegn Guðjóni Hannessyni, bls. 627-628 að framan] ... lauk þann 24. ágúst 1987.

Stefnda var sendur reikningur, dags. 6. ágúst 1987, þar sem hann var krafinn um B-gatnagerðargjald, eins og hér segir: „Stærð hússins Hafnargötu 1 er 5926 m³. Gjaldið að frádregnum 20% afslætti er alls kr. 894.115. Reikningurinn óskast greiddur fyrir 20. ágúst nk. Álagning B-gjalds til innheimtu í Vogum er kr. 27.877.447. Áætlaður heildarkostnaður við gatnagerðina á verðlagi í júlí 1987 er alls kr. 31.211.026. Sé greitt á réttum tíma, er veittur 10% staðgreiðsluafsláttur."

Í málinu liggur frammi ... [sbr. bls. 628-630 að framan] ... falli allur á stefnanda.

III.

Stefnandi byggir kröfugerð sína í málinu á því, að heildarkostnaður við framkvæmdir þær, sem hér um ræðir, hafi numið tæpum 32,5 milljónum króna. Heildarálagning B-gatnagerðargjalds af sama tilefni hafi numið rúmlega 28 milljónum króna miðað við verðlag í júlí 1987. Þá hafi verið búið að taka tillit til þess, að stefnandi felldi niður 20% áætlaðrar álagningar, þar sem framkvæmdakostnaður varð lægri en fyrirhugað hafði verið.

Gjaldtaka stefnanda er sögð byggð á þessum kostnaði. Miðist útreikningar B-gatnagerðargjaldsins við rúmmál fasteignar stefnda, eins og heimild sé fyrir í 5. gr. l. nr. 51/1974, sbr. 11. gr. reglugerðar nr. 284/1985. Sjá

megi af skýrslu Verkfræðistofu Suðurnesja hf., að heildarkostnaður (meðalkostnaður) framkvæmda hafi farið verulega fram úr heildarálagningunni, þannig að skilyrðum 4. gr. laga nr. 51/1974 hafi verið fullnægt. Þetta sé í fyrsta sinn, sem B-gatnagerðargjöld hafi verið innheimt í hreppnum.

Í réttarheimildum þeim, sem stefnandi byggir á, sé talað um kostnað við gerð gangstétta og bundins slitlags á götu. Stefnandi telur, að ekki fari milli mála, að þar megi telja með kostnað vegna undirbúningsframkvæmda, s.s. niðurfalla, lagna, uppgraftar, fyllingar og fl., sem telja verði eðlilegt vegna þeirra framkvæmda. Að sama skapi telur stefnandi eðlilegt og sanngjarnt að telja kostnað vegna graseyja og grasbletta við viðkomandi götu til kostnaðar við verkið, enda sé þá bundnu slitlagi og/eða gangstéttarlögn sleppt á viðkomandi stað og framkvæmdin í reynd ódýrari.

Stefnandi telur eðlilegt að líta á heildarkostnað framkvæmda á móti álögðum gjöldum, þannig að ekki þurfi að reikna út sérstaklega kostnað og álagningu við hvern götukafla. Eðli verksins sé slíkt, að ósanngjarnt væri að taka einstaka verkþætti út úr því. Þá beri til þess að líta, að raunkostnaður hvers götukafla sé í nær öllum tilvikum hærri en álagning á gjaldanda. Þá er vísað til skýringar í greinargerð Verkfræðistofu Suðurnesja hf. um kostnað, s.s. vegna aðkeyptrar verkfræðiþjónustu og kostnaðar stefnanda.

Mótmælt er þeirri skoðun stefnda, að honum beri ekki að greiða gjaldið, þar sem fimm ár séu liðin, frá því að lagt var slitlag á Hafnargötu. Með álagningu B-gatnagerðargjalds sé stefnandi að leggja á gjald vegna framkvæmda árin 1986 og 1987, en ekki fyrir árið 1979, þannig að regla þessi eigi ekki við. Því til viðbótar megi geta þess, að gangstétt við götuna hafi fyrst verið lögð árið 1987, þannig að framkvæmdum hafi endanlega ekki lokið fyrr en með þeirri framkvæmd. Þá séu húseigendur við „þjóðvegi í þéttbýli" ekki undanþegnir álagningu B-gatnagerðargjalds, þótt ríkið fjármagni að hluta framkvæmdir og þessi aðilar njóti þess, að framkvæmdakostnaður verði lægri. Stefnda hafi verið sendur reikningur, dags. 6. ágúst 1987, fyrir hans hluta gatnagerðargjaldsins, og nemi fjárhæðin stefnufjárhæð í máli þessu. Stefnda hafi verið sent lögveðsbréf auk almennrar áskorunar, sem birtist í dagblaði 18. ágúst 1987, án árangurs.

Af hálfu stefnanda er því á því byggt, að samkvæmt ákvæðum 3. - 7. gr. laga nr. 51/1974, eins og þeim var breytt með lögum nr. 31/1975, og II. kafla reglugerðar um gatnagerðargjöld í Vatnsleysustrandarhreppi nr. 284/1985 hafi stefnanda verið heimil álagning B-gatnagerðargjalda með þeim hætti, sem hún var framkvæmd.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að ekki séu uppfyllt skilyrði laga um gatnagerðargjald nr. 51/1974, þannig að unnt sé að leggja B-gatnagerð-

argjald á stefnda, og fái þessi skattlagning ekki staðist ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944. Heimild sveitarstjórna samkvæmt 3. gr. laga nr. 51/1974 sé bundin við, að ekki hafi áður verið innheimt af hlutaðeigandi fasteign gatnagerðargjald, sem ætlað hafi verið a.m.k. að hluta til bundins slitlags. Þá girði 4. gr. laganna fyrir gjaldtöku hjá stefnda, þar sem meira en 5 ár séu liðin, frá því að bundið slitlag var sett á Hafnargötu. Auk þess hafi kostnaður við þá götu verið fjármagnaður að miklu leyti með framlagi úr ríkissjóði vegna þjóðvegar í þéttbýli. Stefnandi hafi ekki fengist til að gefa upp tölur í því sambandi. Stefndi hafi hins vegar upplýst, að þau framlög hafi numið með uppreiknuðum fjárhæðum rúmlega þeirri fjárhæð, sem stefnandi hafi lagt á fasteignaeigendur við Hafnargötu. Árið 1986 hafi verið sett slitlag á Hafnargötu yfir það, sem fyrir var. Slík aðgerð hafi einungis flokkast undir viðhald götunnar og eigi að greiðast úr ríkissjóði.

Engum vafa sé undirorpið, að með orðunum „meðalkostnaður við framkvæmdir" sé átt við meðalkostnað við framkvæmdir við hverja götu eða götukafla. Þessi skilningur komi berlega fram í dómi Hæstaréttar 1984, bls. 574, og 1984, bls. 560.

Þá sé sundurliðun stefnanda á kostnaði við framkvæmdir algjörlega ófullnægjandi, og nokkrum kostnaðarliðum sé ofaukið, svo sem kostnaði við óloknar framkvæmdir við grassvæði, við gröft, klapparvinnu og fyllingu, við hraðahindranir, við verkfræðiþjónustu og umsjón hreppsins. Slíkir kostnaðarliðir falli utan þess að setja bundið slitlag á götu, sbr. 3. gr., en margir þeirra tilheyri A-gatnagerðargjöldum. Þá hafi stefnandi ekki upplýst, hvernig hann dreifir kostnaði á eigendur fasteigna við hverja götu, t.d. hvort gatnagerðargjöld elli- og örorkulífeyrisþega, sem fái gjöld niðurfelld eða frestun greiðslu, séu færð á kostnað gjaldanda. Sama eigi við um óbyggðar lóðir. Þá hafi stefnandi ekki upplýst, hver hafi verið kostnaður við hverja götu eða götukafla fyrir sig, og hafi hann þannig ekki fullnægt skilyrðum 4. gr. i.f. laga nr. 51/1974. Brjóti slík skattheimta í bága við 40. gr. og 77. gr. stjórnarskrárinnar.

Því er haldið fram, að álögð B-gatnagerðargjöld í Vogum séu gífurlega há og álagning gjaldsins með þessum hætti nánast eignaupptaka. Í sumum tilvikum eigni stefnandi sér stóran hluta andvirðis fasteignar með lögveði, án þess að hann láti fasteignareiganda í té sambærilegt verðmæti í staðinn.

Við ákvörðun gatnagerðargjalds við Hafnargötu beri að taka tillit til þess, að meira en 50% lands við götubrún sé auð svæði, en engu að síður sé svæðið í heild 95% skipulagt. Það sé ósanngjarnt og óeðlilegt að láta íbúana við Hafnargötu taka eina þátt í kostnaði við götuna, þegar svo háttar til. Þá sé ekki heldur sanngjarnt eða lögmætt að láta fasteignaeigendur við aðrar götur greiða þann umframkostnað.

Gjalddagi B-gjalds sé, eftir að bundið slitlag hafi verið sett á eða gangstéttir hafi verið lagðar, skv. 4. gr. laga nr. 51/1974. Ef innheimta eigi gjöldin til að standa straum af kostnaði við hvort tveggja, sé gjalddaginn, þegar framkvæmdum við verkið ljúki. Ákvæði 13. gr. reglugerðar um annað sé lögleysa. Við Hafnargötu sé framkvæmdum við gangstéttir ekki lokið að fullu, þannig að gjöld séu gjaldkræf. Mótmælt er vaxtakröfu stefnanda, vegna þess að gjalddagi kröfu hans sé óljós.

IV.

Með heimild í 5. gr. laga nr. 51/1974 og 11. gr. rglg. nr. 284/1985 um gatnagerðargjöld í Vatnsleysustrandarhreppi hefur stefnandi lagt sérstakt gatnagerðargjald á stefnda og aðra íbúa Voga miðaða við rúmmál bygginga. Álagningarheimildin sætir þeirri takmörkun samkvæmt 4. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 31/1975, að gjaldið má ekki nema meira en meðalkostnaði við framkvæmdirnar. Af þessu leiðir, að heildarálagning má ekki fara fram úr heildarframkvæmdakostnaði. Af þeim ástæðum virðist stefnandi hafa ákveðið að lækka álögð gjöld um 20%, þegar heildarkostnaður lá nokkurn veginn fyrir, en jafnframt hefur komið fram, að ekki er ætlast til, að kostnaður við „Gamla þjóðveginn", sem engin hús standa við, sé reiknaður með í viðmiðunarkostnaðinum. Þegar frá hafa verið dregnar kr. 4.027.000 vegna framkvæmda við þann veg, nam heildarkostnaður samkvæmt útreikningi stefnanda á verðlagi júlímánaðar 1987 kr. 28.377.882, en álögð gjöld hins vegar kr. 28.002.261.

Stefnandi lét á árunum 1986 og 1987 leggja olíumalbik og „klæðingu" á Hafnargötu í Vogum, en við þá götu stendur fasteign stefnda. Kostnaður við þá framkvæmd var á verðlagi júlímánaðar 1987 samtals kr. 5.345.617. Óumdeilt er, að 1980 var lokið lagningu bundins slitlags á Hafnargötu. Hins vegar voru ekki lagðar gangstéttir við götuna fyrr en árið 1987. Af hálfu stefnanda hefur því verið haldið fram, að hið upprunalega slitlag hafi þarfnast endurnýjunar. Því hefur verið mótmælt af forsvarsmanni stefnda.

Samkvæmt því, sem fram er komið í málinu, virðist lagningu slitlags hafa verið þannig háttað á árunum 1986 og 1987, að olíumalarlagið frá 1979 - 1980 var holufyllt og síðan lagt yfir það nýtt lag „klæðingar" og að hluta olíumalbik. Upplýst hefur verið, að hið nýja slitlag var eingöngu lagt á, þar sem slitlag var fyrir. Er svo að sjá sem ekki hafi verið neitt gert við götuna, sem um munaði, frá 1980 til 1986, og virðist slitlagið, sem þá var sett á hana, hafa bætt úr samsafnaðri viðhaldsþörf. Lagningu slitlagsins 1986 til 1987 virðist að verulegu leyti hafa átt að fjármagna með árlegum framlögum af þjóðvegafé úr ríkissjóði skv. 32. gr. laga nr. 6, 1977. Ber því að fallast á með stefnda, að þessi framkvæmd hafi verið viðhaldsaðgerð, sem ekki verði fjármögnuð með álagningu sérstaks gatnagerðargjalds,

þar sem því skal varið til nýframkvæmda, en ekki til viðhalds. Var af þessum ástæðum nauðsynlegt að halda kostnaði við Hafnargötu sérgreindum.

Stefnandi byggir heimild sína til álagningar á stefnda á II. kafla rglg. nr. 284/1985 með stoð í 3. gr. laga nr. 51/1974, þar sem segir, að innheimta megi sérstakt gjald, sem varið skuli til framkvæmda við að setja bundið slitlag á götur í viðkomandi sveitarfélagi og til lagningar gangstétta. Eðlileg skýring á 3. og 4. gr. laga nr. 51/1974, sbr. 1. gr. laga nr. 31/1975, er, að sveitarstjórn sé heimilt að leggja sérstakt gjald á eigendur fasteigna við götur, þar sem bundið slitlag og/eða gangstétt hafa verið lögð, þannig að viðkomandi fasteignaeigendur hafi beint gagn af framkvæmdinni. Gangstéttin við Hafnargötu nær ekki niður á athafnasvæðið, þar sem fasteign stefnda er, og telst hann því ekki hafa beint gagn af framkvæmdinni.

Samkvæmt þessu ber að fallast á það með stefnda, að ekki hafi verið skilyrði til álagningar gatnagerðargjalds á hann, og sýkna hann af öllum kröfum stefnanda.

Eftir þessari niðurstöðu ber að dæma stefnanda til að greiða stefnda málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn kr. 100.000.

Dóm þennan kvað upp Sveinn Sigurkarlsson héraðsdómari ásamt Steingrími Gaut Kristjánssyni borgardómara og Valtý Sigurðssyni borgarfógeta. Dómurinn er fjölskipaður samkvæmt heimild í 2. mgr. 7. gr. A laga 85/1936, sbr. 9. gr. laga 28/1981. Skilyrði 2. ml. 2. mgr. er fullnægt.

Dómsorð:

Stefndi, Vogar hf., skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Vatnsleysustrandarhrepps.

Stefnandi greiði stefnda kr. 100.000 í málskostnað. Málskostnaður beri dráttarvexti skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu.

Miðvikudaginn 27. mars 1991.

Nr. 99/1990. **Vatnsleysustrandarhreppur**
(Skúli Pálsson hrl.)
gegn
Vogum hf.
(Páll Arnór Pálsson hrl.).

Gatnagerðargjald. Lögveð. Stjórnarskrá. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. mars 1990. Hann krefst þess, að hið stefnda hlutafélag verði dæmt til að greiða hreppnum 217.267 krónur með tilteknum vöxtum, þar með töldum hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum eftir vaxtalögum nr. 25/1987, frá 1. október 1989 til greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, sem beri dráttarvexti eftir vaxtalögum. Loks gerir hann kröfu um viðurkenningu lögveðsréttar í Hafnargötu 8, Vogum, Vatnsleysustrandarhreppi.

Hið stefnda hlutafélag krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar hér fyrir dómi með dráttarvöxtum.

Málsatvik eru rakin í héraðsdómi.

Úrslit máls þessa ráðast af lögskýringu, sem er með sama hætti og lýst er í dómi Hæstaréttar í máli nr. 98/1990, sem upp var kveðinn fyrr í dag. Þess er þó að geta, að hús hins stefnda hlutafélags er við Hafnargötu, sem er þjóðvegur í þéttbýli, eins og kemur fram í nýnefndum dómi. Eins og þar segir, var áfrýjanda ekki skylt að halda kostnaði við þessa götu utan við uppgjör við aðrar framkvæmdir og bíða framlags af vegafé til að greiða hann. Þá er þess enn fremur að geta, að samkvæmt skýrslum lögmanna aðila er gangstétt ekki við athafnasvæði við Hafnargötu, þar sem hús stefnda er. Á því ber þó að byggja, að gangstéttir hafi verið lagðar þar við götuna, sem þurfti miðað við aðstæður. Eru ekki lagarök til þess, að hið stefnda hlutafélag geti skorast undan því að taka þátt í kostnaði við gangstéttir, eins og á stendur. Að þessu athugðu

og með tilvísun til forsendna dóms í máli nr. 98/1990 verður í máli þessu svofellt

Dómsorð:

Stefndi, Vogar hf., greiði áfrýjanda, Vatnsleysustrandarhreppi, 217.267 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 19. október 1989 til greiðsludags.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Viðurkenndur er lögveðsréttur áfrýjanda í fasteign hins stefnda hlutafélags, Hafnargötu 8, Vogum, Vatnsleysustrandarhreppi, til tryggingar 217.267 krónum með vöxtum eftir dómi þessum.

Sératkvæði
Bjarna K. Bjarnasonar hæstaréttardómara.

Þegar það er virt, á hvern hátt áfrýjandi hefur lagt mál sitt fyrir dómstóla, og með hliðsjón af 3. gr., 5. gr., 2. mgr. 6. gr. og 4. gr. laga nr. 51/1974 um gatnagerðargjöld, sbr. 1. gr. laga nr. 31/1975, 10. gr. reglugerðar nr. 284/1985 um gatnagerðargjöld í Vatnsleysustrandarhreppi og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms tel ég, að staðfesta beri hann, en málskostnaður fyrir Hæstarétti eigi að falla niður.

Sératkvæði
Hjartar Torfasonar hæstaréttardómara.

Viðhorf mín í máli þessu ráðast af lögskýringu, sem er með sama hætti og lýst er í sératkvæði í máli nr. 98/1990, þar sem dómur var upp kveðinn fyrr í dag. Með vísan til forsendna, sem þar greinir, og til atkvæðis meiri hluta dómenda í máli þessu er ég samþykkur niðurstöðu þeirra.

Dómur aukadómþings Gullbringusýslu 13. desember 1989.

I.

Mál þetta var tekið til dóms að loknum munnlegum málflutningi 23. nóvember sl.

Stefnandi er Vatnsleysustrandarhreppur, kt. 670269-2649, Vogum, Gullbringusýslu.

Stefndi er Vogar hf., kt. 700269-5589, Hafnargötu 1, Vogum, Vatnsleysustrandarhreppi.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda kr. 217.267 auk [nánar tiltekinna vaxta svo og málskostnað].

Stefnandi gerir þá kröfu, að viðurkenndur verði lögveðsréttur til tryggingar dómkröfum í fasteigninni nr. 8 við Hafnargötu í Vogum, Vatnsleysustrandarhreppi, sem er þinglýst eign stefnda.

Af hálfu stefnda eru gerðar þær dómkröfur aðallega, að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða stefnda fullan málskostnað með söluskatti.

Þess er jafnframt krafist, að málskostnaður beri dráttarvexti skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá 15. degi til dómsuppsögu.

Til vara er þess krafist, að dómkröfur stefnanda verði lækkaðar verulega og að málskostnaður verði felldur niður.

II.

Málavextir eru þeir ... [sbr. dóm í málinu: Vatnsleysustrandarhreppur gegn Guðjóni Hannessyni, bls. 627-628 að framan] ... lauk þann 24. ágúst 1987.

Stefnda var sendur reikningur, dags. 6. ágúst 1987, þar sem hann var krafinn um B-gatnagerðargjald, eins og hér segir: „Stærð hússins Hafnargötu 8 er 1440 m^3. Gjaldið að frádregnum 20% afslætti er alls kr. 217.267. Reikningurinn óskast greiddur fyrir 20. ágúst nk. Álagning B-gjalds til innheimtu í Vogum er kr. 27.877.447. Áætlaður heildarkostnaður við gatnagerðina á verðlagi í júlí 1987 er alls kr. 31.211.026. Sé greitt á réttum tíma, er veittur 10% staðgreiðsluafsláttur."

Í málinu liggur frammi ... [sbr. bls. 628-630 að framan] ... falli allur á stefnanda.

[III. og IV. kafli eru samhljóða sömu köflum í málinu: Vatnsleysustrandarhreppur gegn Vogum hf., bls. 668-672 að framan.]

Dómsorð:

Stefndi, Vogar hf., skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Vatnsleysustrandarhrepps.

Stefnandi greiði stefnda kr. 45.000 í málskostnað. Málskostnaður beri dráttarvexti skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu.

Miðvikudaginn 27. mars 1991.

Nr. 101/1990. **Vatnsleysustrandarhreppur**
(Skúli Pálsson hrl.)
gegn
Þórði Vormssyni
(Páll Arnór Pálsson hrl.).

Gatnagerðargjald. Lögveð. Stjórnarskrá. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. mars 1990. Hann krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða hreppnum 10.562 krónur með tilteknum vöxtum, þar með töldum hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum eftir vaxtalögum nr. 25/1987, frá 1. október 1989 til greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, sem beri dráttarvexti eftir vaxtalögum. Loks gerir hann kröfu um viðurkenningu lögveðsréttar í Hafnargötu 2 A, Vogum, Vatnsleysustrandarhreppi.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar hér fyrir dómi með dráttarvöxtum.

Málsatvik eru rakin í héraðsdómi.

Úrslit máls þessa ráðast af lögskýringu, sem er með sama hætti og lýst er í dómi Hæstaréttar í máli nr. 98/1990, sem upp var kveðinn fyrr í dag. Þess er þó að geta, að hús stefnda er við Hafnargötu, sem er þjóðvegur í þéttbýli, eins og kemur fram í nýnefndum dómi. Eins og þar segir, var áfrýjanda ekki skylt að halda kostnaði við þessa götu utan við uppgjör við aðrar framkvæmdir og bíða framlags af vegafé til að greiða hann. Þá er þess enn fremur að geta, að samkvæmt skýrslum lögmanna aðila er gangstétt ekki við athafnasvæði neðst við Hafnargötu, en þar er hús stefnda. Á því ber þó að byggja, að gangstéttir hafi verið lagðar þar við götuna, sem þurfti miðað við aðstæður. Eru ekki lagarök til þess, að stefndi geti skorast undan því að taka þátt í kostnaði við gangstéttir, eins og á stendur. Að þessu athuguðu og með tilvísan til forsendna dóms í máli nr. 98/1990 verður í máli þessu svofellt

Dómsorð:

Stefndi, Þórður Vormsson, greiði áfrýjanda, Vatnsleysustrandarhreppi, 10.562 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 19. október 1989 til greiðsludags.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Viðurkenndur er lögveðsréttur áfrýjanda í fasteign stefnda, Hafnargötu 2 A, Vogum, Vatnsleysustrandarhreppi, til tryggingar 10.562 krónum með vöxtum eftir dómi þessum.

Sératkvæði

Bjarna K. Bjarnasonar hæstaréttardómara.

Þegar það er virt, á hvern hátt áfrýjandi hefur lagt mál sitt fyrir dómstóla, og með hliðsjón af 3. gr., 5. gr., 2. mgr. 6. gr. og 4. gr. laga nr. 51/1974 um gatnagerðargjöld, sbr. 1. gr. laga nr. 31/1975, 10. gr. reglugerðar nr. 284/1985 um gatnagerðargjöld í Vatnsleysustrandarhreppi og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms tel ég, að staðfesta beri hann, en málskostnaður fyrir Hæstarétti eigi að falla niður.

Sératkvæði

Hjartar Torfasonar hæstaréttardómara.

Viðhorf mín í máli þessu ráðast af lögskýringu, sem er með sama hætti og lýst er í sératkvæði í máli nr. 98/1990, þar sem dómur var upp kveðinn fyrr í dag. Með vísan til forsendna, sem þar greinir, og til atkvæðis meiri hluta dómenda í máli þessu er ég samþykkur niðurstöðu þeirra.

Dómur aukadómþings Gullbringusýslu 13. desember 1989.

I.

Mál þetta var tekið til dóms að loknum munnlegum málflutningi 23. nóvember sl.

Stefnandi er Vatnsleysustrandarhreppur, kt. 670269-2649, Vogum, Gullbringusýslu.

Stefndi er Þórður Vormsson, kt. 280736-3179, Hafnargötu 2 A, Vogum, Vatnsleysustrandarhreppi.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda kr. 10.562 auk [nánar tiltekinna vaxta svo og málskostnað].

Stefnandi gerir þá kröfu, að viðurkenndur verði lögveðsréttur til tryggingar dómkröfum í fasteigninni nr. 2 A við Hafnargötu í Vogum, Vatnsleysustrandarhreppi, sem er þinglýst eign stefnda.

Af hálfu stefnda eru gerðar þær dómkröfur aðallega, að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða stefnda fullan málskostnað með söluskatti.

Þess er jafnframt krafist, að málskostnaður beri dráttarvexti skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá 15. degi til dómsuppsögu.

Til vara er þess krafist, að dómkröfur stefnanda verði lækkaðar verulega og að málskostnaður verði felldur niður.

II.

Málavextir eru þeir ... [sbr. dóm í málinu: Vatnsleysustrandarhreppur gegn Guðjóni Hannessyni, bls. 627-628 að framan] ... lauk þann 24. ágúst 1987.

Stefnda var sendur reikningur, dags. 6. ágúst 1987, þar sem hann var krafinn um B-gatnagerðargjald, eins og hér segir: „Stærð hússins Hafnargötu 2 A er 70 m^3. Gjaldið að frádregnum 20% afslætti er alls kr. 10.562. Reikningurinn óskast greiddur fyrir 20. ágúst nk. Álagning B-gjalds til innheimtu í Vogum er kr. 27.877.447. Áætlaður heildarkostnaður við gatnagerðina á verðlagi í júlí 1987 er alls kr. 31.211.026. Sé greitt á réttum tíma, er veittur 10% staðgreiðsluafsláttur."

Í málinu liggur frammi ... [sbr. bls. 628-630 að framan] ... falli allur á stefnanda.

[III. og IV. kafli eru samhljóða sömu köflum í málinu: Vatnsleysustrandarhreppur gegn Vogum hf., bls. 668-672 að framan.]

Dómsorð:

Stefndi, Þórður Vormsson, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Vatnsleysustrandarhrepps.

Stefnandi greiði stefnda kr. 30.000 í málskostnað. Málskostnaður beri dráttarvexti skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu.

Miðvikudaginn 27. mars 1991.

Nr. 110/1990. **Vatnsleysustrandarhreppur**
(Skúli Pálsson hrl.)
gegn
dánarbúi Ingvars S. Baldvinssonar
(Páll Arnór Pálsson hrl.).

Gatnagerðargjald. Lögveð. Stjórnarskrá. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. mars 1990. Hann krefst þess, að hið stefnda dánarbú verði dæmt til að greiða hreppnum 69.933 krónur með tilteknum vöxtum, þar með töldum hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum eftir vaxtalögum nr. 25/1987, frá 1. október 1989 til greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, sem beri dráttarvexti eftir vaxtalögum. Loks gerir hann kröfu um viðurkenningu lögveðsréttar í hluta Hafnargötu 2, Vogum, Vatnsleysustrandarhreppi.

Dánarbúið krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar hér fyrir dómi með dráttarvöxtum.

Málsatvik eru rakin í héraðsdómi.

Úrslit máls þessa ráðast af lögskýringu, sem er með sama hætti og lýst er í dómi Hæstaréttar í máli nr. 98/1990, sem upp var kveðinn fyrr í dag. Þess er þó að geta, að hús hins stefnda bús er við Hafnargötu, sem er þjóðvegur í þéttbýli, eins og kemur fram í nýnefndum dómi. Eins og þar segir, var áfrýjanda ekki skylt að halda kostnaði við þessa götu utan við uppgjör við aðrar framkvæmdir og bíða framlags af vegafé til að greiða hann. Þá er þess enn fremur að geta, að samkvæmt skýrslum lögmanna aðila er gangstétt ekki við athafnasvæði neðst við Hafnargötu, en þar er hús dánarbúsins. Á því ber þó að byggja, að gangstéttir hafi verið lagðar þar við götuna, sem þurfti miðað við aðstæður. Eru ekki lagarök til þess, að hið stefnda bú geti skorast undan því að taka þátt í kostnaði við gangstéttir, eins og á stendur. Að þessu athuguðu

og með tilvísan til forsendna dóms í máli nr. 98/1990 verður í máli þessu svofellt

Dómsorð:

Stefnda, dánarbú Ingvars S. Baldvinssonar, greiði áfrýjanda, Vatnsleysustrandarhreppi, 69.933 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 19. október 1989 til greiðsludags.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Viðurkenndur er lögveðsréttur áfrýjanda í eignarhluta hins stefnda dánarbús í fasteigninni Hafnargötu 2, Vogum, Vatnsleysustrandarhreppi, til tryggingar 69.933 krónum með vöxtum eftir dómi þessum.

Sératkvæði

Bjarna K. Bjarnasonar hæstaréttardómara.

Þegar það er virt, á hvern hátt áfrýjandi hefur lagt mál sitt fyrir dómstóla, og með hliðsjón af 3. gr., 5. gr., 2. mgr. 6. gr. og 4. gr. laga nr. 51/1974 um gatnagerðargjöld, sbr. 1. gr. laga nr. 31/1975, 10. gr. reglugerðar nr. 284/1985 um gatnagerðargjöld í Vatnsleysustrandarhreppi og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms tel ég, að staðfesta beri hann, en málskostnaður fyrir Hæstarétti eigi að falla niður.

Sératkvæði

Hjartar Torfasonar hæstaréttardómara.

Viðhorf mín í máli þessu ráðast af lögskýringu, sem er með sama hætti og lýst er í sératkvæði í máli nr. 98/1990, þar sem dómur var upp kveðinn fyrr í dag. Með vísan til forsendna, sem þar greinir, og til atkvæðis meiri hluta dómenda í máli þessu er ég samþykkur niðurstöðu þeirra.

Dómur aukadómþings Gullbringusýslu 13. desember 1989.

I.

Mál þetta var tekið til dóms að loknum munnlegum málflutningi 23. nóvember sl.

Stefnandi er Vatnsleysustrandarhreppur, kt. 670269-2649, Vogum, Gullbringusýslu.

Stefnda er db. Ingvars S. Baldvinssonar, kt. 120155-2459, persónulega og fyrir hönd einkafirma hans, Bifreiðaþjónustu Ingvars. Heiðargerði 17, Vogum, Vatnsleysustrandarhreppi.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði dæmt til þess að greiða stefnanda kr. 69.933 auk [nánar tiltekinna vaxta svo og málskostnað].

Stefnandi gerir þá kröfu, að viðurkenndur verði lögveðsréttur til tryggingar dómkröfum í fasteigninni nr. 2 við Hafnargötu í Vogum, Vatnsleysustrandarhreppi, sem er þinglýst eign stefnda.

Af hálfu stefnda eru gerðar þær dómkröfur aðallega, að stefnda verði sýknað af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða stefnda fullan málskostnað með söluskatti.

Þess er jafnframt krafist, að málskostnaður beri dráttarvexti skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá 15. degi til dómsuppsögu.

Til vara er þess krafist, að dómkröfur stefnanda verði lækkaðar verulega og að málskostnaður verði felldur niður.

II.

Málavextir eru þeir ... [sbr. dóm í málinu: Vatnsleysustrandarhreppur gegn Guðjóni Hannessyni, bls. 627-628 að framan] ... lauk þann 24. ágúst 1987.

Stefnda var sendur reikningur, dags. 15. júlí 1987, þar sem hann var krafinn um B-gatnagerðargjald, eins og hér segir: „Stærð hússins Hafnargötu 2 er 927 m³. Gjaldið að frádregnum 20% afslætti er alls kr. 69.933. Reikningurinn óskast greiddur fyrir 20. ágúst nk. Álagning B-gjalds til innheimtu í Vogum er kr. 27.877.447. Áætlaður heildarkostnaður við gatnagerðina á verðlagi í júlí 1987 er alls kr. 31.211.026. Sé greitt á réttum tíma, er veittur 10% staðgreiðsluafsláttur."

Í málinu liggur frammi ... [sbr. bls. 628-630 að framan] ... falli allur á stefnanda.

[III. og IV. kafli eru samhljóða sömu köflum í málinu: Vatnsleysustrandarhreppur gegn Vogum hf., bls. 668-672 að framan.]

Dómsorð:

Stefnda, db. Ingvars Baldvinssonar persónulega og fyrir hönd Bifreiðaþjónustu Ingvars, skal vera sýknt af öllum kröfum stefnanda, Vatnsleysustrandarhrepps.

Stefnandi greiði stefnda kr. 30.000 í málskostnað. Málskostnaður beri dráttarvexti skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu.

Mánudaginn 8. apríl 1991.

Nr. 293/1990. **Hreinn Sigurðsson**
gegn
Vátryggingafélagi Íslands hf.,
Iðnlánasjóði,
Sparisjóði V.-Húnavatnssýslu,
Skúla J. Pálmasyni hrl. og
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Afrýjandi, Hreinn Sigurðsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 2.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Einnig greiði áfrýjandi stefnda Vátryggingafélagi Íslands hf., sem sótt hefur dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, 8.000 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 8. apríl 1991.

Nr. 294/1990: **Hreinn Sigurðsson**

gegn

Vátryggingafélagi Íslands hf.,
Sparisjóði V.-Húnavatnssýslu,
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs,
Búnaðarbanka Íslands,
Víði Finnbogasyni hf., - Teppalandi, og
Jóni Brynjólfssyni hf.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Hreinn Sigurðsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 2.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Einnig greiði áfrýjandi stefndu Vátryggingafélagi Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands, sem sótt hafa dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, 8.000 krónur í ómaksbætur hvorum um sig að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 8. apríl 1991.

Nr. 338/1990. **Artica hf.**

gegn

Byggðaverki hf.

og gagnsök.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Artica hf., er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 2.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Mánudaginn 8. apríl 1991.

Nr. 413/1990. **Garðar Einarsson**

gegn

Sláturfélagi Suðurlands.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Garðar Einarsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 2.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Einnig greiði áfrýjandi stefnda, Sláturfélagi Suðurlands, sem sótt hefur dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, 4.000 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 8. apríl 1991.

Nr. 86/1991. **Helgi Friðgeirsson**

gegn

Árna Marinóssyni,
Vélbátatryggingu Reykjaness,
Verslun O. Ellingsen hf.,
Kaupfélagi Suðurnesja,
Friðgeiri Björgvinssyni,
Þ. Skaftasyni hf.,
Landsbanka Íslands,
Olíufélaginu Skeljungi,
Byggðastofnun Reykjavíkur,
Búnaðarbanka Íslands,
Atlasi hf. og
tollstjóranum í Reykjavík.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Helgi Friðgeirsson, sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 2.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Miðvikudaginn 17. apríl 1991.

Nr. 336/1989. **Búnaðarbanki Íslands, Háaleitisútibú**
(Baldvin Jónsson hrl.),
gegn
Jóni Ingólfssyni og
Jóni Zoëga persónulega og
f.h. Lögmannsstofu Jóns Ingólfssonar
og Jóns Zoëga
(Jón G. Zoëga hrl.).

Tékkar. Bankastofnanir.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason og Haraldur Henrysson og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. september 1989. Dómkröfur hans eru þær, að stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða 400.000 krónur ásamt 51,6% dráttarvöxtum á ári af 200.000 krónum frá 11. febrúar 1988 til 22. sama mánaðar, en af 400.000 krónum frá þeim degi til 1. mars 1988, 45,6% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 1. maí 1988, 44,4% dráttarvöxtum á ári frá 1. maí 1988 til 1. júlí 1988, 52,8% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til þingfestingardags, en með hæstu dráttarvöxtum á ári samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands frá þeim degi til greiðsludags. Einnig er þess krafist, að dráttarvextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti til greiðsludags, í fyrsta sinn 22. febrúar 1989. „Jafnframt er krafist greiðslu bankakostnaðar, kr. 500, og málskostnaðar að mati réttarins."

Stefndu gera þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og þeim dæmdur málskostnaður úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti að viðbættum 24,5% virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.

Ýmis ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt, þar á meðal reikningsyfirlit tékkareiknings nr. 878, sem Verslunin Víðir hafði hjá aðalbanka áfrýjanda að Austurstræti 5 í Reykjavík. Nær reikningsyfirlitið yfir tímabilið frá og með 1. febrúar 1988 til og með 5. apríl

sama ár. Samkvæmt yfirlitinu var yfirdráttur á tékkareikningnum hinn 1. febrúar 1988 kr. 15.251.183,85, en kr. 15.144.766,54, þegar talið er, að reikningnum hafi verið lokað hinn 22. mars 1988, sbr. áritun á bakhlið tékka þeirra, sem kröfugerð áfrýjanda byggist á. Af reikningsyfirlitinu sést einnig, að frá og með 11. febrúar 1988, þegar fyrri tékkinn var stimplaður um sýningu, og til og með 22. febrúar sama ár, þegar sá síðari var stimplaður um sýningu, hefur aðalbankinn greitt alls 35 tékka og eina útborgun, samtals kr. 4.570.972,92, og reiknað sér kr. 205.290,80 í dráttarvexti og innheimtukostnað. Á sama tímabili var greitt 26 sinnum inn á tékkareikninginn, samtals kr. 4.338.593,19. Á tímabilinu 23. febrúar 1988 til og með 17. mars 1988 voru 14 tékkar greiddir af reikningnum og 5 útborganir, samtals kr. 1.708.739,34. Á sama tímabili voru innborganir alls 15 á reikninginn, samtals kr. 1.899.270,50. Á þessu tímabili reiknaði bankinn sér kr. 51.084,20 í dráttarvexti og innheimtukostnað.

Samkvæmt framanskráðu verður að líta svo á, að umræddur tékkareikningur hafi verið opinn og undir forræði reikningshafans, Verslunarinnar Víðis, á þeim tíma, er tékkarnir í máli þessu voru innleystir af áfrýjanda, og í fullan mánuð, eftir að seinni tékkinn var innleystur, enda þótt svo hafi verið álitið í greiðslujöfnunarstöð, þegar tékkarnir voru þar til meðferðar, að þeir væru innstæðulausir.

Áfrýjandi hefur ekki sannað, að stefndu hafi fengið tilkynningu um innstæðuleysi tékkanna fyrr en með bréfi í maí 1988, sbr. greinargerð stefndu í héraði.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verður ekki talið, svo sem hér stendur sérstaklega á, þrátt fyrir ákvæði 5. mgr. 15. gr. laga nr. 94/1933 um tékka, að skilyrði séu til þess, að krafa áfrýjanda í málinu nái fram að ganga. Ber því að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms um annað en málskostnað.

Rétt þykir að dæma áfrýjanda til að greiða stefndu málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 90.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður um annað en málskostnað.

Áfrýjandi, Búnaðarbanki Íslands, Háaleitisútibú, greiði stefndu, Jóni Ingólfssyni og Jóni Zoëga persónulega og f.h. Lögmannsstofu Jóns Ingólfssonar og Jóns Zoëga, 90.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. júlí 1989.

Mál þetta, sem dómtekið var 23. júní sl., höfðaði Ólöf Finnsdóttir lögfræðingur f.h. Margeirs Péturssonar hdl., Búnaðarbanka Íslands, aðalbanka, Austurstræti 3, Reykjavík, f.h. Búnaðarbanka Íslands, Háaleitisútibús, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með áskorunarstefnu, birtri 8. ágúst 1988, gegn Jóni Ingólfssyni, kt. 200444-4424, Haukanesi 21, Garðabæ, og Jóni Zoëga, kt. 090643-2239, Reynimel 29, Reykjavík, báðum bæði persónulega og f.h. Lögmannsstofu Jóns Ingólfssonar og Jóns Zoëga, kt. 560279-0519, Lágmúla 7, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði dæmdir in solidum til greiðslu skuldar, að fjárhæð samtals kr. 400.000, ásamt 51,6% dráttarvöxtum á ári af kr. 200.000 frá 11. febrúar 1988 til 22. sama mánaðar, en af kr. 400.000 frá þeim degi til 1. mars 1988, 45,6% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 1. maí 1988, 44,4% dráttarvöxtum á ári frá 1. maí 1988 til 1. júlí 1988, 52,8% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til þingfestingardags, en hæstu dráttarvöxtum á ári skv. ákvörðun Seðlabanka Íslands frá þeim degi til greiðsludags. Einnig er þess krafist, að dráttarvextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti til greiðsludags, í fyrsta sinn 22. febrúar 1988 (svo í stefnu). Jafnframt er krafist greiðslu bankakostnaðar, kr. 500, og málskostnaðar að mati réttarins.

Stefndu krefjast sýknu af öllum kröfum stefnanda og að þeim verði tildæmdur málskostnaður skv. gjaldskrá LMFÍ.

Málinu var vikið til venjulegrar dómsmeðferðar 25. okt. 1988.

Leitað hefur verið um sáttir í málinu án árangurs.

Málsástæður og rökstuðningur stefnanda.

Stefnandi segir skuldina vera samkvæmt tveimur framlögðum tékkum, að fjárhæð samtals kr. 400.000, báðum útgefnum af Eiríki Sigurðssyni f.h. Víðis til greiðslu af tékkareikningi nr. 878 í Búnaðarbanka Íslands, aðalbanka, tékka á eyðublaði nr. 3632018, að fjárhæð kr. 200.000, útgefnum 10. febrúar 1988 til Jóns G. Zoëga, framseldum f.h. lögmannanna Jóns Ingólfssonar og Jóns Zoëga og innleystum af Búnaðarbanka Íslands, Háaleitisútibúi 11. febrúar 1988, tékka á eyðublaði nr. 3632019, að fjárhæð

kr. 200.000, útgefnum 20. febrúar 1988 til Jóns G. Zoëga, framseldum f.h. lögmannanna Jóns Ingólfssonar og Jóns Zoëga og innleystum af Búnaðarbanka Íslands, Háaleitisútibúi, 22. febrúar 1988. Báðir tékkarnir hafi reynst innstæðulausir við sýningu í reikningsbanka.

Málið er höfðað á grundvelli tékkalaga nr. 94/1933, sbr. lög nr. 24/1981, og rekið samkvæmt þeim og 17. kafla l. nr. 85/1936, sbr. lög nr. 28/1981, og samkvæmt lögum um áskorunarmál nr. 97/1978. Dráttarvaxtakröfur eru gerðar á grundvelli 3. kafla laga nr. 25/1987.

Við munnlegan málflutning var því haldið fram af hálfu stefnanda, að málsástæður stefndu kæmust ekki að í málinu skv. 208. gr. l. nr. 85/1936. Stefnandi sé handhafi tékkanna skv. tékkalögum, og innstæðuleysi tékkanna sé sannað, sbr. 2. og 3. tl. 40. gr. l. nr. 94/1933. Stöðu stefnanda sé ekki hægt að jafna til greiðslubanka. Stefnandi sé útibú Búnaðarbankans, Háleitisútibú.

Málsástæður og rökstuðningur stefndu.

Sýknukrafa stefndu er í fyrsta lagi á því byggð, að staðhæfing stefnanda um, að hinir innstæðulausu tékkar hafi verið innstæðulausir, þá er þeir voru sýndir, sé ósönnuð með öllu og reyndar ólíkleg. Þessu til stuðnings er á það bent, að skv. áritun á tékkana sé innstæða ekki talin næg á þeim dögum, þegar tékkunum var framvísað, en reikningi þeim, sem vísað var á, hafi verið lokað 22. mars 1988, meira en mánuði eftir, að fyrri tékkanum var framvísað, og einum mánuði eftir, að þeim síðari var framvísað. Samkvæmt reglum samstarfsnefndar banka og sparisjóða hafi stefnanda borið að loka reikningi þessum innan 10 daga, en slíkt hafi stefnandi ekki gert og ekki tilkynnt stefndu um innstæðuleysið fyrr en með bréfi í maí 1988, um 3 mánuðum eftir framvísun þeirra.

Í greinargerð stefndu er þess krafist, að forsvarsmenn bankans, þ.e.a.s. bankastjórar, komi fyrir rétt og upplýsi, hvort tékkareikningi nr. 878 hafi verið haldið opnum að fyrirlagi þeirra. Útgefandi tékkanna muni hafa haft yfirdráttarheimild, og með svo löngum tíma frá framvísun tékkanna til lokunar reikningsins gefist tækifæri til þess að raða upp tékkum til innlausnar. Þess sé því krafist, að lagðar verði fram upplýsingar um alla tékka, sem framvísað hafi verið á reikning 878 á þessu ári.

Þá er byggt á því, að stefnandi hafi ekki gætt tilkynningarskyldu sinnar, sbr. 42. gr. l. nr. 94/1933, og baki sér því, hvað sem öðru líði, málskostnaðarábyrgð gagnvart stefndu.

Við munnlegan málflutning var því haldið fram af hálfu stefndu, að stefnandi og aðalbanki Búnaðarbanka Íslands séu raunverulega sami bankinn og stefnandi því greiðslubanki tékkanna.

Niðurstaða.

Við niðurstöðu máls þessa verður lagt til grundvallar í fyrsta lagi, að tékkar eru greiðsluskjöl, en ekki lánsskjöl, og í öðru lagi, að innlausnarbanki tékka þeirra, sem málið er af risið, þ.e. Búnaðarbanki Íslands, Háaleitisútibú, og greiðslubanki tékkanna, þ.e. Búnaðarbanki Íslands, aðalbanki, eru einn og sami bankinn, sbr. t.d. 4. og 13. gr. l. nr. 28/1976.

Samkvæmt 3. mgr. 15. gr. l. nr. 94/1933 er framsal frá greiðslubanka ógilt, og er stefnandi því ekki tékkhafi í skilningi tékkalaga skv. 19. gr. laganna. Stefnandi á því ekki rétt skv. sjöunda kafla laganna til þess að krefja stefndu um fullnustu tékkanna, sbr. 1. mgr. 40. gr. laganna. Þegar af þeirri ástæðu ber að taka til greina sýknukröfu stefndu og dæma stefnanda til að greiða málskostnað, sem ákveðst kr. 60.000, þar með talinn söluskattur.

Auður Þorbergsdóttir borgardómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndu, Jón Ingólfsson og Jón Zoëga, báðir persónulega og f.h. Lögmannsstofu Jóns Ingólfssonar og Jóns Zoëga, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Búnaðarbanka Íslands, Háaleitisútibús, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefndu kr. 60.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 18. apríl 1991.

Nr. 477/1990. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Guðlaugu Margréti Jónsdóttur
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Umferðarlög. Bifreiðar. Sýkna.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason og Hjörtur Torfason og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. nóvember 1990 að ósk ákærðu, en jafnframt af hálfu ákæruvalds til sakfellingar samkvæmt ákæru, þyngingar á refsingu og sviptingar ökuleyfis.

Verjandi krefst þess, að ákærða verði sýknuð af öllum kröfum ákæruvaldsins.

Vætti vitna í máli þessu veita ekki órækar upplýsingar um atvik að bifreiðaárekstri þeim, sem um ræðir í málinu.

Ákærða hefur staðfastlega haldið því fram, að hún hafi stöðvað bifreið sína, Y-386, þegar hún kom að gatnamótum Urðarbrautar og Borgarholtsbrautar. Þessari staðhæfingu hennar hefur ekki verið hnekkt.

Svo sem greinir í héraðsdómi, var sýni tekið úr blóði ökumanns bifreiðarinnar R-57478 kl. 21.10. Reyndist alkóhólmagn í blóði hans vera 1,46‰. Áreksturinn varð kl. 19.50. Voru því liðnar 80 mínútur frá árekstrinum, þar til blóðsýni var tekið. Má af því ályktа, að áfengismagn í blóði hans hafi verið nokkru meira, þegar áreksturinn varð. Í lögregluskýrslu kemur fram, að öndunarsýni var tekið af ákærða á lögreglustöðinni um kl. 23.40, og sýndi það 4. stig. Ákærði „var þá enn áberandi ölvaður" og hafði „óstöðugt jafnvægi". Samkvæmt 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sem í gildi voru á umræddum tíma, sbr. nú 3. mgr. 45. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, telst ökumaður óhæfur til að stjórna ökutæki, ef vínandamagn í blóði hans nemur 1,20 o/oo eða meira.

Gögn málsins benda eindregið til þess, að ökuhraði R-57478 hafi

verið mjög mikill og meiri en bifreiðarstjórinn vildi gangast við, en við lögreglurannsókn greindi hann frá því, að hraðamælir bifreiðarinnar hefði verið bilaður.

Myrkur var á, rigning og blautt færi. Aksturshæfilyrði voru því slæm. Ljóst er, að ökumaður R-57478, óhæfur til aksturs vegna ölvunar, ók allt of hratt. Þegar í óefni stefndi, hemlaði hann ekki og brást við með því að beygja til vinstri, í sömu átt og ákærða ók, þannig að árekstur varð á vinstri vegarhelmingi R-57478 miðað við aksturshefnu þeirrar bifreiðar. Þessi akstur var í senn háskalegur og ólögmætur. Verður að líta svo á, að sök bifreiðarstjóra R-57478 hafi verið yfirgnæfandi.

Að svo vöxnu máli þykir eigi í refsimáli rétt að hafna þeirri staðhæfingu ákærðu, að hún hafi þrátt fyrir aðgæslu eigi séð til ferða R-57478 í námunda við gatnamótin, þá er hún ók inn á þau. Þykir því bera að sýkna hana af kröfum ákæruvalds í málinu.

Áfallinn sakarkostnaður í héraði greiðist úr ríkissjóði.

Áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Ákærða, Guðlaug Margrét Jónsdóttir, á að vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Áfallinn sakarkostnaður í héraði greiðist úr ríkissjóði.

Allur áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 35.000 krónur.

Dómur sakadóms Kópavogs 15. október 1990.

Ár 1990, mánudaginn 15. október, er á dómþingi sakadóms Kópavogs, sem háð er í Borgartúni 7, Reykjavík, af Helga I. Jónssyni setudómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 46/1987: Ákæruvaldið gegn Guðlaugu Margréti Jónsdóttur, sem tekið var til dóms 26. september sl.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 9. nóvember 1987, á hendur ákærðu, „Guðlaugu Margréti Jónsdóttur húsmóður, Holtagerði 45, Kópavogi, fæddri í Reykjavík 7. febrúar 1951, fyrir að aka þriðjudag-

inn 15. október 1985 bifreiðinni Y-386 án nægilegrar aðgæslu suður Urðarbraut í Kópavogi, yfir gatnamót Urðarbrautar og Borgarholtsbrautar, þar sem stöðvunarskylda er á umferð um Urðarbraut fyrir umferð um Borgarholtsbraut, og í veg fyrir bifreiðina R-57478, sem ekið var vestur Borgarholtsbraut, með þeim afleiðingum, að harður árekstur varð með bifreiðunum.

Við áreksturinn hlaut Blængur Blængsson, Holtagerði 69, Kópavogi, farþegi í hægra framsæti bifreiðarinnar R-57478, beinbrot á hægra gagnauga og blæðingu á bak við hægri hljóðhimnu.

Telst þetta varða við 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, og 1. mgr. 37. gr. og 4. mgr. 48. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

Þess er krafist, að ákærða verði dæmd til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Málavextir.

Kl. 19.50 að kvöldi þriðjudagsins 15. október 1985 var lögreglunni í Kópavogi tilkynnt um harðan árekstur á gatnamótum Borgarholtsbrautar og Urðarbrautar þar í bæ. Þarna hafði bifreiðinni R-57478, sem er fólksbifreið af tegundinni Citroën, árgerð 1966, verið ekið vestur Borgarholtsbraut og bifreiðinni Y-386, sem er fólksbifreið af gerðinni Mazda 323, suður Urðarbraut. Stöðvunarskylda er á gatnamótunum, og nýtur Borgarholtsbraut aðalbrautarréttar. Við áreksturinn hafði bifreiðin R-57478 snúist hálfhring á götunni, og sneri framendi hennar í austur. Við hægra framhöggvarahorn bifreiðarinnar lá Blængur Blængsson, fæddur 21. nóvember 1966, í götunni. Var hann meðvitundarlítill að sjá, en andaði eðlilega. Hann var bæði sár og blóðugur í andliti og víðar og virtist mjög þjáður. Yfir honum stumraði Gunnar Ægir Guðmundsson, fæddur 21. júlí 1964, sem einnig virtist talsvert þjáður að sjá. Blængur og Gunnar Ægir reyndust hafa verið farþegar í bifreiðinni R-57478. Á staðnum gaf sig fram Kristinn Ólafsson, fæddur 3. janúar 1968, sem kvaðst hafa ekið bifreiðinni R-57478. Var hann áberandi ölvaður að sjá, skorinn á höku og haltraði um.

Samkvæmt frumskýrslu lögreglunnar í Kópavogi var myrkur greint sinn, en lýsing á götum góð, rigning var og malbikað yfirborð vegar blautt.

Í þágu rannsóknar málsins lét fyrrnefndur Kristinn í té blóðsýni kl. 21.10 sama kvöld, og samkvæmt niðurstöðu alkóhólrannsóknar mældist vínandamagn í því 1,46‰.

Sjáanlegar skemmdir á bifreiðinni R-57478 voru þessar: Allur framhluti hennar var mikið dældaður og genginn til, hægri framhurð, hægra afturbretti og yfirbygging dældud, framrúða brotin, framsæti hafði losnað, og stýrisstöng ásamt stýrishjóli hafði gengið til. Segir í skýrslu Þrastar

Hjörleifssonar lögreglumanns, að komið hafi í ljós við athugun á bifreiðinni, að aðalljós hennar séu gul að lit, og er lögreglan hafi komið á vettvang, hafi aðeins stöðuljós hennar, sem einnig séu gul að lit, að framanverðu og á hliðum bifreiðarinnar ofan við afturhurðir logað.

Vagn Gunnarsson bifreiðaeftirlitsmaður skoðaði bifreiðina á vettvangi greint kvöld. Við þá skoðun kom í ljós, að hægri hjólbarðar hennar voru slitnir undir leyfilegum mörkum. Engir aðrir gallar fundust við frekari skoðun, en bifreiðin var í óökuhæfu ástandi eftir áreksturinn. Segir í skýrslu bifreiðaeftirlitsmannsins, að er hann hafi komið að bifreiðinni, hafi hún verið með fullum ljósum, og hafi aðalljós verið daufgul, stefnuljós hafi verið á hliðum, rauð og hvít, og einnig hafi verið stöðug ljós á þeim. Þá skoðaði bifreiðaeftirlitsmaðurinn bifreiðina einnig síðar að beiðni lögreglu, sérstaklega með tilliti til hemlunarmöguleika. Segir í skýrslu hans þar að lútandi, dagsettri 16. nóvember 1985, að hvalbakur og hemladælufestingar bifreiðarinnar hafi gengið aftur 6 - 8 tommur. Hafi hemlafetill veitt fast viðnám, 2 tommur frá hvalbak, eins og hann var við skoðun, og læst hjólum, svo að ekki varð snúið með handhafli.

Samkvæmt gögnum málsins var bifreiðin R-57478 færð til aðalskoðunar 2. apríl 1985, og voru númeraplötur hennar þá teknar af henni vegna lélegs ástands stýrisliða, aurhlífa, yfirbyggingar, rúðuþurrkna, óhæfs ástands bílbelta og þess, að bifreiðin hafði ekki verið ljósastillt. Þá var fundið að ástandi hnakkapúða. Skráningarnúmer bifreiðarinnar voru síðan afhent 16. sama mánaðar, eftir að hún hafði verið skoðuð. Við þá skoðun var fundið að ástandi hemlafetils, útblásturs, hljóðdeyfis og höggdeyfa. Var bifreiðin að lokum færð til endurskoðunar 26. sama mánaðar. Reyndist hún þá í lagi og fékk fulla skoðun. Hafði bifreiðin þá verið ljósastillt til októberloka 1985.

Bifreiðin Y-386 hafði hafnað á austurvegg húss nr. 19 við Borgarholtsbraut, og lá ökumaðurinn, ákærða, Guðlaug Margrét Jónsdóttir, út af í hægra framsæti bifreiðarinnar. Hafði hún fengið talsvert höfuðhögg, en var með fullri meðvitund. Var bifreiðin svo þétt upp við húsvegginn, að færa þurfti til framenda hennar til þess að ná ákærðu út úr henni. Öll vinstri hlið bifreiðarinnar var mikið dælduð og gengin inn, þak hennar var dældað vinstra megin, og hægra frambretti var og dældað. Samkvæmt skýrslu ofangreinds bifreiðaeftirlitsmanns reyndist bifreiðin vera í lagi við skoðun að öðru leyti en því, sem orsakaðist af árekstrinum.

Miðað við, hve bifreiðarnar höfðu skemmst mikið, svo og staðsetningu bifreiðarinnar Y-386 eftir áreksturinn, þótti ljóst, að hraði bifeiðarinnar R-57478 hefði verið mjög mikill.

Ákærðu var hinn 1. október 1986 boðið að ljúka málinu með dómsátt gegn greiðslu hæfilegrar sektar og sviptingu ökuleyfis um hæfilegan tíma

samkvæmt bréfi ríkissaksóknara, dagsettu 21. apríl sama ár. Ákærða hafnaði því boði að svo stöddu, þar sem hún taldi sig ekki hafa sýnt gáleysi við aksturinn umrætt sinn, með hliðsjón af ofsaakstri Kristins Ólafssonar og ölvunarástandi hans svo og hemlaleysi og ljósleysi bifreiðar hans. Óskaði hún sérstaklega rannsóknar á ljósabúnaði bifreiðar Kristins með hliðsjón af skýrslum lögreglumanna g bifreiðaeftirlitsmanns þar að lútandi á slysstað. Þá óskaði hún eftir skýrslutöku af Kristni með tilliti til ástands bifreiðar hans fyrir slysið.

Þann 24. júlí 1987 var ákærðu öðru sinni boðið að ljúka máli þessu með dómsátt með sömu skilyrðum og áður. Ákærða gekk ekki að því boði og taldi víst, að bifreiðin R-57478 hefði verið ljóslaus, er áreksturinn átti sér stað.

Ákærðu var hið þriðja sinn boðið að ljúka málinu með dómsátt til að sleppa við málsókn þann 9. september 1987, en hún hafnaði því að svo stöddu og óskaði eftir frekari rannsókn málsins.

Ákærða kveðst hafa ekið bifreiðinni Y-386 greint sinn suður Urðarbraut á um 20 til 30 kílómetra hraða miðað við klukkustund, og hafi ákærða verið á leið í sund. Hún hafi stöðvað bifreiðina við stöðvunarskyldu á gatnamótum Urðarbrautar og Borgarholtsbrautar. Hafi ákærða stansað þar dágóða stund og litið til beggja hliða eftir Borgarholtsbraut og beðið eftir, að hún tæmdist að bifreiðum. Er sendibifreið, sem hafi verið ekið vestur Borgarholtsbraut og beygt suður Urðarbraut, hafi verið farin, kveðst ákærða enn hafa litið eftir umferð og séð lítil daufgul ljós í fjarska í austri uppi á hæð Borgarholtsbrautar. Hafi ákærða talið, að þarna væri um bifreið að ræða, en að engin hætta gæti stafað af henni sökum fjarlægðarinnar. Hafi ákærða af þeim sökum ekið af stað yfir gatnamótin, löturhægt, og hafi hún verið komin inn á þau mið, er bifreiðinni R-57478 hafi allt í einu verið ekið á bifreið ákærðu. Hafi ákærða heyrt rosalega sprengingu við áreksturinn og næst muna eftir sér, er fólk hafi verið að reyna að færa bifreið ákærðu frá húsi því, sem hún hafnaði við, og ákærðu út úr henni. Kveðst ákærða aldrei hafa séð bifreiðina R-57478, áður en hún lenti á bifreið ákærðu.

Ákærða kveðst hafa athugað það seinna, að þegar staðnæmst er við gatnamót Urðarbrautar og Borgarholtsbrautar og litið er í myrkri austur Borgarholtsbraut, sjáist gul götuljós á skiptistöð Strætisvagna Kópavogs, þar sem strætisvagnarnir stansa, og kveðst ákærða í seinni tíð alveg handviss um, að það hafi verið þessi ljós, sem hún hafi séð, en ekki nein bílljós. Kveðst ákærða telja, að bifreiðin R-57478 hafi ekki verið með ljósum, er áreksturinn átti sér stað, og þess vegna hafi ákærða ekki séð hana.

Vitnið Kristinn Ólafsson, Fannafold 245, Reykjavík, kveðst hafa ekið bifreiðinni R-57478 vestur Borgarholtsbraut greint sinn, og í bifreiðinni hafi

verið félagar hans, Blængur Blængsson og Gunnar Guðmundsson. Kveðst ákærði hafa verið búinn að neyta áfengis fyrir aksturinn og fundið til áfengisáhrifa við hann. Hafi vitnið ekið bifreiðinni greinda leið með um 60 til 70 kílómetra hraða miðað við klukkustund og alls ekki verið á neinum ofsahraða. Er vitnið hafi verið að koma að gatnamótum Borgarholtsbrautar og Urðarbrautar, hafi það orðið vart við bifreiðina Y-386, en eigi fyrr, þar sem tré byrgi þarna sýn. Hafi vitnið ekki orðið vart við, að hún væri stöðvuð á gatnamótunum. Vitnið hafi séð stöðvunarlínuna á Urðarbraut, og hafi bifreiðin ekki verið stöðvuð við hana, heldur ekið löturhægt í veg fyrir bifreið vitnisins. Kveður vitnið, að svo hafi virst sem ökumaður bifreiðarinnar væri að skima eftir umferð. Vitnið kveðst hafa reynt að beygja bifreið sinni til vinstri í því skyni að afstýra árekstri, en ekki hemlað, þar sem það hafi talið, að það bæri ekki árangur. Hafi ekki tekist að koma í veg fyrir árekstur og bifreið vitnisins lent á vinstri hlið bifreiðarinnar Y-386. Hafi bifreið vitnisins snúist hálfhring og síðan endað öfugt miðað við aksturssstefnu. Vitnið kveðst þess fullvisst, að aðalljós bifreiðar þess hafi verið tendruð. Vitnið kveður, að stefnuljós bifreiðarinnar séu á hliðum hennar ofan við afturhurðir. Sé hægt að kveikja á þeim ljósum með því að reka sig í pinna í mælaborði, og logi þau þá án þess að blika. Séu þessi ljós nokkurs konar neyðarljós, t.d., þegar bifreiðinni sé lagt utan vegar. Kveðst vitnið telja, að það hafi rekið sig í þennan pinna.

Vitnið kveðst hafa keypt umrædda bifreið á uppboði hjá tollstjóra á árinu 1985. Hafi hún þá verið í sæmilegu ástandi, en þó hafi nokkrir hlutir þurft lagfæringar við, og m.a. hafi drifskaft hennar verið brotið. Hafi vitnið farið með bifreiðina á verkstæði til Óskars Pálssonar, sem reki bifreiðaverkstæði í Hafnarfirði. Er búið hafi verið að lagfæra þá hluti, sem þörfnuðust lagfæringar, hafi vitnið farið með bifreiðina í skoðun til Bifreiðaeftirlits ríkisins. Hafi vitnið sama dag og það færði bifreiðina til skoðunar farið með hana í ljósaskoðun. Vitnið kveður hemla bifreiðarinnar hafa verið í góðu lagi, er vitnið keypti hana. Hafi bifreiðin því verið í mjög góðu ástandi fyrir greint slys.

Vitnið Gunnar Ægir Guðmundsson, Blikanesi 10, Garðakaupstað, kveðst hafa verið farþegi í aftursæti bifreiðarinnar R-57478 greint sinn. Vitnið kveðst ekki hafa verið undir áhrifum áfengis, og hafi það setið fyrir miðju í aftursætinu og því getað fylgst vel með umferðinni. Hafi bifreiðinni verið ekið vestur Borgarholtsbraut. Kveðst vitnið ekki geta sagt neitt til um ökuhraðann, en telur, að hann hafi verið 60-70 kílómetrar miðað við klukkustund. Vitnið kveðst ekki geta borið um, hvort ljós bifreiðarinnar hafi verið tendruð umrætt sinn. Vitnið kveðst hafa veitt bifreiðinni Y-386 athygli rétt fyrir áreksturinn. Hafi henni verið ekið suður Urðarbraut og vitnið séð hana, er hún hafi verið komin á móts við stöðvunarskyldumerkið þar. Hafi

bifreiðin verið á ferð, er vitnið hafi séð hana fyrst. Hafi bifreiðinni verið ekið örlítið áfram út á gatnamótin, þar sem hægt hafi verið mjög á ferðinni. Hafi ákærða verið að horfa til vesturs og Kristinn Ólafsson ætlað að aka bifreið sinni fram hjá bifreið ákærðu, en í þann mund hafi ákærða ekið bifreið sinni áfram og árekstri ekki orðið afstýrt.

Vitnið Blængur Blængsson, Holtagerði 69, Kópavogi, kveðst ekkert muna eftir umræddum atburði, en vitnið hafi verið farþegi í hægra framsæti bifreiðarinnar R-57478. Kveðst vitnið hafa misst meðvitund við árekstur inn og muna síðast eftir sér á heimili fyrrnefnds Gunnars Ægis. Hafi vitnið komið til meðvitundar, er það var komið á Borgarspítalann. Vitnið kveðst hafa misst um 20% heyrn á hægra eyra við slysið. Þá hafi vitnið verið undir læknishendi veturinn 1988 - 1989 vegna þráláts verks í og ofan við eyrað, og að auki fengi það höfuðverkjaköst. Álíti læknir vitnisins, að það fyrir ofan eyrað hafi laskast svo illa, að rekja megi verkinn til hennar.

Vitnið Jódís Birgisdóttir, Hófgerði 18 A, Kópavogi, kveðst hafa ekið bifreið sinni, Y-315, suður Urðarbraut umrætt kvöld. Hafi vitnið stöðvað bifreið sína á gatnamótum Borgarholtsbrautar og Urðarbrautar. Hafi vitnið beðið þarna á gatnamótunum eftir umferð um Borgarholtsbraut, en bifreið hafi verið ekið vestur þá götu og vitnið ætlað að bíða eftir, að hún færi fram hjá. Hafi þeirri bifreið síðan verið ekið inn á gatnamótin og vitninu fundist, að ökumaður hennar væri byrjaður að beygja henni suður Urðarbraut, er bifreið hafi komið úr gagnstæðri átt og árekstur orðið með bifreiðunum. Hafi vitnið séð, að bifreiðin R-57478 snerist í hálfhring, og hafi maður kastast út úr henni og hafnað á malbikinu. Hafi vitninu virst bifreiðinni Y-386 ekið áfram og hún stöðvuð uppi á gangstétt við hús nr. 19. Vitnið telur, að bifreiðinni R-57478 hafi verið ekið á venjulegum umferðarhraða, a.m.k. hafi vitnið ekki talið neitt athugavert við hraðann. Vitnið kveðst visst um, að aðalljós bifreiðarinnar hafi verið tendruð. Hafi vitnið verið að bíða eftir bifreiðinni og séð hana vel. Vitnið kveður enga bifreið hafa verið fyrir framan bifreið sína, er vitnið kom að gatnamótum Urðarbrautar og Borgarholtsbrautar. Kveðst vitnið ekki átta sig á því, hvaðan bifreiðin Y-386 kom.

Vitnið Ragnhildur Vilhjálmsdóttir, Hófgerði 18 A, Kópavogi, var farþegi í framsæti bifreiðarinnar Y-315 greint sinn. Hafi bifreiðinni verið ekið suður Urðarbraut með fyrirhugaða akstursstefnu austur Borgarholtsbraut. Vitnið kveður, að bifreiðin hafi verið stöðvuð á gatnamótum Urðarbrautar og Borgarholtsbrautar vegna umferðar austur og vestur Borgarholtsbraut. Hafi engin bifreið verið fyrir framan bifreið þá, sem vitnið var í, á gatnamótunum. Vitnið kveðst ekki hafa veitt athygli bifreiðinni Y-386, sem á að hafa verið ekið á undan bifreið þeirri, sem vitið var í. Kveðst vitnið

hafa séð bifreið koma vestur Borgarholtsbraut. Hafi þetta verið lítil bifreið, og muni vitnið eftir því, að hún hafi verið með ljósin tendruð. Þá hafi bifreið einnig verið á leið austur Borgarholtsbraut. Vitnið kveðst ekki gera sér grein fyrir hraða bifreiðarinnar, þeirrar er ekið var vestur Borgarholtsbraut, og það ekki séð neitt athugavert við akstur hennar. Skyndilega hafi orðið árekstur á gatnamótunum. Hafi komið leiftur og hvellur og maður kastast út úr bifreiðinni R-57478. Þá hafi bifreiðin snúist í hálfhring við áreksturinn.

Vitnið Vagn Gunnarsson, bifreiðaeftirlitsmaður og bifvélavirki að mennt, kveðst hafa skoðað það, sem unnt var að skoða í umræddum bifreiðum á vettvangi, en þær hafi verið mikið skemmdar. Kveður vitnið, að er það hafi komið á vettvang, hafi öll ljós verið tendruð á bifreiðinni R-57478, þ.m.t. aðalljós. Hafi vitnið sest inn í bifreiðina, kannað ljósabúnaðinn og slökkt á öllum ljósum bifreiðarinnar. Ekki hafi þó verið unnt að slökkva á stefnuljósum hennar, en þau séu á hliðum hennar fyrir ofan afturhurðir. Hafi stefnuljósin ekki blikað, eins og þau eigi að gera, heldur hafi verið stöðug ljós á þeim. Vitnið kveðst að beiðni lögreglu hafa skoðað bifreiðina öðru sinni 16. nóvember 1985, sérstaklega með tilliti til hemlunarmöguleika hennar. Hafi hemlakerfi bifreiðarinnar verið heilt og verkað eðlilega, og samkvæmt því hafi vitnið talið, að það hafi verið í góðu ástandi, er bifreiðin lenti í nefndum árekstri.

Vitnið kveður, að misskilnings gæti í frumskýrslu lögreglunnar um stöðu ljósa á bifreiðinni R-57478. Kveður vitnið, að aðalljós og stöðuljós bifreiðarinnar séu í sama húsi. Séu perur aðalljósa gular, en hvítar í stöðuljósum, en glerið sé glært. Stefnuljós og/eða síbliksljós bifreiðarinnar séu hins vegar fyrir ofan afturhurðir bifreiðarinnar.

Vitnið Óskar Pálsson bifvélavirki, Krókahrauni 8, Hafnarfirði, kveðst hafa yfirfarið bifreiðina R-57478 á verkstæði sínu í apríl 1985 að beiðni eigandans, Kristins Ólafssonar, til þess að koma henni í skoðunarhæft ástand. Hafi vitnið lagfært ýmislegt smálegt eins og að skipta um platínur, laga stýrisenda og setja í bílbelti. Hafi vitnið ekki þurft að lagfæra hemlakerfi bifreiðarinnar. Vitnið kveðst sjálft hafa farið með bifreiðina í skoðun. Minnist vitnið þess ekki, að sett hafi verið út á ástand bifreiðarinnar, enda hafi hún fengið fulla skoðun.

Vitnið Eysteinn Marvinsson, Hraunbraut 47, Kópavogi, kveðst hafa verið samskipa Kristni Ólafssyni í Menntaskólanum í Kópavogi. Kveður vitnið, að mikið hafi verið rætt um slys það, sem mál þetta snýst um, í skólanum. Hafi Kristinn verið búinn að tala um það, annaðhvort fyrir eða eftir slysið, að bifreið sín væri hemlalítil eða hemlalaus. Kveðst vitnið hafa heyrt á tal Kristins við félaga sína um framangreint. Hafi ekki farið á milli mála, að um var að ræða bifreið þá, sem lenti í slysinu.

Vitnið Þröstur Elvar Hjörleifsson lögreglumaður samdi skýrslu lögreglu

um fyrstu afskipi hennar af máli þessu. Vitnið kveður, að er það hafi komið á vettvang, hafi slasaður maður legið í götunni. Annar maður hafi haltrað um og verið blóðugur. Hafi þar verið um ökumann Citroën-bifreiðarinnar að ræða, og hafi hann verið áberandi ölvaður. Hin bifreiðin hafi verið svo fast upp við húsvegg, að þurft hafi að færa hana frá til þess að ná ákærðu út úr henni. Vitnið kveðst ekki treysta sér til þess að fullyrða, hvort aðalljós bifreiðarinnar R-57478 hafi verið tendruð, er það hafi komið á vettvang. Hins vegar hafi stöðuljósin verið kveikt. Séu þau á hliðum bifreiðarinnar og gul að lit. Engin hemlunarvegalengd hafi mælst á götunni eftir bifreiðina R-57478. Þá hafi heldur engin hjólför verið í götunni eftir bifreiðina Y-386. Kveðst vitnið því telja, að bifreiðin Y-386 hafi tekist á loft og kastast yfir á húsveggginn, og hafi ökuhraði bifreiðarinnar R-57478 orðið að vera mikill, til þess að slíkt hafi getað gerst. Vitnið telur, að áreksturinn hafi orðið á miðjum gatnamótunum. Vitnið kveðst hafa tekið skýrslu af ákærðu á Borgarspítalanum og hún þá sagt, að hún hefði ekki séð Citroën-bifreiðina, en hins vegar hefði hún séð gul ljós.

Vitnið Svanhvít Eygló Ingólfsdóttir lögreglumaður fór á vettvang greint sinn. Vitnið kveðst strax hafa farið að hlynna að hinum slösuðu, en eftir það hafi vitnið aðstoðað við rannsókn á vettvangi. Vitnið kveðst ekki muna, hvort aðalljós Citroën-bifreiðarinnar hafi verið tendruð, er vitnið kom á vettvang.

Valdimar Jónsson yfirlögregluþjónn kom á vettvang, eftir að hinir slösuðu höfðu verið fluttir burt. Kveðst vitnið ekki muna eftir því, hvort aðalljós hafi verið tendruð á Citroën-bifreiðinni, er vitnið hafi borið þarna að. Kveður vitnið, að af ummerkjum á vettvangi dragi það þá ályktun, að áreksturinn hafi orðið á miðjum gatnamótunum.

Guðmundur Ingi Ingason lögreglumaður gerði vettvangsuppdrátt lögreglu vegna umræddss áreksturs. Vitnið telur, að áreksturinn hafi orðið á miðjum gatnamótunum. Kveður vitnið, að geysilegan kraft þurfi til þess að kasta Mazda-bifreiðinni, eins og vitnið kveður raun hafa borið vitni, án þess að vitnið vildi nokkuð segja um hraða Citroën-bifreiðarinnar. Vitnið kveðst muna eftir því, að er það hafi komið á vettvang, hafi aðeins hliðarljós Citroën-bifreiðarinnar verið tendruð. Vitnið kveður, að myrkur hafi verið greint sinn, slæmt skyggni og yfirborð vegarins blautt.

Í vottorði Kristins Guðmundssonar læknis, dagsettu 10. mars 1986, segir, að fyrrnefndur Blængur Blængsson hafi komið á slysadeild Borgarspítalans kl. 20.00 umrætt kvöld. Hafi hann virst ölvaður. Hann hafi kvartað um ógleði og kastað upp. Blætt hafi úr mörgum smásárum á handleggjum, mjóbaki og höfði. Væg eymsli hafi verið í kvið. Meðvitund hafi virst aðeins minnkuð. Augnskoðun hafi verið eðlileg, en blæðing virst bak við hægri hljóðhimnu. Röntgenmynd af höfði hafi sýnt brot í hægra gagnauga. Hafi

sjúklingur komið í eftirlit 27.11. 1985 og þá sagst fá stöku svima við einstaka hreyfingar, en ekki hafa önnur óþægindi frá höfði. Hann hafi samt heyrt verr með hægra eyra en áður, og hafi suð verið í því. Sjúklingur hafi farið til háls-, nef- og eyrnalækna, og hafi verið talið, að þetta væri e.t.v. varanlegt.

Niðurstaða.

Ákærða hefur borið, að hún hafi stöðvað bifreið sína, Y-386, á gatnamótum Urðarbrautar og Borgarholtsbrautar, en ákærða ók bifreiðinni suður Urðarbraut. Ákærða kveðst síðan hafa ekið löturhægt inn á gatnamótin. Hafi hún séð gul ljós í fjarska í vestri, en ekki orðið vör við bifreiðina R-57478, fyrr en áreksturinn varð. Telur ákærða, að ljós hennar hafi ekki verið tendruð, og sé það skýringin á því, að ákærða hafi ekki séð hana. Vitnið Kristinn Ólafsson fullyrðir, að það hafi ekið bifreiðinni R-57478 vestur Borgarholtsbraut greint sinn með fullum ljósum. Kveður vitnið, að ákærða hafi eigi stöðvað bifreið sína við stöðvunarskylduna, heldur ekið henni á hægri ferð áleiðis yfir gatnamótin. Hafi vitnið, sem hafi ekið bifreið sinni með 60-70 kílómetra hraða og fundið til áfengisáhrifa við aksturinn, reynt að afstýra árekstri með því að sveigja bifreið sinni til vinstri, en ekki tekist að koma í veg fyrir áreksturinn, sem hafi orðið á miðjum gatnamótunum.

Vitnið Gunnar Ægir Guðmundsson, sem var farþegi í bifreiðinni R-57478, kveðst ekkert geta sagt til um ökuhraða hennar, en telur, að hann hafi verið 60-70 kílómetrar miðað við klukkustund. Kveðst vitnið hafa veitt bifreiðinni Y-386 athygli rétt fyrir áreksturinn, þar sem henni hafi verið ekið suður Urðarbraut. Hafi bifreiðinni verið ekið örlítið áfram út á gatnamótin, þar sem hægt hafi verið mjög á ferð hennar. Hafi ökumaður bifreiðarinnar verið að horfa í vestur og Kristinn Ólafsson ætlað að aka bifreið sinni fram hjá fyrrgreindri bifreið, en í þann mund hafi bifreiðinni Y-386 verið ekið áfram og árekstri ekki orðið afstýrt. Vitnið kveðst ekkert geta sagt til um, hvort ökuljós bifreiðarinnar R-57478 hafi verið tendruð greint sinn.

Vitnið Jódís Birgisdóttir hefur fullyrt fyrir dómi, að ljós bifreiðarinnar R-57478 hafi verið tendruð umrætt sinn. Þá hefur vitnið Ragnhildur Vilhjálmsdóttir borið á sama veg um það atriði.

Vitnið Vagn Gunnarsson bifreiðaeftirlitsmaður, sem skoðaði bifreiðina R-57478 á vettvangi eftir áreksturinn, hefur í skýrslum sínum greint frá því, að öll ljós bifreiðarinnar R-57478 hafi verið tendruð við skoðun á vettvangi, þ.m.t. aðalljós. Þá hafi hemlakerfi hennar verið heilt og verkað eðlilega.

Vitnið Þröstur Elvar Hjörleifsson lögreglumaður hefur fyrir dómi ekki

treyst sér til að fullyrða, hvort aðalljós bifreiðarinnar R-57478 hafi verið tendruð, er það kom á vettvang, en vitnið hefur í frumskýrslu sinni um málið greint frá því, að svo hafi ekki verið.

Vitnið Guðmundur Ingi Ingason lögreglumaður hefur á hinn bóginn skýrt frá því, að það muni eftir því, að er vitnið hafi komið á vettvang, hafi aðeins hliðarljós bifreiðarinnar R-57478 verið tendruð.

Þegar virtur er framburður vitnanna Kristins Ólafssonar, Jódísar Birgisdóttur og Ragnhildar Villhjálmsdóttur og höfð er hliðsjón af framburði Vagns Gunnarssonar bifreiðaeftirlitsmanns um stöðu ökuljósa bifreiðarinnar R-57478 við skoðun á vettvangi eftir slysið, þykir verða að leggja til grundvallar í málinu, að aðalljós greindrar bifreiðar hafi verið tendruð, er henni var ekið vestur Borgarholtsbraut umrætt sinn. Verður að telja með vísan til framanskráðs og að öðru leyti til framburðar vitnanna Kristins Ólafssonar og Gunnars Ægis Guðmundssonar um aksturslag ákærða, að ákærða hafi ekið bifreiðinni Y-386 inn á gatnamót Urðarbrautar og Borgarholtsbrautar, en umferð um Urðarbraut víkur fyrir umferð um Borgarholtsbraut, þar sem stöðvunarskylda er á Urðarbraut gagnvart umferð um Borgarholtsbraut, án nægilegrar aðgæslu og þannig átt meginsök á því, að árekstur varð með bifreið ákærða og bifreiðinni R-57478. Þykir ákærða hafa með háttsemi sinni brotið gegn 1. mgr. 37. gr. og 4. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. nú 1. mgr. 4. gr. og 2. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987, en dæma ber um refsinæmi verknaðar eftir nýrri lögunum, sbr. 1. mgr. 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940. Vegna afleiðinga árekstrarins verður brot ákærða einnig talið varða við 219. gr. almennra hegningarlaga.

Sakaferill.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hún eigi fyrr sætt refsingu af neinu tagi.

Refsing.

Ákærða hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 219. gr. almennra hegningarlaga og 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987, sbr. áður 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, en dæma ber um refsinguna eftir yngri lögunum, sbr. 1. mgr. 2. gr. almennra hegningarlaga. Þykir refsing ákærða með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin 25.000 króna sekt, sem gjaldist í ríkissjóð innan 4 vikna frá uppkvaðningu dóms þessa, en afplánist ella með varðhaldi 8 daga.

Ökuréttindasvipting.

Eigi þykja alveg nægjanleg efni til að taka til greina kröfu ákæruvaldsins

um ökuréttindasviptingu ákærðu, og þykir bera að sýkna ákærðu af henni.

Sakarkostnaður.

Ákærða verður dæmd til greiðslu alls sakarkostnaðar samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74, 1974, um meðferð opinberra mála, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin 25.000 krónur.

Mál þetta var dæmt í sakadómi Kópavogs með dómi, uppkveðnum 16. ágúst 1989. Ákærða áfrýjaði þeim dómi til Hæstaréttar Íslands, sem ómerkti málsmeðferð í héraði frá og með þinghaldi 19. maí 1989 af þeim ástæðum, sem greindar eru í hæstaréttarmálinu nr. 437/1989. Bæjarfógetinn í Kópavogi vék síðan sæti í málinu með úrskurði 28. ágúst sl., og fékk dómarinn mál þetta til meðferðar með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dagsettu 12. september sl.

Dómsorð:

Ákærða, Guðlaug Margrét Jónsdóttir, greiði 25.000 króna sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá uppkvaðningu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi 8 daga.

Ákærða er sýknuð af kröfu ákæruvaldsins um ökuréttindasviptingu.

Ákærða greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Föstudaginn 19. apríl 1991.

Nr. 232/1989. **Lúðvík Gizurarson**
(sjálfur)
gegn
Íslandsbanka hf.
(Gunnar Sæmundsson hrl.).

Nauðungaruppboð. Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma Hjörtur Torfason hæstaréttardómari, Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari, og Jón Finnsson hæstaréttarlögmaður.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. júní 1989. Hann gerir þær dómkröfur, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og uppboðsmálinu vísað frá uppboðsrétti Reykjavíkur. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Af hálfu stefnda er því lýst yfir, að 1. ágúst 1989 hafi verið ákveðið að breyta nafni Útvegsbanka Íslands hf. í Íslandsbanka hf. Hafi nafnbreyting þessi tekið gildi 1. janúar 1990.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Hinum áfrýjaða úrskurði var áður skotið til Hæstaréttar og þá með kæru. Kvað Hæstiréttur upp dóm í málinu 15. júní 1989, og var því vísað frá Hæstarétti með svofelldum rökum: „Hinn kærði úrskurður er um það, hvort uppboð skuli yfirleitt fram fara eða ekki. Samkvæmt 21. gr., 1. mgr., 4. tölulið a, laga nr. 75/1973, um Hæstarétt Íslands, sætir úrskurður í þessu efni ekki kæru. ...“

Mál þetta var tekið fyrir í uppboðsrétti Reykjavíkur 21. mars 1989 vegna mótmæla áfrýjanda gegn því, að nauðungarsala færi fram. Uppboðsbeiðendur á þeim tíma, auk stefnda, voru Landsbanki Íslands, Búnaðarbanki Íslands, veðdeild Landsbanka Íslands, Ólafur Axelsson hæstaréttarlögmaður og Gjaldheimtan í Reykjavík. Uppboðsþoli, auk áfrýjanda, var Valgerður Einarsdóttir, eiginkona hans. Í málinu er það aðalkrafa áfrýjanda, að synjað verði um framhald uppboðsmálsins og því vísað frá uppboðsrétti. Kröfu þessari er svo háttað, að hún beinist að hagsmunum allra aðila að

uppboðinu. Varð því eigi að lögum um hana fjallað, án þess að þeim gæfist öllum kostur á að láta hana til sín taka. Af gögnum málsins verður ekki séð, að þessa hafi verið gætt. Verður því ekki hjá því komist að ómerkja hinn áfrýjaða úrskurð og meðferð málsins frá og með 21. mars 1989 og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppkvaðningar úrskurðar að nýju.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður og meðferð málsins frá og með 21. mars 1989 eiga að vera ómerk, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppkvaðningar úrskurðar að nýju.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður uppboðsréttar Reykjavíkur 18. maí 1989.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 9. þ.m.

Sóknaraðili er Útvegsbanki Íslands hf., kt. 440587-2169, Austurstræti 19, Reykjavík.

Varnaraðili er Lúðvík Gizurarson, nnr. 6184-3922, Grenimel 20, Reykjavík.

Krafa sóknaraðila er sú, að fram fari hið fyrsta fyrirhuguð nauðungarsala á fasteigninni nr. 20 við Grenimel, Reykjavík, neðri hæð og 1 herbergi í kjallara. Auk þess verði varnaraðila gert að greiða sóknaraðila málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Krafa varnaraðila er sú, að synjað verði um framhald uppboðsmálsins og því vísað frá. Við munnlegan málflutning kom fram sú varakrafa, að uppboðshaldari ákvæði nauðungarsölu á eigninni með hæfilega löngum fresti.

Þá krefst varnaraðili málskostnaðar í máli þessu.

II.

Þann 18. febrúar 1986 gaf varnaraðili út skuldabréf, sem tryggt var með 7. veðrétti í eigninni Grenimel 20, neðri hæð auk 1 herbergis í kjallara, eign varnaraðila og Valgerðar Einarsdóttur. Samkvæmt veðskuldabréfi

þessu skyldi varnaraðili endurgreiða lánið með 12 afborgunum á þriggja mánaða fresti, í fyrsta skipti 10. maí 1986.

Með uppboðsbeiðni, dags. 3. desember 1986, óskaði sóknaraðili uppboðs á eigninni á grundvelli skuldabréfs þessa, sem þá var í vanskilum. Uppboðsbeiðnin var sameinuð eldra uppboði við fyrirtekt í uppboðsrétti 14. janúar 1987. Frá þeim tíma hefur uppboðsmál þetta verið tekið fyrir alls 11 sinnum, en sölu jafnan frestað að beiðni varnaraðila, eftir því sem fram kemur í greinargerð sóknaraðila. Við fyrirtekt málsins í uppboðsrétti 16. mars sl. synjaði sóknaraðili varnaraðila um frekari fresti og krafðist sölu á eigninni. Með bréfi, dagsettu sama dag, mótmælti varnaraðili fyrirhugaðri sölu eignarinnar og taldi, að réttur sóknaraðila til nauðungaruppboðs á eigninni væri niður fallinn vegna tómlætis.

Ágreiningsefni þetta var tekið fyrir í uppboðsrétti 21. mars sl., og var þá ákveðið að reka um ágreininginn sérstakt uppboðsréttarmál.

Af hálfu sóknaraðila er því haldið fram, að allir þeir frestir, er veittir hafi verið fyrir uppboðsrétti við uppboðsmeðferð, hafi verið fyrir brýna beiðni varnaraðila. Það hafi því ekki verið um að ræða, að sóknaraðili hafi sýnt „viljaleysi" við innheimtu uppboðskröfu sinnar, eins og varnaraðili haldi fram. Tilefni mótmæla varnaraðila sé synjun á frekari fresti. Það fái því ekki staðist, að sóknaraðili hafi glatað rétti sínum með þeim hætti. Að öðru leyti sé þeim málsástæðum varnaraðila, er lúta að því, að réttur sóknaraðila sé vafasamur, vísað á bug og bent á, að ekki verði séð, hvernig frestur á málinu hafi valdið slíkum vafa.

Í greinargerð varnaraðila er frá því greint, að hann hafi verið að vinna „að lausn málsins". Þar sem málið hafi mátt bíða í 3 ár, þá hafi það alveg eins getað beðið í nokkra mánuði í viðbót, svo að honum gæfist kostur á að leysa það án uppboðs og án þeirra spjalla á lánstrausti, sem auglýsing í dagblöðum hefur. Síðan segir orðrétt í greinargerðinni: „Fyrst Útvegsbankinn vildi ekki veita mér neinn frest, sem talandi var um, á uppboðsþingi 16. mars 1989, þá er ekki önnur leið fær til að veita mér hann en frávísun." Þá er á það bent, að ákveða megi sölu, úr því sem komið sé, t.d. eftir 6 mánuði eða seint á þessu ári. Telst þetta rökstuðningur fyrir varakröfu varnaraðila.

Auk þessara atriða telur varnaraðili, að aðrar málsástæður eigi að varna framgangi uppboðsins, svo sem, að ekki komi fram í greinargerð sóknaraðila, að hann hafi greitt inn á skuldina kr. 50.000 18. nóvember 1987. Þá sé málið vanreifað af hálfu sóknaraðila, og eigi að vísa því frá af þeim sökum.

III.

Uppboðsheimild sóknaraðila er skuldabréf, þar sem íbúðin Grenimel 20, á neðri hæð og eitt herbergi í kjallara, er veðsett Útvegsbanka Íslands hf.

til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu skuldar varnaraðila, upphaflega kr. 400.000. Upplýst er í málinu, að varnaraðili greiddi kr. 50.000 inn á skuldina 18. nóvember 1987, en hefur ekki síðan þá boðið frekari greiðslu.

Krafa varnaraðila um „frávísun" uppboðsmálsins beinist að rekstri þess fyrir uppboðsrétti, þar sem hann telur, að ítrekaðir frestir á uppboðssölu eigi að valda því, að byrja verði málið að nýju.

Í 4. gr. laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð segir, að ákvæði laga nr. 85/1936, m.a. um fresti, taki og til uppboðs, eftir því sem við geti átt. Mál þetta var fyrst tekið fyrir í uppboðsrétti 14. janúar 1987, og var það samtals tekið fyrir fjórum sinnum það ár og fimm sinnum árið 1988 og aðeins stuttur frestur veittur hverju sinni. Á þessu tímabili var málið tekið óslitið fyrir í uppboðsrétti, fyrirtektir skráðar í þingbók og þar mætt af hálfu uppboðsbeiðanda, þ.e. sóknaraðila í máli þessu. Að öllu jöfnu var mætt af hálfu uppboðsþola fyrir uppboðsrétti, en þó kom fyrir, að þingsókn féll niður af hans hálfu. Ákvörðun um sölu eignarinnar var þó ætíð frestað að beiðni uppboðsþola og með samþykki uppboðsbeiðanda. Þá kemur það glögglega fram í greinargerð varnaraðila, að tilefni mótmæla gegn ákvörðun á sölu sé synjun um enn frekari frest.

Það er álit réttarins, að margendurteknir frestir málsins hafi hér verið heimilir, enda þeir notaðir af varnaraðila til að freista þess að semja um skuldir sínar og selja eignina frjálsri sölu, eins og fram kemur í greinargerð hans. Á sú málsmeðferð ekki að varða sóknaraðila réttarspjöllum. Þá þykja aðrar þær málsástæður, er varnaraðili hefur haft uppi í máli þessu, ekki standa því í vegi, að sala eignarinnar fari fram, svo sem hugleiðingar hans um, hvaða vaxtafót skuli nota við útreikning vaxta af skuldinni, en það bíður úthlutunar uppboðsandvirðis, ef af sölu verður. Þá er ekki fallist á þá fullyrðingu varnaraðila, að fjárhæð kröfu sóknaraðila sé óglögg, en varnaraðili hefur ekki boðið greiðslu skuldarinnar. Ber því að hafna kröfum varnaraðila í málinu.

Eftir þeirri niðurstöðu ber varnaraðila að greiða sóknaraðila málskostnað, sem hæfilegur þykir kr. 20.000.

Valtýr Sigurðsson borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Kröfu varnaraðila, Lúðvíks Gizurarsonar, um, að synjað verði um framhald nauðungarsölu á eigninni Grenimel 20, neðri hæð auk herbergis í kjallara, er hafnað.

Varnaraðili greiði sóknaraðila, Útvegsbanka Íslands hf., kr. 20.000 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðarins að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 19. apríl 1991.

Nr. 79/1988. **Kristján Mikkaelsson**
(Björgvin Þorsteinsson hrl.)
gegn
Ásgrími Pálmasyni
(Gunnar Sólnes hrl.).

Skaðabætur. Vinnuslys. Örorka. Aðild. Greiðsla.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. mars 1988. Hann krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að fébætur til stefnda verði lækkaðar verulega og málskostnaður felldur niður.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur þannig, að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum 1.839.800 krónur með 42% ársvöxtum frá 7. febrúar 1983 til 20. september s.á., 35% frá 21. s.m. til 20. október s.á., 32% frá 21. s.m. til 20. nóvember s.á., 27% frá 21. s.m. til 20. desember s.á., 21,5% frá 21. s.m. til 20. janúar 1984, 15% frá 21. s.m. til 10. ágúst s.á., 17% frá 11. s.m. til 31. desember s.á., 24% frá 1. janúar 1985 til 10. maí s.á., 22% frá 11. s.m. til 28. febrúar 1986, 12% frá 1. mars s.á. til 30. s.m., 9% frá 1. apríl s.á. til 20. janúar 1987, 10% frá 21. s.m. til 20. febrúar s.á., 11% frá 21. s.m. til 14. apríl s.á., 21% frá 15. s.m. til 30. s.m., 22% frá 1. maí s.á. til 31. s.m., 33,6% frá 1. júní s.á. til þingfestingardags í héraði, 4. s.m., en dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann þess, að vöxtum fyrir tímabilið 1. febrúar 1985 til 1. febrúar 1986 verði bætt við þann höfuðstól, sem vextir reiknast af, í samræmi við 12. gr. laga nr. 25/1987. Til frádráttar öllu þessu komi 4.488.600 krónur, sem stefndi hafi fengið greiddar þannig: 600.000 krónur 18. maí 1988, 150.000 krónur 8. júlí s.á., 100.000 krónur 13. desember s.á., 250.000 krónur 18. apríl 1989, 150.000 krónur 21. júní s.á., 398.600 krónur 14. júlí s.á.,

140.000 krónur 28. nóvember s.á., 500.000 krónur 14. desember s.á., 200.000 krónur 30. mars 1990, 1.500.000 krónur 5. júní s.á., 250.000 krónur 21. september s.á. og 250.000 krónur 10. október s.á. Einnig krefst stefndi staðfestingar á málskostnaðarákvæði héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Mál þetta er risið af slysi, sem stefndi varð fyrir 7. febrúar 1983 í starfsstöð Vélsmiðju Ólafsfjarðar við Strandgötu á Ólafsfirði, er hann var þar að vinnu við smíði á rafsoðnum vatnsgeymi. Vélsmiðja Ólafsfjarðar var þá fyrirtæki í sameign þriggja manna, áfrýjanda, Eiríks Sævaldssonar og Óskars Gíslasonar, er störfuðu við það sjálfir. Var þetta félag þeirra ekki skrásett í firmaskrá Ólafsfjarðarkaupstaðar, en firmanafnið skráð þar sem einkafirma áfrýjanda. Kveðst áfrýjandi hafa verið framkvæmdastjóri fyrirtækisins og haft með skrifstofuhald að gera, auk þess sem hann hafi séð um verklegar framkvæmdir á sviði blikksmíði, en slysið hafi orðið í plötusmíðadeild fyrirtækisins. Áfrýjandi gekk úr samstarfinu við þá Eirík og Óskar nokkru eftir, að slysið varð. Hinir síðarnefndu stofnuðu hlutafélag um reksturinn í ársbyrjun 1986, Vélsmiðju Ólafsfjarðar hf., og á áfrýjandi ekki aðild að því. Stefndi var starfsmaður sameigendanna þriggja, þegar slysið varð. Hann hóf aftur störf í vélsmiðjunni í október 1984 og hefur verið starfsmaður hlutafélagsins undanfarin ár.

Stefndi höfðaði mál þetta í héraði í maí 1987 gegn sameigendunum þremur persónulega og fyrir hönd Vélsmiðju Ólafsfjarðar hf., en féll síðar frá kröfum á hendur hlutafélaginu. Fyrir héraðsdómi tók áfrýjandi til varna og krafðist sýknu af öllum kröfum stefnandans. Þeir Eiríkur og Óskar héldu hins vegar ekki uppi vörnum, en komu fyrir dóm til skýrslugjafar. Í héraðsdómi voru sameigendurnir þrír taldir bera óskipta fébótaábyrgð á slysi stefnda. Áfrýjandi hefur einn skotið þessum dómi til Hæstaréttar. Þeir Eiríkur og Óskar áfrýjuðu ekki málinu, en hafa innt af hendi greiðslur til stefnda upp í tildæmdar fébætur, eins og rakið er í kröfugerð hans.

Við áfrýjun á máli þessu hefur áfrýjandi ekki beint stefnu eða tilkynningu um málskotið til annarra varnaraðila í héraði, sbr. 52. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Varðar það ekki frávísun málsins frá Hæstarétti, en málsúrslit hér fyrir dómi

verða ekki bindandi fyrir hina varnaraðilana í héraði, eins og áfrýjun er háttað.

Atvikum að slysi stefnda er lýst í héraðsdómi. Þegar þau gerðust, var hann 19 ára að aldri og hafði starfað hjá vélsmiðjunni á annað ár. Hann vann að því verki, er hann slasaðist við, undir eftirliti og faglegri leiðsögn eins af eigendum fyrirtækisins, Óskars Gíslasonar, sem var vélvirkjameistari. Með tilliti til hættunnar af þeirri aðferð, sem stefnda var gert að beita við prófun á suðum vatnsgeymisins, ber að fallast á það með héraðsdómara, að leggja verði alla ábyrgð á tjóni af slysinu á vinnuveitanda hans. Hvílir sú ábyrgð óskipt á áfrýjanda og sameigendum hans að Vélsmiðju Ólafsfjarðar, eins og hún var starfrækt á þessum tíma.

Við slysið varð stefndi fyrir miklum meiðslum á vinstra fæti auk þess að brotna á hægra framhandlegg. Hlaut hann þverbrot á lærlegg og opið kurlbrot á fótlegg, þar sem stykki molaðist úr sköflungi og hluti af mjúkvefjum tættist burtu. Einnig skaddaðist hann á hné. Gert var að meiðslunum á Borgarspítalanum í Reykjavík, þar sem stefndi dvaldist í aðgerðum og endurhæfingu fram í september 1983. Töldu læknar hann vinnufæran 1. ágúst 1984, en þola þó ekki miklar göngur.

Af meiðslum sínum hefur stefndi hlotið tímabundna og varanlega örorku, eins og lýst er í héraðsdómi. Stefán Bogason læknir mat örorkuna 16. desember 1985, en Jón Erlingur Þorláksson tryggingastærðfræðingur gerði útreikning á örorkutjóninu 30. mars 1987. Við útreikning á tekjutapi byggði hann á tekjum stefnda af verkamannavinnu á árunum 1981 og 1982, er taldar voru svara 523.200 króna árstekjum miðað við kaupgjald á útreikningstíma. Gerði hann ráð fyrir nokkurri hækkun frá þessum tekjum fram á 25. aldursár stefnda, en miðaði eftir þann tíma við meðaltekjur verkamanna samkvæmt skýrslum Kjararannsóknarnefndar. Á grundvelli þessa útreiknings og að teknu tilliti til greiðslna á dagpeningum og slysabótum frá Tryggingastofnun ríkisins og bótum úr slysatryggingu launþega telur áfrýjandi fjártjón sitt af slysinu nema 1.339.800 krónum miðað við verðmæti á slysdegi.

Áfrýjandi hefur ekki vefengt örorkumatið eða útreikning tjónsins. Hins vegar telur hann, að taka þurfi tillit til hagræðis af eingreiðslu og skattfrelsi við ákvörðun skaðabóta til stefnda. Á grund-

velli þessa teljast bætur fyrir örorkutjón stefnda hæfilega ákveðnar 940.000 krónur.

Meiðsli stefnda á vinstra fótlegg voru stórfelld og þurftu ítrekaðra aðgerða við. Með hliðsjón af því og atvikum að öðru leyti þykja miskabætur til hans hæfilega ákveðnar 150.000 krónur.

Samkvæmt þessu verður fjárhæð skaðabóta til stefnda, sem áfrýjandi er ábyrgur fyrir ásamt sameigendum sínum, 1.090.000 krónur. Af hálfu áfrýjanda er því ekki mótmælt, að bæturnar beri vexti frá slysdegi. Þeir vextir, sem þannig ber að greiða af bótafjárhæðinni, eru hinir sömu og notaðir voru í tjónsútreikningi yfir tímabilið frá 7. febrúar 1983 fram að þingfestingu málsins í héraði 4. júní 1987, eins og stefndi hefur krafist og tiltekið var í héraðsdómi, en ekki verður heimilað að leggja vexti við höfuðstól á því tímabili. Frá síðarnefnda deginum til greiðsludags ber að greiða dráttarvexti af fjárhæðinni samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987.

Gagnvart stefnda á áfrýjandi að njóta þess, að aðrir, sem ábyrgð bera á slysinu, hafa innt af hendi greiðslur til stefnda upp í skaðabætur vegna þess. Samkvæmt upplýsingum stefnda nema þær 4.488.600 krónum samanlagt. Hafa greiðslurnar farið fram eftir uppsögu héraðsdóms og áfrýjun málsins til Hæstaréttar á þeim dögum, sem fyrr var rakið. Þegar greiðslur þessar eru dregnar frá þeim skaðabótum til stefnda, sem áfrýjandi ber ábyrgð á, eftir því sem hér var á kveðið, reynast skaðabæturnar vera að fullu greiddar, bæði höfuðstóll og vextir. Ber þannig að sýkna áfrýjanda af kröfu stefnda um greiðslu þeirra.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um málskostnað í héraði á að vera óraskað, að því er áfrýjanda varðar.

Með hliðsjón af sýknukröfu stefnda og af því, hvernig greiðslur fóru fram, þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda 100.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Kristján Mikkaelsson, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Ásgríms Pálmasonar, í máli þessu, um annað en málskostnað.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um málskostnað í héraði á að vera óraskað, að því er áfrýjanda varðar.

Áfrýjandi greiði stefnda 100.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Ólafsfjarðar 23. desember 1987.

Mál þetta, sem dómtekið var 3. þ.m. að loknum munnlegum málflutningi, er höfðað af Ásgrími Pálmasyni, nnr. 0699-0827, Hlíðarvegi 16, Ólafsfirði, gegn Kristjáni Mikkaelssyni, nnr. 5873-8972, Víðihlíð 27, Sauðárkróki, Óskari Gíslasyni, nnr. 6923-6642, Hornbrekkuvegi 7, Ólafsfirði, Eiríki Sævaldssyni, nnr. 1881-7594, Aðalgötu 39, Ólafsfirði, persónulega og f.h. Vélsmiðju Ólafsfjarðar hf., nnr. 9175-5556, Strandgötu 20, Ólafsfirði, til heimtu skaðabóta, vaxta og málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði dæmdir til að greiða in solidum kr. 1.839.500 með [nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnað].

Af hálfu þeirra stefndu Óskars Gíslasonar og Eiríks Sævaldssonar er ekki haldið uppi vörnum í málinu.

Af hálfu stefnda Kristjáns Mikkaelssonar er þess krafist, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en til vara er þess krafist, að dómkröfurnar verði stórlega lækkaðar og að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda samkvæmt framlögðum reikningi.

Samkvæmt stefnu voru málavextir þeir, að stefnandi vann sem verkamaður hjá Vélsmiðju Ólafsfjarðar og hafði unnið hjá fyrirtækinu í um það bil ár, þegar hann varð fyrir slysi við vinnu. Slysið varð að morgni 7. febrúar 1983. Stefnandi hafði, daginn áður en slysið varð, unnið við að smíða tank úr járni með rafsoðnum botni í báða enda. Verkið vann hann að mestu einn, en stefndi Óskar var verkstjóri yfir stefnanda, og stjórnaði hann verkinu. Kvöldið áður en slysið varð, dældi stefndi Óskar lofti á tankinn og skildi eftir loft í tankinum um nóttina. Morguninn eftir var loftið tekið úr tankinum, og var stefnanda falið að finna, hvar tankurinn læki, og sjóða í. Stefnandi byrjaði því á því að dæla lofti í tankinn og bar síðan sápuvatn með pensli á samskeytin til að finna leka. Hleypti stefnandi lofti af tankinum, áður en hann sauð í, þar sem hann taldi leka. Síðan dældi hann lofti í tankinn á ný og var að byrja að bera sápuvatn á samskeytin á ný, þegar tankurinn sprakk.

Þeyttist botninn úr tankinum og á stefnanda. Hlaut hann brot á hægri framhandlegg, vinstri lærlegg og vinstri fótlegg. Stefnandi var fluttur á

slysadeild Borgarspítalans. Var stefnandi á Borgarspítalanum til 8. september 1983, en þá var hann útskrifaður. Var stefnandi óvinnufær vegna slyssins þar til 1. ágúst 1984.

Varanlegar afleiðingar slyssins á stefnanda eru einkum, að hann hefur varanlega skerta stöðu- og göngugetu og búast má við, að slitgigt muni há honum verulega.

Stefán Bogason læknir metur örorku stefnanda vegna slyssins þannig, sbr. dskj. nr. 11:

Frá slysdegi í 18 mánuði	100%
Eftir það í 2 mánuði	50%
Varanleg örorka	25%

Kröfur stefnanda í málinu eru byggðar á örorkutjónsútreikningi Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingastærðfræðings, dagsettum 30. mars 1987, sbr. dskj. nr. 12. Metur hann tjón stefnanda þannig:

1.	Vegna tímabundinnar örorku	kr. 294.200
2.	Vegna varanlegrar örorku	kr. 1.281.000

Stefnandi hefur fengið greidda frá Tryggingastofnun ríkisins dagpeninga, kr. 72.880, og slysabætur, kr. 170.250, sem eru á slysdegi kr. 151.200. Þá fékk stefnandi greitt frá Tryggingu hf. hinn 26. maí 1986 vegna slysatryggingar launþega kr. 150.882, sem eru á slysdegi kr. 84.200.

Tjón stefnanda vegna tímabundinnar og varanlegrar örorku er því kr. 1.339.800. Auk þess er gerð krafa um kr. 500.000 í miskabætur. Stefnufjárhæðin er því kr. 1.839.500.

Stefnandi hefur krafið stefndu um bætur vegna þess tjóns, sem hann varð fyrir vegna slyssins, en þeir hafa ekki fengist til að greiða stefnanda bætur, og því er málsókn óhjákvæmileg.

Í þinghaldi 3. desember sl. lýsti lögmaður stefnanda yfir, að fallið væri frá kröfum á hendur Vélsmiðju Ólafsfjarðar hf. Lagði hann þá fram dskj. nr. 18, sem er breyting á kröfugerð stefnanda í málinu. Samþykkti lögmaður stefnda Kristjáns þá breytingu á kröfugerð stefnanda við munnlegan flutning málsins.

Er þá kröfugerð stefnanda í dskj. nr. 18 svohljóðandi: „Kröfugerð stefnanda í bæjarþingsmálinu nr. 5/1987: Ásgrímur Pálmason gegn Kristjáni Mikkaelssyni, Óskari Gíslasyni og Eiríki Sævaldssyni persónulega og f.h. Vélsmiðju Ólafsfjarðar sf. Gerð er krafa um, að stefndu greiði in solidum kr. 1.839.800 með 42% ársv. frá 7. febr. 1983 til 20. september s.á., með 35% ársv. frá 21.9. '83 til 20.10 s.á., með 32% ársv. frá 21.10. '83 til 20.11. s.á., með 27% ársv. frá 21.11. '83 til 20.12. s.á., með 21.5% ársv. frá 21.12. '83 til 20.1. '84, með 15% ársv. frá 21.1. '84 til 10.8. s.á., með 17% ársv. frá 11.8. '84 til 31.12. s.á., með 24% ársv. frá 1.1. '85 til 10.5. s.á., með 22% ársv. frá 11.5. '85 til 28.2. '86, með 12% ársv. frá 1.3.'86

til 30.3. s.á., með 9% ársv. frá 1.4. '86 til 20.1. '87, með 10% ársv. frá 21.1. '87 til 20.2. s.á., með 11% ársv. frá 21.2. '87 til 14.4. s.á., með 21% ársv. frá 15.4. '87 til 30.4. s.á., með 22,2% ársv. frá 1.5. '87 til 31.5. s.á., með 33.6% ársv. frá 1.6. '87 til þingfestingardags, en með dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þ.d. til greiðsludags. Þá er þess krafist, að í dómsorði verði kveðið svo á, að tildæmdir vextir fyrir tímabilið 1. febrúar 1985 til 1. febrúar 1986 skuli síðastgreindan dag bætast við þann höfuðstól, sem vextir reiknast af, í samræmi við 12. gr. laga nr. 25/1987. Loks er krafist málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ."

Í dskj. nr. 9, umsögn Vinnueftirlits ríkisins, dagsettri 18. mars 1987, segir m.a.: „Tildrög slyssins voru þau, að hinn slasaði var að þrýstireyna geyminn og notaði til þess þrýstiloft frá loftþjöppu, sem var með vinnuþrýsting 9 kg/cm^2; á geyminum var 3/8" loki, sem tengdur var gúmmíslöngu frá lofthylki þjöppunnar. Að sögn starfsmanna, sem voru í nálægð, þegar þrýstiraunin fór fram, var hinn slasaði að kanna lekastaði á suðusamskeytum geymisins (sem var undir loftþrýstingi). Þar sem voru lekastaðir á suðum, hafði hann síðan slípað niður suðurnar með slípirokk og soðið aftur. Þegar hann var að slípa niður eina suðuna, þeyttist skyndilega annar botninn úr geyminum með þeim afleiðingum, að hann lenti á hinum slasaða, sem handar- og fótbrotnaði. Ljóst virðist, að fullur loftþrýstingur frá loftþjöppunni var á geyminum, þegar slysið varð. Við skoðun á geyminum var víða sjáanlegt, að suður höfðu verið slípaðar niður og soðið í aftur..... Með hliðsjón af ofangreindu má rekja orsök slyssins til þess, að þrýstiraun geymisins fór fram með þjöppuðu lofti, þannig, að þegar botn geymisins gaf sig undan loftþrýstingnum, sprakk hann út vegna loftþenslunnar með framangreindum afleiðingum.

Kröfur vinnueftirlitsins eru eftirfarandi:

Stranglega er bannað í öllum tilfellum vegna slysahættu að þrýstireyna geyma með lofti. Þrýstiraunir geyma skulu gerðar með vatni, þannig að öryggi starfsmanna verði tryggt."

Aðilar hafa komið fyrir dóm og gefið skýrslur. Þeir telja sér hafa verið ókunnugt um það fyrir slysið, að bannað hafi verið að þrýstiprófa geyma með lofti, nema stefndi Kristján, sem kvaðst hafa bannað starfsmönnum og meðstefndu kvöldið fyrir slysið að nota loft við þrýstiprófun og tengt þá vatnsþrýstibúnað við tankinn. Meðstefndu Óskar og Eiríkur, stefnandi og vitnið Einar Ámundason kannast ekki við, að stefndi Kristján hafi bannað notkun lofts við þrýstiprófun né að hann hafi kvöldið fyrir slysið tengt vatnsþrýstibúnað við tankinn.

Ýmislegt bendir til þess, að stefnandi hafi sýnt óvarkárni við verkið, enda segist hann ekki hafa gert sér fulla grein fyrir, hve hættulegt verkið var, en búið var að láta hann vita af þrýstihámarki 4 - 6 kg.

Stefndi Óskar, sem kom að stefnanda skömmu eftir slysið, kveður hann hafa sagt, „að hann hafi gleymt sér". Stefnandi kannast ekki við að hafa sagt þetta.

Þá kvað vitnið Einar Ámundason stefnanda hafa verið að nota slípirokk, er slysið varð. Kemur það og fram í dskj. nr. 3, lögregluskýrslu, haft eftir stefnda Óskari Gíslasyni, og í dskj. nr. (sic) umsögn Vinnueftirlits ríkisins.

Stefnandi kvaðst að minnsta kosti tvisvar hafa unnið við þrýstingsprófun með lofti í vélsmiðjunni, en þar hafi ávallt verið þrýstingsprófað með lofti.

Það er upplýst í máli þessu, að stefndi Óskar Gíslason, sem átti að hafa verkstjórn, fór af verkstæðinu skömmu fyrir slysið, er aðrir eigendur voru að störfum utan verkstæðis.

Málsástæður og lagarök.

Kröfur stefnanda eru einkum reistar á þeim málsástæðum, að stefnandi var látinn af stefnda Óskari, sem var verkstjóri og jafnframt einn af eigendum Vélsmiðju Ólafsfjarðar, nota loft við að þrýstireyna tankinn, en Vinnueftirlit ríkisins hefur bannað að nota loft við að þrýstireyna tanka. Þetta vissi stefndi Óskar, og því hljóti hann og sameigendur hans að vera bótaskyldir gagnvart stefnanda.

Stefndi Óskar sýndi af sér stórkostlegt gáleysi með því að láta stefnanda þrýstireyna tankinn með lofti og vanrækti einnig eftirlitsskyldu sína, því að hann skilur stefnanda einan eftir við að vinna verk, sem var stórhættulegt, ekki síst þegar haft er í huga, að stefnandi var ófaglærður.

Auk almennra ólögfestra reglna skaðabótaréttarins byggir stefnandi kröfur sínar á lögum nr. 46/1980.

Af hálfu stefnda Kristjáns Mikkaelssonar er á það bent, að hann hafi bannað starfsmönnum fyrirtækisins, þ. á m. stefnanda, að viðhafa þá aðferð við þrýstiprófun tanksins, sem leiddi til slyssins. Enn fremur er bent á, að stefnandi hafi unnið tæp 2 ár í vélsmiðjunni, þegar slysið varð, og hafi hann verið vanur rafsuðu. Hann hafi gert sér ljóst, að hætta fylgdi því, sem hann var að gera, auk þess sem hann sýndi vanrækslu í starfi og fór ekki eftir leiðbeiningum og varúðarráðstöfunum eldri starfsfélaga, sem vann með honum við verkið.

Samkvæmt 26. gr. laga nr. 46/1980 um öryggi, hollustuhætti og aðbúnað á vinnustöðum bar stefnanda þegar að tilkynna verkstjóra eða atvinnurekanda um ágalla, vanbúnað og skert öryggi.

Vaxtabótakröfu er mótmælt sem órökstuddri, og miskabótakröfu er mótmælt sem allt of hárri.

Um sakarábyrgð stefnda Kristjáns er vísað til almennra reglna kröfuréttar og skaðabótaréttar og í lög nr. 46/1980 um öryggi, hollustuhætti og aðbúnað á vinnustöðum.

Niðurstaða.

Það verður að telja upplýst í málinu, að stefnandi var að vinna með búnað, sem Vinnueftirlit ríkisins hafði bannað að nota vegna slysahættu, sbr. dskj. nr. 9, og verður því að telja, að ábyrgðin á afleiðingum þess, að öryggisreglum var ekki fylgt, hvíli á eigendum og rekstraraðilum vélsmiðjunnar, sem voru stefndu, Kristján Mikkaelsson, Eiríkur Sævaldsson og Óskar Gíslason, eins og fram kemur í málinu. Sá síðastnefndi var með verkstjórn, en var ekki viðstaddur, er slysið varð.

Sú staðhæfing stefnda Kristjáns Mikkaelssonar, að hann hafi verið búinn að banna notkun lofts við þrýstiprófun og verið búinn að tengja vatnsþrýstibúnað við tankinn, verður að telja ósannaða, þar sem meðstefndu, stefnandi og vitnið Einar Ámundason kannast ekki við það.

Að mati dómarans skiptir ekki máli í þessu sambandi, að stefnandi hafi sýnt óvarkárni með því að nota slípirokk við tankinn, þótt þrýstingur væri á honum, sbr. framburð vitnisins Einars Ámundasonar. Stefnandi kvaðst þó sjálfur hafa verið að bera sápuvatn á suðurnar, er slysið varð.

Samkvæmt framangreindu bera eigendur Vélsmiðju Ólafsfjarðar, stefndu í málinu, fulla skaðabótaábyrgð á afleiðingum slyssins fyrir stefnanda.

Því er hafnað bæði aðalkröfu stefnda Kristjáns um sýknu af öllum kröfum stefnanda og enn fremur varakröfu hans um, að dómkröfurnar verði stórlega lækkaðar.

Stefnandi hefur fallið frá kröfum á hendur Vélsmiðju Ólafsfjarðar hf.

Ágreiningslaust er um örorkumat og örorkuútreikning. Ekki er heldur tölulegur ágreiningur um vaxtakröfu.

Stefndu, Kristján Mikkaelsson, Eiríkur Sævaldsson og Óskar Gíslason, bera því in solidum ábyrgð á tjóni stefnanda.

Stefndi Kristján hefur mótmælt miskabótakröfu sem allt of hárri, en með hliðsjón af áverkum stefnanda, sjúkrameðferð og aðgerðum og varanlegum skaða, sbr. dskj. nr. 11, ber að fallast á hana að fullu.

Því ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda in solidum kr. 1.839.800 með [vöxtum, sbr. dómsorð].

Þá ber að dæma stefndu in solidum til að greiða stefnanda málskostnað, kr. 250.000, og allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Barði Þórhallsson bæjarfógeti kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Kristján Mikkaelsson, Eiríkur Sævaldsson og Óskar Gíslason, greiði in solidum stefnanda, Ásgrími Pálmasyni, kr. 1.839.800 með 42% ársv. frá 7. febrúar 1983 til 20. september s.á., með 35%

ársv. frá 21.9. '83 til 20.10. s.á., með 32% ársv. frá 21.10 '83 til 20.11. s.á., með 27% ársv. frá 21.11. '83 til 20.12. s.á., með 21,5% ársv. frá 21.12. '83 til 20.1. '84, með 15% ársv. frá 21.1. '84 til 10.8. s.á., með 17% ársv. frá 11.8. '84 til 31.12. s.á., með 24% ársv. frá 1.1. '85 til 10.5. s.á., með 22% ársv. frá 11.5. '85 til 28.1. '86, með 12% ársv. frá 1.3. '86 til 30.3. s.á., með 9% ársv. frá 1.4. '86 til 20.1. '87, með 10% ársv. frá 21.1. '87 til 20.2. s.á., með 11% ársv. frá 21.2. '87 til 14.4. s.á., með 21% ársv. frá 15.4. '87 til 30.4 s.á., með 22% ársv. frá 1.5. '87 til 31.5. s.á., með 33,6% ársv. frá 1.6. '87 til þingfestingardags, en með dráttarvöxtum samkv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þ.d. til greiðsludags.

Vextir fyrir tímabilið 1. febrúar 1985 til 1. febrúar 1986 skulu bætast við þann höfuðstól, sem vextir reiknast af, í samræmi við 12. gr. laga nr. 25/1987.

Þá greiði stefndu in solidum stefnanda kr. 250.000 í málskostnað og allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 23. apríl 1991.

Nr. 270/1989. **Guðmundur Stefán Gíslason**
gegn
Ólafi Ísleifssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Guðmundur Stefán Gíslason, sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 2.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Þriðjudaginn 23. apríl 1991.

Nr. 164/1991. X

gegn

Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar.

Kærumál. Lögræðislög. Sjálfræðissvipting.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Haraldur Henrysson og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í 1. mgr. 10. gr. lögræðislaga nr. 68/1984 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 19. mars 1991, sem barst Hæstarétti ásamt kærugögnum 16. apríl sl. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Jafnframt krefst hann kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Samkvæmt 2. mgr. 11. gr. laga nr. 68/1984 greiðist kærumálskostnaður úr ríkissjóði, þar með talin þóknun til skipaðs talsmanns sóknaraðila, sem ákveðst 25.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Kærumálskostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun skipaðs talsmanns sóknaraðila, Bergsteins Georgssonar héraðsdómslögmanns, 25.000 krónur.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 11. mars 1990.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 4. mars 1991, hefur Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar, Síðumúla 19, Reykjavík, höfðað með kröfu, þingfestri 11. febrúar 1991.

Krafa sóknaraðila er sú, að X [...] með lögheimili í Reykjavík verði sviptur sjálfræði.

Krafa sóknaraðila byggist á a- og c-lið 3. gr. lögræðislaga nr. 68/1984. Af hálfu sóknaraðila er því haldið fram, að varnaraðili sé ekki fær um

að ráða persónulegum högum sínum vegna geðsjúkdóms. Í samtölum og samskiptum sóknaraðila við varnaraðila allt frá 1983 hafi æ oftar og betur komið í ljós, að varnaraðili sé hættulegur sjálfum sér og öðrum. Þá hafi varnaraðili sýnt af sér einkennilega hegðun og mikið borið á ranghugmyndum.

Því er einnig haldið fram af hálfu sóknaraðila, að varnaraðili hafi sökum ofdrykkju og notkunar ávana- og fíkniefna þráfaldlega raskað opinberum hagsmunum. Því til stuðnings er vísað til lögregluskýrslna, sem fylgja kröfu sóknaraðila og sýna afskipti lögreglu af varnaraðila síðustu vikur.

Lagt hefur verið fram læknisvottorð Sigurðar B. Stefánssonar, læknis á Borgarspítalanum. Í vottorðinu kemur fram, að ráða megi af sjúkragögnum varnaraðila, að hann hafi á seinni árum sýnt sífellt greinilegri einkenni um alvarlegan geðsjúkdóm. Í viðtali við varnaraðila hafi komið fram áberandi ranghugmyndir, einkum af ofsóknartoga, og önnur einkenni, sem bendi til þess, að hann sé haldinn alvarlegum geðsjúkdómi og geti orðið sér og öðrum hættulegur, ef hann yrði útskrifaður við núverandi aðstæður. Enn fremur er það mat læknisins, að varnaraðili þurfi mun legri vistun til meðhöndlunar á sjúkdómi sínum, einkum þar sem líklegt sé, að áframhaldandi meðferð muni koma honum að gagni.

Einnig hefur verið lagt fram vottorð Hólmfríðar Magnúsdóttur, læknis á deild 12 á geðdeild Landspítalans við Kleppsveg, en þar hefur varnaraðili verið til lækninga. Kemur fram í vottorðinu, að varnaraðili hafi hafið drykkju 13 - 14 ára og hafi verið kominn með áfengisvandamál 17 ára. Síðan hafi bæst við önnur vímuefni. Varnaraðili hafi verið lagður inn á deild 12 á Kleppsspítala 28. janúar 1981 vegna geðsjúkdóms, sem hafi farið versnandi undanfarin ár, og sé svo komið, að hann telji alla ofsækja sig, sem nálægt honum komi, og hafi hann verið ógnandi í framkomu undanfarið og haft í hótunum að gera eitthvað, fái hann ekki frið. Læknirinn telur varnaraðila ekkert sjúkdómsinnsæi hafa og að hann harðneiti allri lyfjameðferð. Til þess að hægt sé að gefa honum lyfjameðferð gegn vilja hans með langverkandi geðlyfjum í innspýtingu, þurfi að svipta hann sjálfræði í von um, að ofangreind meðferð bæti líðan hans og hegðun.

Þingað var í málinu 15. febrúar sl. á deild 12 á Kleppsspítala. Kom varnaraðili þá fyrir dóm og var kynnt fram komin krafa um sjálfræðissviptingu. Mótmælti hann þá kröfunni algerlega og taldi sig ekki þurfa á læknismeðferð að halda.

Í samræmi við ákvæði lögræðislaga var varnaraðila gefinn kostur á að bera fram ósk um verjanda í lögræðismálinu. Þar sem varnaraðili nýtti sér ekki heimild sína, var Bergsteinn Georgsson hdl. skipaður verjandi hans. Tók hann við skipuninni í þinghaldi 4. mars 1991, en hafði áður rætt við varnaraðila.

Í munnlegri vörn gerði skipaður verjandi þá kröfu fyrir hönd varnaraðila, að kröfu sóknaraðila um sjálfræðissvipting yrði hafnað. Mótmælti hann röksemdum sóknaraðila fyrir beiðni um sjálfræðissviptingu. Taldi hann ósannað, að varnaraðili ætti við geðsjúkdóm að stríða. Einnig dró hann í efa, að sjálfræðissvipting kæmi til með að skila tilætluðum árangri, og taldi, að ekki væri fullreynt, að varnaraðili myndi hafna lyfjameðferð. Þá taldi hann sjálfræðissviptingu slíka skerðingu á mannréttindum, að henni bæri að hafna í þessu tilviki og að betri kostur væri að útvega varnaraðila húsnæði, þar sem hann gæti verið einn út af fyrir sig.

Forsendur og niðurstaða.

Í málinu liggja fyrir vottorð tveggja sérfræðinga í geðlækningum um geðheilsu varnaraðila, og hafa þeir staðfest vottorð sín fyrir dómi. Í vottorðum þeirra og framburði fyrir dómi kemur fram, að þeir telja varnaraðila haldinn alvarlegum geðsjúkdómi og að lyfjagjöf muni bæta heilsufar hans. Þar sem varnaraðili geri sér hins vegar ekki grein fyrir sjúkdómi sínum og neiti lyfjameðferð, þurfi að svipta hann sjálfræði, til þess að hægt sé að gefa honum geðlyf gegn vilja hans.

Framlögð vottorð og skýrslur lækna, sem studd eru gögnum, benda eindregið til þess, að varnaraðili sé ekki fær um að ráða persónulegum högum sínum vegna geðsjúkdóms. Til þess að bæta megi heilsufar varnaraðila og til þess að unnt verði að veita honum nægilega góða, samfellda og langvarandi læknismeðferð, virðist bera að neyta heimildar a-liðar 3. gr. lögræðislaga nr. 68/1984 til að svipta hann sjálfræði.

Þau gögn, sem lögð hafa verið fram í málinu, þykja ekki renna fullnægjandi stoðum undir, að byggja megi sjálfræðissviptingu einnig á c-lið 3. mgr. l. nr. 68/1984.

Þá ber að úrskurða skipuðum verjanda varnaraðila þóknun úr ríkissjóði, sem þykir hæfilega ákveðin 35.000 krónur.

Sigurður T. Magnússon, settur borgardómari, kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Varnaraðili, X, skal sviptur sjálfræði frá birtingu úrskurðar þessa.

Málskostnaður, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Bergsteins Georgssonar hdl., 35.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Miðvikudaginn 24. apríl 1991.

Nr. 156/1991. **Hörður Bjarnason**

gegn

þrotabúi Útgerðarfélagsins Ásrúnar hf.

Kærumál. Kæruheimild. Gjaldþrotaskipti. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Haraldur Henrysson og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili hefur með vísan til 2. tl. 1.mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands skotið til Hæstaréttar með kæru 20. mars 1991 úrskurði skiptaréttar Ísafjarðar, sem kveðinn var upp 1. mars 1991. Sóknaraðili kveðst eigi hafa vitað um hinn kærða úrskurð, fyrr en honum barst endurrit hans 18. mars sl. Kæra og kærugögn bárust Hæstarétti 10. apríl sl.

Sóknaraðili gerir eftirfarandi kröfur: „Að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og að viðurkennd verði krafa umbjóðanda míns um greiðslu launa fyrir störf um borð í vélskipinu Sigrúnu, ÍS-900, og launa í uppsagnarfresti skv. kjarasamningi fyrir tímabilið 15.11.'88-13.1.'89, samtals kr. 513.613,64, auk vaxta, kr. 217.238,-, innheimtuþóknunar, kr. 64.789,-, kröfulýsingarkostnaðar, kr. 2.668,-, samtals kr. 794.640,-.

Jafnframt er þess krafist að sjóveðsréttur umbjóðanda míns í framangreindu skipi fyrir launakröfu hans verði staðfestur með dómi.

Loks er krafist kærumálskostnaðar skv. mati Hæstaréttar."

Varnaraðili hefur ekki látið kærumálið til sín taka.

Í hinum kærða úrskurði er fjallað um kröfu, er lýtur að viðurkenningu á rétti til greiðslu launa af eignum varnaraðila og á sjóveðsrétti til tryggingar þeirri kröfu. Samkvæmt 21. gr., 1. mgr., 2. tölulið b, laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands sætir úrskurður um slíkar kröfur ekki kæru. Ber því að vísa máli þessu frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Úrskurður skiptaréttar Ísafjarðar 1. mars 1991.

Garðar Briem hrl. hefur fyrir hönd Harðar Bjarnasonar lagt fram kröfu í skiptarétti Ísafjarðar:

1. um greiðslu launa fyrir störf í vélskipinu Sigrúnu, ÍS-900, og launa í uppsagnarfresti samkvæmt kjarasamningi ásamt hæstu dráttarvöxtum frá útborgunardegi hverrar launagreiðslu til greiðsludags auk málskostnaðar samkvæmt taxta LMFÍ,
2. um, að staðfestur verði sjóveðsréttur Harðar Bjarnasonar í vélskipinu Sigrúnu, ÍS-900, fyrir ofangreindri kröfu.

Málavextir samkvæmt greinargerð eru þeir, að 13. október 1989 var höfðað mál á hendur skiptaráðanda á Ísafirði f.h. þrotabús Útgerðarfélagsins Ásrúnar hf. vegna ofangreindrar kröfu fyrir bæjarþingi Ísafjarðar.

Dómur var kveðinn upp í máli þessu 23. janúar 1990, þar sem málinu var vísað frá dómi, þar sem kröfugerðin ætti undir skiptarétt. Í framhaldi af dóminum var kröfu lýst í bú Útgerðarfélagsins Ásrúnar hf. og jafnframt lýst kröfu í upboðsandvirði vélskipsins Sigrúnar, ÍS-900.

Í kröfulýsingu er kröfunni nákvæmlega lýst og jafnframt komið á framfæri þeirri skoðun, að fyrningu lögveðs samkvæmt siglingalögum hafi verið réttilega slitið með framangreindri málshöfðun, og jafnframt er vísað til sérstöðu kröfunnar samkvæmt 111. gr. gjaldþrotaskiptalaga, hvað varðar kröfulýsingarfrest.

Í 3. grein uppboðsafsals fyrir vélskipinu Sigrúnu, ÍS-900, kemur fram, að lögveðskröfu hafi verið lýst í þrotabú Útgerðarfélagsins Ásrúnar hf., sem ekki hafi verið tekin afstaða til. Er tekið fram, að uppboðskaupanda sé kunnugt um þessa lögveðskröfu.

Í greinargerð stefnanda er talið, að túlka beri framangreindan skildaga á þann veg, að hann sé fyrirvari þess efnis, að uppboðskaupendum sé kunnugt um, að lögveð hvíli á skipinu, sem eftir eigi að úrskurða um.

Niðurstaða.

Úrskurður um gjaldþrotaskipti á þrotabúi Útgerðarfélagsins Ásrúnar hf. var kveðinn upp í skiptarétti Ísafjarðar 29. mars 1989. Kröfulýsingarfestur var til 19. júní 1989.

Kröfulýsing stefnanda í máli þessu er móttekin í skiptarétti Ísafjarðar 29. júní 1989, sama dag og fyrsti skiptafundur er haldinn í þrotabúinu.

Í siglingalögum, 197. grein., 1. mgr., segir, að laun og önnur þóknun,

sem skipstjóri, skipverjar og aðrir þeir, sem á skip eru ráðnir, eiga rétt á fyrir störf um borð, séu tryggð með sjóveðsrétti í skipi.

Í sömu lögum, 201. grein, segir, að sjóveðsréttur fyrnist, ef honum er ekki fylgt eftir með lögsókn innan eins árs, frá því að krafa stofnaðist.

Í sömu lögum, 202. grein, segir, að fari fram nauðungarsala á skipi hér á landi, falli niður sjóveðsréttindi, annars konar veðréttindi og önnur eignarhöft í skipinu.

Uppboðsafsal er gefið út 31. október 1989.

Þar sem krafa um laun þau, sem hér er fjallað um, barst ekki skiptarétti Ísafjarðar fyrr en 10 dögum eftir, að kröfulýsingarfrestur rann út, þykir ekki hægt að taka hana til greina, en samkvæmt 111. gr. gjaldþrotalaga hefði verið unnt að taka hana til greina, ef samþykkis 75% eigenda krafna á lista skiptaráðanda, sem atkvæðisréttur fylgir, hefði verið leitað, en það var ekki gert.

Samkvæmt 202. gr. siglingalaga fellur sjóveðsréttur, annars konar veðréttindi og önnur eignarhöft niður við nauðungarsölu á skipi hér á landi. Krafa stefnanda í uppboðsandvirði berst hins vegar ekki fyrr en eftir 23. janúar 1990, en skipið er selt nauðungarsölu samkvæmt uppboðsafsali, dagsettu 31. október 1989.

Samkvæmt framanskráðu þykir því ekki hægt að samþykkja kröfur stefnanda í máli þessu.

Adólf Adólfsson, settur héraðsdómari, kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Kröfum stefnanda í máli þessu er hafnað.

Miðvikudaginn 24. apríl 1991.

Nr. 387/1990. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Hlyni Guðmundssyni
(Stefán Pálsson hrl.).

Líkamsárás. Skilorð. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason og Hjörtur Torfason og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. september 1990 að ósk ákærða, en jafnframt af hálfu ákæruvalds til sakfellingar samkvæmt ákæru og þyngingar á refsingu. Þá krefst hann þess, að ákærði verði dæmdur til að greiða Magnúsi Magnússyni „allt að kr. 919.021,- eða lægri fjárhæð að mati dómsins í fébætur ásamt vöxtum af tildæmdri fjárhæð".

Dómkröfur verjanda eru þær aðallega, að ákvörðun um refsingu verði frestað skilorðsbundið, en til vara, að ákærði hljóti vægustu refsingu, er lög leyfa, og að refsing verði skilorðsbundin. Þá krefst hann þess, að bótakröfum Magnúsar Magnússonar verði vísað frá dómi, til vara, að ákærði verði sýknaður af þeim, en til þrautavara, að þær verði lækkaðar.

I.

Ríkissaksóknari hefur með tilvísun í 118. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála óskað að gera þá leiðréttingu á ákæru, að atburðir þeir, sem málið fjallar um, hafi gerst aðfaranótt þriðjudagsins 21. júlí 1987, en ekki mánudagsins 20. júlí 1987, eins og í ákæru greinir. Verjandi hefur engar athugasemdir haft uppi vegna þessarar leiðréttingar.

II.

Ákærði og Einar Gíslason voru bifreiðarstjórar á hópferðabílum með hóp erlendra ferðamanna, sem virðast hafa dvalist í Skaftafelli umrædda nótt. Sjálfir munu bifreiðarstjórarnir hafa haft bækistöð

í bílum sínum. Um nóttina neyttu þeir áfengis saman. Eigi verður séð, að þeir hafi átt annað erindi inn á tjaldsvæðið en að leita sér félagsskapar. Þeir þrengdu sér inn í fortjald vitnanna Ingibjargar Ingadóttur og Guðlaugs Þórs Böðvarssonar án þess að vera þangað boðið. Þeir yfirgáfu fortjaldið eftir ítrekuð tilmæli þar um, þegar Ingibjörg og Magnús Magnússon þurftu að bregða sér frá, en voru enn á vettvangi, þegar þau komu til baka. Verulega ber á milli í frásögn ákærða og vitna um atburðarás eftir þetta. Þó benda líkur til þess, að ákærði og Einar hafi verið upphafsmenn að þeim átökum, sem urðu á staðnum.

Með vísan til forsendna héraðsdóms telst sannað, að ákærði hafi veitt Magnúsi Magnússyni áverka bæði á kjálka og barkakýli með hnefahöggi og sparki og valdið Magnúsi þeim lemstrum, sem í héraðsdómi greinir.

Telst brot hans varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

Refsingu ákærða ber að ákveða sem hegningarauka samkvæmt 78. gr. laga nr. 19/1940 við 4000 króna sekt, sem ákærði gekkst undir 4. nóvember 1989. Þykir refsingin hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði, en rétt þykir að ákveða, að fullnustu tveggja mánaða af refsingunni skuli frestað skilorðsbundið í þrjú ár.

III.

Héraðsdómari fjallaði um hina margþættu skaðabótakröfu Magnúsar Magnússonar í einu lagi. Er þetta aðfinnsluvert. Eigi er þó næg ástæða til að vísa skaðabótakröfunni frá dómi.

Skaðabótakrafan á hendur ákærða, samtals að fjárhæð 919.021 króna, er sundurliðuð í héraðsdómi.

Um 1. og 2. lið.

Þessir kröfuliðir fjalla um tapaðar vinnutekjur Magnúsar og sjúkradagpeninga til frádráttar. Fullnægjandi gögn um vinnutekjutap liggja ekki fyrir í málinu, og eigi eru heldur leiddar að því nægar líkur. Ber því að sýkna ákærða af kröfu um bætur fyrir atvinnutjón.

Um 3. lið.

Þessi kröfuliður fjallar um miskabætur Magnúsi til handa.

Við málflutning fyrir Hæstarétti var lagt fram vottorð Hannesar Hjartarsonar læknis, sem er sérfræðingur í háls-, nef- og eyrnalækningum. Vottorð þetta, sem er dagsett 17. maí 1990, var sent lögmanni Magnúsar á sínum tíma, en barst aldrei til héraðsdómarans. Í vottorðinu segir svo:

„Vísa til vottorðs frá 13. 10. 1987 en í stuttu máli varð sjúklinguriinn fyrir líkamsárás 19. 07. 1987. Við það hlotið þverbrot gegnum neðri kjálka vinstra megin, brotna tönn og protesu í efri góm, áverka á barka með lömun á vinstra raddbandi og blæðingu inn í falska raddbandið. Fékk lyfjameðferð og meðferð hjá talmeinafræðingi og hefur lömun í vinstra raddbandi að mestu leyti gengið til baka en við beina speglun á raddbönd kemur greinilega í ljós að ennþá er lömuð sú taugagrein sem heitir nervus laryngeus superior en hún sér um lokastrekkingu á raddbandinu og hreyfingu í miðlínu. Þetta veldur raddbreytingu og veldur honum vandkvæðum fyrst og fremst vegna þess að hann hefur ekki lengur söngrödd. Þar sem nú eru 3 ár liðin frá áverka er hér um óafturkræfar breytingar að ræða.“ Magnús Magnússon á rétt á miskabótum úr hendi ákærða, og þykja þær hæfilega ákveðnar 200.000 krónur.

Um 5. lið.

Hér er um að ræða kostnað við raddþjálfun og læknisþjónustu samkvæmt framlögðum reikningum, samtals 2.010 krónur. Verður þessi kröfuliður tekinn til greina.

Um 6. lið.

Föt Magnúsar skemmdust við átökin. Verður þessi kröfuliður, að fjárhæð 5.000 krónur, tekinn til greina.

Um 7. lið.

Samkvæmt þessum lið gerir Magnús kröfu um andvirði nýs tanngóms, að fjárhæð 27.850 krónur.

Í málinu liggur frammi vottorð Jóns S. Snæbjörnssonar tannlæknis, dagsett 12. júlí 1988. Þar segir svo:

„Hér með vottast að við áverka þann er Magnús Magnússon hlaut, er ráðist var á hann í Skaftafelli þ. 20/7 '87, brotnaði efri tanngarður í munni hans. Ráðlegast þykir að smíða nýjan góm. Verð á heilgóm í dag: 27.850.“

Leggja ber til grundvallar í málinu, að gómur Magnúsar hafi brotnað við áverka þá, sem ákærði veitti honum. Verður þessi kröfuliður tekinn til greina að fullu.

Um 8. og 9. lið.

Magnús leitaði aðstoðar lögmanns í héraði við gagnaöflun og kröfugerð á hendur ákærða. Var það eðlilegt, eins og á stóð. Telst kostnaður við það hæfilega ákveðinn 20.000 krónur.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verður ákærði dæmdur til að greiða Magnúsi Magnússyni samtals 254.860 krónur (200.000 + 2.010 + 5.000 + 27.850 + 20.000).

Um vexti.

Í 4. kröfulið er gerð krafa um vexti frá 20. ágúst 1987, að fjárhæð 280.977 krónur.

Rétt þykir að dæma ákærða til að greiða Magnúsi vexti af 254.860 krónum, svo sem nánar greinir í dómsorði.

IV.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og dæma ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærði, Hlynur Guðmundsson, sæti fangelsi í 3 mánuði, en fresta skal fullnustu tveggja mánaða af refsingunni, og falli sá hluti hennar niður eftir 3 ár frá uppkvaðningu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði Magnúsi Magnússyni 254.860 krónur í skaðabætur ásamt vöxtum samkvæmt 7. gr., sbr. 8. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, frá 20. ágúst 1987 til 14. júní 1989, en frá þeim degi með vöxtum samkvæmt 7. gr., sbr. 8. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 2. gr. laga nr. 67/1989, til uppsögu dóms þessa,

en frá þeim degi til greiðsludags með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Stefáns Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 40.000 krónur.

Dómur sakadóms Kópavogs 6. júlí 1990.

Mál þetta, sem dómtekið var 26. júní sl., er höfðað af ákæruvaldsins hálfu með ákæru, dags. 16. maí 1989, „á hendur Hlyni Guðmundssyni bifreiðarstjóra, Þinghólsbraut 12, Kópavogi, kennitala 070859-2039, fyrir líkamsárás með því að hafa aðfaranótt mánudagsins 20. júlí 1987 á tjaldstæði í þjóðgarðinum í Skaftafelli ráðist á Magnús Magnússon, fæddan 15. mars 1944, með hnefahöggum og spörkum í andlit og háls, svo að Magnús féll við og hlaut brot á neðri kjálka, skurð yfir kjálkanum, sem sauma þurfti saman, tímabundna lömun á vinstra raddbandi og gervitanngarður hans brotnaði.

Telst þetta varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar".

Málavextir.

Samkvæmt lögregluskýrslum, framburði ákærða og vitna svo og öðrum gögnum eru málavextir þeir, að 27. júlí 1987 kom Magnús Magnússon, fæddur 15. mars 1944, til rannsóknarlögreglu ríkisins og kærði þá Hlyn Guðmundsson, Þinghólsbraut 12, Kópavogi, og Einar Gíslason, Eyjahrauni 23, Þorlákshöfn, fyrir líkamsárás á tjaldstæði í þjóðgarðinum í Skaftafelli 20. júlí 1987. Í skýrslu, sem Magnús gaf hjá rannsóknarlögreglunni af þessu tilefni, kemur fram, að hann hafi verið í tjaldi ásamt sambýliskonu sinni, Birnu, dóttur hennar, Ingibjörgu, og eiginmanni Ingibjargar, Guðlaugi. Þau hafi drukkið „irish coffee". Komu þá tveir menn óboðnir inn í tjaldið og voru að sögn Magnúsar með áfengi og sýnilega ölvaðir. Síðar kvaðst hann hafa farið út úr tjaldinu með Ingibjörgu, en er hann var á leiðinni í tjald þeirra Birnu, hafi mennirnir varnað honum að komast þangað og verið með ljótt orðbragð. Magnús kvaðst þá hafa stjakað við Einari, en þá hafi Hlynur sparkað í bakið á sér, svo að hann féll við. Þeir hafi síðan báðir sparkað og slegið sig í andlitið, og hafi ein tönn brotnað við það.

Hann kvaðst hafa verið fluttur til læknis á Kirkjubæjarklaustri, og lagði hann fram svohljóðandi „áverkavottorð:

21.7. '87.
Magnús Magnússon,
15.03.44 - 6273-4876,
Seljavegi 33,
Reykjavík,
sími 77133.

Magnús kveðst hafa verið staddur í þjóðgarðinum í Skaftafelli í nótt og þar hafa orðið fyrir árás tveggja manna laust f. kl. 2 aðfaranótt 21.7. '87.

Kveður hann mennina hafa sparkað í sig vinstra megin á hálsinn og hökuna og fengið a.m.k. tvö hnefahögg beint á munninn auk annarra stimpinga, við þetta fallið við, en ekki misst meðvitund. Vegna sparksins á hálsinn kom hann varla upp orði og fannst eins og hann ætlaði að kafna. Eftir þetta finnst honum rödd sín hafa breyst, á erfitt með að kyngja.

Kemur í fylgd með sambýliskonu sinni og landverði í Skaftafelli hingað um kl. 6 um morguninn þ. 21. júlí '87 til skoðunar.

Skoðun. Peysan blóðug. Hann er greinilega hás, en ekki að merkja neina kyngingarerfiðleika. Á hálsi vi. megin sér maður væga bólgu og roða, en hann er nokkuð aumur við þreifingu og sérstaklega yfir larynx vi. megin. Vi. megin yfir neðri kjálkanum er um það bil 2ja cm langt sár, sem gapir og þarf greinilega að sauma. Við ath. á munni sér maður, að hann er með gervitennur í báðum gómum og ein tönn brotin úr efri gómi hæ. megin. Annars ekkert ath.-vert að sjá í munni og koki.

Við ath. á brjóstkassa og kvið kemur (sic) í ljós rétt ofan við crista iliaca 2 nýlegir marblettir, þar sem hann er aumur við þreifingu og lat. f. miðjum brjóstkassa vi. megin rauð rák sem merki um nýlegt mar.

Hlustun á hjarta og lungum er eðlileg, og sjúkl. er ekki aumur við þrýsting y. rifbeinum.

Gert er að sárinu í kjálkanum. Þar er deyft og sett í 3 spor. Hafi sjúkl. áframhaldandi óþægindi frá barkakýli, þ.e.a.s. hæsi og eymsli, er honum bent á að hafa samb. við hne-lækni fljótlega til mats á hugsanlegum áverka þar. Ógerlegt er að segja, hvort sjúkl. komi til með að hafa einhver óþægindi frá þessum áverka í framtíðinni.

Virðingarfyllst,
Guðmundur Olgeirsson, settur
heilsugæslulæknir,
Kirkjubæjarklaustri".

Lögð hefur verið fram í ljósriti skýrsla lögreglunnar í Austur-Skaftafellssýslu, dags. 21. júlí. Þar kemur fram, að lögreglan á Höfn í Hornafirði

var kölluð á vettvang og að lögreglumenn hittu þar Magnús, Birnu, Ingibjörgu og Guðlaug þá um nóttina. Samkvæmt skýrslunni voru þau mjög æst ,,og greinilega undir áhrifum áfengis nema Guðlaugur". Er haft eftir þeim, að þeir ákærði og Einar hafi elt Birnu að tjaldi þeirra Magnúsar, og hafi þeir viljað fara þar inn, en Birna hafi neitað því. Þá hafi þeir varnað Magnúsi inngöngu, og hafi þeir ætlað að ryðjast inn í tjaldið. Magnús hafi þá hrint Einari frá, en þá hafi ákærði sparkað undir hökuna á Magnúsi, sem féll við það. Þegar hann hafi ætlað að rísa upp, hafi ákærði slegið hann í andlitið, en við það hafi tönn brotnað. Þá hafi ákærði hótað frekari barsmíð.

Um kl. 11.00 næsta dag ræddu lögreglumennirnir við ákærða og Einar. Samkvæmt skýrslunni sögðust þeir hafa smakkað vín, gengið um svæðið og litið inn hjá Magnúsi. Hafi þeim verið vel tekið, en fólkið í tjaldinu hafi verið mjög ölvað, sérstaklega Magnús. Þeir hafi farið út úr tjaldinu fljótlega, eftir að Ingibjörg bað þá um það. Magnús hafi þá verið með skæting og slegið til Einars, en Einar hafi sloppið við að berja Magnús. Magnús hafi þá ráðist á ákærða, en ákærði hafi veitt honum eitt högg í sjálfsvörn, svo að Magnús féll.

Með bréfi, dags. 24. ágúst 1987, til rannsóknarlögreglu ríkisins kærir Jón Oddsson hrl. f.h. Magnúsar Magnússonar ákærða í máli þessu og Einar Gíslason fyrir grófa líkamsárás í þjóðgarðinum í Skaftafelli þann 20. júlí 1987. Eru gerðar kröfur um skaðabætur úr hendi þeirra beggja, án þess að fjárhæðir séu tilgreindar, og einnig er gerð krafa um, ,,að þeim verði refsað lögum samkvæmt".

Ákærði gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins 7. september 1987. Kvaðst hann hafa verið staddur í þjóðgarðinum í Skaftafelli umrædda nótt, en hann var þá ferðamannabifreiðarstjóri. Einar Gíslason hafi einnig verið þar í sömu erindum. Þeir hafi ekki átt að aka fyrr en síðla næsta dag, og hafi þeir því tekið upp hvítvínsflösku og drukkið úr henni. Þeir hafi gnegið að tjaldi, og hafi þeim verið boðið inn í fortjaldið, en þar voru fyrir tvær konur og einn karlmaður, áberandi ölvuð að sögn ákærða, sérstaklega karlmaðurinn og yngri konan. Eftir að hafa setið um hríð og spjallað við fólkið, hafi þeir farið út úr tjaldinu og gengið í áttina að rútubílunum. Magnús hafi komið á eftir þeim og ráðist að Einari. Þeir hafi eitthvað tuskast, en Einar hafi komist hjá að slá Magnús. Ákærði kvaðst hafa staðið álengdar og fylgst með. Er þeir Magnús og Einar bárust þangað, kvaðst ákærði hafa ætlað að ganga frá, og hafi hann lyft fótunum hátt, þar sem grasið var blautt. Magnús hafi þá snúið sér snöggt að ákærða og spurt, hvort hann ætlaði að læðast aftan að sér. Sagði ákærði, að hann hefði ráðist á sig með barsmíðum. Ákærði kvaðst þá hafa slegið til Magnúsar með krepptum hnefa, og hefði höggið lent í andliti hans. Hefði

Magnús fallið í jörðina við þetta og ekki hreyft sig um stund. Ákærði kvaðst „ekki hafa ætlað sér að berja Magnús í andlitið, og því hafi þetta fremur verið óviljandi en gert af ráðnum hug". Allra síst hefði hann haft í huga að veita Magnúsi áverka. Ákærði neitaði því að hafa sparkað í höku Magnúsar. Hann hefði aðeins slegið Magnús eitt hnefahögg. Magnús hefði einn átt upptökin að þessum áflogum.

Einar Gíslason gaf skýrslu hjá lögreglunni sama dag og ákærði gaf þar skýrslu. Hann segir, að þeir ákærði hafi dreypt á hvítvíninu umrædda nótt, og hafi þeir farið að tjaldi, þar sem gleðskapur var. Fólkið hafi tekið þeim vel, og hafi þeir sest inn í fortjaldið og rabbað við fólkið í allt að eina klukkustund. Vel hafi farið á með þeim að öðru leyti en því, að Magnús hafi verið með einhver ónot í þeirra garð, en þeir hafi látið það fram hjá sér fara. Er þeir yfirgáfu tjaldið og héldu til rútubílanna, hafi Magnús komið á eftir þeim og ráðist á sig. Hann kvaðst hafa vikið sér undan barsmíðum Magnúsar og ekki lagt að honum á nokkurn hátt. Magnús hafi svo skyndilega snúið sér að ákærða og slegið til hans. Ákærði hafi slegið Magnús eitt högg í andlitið, og við það hafi Magnús hrasað og legið í jörðinni á eftir.

Ákærði skýrði svo frá málsatvikum, er hann kom fyrir dóm 27. nóvember 1989, að Magnús hefði elt þá Einar, er þeir gengu frá tjaldinu, sem þeir höfðu verið í hjá fólkinu, og hefði Magnús ráðist á Einar. Þeir hefðu tuskast eitthvað, en leikurinn hefði borist í áttina til sín. Magnús hefði þá rokið á sig og margreynt að kýla sig, en hann hefði aðeins hitt lauslega utan í kinnina. Ákærði kvaðst þá hafa rekið Magnúsi högg án þess að hafa ætlað að slá hann í andlitið, og fannst honum höggið lenda á höku Magnúsar. Magnús hefði rotast, en ekki kvaðst ákærði hafa séð á honum neina áverka. Þeir Einar hefðu gengið til bílanna. Lögreglan hefði komið á staðinn, en ekki hefðu verið teknar skýrslur af þeim Einari fyrr en morguninn eftir. Ákærði neitaði því með öllu að hafa sparkað í andlit Magnúsar. Ekki gat ákærði sagt til um það, hvort Magnús meiddist í átökunum við Einar. Þá neitaði ákærði því að hafa verið með nokkur illindi við Magnús eða fólkið í tjaldinu. Magnús hefði hins vegar verið með ljótt orðbragð, sérstaklega um rútubílstjóra, og hefði það byrjað strax inni í tjaldinu. Þeir Einar hefðu alls ekki verið með ljótt orðbragð, og það væri hreinn tilbúningur, að þeir hefðu varnað Magnúsi inngöngu í tjald sitt. Ákærði kvaðst ekki hafa drukkið neitt sterkara en hvítvín. Hann hefði ekki verið drukkinn og nánast ekkert fundið á sér.

Magnús Magnússon hefur skýrt svo frá fyrir dóminum, að þeir ákærði og Einar hafi ruðst inn í tjaldið til þeirra, þar sem þau Birna og Ingibjörg sátu og töluðu saman. Mennirnir hafi ekki virst vera drukknir, en þeir hafi verið undarlegir, með „stæla", látalæti og frekju. Þau hafi síðan öll farið

út úr tjaldinu, hann hafi farið með Ingibjörgu, er hún þurfti að skreppa afsíðis, en Birna hafi farið í tjald þeirra, og hafi mennirnir elt hana þangað. Þeir hafi svo setið fyrir honum við tjaldið, og hafi þeir ekki ætlað að leyfa honum að fara inn í það. Magnús kvaðst hafa hrint Einari frá sér, en ákærði hafi þá sparkað upp í hálsinn á sér. Við það hafi hann dottið niður, misst málið, og upp úr sér hafi komið blóð. Þegar hann hafi ætlað að standa upp aftur, hafi hann verið kýldur, og Einar hafi sparkað í síðuna á sér. Þegar hann hafi svo staðið upp aftur, hafi ákærði kýlt sig á „kjaftinn", en við það hafi tanngarður sinn brotnað. Ingibjörg hafi tekið eftir þessu, og hafi hún komið út og öskrað á þá og spurt, hvað þeir meintu, og þeir skyldu gjöra svo vel að láta hann vera. Þá hafi mennirnir ráðist á hana, annar hafi rifið í hárið á henni, en ákærði hafi tekið í handlegginn.

Ekki bar Magnúsi og ákærða saman um það, hvar þessi átök áttu sér stað. Ákærði hélt því fram, að átökin hefðu átt sér stað miðs vegar milli tjaldanna og bifreiðanna, þó heldur nær tjöldunum, en Magnús sagði, að þeir hefðu aldrei farið út af svæðinu eða að bílunum. Átökin hefðu farið fram rétt við tjöldin.

Vitnið Birna Einarsdóttir hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að er þau Ingibjörg og Magnús fóru frá, hafi ákærði og Einar komið á eftir henni, er hún fór inn í tjald þeirra Magnúsar, og spurt, hvort þeir mættu koma inn í tjaldið. Hún hefði neitað því og sagt þeim að reyna að koma sér í burtu. Stuttri stundu síðar hefði hún orðið vör við, að Magnús og Ingibjörg voru komin aftur og að Ingibjörg fór inn í sitt tjald. Fljótlega hefði hún áttað sig á því, að staðið var í vegi fyrir Magnúsi, er hann ætlaði inn í tjald þeirra, og hefði mennirnir aftrað honum frá því að komast inn í tjaldið. Mennirnir hefðu verið með ljótt og niðrandi orðbragð og hlegið, en fljótlega hefði hún orðið vör við stimpingar úti fyrir. Hún kvaðst síðan hafa ætlað að fara út að sækja Magnús, en þá hefði hún heyrt, að Ingibjörg kom út úr sínu tjaldi, og hefði hún sagt: „Hvern andskotann eruð þið að gera?" Þá hefðu mennirnir verið búnir að lemja Magnús, og hefði hann legið í valnum. Bæði tjöldin hefðu snúið í suðurátt, en Magnús hefði legið á milli tjaldanna, og hefði hann verið að spýta út úr sér tönn, er hún kom út.

Vitnið Ingibjörg Ingadóttir hefur skýrt svo frá, að hún hafi setið í tjaldinu ásamt móður sinni og Magnúsi, er tveir menn komu þar að og spurðu, hvort þeir mættu koma inn. Hún hefði neitað því, en þeir hefðu samt komið inn. Hún hefði ekki viljað hafa þá og beðið þá að fara. Hún hefði svo þurft að fara út, og hefðu þeir þá vikið úr vegi fyrir henni og farið út úr tjaldinu. Hún hefði svo sagt, að hún vildi fara aftur inn í sitt tjald, en móðir hennar þá verið komin inn í tjald þeirra Magnúsar. Hún hefði

heyrt í mönnunum, og hefðu þeir viljað fara inn í tjaldið til móður hennar. Magnús hefði beðið þá að fara, en rútur þeirra hefðu verið í u.þ.b. 200 m fjarlægð. Síðan hefði hún heyrt púst, og hefði hún hrokkið upp við, að henni fannst vera byrjuð slagsmál. Hún hefði risið upp og séð úr tjaldinu, að Magnús datt niður við högg, og þegar hún kom út úr tjaldinu, hefði Magnús haldið á tönninni í alblóðugri hendinni. Þeir hefðu verið í u.þ.b. 20 skrefa fjarlægð frá tjöldunum. Hún hefði orðið mjög æst og hrædd, en stærri maðurinn hefði einnig lagt hendur á hana með því að rífa í hárið á henni.

Vitnið Guðlaugur Þór Böðvarsson hefur skýrt svo frá, að hann hafi farið að sofa inni í tjaldinu, en kona sín, Birna, og Magnús hafi setið í fortjaldinu. Hann kvaðst hafa vaknað við mannamál, er menn ruddust inn í tjaldið. Engin illindi hefðu verið, þeir hefðu virst elskulegir menn, en voru þó ýtnir. Hann hefði heyrt, að kona sín þurfti að komast út, og hefði hún imprað á því oftar en einu sinni, en hún hefði ekki komist út, nema mennirnir færu. Síðan hefði liðið dálítil stund, þar til þau fóru út. Hann kvaðst svo hafa farið út úr tjaldinu, er hann heyrði, að þar voru stimpingar. Magnús hefði þá legið í jörðinni og verið að rísa upp. Hann hefði legið aðeins á hægri hönd frá tjaldi þeirra Ingibjargar, en til hliðar við tjald þeirra Birnu og Magnúsar.

Vitnið Einar Gíslason hefur gefið skýrslu fyrir dómi, og kannaðist hann þá við að hafa farið inn í tjaldið til fólksins og spjallað við það. Er líða tók á kvöldið, hefðu orðið þar einhver leiðindi, og hefðu þeir ákærði þá farið að tygja sig til brottfarar. Þeir hefðu verið komnir upp fyrir tjald, er Magnús kom á eftir þeim, og hefði hann byrjað að slá til sín, en honum hefði tekist að víkja sér undan, og hefði hann alveg sloppið við að lenda í nokkrum átökum við Magnús. Magnús hefði þá vikið sér að ákærða, og bandaði ákærði honum frá sér, og orðaði vitnið það svo, að ákærði hefði „sjálfsagt gefið honum högg". Þeir hefðu verið komnir norður fyrir tjaldið, en op þess hefði snúið í suður. Magnús hefði komið á eftir þeim í beinu framhaldi af því, að þeir fóru út úr tjaldinu. Vitnið kannaðist ekki við, að þeir ákærði hefðu varnað Magnúsi að komast inn í tjaldið, taldi það fráleitt, en þeir hefðu ekki varnað honum eins eða neins. Vitnið kannaðist ekki heldur við að hafa sparkað í Magnús og taldi það alveg fráleitt. Hann kvaðst hafa fylgst með því, að ákærði veitti Magnúsi aðeins eitt högg, en ekki gat hann sagt til um, hvar það högg lenti. Hann hefði þó séð blóð á Magnúsi, eins og vör hefði sprungið eða eitthvað svoleiðis. Hvorugur þeirra ákærða hefði veist að Magnúsi, eftir að hann féll. Magnús hefði greinilega verið mjög drukkinn.

Í málinu hefur verið lagt fram áverkavottorð, dags. 13. október 1987, svohljóðandi:

„Vegna Magnúsar Magnússonar, nnr. 6273-4876,
Seljavegi 33, Reykjavík, f. 15.3. '44.

Magnús leitaði fyrst til mín 24.7 1987 á slysadeild Borgarspítala vegna hæsi og vissra öndunarörðugleika. Hann skýrði frá því, að þann 19.7. hefði verið ráðist á hann, þar sem hann lá inni í tjaldi, og barið í andlit og sparkað í háls og höku. Samstundis fékk hann hæsi og hóstaði upp blóði, fékk skurðsár vinstra megin á neðri kjálka, —farið með hann til læknis á Kirkjubæjarklaustri, þar sem skurður var saumaður. Ekki tókst að meta barka eða barkakýli. Var ráðlagt að leita hingað vegna hæsinnar.

Við skoðun þann 24.7. var saumur að gróa vinstra megin á neðri kjálka, eymsli voru neðan hægri kjálkaliðar. Ein tönn var brotin vinstra megin úr prótesu í efri gómi. Við skoðun á barka og koki kom í ljós mikil bólga ofan vinstra raddbands og við aftari festu þess og blæðing í svonefnt falska raddband. Vinstra raddband var lamað í miðlínu, en hægra hreyfðist eðlilega.

Sjúklingur fékk meðferð með prednisolon og penicillíni og síðan meðferð hjá Bryndísi Guðmundsdóttir talmeinafræðingi.

Við skoðun þann 11.8. sást ennþá sár með skán aftast á falska raddbandinu vinstra megin, en bæði raddböndin hreyfðust þá orðið eðlilega. Röntgenmynd af neðri kjálka sýndi þverbrot gegnum háls á neðri kjálkanum hægra megin, engin tilfærsla á brotum og því ekki ástæða til neinnar meðferðar. Sjúklingur hafði ennþá eymsli í kjálkanum. Við skoðun þann 10.9. kom í ljós eðlileg hreyfing raddbanda og sár gróin, en ennþá eymsli í kjálkanum. Sjúklingur kvartar yfir, að hann hafi ekki fengið söngrödd aftur. Þennan hlut er erfitt að meta, en mögulegt, að áverkinn á aftari festu raddbandsins geti spilað þar inn í (sic). Sjúklingi ráðlagt að fá enn frekari meðferð hjá Bryndísi Guðmundsdóttur talmeinafræðingi vegna þessa.

Virðingarfyllst,
Hannes Hjartarson læknir."

Einnig hefur verið lagt fram áverkavottorð, dags. 27. október 1987, svohljóðandi:

„Vegna Magnúsar Magnússonar, f. 15.3. '44, 6273-4876,
Seljavegi 33.

Magnús Magnússon leitaði til mín vegna tilvísunar frá Hannesi Hjartarsyni háls-, nef- og eyrnalækni á Borgarspítala.

Magnús kom fyrst 28.7. '87 og síðan reglulega 1 - 2 sinnum í viku fram í ágústlok.

Í upphafi var rödd mjög rám, tónsvið takmarkað og raddhljómur óeðlilegur vegna raddbandalömunar öðrum megin.

Unnið var að styrkingu raddar, og aðferðir, sem höfðu í för með sér betri hreyfingu og lokun raddbanda, voru nýttar.

Samhliða raddþjálfun gekk lömun á öðru raddbandi til baka, en tónsvið er ennþá takmarkað, sem má hugsanlega rekja til áverka á aftari festu raddbands, svo að hreyfing á því er takmörkuð.

Hannes Hjartarson hefur mælt með frekari meðferð, sem verður að taka mið af getu sjúklings til að koma (frí úr vinnu).

Virðingarfyllst,
Bryndís Guðmundsdóttir,
talmeinafræðingur, M.A.“

Dómarinn leitaði álits Hannesar Hjartarsonar læknis á því, hvort unnt væri að segja til um, hvort Magnús hefði hlotið þá áverka, sem lýst er í vottorði læknisins, af einu höggi. Svar læknisins, dags. 30.5. 1990, er svohljóðandi:

„Vísa til áður útgefinna vottorða vegna þessa máls. Þann 19.7. '87 var ráðist á sjúkl. inni í tjaldi, var barinn í andlit og sparkað í háls og höku. Samstundis fékk hann hæsi, missti röddina, hóstaði upp blóði og fékk skurðsár vinstra megin á neðri kjálka. Skurður saumaður hjá heilusgæslulækni á Kirkjubæjarklaustri, en ekki tókst að skoða í barka og því sendur hingað til bráðrar skoðunar.

Við skoðun þann 24.7. er hann mjög hás, brotið úr tönn vi. megin í prótesu í efri gómi, mikil bólga kringum ary-brjósk vi. megin, sem er efsta brjósk í barkakýli, og blæðing inni í falska raddbandinu, lamað vinstra raddband. Seinna meir komu í ljós áframhaldandi eymsli í neðri kjálka, þar sem tekin var röntgenmynd, sem sýndi, að þar hafði orðið brot, sem ekki hafði greinst í byrjun. Á nokkrum mánuðum gekk lömun í vinstra raddbandi að mestu leyti til baka, en eftir stóð lömun í einni taugagrein, sem heitir nvervus laryngeus superior og sér um endanlega strekkingu raddbanda og kemur þannig inn í hljómmyndun. Þetta orsakar hjá sjúkl., að hann hefur ekki sama raddhljóm og áður og á þann hátt til að mynda misst söngrödd, sem er vel þekkt fyrirbæri samfara lömun á þessari taug. Augljóst er, að sjúkl. hefur fengið a.m.k. 2 högg á líkamann, annars vegar höggið á neðri kjálkann, sem orsakað hefur brot á neðri kjálkanum, og sárskurð á hökuna, og jafnframt hefur það högg væntanlega brotið úr tönn í prótesu. Jafnframt hefur hann fengið högg á barkakýlið, sem orsakað hefur lömun á tveimur taugum, sem stjórna hreyfingum raddbandsins, svo og blæðingu inn í barkakýlið, lömun í annarri tauginni hefur gengið til baka, en ekki hinni og mun ekki breytast úr þessu.

Virðingarfyllst,
Hannes Hjartarson læknir, hne-deild Borgarspítalans.“

Lögð hefur verið fram svohljóðandi:

„skaðabótakrafa
í líkamsárásarmálinu:
Magnús Magnússon
gegn
Einari Gíslasyni
og Hlyni Guðmundssyni.

Ég geri eftirfarandi skaðabótakröfu á hendur áðurgreindum mönnum in solidum og legg fram með kröfu þessari:

1. launamiða tjónþola fyrir árið 1987,
2. vottorð Konráðs Sigurðssonar læknis,
3. vottorð Jóns S. Snæbjörnssonar tannlæknis,
4. staðfestingu Bryndísar Guðmundsdóttur talmeinafræðings um útlagðan kostnað,
5. kvittun frá slysadeild Borgarspítala.

Skaðabótakrafa umbjóðanda míns sundurliðast nú svo:

1.	Tapaðar vinnutekjur (200787-310887)	kr.	55.869
2.	Sjúkradagpeningar til frádráttar	kr.	-13.587
3.	Miskabætur	kr.	500.000
4.	Vextir frá 200887-220389	kr.	280.977
5.	Útlagt vegna raddþjálfunar og vegna slysadeildar Borgarspítala	kr.	2.010
6.	Föt	kr.	5.000
7.	Tanngómur	kr.	27.850
8.	Málskostnaður skv. gjaldskrá LMFÍ	kr.	54.377
9.	Söluskattur (12%)	kr.	6.525
		Samtals kr.	919.021

Einstakir kröfuliðir skýra sig að mestu leyti sjálfir. Vextir eru miðaðir við meðaltal óverðtryggðra útlánsvaxta, eins og Seðlabanki auglýsir hverju sinni. Vextir eru lagðir við höfuðstól 200888. Sjúkradagpeningar eru ákveðnir af Tryggingastofnun ríkisins og voru kr. 323,54 í 42 daga. Verð fata er áætlað, en íþróttagalli tjónþola gjöreyðilagðist af blóðslettum við árásina.

Reykjavík, 22. mars 1989.
F.h. Magnúsar Magnússonar,
Bergsteinn Georgsson hdl.“

Af hálfu ákærða eru gerðar þær kröfur aðallega, að ákvörðun um refsingu ákærða verði frestað skilorðsbundið, en til vara, að hann hljóti vægustu refsingu, sem lög leyfa, og að refsing verði skilorðsbundin.

Þá er gerð krafa um, að skaðabótakröfum verði vísað frá dómi eða bótagreiðslum verði í hóf stillt, - loks, að skipuðum verjanda verði tildæmd hæfileg málsvarnarlaun.

Því er haldið fram af hálfu ákærða, að hann hafi einungis veitt Magnúsi eitt högg, er hafi lent á andliti Magnúsar. Ósannað sé, að ákærði hafi veitt honum áverka á hálsi. Þeir ákærði og Einar Gíslason hafi báðir lent í ryskingum við Magnús, og því sé útilokað að sakfella einungis ákærða fyrir áverkana, sem Magnús hlaut við þær.

Ákærði hefur hafnað greiðslu bóta, þar sem hann telur sig ekki bera ábyrgð á tjóni vegna hálsáverka á Magnúsi. Tjón vegna annars telur hann ósannað, en Magnús hafi ekki orðið óvinnufær vegna áverka á kjálka eða tannbrots, og ekki hafi hann sýnt fram á, að hann hafi orðið fyrir útgjöldum vegna þessa.

Niðurstöður.

Framburði ákærða og Einars Gíslasonar fyrir dómi ber saman um, að Einar hafi hvorki lent í átökum við Magnús Magnússon né hafi hann slegið Magnús. Magnús hefur borið fyrir dómi, að ákærði hafi sparkað í hálsinn á sér og slegið sig í andlitið, en Einar hafi sparkað í síðuna á sér. Ákærði hefur viðurkennt að hafa slegið Magnús í andlitið. Með vísan til þessa svo og vottorðs Hannesar Hjartarsonar læknis, dags. 30. maí sl., þar sem fram kemur, að áverkar á Magnúsi eftir átökin við ákærða eru til komnir vegna 2ja högga, annars vegar á kjálka og hins vegar á barkakýli, þykir sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er að sök gefin í ákæruskjali, að öðru leyti en því, að ósannað þykir, að ákærði hafi veitt Magnúsi fleiri en eitt hnefahögg og eitt spark.

Brot ákærða þykir réttilega heimfært til refsilagaákvæðis.

Ákærði er sakhæfur og hefur sætt refsingum sem hér segir:

1989 4/11 Sakadómur Reykjavíkur. Nr. 2932. Sátt: 4.000 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfl.

Refsingu ákærða ber að ákveða sem hegningarauka, en brotið er framið, áður en ofangreind dómsátt var gerð í sakadómi Reykjavíkur. Þykir refsingin hæfilega ákveðin með vísan til þess refsilagaákvæðis, sem sakfellt er fyrir, fangelsi í 3 mánuði, en rétt þykir að fresta fullnustu refsingar í 3 ár frá birtingu dómsins að telja, og falli hún niður að þeim tíma liðnum, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 haldið.

Skaðabótakröfu á hendur Einari Gíslasyni er vísað frá dómi, enda er málið ekki höfðað gegn honum.

Ekki þykir ástæða til að vísa bótakröfu Magnúsar Magnússonar á hendur ákærða frá dómi, enda verður að telja hana rökstudda með fullnægjandi

hætti. Þykja bætur hæfilega ákveðnar kr. 150.000 auk vaxta frá 20. ágúst 1987 af þeirri fjárhæð, sem eru jafnháir og vegið meðaltal ársávöxtunar af nýjum almennum útlánum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum, sbr. 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sem var í gildi á þeim tíma, og greiðast vextir til 22. mars 1989, eins og krafist er, en vextir leggjast við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 20. ágúst 1988.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þ.m.t. málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Stefáns Pálssonar hrl., sem þykja hæfilega ákveðin kr. 68.000, en þau eru ákveðin án virðisaukaskatts.

Dóm þennan kvað upp Sigríður Ingvarsdóttir héraðsdómari, sem fékk málið til meðferðar 3. október sl.

Dómsorð:

Ákærði, Hlynur Guðmundsson, sæti fangelsi í 3 mánuði, en fresta skal fullnustu refsingar, og niður skal hún falla að þremur árum liðnum frá birtingu dómsins að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði greiði Magnúsi Magnússyni í skaðabætur kr. 150.000 ásamt vöxtum frá 20. ágúst 1987, jafnháum vegnu meðaltali ársávöxtunar á nýjum almennum útlánum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum, til 22. mars 1989, en vextir leggjast við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 20. ágúst 1988.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Stefáns Pálssonar hrl., kr. 68.000.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 2. maí 1991.

Nr. 488/1990. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Bjarna Leifi Péturssyni
(Páll Arnór Pálsson hrl.).

Þjófnaður. Tilraun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Jónsson.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 18. desember 1990, en jafnframt af hálfu ákæruvalds til þyngingar á refsingu.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir bera að staðfesta hann.

Dæma skal ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Bjarni Leifur Pétursson, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 23. nóvember 1990.

Ár 1990, föstudaginn 23. nóvember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jónasi Jóhannssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 626-627/1990: Ákæruvaldið gegn Bjarna Leifi Péturssyni og X, sem tekið var til dóms sama dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 15. október, á hendur ákærðu, Bjarna Leifi Péturssyni, refsifanga, til lögheimilis að Snorrabraut 35, Reykjavík, kt. 150658-2419, og X [...] „fyrir tilraun til þjófnaðar með því að hafa aðfaranótt laugardagsins 7. apríl 1990 brotist

í þjófnaðarskyni inn í verslunina Dalver, Dalbraut 3, Reykjavík, en lögreglumenn komu að þeim á vettvangi.

Telst þetta varða við 244. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Málavextir.

Aðfaranótt laugardagsins 7. apríl síðastliðinn kl. 3.25 barst lögreglunni í Reykjavík tilkynning um innbrot í kjörbúðina Dalver, Dalbraut 3 hér í borg. Boðin bárust lögreglumönnunum Birgi Straumfjörð Jóhannssyni og Guðlaugi Einarssyni, þar sem þeir voru í eftirlitsferð um Sætún á móts við Laugarnestanga. Héldu lögreglumennirnir þegar á vettvang. Er þangað kom, lögðu þeir lögreglubifreið sinni fyrir framan búðina. Birgir stóð síðan vakt við framhlið hússins, meðan Guðlaugur gekk aftur fyrir. Á austurhlið hússins sá Guðlaugur fólk úti í glugga á annarri hæð, sem benti á bakdyr verslunarinnar. Dyrnar voru lokaðar, en greinilegt var, að hurðin hafði verið spennt upp. Því ákvað Guðlaugur að fara ekki inn, heldur kalla eftir liðsauka. Kom síðan Jóhannes Sturla Guðjónsson lögreglumaður á staðinn við annan mann. Fóru þeir þrír inn um bakdyrnar og handtóku ákærðu, Bjarna Leif og X, inni á salerni, sem þar er.

Samkvæmt frumskýrslu Jóhannesar um málið voru ákærðu greinilega undir áhrifum einhverra vímuefna. Af ummerkjum á vettvangi að dæma virtust þeir ekki hafa verið búnir að vera lengi inni í búðinni, þar sem allt var óhreyft. Á gólfi fundu lögreglumennirnir brúna leðurtösku, sem í voru hárkolla, vasaljós, gúmmíhanskar, plastpokar og hálf brennivínsflaska. Þá lá kúbein á gólfinu.

Ákærðu voru yfirheyrðir af RLR skömmu eftir hádegi sama dag eftir dvöl í fangageymslu. Ákærði Bjarni Leifur viðurkenndi þá aðild sína að innbroti í verslunina. Kvað hann þá félaga hafa gengið fram hjá versluninni, er þeim datt í hug að brjótast þar inn og stela peningum. Ekki mundi ákærði, hvernig þeir komust inn, en minnti, að hann hefði spennt upp hurð með kúbeini. Skömmu eftir að inn kom, hefðu ákærðu orðið varir við lögregluna, og földu þeir sig þá inni á salerni. Ákærði kannaðist ekki við tösku þá, sem lögreglan fann á vettvangi, en kvað meðákærða, X, hljóta að hafa verið með hana. Tók ákærði sérstaklega fram, að hann hefði umrædda nótt verið undir miklum áhrifum áfengis og lyfja og minni sitt skert af þeim sökum.

Ákærði X neitaði hins vegar aðild að innbroti í verslunina. Kvaðst ákærði oft fara inn í ruslageymslur til að sofa og kvað afar líklegt, að hann hefði umrædda nótt komið að opnum dyrum verslunarinnar. Sökum

mikillar óreglu mundi ákærði þó lítið eftir sér og kannaðist hvorki við ætlað innbrot né að hafa verið í fylgd meðákærða, Bjarna Leifs, um nóttina. Þá kannaðist ákærði ekki heldur við framangreinda leðurtösku.

Hér fyrir dómi hefur ákærði X haldið fast við framburð sinn og neitað því að hafa farið inn í verslunina Dalver í þjófnaðarskyni. Hefur ákærði skýrt svo frá, að þeir félagar hafi verið að koma frá heimili Í á Kleppsvegi, er þeir „gengu fram á einhvern kofa". Voru dyr hans opnar upp á gátt. Þar sem ákærða var mál að pissa, hefði hann gengið inn um dyrnar, enda vildi hann ekki kasta af sér vatni úti og eiga þannig á hættu að vera álitinn strípalingur. Jafnframt kvað ákærði sér hafa dottið í hug að leggja sig inni í húsinu, enda kalt um nóttina og hann heimilislaus. Ekki vissi ákærði, hve lengi hann hafði verið inni, er lögreglan kom á vettvang. Fékk hann síðan að vita daginn eftir, að hann hefði verið handtekinn í bakhúsi einhverrar verslunar.

Ákærði Bjarni Leifur hefur neitað sök fyrir dómi og borið, að hann hafi ekki farið inn í verslunina í þjófnaðarskyni. Hefur ákærði annars skýrt svo frá, að þeir félagar hafi ætlað heim til Í að Kleppsvegi. Er þangað kom, hefði Í ekki svarað, og ákváðu þeir þá að ganga niður í miðbæ Reykjavíkur. Er þeir fóru fram hjá húsinu nr. 3 við Dalbraut, kvaðst ákærði hafa séð, að bakdyr verslunarinnar Dalvers voru opnar. Þar sem ákærði þurfti nauðsynlega að kasta af sér vatni, fór hann inn í búðina og gekk rakleitt inn á salerni, sem þar er. Fór meðákærði með honum inn. Ákærði hafði síðan nýlokið við að pissa, er lögreglan kom á vettvang og handtók þá félaga. Sem fyrr kannaðist ákærði ekkert við leðurtöskuna, sem fannst á vettvangi.

Ákærði gat þess, að hann hefði verið búinn að neyta þó nokkurs áfengis umrædda nótt svo og hass og amfetamíns undanfarandi sólarhring. Kvaðst ákærði enn hafa verið undir áhrifum þessara vímugjafa við yfirheyrsluna hjá RLR u.þ.b. 9 klst. síðar. Hefði hann því ekki verið skýrsluhæfur. Ákærði neitaði þó ekki að hafa borið á þann veg, sem hann gerði við yfirheyrsluna, og kannaðist við nafnritun sína á framburðarskýrsluna.

Vegna framburðar ákærðu hafa ofangreindir lögreglumenn komið fyrir dóm og staðfest þátt sinn í frumrannsókn málsins. Þá hafa Benedikt Helgi Benediktsson rannsóknarlögreglumaður og Gunnvör Björnsdóttir fangavörður komið fyrir dóm, en Benedikt yfirheyrði ákærðu eftir handtökuna, og vottaði Gunnvör nafnritun þeirra á framburðarskýrslur. Benedikt kvaðst ekki muna sérstaklega eftir yfirheyrslunni yfir ákærða Bjarna Leifi, enda hefði hann oft rætt við ákærða. Vitnið minnti, að ákærði hefði á umræddum tíma verið í mikilli óreglu, en tók sérstaklega fram, að það myndi aldrei hafa yfirheyrt ákærða, vitandi, að hann væri undir áhrifum einhverra vímuefna. Gunnvör kvaðst hafa verið kölluð til, eftir að yfirheyrslu lauk,

og vottaði því aðeins undirritun ákærða Bjarna Leifs. Mundi vitnið ekkert eftir ástandi ákærða umrætt sinn. Loks hafa verið kvödd fyrir dóm vitnin Kolbrún Finnsdóttir, kt. 131047-2909, og Davíð Gunnarsson, kt. 100656-0009. Verður nú gerð grein fyrir framburði þeirra.

Kolbrún Finnsdóttir hefur skýrt frá því, að hún hafi umrædda nótt vaknað við mikinn skarkala í kjörbúðinni Dalveri, en Kolbrún býr á næstu hæð fyrir ofan verslunina. Vitnið kveðst hafa vakið eiginmann sinn, Snorra Ingimarsson, og beðið hann að hringja á lögregluna. Vitnið leit síðan út um glugga íbúðarinnar og sá til mannaferða inni í versluninni. Um tveimur mínútum síðar kom lögreglan á vettvang, og sá vitnið, er hún leiddi tvo menn út úr versluninni.

Davíð Gunnarsson, Karfavogi 27, Reykjavík, kveðst hafa verið kallaður á vettvang umrædda nótt, en Davíð er eigandi kjörbúðarinnar. Vitnið kvað ekki hafa verið hróflað við neinu inni í búðinni og ekkert skemmt, ef frá er talin bakdyrahurð á austurhlið hússins, en þar hafði dyrakarmur verið brotinn upp. Vitnið fullyrti, að leðurtaska sú, sem lögreglan fann á vettvangi, hefði ekki verið þar við lokun búðarinnar kvöldið áður.

Niðurstaða.

Svo sem áður er rakið, kom lögreglan að ákærðu inni á salerni kjörbúðarinnar Dalvers aðfaranótt laugardagsins 7. apríl síðastliðinn. Hafði henni skömmu áður (kl. 3.25) borist tilkynning um innbrot í verslunina. Á vettvangi fannst brún leðurtaska, sem í voru hárkolla, vasaljós, gúmmíhanskar, plastpokar og brennivínsflaska. Þá lá kúbein á búðargólfinu. Ekki hafði verið hróflað við neinu í búðinni og ekkert skemmt annað en bakhurð á austurhlið hússins, sem hafði verið spennt upp. Þar var dyrakarmur brotinn. Ákærðu, sem bersýnilega voru undir áhrifum einhverra vímuefna, voru færðir í fangageymslu.

Ákærði Bjarni Leifur viðurkenndi við yfirheyrslu hjá RLR um hádegisbil sama dag að hafa í félagi við meðákærða, X, brotist inn í kjörbúðina til að stela peningum. Minnti ákærða, að hann hefði spennt upp hurð á versluninni með kúbeini. Skömmu eftir að inn kom, hefðu þeir félagar orðið lögreglunnar varir og þá falið sig inni á salerni. Ákærði X neitaði hins vegar sök í málinu og kvað líklegt, að hann hefði komið að dyrum búðarinnar opnum og farið þar inn til að sofa. Báðir kváðust ákærðu hafa verið undir miklum áhrifum vímuefna umrædda nótt og kváðu minni sitt skert af þeim sökum. Þannig mundi X ekki eftir því að hafa verið með Bjarna Leifi um nóttina.

Fyrir dómi hafa ákærðu báðir neitað sök og borið, að þeir hafi komið að bakdyrum verslunarinnar opnum og farið þar inn til að kasta af sér vatni. Þá kveðst ákærði X einnig hafa haft í hyggju að leggja sig inni í

húsinu, sem hann grunaði ekki, að væri verslunarhúsnæði. Ákærði Bjarni Leifur hefur gefið þá skýringu á játningu sinni hjá RLR, að hann hafi verið búinn að neyta þó nokkurs áfengis umrædda nótt svo og hass og amfetamíns undanfarandi sólarhring og hafi enn verið undir áhrifum þessara vímuefna við yfirheyrsluna. Hafi ákærði því ekki verið skýrsluhæfur að eigin mati. Hvorugur ákærðu hefur viljað kannast við að eiga leðurtöskuna og kúbeinið, sem lögreglan fann á gólfi verslunarinnar.

Framburður ákærðu beggja fyrir dómi um aðkomuna að kjörbúðinni umrædda nótt og tilganginn með för sinni inn í hana þykir afar ótrúverðugur, þegar litið er til annarra gagna málsins, svo sem handtöku þeirra inni í búðinni örskömmu eftir, að Kolbrún Finnsdóttir heyrði þar mikinn skarkala, skemmda, sem unnar voru á áðurnefndri bakhurð, og þeirrar staðreyndar, að taska og kúbein fundust á vettvangi, sem telja verður nánast öruggt, að ákærðu hafi verið með, enda hefur eigandi Dalvers fullyrt, að þessir hlutir hafi ekki verið í búðinni við lokun hennar kvöldið áður. Þá þykir framburður ákærða Bjarna Leifs við lögregluannsókn málsins renna stoðum undir sekt ákærðu, enda hefur hann ekki gefið haldbæra skýringu á því, af hverju hann breytti framburði sínum fyrir dómi. Með vísan til þessa og málsatvika að öðru leyti telur dómurinn sannað þrátt fyrir neitun ákærðu, að þeir hafi brotist inn í kjörbúðina Dalver í þjófnaðarskyni. Varðar þessi háttsemi ákærðu við 244. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga.

Eigandi verslunarinnar hefur ekki haft uppi skaðabótakröfu á hendur ákærðu vegna þessa atferlis þeirra.

Sakaferill ákærðu.

[Ákærði Bjarni Leifur hefur síðan 1975 sætt alls 26 refsidómum, oftast fyrir hegningarlagabrot, og 11 sinnum sæst á greiðslu sekta.]

— — —

Refsing.

Ákærðu verður báðum ákvörðuð refsing með hliðsjón af 72. og 255. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 71. gr. sömu laga, og refsing ákærða X enn fremur með hliðsjón af 78. gr. laganna. Þykir refsing ákærða Bjarna Leifs hæfilega ákveðin 4 mánaða fangelsi, en refsing ákærða X 2 mánaða fangelsi.

Sakarkostnaður.

Samkvæmt 2. mgr. 142. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74, 1974, ber að dæma ákærðu til að greiða, hvorum fyrir sig, verjanda sínum málsvarnarlaun. Ber ákærða Bjarna Leifi að greiða Páli Arnóri Pálssyni

hrl. krónur 35.000, og sömu fjárhæð greiði ákærði X verjanda sínum, Stefáni Pálssyni hrl. Annan sakarkostnað greiði ákærðu hins vegar óskipt.

Dómsorð:

Ákærði Bjarni Leifur Pétursson sæti fangelsi 4 mánuði. Ákærði X sæti fangelsi í 2 mánuði.

Ákærði Bjarni Leifur greiði skipuðum verjanda sínum, Páli Arnóri Pálssyni hrl., krónur 35.000 í málsvarnarlaun. Sömu fjárhæð greiði ákærði X verjanda sínum, Stefáni Pálssyni hrl., en annan sakarkostnað greiði ákærðu óskipt.

Föstudaginn 3. maí 1991.

Nr. 390/1989. **Hallfríður Arnarsdóttir**
(Valgeir Kristinsson hrl.)
gegn
Guðmundi Sigurðssyni
(Einar Sigurðsson hrl.).

Fjárnám fellt úr gildi. Leiðbeiningarskylda. Hjón.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason og Hjörtur Torfason og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. október 1989 að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Krefst hún þess, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði ómerkt og úr gildi felld og stefnda gert að greiða henni málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar á hinni áfrýjuðu fjárnámsgerð og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Með áskorunarstefnu, áritaðri um aðfararhæfi 12. september 1988 á bæjarþingi Reykjavíkur, var eiginmanni áfrýjanda, Jörgen Erlingssyni, Þverási 33, og þeim Jóni Ólafssyni, Hringbraut 119, og Jóhönnu Jóhannsdóttur, Melhaga 12, öllum í Reykjavík, gert að greiða stefnda óskipt skuld að fjárhæð 250.000 krónur ásamt vöxtum og málskostnaði. Var þetta skuld Jóns Ólafssonar samkvæmt skuldabréfi, sem hann hafði gefið út 17. júlí 1987 og afhent stefnda sem greiðslu á kaupverði bifreiðar, en þau Jóhanna og Jörgen voru sjálfsskuldarábyrgðarmenn á skuldabréfinu.

Að beiðni stefnda var í fógetarétti Reykjavíkur 14. nóvember 1988 gert fjárnám til tryggingar skuldinni í fasteigninni Þverási 25 í Reykjavík, sem talin var eign Jóns Ólafssonar. Gerð þessi var skrásett sem fógetaréttarmál nr. A-5769/1988: Guðmundur Sigurðsson gegn Jóni Ólafssyni, og fór fram í skrifstofu fógeta að undangenginni boðun til gerðarþolans, en að honum fjarstöddum. Endurrit af fjárnámsgerðinni var lagt fram til þinglýsingar síðar í mánuðinum. Kom þá í ljós, að gerðarþola brast þinglýsta eignarheimild að fasteigninni, og var athugasemd þess efnis rituð á endurritið við innfærslu þess í þinglýsingabók 6. desember 1988.

Hinn 12. júní 1989 ritaði stefndi beiðni til fógetaréttarins um fjárnám vegna þessarar sömu skuldar í eignum Jörgens Erlingssonar. Sama dag lýsti lögmaður stefnda því yfir með áritun á endurrit fjárnámsgerðarinnar í máli nr. A-5769/1988, að þess væri óskað, að hún yrði afmáð úr veðmálabókum. Hinn 21. sama mánaðar var þingað í því máli í skrifstofu fógeta og endurritið lagt þar fram. Var gerðarþolinn Jón Ólafsson mættur í réttinum ásamt lögmanni stefnda. Bókun um þinghaldið var gerð á prentað form í fógetabók með nokkrum útstrikunum, og varð á þessa leið:

„Aðilar urðu ásáttir um að fella niður fjárnám það, er gert var í Þverási 25 14. nóvember 1988, sem þá var talinn eign Jóns Ólafssonar. Fallið var frá virðingu. Fógeti skýrir þýðingu gerðarinnar og brýnir fyrir mættum að skýra gerðarþola frá gerðinni. ...“

Hinn 26. júní 1989 var fógetaréttur Reykjavíkur síðan haldinn á heimili áfrýjanda og eiginmanns hennar að Þverási 33 í Reykjavík og þar tekið fyrir fógetaréttarmál nr. A-4386/1989: Guðmundur Sigurðsson gegn Jörgen Erlingssyni. Lagði fógeti fram fyrrnefnda gerðarbeiðni á hendur Jörgen og fyrrnefnt endurrit fjárnámsgerðarinnar frá 14. nóvember 1988. Endurrit af þinghaldinu frá 21. júní 1989 var ekki lagt fram. Lögmaður stefnda var mættur og krafðist fjárnáms fyrir skuld gerðarþola samkvæmt áskorunarstefnunni, sem einnig lá frammi. Um framkvæmd þess skráði fógeti svofellda bókun:

„Gerðarþoli býr hér og er ekki viðstaddur, en fyrir hann mætir Hallfríður Arnarsdóttir, eiginkona gþ., sem býr hér. Áminnt um sannsögli kveðst hún ekki geta greitt. Samkv. kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætts gerir fógeti fjárnám í eign mættu að Þverási 33. Fallið var frá virðingu. Fógeti skýrir þýðingu gerðarinnar og brýnir fyrir mættum að skýra gerðarþola frá gerðinni. Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni lokið.“

Undir bókun þessa hafa lögmaður gerðarbeiðanda og áfrýjandi ritað ásamt fógeta og tveimur vottum.

Gerð sú, er fram fór í síðastnefndu þinghaldi, er hin áfrýjaða fjárnámsgerð. Endurrit af gerðinni var lagt fram til þinglýsingar 5. september 1989 og innfært 13. sama mánaðar sem veð á hinni fjárnumdu fasteign, er var þinglýst eign áfrýjanda samkvæmt afsölum, útgefnum 4. og 14. október 1988. Hinn 28. september 1989 bað

stefndi um nauðungaruppboð á fasteigninni. Áfrýjandi kveðst hafa fengið tilkynningu frá borgarfógetaembættinu í Reykjavík um þessa uppboðsbeiðni. Hafi sér þá fyrst orðið ljóst, að gert hefði verið fjárnám í fasteign sinni til tryggingar skuld eiginmannsins.

Eftir áfrýjun máls þessa var háð vitnamál á bæjarþingi Reykjavíkur að tilhlutan áfrýjanda um atvik að fjárnáminu í Þverási 33. Kom áfrýjandi fyrir dóm til skýrslugjafar ásamt lögmanni gerðarbeiðanda svo og fulltrúi yfirborgarfógeta, er gerðina hafði framkvæmt, og annar þeirra tveggja votta, er ritað höfðu nafn sitt í fógetabók. Fram kom, að hinn votturinn hafði ekki verið viðstaddur gerðina.

Kröfu sína um ómerkingu fjárnámsgerðarinnar reisir áfrýjandi meðal annars á því, að fógeti hafi látið hjá líða að leiðbeina sér um rétt sinn gagnvart gerðarbeiðanda. Hafi sér ekki verið skýrt frá því, að sér bæri ekki skylda til að benda á hjúskapareign sína til tryggingar skuld eiginmanns síns. Þá heldur áfrýjandi því fram, að gerðarbeiðandi hafi ekki átt rétt á að framkvæma gerðina fyrir þá sök, að fjárnám hans í fasteigninni Þverási 25 hafi enn verið við lýði. Í þinghaldi fógetaréttar 21. júní 1989 hafi ekki farið fram lausnargerð á því fjárnámi, er fullnægi ákvæðum 51. og 52. gr. aðfararlaga nr. 19/1887, þar sem fógeti hafi ekki gagngert lýst því yfir í þinghaldinu, að fjárnámi væri létt af eigninni.

Málsástæðum áfrýjanda er eindregið mótmælt af hálfu stefnda, og telur hann gerðir fógetaréttarins lögmætar að öllu leyti. Vísar hann meðal annars til upplýsinga, er fram komu í fyrrgreindu vitnamáli.

Við fjárnámsgerð á hendur eiginmanni áfrýjanda á heimili þeirra hjóna var fógeta skylt að veita áfrýjanda, sem er ólöglærður, nauðsynlegar leiðbeiningar um form og efni gerðarinnar, sbr. 114. og 238. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. 27. gr. laga nr. 54/1988. Var þetta sérstaklega brýnt, að því er varðaði stöðu hennar sjálfrar gagnvart þeirri kröfu gerðarbeiðanda, að bent yrði á eignir til fjárnáms, en samkvæmt 25. gr. laga nr. 20/1923 um réttindi og skyldur hjóna bar áfrýjandi ekki ábyrgð á þeirri skuld eiginmanns hennar, sem tryggja átti með fjárnáminu. Bókanir fógeta um þinghaldið 26. júní 1989 gefa á engan hátt til kynna, að þessarar skyldu hafi verið gætt, og verður gegn mótmælum

áfrýjanda að telja það ósannað. Er ekki unnt að fallast á það, eins og hér stendur á, að gagnstæðar skýringar fógeta í fyrrgreindu vitnamáli nægi til að bæta úr þeim sönnunarskorti. Vegna þessa misbrests á meðferð málsins fyrir fógetaréttinum verður að fella hina áfrýjuðu fjárnámsgerð úr gildi.

Rétt þykir eftir atvikum, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er úr gildi felld.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Reykjavíkur 26. júní 1989.

Ár 1989, mánudaginn 26. júní, er fógetaréttur Reykjavíkur settur að Þverási 33 og haldinn þar af fulltrúa yfirborgarfógeta, Þóri Hallgrímssyni, með undirrituðum vottum.

Fyrir er tekið málið A 4386/89: Guðmundur Sigurðsson gegn Jörgen Erlingssyni.

Fógeti leggur fram nr. 1, gerðarbeiðni, nr. 2, endurrit úr fógetabók Reykjavíkur, og nr. 3, aðfararhæfa áskorunarstefnu. Nr. 1 fylgir í ljósriti, nr. 2-3 í frumriti.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Jón Þórarinsson hdl. v/Einars Sigurðssonar hrl. og krefst fjárnáms fyrir kr. 250.000 með 7% ársv. frá 17.7. '87 til 20.8. '87, 3,4% mánv. af kr. 251.604 frá þ.d. til 1.9.'87, 3,5% frá þ.d. til 1.10.'87, 3,6% frá þ.d. til 1.11.'87, 3,8% frá þ.d. til 1.12.'87, 4,1% frá þ.d. til 1.1.'88, 4,3% frá þ.d. til 1.3.'88, 3,8% frá þ.d. til 1.5.'88, 3,7% frá þ.d. til 1.7.'88, 4,4% frá þ.d. til 1.8.'88, 4,7% frá þ.d. til stefnubirtingardags, en hæstu lögleyfðu drv. skv. lögum nr. 27/1987 til greiðsludags, endurrits- og birtingarkostnað, kr. ...., í stimpil- og afsagnarkostnað kr. 37.797, í málskostnað samkv. gjaldskrá LMFÍ, kr. ...., fyrir gerðarbeiðni auk kostnaðar við gerðina og eftirfarandi uppboð/innheimtuaðgerðir, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli býr hér og er ekki viðstaddur, en fyrir hann mætir Hallfríður Arnarsdóttir, eiginkona gþ., sem býr hér. Áminnt um sannsögli kveðst hún ekki geta greitt.

Samkv. kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætts gerir fógeti fjárnám í eign mættu að Þverási 33.

Fallið var frá virðingu.

Fógeti skýrir þýðingu gerðarinnar og brýnir fyrir mættum að skýra gerðarþola frá gerðinni.

Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni lokið.

Föstudaginn 3. maí 1991.

Nr. 125/1991. **Ákæruvaldið**
gegn
Steingrími Njálssyni.

Kærumál. Frávísunardómur felldur úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Guðmundur Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Ríkissaksóknari hefur með kæru 19. mars 1991 skotið til Hæstaréttar frávísunardómi sakadóms Reykjavíkur, sem upp var kveðinn sama dag. Kæruheimild er 3. tl. 171. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála.

Ríkissaksóknari gerir þá kröfu, „að frávísunardómur sakadóms ... verði úr gildi felldur og sakadómi Reykjavíkur lýst rétt og skylt að kveða upp efnisdóm í málinu". Af hálfu ákærða er krafist staðfestingar frávísunardómsins.

Málavextir koma fram í héraðsdómi.

Í ákæruskjali 22. febrúar sl. er vísað til 65. og 66. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 67. gr. sömu laga. Þar er og vísað til þess, að ákærði var 16. nóvember 1990 dæmdur til að sæta fangelsi 12 mánuði. Frá refsingunni skyldi draga gæsluvarðhald frá 17. febrúar sama ár.

Í 67. gr. almennra hegningarlaga segir m.a.: „Sé maður dæmdur í þyngri refsingu en varðhald og mjög sennilegt má telja af því, hvernig glæp hans var háttað og andlegu ástandi hans er varið, svo og af undanfarandi breytni hans, að hann muni drýgja afbrot af vana eða í atvinnuskyni og sé því hættulegur umhverfi sínu, má ákveða í refsidómi eða síðar í sérstöku máli, sem höfðað er að tilhlutan ákæruvaldsins, að beitt skuli öryggisráðstöfunum samkvæmt 66. gr. að refsingu lokinni ..." Kröfu um öryggisgæslu var vísað frá dómi í áðurnefndu refsimáli, sem dæmt var 16. nóvember 1990. Eru engar réttarfarsreglur því til fyrirstöðu að dæma efnislega um þá kröfu ríkissaksóknara, sem fram kemur í ákæru 22. febrúar sl. og gerð er á grundvelli heimildar í 67. gr. almennra hegningarlaga. Ber því að fella hinn kærða dóm úr gildi.

Verjandi ákærða hefur krafist talsmannslauna í þessum þætti málsins. Rétt er að tiltaka í efnisdómi þóknun til verjanda.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur er felldur úr gildi.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 19. mars 1991.

Ár 1991, þriðjudaginn 19. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af sakadómurunum Arngrími Ísberg sem dómsformanni, Guðjóni St. Marteinssyni og Helga I. Jónssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 135/1991: Ákæruvaldið gegn Steingrími Njálssyni, sem tekið var til dóms eða úrskurðar að loknum munnlegum flutningi um frávísunarkröfu verjanda ákærða 13. mars sl.

Málavextir.

Með ákæruskjali, útgefnu 22. febrúar sl., höfðaði ríkissaksóknari opinbert mál hér fyrir dómi samkvæmt 10. tl. 1. mgr. 2. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74, 1974, á hendur Steingrími Njálssyni, kennitala 210442-3679, þá refsifanga í Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg, „í því skyni, að honum verði gert að refsingu lokinni að sæta gæslu samkvæmt 65. og 66. gr. almennra hegningarlaga, þar sem telja verður hann hættulegan vanaafbrotamann, sem margsinnis hefur hlotið fangelsisdóma, m.a. fyrir skírlífisbrot gagnvart ungum drengjum, oft framin undir áhrifum áfengis, síðast 12 mánaða fangelsi samkvæmt dómi Hæstaréttar frá 16. nóvember 1990, og hefur ekki látið skipast við endurtekna refsidóma, fullnustu þeirra og læknismeðferð, og að veruleg hætta sé á því, að hann muni hefja áfengisneyslu og halda áfram brotum, ef hann gengur laus, miðað við undanfarandi breytni hans og umsagnir fangelsislækna og fangelsisprests um andlegt ástand hans nú.

Þess er krafist, að ákærði verði látinn sæta öryggisráðstöfunum samkvæmt 65. og 66. gr., sbr. 67. gr. almennra hegningarlaga, sem miði að því að stemma stigu við frekari brotum hans og að ráða bót á áfengissýki hans og koma fram lyfjameðferð í því skyni að vinna gegn kynferðislegum misþroska hans.

Þess er enn fremur krafist, að ákærði verði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Með dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 16. nóvember sl., var ákærði dæmdur í 12 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 209. gr. almennra hegningarlaga og 45. gr. laga nr. 53, 1966, um vernd barna og ungmenna. Með sama dómi vísaði Hæstiréttur hins vegar frá sakadómi kröfu ákæruvaldsins um,

að ákærði sætti að refsingu lokinni gæslu samkvæmt 66. og 67. gr. almennra hegningarlaga, en á þá kröfu hafði sakadómur fallist í dómi 11. júní 1990. Um gæslukröfu ákæruvaldsins segir svo í framangreindum dómi Hæstaréttar: „Krafa ákæruvalds um gæslu ákærða eftir afplánun refsingar samkvæmt 67. gr., sbr. 66. gr. almennra hegningarlaga, er byggð á því, að í ljósi sakaferils ákærða og niðurstöðu geðrannsóknar megi búast við, að hann haldi áfram skírlífisbrotum. Ekki hefur af ákæruvalds hálfu verið gerð grein fyrir því, hvernig umræddri gæslu yrði háttað og hvort kostur sé á gæslu annars staðar en í fangelsi. Með hliðsjón af þessu þykir þessi krafa ákæruvalds ekki nægilega rökstudd, og ber að vísa henni frá sakadómi."

Í gögnum málsins kemur fram, að ákærða var veitt skilorðsbundin reynslulausn í 2 ár á eftirstöðvum refsingar samkvæmt framangreindum dómi, 46 dögum, þann 27. desember sl. Reynslulausnin var afturkölluð 9. janúar sl., og sama dag hóf ákærði að afplána eftirstöðvarnar. Fyrirhuguð lok afplánunar voru 24. febrúar sl.

Eins og áður sagði, var ákæra í máli þessu gefin út 22. febrúar sl., og var mál samkvæmt henni þingfest næsta dag. Sama dag var ákærða birt ákæran í dómi og jafnframt tekin fyrir krafa ákæruvaldsins um, að honum yrði gert að gangast undir geðheilbrigðisrannsókn. Til að tryggja, að slík rannsókn gæti farið fram óhindrað, krafðist ákæruvaldið þess, að ákærði yrði úrskurðaður í gæsluvarðhald í framhaldi af refsivistinni allt til uppkvaðningar dóms í þessu máli, en þó ekki lengur en til 22. apríl nk.

Réttargæslumaður ákærða, sem nú hefur verið skipaður verjandi hans, krafðist þess, að ákærunni yrði vísað frá dómi, þar sem Hæstiréttur hefði þegar tekið afstöðu til sömu kröfu með framangreindum dómi frá 16. nóvember sl.

Dómarinn kvað sér einungis hafa verið falið að fjalla um kröfur ákæruvaldsins um, að ákærða yrði gert að sæta gæsluvarðhaldi og gangast undir rannsókn á geðheilbrigði. Að lokinni meðferð fyrir dóminum var sama dag kveðinn upp úrskurður og orðið við kröfum ákæruvaldsins.

Ákærði kærði úrskurðinn til Hæstaréttar, sem felldi hann úr gildi með dómi 1. mars sl., þar sem ekki væru lagaskilyrði til að verða við kröfu ákæruvaldsins um gæsluvarðhald ákærða. Þá taldi Hæstiréttur ekki í ljós leitt, að þörf væri á þessu stigi málsins að mæla fyrir um nýja geðheilbrigðisrannsókn.

Meðal þeirra gagna, sem ákæruvaldið lagði fram við þingfestingu málsins, var bréf dómsmálaráðuneytisins, dagsett 18. febrúar sl. Bréf þetta er svar við bréfi ríkissaksóknara, þar sem hann óskar eftir upplýsingum eða greinargerð ráðuneytisins um, hvernig gæslu samkvæmt 67. gr., sbr. 66. gr. almennra hegningarlaga, yrði hagað í framkvæmd, ef lagaskilyrði til

slíks þættu vera fyrir hendi. Í svarbréfi ráðuneytisins segir, eftir að fjallað hefur verið almennt um 66. og 67. gr. almennra hegningarlaga, tilurð þeirra og fyrirmyndir, að það telji, ,,að miðað við það, sem að framan er rakið, beri að túlka ákvæði 66. gr. hegningarlaganna um ,,gæslu" þannig, að þar sé átt við vistun í fangelsi. Samkvæmt gildandi lögum um fangelsi og fangavist nr. 48/1988 eru fangelsi tvenns konar: afplánunarfangelsi og gæsluvarðhaldsfangelsi. Af þessu leiðir, að ef dómstóll dæmir mann í ,,gæslu" samkvæmt 66. gr., eigi hann jafnframt að ákveða, í hvers konar fangelsi slík gæsla eigi að fara fram. Að gefnu tilefni skal tekið fram, að ráðuneytið hefur ekki tök á að vista þann, sem úrskurðaður er í gæslu samkvæmt 66. gr. eða í gæslu á grundvelli efnisákvæða 67. gr., annars staðar en í fangelsi."

Verjandi ákærða hefur krafist frávísunar ákærunnar með þeim rökum, að kröfugerð ákæruvaldsins á hendur ákærða í ákæruskjalinu hafi verið vísað frá sakadómi með framangreindum dómi Hæstaréttar. Hér sé því um útkljáð mál að ræða og ekki hægt að bera álitaefnið aftur upp við dómstóla. Þá krefst hann þess, að sér verði tildæmd hæfileg talsmannslaun sem skipuðum verjanda ákærða.

Ríkissaksóknari krefst þess, að frávísunarkröfunni verði hrundið og málið tekið til efnismeðferðar. Kveður hann ákæruvaldið nú hafa bætt úr þeim ágöllum, er voru á málatilbúnaði þess áður, er Hæstiréttur vísaði frá kröfu þess á hendur ákærða.

Niðurstaða.

Í máli þessu er ákærða ekki gefinn að sök neinn sérstakur refsiverður verknaður, heldur er þess krafist, að hann verði látinn sæta öryggisráðstöfunum. Þegar af þeirri ástæðu kemur ekki til þess, að hann verði beittur þeim úrræðum, sem í 65. gr. almennra hegningarlaga greinir, enda eiga þau einungis við, þegar maður hefur framið brot undir áhrifum áfengis og er ákærður og sakfelldur fyrir það brot. Styðst þessi skilningur við athugasemdir við 5. gr. frumvarps þess, er síðar varð að lögum nr. 31, 1961, er breyttu 65. gr. almennra hegningarlaga. Af þessu leiðir, að kröfu ákæruvaldsins um, að ákærði verði vistaður á hæli á grundvelli 65. gr. almennra hegningarlaga, er vísað frá dóminum.

Með dómi Hæstaréttar 16. nóvember sl. var vísað frá sakadómi kröfu ákæruvaldsins um, að ákærði sætti að refsingu lokinni gæslu samkvæmt 67., sbr. 66. gr. almennra hegningarlaga. Var frávísunin rökstudd með því, að ákæruvaldið hefði ekki gert grein fyrir því, hvernig umræddri gæslu yrði háttað og hvort kostur væri á gæslu annars staðar en í fangelsi. Ákæruvaldið hefur lagt fram bréf dómsmálaráðuneytisins, sem vitnað var til hér að framan, en þar kemur fram sá skilningur þess, að gæsla sam-

kvæmt 66. gr. almennra hegningarlaga eigi að fara fram í fangelsi. Jafnframt er tekið fram, að ráðuneytið hafi ekki tök á að vista þann, sem úrskurðaður er í gæslu samkvæmt tilvitnuðum greinum, annars staðar en í fangelsi.

Það er álit dómsins, að kröfugerð ákæruvaldsins að þessu leyti sé hin sama og sú, sem það gerði á hendur honum í ákæruskjali, útgefnu 2. apríl 1990, sem endanlega var dæmt með áðurgreindum dómi Hæstaréttar 16. nóvember sl. Verður niðurstaða Hæstaréttar ekki skilin á annan veg en þann, að gæsla samkvæmt tilvitnuðum ákvæðum skuli ekki fara fram í fangelsi. Hvorki gögn málsins né málflutningur ákæruvaldsins hér fyrir dómi hafa skýrt það frekar, hvernig gæslu ákærða yrði háttað, ef orðið yrði við kröfu þess, enda voru ríkissaksóknari og verjandi ákærða sammála um það í flutningi málsins hér fyrir dómi, að við flutning máls nr. 281/1990 í Hæstarétti, er dæmt var 16. nóvember sl., eins og grein hefur verið gerð fyrir, hafi ríkissaksóknari verið spurður um það af dómendum, hvernig gæslu ákærða myndi verða háttað, ef til þess kæmi, að fallist yrði á kröfu ákæruvaldsins um hana. Hafi svar ríkissaksóknara fyrir Hæstarétti verið mjög á sömu lund og fram kemur í bréfi dómsmálaráðuneytisins, sem vitnað var til hér að framan.

Af öllu framansögðu leiðir, að vísa ber ákærunni frá sakadómi.

Allur kostnaður málsins skal greiddur úr ríkissjóði, þ.m.t. þóknun skipaðs verjanda ákærða, Ragnars Aðalsteinssonar hrl., sem þykir hæfilega ákveðin kr. 30.000.

Dómsorð:

Ákæru í máli þessu er vísað frá sakadómi.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun skipaðs verjanda ákærða, Ragnars Aðalsteinssonar hrl., kr. 30.000.

Föstudaginn 3. maí 1991.

Nr. 404/1990. **Einar B. Þórisson persónulega og f.h. Rimabæjar og Þórir Jóhannsson**
gegn
Björgvini Ólafssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Einar B. Þórisson persónulega og f.h. Rimabæjar og Þórir Jóhannsson, sem eigi sækja dómþing í máli þessu, greiði 2.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef þeir vilja fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Föstudaginn 3. maí 1991.

Nr. 405/1990. **Einar B. Þórisson og Ingibjörg Þórðardóttir**
gegn
Björgvini Ólafssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Einar B. Þórisson og Ingibjörg Þórðardóttir, sem eigi sækja dómþing í máli þessu, greiði 2.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef þau vilja fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Föstudaginn 3. maí 1991.

Nr. 469/1990. **Eyjólfur Bjarnason,**
Konráð Eyjólfsson,
Örlygur Holt Bjarnason,
Ægir Kári Bjarnason og
Unnar Eyjólfsson,
allir persónulega
og f.h. Turbo sf.,
gegn
Þvottahúsinu Fönn hf.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Eyjólfur Bjarnason, Konráð Eyjólfsson, Örlygur Holt Bjarnason, Ægir Kári Bjarnason og Eyjólfur Unnar Eyjólfsson, allir persónulega og f.h. Turbo sf., sem eigi sækja dómþing í máli þessu, greiði 2.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef þeir vilja fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Föstudaginn 3. maí 1991.

Nr. 100/1991. **Iðunn Ása Hilmarsdóttir**
gegn
Byggingasjóði ríkisins,
Íslandsbanka hf. o.fl.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Iðunn Ása Hilmarsdóttir, sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 2.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hún vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Föstudaginn 3. maí 1991.

Nr. 115/1991. **Friðrik Jörgensen**
gegn
Sjóvá-Almennum tryggingum og uppboðshaldaranum í Reykjavík.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Friðrik Jörgensen, sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 2.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Föstudaginn 3. maí 1991.

Nr. 127/1991. **Helga Unnur Jóhannsdóttir**
gegn
Gjaldheimtunni í Reykjavík og Hermanni G. Björgvinssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Helga Unnur Jóhannsdóttir, sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 2.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hún vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Föstudaginn 3. maí 1991.

Nr. 155/1991. **Hótel Mar hf.**

gegn

Húsasmiðjunni hf.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Hótel Mar hf., sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 2.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Föstudaginn 3. maí 1991.

Nr. 171/1991. **Sigurjón Ragnarsson**
gegn
Pétri Þór Sigurðssyni
og Ólafi Þ. Haukssyni.

Kærumál. Framkvæmd aðfarar. Dómarar. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Haraldur Henrysson og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili hefur með vísan til 2. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands kært þá ákvörðun fógeta „að sinna ekki þeirri tilkynningu kæranda til fógeta, að mætingu kæranda í fógetaréttinn myndi seinka um 10 til 15 mínútur, að bíða ekki þann tíma með að framkvæma gerðina, þar sem tilkynningin barst til fógeta, áður en gerðin var byrjuð, þá er gerð krafa um að fógetafulltrúinn, Ólafur Hauksson, verði áminntur og að gerðin verði felld úr gildi. Einnig er þess krafist að tildæmdur verði hæfilegur kærumálskostnaður".

Varnaraðilinn Pétur Þór Sigurðsson gerir þá kröfu aðallega, að kærumálinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að hafnað verði kröfu sóknaraðila um, að hin kærða fógetagerð verði felld úr gildi. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Varnaraðilinn Ólafur Þ. Hauksson hefur ekki gert kröfur í málinu.

I.

Ólafur Þ. Hauksson fógetafulltrúi hefur sent Hæstarétti bréf vegna kærumáls þessa, þar sem segir svo:

„Síðdegis mánudaginn 25. mars 1991 óskaði Jónína Bjartmarz hdl. eftir því að fá atbeina undirritaðs fulltrúa við framkvæmd fógetagerðar í Garðabæ. Ákveðið var að hún mætti með gögn málsins á skrifstofu réttarins Strandgötu 31, Hafnarfirði, kl. 20.00 síðdegis.

Á þeim tíma fór síðan undirritaður yfir gögn þau sem lögð voru fram og að því loknu var farið á heimili gerðarþola til þess að framkvæma fjárnámið.

Gerðarþoli, Sigurjón Ragnarsson, hittist þar sjálfur fyrir. Áminntur um sannsögli kvaðst hann geta bent á eign austur á landi, sem hann ætti í sameign, en óskaði eftir fresti til morguns til að leggja fram gögn um eignina og samþykki sameiganda um, að að þeirri eign yrði gengið. Ekki tilgreindi hann þó, um hvaða eign væri að ræða, né hafði hann uppi efnislegar varnir.

Undirritaður ákvað því að fresta gerðinni til næsta dags, á skrifstofu réttarins, en gerðarbeiðandi krafðist þess að gerðin yrði tekin fyrir snemma eða kl. 8.30. Var á það fallist.

Daginn eftir, eða þriðjudaginn 26. mars, kl. 8.20, hringdi Sigurjón í undirritaðan og bar við vandkvæðum að ná samþykki sameigandans og óskaði eftir fresti. Honum var tjáð að gerðin færi fram á tilsettum tíma og var hann eindregið hvattur til að koma hið fyrsta. Hann kvaðst þá hugsanlega verða seinn fyrir.

Símtal þetta var stutt og telur undirritaður að Sigurjón hefði náð að mæta í réttinn ef hann hefði lagt af stað um leið og samtalinu lauk.

Kl. 8.30 mætti Pétur Þór Sigurðsson hdl. og féllst á að bíða í 5 mínútur. Þegar þær voru liðnar óskaði hann eftir því að gerðin skyldi tekin fyrir. Hóf undirritaður þá að bóka gerðina og var því lokið um kl. 8.45. Réttinum var þá slitið og vék gerðarbeiðandi frá. Að því loknu fór undirritaður með fógetabókina í vélritun en á leið þaðan hittist fyrir gerðarþoli, sem þá var að koma til að vera viðstaddur gerðina.

Undirritaður vísaði gerðarþola til aðalskrifstofu sinnar, þar sem hann tjáði honum að gerðin hefði farið fram og verið frestað til framhalds í Reykjavík, þar sem þær eignir sem gerðarbeiðandi benti á væru staðsettar (sic).

Tók gerðarþoli því illa og kvaðst hafa efnislegar varnir gegn því að gerðin færi fram. Þá mætti á skrifstofuna Steingrímur Þormóðsson hdl. í þeim tilgangi að vera viðstaddur með gerðarþola í réttinum þegar gerðin færi fram. Honum var tjáð á sama hátt hvað á undan væri gengið og að réttinum hefði verið slitið fyrir stundu síðan (sic).

Undirritaður telur að gerðarþola hafi verið gefinn kostur á að benda á eignir 25. mars 1991, en það hafi hann ekki notfært sér. Fyrir beiðni hans var gerðinni frestað þvert á móti vilja gerðarbeið-

anda til næsta dags, til þess að hann gæti bent á eignir. Sérstaklega var brýnt fyrir honum afleiðingar (sic) þess ef hann ekki mætti. Þegar hann mætti síðan daginn eftir þá var réttinum þegar slitið og að mati undirritaðs ekki grundvöllur til endurupptöku málsins nema að uppfylltum skilyrðum 52. gr. laga um aðför nr. 19/1887."

Í bréfi lögmanns sóknaraðila til Hæstaréttar, dagsettu 23. apríl sl., sem staðfest er af sóknaraðila, segir, að í umræddu símtali fógetafulltrúans og sóknaraðila að morgni 26. mars hafi það eitt farið þeim á milli, að sóknaraðili hafi tilkynnt, að honum myndi seinka um u.þ.b. 10 mínútur í fyrirhugað þinghald. Hafi hann verið kominn í réttinn kl. 8.42.

II.

Aðalkrafa varnaraðilans Péturs Þórs Sigurðssonar um frávísun kærumáls þessa frá Hæstarétti byggist á því, að hin kærða fógetagerð sæti ekki kæru, heldur áfrýjun samkvæmt 21. gr., 1. mgr., 3. tl. c, laga nr. 75/1973.

Kæra sóknaraðila er ekki um það, hvort hin kærða fógetagerð skuli fara fram eða ekki, sbr. 21. gr., 1. mgr., 3. tl. a, laga nr. 75/1973, heldur lýtur hún að aðferð fógeta við framkvæmd gerðarinnar. Þykir kæruheimild því vera fyrir hendi með hliðsjón af 21. gr., 2. mgr., laganna.

III.

Af bókun í fógetarétti Garðakaupstaðar 25. mars 1991 má sjá, að hin kærða fógetagerð hófst að kvöldi þess dags á heimili sóknaraðila að honum viðstöddum. Að kröfu hans var gerðinni frestað til framhalds í skrifstofu fógeta kl. 8.30 næsta dag. Engin athugasemd var gerð við þessa tímasetningu. Eru engin efni til að taka kröfur sóknaraðila til greina.

IV.

Rétt þykir að dæma sóknaraðila til að greiða varnaraðilanum Pétri Þór Sigurðssyni kærumálskostnað, eins og segir í dómsorði.

Kæra máls þessa er ófyrirsynju, og ber að átelja hana.

D ó m s o r ð:

Kröfum sóknaraðila, Sigurjóns Ragnarssonar, er hafnað.

Sóknaraðili greiði varnaraðilanum Pétri Þór Sigurðssyni 20.000 krónur í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 8. maí 1991.

Nr. 150/1991. **Þorsteinn Hákonarson**
gegn
bæjarsjóði Keflavíkur.

Kærumál. Þinglýsing.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Haraldur Henrysson og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 27. mars sl., sem barst réttinum 5. apríl sl. Kærð er sú ákvörðun þinglýsingardómarans í Keflavík að synja um þinglýsingu á veðsetningu fasteignarinnar Hafnargötu 89 í Keflavík samkvæmt veðskuldabréfi, útgefnu af sóknaraðila 12. mars 1991.

Frá varnaraðila hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

I.

Hinn 21. maí 1990 var í uppboðsrétti Keflavíkur gefið út uppboðsafsal til handa sóknaraðila fyrir 1959 fermetra lóð að Víkurbraut 29 í Keflavík. Lóð þessi var þinglesin eign Fiskiðjunnar hf. og var seld á þriðja og síðasta nauðungaruppboði 14. febrúar 1990. Sóknaraðili átti hæsta boð í eignina, og var hún slegin honum á 100.000 krónur.

Hinn 13. mars 1991 var fyrrnefnt veðskuldabréf, að fjárhæð 100.000 krónur, móttekið til þinglýsingar hjá þinglýsingardómara í Keflavík. Í veðskuldabréfinu segir, að veðsett sé til tryggingar skuldinni samkvæmt því:

„Fasteignin Víkurbraut 29, Keflavík, ... Hin veðsetta eign, þinglýst eign útgefanda bréfsins, er nánar tiltekið fasteignarinnar (sic) Víkurbraut 29, Keflavík, og Hafnargata 89, Keflavík, skv. þinglýstum erfðafestusamningi."

Veðskuldabréfinu var þinglýst sem skjali nr. 1036 með svofelldri athugasemd þinglýsingardómara:

„Fyrirvari: Láni þessu er þinglýst einungis á Víkurbraut 29 Keflavík sbr. bréf þinglýsingardómara 26/3'91."

Það bréf er að loknum inngangsorðum svohljóðandi:

„Svo sem efni skuldabréfs þess, sem lagt hefur verið fram til þinglýsingar, ber með sér, þá er eignin Víkurbraut 29, Keflavík, veðsett en útgefandi bendir á að hún samanstandi (sic) nánar tiltekið af Víkurbraut 29 og Hafnargötu 89, Keflavík, skv. þinglýstum erfðafestusamningi. Hafnargata 89, Keflavík, er nú þinglýst eign bæjarsjóðs Keflavíkur skv. þinglýstu afsali, dags. 15.12.1987.

Þar sem bæjarsjóður Keflavíkur er þinglýstur eigandi að Hafnargötu 89, verður láni þessu ekki þinglýst á eignina, þar sem þinglýsingardómur hefur áður tekið afstöðu til þess máls m.a. með þinglýsingu á afsali til bæjarsjóðs frá Fiskiðjunni h.f. og með þinglýsingu á uppboðsafsali vegna Víkurbrautar 29, og hefur uppboðsréttur ráðstafað lóðinni með ákveðnum skilmálum, sem þinglýsingardómur, sem er hliðstætt dómsvald, getur ekki breytt. Þar sem fyrri þinglýsingum verður ekki breytt með leiðréttingum skv. 27.gr. laga nr. 39 frá 1978 verður að vísa skjalinu frá hvað varðar þann hluta sem snýr að veðsetningu á Hafnargötu 89, Keflavík."

II.

Þinglýsingardómarinn, Árni Haukur Björnsson, fulltrúi bæjarfógetans í Keflavík, hefur með vísan til 1. mgr. 3. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978 sent Hæstarétti rökstuddar ástæður fyrir úrlausn sinni. Þar segir meðal annars:

„Forsaga þessa máls er að tilteknir eigendur að landareign Ytri-Njarðvíkurhverfis með Vatnsnesi seldu Bræðslufélagi Keflavíkur þann 30. desember 1927 land á erfðafestu sem var alls 5.400 fm og var afsalinu þinglýst þann 27. nóvember 1968. Þann 13. desember 1969 afsalaði Bræðslufélag Keflavíkur hf. Fiskiðjunni hf. landinu, og var afsalinu þinglýst þann 9. janúar 1970. Þann 30. desember 1976 afsalaði Lifrarsamlag Suðurnesja Fiskiðjunni hf. landinu og var afsalinu þinglýst þann 31. desember 1976. Þann 30. júlí 1986 gerði Fiskiðjan hf. kaupsamning við bæjarsjóð Keflavíkur, þar sem bæjarsjóður kaupir úr lóðinni 3.441 fm, jafnframt því sem eignaskiptasamningur var gerður milli bæjarsjóðs Keflavíkur og Fiskiðjunnar. Þar voru lóðahlutarnir auðkenndir sem vesturhluti, eign bæjarsjóðs Keflavíkur, alls 3441 fm, og taldist eignarhlutinn vera 62,72%, og austurhluti, eign Fiskiðjunnar hf., alls 1959 fm, og taldist sá eignarhluti vera 37,28%. Kaupsamningi bæjarsjóðs Keflavíkur og eignaskiptasamningi var þinglýst þann 8. ágúst 1986.

Bæjarsjóður Keflavíkur fékk afsal fyrir vesturhlutanum 15. desember 1987 og var því þinglýst 15. febrúar 1988. Þann 12. mars 1987 kom tilkynning frá lóðaskrárritaranum í Keflavík um að áðurnefndur vesturhluti, eign bæjarsjóðs Keflavíkur, hefði verið auðkenndur sem Hafnargata 89, og áðurnefndur austurhluti, eign Fiskiðjunnar hf., varð Víkurbraut 29. Tilkynningu þessari var þinglýst þann 25. ágúst 1988."

III.

Með skírskotun til þess, sem að framan er rakið, ber að staðfesta hina kærðu úrlausn þinglýsingardómarans í Keflavík.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Sóknaraðili er ekki löglærður. Í gögnum þinglýsingardómara kemur fram, að hann hafi leiðbeint sóknaraðila og m.a. átt með honum tvo fundi í þeim tilgangi. Þrátt fyrir það er kröfugerð sóknaraðila, sem er í 22 liðum, að langmestu leyti óviðkomandi því álitaefni, sem á reynir í kærumálinu. Ber að átelja það.

Dómsorð:

Synjun þinglýsingardómarans í Keflavík á þinglýsingu framangreinds skuldabréfs, að því er tekur til fasteignarinnar Hafnargötu 89 í Keflavík, er staðfest.

Miðvikudaginn 8. maí 1991.

Nr. 176/1991. **Rut Skúladóttir**
gegn
Lögfræðiþjónustunni hf.

Kærumál. Málflutningsumboð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Haraldur Henrysson og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili hefur með kæru 25. mars 1991 skotið til Hæstaréttar úrskurði bæjarþings Reykjavíkur, uppkveðnum 12. sama mánaðar, í bæjarþingsmáli nr. 15039/1990. Kæran barst Hæstarétti ásamt kærugögnum 22. apríl sl.

Sóknaraðili krefst þess, að sambýlismanni sínum, Birni Baldurssyni lögfræðingi, verði heimilað að annast fyrir sig lögmannsstarf í nefndu bæjarþingsmáli.

Frá varnaraðila hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Hinn kærði úrskurður, sem er án forsendna, er svohljóðandi:

„Mætti Björn Baldursson cand.jur. hefur með vísan til 2. mgr. 5. gr. laga nr. 61/1942 ekki heimild til þess að fara með mál þetta f.h. stefndu Rutar Skúladóttur."

Héraðsdómarinn, Kristjana Jónsdóttir borgardómari, hefur samkvæmt 27. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands sent Hæstarétti athugasemdir sínar, svohljóðandi:

„Ekki upplýstist fyrr en í þinghaldi þann 12. mars 1991, að Björn Baldursson cand. jur., er sótti þing af hálfu stefndu í málinu, væri sambýlismaður hennar, en ekki eiginmaður, eins og bókað hafði verið við fyrri fyrirtökur málsins.

Björn, sem lokið hefur embættisprófi í lögfræði, starfar ekki sem fulltrúi lögmanns, sbr. 3. gr. laga nr. 61/1942. Samkvæmt 2. mgr. 5. gr. laga nr. (sic) getur aðili máls látið maka fara með mál fyrir sig. Telja verður að orðið maki í nefndri lagagrein taki eingöngu til eiginmanns eða eiginkonu, en ekki til sambýlismanns eða sambýliskonu, og hefur Björn Baldursson því ekki sýnt fram á, að hann hafi lögum samkvæmt heimild til að fara með umrætt mál fyrir sambýliskonu sína Rut Skúladóttur."

Sóknaraðili reisir kröfu sína á því, að túlkun héraðsdómara á orðinu maki í 2. mgr. 5. gr. laga nr. 61/1942 um málflytjendur sé of þröng, meðal annars vegna breyttra þjóðfélagshátta á hálfri öld, sem liðin er frá gildistöku laganna. Óvígð sambúð sé nú orðið svo algeng, að óeðlilegt sé að einskorða túlkun á orðinu maki í lagagreininni við hjúskap.

Kæra málsins til Hæstaréttar telst, eins og atvikum þess er háttað, heimil með hliðsjón af 2. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973.

Í kærugögnum kemur fram, að sóknaraðili og Björn Baldursson lögfræðingur hafi verið í óvígðri sambúð frá 1978. Málið er risið af ágreiningi milli málsaðila um þóknun fyrir lögfræðiþjónustu, sem varnaraðili lét sóknaraðila í té. Fólst hún í ráðgjöf í tengslum við væntanlegt bótauppgjör vegna líkamstjóns barns sóknaraðila og Björns Baldurssonar og fjallaði því um hagsmuni þess. Þegar þetta er virt, þykja skilyrði vera til þess samkvæmt 2. mgr. 5. gr. laga nr. 61/1942, að Björn Baldursson lögfræðingur annist málflutningsstarf fyrir sóknaraðila í máli þessu.

Kærumálskostnaðar er ekki krafist.

Dómsorð:

Birni Baldurssyni lögfræðingi er heimilt að annast málflutningsstarf fyrir sóknaraðila, Rut Skúladóttur, í máli þessu.

Föstudaginn 10. maí 1991.

Nr. 48/1991. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Herði Karlssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Bifreiðar. Umferðarlög. Áfrýjun. Dómarar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Haraldur Henrysson og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. desember 1990 að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákæruvalds til sakfellingar samkvæmt ákæru og staðfestingar á ævilangri ökuleyfissviptingu. Við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti var af hálfu ákæruvalds krafist staðfestingar á sakfellingu ákærða og sviptingu ökuréttinda, en jafnframt, að refsing ákærða yrði vegna skilorðsrofa á reynslulausn frá 26. maí 1989 þyngd og ákvörðuð til viðbótar óafplánuðum eftirstöðvum refsingar, 207 dögum. Þá var þess krafist, að ákærði yrði dæmdur til greiðslu sakarkostnaðar í héraði og áfrýjunarkostnaðar.

Af hálfu ákærða er þess aðallega krafist, að hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð fyrir sakadómi Reykjavíkur verði ómerkt og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju, en til vara, að ákærði verði sýknaður af öllum kröfum ákæruvalds. Jafnframt er krafist málsvarnarlauna.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt, þar á meðal bréf Fangelsismálastofnunar ríkisins varðandi skilorðsbundna reynslulausn ákærða frá 26. maí 1989 vegna óafplánaðrar refsingar, sem var samtals 207 dagar, og bréf sömu stofnunar, dagsett 22. apríl 1991, þar sem fram kemur, að ákærði hefur ekki afplánað framangreindar eftirstöðvar.

I.

Skipaður verjandi ákærða styður ómerkingar- og heimvísunarkröfu sína þeim rökum, að dómari málsins í héraði, sem er fulltrúi

yfirsakadómarans í Reykjavík, hafi verið vanhæfur til að fara með málið vegna fyrri afskipta annars fulltrúa yfirsakadómara af því. Vísar verjandinn í því sambandi til bréfs Símonar Sigvaldasonar, fulltrúa yfirsakadómara, til ríkissaksóknara, dagsetts 11. júní 1990, en bréf þetta var ritað í tilefni af sáttarheimild í máli ákærða, er fulltrúi ríkissaksóknara hafði sent sakadómi Reykjavíkur með bréfi, dagsettu 30. maí 1990. Í bréfi fulltrúa yfirsakadómara sagði svo: „Eins og sakarferli kærða er háttað þykir ekki unnt að afgreiða mál hans með dómsátt samkvæmt 112. gr. laga nr. 74/1974."

Afskipti fulltrúa yfirsakadómara af máli þessu fyrir útgáfu ákæru í málinu voru samkvæmt framansögðu þau að endursenda málið til ríkissaksóknara, þar sem hann taldi skilyrði bresta til að ljúka máli ákærða með dómsátt. Verður ekki talið, að þessi afskipti fulltrúa yfirsakadómara hafi verið þess eðlis, að hætta væri á, að hann gæti ekki litið óhlutdrægt á málavexti, er málið kæmi til efnislegrar meðferðar. Verður ómerkingar- og heimvísunarkröfu ákærða því hafnað.

II.

Fallist er á þá niðurstöðu héraðsdómara, að ákæruði hafi gerst sekur um atferli það, sem honum er gefið að sök í ákæru, og er það réttilega heimfært til refsiákvæða í hinum áfrýjaða dómi.

III.

Samkvæmt nýju sakavottorði ákærða, sem lagt hefur verið fyrir Hæstarétt, hefur hann tvívegis, eftir að hinn áfrýjaði dómur var kveðinn upp, gengist undir dómsátt um greiðslu sektar vegna brota á lögum og reglum um ávana- og fíkniefni, þ.e. 21. desember 1990 og 19. febrúar 1991. Ber því að ákvarða honum refsingu með hliðsjón af 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, svo og 77. gr. sömu laga.

Refsiákvæði umferðarlaga nr. 50/1987 hafa ekki að geyma ákvæði um ítrekunaráhrif brota. Tilvísun til 71. gr. almennra hegningarlaga á því hér ekki við. Með broti sínu, sem hér er til meðferðar, rauf ákæruði skilorð reynslulausnar, er honum var veitt frá 26. maí 1989. Var héraðsdómara rétt samkvæmt 1. mgr. 42. gr. almennra hegningarlaga að ákveða refsingu ákærða með hliðsjón af hinni óloknu refsivist, en það var ekki gert í hinum áfrýjaða

dómi. Í áfrýjunarstefnu er hins vegar ekki gerð krafa af hálfu ákæruvalds um þyngingu refsingar, og er því rétt að láta við refsiákvörðun héraðsdómara sitja, sbr. 176. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála.

Upplýst er í málinu, að ákærði hlaut fyrst ökuleyfi 21. júlí 1989. Í dómum yfir honum 12. febrúar og 16. maí 1986 var hins vegar kveðið á um sviptingu ökuleyfis, enda þótt hann hafi ekki haft slíkt leyfi á þeim tíma. Það þykir þó ekki breyta því, að með atferli sínu nú hefur ákærði unnið til ævilangrar ökuleyfissviptingar samkvæmt 2. mgr. 101. gr. umferðarlaga. Er ákvæði héraðsdóms þar að lútandi því staðfest.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað. Jafnframt verður ákærði dæmdur til greiðslu áfrýjunarkostnaðar sakarinnar, svo sem greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Hörður Karlsson, greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 6. september 1990.

Ár 1990, fimmtudaginn 6. september, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Birnu Björnsdóttur fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 463/1990: Ákæruvaldið gegn Herði Karlssyni, sem tekið var til dóms hinn 4. september sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissksóknara, útgefnu 13. júní 1990, á hendur Herði Karlssyni, Völvufelli 46, Reykjavík, fæddum 15. júlí 1964, fæðingarnúmer 230, „fyrir að aka aðfaranótt miðvikudagsins 28. mars 1990 undir áhrifum áfengis bifreiðinni R-61009 frá Ránargötu í Reykjavík áleiðis að heimili sínu, uns lögreglan stöðvaði akstur hans á Hverfisgötu við Snorrabraut.

Telst þetta varða við 1., sbr. 2. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101. og 102. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Málavextir eru sem hér segir samkvæmt framburði ákærða og öðrum gögnum málsins:

Miðvikudagin 28. mars sl. kl. 2.30 veitti lögreglan í Reykjavík athygli bifreiðinni R-61009, þar sem henni var ekið allgreitt austur Hverfisgötu í Reykjavík. Var bifreiðinni veitt eftirför og akstur hennar stöðvaður við gatnamót við Snorrabraut. Er haft var tal af ökumanni, ákærða í máli þessu, fannst áfengislykt af honum og honum því gert að láta í té öndunarsýni, er sýndi 3. til 4. stig. Ákærði var því færður á lögreglustöðina við Hverfisgötu til skýrslutöku fyrir varðstjóra. Við yfirheyrslu játaði ákærði að hafa neytt áfengis fyrir akstur, en kvaðst jafnframt hafa neytt áfengis, eftir að akstri lauk, en gat ekki vísað á áfengisflösku í bifreiðinni. Að lokinni yfirheyrslu var ákærði færður á slysadeild Borgarspítalans til töku blóðsýnis til frekari alkóhólrannsóknar. Var jafnframt tekið þvagsýni af ákærða. Samkvæmt niðurstöðu þeirra rannsókna reyndist magn alkóhóls í blóði ákærða vera 1,31‰ og 1,72‰ í þvagi.

Í framburðarskýrslu ákærða fyrir lögreglu 25. apríl sl. viðurkenndi hann neyslu áfengis fyrir akstur í greint sinn. Kvaðst ákærði jafnframt hafa drukkið bjór úr glasi, er hann hafði í bifreiðinni, eftir að lögreglan hafði stöðvað akstur hans. Ákærði kvaðst ekki hafa fundið til áfengisáhrifa við akstur.

Við meðferð málsins fyrir dómi 9. júlí sl. bar ákærði, að hann hefði aðfaranótt miðvikudagsins 28. mars sl. ekið bifreiðinni R-61009, eftir að hafa áður neytt áfengis, frá Ránargötu í Reykjavík áleiðis að heimili sínu, uns lögreglan stöðvaði akstur hans á Hverfisgötu við Snorrabraut.

Kvaðst ákærði hafa drukkið 2 til 3 bjóra úr flöskum frá u.þ.b. 11.45 til 0.45. Bar ákærði, að hann hefði, eftir að hann lét í té öndunarsýni, drukkið bjór úr glasi, er farþegi í bifreiðinni, Ásbjörn Andrason, var með, og sagði hann það vera innihald u.þ.b. hálfrar flösku. Kvaðst ákærði hafa neytt bjórsins, meðan hann gekk frá bifreiðinni. Ákærði kvaðst rengja niðurstöðu blóð- og þvagrannsókna og telja, að þær geti ekki staðist með hliðsjón af áfengismagni því, er hann hefði neytt fyrir akstur.

Vitnið Ágúst Ólafsson lögreglumaður gaf skýrslu við meðferð málsins fyrir dómi 9. júlí sl. Vitnið bar, að það hefði ásamt Guðna Péturssyni lögreglumanni stöðvað akstur bifreiðar ákærða við gatnamót Snorrabrautar og Hverfisgötu. Skýrði vitnið svo frá, að ákærði hefði verið færður yfir í lögreglubifreiðina vegna grunar um ölvun ákærða við akstur. Kvaðst vitnið ekki minnast þess, hvort öndunarsýni var látið í té í lögreglubifreiðinni eða á lögreglustöðinni. Sagði vitnið einn farþega hafa verið í bifreið ákærða. Var bifreiðin færð á lögreglustöðina með kranabifreið. Vitnið bar, að útilokað væri, að ákærði hefði getað neytt áfengis, eftir að akstri lauk. Hann hefði ekki farið aftur í bifreið sína, eftir að hann var færður yfir

í lögreglubifreiðina. Vitnið bar, að það hefði ekki leitað að áfengi í bifreið ákærða.

Vitnið Guðni Pétursson lögreglumaður gaf skýrslu við meðferð málsins fyrir dómi 9. júlí sl. Skýrði vitnið svo frá, að það hefði ásamt öðrum lögreglumanni verið við almennt umferðareftirlit, er þeir hefðu stöðvað bifreið ákærða á Hverfisgötu við Snorrabraut. Vitnið, sem var ökumaður lögreglubifreiðarinnar, kvaðst fyrst hafa haft tal af ákærða, eftir að hann kom inn í lögreglubifreiðina. Vitnið kvaðst ekki geta fullyrt um, hvort öndunarsýni var látið í té í lögreglubifreiðinni eða á lögreglustöðinni. Bar vitnið, að ákærði hefði ekki farið úr lögreglubifreiðinni, fyrr en komið var á lögreglustöðina, og hefði ákærði ekki getað neytt áfengis, eftir að lögreglan stöðvaði akstur hans. Vitnið sagði einn farþega hafa verið í bifreið ákærða. Vitnið kvaðst ekki hafa leitað að áfengi í bifreið ákærða. Hefðu lögreglumennirnir Snorri Magnússon og Jón Ólafsson flutt hana á stöðina.

Ekki var tekin skýrsla af farþega í bifreið ákærða, Ásbirni Andrasyni, sem er búsettur í Danmörku.

Niðurstöður.

Sannað er með niðurstöðu alkóhólrannsóknar, játningu ákærða og öðrum gögnum málsins, að ákærði hefur gerst sekur um að aka framangreindri bifreið umrætt sinn undir áhrifum áfengis. Ekkert hefur komið fram í málinu, sem rennir stoðum undir þá fullyrðingu ákærða, að hann hafi neytt áfengis, eftir að akstri lauk, að því loknu að hafa látið í té öndunarsýni.

Með vísan til framburðar lögreglumanna fyrir dómi og alkóhólrannsóknar þykir því sannað, að áfengismagn í blóði ákærða við akstur hafi verið það, sem niðurstaða alkóhólrannsóknar á blóðsýni greinir.

Hefur ákærði með þessu gerst brotlegur við 1., sbr. 2. mgr. 45. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt refsingum sem hér segir:

[Ákærði hefur sjö sinnum sæst á greiðslu sekta, m.a. einu sinni fyrir ölvunarakstur (1982). Hann hefur sætt fimmtán refsidómum, m.a. þrisvar fyrir ölvunarakstur, en 1986 var hann sviptur ökuleyfi ævilangt. Leyfið var veitt honum á ný 20. júní 1989. Hinn 26. maí 1989 var ákærða veitt reynslulausn í 2 ár af eftirstöðvum refsingar, 207 dögum.]

Dómar frá 12.2. 1986 og 16.5. 1986 hafa ítrekunaráhrif samkvæmt 71. gr. almennra hegningarlaga á brot ákærða, sem hér er fjallað um, og verður ákærða dæmd refsing með tilliti til þess.

Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga, og þykir hún hæfilega ákveðin varðhald í 30 daga.

Í ákæruskjali er krafist sviptingar ökuréttinda með vísan til 101. og 102. gr. umferðarlaga. Samkvæmt framangreindum ákvæðum ber að svipta ákærða ökuréttindum ævilangt frá 25. apríl 1990, en þann dag var ákærði sviptur ökuréttindum til bráðabirgða.

Loks ber að dæma ákærða til þess að greiða allan sakarkostnað, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánsson hdl., kr. 30.000.

Dómsorð:

Ákærði, Hörður Karlsson, sæti varðhaldi í 30 daga.

Ákærði er sviptur ökuréttindum ævilangt frá 25. apríl 1990 að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar hdl., kr. 30.000.

Föstudaginn 10. maí 1991.

Nr. 82/1991. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Sigvalda Ómari Aðalsteinssyni
(Örn Clausen hrl.).

Bifreiðar. Umferðarlög. Skilorðsrof.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Haraldur Henrysson og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Héraðsdómi var að ósk ákærða skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 12. febrúar 1991 og einnig af hálfu ákæruvalds til þyngingar á refsingu og staðfestingar á sviptingu ökuréttinda.

Sannað er, að ákærði hefur gerst sekur um háttsemi þá, sem lýst er í ákæruskjali og réttilega er færð til refsiákvæða. Ber að staðfesta ákvæði hins áfrýjaða dóms um ævilanga ökuleyfissviptingu ákærða.

Svo sem rakið er í héraðsdómi, hefur ákærði með þessu broti rofið skilorð dóms, sem kveðinn var upp í sakadómi Þingeyjarsýslu 2. febrúar 1989, en með þeim dómi var ákærði dæmdur í 60 daga fangelsi, sem skilorðsbundið var í 3 ár frá dómsuppsögu. Refsing ákærða þykir samkvæmt því rétt ákveðin í héraðsdómi fangelsi þrjá mánuði, en þó þykir mega fresta fullnustu tveggja mánaða af refsingunni og hún niður falla að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og í dómsorði segir.

Dómsorð:

Ákærði, Sigvaldi Ómar Aðalsteinsson, sæti fangelsi þrjá mánuði, en fresta skal fullnustu tveggja mánaða refsingarinnar og sá hluti hennar falla niður að þremur árum liðnum frá upp-

kvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Staðfest er ákvæði hins áfrýjaða dóms um, að ákærði sæti ökuleyfissviptingu ævilangt.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 25. janúar 1991.

Ár 1991, föstudaginn 25. janúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Símoni Sigvaldasyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 36/1991: Ákæruvaldið gegn Sigvalda Ómari Aðalsteinssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 4. desember 1990, á hendur ákærða, Sigvalda Ómari Aðalsteinssyni, þá til heimilis að Næfurási 12, Reykjavík, kt. 070959-4889, „fyrir að aka aðfaranótt fimmtudagsins 13. september 1990 undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum bifreiðinni Y-2311 frá Kringlunni í Reykjavík, suður Háaleitisbraut, inn á Bústaðaveg til austurs og yfir gatnamót þess vegar og Grensásvegar, þrátt fyrir það að rauð ljós loguðu á götuvitum fyrir akstursstefnu hans á gatnamótunum, en lögreglan stöðvaði akstur hans stuttu síðar á Bústaðavegi.

Telst þetta varða við 1. mgr. 5. gr., 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr. og 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101. og 102. gr. nefndra umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Málavextir eru þessir samkvæmt framburði ákærða og öðru því, sem fram er komið í málinu:

Fimmtudaginn 13. september 1990 um kl. 1.30 var lögreglan í Reykjavík á eftirlitsferð um austurhluta Reykjavíkurborgar. Veitti hún þá athygli bifreiðinni Y-2311, þar sem henni var ekið suður Háaleitisbraut. Er bifreiðin Y-2311 kom að gatnamótum Háaleitisbrautar og Bústaðavegar, var henni ekið viðstöðulaust gegn rauðu umferðarljósi gatnamótanna og því næst beygt austur Bústaðaveg. Hóf lögreglan þá eftirför og gaf ökumanni bifreiðarinnar merki um stöðvun. Því veitti ökumaður Y-2311 ekki athygli og

ók áfram sem leið lá austur Bústaðaveg og að gatnamótum Bústaðavegar og Grensásvegar. Þar stöðvaði ökumaður Y-2311 bifreiðina, þar sem rauð ljós loguðu á umferðarljósi í hans aksturs stefnu. Eftir skamma stund, á meðan enn logaði rautt umferðarljós í aksturs stefnu Y-2311, ók ökumaður bifreiðarinnar af stað yfir gatnamótin. Í framhaldi af því náði lögreglan að stöðva akstur Y-2311. Er haft var tal af ökumanni, ákærða í máli þessu, fundu lögreglumennirnir talsverðan áfengisþef leggja frá vitum hans. Var ákærði því færður á lögreglustöðina við Hverfisgötu og þar fyrir varðstjóra, sem tók af honum lögregluskýrslu. Að því loknu tók læknir úr honum blóð til alkóhólákvörðunar. Samkvæmt niðurstöðum þeirrar rannsóknar reyndist magn alkóhóls í blóði ákærða vera 1,77‰.

Ákærði hefur viðurkennt fyrir dómi að hafa greint sinn ekið bifreiðinni Y-2311 yfir gatnamót Háaleitisbrautar og Bústaðavegar annars vegar og gatnamót Bústaðavegar og Grensásvegar hins vegar gegn rauðum umferðarljósum, eins og nánar er rakið í ákæruskjali, þrátt fyrir það að hann væri sviptur ökuréttindum og hefði áður verið búinn að neyta áfengis og fyndi til áhrifa þess við aksturinn.

Með niðurstöðu alkóhólrannsóknar og afdráttarlausri játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, þykir sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali og þar þykir rétt færð til refsiákvæða.

Varðar háttsemi ákærða við 1. mgr. 5. gr., 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr. og 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt refsingum sem hér segir:

[Ákærði hefur níu sinnum sæst á greiðslu sekta fyrir umferðarlagabrot, þar á meðal fjórum sinnum fyrir ölvunarakstur, síðast 27. ágúst 1990, en þá var hann einnig sviptur ökuleyfi 2 ár. Einnig hefur hann fjórum sinnum verið sektaður og sætt tveimur refsidómum fyrir hegningarlagabrot, síðast 2. febrúar 1989, er hann var dæmdur fyrir líkamsárás í 60 daga fangelsi, skilorðsbundið til 3 ára.]

Ákærði hefur með greindri háttsemi unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga. Ákærði hefur með háttsemi sinni rofið skilorð dóms frá 2. febrúar 1989. Ber því að taka upp þann dóm og dæma í máli þessu með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 60. gr. sömu laga, sbr. 7. gr. laga nr. 22, 1955. Þykir refsing ákærða með tilliti til sakaferils hans hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði.

Ákærði var í sakadómi Reykjavíkur 27. ágúst 1990 sviptur ökuleyfi í 2 ár frá 1. ágúst 1990. Ákærði þykir hafa unnið til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101. og 102. gr. umferðarlaga. Skal ákærði vera sviptur ökuréttindum ævilangt frá uppkvaðningu dóms þessa að telja.

Loks ber að dæma ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74, 1974, til þess að greiða allan sakarkostnað.

Dómsorð:

Ákærði, Sigvaldi Ómar Aðalsteinsson, sæti fangelsi í 3 mánuði.

Ákærði er sviptur ökuréttindum ævilangt frá uppkvaðningu dómsins.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Miðvikudaginn 14. maí 1991.

Nr. 204/1991. **Ákæruvaldið**

gegn

Kristjáni Gunnari Kristjánsssyni.

Kærumál. Frávísunarkröfu hrundið.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason.

Með kæru 2. maí 1991 hefur ákærði skotið til Hæstaréttar úrskurði sakadóms Reykjavíkur, sem kveðinn var upp sama dag. Með úrskurðinum var kröfu ákærða um frávísun málsins hafnað. Ákærði krefst þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur og ákæru vísað frá sakadómi.

Ríkissaksóknari hefur samþykkt, að kæra megi úrskurðinn til Hæstaréttar, sbr. 3. mgr. 124. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála. Ríkissaksóknari krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Ákæra í máli þessu uppfyllir skilyrði 115. gr. laga nr. 74/1974. Ber því að staðfesta niðurstöðu hins kærða úrskurðar.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 2. maí 1991.

Ár 1991, fimmtudaginn 2. maí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jónasi Jóhannssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi í máli ákæruvaldsins gegn Kristjáni Gunnari Kristjánssyni.

Málavextir.

Ríkissaksóknari hefur með ákæru, dagsettri 5. nóvember 1990, höfðað mál á hendur ákærða, Kristjáni Gunnari Kristjánssyni, Vasavägen 83, S-17532, Järfalla, Svíþjóð, kt. 301251-2979, „fyrir áfengis- og tollalagabrot með því að hafa við komur ms. Álafoss til Reykjavíkur frá Hamborg 16. janúar, 14. og 28. júlí og 11. og 25. ágúst 1986, í öll skiptin vélstjóri á

skipinu, smyglað hingað til lands samtals 50 0.75 lítra flöskum af vodka og allt að 4000 vindlingum.

Telst þetta varða við 1. mgr. 123. gr., sbr. 1. mgr. 124. gr. tollalaga nr. 55, 1987, sbr. áður 60. gr., sbr. 61. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit nr. 59, 1969, 3. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82, 1969, sbr. 5. gr. laga nr. 52, 1978, og 1. gr., sbr. 15. gr. laga um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf nr. 63, 1969.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Vegna búsetu ákærða í Svíþjóð var málið sent þarlendum dómsyfirvöldum til meðferðar og óskað eftir því, að ákærða yrði birt ákæran og hann yfirheyrður um sakarefnið. Mætti hann síðan fyrir Stockholms Tingsrätt, án þess þó að tekin væri af honum skýrsla um málsatvik. Hins vegar lagði ákærði þar fram bréf, þar sem krafist er frávísunar málsins á grundvelli þess, að ákæruskjal fullnægði ekki skilyrðum 2. mgr. 115. gr. laga nr. 74, 1974, um meðferð opinberra mála. Þá óskaði ákærði eftir því, að honum yrði skipaður verjandi í málinu, og tilnefndi þar Kristján Stefánsson hrl.

Á dómþingi 19. f.m. ítrekaði verjandinn kröfu ákærða um frávísun málsins og benti á, að eins og sakargögnum væri farið í málinu, væri það ekki ákæruhæft, þar sem engin rannsókn lægi að baki hverju ætluðu broti ákærða samkvæmt ákæruskjali og ekki væri þar tilgreint, hversu miklu áfengi og tóbaki hann eigi að hafa smyglað hingað til lands í hverri einstakri ferð. Taldi verjandinn, að í raun vantaði allar sönnur fyrir því, að áfengi og tóbaki hefði verið smyglað til landsins í þeim ferðum, er ákærði var skipverji á ms. Álafossi. Þá benti verjandinn á, að ákærði hefði við frumrannsókn málsins verið beittur þvingunaraðgerðum af hálfu RLR, þ. á m. hótun um gæsluvarðhald, og megi rekja játningu hans við lögreglurannsókn málsins til þess.

Loks krafðist verjandinn hæfilegra málsvarnarlauna að mati dómsins.

Ríkissaksóknara hefur verið gefinn kostur á því að tjá sig um frávísunarkröfuna, og hefur fulltrúi hans, Egill Stephensen, mótmælt henni og áréttað fyrri kröfu ríkissaksóknara um, að lokið verði rannsókn málsins og það síðan tekið til dómsálagningar samkvæmt ákæru.

Niðurstaða.

Svo sem að framan er rakið, hefur verjandi ákærða bent á ýmis atriði, sem hann telur annmarka við frumrannsókn málsins og valdi því, að ekki verði réttilega lagður efnisdómur á málið. Það er álit dómsins, að þrátt fyrir hugsanlega annmarka sé sakarefnið nægjanlega tilgreint í ákæruskjali og sakargögnum ekki þannig farið, að ekki megi bæta úr undir rekstri málsins. Þykja því ekki efni til að vísa málinu frá dómi, og verður því frá-

vísunarkrafa verjandans ekki tekin til greina. Með vísan til þessarar niðurstöðu verður ekki kveðið á um málskostnað í þessum þætti málsins.

Úrskurðarorð:

Synjað er kröfu Kristjáns Stefánssonar hrl., verjanda ákærða, Kristjáns Gunnars Kristjánssonar, um frávísun málsins.

Fimmtudaginn 16. maí 1991.

Nr. 414/1990: **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Sigurði Markúsi Sigurðssyni
(Páll Arnór Pálsson hrl.).

Skjalafals. Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Jónsson og Hjörtur Torfason og Jón Finnsson hæstaréttarlögmaður.

Með stefnu 18. október 1990 áfrýjaði ríkissaksóknari máli þessu til Hæstaréttar að ósk ákærða, en jafnframt af hálfu ákæruvalds til sakfellingar samkvæmt ákæru og þyngingar á refsingu.

Í I. kafla ákæru er ákærði sakaður um að hafa falsað nöfn Jóns Guðmundssonar og Sigrúnar Söndru Sveinsdóttur sem sjálfskuldarábyrgðarmanna á skuldabréf. Ákærði hefur viðurkennt að hafa ritað nöfn þeirra, en heldur því fram, að hann hafi haft leyfi þeirra til þess. Sigrún Sandra kveður ákærða hafa hringt til sín og beðið sig um að skrifa upp á víxil fyrir sig, og hafi hún svarað því játandi. Hún kveðst hins vegar hafa verið búin að ákveða að neita honum um undirskrift, þegar hann kæmi með pappírana. Jón Guðmundsson kannast ekki við það, að ákærði hafi hringt til sín og beðið sig um að ábyrgjast skuld fyrir sig. Í máli þessu er ekkert fram komið, sem bendir til þess, að framangreindir aðilar hafi heimilað ákærða að rita sjálfur nöfn þeirra undir skuldabréfið. Ber því að sakfella ákærða fyrir skjalafals.

Að því er II. kafla ákæru varðar, ber að staðfesta sakarmat héraðsdómara og færslu til refsiákvæða.

Í héraðsdómi er sakaferill ákærða rakinn. Samkvæmt sakavottorði ákærða gekkst hann undir sektagreiðslur vegna fíkniefnabrota 2. maí 1990, 26. júní 1990 og 11. janúar 1991.

Ákærði á langan brotaferil að baki, einkum á sviði auðgunarbrota. Telst hann því vera vanaafbrotamaður. Þykir refsing hans með hliðsjón af 72. gr., 77. gr., 78. gr. og 255. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 hæfilega ákveðin 6 mánaða fangelsi.

Ákærði sat í gæsluvarðhaldi frá 21. mars til 26. mars 1990. Kemur gæsluvarðhaldsvist hans, 6 dagar, að fullu til frádráttar dæmdri refsingu, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga.

Dæma ber ákærða til að greiða allan sakarkostnað málsins í héraði svo og áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurður Markús Sigurðsson, sæti fangelsi í 6 mánuði. Gæsluvarðhaldsvist hans frá 21. mars til 26. mars 1990 komi til frádráttar refsingu hans.

Ákærði greiði allan sakarkostnað málsins í héraði.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 31. ágúst 1990.

Ár 1990, föstudaginn 31. ágúst, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 445/1990: Ákæruvaldið gegn Sigurði Markúsi Sigurðssyni, sem tekið var til dóms 28. ágúst sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 30. júlí sl., á hendur ákærða, Sigurði Markúsi Sigurðssyni, Kringlunni 87, Reykjavík, fæddum 22. júlí 1961, fæðingarnúmer 320, „fyrir eftirgreind hegningarlagabrot, framin 19. og 20. mars 1990:

I.

Skjalafals.

Hinn 19. mars notað til kaupa á bifreiðinni X-4131, sem er Buick Regal, árgerð 1978, af Sigrúnu Láru Hannesdóttur, Túngötu 44, Reykjavík, skuldabréf með lánskjaravísitölu, að fjárhæð kr. 300.000, útgefið af ákærða 16. mars 1990, eftir að hafa falsað á bréfið nöfnin Jón Guðmundsson og Sigrún Sandra Sveinsdóttir sem sjálfsskuldarábyrgðaraðila.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

II.

Þjófnaður.

Aðfaranótt þriðjudagsins 20. mars 1990 brotist inn í þrjár bifreiðar og stolið úr þeim sem hér greinir:

1. Í bifreiðageymslu að Hamraborg 2-32, Kópavogi, brotist inn í bifreiðina R-52592 og stolið útvarps- og kassettutæki af gerðinni Autioline, ritvél af gerðinni Antares, ryksugu af gerðinni Euras og 5 kassettum.

2. Á sama stað brotist inn í bifreiðina R-5480 og stolið AP-bílasíma, Handic-CB-talstöð, Pioneer- sambyggðu útvarps- og kassettutæki, KP-2030, og verkfæratösku.

3. Við Fjölnisveg 2, Reykjavík, brotist inn í bifreiðina G-24318 og stolið útvarps- og kassettutæki af gerðinni Pioneer-KEH-4030, 15 kassettum, 3 myndavélarfilmum og sólgleraugum.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

III.

Dómkröfur.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta, verði þeirra krafist, og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Málavextir eru þessir:

I.

Hinn 20. mars sl. sneri Þorsteinn Rúnar Guðjónsson sér til RLR og lagði fram kæru á hendur ákærða fyrir skjalafals. Kvað kærandi ákærða daginn áður hafa keypt bifreiðina X-4131 af Sigrúnu Láru Hannesdóttur og greitt fyrir hana með skuldabréfi, að fjárhæð 300.000 krónur, til 2 ára með 24 afborgunum. Kærandi kvaðst hafa komist að því, að nafnritanir sjálfsskuldarábyrgðarmanna á skuldabréfinu væru falsaðar.

Ákærði hefur við rannsókn og meðferð málsins viðurkennt að hafa skrifað nöfn þeirra Jóns Guðmundssonar og Sigrúnar Söndru Sveinsdóttur á skuldabréfið, en ákærði kvaðst hafa haft fulla heimild þeirra til þess. Kvaðst ákærði hafa hringt til Jóns í Gunnarsholt, og hafi Jón heimilað sér að nota nafn sitt á skuldabréf, en ákærði kvaðst ekki hafa látið Jón vita, um hvers konar viðskipti var að ræða. Þá kvaðst ákærði hafa hringt í Sigrúnu Söndru, og kvaðst hann hafa talað hana til, og hafi hún látið undan og samþykkt, að ákærði kæmi með skuldabréfið til sín til undirskriftar. Ákærði kvað það hafa tafist, að hann kæmist til Sigrúnar, og skyndilega hafi honum boðist bifreið til kaups, og hafi hann þá skrifað nafn Sigrúnar á skuldabréfið. Kvaðst ákærði upphaflega hafa tjáð henni, að um hestaviðskipti væri að ræða, en úr þeim hafi ekkert orðið. Ákærða minnti, að talað hefði verið um 260-300 þúsund krónur fyrir hrossið.

Ákærði kvað Sigrúnu Söndru hafa skrifað upp á 50.000 króna víxil fyrir sig í janúar sl., og kvað ákærði, að staðið hefði verið í skilum með hann. Ákærði kvaðst hafa minnt hana á þetta og tók fram, að aldrei hefði staðið annað til en að greiða af skuldabréfinu.

Vitnið Sigrún Sandra Sveinsdóttir, kt. 250765-5099, kom fyrir dóm 28. ágúst sl. Vitnið kvað ákærða hafa hringt til sín í byrjun mars sl., og hefði hann beðið vitnið um að skrifa upp á víxil fyrir sig. Kvaðst vitnið hafa svarað því játandi, en ákærði hefði aldrei komið með pappíra til undirskriftar. Kvaðst vitnið hafa verið búið að taka þá ákvörðun, að kæmi ákærði með pappíra, myndi það neita honum um undirskrift. Vitnið kvaðst þó ekki hafa tjáð ákærða þetta og taldi ekki ólíklegt, að ákærði hefði staðið í þeirri trú, að vitnið væri reiðubúið að ábyrgjast fyrir hann skuld. Vitnið mundi ekki, um hversu mikla fjárhæð var að ræða, og ekki mundi vitnið, til hvers ákærði ætlaði að nota peningana. Vitnið kvað minni sitt ekki sem best sökum neyslu fíkniefna og áfengis undanfarið. Þó kvaðst vitnið hafa haldið sig frá slíku síðastliðna 8 mánuði. Vitnið kvaðst í janúar sl. hafa skrifað upp á víxla fyrir ákærða, og ekki vissi vitnið betur en að staðið væri í skilum með víxlana. Vitnið mundi ekki upphæð þeirra.

Vitnið Jón Guðmundsson, kt. 050565-4329, kom fyrir dóm sama dag. Vitnið kannaðist ekki við, að ákærði hefði hringt til sín og beðið sig um að ábyrgjast skuld fyrir sig. Vitnið kannaðist við að hafa skrifað nafn sitt á skuldabréf fyrir ákærða í febrúar sl., en vitnið kvaðst hafa verið undir áhrifum áfengis. Vitnið mundi ekki, hvort það skrifaði undir sem vottur eða sjálfsskuldarábyrgðarmaður. Vitnið kvaðst einu sinni hafa farið í áfengismeðferð, en ekki kvaðst vitnið vera áfengissjúklingur. Vitnið kvaðst ekki hafa drukkið sterkt áfengi síðan 2. mars sl., en daginn áður en vitnið kom fyrir dóm, kvaðst vitnið hafa drukkið sterkt áfengi og þá lent í fangageymslu lögreglunnar. Að mati dómarans kom vitnið einkennilega fyrir og virtist ekki eins og fólk er flest.

Ákærði hefur staðfastlega haldið því fram, að hann hafi haft heimild frá áðurgreindum vitnum til að skuldbinda þau. Fær sú frásögn ákærða stoð í vætti vitnisins Sigrúnar Söndru og jafnframt því, að svo virðist, að vitnin hafi verið nýbúin að ábyrgjast aðrar skuldir fyrir ákærða. Meta verður framburð vitnisins Jóns með hliðsjón af ástandi hans. Verður því að telja, að ákærði hafi staðið í þeirri trú, að hann hafi haft heimild vitnanna til að skuldbinda þau, og verður því að sýkna hann af I. lið ákæru.

II.

Þriðjudaginn 20. mars sl. kl. 10.22 var óskað eftir aðstoð lögreglu í ÁTVR í Kringlunni. Hafði ákærði verið handtekinn þar, grunaður um þjófnað á áfengisflösku. Við leit í bifreið, sem ákærði var á, X-4131, fund-

ust munir, sem hafði verið stolið nóttina áður úr þremur bifreiðum, sem hér segir:

1. Úr bifreiðinni R-52592, sem stóð við bifreiðageymslu að Hamraborg 2-32, Kópavogi, útvarps- og kassettutæki af gerðinni Autioline, ritvél af gerðinni Antares, ryksugu af gerðinni Euras og 5 kassettum.

2. Úr bifreiðinni R-5480, sem stóð við sömu bifreiðageymslu, AP-bílasíma, Handic-CB-talstöð, Pioneer- sambyggðu útvarps- og kassettutæki, KP-2030, og verkfæratösku.

3. Úr bifreiðinni G-24318, sem stóð við Fjölnisveg 2, Reykjavík, Pioneer-KEH-4030-útvarps- og kassettutæki, 15 kassettum, 3 myndavélarfilmum og sólgleraugum.

Ákærði hefur við rannsókn og meðferð málsins lýst sig saklausan af þjófnaði úr bifreiðum þessum. Kvaðst ákærði hafa fundið kassa með munum þessum á bifreiðastæði í Hamraborginni.

Skýring ákærða á því, að umrætt þýfi fannst í bifreið hans, er ótrúverðug. Þá verður ekki séð af gögnum málsins, að ákærði hafi gert reka að því að koma þýfinu til skila, ef skýring hans er rétt. Ber því að hafna framburði ákærða og telja, þar sem umrætt þýfi fannst í bifreið hans, nægilega sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þjófnað, eins og lýst er í II. lið ákæru. Er brot ákærða réttilega fært til refsiákvæða í ákæruskjali.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann frá árinu 1980 hlotið samtals 19 dóma fyrir ýmiss konar hegningarlagabrot og umferðarlagabrot, og nemur dæmd refsivist samtals 6 árum og 3 og hálfum mánuði. Síðast hlaut ákærði dóm 11/10 1989, 8 mánaða fangelsi fyrir skjalafals, þjófnað, fjársvik og brot gegn 219. gr. alm. hgl. og umfl. Auk þess hefur ákærði 7 sinnum gengist undir sektargreiðslur, aðallega vegna fíkniefnabrota.

Við ákvörðun refsingar ákærða verður höfð hliðsjón af ákvæðum 77. gr. og 255. gr. almennra hegningarlaga. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði.

Í þágu rannsóknar málsins var ákærði 21. mars sl. úrskurðaður í gæsluvarðhald allt til 26. mars sl. Með vísan til 76. gr. almennra hegningarlaga ber að draga frá refsingunni með fullri dagatölu 6 daga gæsluvarðhald.

Skv. 2. mgr. 141. gr. laga nr. 74, 1974, þykir rétt að dæma ákærða til greiðslu helmings alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurður Markús Sigurðsson, sæti fangelsi í 3 mánuði.

Frá refsivistinni skal draga með fullri dagatölu 6 daga gæsluvarðhald.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Fimmtudaginn 16. maí 1991.

Nr. 303/1989. **Andri hf.**
(Haraldur Blöndal hrl.)
gegn
Jóni Oddssyni
(sjálfur)
og gagnsök.

Málflutningslaun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Haraldur Henrysson, Hrafn Bragason og Hjörtur Torfason og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. ágúst 1989. Hann krefst sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 25. ágúst 1989. Hann krefst þess, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða 478.300 krónur með 56,4% dráttarvöxtum á ári frá 1. ágúst 1988 til 1. september s.á., 49,2% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 1. október s.á. og dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. og 14. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Er þess krafist, að dráttarvextir leggist við höfuðstól skuldarinnar á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. ágúst 1989, og reiknist síðan af þannig samanlagðri fjárhæð höfuðstóls og áfallinna vaxta, sbr. 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987. Þá er þess krafist, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti og beri málskostnaður dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 15. degi eftir uppsögu dóms til greiðsludags, sbr. 3. mgr. 175. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. 21. gr. laga nr. 54/1988 og 5. gr. laga nr. 67/1989.

Mál það, sem gagnáfrýjandi fór með af hálfu aðaláfrýjanda fyrir Hæstarétti, var í héraði höfðað sem áskorunarmál samkvæmt lögum nr. 97/1978 og málsóknin byggð á ákvæðum víxillaga nr. 93/1933. Samkvæmt 208. gr. laga nr. 85/1936 verður aðeins komið að takmörkuðum vörnum í málum, sem réttilega eru höfðuð sem víxilmál, nema aðilar verði á annað sáttir. Hafði aðaláfrýjandi

falið öðrum lögmanni að gæta hagsmuna sinna við meðferð málsins í héraði, en þingsókn féll niður.

Með dómi Hæstaréttar 19. maí 1988 var dómsathöfn héraðsdómarans felld úr gildi af ástæðu, sem honum bar að gæta sjálfkrafa, og var málinu vísað frá héraðsdómi. Efnisdómur gekk því ekki í málinu.

Aðaláfrýjandi greiddi í upphafi 85.000 krónur upp í þóknun fyrir störf gagnáfrýjanda og bauð síðan fram til viðbótar 35.000 krónur. Taldi hann þá komna hæfilega greiðslu fyrir störf gagnáfrýjanda.

Þegar litið er til þess, hvers eðlis mál það var, sem gagnáfrýjandi fór með fyrir aðaláfrýjanda, og þess, hverjar lyktir þess urðu, þykir aðaláfrýjandi þegar hafa innt af hendi og boðið fram nægа greiðslu fyrir störf gagnáfrýjanda. Er þá einnig tekið tillit til kostnaðar við að útbúa ágrip dómsgerða, sem hann sá um.

Samkvæmt þessu verður aðaláfrýjandi sýknaður af kröfum gagnáfrýjanda.

Málskostnaður í héraði fellur niður.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda 35.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Andri hf., skal vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Jóns Oddssonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði fellur niður.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, 35.000 krónur, að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
Hjartar Torfasonar hæstaréttardómara.

Mál það, sem gagnáfrýjanda var falið á árinu 1986 að fara með fyrir Hæstarétti af hálfu aðaláfrýjanda, var til orðið vegna viðskipta milli iðnfyrirtækis á Akureyri og erlendis búsetts Íslendings, er hafði með höndum sölu á vefnaðarvörum frá fyrirtækinu í heimalandi sínu. Var aðaláfrýjandi tengdur viðskiptunum vegna þess, að hann hafði á tilteknu stigi þeirra gefið út víxil, samþykktan af söluaðilanum, að fjárhæð 500.000 danskar krónur, með áritun þess efnis,

að hann væri til tryggingar vegna vörubirgða hjá söluaðilanum frá tilteknum tíma. Var víxill þessi afhentur iðnfyrirtækinu sem ábyrgðarskuldbinding af hálfu söluaðilans og aðaláfrýjanda.

Umrætt mál var höfðað gegn aðaláfrýjanda á heimavarnarþingi hans til greiðslu á allri fjárhæð víxilsins ásamt vöxtum frá afsagnardegi hans í júní 1985. Áður en til þess kom, höfðu iðnfyrirtækið og söluaðilinn átt í áralöngu stappi út af viðskiptunum og uppgjöri þeirra, og hafði það þegar leitt til málaferla í heimalandi hins síðarnefnda, þar sem hann hélt uppi margvíslegum vörnum við greiðslukröfum fyrirtækisins. Útivist varð í málinu af hálfu aðaláfrýjanda, áður en varnir komu fram, en ljóst er af atvikum, að hann hugðist reyna að koma að ýtrustu vörnum gegn stefnukröfunni, bæði vegna víxilsins sjálfs og þeirra viðskipta, er að baki honum lágu. Meðal annars taldi hann víxilrétt fyrndan á hendur sér og víxilkröfuna haldlausa miðað við þær forsendur að afhendingu víxilsins, sem áritun á hann gæfi til kynna.

Ljóst virðist á sama hátt, að aðaláfrýjandi og lögmaður hans í héraði, sem einnig hafði hag af áfrýjun málsins til Hæstaréttar, ætluðust til þess af gagnáfrýjanda, að hann léti reyna á ýtrustu möguleika til að koma við vörnum af þessu tagi fyrir Hæstarétti þrátt fyrir útivistina. Þurfti hann meðal annars að kynna sér viðskiptin að baki víxlinum og hin erlendu málaferli, og voru tilraunir hans til að draga þau inn í málið greinilega hafðar uppi í fullu umboði aðaláfrýjanda, hvað sem um þær má segja að öðru leyti. Vegna útivistarinnar var og eðlilegt að reyna að skýra þá hagsmuni, sem aðaláfrýjandi ætti í húfi. Fyrir Hæstarétti var málið flutt bæði um form og efni, eins og undirbúningur gagnáfrýjanda stóð til. Úrslitin urðu þau, að málinu var vísað frá héraðsdómi vegna formsatriðis, sem héraðsdómara bar að gæta sjálfkrafa. Var kvöð útivistarinnar þar með létt af aðaláfrýjanda, þótt hann væri ekki laus undan víxilkröfunni. Í síðara máli út af henni hefur hann ekki leitað aðstoðar gagnáfrýjanda, en haft uppi ýmsar varnir, sem einnig komu fram í höndum gagnáfrýjanda.

Í greinargerð aðaláfrýjanda í héraði er að finna svigurmæli í garð gagnáfrýjanda þess efnis, að hann hafi reynt að flækja málið að óþörfu. Verður að ætla, að þau lýsi hugarfari fyrirsvarsmanna aðaláfrýjanda um þær mundir, er hann bauð gagnáfrýjanda greiðslu

fyrir verk sitt. Þessi svigurmæli eru ekki aðeins ósönnuð, eins og staðfest er í héraðsdómi, heldur virðast þau koma úr hörðustu átt. Lögmaður aðaláfrýjanda hér fyrir dómi hefur og dregið ummælin til baka, en áréttað, að gagnáfrýjandi eigi aðeins rétt á hæfilegri lögmannsþóknun, eftir því sem almennt eigi við í máli af þessu tagi.

Aðaláfrýjandi neytti ekki þess úrræðis að bera ágreining aðila undir stjórn Lögmannafélags Íslands, sbr. 8. gr. laga nr. 61/1942 um málflytjendur.

Við ákvörðun á þóknun gagnáfrýjanda fyrir aðstoð hans við aðaláfrýjanda ber að líta til þeirra atvika um meðferð málsins og úrslit, sem lýst er í atkvæði meiri hluta dómenda. Með hliðsjón af þeim og því, sem að framan er rakið, tel ég, að þóknun hans á grundvelli 2. mgr. 2. gr. laga nr. 61/1942 væri hæfilega ákveðin 240.000 krónur að meðtöldum útlögðum kostnaði og kostnaði við ágrip dómsgerða. Frá þeirri fjárhæð bæri að draga greiðslur aðaláfrýjanda til hans á árinu 1986, samtals 85.000 krónur. Mismuninn ætti aðaláfrýjandi að greiða honum með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 frá birtingardegi stefnu í héraði, 30. september 1988, auk hæfilegs málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. júní 1989.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 20. júní sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 30. september 1988, af Jóni Oddssyni hrl., kt. 050141-4549, Ásbúð 102, Garðakaupstað, á hendur Andra hf., umboðs- og heildverslun, kt. 570267-0199, Ármúla 28, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld, að fjárhæð kr. 478.300, með 56,4% ársvöxtum frá 1. ágúst 1988 til 1. september s.á., en með 49,2% ársvöxtum frá þeim degi til 1. október s.á., en með ársvöxtum skv. 10. gr. l. nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Jafnframt er þess krafist, að dráttarvextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. ágúst 1989, og reiknist síðan af þannig samanlagðri fjárhæð höfuðstóls og áfallinna vaxta, allt í samræmi við 12. gr. l. nr. 25/1987. Þá er þess krafist, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ auk sérstaks sölugjalds, sbr. l. nr. 1/1988, að mati réttarins og skv. framlögðum málskostnaðarreikningi. Þá er þess krafist, að málskostnaðarfjárhæðin beri dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og málskostnaður tildæmdur stefnda úr hendi stefnanda að skaðlausu.

Sættir voru reyndar árangurslaust.

II.

Málavaxtalýsing stefnanda.

Stefnandi kveður helstu málavexti vera þá, að forsvarsmenn stefnda hafi falið stefnanda að annast áfrýjun á dómi bæjarþings Reykjavíkur frá 20. júní 1986 í áskorunarmálinu nr. 3012/1986: Samband íslenskra samvinnufélaga, iðnaðardeild, gegn Andra hf. Hafi stefnandi m.a. tekið að sér gerð áfrýjunarstefnu, þingfestingu og mót fyrir Hæstarétti Íslands, ágripsgerð og gagnasöfnun ásamt munnlegum málflutningi fyrir Hæstarétti Íslands. Hafi umrætt verk verið viðamikið og kostnaðarsamt. Málinu hafi upphaflega verið skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 18. september 1986, en síðan fellt niður með útivistardómi 1. apríl 1987, þar sem gallar voru á málatilbúnaði þess lögmanns, er samið hafði þá áfrýjunarstefnu. Málinu hafi því verið skotið að nýju með stefnu 22. apríl 1987 samkvæmt heimild í 36. gr. l. nr. 75/1973. Dómur hafi gengið í málinu 19. maí 1988 að afloknum munnlegum flutningi málsins.

Samkvæmt dómi Hæstaréttar hafi hin áfrýjaða dómsathöfn verið úr gildi felld og málinu vísað frá héraðsdómi. Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti hafi verið felldur niður.

Í héraði hafi stefndi verið dæmdur til að greiða gagnaðila skuld, að fjárhæð d.kr. 500.000, auk tilgreindra vaxta frá 19.6. 1985 til greiðsludags, d.kr. 220 í afsagnarkostnað og ísl. kr. 172.700 í málskostnað. Í héraði hafi orðið útivist af hálfu stefnda.

Hinn 24. maí 1988 hafi stefnda verið ritað bréf og gerð krafa um eftirstöðvar skuldar vegna starfa stefnanda og skuldin þá tilgreind sem kr. 489.485. Símskeyti hafi borist frá lögmanni stefnda, Róbert Árna Hreiðarssyni hdl., þar sem óskað hafi verið eftir sundurliðun útlagðs kostnaðar. Með bréfi til þess lögmanns, dags. 8. júní 1988, hafi þeirri fyrirspurn verið svarað.

Með bréfi til stefnanda frá Ólafi Sigurgeirssyni hdl. f.h. Róberts Árna Hreiðarssonar hdl., dags. 21. júní 1988, hafi stefnanda verið send greiðsla með ávísun, að fjárhæð kr. 35.000, sem talin hafi verið hæfileg greiðsla vegna umræddrar skuldar. Því bréfi hafi stefnandi svarað með bréfi til Róberts Árna Hreiðarssonar hdl. 22. júní 1988 og kröfur ítrekaðar. Jafnframt hafi stefnda verið sent innheimtubréf 7. júlí 1988 með greiðslutilmælum eigi síðar en 14. júlí 1988. Þar sem stefndi sinnti eigi greiðslutilmælum, hafi verið ritað bréf til gjaldskrárnefndar Lögmannafélags Íslands, dags.

8. júlí 1988, en nefndin hafi tekið málið til meðferðar 19. september 1988. Samkvæmt ályktun gjaldskrárnefndar hafi málflutningsþóknun stefnanda vegna umrædds máls verið talin vera skv. gjaldskrá LMFÍ, 2. tl. 5. gr., kr. 455.907 auk söluskatts og útlagðs kostnaðar. Hinn 21. september 1988 hafi stefnda verið sent bréf með greiðslutilmælum fyrir 28. september 1988 og skuldin sundurliðuð á eftirfarandi hátt:

1.	Útlagður kostnaður	kr.	52.684
2.	Sbr. ályktun gjaldskrárnefndar v/málflutningsþóknunar	kr.	455.907
3.	12% sérstakt sölugjald, sbr. 1. 1/1988	kr.	54.709
	Samtals	kr.	563.300
4.	Frádregin innborgun	kr.	85.000
	Samtals	kr.	478.300

Umræddar eftirstöðvar, kr. 478.300, séu stefnufjárhæðin, en rétt þyki að krefjast eigi dráttarvaxta nema frá 1. ágúst 1988. Umræddur tékki, kr. 35.000, hafi eigi verið innleystur af stefnanda, þar sem skilyrði hafi verið fyrir því í umræddu bréfi, að um fullnaðargreiðslu væri að ræða af hálfu stefnda. Þar sem umrædd skuld hafi eigi fengist greidd, sé málsókn þessi nauðsynleg.

Samkvæmt hlutafélagaskrá sé stefndi skrásett hlutafélag með varnarþing í Reykjavík.

Málsástæður stefnanda og lagarök.

Stefnandi vísar til þess, að honum sem hæstaréttarlögmanni hafi verið falin af forsvarsmönnum stefnda umrædd lögmannsstörf fyrir hönd stefnda. Umræddur reikningur sé saminn með hliðsjón af gjaldskrá Lögmannafélags Íslands og síðan með vísan til ályktunar gjaldskrárnefndar LMFÍ.

Vísað sé einkum til l. nr. 1/1988 og l. nr. 25/1987, reglna á sviði fjármunaréttar, einkum kröfu- og samningaréttar, sbr. l. nr. 39/1922 og l. nr. 7/1936.

Málavaxtalýsing stefnda.

Málavexti kveður stefndi vera þá, að 22. apríl 1986 hafi verið þingfest á bæjarþingi Reykjavíkur dómsmál til innheimtu tryggingarvíxils, að fjárhæð d. kr. 500.000, sem stefndi í máli þessu var útgefandi að. Hafi hann falið lögmanni sínum, Róbert Árna Hreiðarssyni hdl., að halda uppi vörnum fyrir sig. Til þess hafi þó ekki komið, þar sem málið var hafið 21. maí s.á. vegna útivistar stefnanda.

Nýtt dómsmál hafi síðan verið þingfest 3. júní 1986, og hafi átt að fá frest í því máli til 24. júní s.á. til framlagningar greinargerðar. Vegna mistaka við mætingu í bæjarþinginu hafði málið verið dómtekið á þingfestingardeginum, og hafi greinargerðin því ekki komist inn í það. Þetta hafi stefndi ekki frétt fyrr en um haustið, er lögmaður stefnanda mætti hjá honum ásamt fógeta til fjárnámsgerðar.

Það eina, sem hægt hafi verið að gera í stöðunni, hafi verið að áfrýja dóminum til Hæstaréttar Íslands, og hafi það verið gert með áfrýjunarstefnu, útgefinni 18. september 1986 af lögmanni stefnda, Róbert Árna Hreiðarssyni hdl. Það mál hafi síðan verið fellt niður með útivistardómi 1. apríl 1987, þar sem hæstaréttarlögmaðurinn, sem stefndi hafði fengið til að flytja málið fyrir sína hönd, hafi í einfeldni sinni haldið, að gallar væru á málatilbúnaði í fyrri stefnu, þar sem ekki væri vísað til 45. gr. l. nr. 75/1973. Strax á þessum tíma hafi verið nokkuð greinilegt eftir á séð, að hæstaréttarlögmaðurinn, stefnandi þessa máls, hafi ætlað að gera þetta einfalda víxilmál að viðamiklu og flóknu hæstaréttarmáli til þess eins að réttlæta háan málskostnaðarreikning, sem hann hafi þá verið búinn að ákveða að senda stefnda að því loknu.

Í Hæstarétti Íslands hafi farið fram munnlegur flutningur, og síðan hafi gengið dómur 19. maí 1988, þar sem hin áfrýjaða dómsathöfn var úr gildi felld og málinu vísað frá héraðsdómi. Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti hafi verið felldur niður.

Með bréfi, dagsettu 24. maí 1988, hafi stefnandi þessa máls sent stefnda reikning fyrir störf sín í þágu stefnda, að fjárhæð alls kr. 574.485, að frádregnum kr. 85.000, er greiddar höfðu verið.

Liður 1 í reikningnum hafi verið vegna útlagðs kostnaðar, og hafi verið beðið um útskýringar á þeim lið, þar sem ótrúlegt hafi þótt, að stefnandi hefði orðið að leggja út kr. 52.684 vegna stefnda. Skýringar hafi einungis fengist á útlögðum kr. 2.355 í bréfi, dags. 6. júní 1988. Í sama bréfi hafi verið greint frá miklum pappírskostnaði. Samkvæmt upplýsingum frá seljendum slíks pappírs næmi kostnaður við hann innan við kr. 1.500, og séu því óútskýrðar kr. 48.829 þrátt fyrir tilburði til skýringar í áðurnefndu bréfi.

Fyrirsvarsmanni stefnda hafi fundist allur þessi reikningur undarlega hár, og hafi hann aldrei fengið neinn pata af því, að gjaldtaka yrði með þessum hætti. Hann hafi því falið lögmanni sínum, Róbert Árna Hreiðarssyni hdl., að ganga frá uppgjöri á skynsamlegan hátt. Vegna fjarveru Róberts hafi Ólafur Sigurgeirsson hdl. séð um uppgjörið. Til þess að finna eðlilega uppgjörstölu hafi hann fengið álit margra hæstaréttarlögmanna á, hver væri hæfileg greiðsla, og hafi flestir verið sammála um, að kr. 120.000 væri sanngjörn þóknun. Í framhaldi af því hafi verið send ávísun, að fjárhæð

kr. 35.000, í viðbót við þær kr. 85.000, sem þegar höfðu verið greiddar, og það hafi verið tilkynnt, að um lokagreiðslu væri að ræða, þ.e. þóknun, útlagt og söluskatt.

Stefnandi hafi aftur á móti talið sig geta byggt trausta kjölfestu undir málshöfðun á hendur stefnda með því að fá álit gjaldskrárnefndar á reikningi sínum og hafi því borið annan lið hans undir nefndina, og hafi hún ályktað 19. september 1988 um málflutningsþóknun til handa stefnanda og lækkaði útreikning hans um sem næst kr. 10.000. Um liðinn „Útlagður kostnaður" hafi nefndin ekki fjallað.

Að fenginni þessari ályktun hafi stefnda enn verið sent kröfubréf og í framhaldi af því stefna.

Málsástæður stefnda og lagarök.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á þeirri málsástæðu, að stefnandi eigi enga fjárkröfu á hendur sér, þar sem hann hafi fengið lögmannsþóknun sína að fullu greidda með innborgun, kr. 85.000, og síðan með tékka, að fjárhæð kr. 35.000, sem stefnandi hafi tekið við, sbr. réttarskjal nr. 6, skjal g. Það sé fullnaðargreiðsla með öllu inniföldu.

Í 2. gr., 2. mgr., l. nr. 61/1943 um málflytjendur segi: „Héraðsdóms- og hæstaréttarlögmanni er rétt að áskilja sér hæfilegt endurgjald fyrir störf sín, þar á meðal hluta af fjárhæð máls, og hærra endurgjald, ef mál vinnst, en ef það tapast." Í 1. gr. gjaldskrár Lögmannafélags Íslands segi, að lögmönnum sé rétt að áskilja sér hæfilega þóknun fyrir störf sín með hliðsjón af því verki, sem í té sé látið, og þeim hagsmunum, sem um sé fjallað. Í 3. gr. segi síðan, að gjaldskráin sé leiðbeinandi um endurgjald fyrir störf lögmanna, og megi víkja frá henni til hækkunar eða lækkunar.

Það, sem helst megi lesa úr þessum línum, sé það, að lögmaður geti gert samning við skjólstæðing sinn um, hvernig reikna skuli málflutningsþóknun, áður en málarekstur hefst, og séu slíkir samningar heimilir bæði til lækkunar og hækkunar frá gjaldskrá. Þetta eigi einnig stoð í Codes ethicus fyrir LMFÍ, 10. gr., sem telji það til góðra lögmannshátta að gera skjólstæðingi fyrir fram grein fyrir áætluðum verkkostnaði, svo að hann viti nokkurn veginn, hvað honum beri að greiða. Þetta ákvæði í Codex sé sett til að koma í veg fyrir kæru- og klögumál.

Enn fremur megi lesa út úr framangreindum línum, að gjaldtaka lögmanns skuli ekki síst miðuð við það verk, sem í té sé látið, og sé slíkt í samræmi við reglur allra starfsstétta í þjóðfélaginu, að menn fái greitt eftir vinnuframlagi fyrst og síðast.

Gjaldskrá LMFÍ sé því góður grundvöllur undir gjaldtöku lögmanns vegna einstakra verkefna, er gengið sé til samninga við skjólstæðing, og

einnig án sérstaks samnings, ef þóknunin teljist hæfileg í skilningi 2. mgr. 2. gr. l. nr. 61/1942.

Oft verði ágreiningur um endurgjald fyrir málflutning, og sé þá annaðhvort, að stjórn Lögmannafélags Íslands gefi álit sitt, eða að dómstólum sé falið að skera úr. Dómstólarnir hafi ekki talið sig bundna af áðurnefndri gjaldskrá og hafi margoft vikið til hliðar ákvæðum hennar nema þeim, sem lúti að innheimtutöxtum í skriflega fluttum málum, en þeim innheimtutöxtum hafi stefnandi fylgt, er hann samdi reikning sinn fyrir störf sín varnar megin í innheimtumáli munnlega fluttu.

Við athugun á dómum Hæstaréttar tímabilið 8. mars 1988 til 17. maí s.á., hvað varðar málskostnað, komi í ljós, að í þeim málum, þar sem tildæmdur málskostnaður milli aðilja var yfir kr. 100.000, hafi verið um að ræða stór og flókin mál með mikla hagsmuni í húfi, en ekki fábrotið víxilmál eins og það, sem fjallað sé um í þessu máli.

Af framanrituðu dragi stefndi þá ályktun, að gjaldtaka stefnanda sé allt of há miðað við vinnuframlag hans. Stefnandi hafi aldrei gert stefnda grein fyrir, hversu hár reikningurinn yrði, og hafi hann því komið sem reiðarslag yfir stefnda, sem vegna mistaka hafi ekki getað varist í héraðsdómi.

III.

Niðurstaða.

Það liggur fyrir, að stefnandi máls þessa tók að sér flutning umræddsvíxilmáls í Hæstarétti fyrir stefnda í máli þessu. Á hann því rétt á þóknun fyrir það.

Gögn málsins bera með sér, að stefnandi hefur lagt allnokkra vinnu í undirbúning málsins og gagnaöflun, og hefur því ekki verið hnekkt. Er ósönnuð sú staðhæfing stefnda í greinargerð hans, að stefnandi hafi ætlað að gera einfalt víxilmál að flóknu hæstaréttarmáli til þess eins að réttlæta háan málskostnaðarreikning.

Ekki liggur fyrir, að aðiljar hafi samið um sérstaka þóknun fyrir flutning málsins. Má því fallast á það með stefnanda, að um greiðslur skuli fara eftir þágildandi gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, en stefnandi byggir kröfur sínar á henni með vísan til ályktunar gjaldskrárnefndar LMFÍ, sem ályktaði um hæfilega málflutningsþóknun honum til handa, sbr. dskj. nr. 4. Eru hinir fjárhagslegu hagsmunir skv. 2. tl. 5. gr. gjaldskrárinnar taldir vera þann 19. maí 1988 kr. 4.563.000. 2. töluliður gjaldskrár þeirrar, sem í gildi var á þessum tíma, er svohljóðandi: „Fyrir málflutning í Hæstarétti skal þóknun vera kr. 26.750 að viðbættum 15% af stefnufjárhæð, allt að kr. 1.450.680, 7% af næstu kr. 2.902.070 og 4% af því, sem umfram er." Í 3. tölulið gjaldskrárinnar segir, að reikna skuli málflutningslaun af samanlagðri fjárhæð höfuðstóls og vaxta. Í málatilbúnaði stefnanda og

kröfugerð er ekki vísað til þessa liðar, heldur einungis til 2. tl. 5. greinar. Þykja því þegar af þeim sökum ekki efni til að taka til greina kröfu stefnanda um lögmannsþóknun af samanlagðri fjárhæð höfuðstóls og vaxta.

Samkvæmt upplýsingum hagfræðideildar Seðlabanka Íslands var sölugengi danskrar krónu 19. maí 1988 kr. 6,6959, og nam því höfuðstóll víxilsins ísl. kr. 3.347.950. Málskostnaður skv. 2. tl. 5. gr. gjaldskrár LMFÍ að viðbættum 12% söluskatti reiknast því kr. 422.420. Þá hefur stefnandi krafist útlagðs kostnaðar, kr. 52.684, en þeim kostnaði hefur verið andmælt sem ósönnuðum að frátöldum kr. 2.355. Þar sem stefnandi hefur ekki lagt fram kvittanir fyrir útlögðum kostnaði, verður hann einungis tekinn til greina með kr. 2.355, sem er ómótmælt, eins og áður greinir. Telst því hæfileg þóknun til handa stefnanda kr. 424.775. Óumdeilt er, að greiddar hafi verið inn á þá fjárhæð kr. 85.000. Þá liggur fyrir, að stefnandi fékk senda sem greiðslu ávísun, að fjárhæð kr. 35.000, sem hann veitti viðtöku, en hefur ekki innleyst. Dregst sú fjárhæð ásamt framangreindri innborgun, kr. 85.000, frá kröfufjárhæðinni. Ber stefnda því að greiða stefnanda kr. 304.775 ásamt vöxtum, eins og greinir í dómsorði. Þá ber stefnda að greiða stefnanda kr. 85.000 í málskostnað, og er þar með talinn söluskattur. Vextir dæmast af málskostnaði, eins og greinir í dómsorði.

Sigríður Ólafsdóttir borgardómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, Andri hf., umboðs- og heildverslun, Ármúla 28, Reykjavík, greiði stefnanda, Jóni Oddssyni hrl., Ásbúð 102, Garðakaupstað, kr. 304.775 með 40,8% ársvöxtum frá 1. ágúst 1988 til 1. september s.á., en með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. október s.á., en með ársvöxtum skv. 10. gr. l. nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags, og leggjast vextir við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. ágúst 1989, og dráttarvextir reiknist síðan af þannig samanlagðri fjárhæð höfuðstóls og áfallinna vaxta, allt í samræmi við 12. gr. l. nr. 25/1987. Þá greiði stefndi stefnanda kr. 85.000 í málskostnað, og ber málskostnaðarfjárhæðin dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 16. maí 1991.

Nr. 89/1990. **Frjáls fjölmiðlun hf.**
(Baldur Guðlaugsson hrl.)
gegn
Sigurði Pálssyni
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.).

Höfundaréttur. Miskabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Haraldur Henrysson og Jón Finnsson hæstaréttarlögmaður.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. mars 1990. Hann gerir þær dómkröfur aðallega, að hann verði sýknaður af kröfum stefnda og stefndi dæmdur til að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst áfrýjandi þess, að sér verði aðeins gert að greiða stefnda 1.224,20 krónur með dráttarvöxtum svo sem stefndi krefst frá 22. desember 1986 til greiðsludags, og verði málskostnaður í héraði látinn niður falla, en stefndi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta þá niðurstöðu hans, að stefndi eigi rétt á skaðabótum og miskabótum úr hendi áfrýjanda vegna heimildarlausrar birtingar ljóðsins Götuljóðs í aprílhefti tímaritsins Úrvals, sbr. 1. og 2. mgr. 56. gr. höfundalaga nr.73/1972 , sbr. 7. gr. laga nr. 78/1984.

Staðfest er ákvörðun héraðsdómara um fjárhæð þá, sem áfrýjanda ber að greiða samkvæmt 1. mgr. 56. gr. höfundalaga, 1.951 krónu. Miskabætur, sem áfrýjanda ber að greiða stefnda samkvæmt 2. mgr. 56. gr. laganna, sbr. 7. gr. laga nr. 78/1984, þykja hæfilega ákveðnar 25.000 krónur. Samkvæmt þessu verður áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda 26.951 krónu svo og vexti með hliðsjón af kröfugerð, svo sem í dómsorði segir.

Áfrýjandi greiði 90.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Frjáls fjölmiðlun hf., greiði stefnda, Sigurði Pálssyni, 26.951 krónu með 22% ársvöxtum af 1.951 krónu frá 1. júní 1985 til 1. mars 1986, 13% frá þeim degi til 1. apríl s.á., 9% frá þeim degi til 21. desember s.á., en með 2,25% dráttarvöxtum á mánuði af 26.951 krónu frá 15. janúar 1987 til 1. mars s.á., 2,5% frá þeim degi til 14. apríl 1987, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Dráttarvexti má leggja við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 15. janúar 1988. Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 90.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. desember 1989.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er höfðað fyrir dóminum með stefnu, birtri 27. janúar 1989, af Sigurði Pálssyni rithöfundi, Mávahlíð 38, Reykjavík, kt. 300748-3099, á hendur Sveini R. Eyjólfssyni, Kvisthaga 12, Reykjavík, kt. 040538-7049, stjórnarformanni Frjálsrar fjölmiðlunar hf., Þverholti 11, Reykjavík, kt. 550282-0469, f.h. félagsins.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða skaðabætur og miskabætur, samtals að fjárhæð kr. 112.242, með [nánar tilgreindum dráttarvöxtum svo og málskostnaði].

Af hálfu stefnda er þess krafist aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnanda verði gert að greiða sér málskostnað að skaðlausu samkvæmt mati dómsins, og beri málskostnaðarfjárhæðin dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags. Til vara er gerð krafa um, að stefndi verði einungis dæmdur til að greiða stefnanda kr. 1.224,20 með umkröfðum dráttarvöxtum frá 22/12 1986 til greiðsludags og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Málavextir, málsástæður og lagarök.

Stefnandi kveður mál þetta vera þannig til komið, að stefndi gefi út tímaritið Úrval. Í því séu aðallega birtar þýddar greinar, en þó einnig ýmislegt annað efni, svo sem ljóð eftir innlenda höfunda. Í aprílhefti Úrvals 1985 hafi verið birt ljóðið „götuljóð" úr ljóðabók stefnanda, ljóð vega salt, er

út kom árið 1975. Ekki hafi verið leitað samþykkis stefnanda, sem ekki hafi fengið fregnir af því fyrr en í desember 1986, að ljóð sitt væri að finna í áðurnefndu tímariti. Þar sem hann hafði ekki veitt heimild fyrir birtingunni, hafi hann þegar leitað til lögfræðings síns.

Lögmaður stefnanda hafi sent stefnda ábyrgðarbréf, dags. 15. desember 1986, með kröfu um skaðabætur, vexti og innheimtulaun vegna heimildarlausrar birtingar á ljóði stefnanda. Engin svör hafi borist við bréfi lögmannsins og stefnandi því ekki séð annan kost en höfða mál gegn stefnda til heimtu skaðabóta.

Stefnandi kveðst byggja kröfu sína á því, að hann sem höfundur að umræddu ljóði hafi eignarrétt þess, sbr. 1. gr. höfundalaga nr. 73/1972, og hafi skv. 3. gr. sömu laga einkarétt á að birta verk sín með þeim takmörkunum, sem í lögunum greinir. Án samþykkis stefnanda sé öðrum mönnum óheimilt að gera eintök af verkum hans og gefa þau út. Við munnlegan málflutning kom enn fremur fram, að framsal höfundar væri helsta leið sér til þess að fá tekjur af verkum sínum. Stefndi hafi á heimildarlausan og ólögmætan hátt birt ljóð stefnanda án þess að gera nokkra tilraun til að leita samþykkis, sem þó hefði átt að vera auðvelt að gera, annaðhvort símleiðis eða bréfleiðis.

Stefnandi kveður stefnukröfuna sundurliðast þannig:

1.	Skaðabætur, er svara til tífaldra ritlauna skv. gjaldskrá RSÍ, vegna heimildarlausrar birtingar eins ljóðs	kr. 9.755
2)	Sparisjóðsvextir af kr. 9.755 frá 1.6.'85 til 21.12.'86	kr. 2.487
3)	Miskabætur	kr. 100.000
	Samtals	kr. 112.242

Stefnukrafan svari til tífaldra ritlauna fyrir ljóð skv. leiðbeinandi gjaldskrá Rithöfundasambands Íslands, eins og hún var í apríl 1985. Skaðabótakröfu sína kveðst stefnandi styðja þeim rökum, að stefndi hafi af ásetningi eða a.m.k. af stórfelldu gáleysi á gróflegan hátt brotið gegn einkarétti sínum til að ráða yfir og birta verk sín, þ. á m. til að ákveða, hvar og hvernig þau birtast. Háttsemi stefnda sé þar að auki refsiverð, þótt ekki sé gerð krafa um refsingu í málinu. Brot stefnda hafi haft fjártjón í för með sér fyrir stefnanda, sem honum sé skylt að bæta skv. 1. mgr. 56. gr. höfundalaga nr. 73/1972. Kröfu sína um miskabætur kveðst stefnandi byggja á 2. mgr. 56. gr. laga nr. 72/1973, sbr. 7. gr. laga nr. 78/1984, en skv. því lagaákvæði skuli dæma höfundi og listflytjanda miskabætur úr hendi þess, sem raskað hefur rétti þeirra með ólögmætri háttsemi.

Auk höfundalaga nr. 73/1972 vísar stefnandi til ákvæða Bernarsáttmál-

ans til verndar bókmenntum og listaverkum, sem staðfestur var með lögum nr. 80/1972.

Vaxtakröfu sína kveðst stefnandi byggja á lögum nr. 25/1987 um vexti svo og auglýsingum Seðlabanka Íslands um vaxtafót á hverjum tíma og vaxtavaxtakröfu á 12. gr. laga nr. 25/1987, málskostnaðarkröfu við 1. mgr. 177. gr. laga nr. 85/1936 og kröfu um vexti á málskostnað við 3. mgr. 175. gr. sömu laga, sbr. 21. gr. laga nr. 54/1988.

Stefndi kveðst gefa út tímaritið Úrval, sem flytji, eins og nafnið bendi til, úrval margs kyns efnis, einkum erlent efni. Tímaritið komi út tólf sinnum á ári. Um miðjan sjöunda áratuginn hafi Úrval tekið að birta ljóðakynningar að staðaldri, og hafi sú venja haldist allt til ársloka 1987, að í hverju tölublaði hafi birst eitt eða fleiri „úrvalsljóð", oftast frumsamin ljóð íslenskra ljóðskálda, en stundum þó þýðingar erlendra ljóða. Tilgangur aðstandenda tímaritsins með þessari birtingu hafi verið sá einn að leggja sitt lóð á vogarskálina til þess að kynna íslenska ljóðlist, höfunda og bækur, ef ske kynni, að sýnishorn þau, sem birt væru, mættu verða lesendum hvöt til þess að afla sér verka viðkomandi skálda og/eða viðkomandi bóka til að njóta þeirra til hlítar. Hafi þess snemma orðið vart, að viðkomandi ljóðskáld og ljóðaþýðendur kunnu að meta þetta framtak, og hafi margir þeirra í gegnum tíðina (sic) látið í ljós þakklæti við ritstjóra tímaritsins vegna þessa. Ekki hafi verið beðið um leyfi fyrir fram vegna þessarar birtingar, og engin þóknun hafi komið fyrir. Hvorki höfundar, útgefendur né hagsmunasamtök höfunda hafi í gegnum árin (sic) haft uppi neinar athugasemdir eða kröfur af þessu tilefni.

Í aprílhefti Úrvals 1985 hafi verið birt ljóð stefnanda, „götuljóð", en það hafi áður verið birt í ljóðabók hans, ljóð vega salt, sem kom út árið 1975. Ekki hafi fremur venju verið leitað samþykkis höfundar fyrir fram og ekki boðin fram greiðsla. Kveðst stefndi ekki hafa vitað annað en að stefnandi væri líkt og aðrir höfundar „úrvalsljóða" sáttur við þessa birtingu, þar til að honum barst bréf frá lögmanni stefnanda í desember 1986. Stefndi hafi þó haldið, að stefnandi hefði ákveðið að aðhafast ekkert frekar, þar til honum barst stefna í máli þessu.

Aðalkröfu sína kveður stefndi vera reista á því, að honum hafi á grundvelli 1. mgr. 14. gr. höfundalaga nr. 73/1972 verið heimilt að birta umrætt ljóð stefnanda í nefndu tímariti. Í II. kafla höfundalaga, þ. á m. í 14. gr., sé að finna ýmsar takmarkanir á höfundarétti, þ. á m. til þrengingar á 3. gr. laganna, sem stefnandi byggi kröfu sína á. Stefndi telur, að umrædd birting sé tilvitnun í bókmenntaverk stefnanda innan hæfilegra marka í skilningi 14. gr. höfundalaga. Óumdeilt sé, að rétt hafi verið með efnið farið. Stefndi telur, að hin langa og áður átölulausa hefð, sem komin sé á birtingu „úrvalsljóða", styðji það sjónarmið sitt, að um sé að ræða

birtingu, sem heimil sé á grundvelli 14. gr. höfundalaga og sé af þeim toga takmarkana á höfundarétti, sem höfundar verði að sæta lögum samkvæmt.

Varakröfu sína kveður stefndi vera á því byggða, að þótt talið verði, að honum hafi verið óheimilt að birta umrætt ljóð í nefndu tímariti án leyfis stefnanda, þá sé í ljósi hinnar löngu og áður athugasemdalausu birtingar „úrvalsljóða" ekki um það að ræða, að „brot" stefnda hafi verið framið af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Stefnandi hafi ekki sýnt fram á, að birtingin hafi haft fjártjón í för með sér fyrir hann. Stefndi telur því, að rök og lagaheimild skorti til að dæma sig til greiðslu skaðabóta, er svari til tífaldra ritlauna fyrir ljóð, eins og stefnandi krefjist, sem og til greiðslu miskabóta. Stefndi telur, að einungis eigi þá að gera sér að greiða stefnanda venjuleg ritlaun fyrir ljóð skv. leiðbeinandi gjaldskrá Rithöfundasambands Íslands, eins og hún hafi verið í apríl 1985, auk dráttarvaxta frá 22/12 1986, sbr. kröfugerð stefnanda. Þá séu einnig efni til, að málskostnaður falli niður, sbr. 178. gr. einkamálalaga nr. 85/1936.

Niðurstaða.

Eigi er um það deilt, að stefnandi sé höfundur ljóðsins „götuljóðs, er stefndi birti í tímariti sínu, Úrvali. Sem höfundur á hann eignarrétt og einkarétt á því skv. 1. mgr. 1. gr. og 3. gr. höfundalaga nr. 73/1972. Einnig er það óumdeilt, að stefndi birti ljóðið án þess að fara fram á heimild til birtingar og bjóða fram greiðslu.

Í ofangreindum lagaákvæðum er sú grundvallarregla höfundaréttar staðfest, að enginn annar en höfundur verks eða rétthafi höfundaréttar geti ákveðið, hvort og þá hvar, hvenær og hvernig verk, sem háð eru höfundarétti, skuli birt. Þessum ákvörðunarétti tengjast einnig fjárhagslegir hagsmunir höfundaréttarhafa.

Stefndi telur hins vegar, að birting ljóðsins hafi verið tilvitnun í tiltekið birt bókmenntaverk, þ.e. ljóðabók stefnanda, ljóð vega salt, og tilgangur hennar hafi verið að kynna lesendum tímaritsins íslenska ljóðlist. Sér hafi því verið birtingin heimil samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 14. gr. laga 73/1972, sem takmarki höfundarétt í slíkum tilvikum.

Í 1. mgr. 14. gr. laga nr. 73/1972 segir, að heimiluð sé „tilvitnun í birt bókmenntaverk ..., ef hún er gerð í sambandi við ... almenna kynningu eða í öðrum viðurkenndum tilgangi". Ekki verður fallist á þá túlkun stefnda, að skilgreina megi notkun hans á ljóði stefnanda sem tilvitnun eða kynningu. Ljóðið er sett upp sjálfstætt í ramma og undir sérstakri fyrirsögn og er ekki í neinum tengslum við annað efni, þannig að það verði skilgreint sem tilvitnun samkvæmt venjulegri merkingu þess orðs. Ljóð er sjálfstætt verk og er hér tekið úr ljóðabók, en er ekki tilvitnun í þá ljóðabók, þar sem það fyrst er birt. Fallast má á það um flest efni, sem birt er í tímariti,

að það sé í einhverjum skilningi kynning, en það er á sama hátt til fróðleiks, skemmtunar o.s.frv. Undanþáguákvæði 1. mgr. 14. gr. höfundalaga þykir hins vegar eiga að skýra svo, að átt sé við útgáfu, sem sérstaklega sé ætlað tiltekið kynningarhlutverk og markvisst og augljóslega þjóni þeim tilgangi. Víðari skilningur á þessu ákvæði myndi takmarka mjög ákvörðunar- og fjárhagslegan rétt höfundar. Tímarit stefnda eða þáttur þess, „úrvalsljóð", þykir ekki uppfylla þetta skilyrði.

Ljóð stefnanda birtist í 4. hefti 44. árgangs tímaritsins Úrvals. Þykir stefndi hafa mátt vita af langri reynslu, að hann notaði þar efni, sem háð var höfundarétti, og hafa vísvitandi látið hjá líða að leita heimildar höfundar. Heimildarlaus birting slíks efnis allt frá árinu 1965, þótt átölulaus væri, þykir ekki gera ranga hegðun rétta né skapa honum rétt gagnvart stefnanda. Þykir stefndi hafa brotið á rétti stefnanda til að ráðstafa hugverki sínu og rétti hans til að fá greiðslu fyrir birtingu þess. Þykir stefnandi því eiga rétt á bótum úr hendi stefnda, bæði vegna fjártjóns og miska, sbr. 1. og 2. mgr. 56. gr. laga nr. 73/1972, sbr. 7. gr. laga nr. 78/1984.

Ekki verður fallist á það með stefnda, að stefnanda beri eigi hærri fébætur en svari endurgjaldi samkvæmt gjaldskrá Rithöfundasambands Íslands. Svo sem fram hefur komið, er þar um leiðbeinandi taxta að ræða, og getur höfundur samið um annað endurgjald en þar greinir. Hins vegar á stefnandi samkvæmt almennum reglum fébótaréttar eigi rétt til hærri bóta en tjóni hans nemur. Ósannað er, að tjón hans nemi tíföldu endurgjaldi samkvæmt gjaldskrá, og þykir hæfilegt að áætla honum tvöfalt endurgjald samkvæmt ofangreindri gjaldskrá, kr. 1.951, með almennum sparisjóðsvöxtum til 21. desember 1986, kr. 497.

Stefnanda ber samkvæmt skýlausu ákvæði 2. mgr. 56. gr. laga nr. 73/1972, sbr. 7. gr. laga nr. 78/1984, miskabætur úr hendi stefnda, þar sem birting ljóðsins telst hafa verið ólögmætt brot á höfundarétti stefnanda. Forsenda breytingar þeirrar, er gerð var á höfundalögum með 7. gr. l. nr. 78/1984, verður ekki skilin öðruvísi en svo, að ólögmæt röskun á rétti höfundar skapi í sjálfu sér rétt til miskabóta. Stefndi fer hins vegar rétt með ljóð stefnanda, getur höfundar og ljóðabókar og býr því þokkalega umgjörð í riti sínu. Verður því eigi að meðferð ljóðsins fundið af hálfu stefnda, og verður ekki séð, að stefnanda hafi verið með birtingu þess gerður annar og meiri miski en felst í því að vera sviptur ákvörðunarrétti um notkun hugverks síns í þessu eina tilviki. Þegar allt þetta er haft í huga sem og sá tími, er líður frá birtingu ljóðsins og til málshöfðunarinnar, þykja miskabætur til handa stefnanda hæfilega ákveðnar kr. 40.000.

Stefnda ber samkvæmt þessari niðurstöðu að greiða stefnanda samtals kr. 42.448 auk dráttarvaxta frá 15. janúar 1987, sbr. 9. gr. laga nr. 25/1877, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Málskostnaður ákveðst kr. 45.000, og er þá tekið tillit til söluskatts. Dóminn kvað upp Hjördís Hákonardóttir borgardómari.

Dómsorð:

Stefndi, Frjáls fjölmiðlun hf., kt. 550282-0469, greiði stefnanda, Sigurði Pálssyni, kt. 300748-3099, kr. 42.448 ásamt 2,25% dráttarvöxtum á mánuði frá 15.1.1987 til 28.2. 1987, með 2,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 27.3.1987, með 30% dráttarvöxtum á ári frá þ.d. til 1.6.1987, með 33,6% dráttarvöxtum á ári frá þ.d. til 1.7.1987, með 36% dráttarvöxtum á ári frá þ.d. til 1.8.1987, með 40,8% dráttarvöxtum á ári frá þ.d. til 1.9.1987, með 42% dráttarvöxtum á ári frá þ.d. til 1.10.1987, með 43,2% dráttarvöxtum á ári frá þ.d. til 1.11.1987, með 45,6% dráttarvöxtum á ári frá þ.d. til 1.12.1987, með 49,2% dráttarvöxtum á ári frá þ.d. til 1.1.1988, með 51,6% dráttarvöxtum á ári frá þ.d. til 1.3.1988, með 45,6% dráttarvöxtum á ári frá þ.d. til 1.5.1988, með 44,4% dráttarvöxtum á ári frá þ.d. til 1.7.1988, með 52,8% dráttarvöxtum á ári frá þ.d. til 1.8.1988, með 56,4% dráttarvöxtum á ári frá þ.d. til 1.9.1988, með 49,2% dráttarvöxtum á ári frá þ.d. til 1.10.1988, með 33,6% dráttarvöxtum á ári frá þ.d. til 1.11.1988, með 27,6% dráttarvöxtum á ári frá þ.d. til 1.12.1988, með 24% dráttarvöxtum á ári frá þ.d. til 1.1.1989, með 21,6% dráttarvöxtum á ári frá þ.d. til 27.1.1989, en frá þ.d. og til greiðsludags með þeim dráttarvöxtum, sem Seðlabanki Íslands ákveður á hverjum tíma skv. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987. Dráttarvexti má leggja við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 22.12.1987.

Stefndi greiði stefnanda málskostnað, kr. 45.000, er beri án söluskatts dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, frá 15. degi eftir dómsuppsögu og til greiðsludags.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 17. maí 1991.

Nr. 46/1991. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Hirti Cyrussyni
(Örn Clausen hrl.).

Brot gegn 195. gr. alm. hgl. Húsbrot. Skilorð. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Jónsson, Hjörtur Torfason og Þór Vilhjálmsson og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. desember 1990 að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákæruvalds til þyngingar á refsingu.

Verjandi gerir þær kröfur aðallega, að ákærði verði sýknaður, en til vara, að dæmd verði vægasta refsing, sem lög leyfa, og að hún verði skilorðsbundin.

Með því að ryðjast heimildarlaust inn í íbúð X hefur ákærði gerst brotlegur við 231. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Með yfirlýsingu 12. janúar 1990 krafðist X m.a. þess, að ákærða yrði refsað fyrir athæfi sitt. Var opinber ákæra því heimil, sbr. 242. gr., 2. tölulið a, sömu laga.

Ákærði er í héraðsdómi réttilega sakfelldur fyrir brot gegn 195. gr. laga nr. 19/1940.

Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotan til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir bera að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Það athugast, að héraðsdómur var kveðinn upp mánudaginn 17. desember 1990, en ekki á þriðjudegi, eins og í héraðsdómi greinir. Þá var ákæruskjal út gefið 12. mars 1990, en ekki 29. ágúst.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Hjörtur Cyrusson, greiði allan áfrýjunarkostnað

málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 40.000 krónur.

Sératkvæði
Guðmundar Jónssonar hæstaréttardómara.

Ákærði braut sér leið inn í íbúð vitnisins X. Sýnir það einbeittan ásetning hans um að koma fram vilja sínum. Samkvæmt því tel ég, að refsing ákærða eigi að vera óskilorðsbundin. Að öðru leyti er ég samþykkur dómsatkvæði meiri hluta dómara.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 17. desember 1990.

Ár 1990, þriðjudaginn 17. desember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er að Borgartúni 7 af Ingibjörgu Benediktsdóttur sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 702/1990: Ákæruvaldið gegn Hirti Cyrussyni, sem tekið var til dóms 20. nóvember sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 29. ágúst sl., gegn ákærða, Hirti Cyrussyni, Skipasundi 19, Reykjavík, fæddum 4. nóvember 1961, fæðingarnúmer 272, „fyrir að hafa aðfaranótt fimmtudagsins 23. nóvember 1989 brotist inn í íbúðina ....., Reykjavík, og haft samfarir við X, sem þar svaf ölvunarsvefni í svefnherbergi og skynjaði ekki, hvað gerðist, fyrr en um morguninn, er hún vaknaði með ákærða nakinn við hlið sér í rúminu.

Telst þetta varða við 195. gr. og 231. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar auk skaðabóta".

Málavextir eru þessir samkvæmt játningu ákærða og öðrum gögnum málsins:

Fimmtudaginn 23. nóvember 1989 kom stúlkan X til rannsóknarlögreglu ríkisins og lagði fram kæru á hendur ákærða vegna kynferðislegrar misneytingar nóttina áður, á meðan hún svaf ölvunarsvefni. Var hún yfirheyrð í framhaldi af því svo og við meðferð málsins.

X segir, að umrætt sinn hafi hún ætlað að fara út að skemmta sér með samstarfsfólki sínu á B....., og hafi það ætlað að hittast á Rauða ljóninu. Ákærði hafi komið á heimili hennar fyrr um kvöldið, u.þ.b. kl. 20.00. Hann hafi hringt til sín og spurt, hvort þau ættu ekki að hittast, og hún sagt, að hann gæti komið á heimili hennar áður. Hún segir, að ákærði hafi verið sífellt að hringja í sig og biðja hana að hitta sig eða fara

út með sér, en hún hafi ekki viljað það. Hann hafi verið ágengur og sífellt verið að ganga á eftir henni, en aldrei hafi verið neitt á milli þeirra. Hún segir, að þegar ákærði kom, hafi móðir sín og systir verið þar og undir lokin hafi Ú... Þ... M... komið líka, en hann hafi ekið ákærða heim til hennar. Hún kveðst hafa talað við Ú... fyrr um kvöldið og beðið hann um að koma í síðara lagi með ákærða, þar sem hún nennti ekki að fá hann snemma heim til sín. Hún segir, að ákærði hafi komið með nokkra bjóra og hún drukkið einn til þrjá, og hann hafi einnig drukkið eitthvað. Síðar um kvöldið hafi móðir sín ekið þeim þremur á Eiðsgranda, og kveðst hún ekki hafa fundið til áfengisáhrifa að neinu marki og ekki mikið séð á ákærða heldur, en hún kveðst ekki muna, hvernig ásigkomulag ákærða var þá. Á Eiðsgranda hafi S...., samstarfskona sín, verið, og húsráðandi, H.... Þarna hafi verið haft áfengi um hönd, og kveðst hún hafa drukkið u.þ.b. hálft vodkaglas. Hún hafi þá verið orðin eitthvað skrýtin og stuttu seinna eins og dauðadrukkin og mjög undarleg. Þetta hafi aldrei komið fyrir áður, er hún hafi drukkið áfengi, og kveðst hún enga skýringu hafa á því, hvers vegna hún varð svona drukkin af ekki meiri víndrykkju; þetta hafi hvorki komið fyrir sig fyrr né síðar. Um miðnætti hafi hópurinn farið á Rauða ljónið. Hún hafi ætlað að panta sér í glas, en systir sín sagt, að hún skyldi drekka vatn, sem hún gerði. Hún hafi því ekkert áfengi drukkið á Rauða ljóninu. Stuttu seinna hafi hún tekið leigubíl heim vegna ástandsins. Hún segir, að hún hafi lítið sem ekkert haft af ákærða að segja, eftir að þau fóru frá heimili hennar, hún hafi örugglega ekkert haft af honum að segja á Rauða ljóninu og lítið sem ekkert talað við hann á Eiðistorginu, enda var ekkert á milli þeirra, því hafi farið fjarri. Hún segir, að á leiðinni í leigubifreiðinni hafi hún kastað upp blóði, og þegar hún kom heim, hafi hún strax farið í háttinn og sofnað í nærbuxum einum fata og sofið fast fram á morgun. Hún hafi vaknað við það, að ákærði lá nakinn í rúmi hennar, og kveðst hún hafa farið fram og hugsað með sér, hvað maðurinn væri að gera hérna, hvað væri eiginlega að ske, þar sem hún mundi ekki eftir að hafa hleypt honum eða nokkrum öðrum inn.

Hún hafi fundið, að við sig hafi verið átt kynferðislega, en um þetta hafi hún ekki spurt ákærða, þar sem hún hafi viljað fá hann sem fyrst út úr húsinu; hún hafi sagt honum að hypja sig. Hann hafi sagt, að hún hafi alveg vitað af honum þarna um nóttina. Hún hafi orðið æfareið og spurt hann, hvernig hann hefði komist inn, og hann hafi sagt henni, að hann hefði komist inn um gluggann. Strax er hann var farinn, hafi hún sett rúmfatnaðinn og nærbuxur sínar í þvottavél. Hún hafi fundið nærbuxurnar, sem hún hafði sofnað í, við fótagaflinn í rúminu, þegar hún tók rúmfötin af rúminu. Eftir að hún setti þvottinn í vélina, hafi hún fengið

„sjokk", grátið mikið, en þvegið sér svo rækilega. Hún hafi ekki orðið vör við neitt óvenjulegt á líkama sínum, svo sem klór eða því um líkt. Hún segir, að það hafi aldrei fyrr komið fyrir sig, að hún myndi ekki allt eftir drykkju, og hafi hér verið um minnisleysi vegna undanfarandi ölvunar að ræða, sé það í fyrsta skipti, sem það komi fyrir sig.

X segir, að hún hafi lokað eldhússglugganum, er hún fór að sofa, en þó haft á glugganum smárifu með því að hafa krækjurnar á glugganum í mótastykkjunum í gluggakarminum, svo að hægt væri að hafa hann lítils háttar opinn.

X kveðst ekki hafa haft hugmynd um, hvað skeði þarna um nóttina, og það sé í sínum huga enginn vafi á því, að ákærði hafi notað sig kynferðislega, án þess að hún gæti spornað við því sökum ástands síns. Hún hefði aldrei tekið það í mál að hafa samfarir við ákærða, hvorki í þetta skipti né annað. Milli þeirra hafi aldrei verið annað og meira en vinskapur. Þau hafi verið vinnufélagar í u.þ.b. 2 til 3 ár.

X var færð til læknisskoðunar kl. 20.00, skömmu eftir upphaf skýrslutöku af henni hjá RLR. Í álitsgerð dr. med. Arnar Haukssonar kvensjúkdómalæknis segir svo m.a.:

„Skoðun: X kemur í fylgd vinkonu. Hún er skelfd og segist aldrei ætla að smakka áfengi framar, segist ekki treysta sér í vinnu, því að hún komist ekki hjá því að þurfa að kalla upp ofannefndan mann, og segist ekki geta hugsað sér að heyra hann né sjá. Hún er þó róleg og yfirveguð og samvinnuþýð og gefur skýra frásögn. Hins vegar segist hún enga minningu hafa (sic), frá því að hún háttar, þar til hún vaknar, kveðst ekki hafa merkt neina ytri áverka.

Almenn skoðun: Við ytri skoðun er ekki að sjá neina ytri áverka.

Kvensjúkdómaskoðun: Ytri kynfæri og leggöng eðlileg, engir áverkar. Óverulegt slím í leggönguin. Tekin eru sýni frá ytri börmum, leggöngum, leghálsi og legholi og strokið á gler fyrir smásjárskoðun og meinafrumurannsókn. Einnig er tekið slím í geymslu fyrir hugsanlega vefjaflokkagreiningu.

Smásjárskoðun: Við ýtarlega leit á átta glerjum (sic) finnast ekki neinar sæðisfrumur. Því eru send sýni í meinafrumurannsókn.

Niðurstaða: X kærir samstarfsmann sinn fyrir innbrot og nauðgun, meðan hún lá djúpt sofandi í eigin rúmi í læstri íbúð eftir áfengisdrykkju; vissi ekki af þessu, fyrr en hún vaknar með manninn nakinn við hlið sér. Við líkamlega skoðun svo og kvensjúkdómaskoðun finnast ekki neinir ytri áverkar. Ekki fundust sæðisfrumur við smásjárskoðun. Hins vegar geta verið allt að 20 klst. frá atburði til skoðunar, auk þess sem X hefur farið í ýtarlegt bað (sic). Maðurinn lá hins vegar nakinn við hlið henni í rúminu og hún komin úr nærbuxum sínum, sem hún alltaf sefur í, auk þess sem hún

segist hafa fundið, að við sig hafi verið hafðar samfarir, ,,maður finni nú slíkt auðveldlega". Henni var gefinn lyfseðill á sýklalyf í fyrirbyggjandi tilgangi. Þá fær hún veikindavottorð frá 23. - 19. nóvember, þar sem hún treystir sér ekki í vinnu. Hún er að auki frædd um tilurð (sic) stuðningshóps kvenna gegn nauðgun."

Ákærði var yfirheyrður hjá RLR að morgni næsta dags svo og við meðferð málsins. Hann segir, að umrætt sinn hafi sér verið boðið heim til X á heimili hennar að ....., en hann og X unnu bæði á B...., og stóð til, að fleira starfsfólk bættist í hópinn síðar. Starfsfélagi sinn, Ú... Þ.. M...., hafi ekið sér þangað. Þegar hann kom þangað, voru þar auk X móðir hennar og systir. Ákærði kveðst hafa komið með áfengi með sér, pela af sterku áfengi og 6 bjóra. Þarna hafi þau neytt áfengis, og kveðst ákærði hafa verið töluvert vel undir áhrifum, er þau fóru út á Eiðisgranda. X og ákærði hafi drukkið megnið af áfenginu, sem hann kom með á heimili hennar, og hún hafi einnig verið talsvert undir áhrifum, er þau fóru frá heimili hennar. Systir hennar, A..., hafi neytt lítillega áfengis og móðir hennar ekki, enda ók hún þeim út á Eiðsgranda. Á Eiðsgrandanum hafi hann og X einnig neytt talsverðs áfengis. Auk þeirra voru þar húsráðandi, S.... og A.... og vinkona húsráðanda, og síðar bættist Ú... Þ... M..., starfsfélagi ákærða, í hópinn. Vel hafi farið á með þeim X, þ.e. þau hafi mikið talað saman, sérstaklega á heimili hennar, en annað og meira hafi það ekki verið. Um miðnætti hafi hópurinn farið á Rauða ljónið, og þar var haldið áfram að skemmta sér og drekka. Hann hafi ekki haft meiri afskipti af X þar en öðrum kunningjum þar á staðnum. Hann hafi orðið þess var, að X var farin af staðnum, en hvenær það var, kveðst hann ekki muna. X hafi verið orðin ,,blindfull" og hann sjálfur líka. Hann hafi orðið bæði fúll og reiður af því, að X kvaddi sig ekki, sér hafi fundist hann eiga það inni hjá henni, þar sem hún bauð honum heim til sín fyrr um kvöldið og var að skemmta sér með honum ásamt öðrum. Hann hafi farið af staðnum, skömmu eftir að X fór. Tók hann leigubifreið, en kveðst ekki muna, hvort henni var ekið rakleiðis að .... eða hvort hann kom einhvers staðar við á leiðinni, svo hafi vel getað verið, þótt hann muni það ekki. Þegar hann kom að íbúð X, hafi hann hringt bjöllunni og kallað inn um eldhússgluggann, sem var við hliðina á útidyrunum, en hún hafi ekki svarað. Þá hafi hann tekið þéttingsfast í eldhússgluggann, sem var kræktur aftur, og sér til undrunar gaf glugginn strax eftir. Kveðst hann þá hafa skriðið inn um gluggann og inn í svefnherbergi X, þar sem hún svaf. Settist hann á rúmstokkinn, glugga megin við rúmið, að því er hann telur, og reyndi að vekja hana, en hún steinsvaf. Hann hafi engu tauti við hana komið og lagst til svefns í öllum fötum við hlið hennar í rúminu, nær glugganum á herberginu, og sofnað. Hann hafi verið ofurölvi og sofnað strax. Seinna um

nóttina vaknaði hann, og var honum heitt og ómótt og klæddi sig úr öllu nema nærbuxum. Sofnaði hann aftur og vaknaði síðar. Sneri þá X bakinu í hann. Hann hafi séð, að hún var nakin niður að mitti, en sængin hafi hulið hana að öðru leyti. Fór hann að láta vel að henni og kyssti hana á bakið. Sneri hún sér þá við, og kveðst hann þá hafa spurt hana, hvort hún vissi, hver hann væri, og hafi hún svarað því játandi. Hún hafi spurt sig, hvernig hann hefði komist inn, og kveðst hann hafa sagt, að hann myndi segja henni það seinna. Hann minntist þess ekki fyrir dóminum, að hann hefði spurt hana um það, hvort hún væri vakandi, en það gæti vel verið, hann hefði verið mjög ölvaður og myndi þetta ekki. Við yfirheyrslu hjá RLR sagði ákærði, að hann hefði, er hér var komið sögu, spurt X, hvort hún væri vakandi, og hún hefði játað því. Ákærði segir, að hann hafi haldið áfram að láta vel að stúlkunni og gælt við hana og síðan haft við hana samfarir. Hann hafi lagst ofan á hana og hún tekið þátt í samförunum, sem hafi verið eins eðlilegar og þær geta verið á milli karls og konu. Ákærði segir, að X hafi verið með sængina yfir sér, þegar hann kom fyrst inn, en þegar hann fór að láta vel að henni, hefði hún verið í nærbuxum einum klæða, sem hann klæddi hana úr, og hjálpaði hún honum við það. Það sé því rangt, að stúlkan hafi verið vindauð eða sofandi, og hann hafi ekki getað túlkað samfarir þeirra öðruvísi en svo, að þær hafi verið eðlilegar og hún tekið eðlilegan þátt í þeim. Hann hafi því hvorki beitt hana þvingunum né notað sér það, að hún væri ofurölvi eða sofandi. Að samförum loknum hafi þau bæði sofnað. Þegar ákærði vaknaði, var X að fara fram úr. Kveðst hann hafa boðið góðan daginn eða eitthvað í þeim dúr, en hún strax orðið reið. Hann hefði reynt að ræða eitthvað við hana frekar, en hún hefði ekkert viljað við sig tala og sagt sér að fara. Hann hefði því haldið, að hún hefði haft „móral" yfir því, sem skeði um nóttina. Hún hefði hvorki spurt sig, hvað hefði átt sér stað né hvort þau hefðu haft kynmök, en spurt sig, hvernig hann hefði komist inn, og hann sagt henni það.

Ákærði kveðst hafa greitt þær bætur, sem stúlkan fór fram á vegna máls þessa, en í því hafi ekki falist, að hann hafi viðurkennt þann verknað, sem hann er ákærður fyrir; hann hafi með þessu viljað gera gott úr hlutunum og reyna að koma sambandinu við X í lag, þar sem hann vissi, að stúlkunni leið illa eftir þetta.

Vitnið G.... E.. M.... kveðst hafa verið statt á heimili dóttur sinnar, X, umrætt kvöld ásamt dætrum sínum, A... og X. Þar hafi ákærði verið gestkomandi. Áfengi hafi verið haft um hönd, en hún geti ekki nánar borið um neysluna. Hún hafi síðar um kvöldið ekið dætrum sínum og ákærða að Eiðsgranda. Þau hafi verið eitthvað undir áhrifum áfengis, en ekki sjáanlega mikið. Hún telur, að dætur sínar hafi átt bjór

heima og drukkið þrjá þeirra saman, en ákærði hafi komið með áfengi með sér. Ákærði og X hafi verið vinnufélagar, og þar sem hún kveðst einnig hafa unnið á sama stað og þau, hafi sér verið um það kunnugt, að ákærði hafði mikinn áhuga á X, en hún engan áhuga á honum. Því hafi ekkert annað og meira verið á milli þeirra.

Vitnið A.... H..... kveðst hafa komið á heimili systur sinnar, X, að loknum vinnudegi skömmu eftir kl. 18.00 umrætt kvöld. Þar hafi auk X verið móðir þeirra. Afráðið hafi verið að horfa á fegurðarsamkeppni í sjónvarpinu. Síðar um kvöldið hafi ákærði og Ú.... Þ.. M..... komið þangað og horft með þeim á keppnina. Hún segir, að þær systur hafi drukkið einn og hálfan áfengan bjór hvor, en ákærði eitthvað af áfengi. Móðir þeirra hafi ekið þeim síðar út á Eiðsgranda. Hún hafi ekki fundið til áfengisáhrifa, og ekki hafi verið að sjá teljandi áfengisáhrif á hinum. Á Eiðsgranda hafi hún ekki drukkið áfengi, en systir sín eitthvað lítillega. X hafi orðið furðulega fljótt drukkin, er þau voru þarna í húsinu á Eiðsgrandanum, og hafi hún furðað sig á því, þar sem hún hafði aldrei séð hana svo drukkna áður. Þau hafi síðan farið yfir á Rauða ljónið. Þar kveðst hún hafa drukkið einn bjór, en X hafi ekkert drukkið þar, hún hafi reyndar beðið sig að kaupa fyrir sig áfengisglas, en því kveðst hún hafa neitað og sagt henni að fá sér vatnsglas þess í stað. X hafi beðið sig um að lána sér peninga til þess að hringja, og fljótlega eftir það hafi hún farið heim. Er hún kom frá því að hringja, hafi hún verið orðin þvöglumælt og óskýr. Hún hafi aldrei áður séð systur sína svo drukkna, og hafi hún verið mjög undrandi á ástandi hennar, vegna þess að hún vissi, hve lítið hún hafði drukkið. X sé ekki vön að drekka mikið magn, en hún hafi séð hana drekka meira áfengismagn, án þess að svo mikið sæi á henni. X sé að sínu mati hófsöm á áfengi. X hafi lítið sem ekkert haft af ákærða að segja á Rauða ljóninu. Þau ákærði og X hafi verið vinnufélagar, og ekkert samband hafi að öðru leyti verið á milli þeirra. Ákærði hafi verið áberandi ölvaður á Rauða ljóninu, hann hafi verið farinn að stæla við sig og verið leiðinlegur. Hún segir, að sér sé ekki kunnugt um, hvort ákærði hafi verið aðgangsharður eða ágengur við X, en hún hafi sagt sér, áður en þessi atburður átti sér stað, að ákærði hengi yfir sér og færi því „í taugarnar" á sér.

Vitnið Ú.... Þ.. M..... kveðst hafa talað við vinnufélaga sinn, X, í bílasíma umrætt kvöld, en um það hafði verið rætt, að eitthvað af starfsfólki B..... færi út að skemmta sér saman þetta kvöld, en hvort hann hringdi í hana eða hún í sig, man hann ekki. Um það hafi verið rætt fyrr um kvöldið, að hann æki ákærða heim til hennar. Í þessu símtali hafi X beðið sig að koma seinna með ákærða en um var rætt, en af hvaða ástæðum, kveðst hann ekki vita. Hann hafi farið ásamt ákærða um kvöldið

heim til X, en man nú ekki, hvað klukkan var. Þar hafi verið X ásamt systur sinni, A..., og móður þeirra. Hann hafi ekkert áfengi haft þar um hönd, en X, systir hennar og ákærði hafi drukkið bjór og áfengi. Hann hafi staldrað þarna við í u.þ.b. 1½ klst., en þá hafi hann ekki séð mikil áfengisáhrif á þeim. Síðan hafi hann farið að vinna og farið heim til sín, en komist að því, að vinnufélagarnir voru komnir að Eiðsgranda 7, og þangað hafi hann farið síðar um kvöldið. Þá hafi ákærði verið orðinn ölvaðri en áður, þó ekki áberandi ölvaður, en mikið hafi farið fyrir honum og hann verið „pirrandi". X hafi verið orðin verulega ölvuð, en þó hafi ekki liðið nema 2 - 2½ klst., frá því að hann fór frá heimili hennar og kom að Eiðsgranda. Þaðan hafi hópurinn gengið yfir að Rauða ljóninu, og hafi X verið orðin svo ölvuð, að það þurfti að styðja hana. Hann segir, að hann hafi mest rætt við systur X, A..., þarna á staðnum og því lítið veitt X og ákærða athygli, en þó séð, að þau voru bæði orðin mjög ölvuð, sérstaklega X. Hann hafi orðið þess var, að X fór af staðnum, og ákærði var einnig farinn af staðnum fyrir lokun. Hann segir, að ákærði og X hafi verið góðir kunningjar að sínu mati, en annað og meira hafi það ekki verið. Hann kveðst telja, að ákærði hafi haft áhuga á X, en það hafi ekki verið gagnkvæmt. Þó hafi þeim verið vel til vina og m.a. oft farið út að skemmta sér í hópi fleira fólks, en ekki tvö ein. Kveðst hann ekki hafa orðið þess var, að ákærði hafi sýnt af sér ágengni né yfirgang gagnvart X.

Vitnið S..... segir, að það hafi hitt ákærða og X ásamt fleira fólki að Eiðsgranda 7, á heimili vinkonu sinnar, og þar hafi áfengi verið haft um hönd. Hún hafi lítið drukkið, en ákærði og X hafi, að sig minni, drukkið vodka, en hversu mikið, veit hún ekki, en hún hafi veitt því athygli, er þau gengu yfir að Rauða ljóninu, að X var orðin dauðadrukkin, sem var óvenjulegt af henni að vera. Áður en ákærði og X komu að Eiðsgranda 7, hafi þau verið „vel í glasi", en það hafi fyrst verið á leiðinni að Rauða ljóninu, sem ástand X var orðið á þann veg, sem hún hefur lýst. Hún segir, að hún hafi ekki veitt því eftirtekt, hvort X neytti áfengis á Rauða ljóninu, en telur, að hún hafi ekki farið á barinn. Ákærði hafi verið orðinn drukkinn og „einhver hasar í honum", hann hafi verið óvenjuæstur og ör. Hún segir, að X hafi farið frá Rauða ljóninu á undan sér, en hvort svo var um ákærða, kveðst hún ekki vita. Ákærði og X hafi ekki rætt meira saman á Rauða ljóninu en aðrir vinnufélaganna. Milli þeirra hafi ekkert ástarsamband verið, aðeins það samband, sem sé milli vinnufélaga. Sér sé hins vegar kunnugt um, að ákærði hafi eitthvað verið að „spá í" X, en hún hafi engan áhuga haft á honum. Ákærði sé frekar uppáþrengjandi, hafi stundum hringt í X til þess að reyna að fá hana út með sér.

Vitnið K..... R..... kveðst minnast þess að hafa ekið X um eða skömmu eftir miðnætti umræddа nótt frá veitingastaðnum Rauða ljóninu

að ..... Hún hafi verið ölvuð og mjög veik, því að hún hafi kastað upp a.m.k. tvívegis, og hafi hann þurft að stöðva bifreiðina og fá henni poka til þess að nota. Hún hafi kvartað mjög yfir því, hversu illa sér leið. Hann hafi ekið henni að heimili hennar og boðist til þess að fylgja henni að útidyrunum, en hún ekki þegið það, og hafi hann því fylgst með henni, þar til hún var komin inn í íbúðina.

Vitnið S..... G..... S..... kveðst hafa ekið með mann, sem hann telur, að sé leigubílstjóri, frá Rauða ljóninu umrædda nótt að húsi í G með viðkomu í S. Maðurinn hafi verið um 30 - 35 ára, rólegur í alla staði og verið undir áhrifum áfengis, frekar meira en minna.

Niðurstöður.

Svo sem rakið hefur verið hér að framan, hittust ákærði og X umrætt kvöld á heimili hennar og hófu þar áfengisneyslu ásamt systur hennar. Þaðan héldu þau í hús við Eiðsgranda, þar sem fleira fólk var saman komið, og var þar haldið áfram drykkju. Samkvæmt framburði vitna er ljóst, að X var orðin mjög drukkin, er farið var frá Eiðsgranda að Rauða ljóninu, en þaðan fór X, skömmu eftir að hún kom þangað. Hefur leigubifreiðarstjóri sá, er ók henni heim, borið, að hún hafi verið ölvuð og mjög veik á leiðinni heim, enda hafi hann boðist til að styðja hana inn í húsið, er komið var að heimili hennar. Er þessi framburður í samræmi við framburð X, sem hefur borið, að þrátt fyrir tiltölulega litla drykkju hafi hún verið orðin dauðadrukkin og því farið heim. Er ljóst, að ákærði, sem enn fremur var orðinn drukkinn, fór heim til hennar skömmu síðar, spennti upp eldhússglugga á heimili hennar, fór þangað inn í heimildarleysi og reyndi að vekja hana, en án árangurs.

Ákærði hefur haldið því fram, að hann hafi reynt að vekja X, eftir að hann kom inn í svefnherbergið, en hún hafi steinsofið og hann engu tauti við hana komið. Hann hafi þá sofnað í öllum fötum við hlið hennar í rúminu, enda verið ofurölvi og sofnað strax. Seinna um nóttina hafi hann vaknað og afklæðst öllu nema nærbuxum, sofnað aftur, en vaknað og farið að láta vel að X, sem var nakin niður að mitti. Hann hafi skipst á nokkrum orðum við hana, m.a., hvort hún væri vakandi og hvort hún vissi, hver hann væri. Þá hafi hann með hennar hjálp klætt hana úr nærbuxum og í framhaldi af því haft við hana samfarir, sem hún tók eðlilegan þátt í, og viðsfjarri sé, að hún hafi verið vindauð eða sofandi. Þau hafi sofnað, en þegar þau vöknuðu um morguninn, hafi X strax orðið reið. Hann hafi sagt við hana eitthvað á þá leið, að hún hafi alveg vitað af honum þarna um nóttina. Hefur X staðfest, að ákærði hafi viðhaft þau ummæli um morguninn.

Stúlkan X hefur hins vegar haldið því fram, að hún hafi ekki getað

spornað við samræðinu, enda verið í fasta svefni alla nóttina og ekki haft hugmynd um samfarirnar, en fundið, að við sig hafi verið hafðar samfarir, en það hefði hún aldrei tekið í mál, hvorki þá né í annan tíma, þar sem hún vildi ekkert með ákærða hafa. Hún hafi orðið ofsareið, er hún vaknaði, og hugsað um það eitt að koma ákærða út. Þess vegna hafi hún ekki spurt ákærða, hvort hann hefði haft við sig samfarir, áður en hún rak hann á dyr. Er ákærði var farinn, kveðst hún hafa þvegið rúmfötin og sjálfri sér. Kærði hún atburðinn samdægurs til RLR.

Þegar litið er á málavöxtu í heild, einkanlega framburð X, en framburður hennar um það, að hún hafi verið algjörlega afhuga ákærða, fær stoð í framburði vitna, og það, að ákærði braut sér leið inn á heimili hennar, afklæddi sig ofan í rúm án vitneskju hennar, og viðbrögð hennar eftir atburðinn, en hann kærði hún samdægurs, og það, að hún virðist ekkert tilefni hafa haft til að kæra ákærða að ósekju, þykir ekki varhugavert þrátt fyrir neitun ákærða að telja sannað, að hann hafi haft samfarir við X, á meðan hún svaf ölvunarsvefni, enda vissi ákærði, að hún var orðin mjög ölvuð, er hún fór heim á leið, og hlaut honum að vera ljóst ástand hennar, er hann hafði við hana samfarirnar. Með framangreindri háttsemi hefur ákærði gerst sekur um þann verknað, er honum er að sök gefinn í ákæru og þar er réttilega heimfærður til refsiákvæða.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann ekki sætt refsingum, sem skipta máli við ákvörðun refsingar í máli þessu.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 9 mánaða fangelsi, en þar sem ákærði hefur ekki áður hlotið refsidóm og hann hefur greitt framkomna skaðabótakröfu, þykir mega fresta fullnustu 6 mánaða af refsingunni og láta hana niður falla að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Kærandi lagði fram skaðabótakröfu á hendur ákærða við rannsókn málsins hjá RLR, og greiddi ákærði hana, áður en meðferð málsins hófst.

Ákærði er dæmdur til að greiða allan sakarkostnað, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Einars Gauts Steingrímssonar héraðsdómslögmanns, kr. 50.000.

Dómsorð:

Ákærði, Hjörtur Cyrusson, sæti 9 mánaða fangelsi, en fresta skal fullnustu 6 mánaða af refsingunni, og falli hún niður að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dómsins að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. alm. hegningarlaga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Einars Gauts Steingrímssonar hdl., kr 50.000.

Föstudaginn 17. maí 1991.

Nr. 26/1991. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Jóhanni Jónasi Ingólfssyni
(Guðni Haraldsson hrl.).

Brot gegn 195. gr. alm. hgl. Skilorð. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Jónsson, Hjörtur Torfason og Þór Vilhjálmsson og Jón Finnsson hæstaréttarlögmaður.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. október 1990 að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákæruvalds til þyngingar á refsingu. Við málflutning fyrir Hæstarétti var af hálfu ákæruvalds krafist staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi, bæði um refsingu og skaðabætur.

Ákærði krefst aðallega sýknu, en til vara, að refsing verði milduð og skaðabætur lækkaðar.

Atvik máls þessa gerðust að morgni nýársdags 1990 í fjölbýlishúsi í Reykjavík, þar sem vitnið K, þá 23 ára að aldri, bjó ein í íbúð með ungu barni sínu, er var í gæslu að heiman. Hafði hún staðið fyrir áramótasamkvæmi í íbúðinni ásamt vinafólki sínu, er bjó í sama húsi. Voru það vitnin H, systir ákærða, og unnusti H. Gestkvæmt var hjá þeim um nóttina, og var íbúðin höfð ólæst þess vegna. Í samkvæminu var áfengi haft um hönd, og var K orðin talsvert ölvuð, áður en því lauk milli kl. 6 og 7 um morguninn. Fór H þá upp til sín, en hún varð sjálf eftir í íbúðinni auk eins gestanna, sem reyndist hafa sofnað í stofunni. Hélt K inn í svefnherbergi sitt og lagðist til svefns á rúmi sínu, er var svefnbekkur, án þess að fara úr fötum, en íbúðin var áfram ólæst.

Ákærði hafði verið að skemmta sér annars staðar um nóttina, en kom í fjölbýlishúsið undir morguninn ásamt kunningja sínum, vitninu V, og kvaddi dyra hjá systur sinni. Hafði hún boðið honum í samkvæmið, án þess að K væri um það kunnugt, en sagði honum við komuna, að því væri nú lokið. Að eigin sögn ákærða og H var

ákærði þá vel ölvaður og í galsafengnu skapi. Á leið sinni frá systur ákærða eftir nokkra dvöl fóru þeir V inn í íbúð K og urðu varir við gestinn, sem svaf þar í stofunni. Skýrir V svo frá atvikum, að sér hafi dvalist hjá gestinum, en ákærði farið inn í svefnherbergið. Kveðst V einnig hafa farið þangað inn um 15-20 mínútum síðar til að vitja um ákærða. Hafi ákærði þá verið í samförum við K á svefnbekk hennar og þau bæði verið nakin. Þau hafi slitið samförunum, rétt eftir að hann kom inn, og hafi K ýtt ákærða frá sér og hlaupið út úr herberginu. Hann kveður ákærða hafa spurt sig í þessum svifum, hvort hann vildi ekki líka sofa hjá stúlkunni, en hann hafi sagst vilja fara. Þeir ákærði hafi síðan haft sig á brott úr íbúðinni, eftir að ákærði hafi klætt sig, án þess að ná að ræða við stúlkuna. Hafi hún lokað sig inni í baðherbergi íbúðarinnar.

Ákærði segir frá atvikum þessum á svipaðan hátt, en telur þó helst, að V hafi verið lengur inni í svefnherberginu eða komið þangað oftar en hér var greint. Hann kveðst hafa komið að K sofandi á svefnbekknum og fengið hana til við sig með því að ávarpa hana og láta vel að henni. Hafi hún vaknað við atlot hans, að honum fannst, og aðstoðað hann við að færa hana úr fötum. Jafnframt hafi honum fundist hún taka eðlilegan þátt í samförum þeirra, sem staðið hafi nokkra stund. Hún hafi hins vegar slitið samförunum í skyndingu og sprottið upp af bekknum, þegar V hafi verið kominn inn í herbergið og ákærði farið að gantast við hann. Ákærði kveður þetta hafa gerst, áður en hann hafi fengið fullnægingu, en samfarirnar verið fullkomnar að öðru leyti.

Vitnið K skýrir svo frá, að hún hafi vaknað við það á rúmi sínu milli kl. 8.30 og 9.00 um morguninn, að maður lá ofan á henni og var að hafa við hana samfarir. Um leið hafi hún orðið vör við annan mann, er stóð úti á gólfinu og horfði á þau, og áttu mennirnir í orðaskiptum sín á milli. Hún kveðst hafa hrint manninum ofan af sér, jafnskjótt og hún áttaði sig á því, hvað væri að gerast, og hlaupið fram á baðherbergi og lokað þar að sér. Jafnframt hafi hún kallað til mannanna að koma sér út. Hún hafi þá verið allsnakin að öðru en því, að hún var enn í skónum, sem voru reimaðir upp að ökkla. Þegar hún hafi komið út úr baðherberginu skömmu síðar, hafi mennirnir verið farnir og enginn eftir í íbúðinni nema gesturinn, sem hún vísaði einnig á dyr. Hún hafi verið mjög miður

sín eftir atburðinn og ekki vitað, hvað til bragðs skyldi taka. Um klukkustund seinna hafi hún svo farið upp í íbúð H til að skýra henni frá málavöxtum. Hringdi unnusti H á lögregluna eftir nokkra stund, þegar K fékkst ekki til þess. Eftir að lögregluþjónar voru komnir á vettvang, afréð K að fylgjast með þeim til rannsóknarlögreglunnar og kæra atburðinn.

Við skýrslugjöf hjá rannsóknarlögreglu reyndi K að lýsa mönnunum tveimur og taldi, að sá hefði verið dökkhærður meðalmaður, er stóð úti á gólfi, en hinn ljóshærður, er lá ofan á henni. Beindist grunur að vitninu V, þar sem síðari lýsingin gat átt við hann. Við yfirheyrslu bar hann af sér öll afskipti af stúlkunni, en vísaði á ákærða. Var ákærði þá leitaður uppi, en hann er dökkhærður. Viðurkenndi hann þegar að hafa átt samfarir við stúlkuna, en taldi þær ekki hafa verið gegn vilja hennar.

Eftir að K var kynnt frásögn ákærða, kvaðst hún enn skynja atburðinn þannig, að það hefði frekar verið ljóshærði maðurinn, sem lá ofan á henni, þegar hún rankaði við sér, en hún væri þó ekki viss í því efni. Hún kvaðst ekki geta synjað fyrir, að hún hefði að einhverju leyti komið á móti hreyfingum mannsins, meðan hún var í svefnrofunum, en það væri allt óljóst fyrir sér.

Við yfirheyrslu fyrir lögreglu kvaðst vitnið V ekki geta sagt um, hvort K hefði verið með meðvitund, þegar hann sá ákærða í samförum við hana. Fyrir dómi taldi hann, að hún hefði verið vakandi, en sú staðhæfing hans reyndist vera ályktun af því, að stúlkan gat vísað á hann á eftir.

Við skoðun á stúlkunni fannst sæði í leggöngum hennar, og sæði fannst einnig á svefnbekknum. Ekki var rannsakað, hvort sæði þetta væri úr ákærða, og má telja það til galla á rannsókn málsins.

Í máli þessu liggur það ljóst fyrir, að ákærði fór í heimildarleysi inn í íbúð vitnisins K umræddan morgun að afloknu samkvæmi þar og kom að henni sofandi á rúmi sínu. Hún þekkti hvorki til ákærða né V, félaga hans, áður en þetta gerðist, og átti ekki von á neinum inn til sín. Ákærði hefur viðurkennt samfarir við stúlkuna. Framkomnar upplýsingar gefa eindregið til kynna, að ákærði hafi fært hana úr fötum og byrjað við hana samfarir, án þess að hún hafi skynjað, hvað um væri að vera, sökum svefndrunga og ölvunar. Hafi hún þannig ekki getað spornað við samförunum, fyrr en hún

sjálf hefur lýst. Jafnframt hafi ákærði ekki haft neina ástæðu til að ætla, þrátt fyrir eigin ölvun, að samfarirnar væru að vilja stúlkunnar.

Ákærði er þannig sannur að sök um þann verknað, sem lýst er í ákæru, og er hann réttilega talinn varða við 195. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, án þess að 204. gr. sömu laga eigi við. Ber að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms að þessu leyti.

Ákærði hefur ekki verið fundinn sekur um brot á almennum hegningarlögum, eftir að hann náði fullorðinsaldri, en margoft sætt viðurlögum fyrir ýmis brot á umferðarlögum. Var hið síðasta afgreitt með dómsátt í sakadómi Reykjavíkur 13. júlí 1990. Vegna þess brots ber að tiltaka refsingu hans með hliðsjón af 78. gr. almennra hegningarlaga. Telst hún hæfilega ákveðin 6 mánaða fangelsi. Rétt þykir þó að fresta fullnustu 3ja mánaða af refsingunni og láta þann hluta hennar niður falla að liðnum 2 árum frá uppsögu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Með vísan til 264. gr. almennra hegningarlaga ber að dæma ákærða til að greiða K 200.000 krónur í miskabætur.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað í héraði.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærði, Jóhann Jónas Ingólfsson, sæti fangelsi 6 mánuði, en fresta skal fullnustu 3ja mánaða af refsingunni, og falli hún niður að þeim hluta að liðnum 2 árum frá uppsögu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði K 200.000 krónur í miskabætur.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 60.000 krónur, og málsvarnarlaun

skipaðs verjanda síns, Guðna Haraldssonar hæstaréttarlögmanns, 60.000 krónur.

Sératkvæði
Hjartar Torfasonar hæstaréttardómara.

Eins og málsatvikum er háttað, tel ég refsingu ákærða of lágt metna í hinum áfrýjaða dómi, og væri hún hæfilega ákveðin 9 mánaða fangelsi. Sé rétturinn ekki bundinn af kröfugerð ákæruvaldsins við flutning málsins, þar sem því var áfrýjað til þyngingar. Ég get þó fallist á, að refsivist umfram 3 mánuði verði skilorðsbundin.

Miskabótakrafa stúlkunnar var sett fram í bréfi frá lögmanni, eftir að héraðsdómari hafði innt hana þess við yfirheyrslu, hvort bóta yrði krafist. Þrátt fyrir ófullkomið orðalag á bréfi lögmannsins verður að skilja kröfuna þannig, að ætlast væri til vaxta af umkröfðum höfuðstól frá endanlegri ákvörðun bótanna fyrir dómi. Bar héraðsdómara að beina fyrirspurn til stúlkunnar um þetta atriði, sbr. 145. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, ef hann taldi ástæðu til að draga þennan skilning í efa, þar sem lögmaðurinn fylgdi kröfunni ekki sjálfur eftir fyrir réttinum. Með tilliti til þessa tel ég, að dæma hefði átt ákærða til að greiða vexti af bótafjárhæðinni frá dómsuppsögudegi í héraði, og eigi hið sama við hér fyrir dómi þrátt fyrir afskiptaleysi sækjanda málsins um þann þátt kröfunnar.

Sératkvæði
Guðmundar Jónssonar hæstaréttardómara.

Eins og málsatvikum er háttað, tel ég, að refsing ákærða eigi að vera óskilorðsbundin. Ég er að öðru leyti samþykkur dómsatkvæði meiri hluta dómara.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 1. október 1990.

Ár 1990, mánudaginn 1. október, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Arngrími Ísberg sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 521/1990: Ákæruvaldið gegn Jóhanni Jónasi Ingólfssyni, sem tekið var til dóms 17. september sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, útgefnu 7. mars sl.,

á hendur Jóhanni Jónasi Ingólfssyni verslunarmanni, Miðtúni 82, Reykjavík, fæddum 15. febrúar 1957 í Hafnarfirði, „fyrir skírlífisbrot með því að hafa um kl. 9 að morgni mánudagsins 1. janúar 1990 farið í heimildarleysi inn í íbúð í fjölbýlishúsinu nr. .. við .... í Reykjavík, þar sem stúlkan Í svaf í svefnherbergi íbúðarinnar, fært hana úr fötum og haft þar samfarir við stúlkuna, sem sökum svefndrunga og ölvunar skynjaði ekki, hvað gerst hafði, fyrr en samfarirnar höfðu staðið yfir nokkra stund.

Telst þetta varða við 195. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta, verði þeirra krafist, og alls sakarkostnaðar".

Ákærði hefur neitað sökum, og hefur verjandi hans aðallega krafist þess, að hann verði sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins, þ.m.t. skaðabótakröfunni, en til vara, að hann verði dæmdur í vægustu refsingu og hún höfð skilorðsbundin. Þá er krafist málsvarnarlauna, hvernig sem málið fer.

Málavextir.

Að morgni síðastliðins nýársdags var lögreglan kvödd að ..... í Reykjavík. Þar tók á móti lögreglunni S..... E..... S....., og kvað hann Í hafa komið til sín og sambýliskonu sinnar, H..... I....., fyrir á að giska klukkutíma, og hafi hún sagt þeim, að sér hefði verið nauðgað. Ekki vildi Í kæra, en þrátt fyrir það hafi hann hringt á lögregluna. Þóra Jónasdóttir lögregluþjónn hafði tal af Í, sem virtist vera í miklu uppnámi og grét. Í fyrstu neitaði hún að koma með lögreglunni til RLR til að bera fram kæru, en féllst að lokum á það, og fóru áðurnefnd H.... og S..... með henni. Á leið til rannsóknarlögreglunnar ræddi Þóra við Í, og skýrði hún henni frá atburðum á þá leið, að á heimili sínu hefði verið samkvæmi síðastliðna nótt, og hefði íbúðin verið ólæst, svo að gestir gætu gengið beint inn. Í sagðist hafa farið að sofa um kl.7, og sagðist hún hafa sofnað á svefnsófa, sem er í herbergi íbúðarinnar, og hefði hún sofnað í öllum fötum. Hún sagðist síðan hafa vaknað á milli klukkan 8.30 og 9 við það, að karlmaður hefði legið ofan á sér og verið búinn að færa hana úr fötunum, og hefði hann haldið henni, þar til hann hefði lokið sér af. Sagði Í, að á meðan verknaðurinn átti sér stað, hefði dökkhærður karlmaður verið inni í herberginu og hlegið. Að verknaðinum loknum hefðu báðir karlmennirnir yfirgefið herbergið og skellt hurðinni á eftir sér. Samkvæmt lýsingu Þóru var ekki sjáanlegt, að Í væri undir miklum áfengisáhrifum, og ekki var að sjá áfengisáhrif á þeim S..... og H.....

Þóra Jónasdóttir hefur komið fyrir dóm og staðfest skýrslu sína. Hún lýsti aðkomunni að .... þannig, að Í hefði verið grátandi uppi í rúmi inni í svefnherbergi með áðurgreindri H..... Í virtist vera í miklu „sjokki", og þegar hún kom fram úr herberginu, æddi hún um allt og var afskaplega

„upptrekkt". Í fyrstu vildi hún ekki kæra, og mjög erfitt var að fá hana til að ræða um það, sem gerst hafði. Síðan féllst hún á að koma með lögreglu til RLR, og á leiðinni þangað fór hún að róast og segja frá atburðinum. Þóra kvað hana hafa lýst hinum grunaða sem ljóshærðum, grönnum manni um þrítugt. Frekari lýsingu hefði hún ekki gefið sér.

Vegna rannsóknar máls þessa voru teknar tvær skýrslur af Í hjá RLR. Fyrri skýrslan er tekin um hádegi á nýársdag, og þar skýrir hún svo frá, að í íbúð sinni að ...., sem er þar á fyrstu hæð, hafi verið samkvæmi síðastliðna nótt. Í kvaðst hafa farið að sofa um kl. 7 um morguninn og þá talið, að allir gestir væru farnir úr íbúðinni. Síðan hafi komið í ljós, að einn kunningi sinn hafi sofið í stofunni um nóttina. Í kvaðst hafa verið búin að neyta áfengis í samkvæminu og hafa verið undir áhrifum, þegar hún fór að sofa. Hún kvaðst þó alveg muna skýrt eftir atvikum. Hún kvaðst hafa farið inn í svefnherbergið og lagst þar alklædd til svefns á svefnbekk. Hún hafi verið klædd heilum bol (sundbol), jakka og síðum buxum. Í sagðist síðan hafa vaknað, sennilega rétt eftir kl. 8.30, við það, að maður var að hafa við sig samfarir. Búið hafi verið að klæða sig úr öllum fötum, en hún hafi verið í skónum. Þegar hún vaknaði, hefði maðurinn haft lim sinn inni í leggöngum hennar og haft í frammi samræðishreyfingar. Þegar hún vaknaði, náði hún að hrinda manninum ofan af sér og stökkva út úr svefnherberginu. Maðurinn hefði lítið streist á móti og næstum því strax staðið upp. Hann hefði orðið eftir í herberginu svo og annar maður til, sem þar var. Í kvaðst hafa farið inn á snyrtiherbergið og lokað að sér, en eftir stutta stund hefði hún farið aftur inn í svefnherbergið til að klæða sig, og þá hefðu báðir mennirnir verið farnir út úr íbúðinni. Þá hefði aðeins áðurgreindur kunningi sinn verið sofandi á sófa í stofunni. Hún vakti hann og rak hann út. Í kvaðst lítið sem ekkert geta lýst manninum, er haft hafði við hana samfarirnar, þegar hún vaknaði. Henni fannst þó sem hann hefði verið ljóshærður og með liðað hár, sennilega um þrítugt. Hún kvaðst ekki muna eftir neinum einkennum á honum og ekkert eftir klæðnaði hans. Maðurinn, sem verið hefði í herberginu, þegar hún vaknaði, hefði verið dökkhærður með stutt, slétt hár, og taldi hún hann meðalmann á hæð, frekar grannan. Í kvað engin orðaskipti hafa átt sér stað á milli sín og manns þess, er haft hafði við sig samfarirnar, er hún vaknaði, en einhver orðaskipti áttu sér stað á milli mannanna í herberginu. Í kvað íbúð sína hafa verið ólæsta þarna um nóttina og morguninn. Hún hefði tekið lásinn af hurðinni fram á stigaganginn, og teppi hefði verið sett undir útihurð hússins, svo að hún hefði ekki lokast. Þetta hefði verið gert til þess, að gestirnir kæmust óhindrað í gleðskapinn.

Seinni skýrslan, sem tekin var af Í hjá RLR, er tekin 2. janúar sl. Þar var Í nánar spurð um ástand sitt og samfarirnar. Hún kvaðst hafa verið

frekar mikið ölvuð, þegar hún fór að sofa á nýársdagsmorgun, en kvaðst að mestu leyti muna það, er gerst hafði í gleðskapnum í íbúð sinni. Það séu helst atburðir undir lok hans, sem séu dálítið óljósir. Hún kvaðst ekki geta gefið neina frekari lýsingu á þeim mönnum, sem voru inni í svefnherbergi hennar, er hún vaknaði. Annar mannanna hefði verið ljóshærður, en hinn dökkhærður. Henni finnist endilega, að það hafi verið sá ljóshærði, sem legið hafi ofan á sér, þegar hún hafi vaknað og áttaði sig á því, hvað var að gerast. Sá dökkhærði hafi verið úti á gólfi. Það kynni þó að hafa verið, að hún hafi eitthvað verið búin að rumska áður eða komast lítillega til meðvitundar og þá séð þann dökkhærða úti á gólfinu. Það sé því ekki víst, að það hafi verið sá ljóshærði, sem hún hafi hrint frá sér, þegar hún vaknaði.

Þegar hér var komið sögu í rannsókn málsins, hafði ákærði verið yfirheyrður hjá RLR, og var í nú kynnt það, sem fram kom í framburði hans og nánar verður rakið hér á eftir. Hún kvaðst ekkert muna eftir því, er ákærði lýsti því, hvernig hún hefði brugðist við atlotum hans og tekið, að hans sögn, fullan þátt í samförunum. Þó sagði hún, að sér fyndist sem eitthvað hefði verið að gerast, meðan hún hefði verið á milli svefns og vöku, nánar tiltekið það, að maður hefði legið ofan á sér og verið að hafa við sig samfarir. Hún kveðst ekki geta fullyrt, en telja, að þetta hafi verið, rétt áður en hún hafi komist til fullrar meðvitundar. Þá kveðst hún vilja skýra frá því, að hún muni eftir að hafa svarað samfarahreyfingum manns þess, er haft hafi við sig samfarir að morgni nýársdags. Hún kvaðst ekki geta sagt til um, hvort það hefði verið allan tímann, sem samfarirnar stóðu, en taldi, að það hefði aðeins verið stutta stund. Hún kvaðst muna, að hún hefði komið til móts við manninn einhvern tíma. Hún hefði hins vegar hrint manninum frá sér, þegar hún vaknaði til fullrar meðvitundar og áttaði sig á, hvað var að gerast. Hún kvaðst ekki hafa skýrt frá þessu í fyrri skýrslu vegna þess, að hún hefði skammast sín fyrir að hafa svarað manninum í samförunum. Hún tók sérstaklega fram, að hún myndi alls ekki eftir því, hvernig hún hefði verið færð úr fötunum eða farið úr þeim. Þá kvaðst hún ekki muna eftir atlotum mannsins eða upphafi samfaranna.

Í kom fyrir dóm og staðfesti réttar skýrslur sínar. Hún skýrði frá því, að þarna um morguninn hefði hún vaknað við tal tveggja manna. Annar var að hafa við sig samfarir, en hún hélt, að hinn hefði verið úti á gólfi. Sá, sem var að hafa við hana samfarirnar, sagði eitthvað á þessa leið: „Þessi er alveg frábær"- og spurði síðan hinn manninn, hvort hann vildi ekki prófa líka. Við þetta kvaðst Í hafa vaknað og uppgötvað þá, hvað var að gerast, og ýtt manninum frá sér. Hún hljóp síðan fram á snyrtiherbergið og lokaði að sér og var þá allsnakin, nema hvað hún var í skónum. Um leið og hún hljóp fram, öskraði hún á mennina og sagði þeim að fara

út. Þegar hún kom af snyrtiherberginu nokkru síðar, kvað hún mennina hafa verið farna úr íbúðinni og engan þar nema kunningja sinn, er hafi sofið í stofunni um nóttina. Í kvað sér fyrst hafa orðið fyrir að ganga upp í V..... að heimsækja vin sinn, sem þar býr. Hann var ekki heima, og kom hún því til baka. Sérstaklega aðspurð um það, hvort hún hefði svarað samfarahreyfingum mannsins, svaraði hún því til, að hún myndi ekki segja, að hún hefði svarað þeim, en hún hefði komið til móts við manninn einhvern tíma einhverja stutta stund, og það hefði verið vegna þess, að hún hefði ekkert vitað, við hvaða mann hún var að hafa mök. Sér hefði fundist þarna vera um allt annan mann að ræða, hún hefði haft vin sinn í huga, þegar það var að ske. Þetta hefði verið í svefni, en svo, þegar hún hefði gert sér grein fyrir, hver það var, sem hafði við sig samfarirnar, og heyrði á tal mannanna, þá gerði hún sér grein fyrir, hvað væri að gerast, og hrinti manninum frá sér. Þá kvað hún það alrangt hjá ákærða, að hann hefði vakið sig og þau hjálpast að við að afklæðast og hún tekið fullan þátt í samförunum.

Ákærði var yfirheyrður af lögreglu að kvöldi nýársdags. Hann skýrði svo frá, að hann hefði verið að skemmta sér á nýársnótt, og undir morgun hefði hann farið að ..... ásamt kunningja sínum og heimsótt þar H...., systur sína. Þar dvöldust þeir nokkra stund, en síðan fór ákærði á brott ásamt V..... G..... Þegar þeir voru að fara út úr húsinu, ákváðu þeir að koma við í íbúðinni, þar sem samkvæmið hafði verið um nóttina, til að athuga, hvort það væri ekki í raun búið. Ákærði kvað dyr íbúðarinnar hafa verið ólæstar, og hefðu þeir gengið þar inn. Þar sáu þeir sofandi karlmann í sófa í stofunni. Í svefnherbergi hefði legið stúlka sofandi í rúmi. Ákærði kvaðst hafa gengið til hennar og sest við hlið hennar og farið að tala við hana um samkvæmið. Hann kvað hana hafa svarað sér og virtist sem hún vaknaði. Hann kvaðst hafa sett handlegginn utan um hana, á meðan hann var að tala við hana, og þegar hún gerði engar athugasemdir við það, kvaðst hann hafa farið að láta vel að henni í þeim tilgangi að hafa við hana samfarir. Hann kvaðst telja, að hann hefði kysst hana á hálsinn og víðar, og hefði hún tekið á móti atlotum sínum. Þau fóru síðan að hafa samfarir, og kvað hann stúlkuna hafa tekið fullan þátt í þeim, og hefði samræði þeirra verið mjög gott. Hann kvaðst telja, að stúlkan hefði verið alveg vakandi, enda tekið fullan þátt í samförunum. Hann kvaðst minnast þess, að hann hefði verið „inni í henni" og síðan hefði hann sleikt á henni kynfærin og síðan verið aftur „inni í henni". Hann kvaðst hafa verið mjög galsafenginn, á meðan hann hafði samfarirnar við stúlkuna, og kvaðst hann minnast þess að hafa sagt við V....., sem var inni í herberginu að minnsta kosti eitthvað af tímanum, „að þetta væri alveg æðisleg kona og hvort V..... vildi ekki elska hana". Hann kvaðst

ekki muna, hver viðbrögð V..... voru við þessu, en taldi útilokað, að hann hefði haft við hana samfarir. Undir lokin, þegar samfarirnar hefðu staðið í nokkuð langan tíma og farið var að draga af ákærða, kvað hann stúlkuna hafa dregið sig skyndilega frá sér og farið fram á salernið. Hann kvaðst hafa orðið ráðvilltur við þetta og ekki áttað sig á ástæðunni fyrir því, þar sem samfarirnar hefðu verið mjög góðar fram að þessu. Hann kvaðst hafa verið tilbúinn að halda áfram, enda ekki verið búinn að fá fullnægingu, en kvaðst ekki muna, hvort hann reyndi að fá stúlkuna til þess eða ekki. Í framhaldi af þessu hefði hann klætt sig og þeir V..... síðan farið út úr húsinu.

Fyrir dómi skýrði ákærði svo frá, að sér hefði verið boðið í samkvæmi að ...., en hann hefði ekki komið þangað, fyrr en langt hefði verið liðið á morgun. Með sér hefði verið V..... G..... Þeir vildu athuga, hvort einhverjar glæður væru ennþá í samkvæminu, og fóru inn í íbúðina. Þar voru tvær manneskjur fyrir, karlmaður, er var í stofunni, og kona, sem var inni í svefnherberginu, en þangað kvaðst ákærði hafa farið. Hann kvaðst hafa gengið til hennar og sest við hliðina á henni og byrjað að tala við hana. Hún hefði svarað sér, og fyrst snerust samræðurnar um samkvæmið, en síðan fór hann að láta vel að konunni, og fóru þá samræðurnar að snúast um það. Hann kvaðst aldrei hafa fundið fyrir því, að hún væri mótfallin þeim atlotum, sem hann sýndi henni, og virtist hún taka þátt í þeim. Að minnsta kosti kvaðst hann ekki hafa skynjað neitt annað. Hann kvaðst hafa vakið stúlkuna og síðan hjálpað henni við að afklæðast. Hann kvaðst hafa látið vel að henni, strokið hana á hálsinn, og við það virtist hafa komið upp kynlífslöngun hjá þeim báðum. Ákærði kvaðst hafa fært sig sjálfan úr fötunum. Hann kvaðst hafa haldið áfram að láta vel að konunni, strokið henni og fengið hana til þess að koma á móts við sig. Hún hefði tekið utan um sig, og í framhaldi af því hefði hann farið með lim sinn inn í hana. Eftir svolitla stund hefði hann farið að sleikja á henni kynfærin. Henni hefði líkað þetta mjög vel, og í framhaldi af því kveðst hann hafa lagst ofan á hana aftur og farið með liminn inn í hana jafnframt því að kyssa hana og strjúka henni um brjóst og víðar. Ákærði kvaðst hafa verið mjög ánægður í þessum samförum, og hann hefði fengið konuna til að koma vel á móti sér. Þegar þau voru þarna að hafa samfarirnar, hefði V..... komið inn í herbergið, og kvaðst ákærði þá hafa sagt við hann eitthvað á þá leið, hvort hann hefði eitthvað á móti því að vera með þessari konu líka. Ákærða fannst eins og konan brygðist neikvætt við þessu og færi til baka. Í framhaldi af því hefði hún farið undan og ekki viljað halda áfram samförunum og þeim því lokið. V..... sagðist ekki vilja taka þátt í þessu. Nánar aðspurður um það, hvernig samfarirnar enduðu, kvað ákærði, að sér hefði fundist eins og konan

hefði ýtt á brjóstið á sér, og þá hefði hann farið til hliðar, og við það hefði hún staðið upp. Þá kvaðst hann hafa skynjað, að hún vildi hætta þessu, og hefði ekkert reynt að fá hana til við sig aftur. Hún hefði síðan farið fram á salernið og hann þá áttað sig á því, að hann hefði eyðilagt þetta allt með því að vera að gantast við V..... Upp úr því hefðu þeir farið úr húsinu. Hann hefði reynt að kalla til stúlkunnar inni á salerninu, en engin svör fengið og þeir farið í framhaldi af því. Ákærði kvaðst hafa verið mjög ölvaður þetta kvöld. Hann kvaðst hafa skynjað, að stúlkan væri drukkin, en ekki neitt ofurölvi. Hann kvaðst ekkert hafa þekkt þessa stúlku. H...., systir sín, hefði boðið sér í þetta samkvæmi, en hún og Í hefðu haldið það saman.

V..... G..... var með ákærða á nýársnótt og fór með honum að .... að morgni nýársdags. Fyrst dvöldust þeir hjá H...., systur ákærða, en fóru síðan niður á fyrstu hæð hússins og þar inn í íbúð. V..... fór inn í stofu og fór þar að tala við mann, er þar var. Ákærði fór hins vegar inn í svefnherbergi. V..... kvaðst hafa litið þarna inn á að giska 15 mínútum síðar og þá séð, að ákærði var þar í samförum við stúlku. Eftir því sem hann mundi best, hefðu stúlkan og Jóhann bæði verið nakin og ekki haft sæng yfir sér. V..... kvaðst ekki hafa séð annað en að um eðlilegar samfarir hefði verið að ræða, og ekki gat hann séð, að stúlkan hefði haft neitt á móti þeim. Að minnsta kosti kallaði hún ekki á hjálp né virtist á nokkurn hátt reyna að verjast samförunum. Hann kvað stúlkuna hafa legið á bakinu og ákærða ofan á. V..... kvaðst hafa spurt ákærða að því, hvort hann væri ekki að koma, því að hann vildi fara. Hann kvað þau hafa hætt í samförunum, um leið og hann kom inn. Þá hefði ákærði spurt sig, hvort hann hefði áhuga á því að sofa hjá stúlkunni líka, en hann svaraði: „Nei, takk.“ Í framhaldi af því kvaðst hann hafa farið fram og ákærði komið á eftir stuttu seinna og þeir farið. Hann kvaðst ekki muna, hvort stúlkan hefði komið á eftir þeim fram. V var sérstaklega spurður að því, hvort stúlkan hefði getað verið sofandi eða í einhvers konar dái, en hann svaraði því til, að hún hefði verið glaðvakandi, og kvaðst byggja það á því, að hún hefði séð sig og að hann hefði verið kallaður fyrir daginn eftir og kærður fyrir nauðgun. Hann kvað viðbrögð þeirra við því, að hann kom inn í herbergið, hafa verið þau, að þau hættu í samförunum. Hann kvaðst ekki geta skýrt frá því, hvort þeirra hefði átt frumkvæðið að því, að þau hættu. Undir V..... var borin sú fullyrðing Í, að þegar hún hefði heyrt ákærða bjóða honum að hafa samfarir við hana líka, þá hefði hún ýtt ákærða frá sér og hlaupið fram á baðherbergi. V..... kvað það vel geta verið rétt hjá Í.

B..... Þ... H..... var í samkvæminu hjá Í á nýársnótt og sofnaði þar

í stofunni. Hann kvaðst ekkert muna eftir því, að menn hefðu komið inn í íbúðina, og kvaðst ekki hafa orðið var við neitt, er máli skiptir hér. Hann mundi ekki einu sinni eftir því, að Í hefði rekið sig út úr íbúðinni. Hann kvaðst hafa verið undir áhrifum áfengis í samkvæminu, og Í hefði einnig verið ölvuð. Hann kvað hana ekki hafa verið áberandi ölvaða, bara í góðu skapi eins og allir aðrir.

S..... E..... S..... skýrði svo frá fyrir dómi, að hann hefði verið í samkvæminu hjá Í á nýársnótt ásamt unnustu sinni, H...., systur ákærða. Hann kvað Í hafa verið orðna svolítið drukkna, og hefði hann því tekið stereotæki H..... og farið með þau upp í íbúð þeirra. Í framhaldi af því fór hann að sofa og vaknaði síðan við það, að dyrabjöllunni var hringt. Þar var Í komin og sagði, að búið væri að nauðga sér. Hann kvaðst hafa boðið henni inn, og hefði lagst upp í rúm hjá H..... Hann kvað Í hafa verið í móðursýkiskasti, líka í rauninni blindfulla. Þegar hann kvaðst ætla að hringja á lögregluna, varð hún enn verri og vildi alls ekki láta hringja á hana. Hann kvaðst ekkert hafa hlustað á það, heldur hringt á lögregluna. Þegar lögreglan kom, vildi hún fá að tala við Í og fá hana til að koma með sér til rannsóknarlögreglu ríkisins, en Í vildi alls ekki koma, hún lá bara uppi í rúmi grenjandi og alveg vitlaus. S..... kvað sig, H.... og lögreglukonuna hafa reynt að tala Í til, og á endanum tókst að fá hana til rannsóknarlögreglunnar. S..... kvað Í ekki hafa getað gefið sér nákvæma lýsingu á því, hvað hefði gerst, nema hvað mennirnir hefðu verið tveir, og annar þeirra hefði horft á, á meðan hinn hefði framkvæmt verknaðinn. Hún hefði litla lýsingu getað gefið á mönnunum nema kannski, hvað varðaði stærðina. Þá hefði hún einnig verið að tala um einhvern dökkhærðan og einhvern ljóshærðan, og minnti S..... helst, að hún hefði sagt, að þessi dökkhærði hefði horft á. S..... kvað Í hafa sagt þeim, að atburðurinn hefði gerst fyrir einhverjum tíma, og hefði hún farið út að ganga í millitíðinni og síðan komið upp til þeirra.

H.... I....., systir ákærða, kom fyrir dóm og skoraðist undan því að þurfa að bera vitni.

Að lokinni fyrri yfirheyrslu hjá RLR var Í skoðuð af Arnari Haukssyni kvensjúkdómalækni. Skoðun hans staðfesti, að samfarir hefðu verið hafðar við Í, og fannst ríkulegt magn heillegra sæðisfrumna í öllum sýnum, er tekin voru úr leggöngum Í.

Svala Thorlacíus hrl. hefur lagt fram fyrir hönd Í skaðabótakröfu á hendur ákærða, samtals að fjárhæð kr. 420.000. Krafan sundurliðast þannig, að höfuðstóll er krónur 400.000 og lögmannskostnaður krónur 20.000. Í bréfi lögmannsins er krafan rökstudd á eftirfarandi hátt: „Líðan hennar í margar vikur eftir atburðinn var mjög slæm. Hún átti erfitt með að sofna á kvöldin, þorði ekki að vera ein heima og þurfti alltaf að hafa

einhvern hjá sér. Einnig fannst henni allir horfa á sig fyrirlitningaraugum, hvar sem hún fór. Líðan Í er smátt og smátt að skána, en ennþá er langt frá því að hún sé eins og hún á að sér að vera.“ Bréf þetta er dagsett 2. apríl 1990. Þá kemur einnig fram í bréfi lögmannsins, að ákærði hafi hringt til Í nokkrum dögum eftir atburðinn og beðist afsökunar og beðið hana að draga kæruna til RLR til baka. Í staðinn ætlaði hann að greiða henni fjárupphæð og auk þess kosta sálfræðiaðstoð fyrir hana, ef hún þyrfti þess með. Þessu tilboði hafnaði Í og kvaðst ákveðin að halda málinu áfram. Hér fyrir dómi hefur ákærði hafnað skaðabótakröfunni. Fyrir dómi kom fram hjá honum, að hann hefði boðið henni fjárhagsaðstoð, ef hún þyrfti að fara til sálfræðings eða leita aðstoðar á annan hátt.

Niðurstaða.

Eins og nú hefur verið rakið, hefur ákærði viðurkennt að hafa farið inn í íbúð Í að morgni sl. nýársdags og haft samfarir við hana. Hann hefur hins vegar haldið því fram, að þær hafi verið með fullu samþykki hennar og þátttöku. Í hefur haldið því fram, að samfarirnar hafi átt sér stað án vitundar sinnar og hún hrint ákærða frá sér, strax og henni varð ljóst, hvað var að gerast.

Það, sem styður fullyrðingu ákærða auk framburðar hans sjálfs, er framburður V..... G..... Hann kvað Í hafa verið glaðvakandi og kvaðst byggja það á því, að hún hefði séð sig, enda hann svo kallaður fyrir, kærður fyrir nauðgun. Enn fremur styður það fullyrðingu ákærða, að Í er allsnakin, þegar samförunum lýkur, en ákærði hefur borið, að hann hafi aðstoðað hana við að afklæðast.

Það, sem styður fullyrðingu Í auk framburðar hennar, er framburður S..... E.... S..... og Þóru Jónasdóttur, eins og rakið hefur verið. Þeim ber saman um, að Í hafi verið í mikilli geðshræringu og nær óviðræðuhæf, er þau höfðu fyrst tal af henni eftir atburðinn. Þá er og á það að líta, að hafi samfarirnar átt sér stað með fullu samþykki Í og hún tekið þátt í atlotunum, er voru undanfari þeirra, eins og ákærði heldur fram, verður að telja það undarlegt af henni að kæra í upphafi rangan mann. Samkvæmt frumlögregluskýrslu telur hún þann grunaða vera grannan, ljóshærðan karlmann um þrítugt, en dökkhærðan mann hafa verið í herberginu með þeim. Þessa sömu lýsingu gefur hún í fyrstu yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni. S..... E..... kvað Í hafa talað um dökkhærðan mann og ljóshærðan, er hún kom í íbúð hans, og að þessi dökkhærði hefði horft á, að því er hann taldi við dómsyfirheyrslu, en hann var ekki yfirheyrður af rannsóknarlögreglunni. Hér er það haft í huga, að ef samfarirnar hafi í upphafi verið með samþykki Í, kunni henni að hafa fundist sér misboðið, er ákærði spurði V....., hvort hann vildi ekki einnig vera með henni,

og hún þá ákveðið að hætta þeim. Hafi þetta verið ástæða kæru hennar, eru þeim mun meiri líkur til, að lýsing hennar í upphafi hefði verið greinarbetri. Ákærði og V..... eru svo til jafnaldrar, ákærði fæddur 1957, en V..... 1958. Ákærði er dökkhærður, en V..... ljóshærður. Á grundvelli framburðar Í og annarra var V..... yfirheyrður á undan ákærða og þá sem grunaður um verknaðinn.

Þegar framanritað er skoðað í heild, verður að telja sannað, að Í hafi verið sofandi, þegar ákærði hóf að hafa við hana samfarir. Það verður því að hafna þeim framburði ákærða, að hann hafi vakið hana og haft samfarir við hana með fullu samþykki hennar og þátttöku. Er þá byggt á framburði hennar um það atriði og framburði vitna um framkomu hennar eftir atburðinn. Þá verður og að leggja til grundvallar þá staðreynd, að hún kærir rangan mann, en ákærði og V..... eru ólíkir útlits. Þetta síðasttalda atriði styður þá fullyrðingu Í, að hún hafi vaknað við orðaskipti þeirra og þá séð framan í V....., en ekki ákærða, sem lá ofan á henni. Í beinu framhaldi af því hrindir hún ákærða af sér og rýkur út úr herberginu. Þegar litið er til þess, að Í var nokkuð drukkin, hafði nýlega sofnað, er komið var fram undir morgun, eftir að hafa skemmt sér alla nóttina, er ekki ósennilegt, að ákærði hafi getað fært hana úr fötunum, án þess að hún yrði þess vör. Við aðstæður sem þessar sofa menn að öllu jöfnu fast. Samkvæmt þessu hefur ákærði því gerst sekur um verknað þann, sem honum er gefinn að sök í ákæruskjali og er þar rétt færður til refsiákvæðis. Það skiptir ekki máli hér, þótt Í hafi svarað samfarahreyfingum ákærða undir lok samfaranna og þá talið sig vera í samförum við annan mann, enda brot hans þá þegar fullframið.

Samkvæmt sakavottorði ákærða var ákæru frestað skilorðsbundið á hendur honum í 2 ár 1974 fyrir þjófnað. 1977 er hann dæmdur í 2 mánaða fangelsi skilorðsbundið í 2 ár fyrir þjófnað og síðar sama ár í 1 mánaðar fangelsi með sama skilorði fyrir sams konar brot. Þá hefur hann 4 sinnum verið dæmdur í óskilorðsbundið varðhald fyrir umferðarlagabrot og 10 sinnum sæst á sektagreiðslur og tvisvar verið dæmdur í sektir fyrir sams konar brot. Síðast var gerð dómsátt við hann 13. júlí sl. vegna umferðarlagabrots. Refsing hans verður ákveðin með hliðsjón af 78. gr. almennra hegningarlaga, og er hún hæfileg 6 mánaða fangelsi.

Samkvæmt þessum úrslitum verður ákærði dæmdur til að greiða Í skaðabætur, sem eru hæfilega metnar 200.000 krónur, og hefur þá verið tekið tillit til þess, að hún leitaði lögfræðiaðstoðar við mótun kröfunnar.

Loks verður ákærði dæmdur til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hrl., 60.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Jóhann Jónas Ingólfsson, sæti fangelsi í 6 mánuði.

Ákærði greiði Í kr. 200.000 í skaðabætur.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hrl., kr. 60.000.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 17. maí 1991.

Nr. 21/1989. **Karl Þorbergsson,**
Már Guðmundsson og
Júlíus Valgeirsson
(Gunnar Eydal hdl.)
gegn
utanríkisráðherra og
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
(Sigrún Guðmundsdóttir hdl.).

Vinnusamningar. Kaupgjald. Varnarsamningur Íslands og Bandaríkjanna.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason, Hjörtur Torfason og Þór Vilhjálmsson og Gunnar M. Guðmundsson, settur dómari.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. janúar 1989. Krafa þeirra er sú, að stefndu verði dæmdir til að greiða þeim 13.896 krónur auk tiltekinna vaxta og málskostnaðar fyrir báðum dómum.

Stefndu gera aðallega kröfu um staðfestingu héraðsdóms og málskostnað hér fyrir dómi. Til vara krefjast þeir lækkunar stefnukröfu og þess, að málskostnaður falli niður.

Eins og rakið er í héraðsdómi, telja áfrýjendur sig eiga lögvarinn rétt til þess, að þeim verði greitt eftir uppmælingu fyrir málaravinnu í þágu varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli 24., 25. og 26. febrúar 1986, en þá segjast þeir hafa unnið í tiltekinni íbúð á varnarsvæðinu. Krafa þeirra er fundin með uppmælingu, og frá endurgjaldi eftir því launakerfi er dregið kaup, sem áfrýjendur segjast hafa fengið fyrir vinnu sína fyrrgreinda daga. Þeir hafa meðal annars lagt fram kröfu sinni til stuðnings svonefndan málefnasamning milli Meistarafélags byggingamanna á Suðurnesjum og Iðnsveinafélags Suðurnesja frá 15. mars 1984, en í 6. gr. samningsins segir m.a.: „Öll málun, utan sem innan húss, skal unnin skv. uppmælingartaxta, og skal semja við sveina, áður en vinna hefst, um stærð hvers verks og um hve margir skulu vinna í því."

Áfrýjendur eru allir iðnlærðir málarar. Þeir voru ráðnir til starfa

hjá varnarliðinu, og hafa ráðningarsamningarnir verið lagðir fram. Stefndu hafa fallist á aðild sína. Í ráðningarsamningunum segir, að áfrýjendum skuli greitt vikukaup, og er fjárhæð þess tilgreind, en einnig tímakaup í dagvinnu, yfirvinnu og næturvinnu. Í samningi áfrýjandans Karls, sem gilti frá 15. september 1985, er einnig kveðið á um verkfæragjald, fæðispeninga, ferðapeninga og kaffitímagreiðslur. Þar segir og, að kaup og kjör séu samkvæmt samningum byggingamanna. Svipuð ákvæði voru í samningum annarra áfrýjenda. Ekki er um deilt, að áfrýjendur fengu greitt eftir ráðningarsamningunum með 20% álagi, a.m.k. á tímakaup. Þeir höfðu um skeið árangurslaust reynt að fá greiðslur eftir uppmælingu, en fyrirsvarsmenn varnarliðsins verið andvígir því fyrirkomulagi og svokölluð kaupskrárnefnd, sem málið var lagt fyrir, ekki tekið ótvíræða afstöðu til ágreiningsins. Nefnd þessi hefur í tæplega 40 ár sagt til um það, sem um ræðir í lokaákvæði 4. tl. 6. gr. í viðbæti um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þeirra við meginmál laga nr. 110/1951 um lagagildi varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna og um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þess. Ákvæðið er svohljóðandi: „Ráðningarkjör og vinnuskilyrði, einkum vinnulaun, launauppbætur og öryggisráðstafanir við vinnu, skulu fara að íslenskum lögum og venjum".

Áfrýjendur hafa, sem fyrr segir, leitt líkur að því, að málarar, sem störfuðu á Suðurnesjum 1986, hafi fengið greitt eftir uppmælingakerfi, en upplýsingar um það eru ekki óyggjandi. Þar við bætist, að áfrýjendur voru ráðnir til starfa hjá varnarliðinu gegn vikukaupi og fengu aðrar greiðslur að auki eftir ákvæðum í ráðningarsamningi þeirra og til viðbótar því, sem þar var um samið. Er ekki nægilega fram komið, hvernig uppmælingarþóknun fyrir vinnu í tiltekinni íbúð í 3 daga fær samrýmst umsömdu launakerfi. Af þessum sökum ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms. Er ekki ástæða til að taka afstöðu til ágreinings aðila um það, hvernig sú 20% launauppbót, sem fyrr er vikið að, er til komin, eða til annarra röksemda, sem fram hafa verið færðar í málinu.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 7. nóvember 1988.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var ... (sic) nóvember sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu af Karli Þorbergssyni, nnr. 5519-8276, Bjarmalandi 14, Sandgerði, Má Guðmundssyni, nnr. 6322-4596, Selsvöllum 18, Grindavík, og Júlíusi Valgeirssyni, nnr. 4418-1957, Borgarvegi 16, Njarðvík, með stefnu, birtri 25. janúar 1988, á hendur utanríkisráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs til greiðslu launa og orlofs, að fjárhæð kr. 15.208,03, auk [nánar tiltekinna vaxta svo og málskostnaðar].

Stefndu gera þær kröfur aðallega, að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnenda og þeim tildæmdur málskostnaður að mati réttarins, en til vara krefjast þeir lækkunar á dómkröfum stefnenda og að málskostnaður falli niður í því tilviki.

Sættir hafa verið reyndar árangurslaust.

II.

Málavexti og málsástæður kveða stefnendur vera þessar:

Í 4. tl. 6. gr. viðbætis við varnarsamning Íslands og Bandaríkjanna um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þeirra, sem hlotið hafi lagagildi hér á landi með lögum nr. 110/1951, segi svo: „Bandaríkin æskja þess að ráða hæfa íslenzka borgara, eftir því sem föng eru á, til starfa í sambandi við samning þennan. Að svo miklu leyti sem Ísland kann að samþykkja ráðningu íslenzkra borgara til starfa hjá liði Bandaríkjanna, skal slík starfsráðning framkvæmd með aðstoð og um hendur þess eða þeirra fyrirsvarsmanna, sem af Íslands hálfu eru til þess kvaddir. Ráðningarkjör og vinnuskilyrði, einkum vinnulaun, launauppbætur og öryggisráðstafanir við vinnu, skulu fara að íslenzkum lögum og venjum."

Samkvæmt framangreindu ákvæði sé ljóst, að varnarliðið hafi ekki óheftan aðgang að íslenskum starfsmönnum á íslenskum vinnumarkaði. Varnarliðið hafi ekki gerst aðili að kjarasamningum íslenskra verkalýðsfélaga um kaup og kjör. Stuttu eftir komu varnarliðsins hingað til landsins hafi verið sett á laggirnar svokölluð kaupskrárnefnd. Muni tilgangurinn með stofnun hennar hafa verið sá að láta varnarliðinu í té fyrirmæli um, hver ráðningarkjör og vinnuskilyrði íslenskir starfsmenn skyldu hafa í samræmi við framangreint ákvæði 4. tl. 6. gr. viðbætis við varnarsamninginn. Nefnd þessi sé skipuð af stefnda utanríkisráðherra, og verði að telja, að hún hafi verið stofnuð að fyrirmælum íslenskra stjórnvalda og starfi með umboði frá þeim. Hafi verið litið svo á, að varnarliðinu beri að fara eftir fyrirmælum nefndarinnar um kjör starfsmanna, er starfi í þágu þess.

Íslenskir iðnaðarmenn í þjónustu varnarliðsins hafi ávallt gert þá kröfu til kaupskrárnefndar, að öll fagstörf skyldu unnin í uppmælingu, enda hafi

fyrir löngu orðið samkomulag með iðnaðarmönnum og meisturum á íslenskum vinnumarkaði um að mæla öll verk með þeim hætti. Kaupskrárnefnd hafi ekki orðið við þessari beiðni iðnaðarmanna, en hafi þess í stað ákveðið iðnaðarmönnum sérstakan kaupauka vegna ákvæðis-, bónus- og premíulauna, sem þeir eigi kost á á almennum vinnumarkaði. Á árinu 1981 hafi þannig verið ákveðið, að iðnaðarmenn skyldu að meðaltali hljóta 15% kaupauka vegna framangreindra atriða. Upphaflega hafi kaupauki málara með beinu samkomulagi við starfsmannahald varnarliðsins verið ákveðinn 20% ofan á tímakaup. Ekki hafi fengist upplýsingar um það, hvort kaupskrárnefnd samþykkti þessa ákvörðun formlega, en hún hafi gert það a.m.k. óformlega. Starfsmenn á málningarverkstæði varnarliðsins hafi þó talið, að ekki hefði verið að fullu staðið við samkomulag þeirra og starfsmannahalds varnarliðsins varðandi kaupauka þennan og hafi því sagt upp samkomulagi þessu með þriggja mánaða fyrirvara hinn 28. febrúar 1983. Hinn 5. febrúar 1984 hafi þeirri ósk verið beint til formanns kaupskrárnefndar, að nefndin úrskurðaði í máli þessu. Hinn 12. apríl 1985 hafi kaupskrárnefnd úrskurðað um launakjör málara, en þar segi m.a. svo: „Samkvæmt framansögðu og í ljósi þess, að mælingarvinna er yfirgnæfandi í störfum annarra málara, getur kaupskrárnefnd eftir atvikum fallizt á, að málarar, sem vinna hjá varnarliðinu, vinni samkvæmt uppmælingu, enda taki þeir þá í einu og öllu laun samkvæmt almennum kjarasamningum, eins og þeir gerast á almennum vinnumarkaði.

Kaupskrárnefnd væntir þess, að varnarmálanefnd tilkynni réttum aðilum framangreinda ákvörðun."

Í úrskurði kaupskrárnefndar frá 31. janúar 1986 segi m.a. til áréttingar, að það sé á misskilningi byggt, að nefndin hafi úrskurðað um meinta skyldu varnarliðsins til að láta mæla alla vinnu málara í viðhaldsverkum hjá varnarliðinu. Í áðurnefndu bréfi, þ.e.a.s. frá 12. apríl 1985, segi einungis, að nefndin „geti fyrir sitt leyti fallizt á, að málarar, er vinna hjá varnarliðinu, vinni samkvæmt uppmælingu, enda taki þeir þá í einu og öllu laun samkvæmt almennum kjarasamningum, eins og þeir gerast á almennum vinnumarkaði". Enn fremur segi í 2. tl. úrskurðarins:

„Heimild sú, er nefndin samþykkti viðvíkjandi breyttu launakerfi, nær einungis til málara, þ.e. fagmanna í málaraiðn."

Eftir ákvörðun kaupskrárnefndar frá 12. apríl 1985 hafi stefnda utanríkisráðuneytinu, varnarmálaskrifstofu og starfsmannahaldi varnarliðsins verið tilkynnt bæði munnlega og skriflega, að krafist væri uppmælingar á alla vinnu málara, og í bréfi lögmanns Iðnsveinafélags Suðurnesja til stefnda utanríkisráðuneytisins hinn 17. janúar 1986 sé þessi krafa ítrekuð og jafnframt hótað málsókn, ef ekki verði farið að úrskurði kaupskrárnefndar.

Stefnendur hafi unnið málarastörf á vegum varnarliðsins. Dagana 24. til og með 26. febrúar 1986 hafi þeir unnið að uppmælingu í íbúð 629 CD á Keflavíkurflugvelli. Þetta afmarkaða verk í umræddri íbúð hafi þeir látið mæla upp. Ýmis önnur vinna hafi verið unnin á þessari íbúð af hálfu málara, en þessi ákveðna uppmælingarvinna hafi verið skýrt afmörkuð, og hafi komið sérstakur verkstjóri af hálfu starfsmannahaldsins á staðinn, er verkinu lauk, og skoðað uppmælingarvinnuna, gert við hana athugasemd og óskað lagfæringa á henni. Verkstjóri þessi hafi verið Gunnar Guðjónsson. Honum hafi einnig verið tilkynnt sú ákvörðun fyrir fram, að verkið yrði mælt upp. Verkstjórinn hafi sagt stefnendum, að hann myndi ekki skipta sér af því og hefði fyrirmæli í þá veru. Ástæða þess, að stefnendur létu ekki mæla störf sín strax eftir uppsögn samkomulagsins á árinu 1983, sé fyrst og fremst sú, að lög bönnuðu þá allar launabreytingar, og einnig hafi á þessum tíma farið fram viðræður milli aðila og ýtarlegar tilraunir hafi verið gerðar til þess að ná samkomulagi um þessi atriði. Því sé haldið fram, að varnarmáladeild utanríkisráðuneytisins hafi fyrir sitt leyti fallist á sjónarmið stefnenda um uppmælingu og hafi reyndar gefið starfsmannahaldi varnarliðsins þau fyrirmæli hinn 4. janúar 1986 að taka upp uppmælingu a.m.k. í 6 mánuði til reynslu. Starfsmannahaldið hafi þráast við, og hafi því ekki verið annað úrkosti (sic) en að hefja uppælingu á störfum, og sé mál þetta þannig til komið. Laun samkvæmt umræddri mælingu hafi verið samtals kr. 24.077,73 auk orlofs, kr. 2.448,70. Uppgjör þeirra og launagreiðslur vegna þessa sérstaka verks hafi verið byggðar á tímakaupi með hinu sérstaka álagi, samtals kr. 11.318,40. Mismunur með orlofi sé því kr. 15.208,03, þ.e. stefnufjárhæðin.

Stefnendur vilji ekki una þessari greiðslu úr hendi starfsmannahalds varnarliðsins. Þeir bendi á, að kaupskrárnefnd, sem vafalaust sé sá aðili, sem úrskurði kaup íslenskra starfsmanna hjá varnarliðinu, hafi gefið málurum á vegum varnarliðsins rétt til að krefjast mælingar fyrir vinnu sína. Niðurstaða kaupskrárnefndar þýði í raun, að almennir kjarasamningar gildi á svæðinu.

Lagarök kveða stefnendur vera þessi:

Stefnendur byggi á 4. tl. 6. gr. viðbætis um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þeirra, sem lögfestur hafi verið með lögum nr. 110/1951. Þar sé varnarliðinu skylt að fara að íslenskum lögum og venjum um ráðningarkjör og vinnuskilyrði, einkum vinnulaun, launauppbætur og öryggisráðstafanir við vinnu. Þetta þýði í raun, að innan vallarsvæðis skuli gilda sömu launakjör og vinnuskilyrði sem utan vallarsvæðis, enda geti það ekki verið ætlun löggjafans, að innan vallarsvæðis sé annað launa- og starfskjarasvæði en utan þess. Það hafi verið hlutverk kaupskrárnefndar að sjá um framkvæmd þessa ákvæðis, þannig að kjörin væru sem sambærilegust.

Þrátt fyrir samninga aðila vinnumarkaðarins um tvímælalausa mælingarskyldu hafi kaupskrárnefnd þó þess í stað ákveðið iðnaðarmönnum innan vallarsvæðis sérstakan kaupauka í staðinn, þ.e.a.s. vegna hvetjandi launakerfa á almennum vinnumarkaði á Íslandi. Þannig hafi starfsmenn á málningarverkstæði varnarliðsins og í þeirra hópi stefnendur þessa máls gert með sér sérstakt samkomulag um 20% kaupauka, sem þó hafi verið sagt upp vegna vanefnda með þriggja mánaða fyrirvara hinn 28. apríl 1983, eins og áður greini. Þá þegar hafi umræddir starfsmenn talið sig eiga rétt til uppmælingar í anda kjarasamnings, og hafi þeir beint kröfunni til kaupskrárnefndar, þegar ekki varð samkomulag um slíkt milli þeirra og starfsmannahaldsins. Stefnendur haldi því fram, að kaupskrárnefnd hafi með úrskurði sínum 12. apríl 1985 tekið nýja ákvörðun um launakjör málara innan vallarsvæðis, þar sem nefndin tók ekki ákvörðun um nein önnur launakjör en þau að vísa til almennra kjarasamninga. Á Suðurnesjum sé í gildi málefnasamningur milli Meistarafélags byggingamanna á Suðurnesjum og Iðnsveinafélags Suðurnesja. Þar segi í 6. gr., að öll málun, utan sem innan, skuli unnin samkvæmt uppmælingartaxta. Eftir ákvörðun kaupskrárnefndar sé starfsmannahaldinu örugglega skylt að fara samkvæmt íslenskum kjarasamningum. Stefnendur bendi á lög nr. 55/1980 um starfskjör launþega í því sambandi að auki, en þar sé bundið lögum, að kjarasamningur skuli vera lágmarkskjör fyrir alla launamenn í viðkomandi starfsgrein á svæði því, sem samningurinn taki til.

Vegna úrlendisréttar varnarliðsins á Íslandi leiði það, að leggja verði á stefndu ábyrgð gagnvart stefnendum á því, að yfirstjórn varnarliðsins greiði fullnægjandi laun fyrir þeirra störf. Tjón stefnenda af þessari einu uppmælingu sé mismunur mælingar og þeirra launa, sem þeir hlutu fyrir umrædd störf úr hendi starfsmannahalds varnarliðsins auk orlofs.

Á dskj. nr. 3. sé útreikningur eins stefnenda, Karls Þorbergssonar, sem ráðinn hafi verið verkstjóri, sbr. dskj. nr. 4. Dskj. nr. 3 sé um skiptingu tímakaups með álagi, eins og það hafi verið greitt af starfsmannahaldi varnarliðsins. Útreikningur launanna hafi hins vegar farið fram hjá starfsmannahaldinu, þ.e.a.s. nákvæmlega um þá tíma, sem unnir voru við þennan afmarkaða hluta ákvæðisvinnunnar, sem dskj. nr. 5 taki til. Mismunurinn á dskj. nr. 3 og 5 að viðbættu orlofi sé stefnufjárhæðin í málinu.

Stefndu kveða málsatvik, málsástæður og lagarök vera þessi:

Karl Þorbergsson hafi verið ráðinn málari 6. júní 1979, Már Guðmundsson 14. maí 1979 og Júlíus Valgeirsson 10. júní 1976. Starfsumsóknir þeirra hafi farið um hendur starfsmanna ráðningarskrifstofu varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins, en ráðning hafi farið fram af hálfu starfsmannahalds varnarliðsins. Stefnendur hafi starfað óslitið hjá Bandaríkjastjórn til ársins 1986.

Samkvæmt ráðningarbréfum stefnenda hafi farið um ráðningarkjör þeirra eftir kjarasamningi byggingamanna, er þá var í gildi, og hafi verið farið eftir þeim samningi síðan með áorðnum launabreytingum. Stefnendur hafi verið ráðnir til starfa á vikukaupi, en ekki í uppmælingu. Iðnsveinafélag Suðurnesja sé aðili að þessum kjarasamningi, en stefnendur hafi verið félagar í þeim samtökum.

Í upphafi árs 1981 hafi verið farið að greiða sérstakt álag ofan á kauptaxta iðnaðarmanna hjá varnarliðinu. Samkvæmt úrskurði kaupskrárnefndar hafi málarar fengið 20% álag ofan á grunntaxtakaup og trésmiðir og pípulagningarmenn 15%. Allt fram að þessum tíma hafi þessir aðilar, þ.m.t. stefnendur, fengið laun án sérstaks álags. Hér hafi verið tekið tillit til þess, að sums staðar á almennum vinnumarkaði hafi þessir launahópar fengið greidd laun eftir uppmælingu eða eftir öðrum bónuskerfum.

Í bréfi til starfsmannahalds varnarliðsins, dags. 28. febrúar 1983, undirrituðu af tveimur stefnenda m.a., komi fram, að þeir telji, að ekki hafi verið staðið rétt að framkvæmd kaupaukans. Þar sem samningar hafi ekki tekist um þetta efni, hafi þeir sagt honum upp frá og með 1. júní 1983. Stefnandi Júlíus hafi þó ekki verið í þessum hópi.

Upp hafi komið ágreiningur milli starfsmannahalds varnarliðsins og málara. Greitt hafði verið álag ofan á hæsta umsaminn taxta sambands byggingamanna á alla liði, sem bundnir voru við launataxta, en málarar einir vildu einnig fá 20% álag ofan á verkfæra-, fæðis- og flutningsgjöld. Um þessi atriði hafi ágreiningurinn snúist í upphafi, en þróaðist síðan í þá átt, að málarar einir fóru að krefjast uppmælingar á öll sín störf. Þessum kröfum hafi ætíð verið hafnað, enda hafi þær verið án grundvallar.

Nokkur bréfaskipti hafi farið fram í þessu deilumáli, og hafi kaupskrárnefnd úrskurðað í því. Í kjölfar úrskurðar kaupskrárnefndar 12. apríl 1985 hafi farið fram óformlegar viðræður á milli starfsmannahalds varnarliðsins og málara. Þær hafi þó ekki leitt til sameiginlegrar niðurstöðu. Þá hafi deilur þessar verið ræddar óformlega utan dagskrár á fundi varnarmálanefndar 14. janúar 1986.

Varnarliðið hafi ekki getað orðið við kröfum málara um uppmælingu verkefna málningarverkstæðisins, og hafi verið ákveðið að leggja það niður í þáverandi mynd og fela verktökum verkefni þess. Með bréfum til tveggja stefnenda, dags. 29. apríl 1986, hafi þeim verið sagt upp störfum frá og með 1. ágúst 1986 af framangreindum ástæðum. Már hafi sagt upp starfi sínu að eigin ósk 8. apríl 1986.

Um málsástæður og lagarök fyrir dómkröfum stefndu vísa stefndu í verulegum atriðum til dskj. nr. 11-12, 15, 26, 49, 51-52 og 54.

Aðalkröfu stefndu um sýknu byggja stefndu á því, að kaupskrárnefnd hafi um áratugaskeið látið varnarliðinu í té fyrirmæli um, hver ráðningar-

kjör og vinnuskilyrði íslenskir borgarar í þjónustu Bandaríkjastjórnar skuli hafa í samræmi við ákvæði 4. tl. 6. gr. l. nr. 110/1951. Dómstólar hafi staðfest, að kaupskrárnefnd hafi verið stofnuð að fyrirmælum íslenskra stjórnvalda og starfað með umboði frá þeim. Varnarliðinu beri að fara eftir fyrirmælum nefndarinnar um kjör starfsmanna, sem starfi í þágu þess.

Varnarliðið hafi jafnan litið svo á, að af Íslands hálfu hafi kaupskrárnefnd verið til þess kvödd að gefa því fyrirmæli um ráðningarkjör hinna íslensku starfsmanna þess. Starfsmannahaldi varnarliðsins sé óheimilt að gera af sjálfsdáðum nokkrar ráðstafanir um ráðningarkjör Íslendinga, nema fyrir liggi ákvörðun hlutaðeigandi íslenskra stjórnvalda, þ.e. kaupskrárnefndar, er tilkynnist varnarliðinu á hefðbundinn hátt. Varnarliðið hafi ætíð fylgt úrskurðum kaupskrárnefndar.

Samkvæmt fyrirmælum kaupskrárnefndar hafi ráðningarkjör, þ.e.vinnulaun, launauppbætur og vinnuskilyrði íslenskra byggingariðnaðarmanna í þjónustu Bandaríkjastjórnar farið eftir kjarasamningi byggingamanna, eins og hann hafi verið á hverjum tíma. Sá kjarasamningur, sem hér sé átt við, sé nú að meginstofni á dskj. nr. 23.

Kaupskrárnefnd hafi hvorki fyrr né síðar gefið varnarliðinu fyrirmæli um að taka upp uppmælingarkerfi á störf málara eða greiða þeim laun eftir uppmælingu. Í úrskurði sínum frá 12. apríl 1985 hafi kaupskrárnefnd alls engin fyrirmæli gefið um breytingu á launakjörum málara, svo sem nefndin árétti á dskj. nr. 12. Í bréfi kaupskrárnefndar til ríkislögmanns frá 13. janúar 1987, sbr. dskj. nr. 49, komi fram, að nefndin hafi um áratugaskeið haft úrskurðarvald um kjör íslenskra starfsmanna varnarliðsins og að nefndin hafi úrskurðað, að öll vinna málara skyldi greidd með 20% álagi á gildandi kauptaxta. Þessi úrskurður hafi verið talinn bindandi í skiptum varnarliðsins og starfsmanna þess. Í úrskurði nefndarinnar frá 12. apríl 1985 hafi verið vikið frá þessari almennu reglu um bundið kaupgjald og aðilum gefinn kostur á að velja um tvenns konar launakerfi, þ.e.a.s það, sem verið hafði, og eins hitt að vinna verk samkvæmt uppmælingu. Í bréfinu sé sérstaklega áréttað, að þessi heimild nefndarinnar til vals á milli launakerfa hafi síðar reynst misskilin, þar sem því hafi verið haldið fram, að nefndin hafi fellt fyrra launakerfi úr gildi og boðið aðilum að taka annað upp. Þessi misskilningur hafi verið leiðréttur í bréfi nefndarinnar frá 31. janúar 1986.

Samkvæmt framanröktu sé vafalaust, að kaupskrárnefnd hafi engin fyrirmæli gefið varnarliðinu um að taka upp uppmælingu á verk málara. Hins vegar hafi hún heimilað aðilum að taka upp uppmælingarkerfi, næðu þeir samkomulagi um það og ef slíkt væri framkvæmanlegt. Í 3. - 4. tl. bréfs nefndarinnar á dskj. nr. 12 komi fram, hvaða reglur gildi, þegar unnið sé samkvæmt uppmælingu. Af bréfi nefndarinnar til ríkislögmanns

sé ljóst, að ef aðilar næðu ekki samkomulagi um breytt kerfi, færu ráðningarkjör málara áfram eftir gildandi launakjörum, þ.e. kjarasamningi byggingamanna ásamt 20% álagi. Af þessu megi ljóst vera, að málefnasamningur á dskj. nr. 22 hafi ekki gildi hjá varnarliðinu, heldur eigi þar við kjarasamningur byggingamanna á dskj. nr. 23.

Varnarliðið hafi ekki deilt um skyldu sína til að greiða málurum í samræmi við lög og kjarasamninga eftir ákvörðun kaupskrárnefndar og hafi ætíð farið eftir fyrirmælum nefndarinnar í því efni. Hins vegar hafi kröfum málara um uppmælingu verið hafnað, þar sem slíkt kerfi hafi verið ósamrýmanlegt stjórnkerfi varnarliðsins og erfitt að koma slíku kerfi á. Ekkert samkomulag hafi orðið á milli aðila um uppmælingu, og hafi ráðningarkjör því verið óbreytt.

Einhliða tilkynningar málara um uppmælingu hafi enga þýðingu í málinu, auk þess sem það sé ekki á færi launþega í vinnuréttarsambandi að breyta ráðningarkjörum sínum með einhliða yfirlýsingu án samþykkis vinnuveitanda.

Þá sé mótmælt sem röngum fullyrðingum stefnenda um, að varnarmáladeild utanríkisráðuneytisins hafi fyrir sitt leyti fallist á sjónarmið stefnenda um uppmælingu og hafi gefið starfsmannahaldi varnarliðsins þau fyrirmæli að taka upp uppmælingu í a.m.k. 6 mánuði til reynslu. Um þátt og valdsvið varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins í þessu máli nægi að vísa til dskj. nr. 54.

Með vísan til alls framanritaðs hljóti að vera ljóst, að kröfur stefnenda á hendur stefndu vegna þáttar varnarliðsins í þessu máli séu algjörlega án grundvallar.

Þá skuli jafnframt bent á í ljósi framangreinds um valdsvið kaupskrárnefndar, að það fái ekki staðist, að stefnendur hafi öðlast rétt til uppmælingar 1. júní 1983 og að samningur á dskj. nr. 22 hafi verið í gildi um ráðningarkjör þeirra. Auk þess skuli á það bent, að eingöngu tveir stefnenda sögðu 20% kaupaukanum upp, allir stefnenda hafi haldið áfram störfum sínum og tekið laun samkvæmt kjarasamningum byggingamanna ásamt 20% álagi og án þess að nokkrar ráðstafanir væru gerðar af hálfu aðila, til að verk þeirra væru unnin í uppmælingu. Þeir hafi fengið reglulega tilkynningar um allar launabreytingar og skv. hvaða kjarasamningum launin færu. Þá beri að benda á, að kjör stefnenda hafi að fullu verið í samræmi við kjör starfsbræðra þeirra á almennum vinnumarkaði. Með því að halda áfram störfum sínum með þessum hætti hafi stefnendur því fallið frá uppsögn álagsins, enda hafi þeir ekki gert fyrirvara við launagreiðslur til sín. Af þessu megi ráða, að í reynd hafi þeir talið, að kaupskrárnefnd ætti úrskurðarvald í málinu og eftir henni bæri að fara um kjör þeirra.

Með vísan til alls framangreinds og þar sem aðilar máls þessa virðist sammála um valdsvið kaupskrárnefndar, megi ljóst vera, að kröfur stefnenda falli um sig sjálfar. Stefnendur byggi málatilbúnað sinn ekki á því, að fyrirmæli kaupskrárnefndar hafi verið ólögmæt og varði ríkissjóð skaðabótaábyrgð utan samninga. Hljóti þetta að leiða til sýknu.

Þrátt fyrir það að stefnendur beri ekki brigður á lögmæti fyrirmæla kaupskrárnefndar og efnislegum forsendum þeirra, verði því ekki haggað í þessu máli, eins og málatilbúnaður stefnenda er grundvallaður, þá skuli engu að síður á það bent, að 4. tl. 6. gr. l. nr. 110/1951 beri að skýra með þeim hætti, að ákvæðið taki til gildandi almennra kjarasamninga, svo sem kjarasamnings byggingamanna á dskj. nr. 23. Málefnasamningur á dskj. nr. 22 sé ekki kjarasamningur í skilningi ákvæðisins, heldur sé þar um að ræða samskiptareglur milli þeirra félaga, sem séu aðilar að honum og bindandi aðeins í skiptum þeirra aðila, enda bendi heiti samningsins til þess eins. Varnarliðið sé ekki aðili þessa samnings né VSÍ eða ASÍ. Hann gildi ekki hjá varnarliðinu. Hann fullnægi ekki þeim skilyrðum, sem um kjarasamninga í skilningi laganna gildi. Ekkert sé kveðið á um kaup og kjör í honum. Hann sé því ekki kjarasamningur í skilningi 6. gr. l. nr. 80 frá 11. júní 1938. Ef þessi samningur væri kjarasamningur skv. hugtaksskilgreiningu, hefði hann verið tekinn upp í kjarasamning byggingamanna, en svo hafi ekki verið gert. Jafnframt styðji 1. gr. l. nr. 55/1980 það, að um kaup og kjör stefnenda hafi átt að fara eftir kjarasamningi byggingamanna, en ekki samningi á dskj. nr. 22.

Þá hafi kaupskrárnefnd kynnt sér gögn um árslaun málara innan og utan vallar, og með vísan til þess samanburðar hafi hún hafnað hugmyndum um breytingu á álagsgreiðslunni, þar sem gögnin hafi með engum hætti stutt, að málarar í þjónustu varnarliðsins bæru skarðan hlut frá borði, en miklu fremur hið gagnstæða. Í þessu sambandi vísist til dskj. nr. 49.

Af framangreindu megi ljóst vera, að fyrirmæli nefndarinnar, hvað þetta mál snerti, hafi verið fyllilega lögmæt.

Á þá meginreglu skuli jafnframt bent, að þegar stjórnvöldum sé falin úrlausn tiltekinna atriða, eins og kaupskrárnefnd sé í þessu tilliti, þá sé það bundið takmörkunum, hvað dómstólar geti gengið langt í að endurskoða slíkar úrlausnir, en um áratugaskeið hafi nefndin haft úrskurðarvald um kjaraákvarðanir, er lúti að íslenskum starfsmönnum varnarliðsins.

Auk alls framangreinds skuli bent á, að almennum skilyrðum um uppmælingu á umstefndu verki hafi ekki verið fullnægt, sbr. 3. - 4. tl. dskj. nr. 12, enn fremur, að jafnvel þótt málefnasamningurinn á dskj. nr. 22 væri talinn gilda hjá varnarliðinu, hafi hann ekki átt við greint tilvik, auk þess sem ekki hafi verið fylgt ákvæðum hans um framkvæmd uppmæling-

ar. Í því sambandi nægi t.d. að vísa til A - B-liðar 5. gr. og A-liðar 6. gr. samningsins.

Alls hafi 6 starfsmenn verið við málningarvinnu í íbúð 629 CD á tímabilinu frá 12. febrúar til 4. mars 1986. Ekki hafi verið um að ræða afmarkaða þætti í verkinu og reyndar ekki hægt að marka skil milli verkþátta málningar innan íbúðarinnar.

Varnarliðið hafi ekki átt aðild að svokallaðri uppmælingu stefnenda, og hafi hún verið framkvæmd einhliða af hálfu þessara málarasveina án aðildar vinnuveitanda eða meistara í hans þágu. Umrædd mæling hafi ekki verið gerð í samvinnu við stjórnendur varnarliðsins og sé því vinnuveitanda stefnenda algerlega óviðkomandi. Enginn meistari hafi verið að verki því, sem um sé deilt, af hálfu varnarliðsins. Stefnandi Karl hafi ekki starfað sem verkstjóri varnarliðsins umræddra daga, heldur sem málarasveinn, og hafi ekki gert frá 14. septembei 1985. Því sé útilokað, að hann hafi verið meistari verksins. Hann hafi ekki verið starfandi sem meistari hjá varnarliðinu umræddan tíma og hafi því enga heimild haft af vinnuveitanda hálfu til að staðfesta mælingu sem meistari þess. Ef um gilda uppmælingu hefði verið að ræða, hefði Gunnar Guðjónsson verkstjóri málaraverkstæðis varnarliðsins staðfest uppmælingu sem trúnaðarmaður vinnuveitanda og starfandi meistari. Það hafi hann ekki gert, og sé fullyrðingum stefnenda um hans þátt í málinu mótmælt sem röngum á grundvelli dskj. nr. 52. Varla haldi stefnendur Már og Júlíus því fram, að Karl Þorbergsson hafi verið vinnuveitandi og meistari þeirra.

Af framangreindu sjáist, að svokölluð uppmæling hafi verið markleysa frá upphafi til enda, og sé dskj. nr. 5 mótmælt á þeim grundvelli.

Stefnendur hafi þegar fengið greidd laun sín að fullu samkvæmt gildandi kjarasamningum vegna vinnu í íbúð 629 CD, sbr. dskj. nr. 26 og 51. Svokölluð uppmæling stefnenda taki til daganna 24.-26. febrúar 1986, og leggi þeir hana til grundvallar í málinu. Hins vegar hafi stefnendur Karl og Júlíus unnið í íbúðinni 24.-26. febrúar, hvor í 8 klst. hvern dag eða hvor samtals í 24 klst. Stefnandi Már hafi unnið í íbúðinni dagana 18.-21. febrúar í samtals 24 klst. Hann hafi því samtals unnið í 53 klst. í þessari íbúð. Alls hafi stefnendur unnið samtals í íbúðinni í 101 klst., sbr. dskj. nr. 38-41.

Með vísan til útreiknings og efnisraka á dskj. nr. 26, liðum 6-7, og dskj. nr. 51, liðum 5-6, sjáist, að summa launa Más hafi numið kr. 15.319,64, summa launa Karls kr. 6.945,08 og summa launa Júlíusar kr. 6.945,08, samtals kr. 29.209,80. Við þetta bætist greitt orlof til stefnenda, kr. 3.385,42, og helgidagsgreiðslur kr. 1.007,74. Greiðslur til stefnenda fyrir vinnu í íbúðinni séu því samtals kr. 33.602,96, sbr. dskj. nr. 26 og 51.

Vilji svo ólíklega til, að ekki verði fallist á aðalkröfu stefndu, komi varakrafa til skoðunar, en hún byggist á því, að í útreikningi stefnanda Karls

á dskj. nr. 3, sem sé mótmælt, sé undir liðnum „Samtals innborgað" eingöngu reiknaðar kr. 3.772,80 til hvers stefnanda og aðeins miðað við 18 dagvinnustundir samtals fyrir dagana 24.-26. febrúar. Hins vegar hafi hver stefnenda unnið í 8 klst. hvern þesara daga eða samtals í 24 klst. hver, sbr. dskj. nr. 38-41. Þeir hafi ekki verið skráðir í önnur verk þennan tíma. Um nánari sundurliðun og efnisrök vísist til dskj. nr. 26 og 51. Af þeim megi sjá, að stefnendur fengu samtals greidd laun fyrir 24.-26. febrúar kr. 20.835,24 í stað kr. 11.318,40, eins og stefnendur haldi fram. Með orlofi (11,59%) og helgidagsgreiðslum (3,45%) hafi stefnendur því fengið greiddar fyrir þessa daga samtals kr. 23.968,85. Af þessu sé ljóst, að stefnendur (sic) verði því ekki dæmdir til að greiða hærri fjárhæð en eftirstöðvarnar skv. þessu, þ.e. kr. 2.557,58.

Þá sé mótmælt kröfum um vexti frá fyrri tíma en þingfestingardegi þessa máls. Verði ekki fallist á það, sé gerð krafa um, að almennir sparisjóðsvextir, eins og þeir eru á hverjum tíma, verði dæmdir frá þeim tíma, er dómkrafan var fyrst sett fram á hendur stefndu með þingfestingu stefnu í fyrra máli. Kröfu um, að vextir leggist við höfuðstól í fyrsta sinn 1. apríl 1987, er mótmælt.

Niðurstaða.

Ágreiningslaust er með aðilum, að um kaup og kjör stefnenda skuli fara samkvæmt fyrirmælum kaupskrárnefndar.

Telja má upplýst, að 20% álag á greiðslur til málara var tekið upp í samræmi við ákvörðun kaupskrárnefndar, enda þótt ekki liggi fyrir formlegur, skriflegur úrskurður um það atriði. Uppsögn málara á kaupaukanum var því ekki heimil, og bar varnarliðinu eftir sem áður að greiða umrætt álag á launin, sem það og gerði. Með því að veita þeim greiðslum viðtöku án athugaemda má líta svo á, að málarar hafi sjálfir lagt þann skilning í málið, að þessi greiðslukjör skyldu gilda, meðan ekki hefði náðst samkomulag um annað.

Ákvörðun kaupskrárnefndar á dskj. nr. 11, að nefndin fallist fyrir sitt leyti á, að málarar fái greitt samkvæmt uppmælingu fyrir störf sín, verður ekki skilin svo, að með henni sé fyrra launakerfi fellt úr gildi, enda hefði það þurft að koma skýrt fram, heldur verður þessi ákvörðun skýrð svo, eins og reyndar kemur fram í bréfi kaupskrárnefndar á dskj. nr. 12, að heimild hafi verið veitt til að semja um greiðslur samkvæmt uppmælingu, en að öðrum kosti skyldi eldra fyrirkomulag standa. Einhliða ákvörðun stefnenda um greiðslur samkvæmt uppmælingu átti þannig ekki stoð í framangreindri ákvörðun kaupskrárnefndar. Fyrir liggur, að greiðslukjör til málara utan vallarsvæðis voru ýmist samkvæmt uppmælingu eða tíma-

kaupi, og stóðu lög eða kjarasamningar því ekki gegn því, að slíkt val yrði heimilað.

Samkvæmt framansögðu ber að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnenda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Sigríður Ólafsdóttir borgardómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndu utanríkisráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs skulu vera sýknir af öllum kröfum stefnenda, Karls Þorbergssonar, Bjarmalandi 14, Sandgerði, Más Guðmundssonar, Selsvöllum 18, Grindavík, og Júlíusar Valgeirssonar, Borgarvegi 16, Njarðvík, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 17. maí 1991.

Nr. 130/1991. **Hrafnkell Ásgeirsson**

gegn

Íslandsbanka hf.,
Landsbanka Íslands,
Sambandi íslenskra samvinnufélaga,
Sparisjóði Hafnarfjarðar,
Gjaldheimtunni í Hafnarfirði,
innheimtumanni ríkissjóðs í Hafnarfirði,
Kreditkortum hf.,
Einari Friðþjófssyni,
Árvakri hf. og
Tryggingastofnun ríkisins.

Þingfestingu synjað.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir og Þór Vilhjálmsson og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. mars 1991. Áfrýjað er synjun uppboðsréttar Hafnarfjarðar 22. mars 1991 á uppkvaðningu úrskurðar í uppboðsréttarmáli varðandi Miðvang 5 þar í bæ.

Er mál þetta skyldi þingfesta 3. maí 1991, kom fram krafa stefnda Sparisjóðs Hafnarfjarðar um, að málið yrði ekki þingfest. Af hálfu sparisjóðsins er krafist ómakslauna úr hendi þingfestingarbeiðanda.

Af hálfu annarra stefndu, sem þing sóttu 3. maí sl., hefur þingfestingu máls þessa ekki verið mótmælt.

Mótmæli sín styður stefndi Sparisjóður Hafnarfjarðar þeim rökum, að ekki verði „skotið til Hæstaréttar öðru en dómsathöfnum, sbr. t.d. 18. gr. laga nr. 75/1973".

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands sætir hin áfrýjaða synjun uppboðsréttar kæru, sem lýsa bar innan þess frests, sem greinir í 22. gr. laganna. Mál þetta verður því ekki þingfest, og ber að vísa því sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefnda, Sparisjóði Hafnarfjarðar, ómakslaun, svo sem segir í dómsorði.

Dómsorð:

Mál þetta verður ekki þingfest.

Hrafnkell Ásgeirsson greiði stefnda Sparisjóði Hafnarfjarðar 7000 krónur í ómakslaun.

Föstudaginn 17. maí 1991.

Nr. 133/1990. **J. Hinriksson hf.**
gegn
Bönunum hf.

Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir og Þór Vilhjálmsson og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. mars 1990. Áfrýjað er dómi bæjarþings Reykjavíkur, sem upp var kveðinn 27. desember 1989. Málið var þingfest í Hæstarétti 2. maí 1990, og fékk áfrýjandi þá frest til október 1990. Málinu var síðan að hans ósk frestað til desember s.á., þá til febrúar 1991, þá til mars s.á. og þá enn til reglulegs þingdags í maí. Er málið kom fyrir 3. þessa mánaðar, óskaði áfrýjandi eftir fresti til október 1991 til ágripsgerðar.

Stefndi mótmælti frestbeiðninni og krafðist þess, að málinu yrði vísað frá Hæstarétti. Þá krafðist hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Mótmæli sín styður stefndi þeim rökum, að áfrýjandi hafi haft nægan tíma til þess að búa mál sitt til flutnings fyrir Hæstarétti.

Af hálfu áfrýjanda hefur komið fram, að annar lögmaður en fyrr hafði um málið fjallað tók við því í desember 1990. Samkvæmt vottorði yfirborgardómarans í Reykjavík 6. maí 1991 var óskað dómsgerða í málinu 14. desember 1990. Í vottorðinu kemur fram, að dómsgerðir verði tilbúnar í síðasta lagi 13. maí 1991.

Hinn 3. maí 1991 voru liðnir rúmir 13 mánuðir frá útgáfu áfrýjunarstefnu í málinu. Verður að fallast á það með stefnda, að áfrýjandi hafi þegar haft ærinn frest til að búa mál sitt til flutnings fyrir Hæstarétti. Þykja því ekki efni til, gegn andmælum stefnda, að veita frekari frest í málinu. Ber því að synja frestbeiðni áfrýjanda og vísa málinu frá Hæstarétti.

Dæma ber áfrýjanda til að greiða Bönunum hf. málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem segir í dómsorði.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjandi, J. Hinriksson hf., greiði stefnda, Bönunum hf., 15.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Föstudaginn 17. maí 1991.

Nr. 139/1991. **Verslunarfélag Íslands og Spánar hf.**

gegn

Ó. Johnson og Kaaber hf.,
Stofnlánasjóði matvörukaupmanna,
Einari B. Arasyni,
Lífeyrissjóði verslunarmanna,
Eignarhaldsfélagi Verslunarbankans hf.,
Jóni Gunnari Sæmundssyni,
Baldvini Einarssyni og
Sigurði G. Guðjónssyni hrl. vegna
þrotabús Víðis sf.

Frestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta úrskurða hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir og Þór Vilhjálmsson og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. mars 1991. Áfrýjað er úrskurði uppboðsréttar Reykjavíkur 12. júní 1990. Málið var þingfest í Hæstarétti 3. maí 1991. Máli þessu var áður áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 28. september 1990 að fengnu áfrýjunarleyfi 5. sama mánaðar. Með dómi Hæstaréttar 20. mars 1991 var málinu vísað frá Hæstarétti.

Við þingfestingu máls þessa 3. maí sl. óskaði áfrýjandi eftir fresti til ágripsgerðar til október 1991, en til vara til reglulegs þingdags í júní 1991. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefnda Ó. Johnsons og Kaabers hf.

Af hálfu stefnda Ó. Johnsons og Kaabers hf. hefur frestbeiðninni verið mótmælt og þess krafist, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að því verði einungis frestað til júnímánaðar. Þá hefur og verið krafist málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Af hálfu annarra stefndu, sem þing sóttu 3. maí sl., var umbeðinn frestur samþykktur.

Lögð hefur verið fram staðfesting þess, að dómsgerða í málinu var óskað 3. apríl sl. Eftir atvikum þykir rétt að veita áfrýj-

anda frest til að skila dómsgerðum, ágripi og greinargerð til reglulegs þingdags í júní 1991.

Málskostnaður verður eigi dæmdur í þessum þætti málsins.

Á l y k t a r o r ð:

Máli þessu er frestað til reglulegs þingdags 3. júní 1991.

Miðvikudaginn 22. maí 1991.

Nr. 378/1988. **Guðmundur I. Bjarnason hf. og**
Guðmundur I. Bjarnason persónulega
gegn
Sigríði Jónsdóttur.

Hafning máls. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Aðilar eru sammála um, að mál þetta falli niður.

Áfrýjendur, Guðmundur I. Bjarnason hf. og Guðmundur I. Bjarnason persónulega, greiði stefndu, Sigríði Jónsdóttur, sem sótt hefur dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, 10.000 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 23. maí 1991.

Nr. 215/1991. **Ákæruvaldið**
gegn
Stefáni Tyrfingssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald. 1. tl. 67. gr. l. 74/1974.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Hrafn Bragason og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 18. þ.m., sem barst Hæstarétti 21. þ.m.

Greinargerð hefur borist frá varnaraðila. Af hans hálfu er þess krafist, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldstíminn verði styttur.

Ríkissaksóknari krefst staðfestingar úrskurðarins.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð auk þeirra gagna, sem lágu fyrir héraðsdómara, endurrit yfirheyrslna rannsóknarlögreglu frá 18. þ.m. Þar segir frá því, að nafngreindur maður telur sig hafa staðið að umfangsmiklum innflutningi á hassi ásamt varnaraðila.

Samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 ber að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 18. maí 1991.

Ár 1991, laugardaginn 18. maí, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum að Hverfisgötu 115, Reykjavík, og þá af Ásgeiri Friðjónssyni upp kveðinn úrskurður þessi.

Málsatvik.

Lögreglan í Reykjavík rannsakaði um nokkurra mánaða skeið sl. haust ætlað stórfellt fíkniefnamisferli X og Stefáns Tyrfingssonar, kt. 070645-2709, auk fleiri aðila.

— — —

Stefán Tyrfingsson hefur með öllu neitað að hafa lagt fram fé til fíkniefnakaupa ytra né stuðlað að með nokkrum öðrum hætti, enda ekkert um slíkar ráðagerðir X né annarra vitað.

Lögregluyfirvöld í Reykjavík hafa vegna ofanritaðs og með vísan til 1. tölul. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 65, 1974, gert kröfu til, að Stefán Tyrfingsson verði í þágu rannsóknarhagsmuna úrskurðaður í gæsluvarðhald og allt að kl. 15.00 miðvikudag 19. næsta mánaðar.

Réttargæslumaður Stefáns hefur mótmælt, að krafa lögregluyfirvalda nái fram að ganga, en til vara krafist, að gæsluvarðhaldstími verði verulega styttur frá nefndri kröfugerð.

Réttargæslumaður heldur fram, að skjólstæðingur hans hafi í hvívetna og greiðlega svarað öllum spurningum til þessa bæði hjá lögreglu og hér fyrir dómi, en enginn þess utan við yfirheyrslur borið Stefán Tyrfingsson sökum.

Niðurstöður.

Verið er að rannsaka ætluð stórfelld brot gegn lögum nr. 65, 1974, og reglugerð nr. 16, 1986.

Samkvæmt ofanskráðu liggur fyrir játning X í því sambandi.

Víst verður að telja, að hver, sem sannur telst að þátttöku eða hlut að svo stórfelldu broti sem hér er til rannsóknar, hafi unnið til fangelsisrefsingar.

Þegar virtur er í heild með vísan til ofanritaðs kunningsskapur og samskipti X og Stefáns Tyrfingssonar fyrir, í og eftir ofangreinda utanför, verður ekki talið, að 65. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944 girði fyrir, að þeim síðarnefnda verði í þágu brýnna rannsóknarhagsmuna gert að sæta gæsluvarðhaldi.

Þykir með vísan til þess auk annars ofanritaðs eiga að verða við fram komnum kröfum lögregluyfirvalda í Reykjavík.

Ekki þykja nægar ástæður til að stytta gæsluvarðhald til samræmis við varakröfu réttargæslumanns, enda líklegt, að rannsókn máls þessa sé enn á frumstigi, en kunni að reynast umfangsmikil og tímafrek.

Samkvæmt því ákvarðast, að Stefán Tyrfingsson, kt. 070645-2709, til heimilis að Hæðarseli 15, Reykjavík, skuli sæta gæsluvarðhaldi frá kl. 16.05 að telja 17.5. 1991 og allt að kl. 15.00 miðvikudag 19. júní 1991.

Úrskurðarorð:

Stefán Tyrfingsson, kt. 070645-2709, til heimilis að Hæðarseli 15, Reykjavík, skal sæta gæsluvarðhaldi frá kl. 16.05 að telja 17.5. 1991 og allt að kl. 15.00 miðvikudag 19. júní 1991.

Fimmtudaginn 23. maí 1991.

Nr. 342/1989. **Aða hf.**
(Björgvin Þorsteinsson hrl.)
gegn
Kristjáni Karlssyni
(Ásgeir Thoroddsen hrl.).

Verksamningur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Hrafn Bragason og Valtýr Sigurðsson borgarfógeti.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. september 1989. Hann krefst sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrirsvarsmaður áfrýjanda fól stefnda að annast hönnun á umbúðum fyrir myndbönd og hljómbönd. Honum var ljóst, að stefndi gat ekki annast vinnslu á filmum, sem til prentunar þurfti. Reikningar, sem stefndi krefst greiðslu á, eru frá fyrirtæki því, sem hann fól það verk. Áfrýjandi tók við gögnum þeim, sem fyrirtæki þetta gerði, og hagnýtti sér við gerð umbúðanna. Er ósannað, að annmarkar hafi verið á gögnum þessum eða að endurgjald það, sem krafist er, sé bersýnilega ósanngjarnt. Samkvæmt því og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber áfrýjanda að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, 40.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Aða hf., greiði stefnda, Kristjáni Karlssyni, 40.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 13. júní 1989.

Mál þetta, sem dómtekið var 5. júní sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 15. desember 1988, af Kristjáni E. Karlssyni, teiknistofu, auglýsingagerð, kt. 170359-2329, Nýlendugötu 6, Reykjavík, gegn Öðu hf., kt. 570883-0381, Trönuhrauni 6, Hafnarfirði.

Dómkröfur.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnt fyrirtæki verði dæmt til þess að greiða stefnanda kr. 53.676 með 49,2% ársvöxtum frá 27. september 1988 til 1. október 1988, með 33.6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1988, með 27.6% ársvöxtum frá þeim degi til stefnubirtingardags, en með dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ, sem skal bera sömu vexti og að ofan greinir 15 dögum eftir dómsuppsögu til greiðsludags. Þess er jafnframt krafist, að dráttarvextir leggist bæði við höfuðstól dómkröfu og höfuðstól málskostnaðar á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 12 mánuðum eftir upphafsdag vaxta, allt í samræmi við 12. gr. síðastnefndra laga.

Af hálfu stefnda er krafist sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ auk lögmælts söluskatts.

Málsatvik, málsástæður og lagarök.

Stefnandi lýsir málavöxtum þannig, að stefnt fyrirtæki hafi falið stefnanda að annast fyrir sig vinnu við filmuvinnslu á umbúðum fyrir vídeóspólur, hljóðkassettur o.fl. Hafi verið unnið að þessu verki fyrir stefnt fyrirtæki, og að því loknu hafi stefnandi gert stefnda reikning nr. 29, dags. 27. september 1988. Nemi þar aðkeypt vinna hans frá Korpus skv. reikningum frá þeim (sic) kr. 53.676, sem sé stefnufjárhæðin. Gjalddagi í viðskiptum aðilanna skyldi vera dagsetning reiknings.

Stefnandi byggir kröfur sínar á almennum reglum kröfuréttar og samningaréttar um greiðslu fjárskuldbindinga.

Af hálfu stefnda er málavöxtum lýst þannig, að Jón Aðalsteinn Jónasson, forsvarsmaður stefnda, hafi í byrjun árs 1987 gert munnlegt samkomulag við stefnanda um það, að hann hannaði kápu (videocover) á umbúðir um videóspólur. Sérstök áhersla hafi verið lögð á það af hálfu þessa forsvarsmanns stefnda að fenginni reynslu hans af viðskiptum sem þessum, að stefnandi skyldi leita tilboða, þyrfti hann á aðkeyptri þjónustu að halda við verkið. Tilboðin skyldi stefnandi síðan bera undir forsvarsmanninn, sem tæki afstöðu til þeirra.

Í upphafi hafi verið um það rætt, að stefnandi skilaði verkinu af sér

fljótlega, enda ekki viðamikið. Um kostnað hafi ekki verið rætt að öðru leyti en að framan greini.

Reyndin hafi síðan orðið sú, að stefnandi hafi verið mjög lengi að ljúka verkinu, og því sé um miklar vanefndir hans að ræða, auk þess sem verkið varð mun dýrara en forsvarsmaður stefnda mátti búast við.

Stefnanda hafi verið greiddar kr. 181.047 fyrir verkið. Af hálfu stefnda hafi verið litið svo á, að um fullnaðargreiðslu væri að ræða, enda aldrei minnst á það af hálfu stefnanda, að um aðkeypta vinnu væri að ræða, sem framangreindar greiðslur hefðu þá ekki tekið til, og enda aldrei nein tilboð borin undir forsvarsmann stefnda.

Í byrjun október 1987 hafi stefndi fengið senda reikninga nr. 9113 og 9114 frá Korpus hf. vegna verks þessa. Hafi reikningum þessum verið mótmælt og stefnanda gerð sérstök grein fyrir því, að ekki yrði um frekari greiðslur að ræða vegna verksins. Ári síðar fái stefndi síðan reikning frá stefnanda, sem virðist að verulegu leyti byggja á tilvitnuðum reikningum frá Korpus hf., nema hvað þeir voru nú stílaðir á stefnanda og tilgreindur veittur afsláttur. Reikningi þessum hafi verið mótmælt með símtali.

Sýknukrafa stefnda byggist á því, að stefnda sé með öllu óskylt að greiða reikningana fyrir verk, sem hann hafi aldrei óskað eftir og féllst aldrei á. Sýknukrafan byggist og á því, að stefndi hafi mátt treysta því, að með framangreindum greiðslum til stefnanda hafi hann að fullu greitt fyrir verkið. Það sé ósanngjarnt, að stefnandi heimti meira endurgjald, þegar framangreint er haft í huga, svo og að teknu tilliti til vanefnda hans.

Af hálfu stefnda er vísað til meginreglna samninga- og kröfuréttar.

Niðurstaða.

Upplýst er í málinu, að stefndi fól stefnanda að annast fyrir sig hönnun á umbúðum um videóspólur og hljóðkassettur. Ágreiningur er hins vegar um það, hvort stefndi hafi jafnframt falið stefnanda að hafa umsjón með filmuvinnslu, en upplýst er, að stefnda var ljóst, að slíka filmuvinnslu gæti stefnandi ekki unnið sjálfur. Ekki var samið um fast verð fyrir verkið. Hefur stefndi greitt stefnanda fyrir verkið að undanskildum reikningi vegna vinnu við filmuvinnslu, sem stefnandi fól Korpus hf. að vinna og krefur nú stefnda um í máli þessu.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að stefnandi hafi enga heimild haft til þess að leita til Korpus hf. um filmuvinnsluna án hans samþykkis, en af hálfu stefnanda er því haldið fram, að honum hafi verið falið að annast hönnun og hafa umsjón með filmuvinnslu á umræddum umbúðum.

Ósannað er, að stefndi hafi falið stefnanda að annast filmuvinnslu fyrir sig. Hins vegar hefur komið fram, að stefndi tók við þeirri vinnu, er unnin var á vegum Korpus hf., og nýtti sér hana, og ber honum því að greiða

fyrir vinnuna. Af hálfu stefnda er því haldið fram, að hann hafi þurft að láta endurvinna filmuvinnuna að meira eða minna leyti, en telja verður þessa fullyrðingu stefnda ósannaða. Þá þykir ekki sýnt fram á, að verð það, sem krafist er fyrir vinnuna, sé ósanngjarnt.

Ber því með hliðsjón af framansögðu að taka til greina kröfur stefnanda á hendur stefnda í máli þessu.

Eftir úrslitum málsins ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 45.000, þar með talinn söluskattur.

Kristjana Jónsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Aða hf., greiði stefnanda, Kristjáni E. Karlssyni, kr. 53.676 með 49,2% ársvöxtum frá 27. september 1988 til 1. október 1988, með 33,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1988, með 27,6% ársvöxtum frá þeim degi til 15. desember 1988, en með dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags, og leggjast dráttarvextir við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 12 mánuðum eftir upphafsdag vaxta. Þá greiði stefndi, Aða hf., stefnanda, Kristjáni E. Karlssyni, kr. 45.000 í málskostnað, og ber málskostnaður dráttarvexti skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags, og leggjast dráttarvextir við málskostnaðarfjárhæð á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 12 mánuðum eftir upphafsdag vaxta.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 23. maí 1991.

Nr. 214/1989. **Ólafur Þ. Jónsson persónulega og f.h. einkafirma hans, Pizzahússins**
(Jóhann Þórðarson hrl.),
gegn
Maurantonio Pasquale
(Atli Gíslason hrl.).

Stefnubirting. Ómerking. Frávísun frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Hrafn Bragason og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 6. júní 1989 að fengnu áfrýjunarleyfi 2. sama mánaðar samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Hann gerir þær dómkröfur aðallega, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og málinu vísað frá héraðsdómi. Til vara krefst hann sýknu af kröfum stefnda og til þrautavara, að kröfur stefnda verði stórlega lækkaðar. Í öllum tilvikum krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi gerir þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda gert að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Mál þetta var flutt 21. og 22. þessa mánaðar um framkomna frávísunarkröfu, sbr. 48. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Mótmælti stefndi þá frávísunarkröfunni.

Áfrýjandi byggir frávísunarkröfu sína á því, að héraðsdómsstefna hafi ekki verið löglega birt. Stefndi telur, að birting stefnunnar sé í samræmi við 2. mgr. 96. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði.

Áfrýjandi, Ólafur Þ. Jónsson, rekur einkafirma sitt, Pizzahúsið, að Grensásvegi 10 í Reykjavík. Í birtingarvottorði stefnuvotta segir svo: „Árið 1988 föstudaginn 30.12. kl. 13.16 birtum við undirritaðir stefnuvottar Reykjavíkur þessa framanritaða stefnu á Ólaf Þ. Jónsson persónulega og f.h. Pizzahússins fyrir Ólöfu Jónsdóttur á vinnustað þeirra (sic) Grensásvegi 10 hér í borg, og afhentum henni

endurrit af stefnunni, sem hún lofaði að afhenda stefnda, er starfar í sama húsi, en var fjarverandi.“ Í vottorðinu eru ekki sögð frekari deili á Ólöfu. Fyrir Hæstarétt hefur verið lögð fram skilagrein áfrýjanda til Gjaldheimtunnar í Reykjavík um staðgreiðslu skatta í desember 1988 og janúar 1989. Af skilagrein þessari verður ekki ráðið, að kona að nafni Ólöf Jónsdóttir hafi starfað hjá áfrýjanda á þessu tímabili.

Hinn 14. maí 1990 var háð vitnamál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur. Í því máli kom fram, að áfrýjandi kannaðist ekki við Ólöfu Jónsdóttur og kvað hana aldrei hafa unnið fyrir sig. Hann kvaðst ekki hafa fengið stefnuna í hendur og ekki haft vitneskju um málshöfðunina, fyrr en honum var birtur dómur í málinu. Þá komu fyrir dóm í vitnamálinu tveir starfsmenn áfrýjanda, sem störfuðu hjá fyrirtækinu á þessu tímabili. Kannaðist hvorugur þeirra við Ólöfu Jónsdóttur.

Með vísan til þess, sem að framan er rakið, er sannað, að Ólöf Jónsdóttir starfaði ekki í þjónustu áfrýjanda á þeim tíma, er stefna var birt. Birting héraðsdómsstefnunnar var því ekki í samræmi við ákvæði 2. mgr. 96. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Ber því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð í héraði og vísa máli þessu frá héraðsdómi.

Dæma ber stefnda til að greiða áfrýjanda 25.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Stefndi, Maurantonio Pasquale, greiði áfrýjanda, Ólafi Þ. Jónssyni persónulega og f.h. Pizzahússins, 25.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. febrúar 1989.

Mál þetta, sem dómtekið var 24. janúar 1989, er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 30. desember 1980, af Maurantonio Pasquale, kt. 120663-8019, Iðufelli 19, Reykjavík, gegn Ólafi Þ. Jónssyni, kt., 130354-2899, Baldursgötu 18, Reykjavík, persónulega og fyrir hönd einkafirma

hans, Pizzahússins, kt. 600381-0329, Grensásvegi 10, Reykjavík, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 56.820, með 49,2% ársvöxtum af kr. 6.731 frá 12. desember 1987 til 1. janúar 1988, 51,6% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá þeim degi til 1. mars 1988, 45,6% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá þeim degi til 1. maí 1988, 44,4% ársvöxtum af kr. 56.820 frá þeim degi til 1. júlí 1988, með 52,8% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá þeim degi til 1. ágúst 1988, 56,4% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1988, 49,2% ársvöxtum frá þeim degi til 1. október 1988, 33,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1988, 27,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1988, 24% ársvöxtum frá þeim degi til þingfestingardags, en með dráttarvöxtum skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ og að málskostnaðurinn beri dráttarvexti skv. lögum nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Málavexti kveður stefnandi þá, að hann hafi unnið í veitingahúsi stefnda, Pizzahúsinu, og látið þar af störfum í samráði við starfsmann stefnanda og yfirmann sinn 11. desember 1987. Þá hafi stefnandi átt inni laun fyrir desember 1987, að fjárhæð kr. 36.731, en fengið greitt upp í þau kr. 30.000. Eftirstöðvar launa stefnanda séu því 6.731. Stefnandi hafi ekki fengið þessar eftirstöðvar greiddar þrátt fyrir innheimtutilraunir.

Auk þessa eigi stefnandi inni hjá stefnda ógreidd orlofslaun skv. launaseðli frá stefnanda (sic), en mun eiga að vera frá stefnda, dags. 2. maí 1988, að fjárhæð kr. 50.089. Launaseðill þessi hafi verið gefinn út, en orlofslaunin ekki greidd stefnanda.

Stefnandi sundurliðar kröfur sínar þannig:

Ógreidd laun í desember 1987	kr.	6.731
Ógreidd orlofslaun	kr.	50.089
Samtals	kr.	56.820

Málsástæður og lagarök kveður stefnandi aðallega vera þau, að stefndi hafi vanefnt bindandi vinnusamning við stefnanda með því að greiða honum ekki umsamin laun fyrir desembermánuð 1987. Enn fremur hafi stefndi ekki uppfyllt þá lagaskyldu að greiða 10,17% orlof ofan á heildarlaun fyrir orlofsárið 1987-1988. Að öðru leyti vísar stefnandi til meginreglna kröfu-, samninga- og vinnuréttar og laga nr. 87/1971 með síðari breytingum, en skv. þessum heimildum sé greiðsluskylda stefnda ótvíræð. Um dráttarvexti vísar stefnandi til laga nr. 25/1987.

Stefndi hefur hvorki sótt né látið sækja þing, og er honum þó löglega stefnt. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda, verða kröfur hans teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst kr. 14.900, þar með talinn söluskattur.
Dóminn kvað upp Unnur Gunnarsdóttir, ftr. yfirborgardómara.

Dómsorð:

Stefndi, Ólafur Þ. Jónsson vegna Pizzahússins, greiði stefnanda, Maurantonio Pasquale, kr. 56.820 með 49,2% ársvöxtum af kr. 6.731,00 frá 12. desember 1987 til 1. janúar 1988, 51,6% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá þeim degi til 1. mars 1988, 45,6% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá þeim degi til 1. maí 1988, 44,4% ársvöxtum af kr. 56.820 frá þeim degi til 1. júlí 1988, með 52,8% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá þeim degi til 1. ágúst 1988, 56,4% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1988, 49,2% ársvöxtum frá þeim degi til 1. október 1988, 33,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1988, 27,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1988, 24% ársvöxtum frá þeim degi til þingfestingardags, en með dráttarvöxtum skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 14.900 í málskostnað, sem beri að frádregnum söluskatti dráttarvexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 23. maí 1991.

Nr. 117/1988. **Þrotabú Fógetans h/f**
(Haraldur Blöndal hrl.)
gegn
Aðalbirni Steingrímssyni
(Guðný Höskuldsdóttir hrl.)
og Aðalbjörn Steingrímsson
(Guðný Höskuldsdóttir hrl.)
gegn
þrotabúi Fógetans h/f og
Sjóvá - Almennum tryggingum h/f
til réttargæslu
(Haraldur Blöndal hrl.).

Líkamsmeiðingar. Skaðabótamál. Gjafsókn. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason og Hjörtur Torfason, Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari, og Gunnlaugur Briem yfirsakadómari.

Fógetinn h/f skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 2. maí 1988.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 3. ágúst 1988 að fengnu áfrýjunarleyfi 14. júlí 1988 samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur, sem kveðinn var upp 30. desember 1988, var bú Fógetans h/f tekið til gjaldþrotaskipta. Hefur þrotabúið tekið við aðild málsins.

Aðaláfrýjandi gerir þær dómkröfur aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum gagnáfrýjanda, en til vara, að kröfur gagnáfrýjanda verði lækkaðar. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómkröfur gagnáfrýjanda er þessar:

Aðallega, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum 1.170.332 krónur með 22% ársvöxtum frá 17. maí 1985 til 1. mars 1986, með 12% frá þeim degi til 1. apríl 1986, með 9% frá þeim degi til 20. janúar 1987, með 10% frá þeim degi til 20. febrúar 1987,

með 11% frá þeim degi til 30. apríl 1987, með 12% frá þeim degi til 21. júní 1987, með 13% frá þeim degi til 11. júlí 1987, með 15% frá þeim degi til 21. september 1987, með 17% frá þeim degi til 11. október 1987, með 19% frá þeim degi til 1. nóvember 1987, með 20% frá þeim degi til 1. desember 1987, með 22% frá þeim degi til 26. janúar 1988, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Þá gerir gagnáfrýjandi kröfu til þess, að vextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 26. janúar 1989.

Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, er beri dráttarvexti auk 24,5% virðisaukaskatts, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Til vara er gerð sú dómkrafa, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti, er beri dráttarvexti auk 24,5% virðisaukaskatts eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Gagnáfrýjandi fékk gjafsókn í héraði með bréfum dómsmálaráðuneytisins 20. maí 1987 og 4. febrúar 1988 og gjafsókn og gjafvörn fyrir Hæstarétti með bréfi ráðuneytisins 19. júní 1989.

Í héraði stefndi gagnáfrýjandi Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f til að gæta réttar síns í málinu. Við flutning málsins fyrir Hæstarétti var því lýst yfir, að Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f hefði sameinast Sjóvá-Almennum tryggingum h/f, og tæki hið síðarnefnda við aðild réttargæslustefnda fyrir Hæstarétti. Engar kröfur hafa verið gerðar á hendur réttargæslustefnda, og hann hefur engar kröfur gert.

I.

Fógetinn h/f rak nefnt veitingahús á þeim tíma, er slysið varð. Var sala áfengis þáttur í rekstri veitingahússins.

Hinn 21. maí 1985 lagði gagnáfrýjandi fram kæru hjá rannsóknarlögreglu ríkisins á hendur dyravörðunum Gunnari Björgvinssyni og Valgeiri Rúnarssyni fyrir líkamsmeiðingar. Jafnframt gaf gagnáfrýjandi skýrslu um málsatvik.

Við lögregluranns6kn 24. til 31. maí 1985 voru teknar skýrslur af dyravörðunum tveim og Unni Björk Guðmundsdóttur, sem vann við framreiðslustörf í veitingahúsinu. Unnur Björk kvaðst hafa verið við vinnu inni í veitingasalnum nefnt kvöld, en hún hefði ekki veitt gagnáfrýjanda athygli fyrr en átök áttu sér stað. Þrátt fyrir

áskorun gagnáfrýjanda var Unnur Björk eigi leidd fyrir dóm til að gefa vitnaskýrslu í málinu. Þá fórst fyrir, að tekin væri vitnaskýrsla af hljóðfæraleikara, sem var að störfum í veitingahúsinu umrætt kvöld, en af frásögn gagnáfrýjanda má ætla, að hann kunni að hafa orðið vitni að hegðun hans og skiptum við dyraverði hússins. Dyraverðirnir eru því þeir einu af starfsmönnum veitingahússins, sem hafa tjáð sig um ónæði það, sem þeir telja, að gagnáfrýjandi hafi valdið í veitingahúsinu, en þeir hafa ekki staðfest fyrir dómi skýrslur sínar hjá rannsóknarlögreglu.

Vitnið Jón Sigurður Ólafsson, skólafélagi gagnáfrýjanda, sem ekki neytti áfengis þarna um kvöldið, hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að gagnáfrýjandi hafi öðru hverju verið við borðið, þar sem vitnið sat. Vitnið kveðst ekki vita til þess, að kvartað hafi verið yfir hegðun gagnáfrýjanda.

Vitnið Guðmundur Leifsson, sem einnig var skólafélagi gagnáfrýjanda, greinir svo frá fyrir dómi, að gagnáfrýjandi hafi komið í veitingahúsið um klukkan ellefu. Vitnið og félagar þess hafi setið við borð inni í horni. „Við vorum þar mestallt kvöldið. Hann kom þangað til okkar, og svo vorum við svona, eins og gengur og gerist, bara á staðnum, má segja.“ Aðspurt um hegðun gagnáfrýjanda sagði vitnið: „Það var ekkert óeðlilegt við hana. Við vorum þarna að skemmta okkur, og hann var ekkert óeðlilegur, ekki hegðunin, þannig lagað, hann var eins og við hinir.“ Vitnið varð þess ekki áskynja, að kvartað væri yfir hegðun gagnáfrýjanda.

II.

Fyrir Hæstarétti var því lýst yfir af hálfu aðaláfrýjanda, að eigi væri nú um það deilt, að meiðsli gagnáfrýjanda mætti eingöngu rekja til atvika þeirra, sem gerðust í veitingahúsinu Fógetanum hinn 17. maí 1985.

Af þeim, sem til frásagnar eru í málinu, eru dyraverðirnir einir um þá fullyrðingu, að hegðun gagnáfrýjanda hafi eigi verið með skaplegum hætti. Er ósannað gegn andmælum gagnáfrýjanda, að framkoma hans hafi verið slík, að réttmætt hafi verið að vísa honum á dyr og að nauðsyn hafi borið til, að dyraverðirnir beittu valdi til að framfylgja ákvörðun sinni um það. Verður að ætla, að meiðsli gagnáfrýjanda hafi hlotist af harðræði, er hann sætti af hálfu dyravarðanna. Þeir voru að störfum í þjónustu Fógetans h/f,

og ber því félagið fébótaábyrgð á framferði þeirra gagnvart gagnáfrýjanda og tjóni hans af völdum þess.

Ósannað er, að viðbrögð gagnáfrýjanda við valdbeitingu dyravarðanna hafi verið slík, að sakast verði við hann um það, hvernig til tókst. Eru því ekki næg efni til, að bótaréttur hans verði skertur vegna eigin sakar. Ber því að dæma aðaláfrýjanda til að bæta tjón gagnáfrýjanda að fullu.

Gagnáfrýjandi sundurliðar kröfu sína þannig:

1. Varanleg örorka	kr.	1.092.700
Frá dragast vegna skattfrelsis bóta	—	200.183
	kr.	892.517
Þar frá dragast 5% vegna hægræðis af eingreiðslu	—	44.626
	kr.	847.891
2. Tímabundin örorka	—	146.200
Frá dragast greidd laun	—	13.759
	kr.	132.441
3. Miskabætur	—	200.000
Samtals	kr.	1.170.332

Rétt þykir að taka kröfu gagnáfrýjanda um bætur fyrir varanlega örorku til greina með 750.000 krónum. Þá ber að taka annan kröfulið, að fjárhæð 132.441 króna, til greina að fullu. Miskabótakrafa gagnáfrýjanda þykir hæfilega metin 100.000 krónur.

Samkvæmt ofanskráðu ber aðaláfrýjanda að greiða gagnáfrýjanda samtals 982.441 krónu með vöxtum eins og í dómsorði greinir.

Svo sem fyrr greinir, hafði gagnáfrýjandi gjafsókn í héraði. Héraðsdómari dæmdi aðaláfrýjanda til greiðslu málskostnaðar, samtals að fjárhæð 130.000 krónur, án þess að tilgreina sérstaklega þóknun til talsmanns gjafsóknarhafa. Er það aðfinnsluvert, sbr. 3. tl. 173. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Þrátt fyrir þetta þykir rétt að staðfesta málskostnaðarákvæði héraðsdóms.

Eftir úrslitum málsins ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda 180.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti, er renni óskertur til skipaðs talsmanns hans, Guðnýjar Höskuldsdóttur hæstaréttarlögmanns, enda verður ekki séð, að ríkissjóður hafi greitt neinn kostnað af rekstri málsins fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, þrotabú Fógetans h/f, greiði gagnáfrýjanda, Aðalbirni Steingrímssyni, 982.441 krónu með 22% ársvöxtum frá 17. maí 1985 til 1. mars 1986, með 12% frá þeim degi til 1. apríl 1986, með 9% frá þeim degi til 21. janúar 1987, með 10% frá þeim degi til 21. febrúar 1987, með 11% frá þeim degi til 30. apríl 1987, með 12% frá þeim degi til 21. júní 1987, með 13% frá þeim degi til 11.júlí 1987, með 15% frá þeim degi til 21. september 1987, með 17% frá þeim degi til 11. október 1987, með 19% frá þeim degi til 1. nóvember 1987, með 20% frá þeim degi til 1. desember 1987, með 22% frá þeim degi til 1. mars 1988, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms á að vera óraskað.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda 180.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti, er renni til skipaðs talsmanns hans, Guðnýjar Höskuldsdóttur hæstaréttarlögmanns.

Sératkvæði
Hjartar Torfasonar hæstaréttardómara og Gunnlaugs Briem yfirsakadómara.

Þrátt fyrir ónógar upplýsingar um átök gagnáfrýjanda og dyravarða í veitingahúsinu Fógetanum umrætt sinn verður að telja ljóst, að gagnáfrýjandi hafi tregðast við að hverfa á brott úr veitingahúsinu og brugðist við af nokkurri hörku, þegar dyraverðirnir hugðust beita hann valdi. Hafi hann veitt þeim verulega mótspyrnu, er rekja megi til ölvunar hans, og átökin borist um veitingahúsið. Með tilliti til þessa teljum við rétt að fallast á það með héraðsdómara, að gagnáfrýjandi eigi sjálfur að bera 1/3 hluta tjóns af þeim meiðslum, er hann hlaut í átökunum. Að öðru leyti erum við samþykkir atkvæði meiri hluta dómenda.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 8. febrúar 1988.

1.0. Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi föstudaginn 5. febrúar sl., hefur Aðalbjörn Steingrímsson, nnr. 0024-

8126, Langeyrarvegi 11, Hafnarfirði, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 22. september 1987, á hendur veitingahúsinu Fógetanum hf., nnr. 2376-2200, Austurstræti 10, Reykjavík, og Sjóvátryggingafélagi Íslands hf., Suðurlandsbraut 4, Reykjavík, til réttargæslu.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnt fyrirtæki verði dæmt til að greiða honum skaðabætur, að fjárhæð kr. 1.500.000, með [nánar tilteknum vöxtum svo og málskostnað].

Ekki eru gerðar kröfur á réttargæslustefnda, Sjóvátryggingafélagi Íslands hf.

Dómkröfur stefnda, Fógetans hf., eru þær aðallega, að hann verði sýknaður, en til vara er þess krafist, að stefndi verði aðeins dæmdur til þess að greiða hluta hinnar umstefndu fjárhæðar. Þá krefst stefndi þess, að honum verði tildæmdur málskostnaður samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Engar kröfur eru gerðar af hálfu réttargæslustefnda.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

2.0. Stefnandi lýsir málsatvikum og málsástæðum svo, að hann hafi komið á veitingahúsið Fógetann um kl. 22.30 að kvöldi 17. maí 1985 til að fagna lokaáfanga í námi ásamt skólafélögum sínum, sem voru staddir þar fyrir. Segist stefnandi munu hafa farið upp á pall, þar sem skemmtikraftar (sic) hússins voru staðsettir (sic), og dyraverðir hússins hafi haft afskipti af honum vegna þess. Síðar hafi annar dyravörður stefnda aftur haft afskipti af stefnanda, án þess þó að nokkur augljós ástæða hafi virst vera fyrir hendi. Segir stefnandi, að annar muni hafa gripið til hans, en við það hafi komið til einhvers konar átaka á milli stefnanda og dyravarða, sem lauk með því, að annar dyravarðanna hafi gripið í stefnanda aftan frá og skellt honum í gólfið. Telur stefnandi, að hann hafi handleggsbrotnað um leið. Samkvæmt lýsingu sjónarvotts hafi stefnandi verið rólegur að sjá eftir þetta.

Stefnandi hafi yfirgefið veitingahús stefnda tæpri klukkustund síðar til að ná í leigubíl, en hafi komið síðan aftur og óskað eftir því, að pantaður yrði leigubíll, sem og hafi verið gert, og hafi hann síðan farið heim. Þar sem stefnandi hafi haft miklar kvalir í handleggnum, hafi hann strax um nóttina farið upp á slysadeild Borgarspítalans, þar sem læknir hafi gefið honum kvalastillandi sprautu og hafi beðið hann um að koma aftur kl. 10.00 um morguninn, þar sem röntgenmynd hafi verið tekin af handleggnum og í ljós hafi komið, að handleggurinn hafi verið brotinn. Handleggur stefnanda hafi verið settur í gifs, þar sem hann hafi brotnað um olnbogann.

Stefnandi hafi verið með gifs í 5 vikur og síðan í æfingum með handlegginn. Vegna aukinna óþæginda hafi orðið að gera aðgerð að nýju á olnbog-

anum. Í októberlok 1985 hafi pinni verið tekinn úr brotinu og losað um taugina, og hafi stefnandi verið talinn vinnufær um miðjan nóvember 1985.

Krafa hafi verið gerð á hendur stefnda um greiðslu skaðabóta, en henni hafi algerlega verið hafnað, og hafi því málsókn þessi verið nauðsynleg. Stefnandi segir, að frjáls ábyrgðartrygging hafi verið keypt hjá Sjóvátryggingafélagi Íslands hf. og sé því stefnt til réttargæslu.

3.0. Stefnandi segir, að kröfur hans séu um greiðslur bóta vegna fjárhagslegs og ófjárhagslegs tjóns, er stefnandi hafi orðið fyrir vegna afskipta starfsmanna stefnda aðfaranótt 17. maí 1985. Jón Erlingur Þorlákssson hafi reiknað út áætlað tekjutap stefnanda, sem hann hafi talið nema kr. 865.700 í maí 1986, en kr. 1.238.900 hinn 26. janúar 1988. Þá hafi verið gerð krafa um ófjárhagslegt tjón stefnanda, kr. 200.000. Vegna ófyrirséðrar hækkunar á tjóni stefnanda sé stefnt fyrir fjárhagstjóni, að fjárhæð kr. 1.300.000, þ.e. samtals vegna fjárhagslegs og ófjárhagslegs tjóns kr. 1.500.000, sem sé stefnufjárhæðin.

Stefnandi byggir kröfur sínar á almennu skaðabótreglunni og reglum skaðabótaréttarins um ábyrgð vinnuveitanda á skaðaverkum starfsmanna sinna á tjóni, er þeir valda með ásetningi eða gáleysi við störf sín. Stefnandi telur stefnda bera ábyrgð á tjóni sínu, þar sem það var starfsmaður hans, sem áverkanum olli, og því beri stefndi fébótaábyrgð á tjóni hans. Þá byggir stefnandi kröfur sínar um miskabætur, þ.e. bætur fyrir ófjárhagslegt tjón, á 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þá vísar stefnandi til almennra reglna og dómafordæma. Um heimild til að stefna fyrir mun hærri fjárhæð en kröfufjárhæð vísar hann til 45. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands, þar sem fjárhagstjón stefnanda komi til með að hækka undir rekstri málsins, og geti stefnandi því komið að hækkun fjárhæðar án þess að fá til þess sérstakt leyfi eða að þurfa að framhaldsstefna á síðari stigum fyrir héraðsdómi eða Hæstarétti, ef til kæmi. Um málskostnað vísar stefnandi til 177. gr. og 185. gr. laga nr. 85/1936.

4.0. Stefndi segir málavexti vera þá, að föstudagskvöldið 17. maí 1985 hafi stefnandi komið inn á veitingahúsið Fógetann, sem sé eign stefnda. Hafi stefnandi verið að fagna námsáfanga. Er inn á Fógeta kom, hafi hann farið í innri sal og að borði, sem var fast upp að palli, þar sem hljóðfæraleikarar skemmta gestum. Stefnandi hafi farið upp á pallinn og hafi að eigin sögn verið að tala við pianóleikara. Hafi þetta valdið truflun og hafi orðið til þess, að annar dyravarða hússins, Gunnar Björgvinsson, hafi beðið stefnanda að fara ofan af pallinum, og hafi það tekist eftir nokkurt þóf. Gunnari virtist maðurinn ekki eiga sæti við neitt ákveðið borð, og styðjist það við frásögn stefnanda, sem segi, að fyrir á Fógetanum hafi verið félagar

sínir og kennarar, sem hafi komið fyrr og borðað. Gunnar dyravörður segir í skýrslu sinni, að stefnandi hafi verið með leiðindi og verið talsvert æstur, m.a. hafi hann tekið blússu píanóleikarans og fleygt henni á borð kunningja sinna.

Gunnar dyravörður hafi varað hinn dyravörðinn, Valgeir Rúnarsson, við og beðið hann að hafa auga með stefnanda. Segir Valgeir í skýrslu hjá lögreglu, að stefnandi hafi verið mjög drukkinn. Hafi Valgeir sagst hafa orðið að hafa afskipti af stefnanda, skömmu eftir að Gunnar hafi rekið hann ofan af sviðinu, en í þriðja sinnið hafi stefnandi verið orðinn til hreinna leiðinda, og hafi Valgeir þá beðið hann að yfirgefa húsið. Stefnandi hafi mótmælt þessu. Hafi þá Gunnar komið að og Valgeir farið að dyrunum, en Gunnar hafi reynt að fá stefnanda til þess að fara út með góðu, og hafi stefnandi fallist á það. Hafi hann gengið að útidyrum, en er stefnandi hafi komið að Valgeiri, hafi hann ráðist að honum og lamið til hans. Gunnar segist þá hafa komið aftan að stefnanda og haldið höndum hans niður með síðum. Valgeir hafi þá haldið um hægri hönd mannsins um handarbak og reynt að losa tak stefnanda á sér, en hann muni hafa gripið til Valgeirs, eftir að hann sló til hans. Gunnar hafi haldið um þá vinstri. Saman hafi dyraverðirnir reynt að róa stefnanda, en hann hafi brotist um, og hafi orðið nokkrar stimpingar. Hafi þær endað með því, að leikurinn hafi borist inn í sal, að sögn vitnisins Unnar Bjarkar Guðmundsdóttur, og hafi glös fallið af borðum. Hafi þeir fallið, Gunnar og stefnandi, um síðir á vinstri hlið á gólfið, en þá muni Valgeir hafa sleppt tökum sínum. Unnur Björk segi, að stefnandi og Gunnar hafi staðið fljótlega upp, og hafi stefnandi þá verið orðinn rólegur. Í framhaldi af þessu hafi stefnandi yfirgefið húsið, en nokkru seinna hafi hann komið og beðið dyraverðina að hringja fyrir sig á leigubifreið, og hafi dyraverðirnir gert það. Stefnandi hafi þá kvartað um það, að sér væri illt í hendinni.

Stefnandi hafi farið heim til sín, en farið síðar um nóttina á slysadeild Borgarspítalans, og hafi hann þá verið brotinn á hægri olnboga. Gert hafi verið að brotinu, og hafi virst nást mjög góð og stöðug brotlega. Hafi stefnandi verið settur í gifs, og eftir hefðbundinn 5 vikna gifstíma hafi verið farið að æfa upp hreyfiferil olnbogans.

Um haustið hafi verið ákveðið að gera nýja aðgerð á stefnanda vegna verulegra óþæginda, er hafi verið „að hluta frá teininum og vírunum, sem notaðir voru til þess að festa brotið, og að hluta vegna þrýstings á nærliggjandi taug", eins og segi í læknisvottorði Brynjólfs Mogensens, dr. med. Endanlegt eftirlit hafi farið fram í janúar 1986, og „leið stefnanda þá ágætlega í handleggnum, en hann þreyttist þó mikið, ef hann reyndi að smíða, þó að það hyrfi, er hann hvíldi sig", eins og segi í sama læknisvottorði.

5.0. Í greinargerð stefnda segir, að stefnandi hafi verið metinn til örorku, og sé matið talið 100% í þrjá mánuði frá slysdegi, 50% í einn mánuð og eftir það varanleg örorka 10%. Af atvikum sé ljóst, að stefnandi eigi sjálfur sök á meiðslum sínum. Hann hafi sannanlega verið ölvaður, hann viðurkenni m.a. að hafa farið upp á hljómsveitarpall að tala við þann, sem þar hafi verið að spila fyrir gesti. Síðan hafi hann haldið leiðindum sínum áfram, og hafi orðið að vísa honum á dyr. Þá hafi hann ráðist að dyraverðinum, og hafi dyraverðirnir orðið að beita stefnanda valdi til þess að róa hann, og endi leikurinn með því, að stefnandi og annar dyravörðurinn falli í gólfið. Þá fyrst róist stefnandi. Starfsmenn stefnda hafi ekkert annað gert en rækja störf sín með því að stöðva stefnanda og í því að verjast árás hans á annan dyravörðinn. Ef meiðsli stefnanda séu vegna átaka hans við dyraverðina, geti hann sjálfum sér um kennt og eigi að bera sjálfur sitt tjón.

Ef ekki sé fallist á að sýkna stefnda algerlega af kröfum stefnanda, beri með vísan til atvika að skipta sök og leggja meiri hluta sakar á stefnanda. Þá er því enn haldið fram, að tjón stefnanda verði ekki eingöngu rakið til þeirra atburða, er urðu í veitingahúsi stefnda. Að eigin sögn stefnanda verði átökin um kl. 23.00. Stefnandi fari heim til sín um kl. 0.40, en fari ekki á slysavarðstofu fyrr en kl. 3.00. Stefnandi hafi verið drukkinn þennan tíma, og hafi brotið getað átt sér stað á þessum tíma eða versnað vegna ónógrar hirðu stefnanda. Enn fremur virðist upphafleg meðferð slysadeildar Borgarspítala hafa mistekist að einhverju leyti, a.m.k. sé talið nauðsynlegt að gera aðra aðgerð á olnboga stefnanda.

Stefndi mótmælir kröfugerð stefnanda. Hann efast ekki um, að örorka stefnanda sé út af fyrir sig rétt metin eftir tíðkanlegum aðferðum. Því sé hins vegar mótmælt, að hin læknisfræðilega örorka hafi skert aflahæfi stefnanda í þeim mæli, er hlutfallstala örorkumatsins segi. Stefndi segir, að við ákvörðun skaðabóta vegna fjárhagstjóns af varanlegri örorku sé tekið tillit til skattfrelsis bóta og hagræðis af eingreiðslu. Við þá breytingu skattheimtu og skattstiga, sem felist í staðgreiðslukerfi, virðist einsýnt, að staðgreiðsluskattur komi óskertur til frádráttar og nemi um 35%. Auk þess komi til álita hagræði af eingreiðslu, og virðast ekki efni til að meta það minna en 10% til viðbótar.

Um vexti segir stefndi, að tekið skuli fram, að eðlilegt sé að dæma þá jafnháa og með sama hætti og þeim sé beitt við ákvörðun eingreiðsluverðmætis skaðabóta vegna örorkutjóns, ef til komi. Ekki standi efni til að greiða dráttarvexti í máli þessu, og verði vaxtalögum ekki beitt, enda síðar sett en atvik gerðust. Kröfu um, að vextir bætist við höfuðstól einu sinni á ári, sé andmælt og bent á, að við gerð líkindareiknings séu notaðir einfaldir vextir, og sé út í hött að beita samsettum vöxtum (vaxtavöxtum) í

sömu andrá. Raunar virðist rétt að endurskoða allan vaxtagrundvöll örorkutjónsútreikninga eftir gildistöku nýju vaxtalaganna, þar sem gert sé ráð fyrir því sem aðalreglu, að vextir séu samsettir, en til þessa hafi ekki verið gert ráð fyrir því.

Þá mótmælir stefndi miskabótakröfu sem allt of hárri og í ósamræmi við dómvenju. Taka beri jafnframt tillit til þess við ákvörðun miskabóta, að stefnandi hafi sjálfur átt upptökin að átökunum.

Stefndi segir, að við ákvörðun vaxta af miskabótakröfu virðist eðlilegt að reikna vexti eins og um sé að ræða fjárhagstjón, ef miskinn sé reiknaður á verðlagi slysdags. Ef hins vegar miski sé reiknaður á verðlagi við uppsögu dóms, sem virðist á margan hátt eðlilegra, þar sem meta verður miskann af mörgu, er gerist eftir slysdag, m.a. áhrifum slyss á hugarfar hins slasaða, hvernig meiðslin hafi verið, hvort læknisaðgerðir og sjúkdómslega hafi verið sársaukafullar og hvort hinn slasaði beri lýti eftir, þá ætti ekki að dæma vexti nema frá lokum aðfararfrests eða uppsögu dóms, en ella ekki nema grunnvexti, þar sem höfuðstóllinn hafi notið fullrar verðtryggingar.

Fyrir dóminn kom stefnandi málsins, Aðalbjörn Steingrímsson, og gaf skýrslu. Einnig gáfu skýrslu fyrir dómi vitnin Jón Sigurður Ólafsson húsasmiður, nnr. 5173-8632, Unnarbraut 32, Seltjarnarnesi, og Guðmundur Leifsson húsasmíðameistari, nnr. 3090-5334, Háukinn 10, Hafnarfirði.

6.0. Samkvæmt gögnum málsins benda allar líkur til, að meginorsök tjóns þess, sem um er deilt í málinu, sé að rekja til handalögmála þeirra, er áttu sér stað á veitingahúsinu Fógetanum að kvöldi 17. maí 1985. Eins og atvikum máls þessa er háttað, þykir mega rekja orsök á tjóni stefnanda til framgangs dyravarða veitingahússins umrætt sinn. Þótt ljóst sé, að stefnandi hafi haft uppi uppivöðslusemi eða ágengni, svo að nauðsyn bar til að hafa hemil á honum, var svo harður framgangur dyravarða sem raun varð á og til beinbrots leiddi ekki réttlætanlegur.

Ekki er um það deilt, að dyraverðir hússins voru, þegar þessi atvik áttu sér stað, starfsmenn stefnda, Fógetans hf. Bar stefndi því ábyrgð á verkum þessara starfsmanna sinna eftir reglum skaðabótaréttarins um ábyrgð vinnuveitanda á skaðaverkum starfsmanna sinna á tjóni, er þeir valda við störf sín með ólögmætum og saknæmum hætti.

Þegar framangreint er virt og eins og atvikum máls þessa er háttað, verður að fallast á það með stefnanda, að stefndi beri fébótaábyrgð á tjóni því, sem stefnandi telur sig hafa orðið fyrir.

Jafnframt virðist ljóst, að stefnandi hafi umrætt kvöld sýnt nokkurn mótþróa og mótspyrnu, enda virðist leikurinn hafa borist um húsakynnin og endað með sameiginlegri byltu hans og annars dyravarðanna. Þeir þættir í atburðarásinni á veitingahúsinu, er varða framkomu stefnanda, þykja því

þannig vaxnir, að þeir réttlæti lækkun fébóta til hans, og beri hann því ⅓ hluta tjónsins sjálfur, en stefndi bæti honum það að ⅔ hlutum.

Þegar framangreint er virt og metið er hagræði af eingreiðslu og skattfrelsi, telur dómurinn með hliðsjón af gögnum málsins, að bætur fyrir fjárhagstjón og miska, sem stefnandi hefur orðið fyrir, séu hæfilega metnar á kr. 600.000.

Þá ber að dæma vexti í samræmi við kröfugerð stefnanda, svo sem nánar greinir í dómsorði. Krafan ber þó ekki dráttarvexti fyrr en 1. mars 1988, sbr. 15. gr. vaxtalaga nr. 25/1987. Dráttarvextir bætist við höfuðstól skuldar á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. mars 1989, sbr. 12. gr. sömu laga.

Eftir þessum úrslitum málsins þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 130.000, þ.m.t. söluskattur.

Jón L.Arnalds borgardómrai kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Fógetinn hf., greiði stefnanda, Aðalbirni Steingrímssyni, kr. 600.000 með 22% ársvöxtum frá 17. maí 1985 til 1. mars 1986, með 12% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl 1986, með 9% ársvöxtum frá þeim degi til 20. janúar 1987, með 10% ársvöxtum frá þeim degi til 20. febrúar 1987, með 11% ársvöxtum frá þeim degi til 30. apríl 1987, með 12% ársvöxtum frá þeim degi til 21. júní 1987, með 13% ársvöxtum frá þeim degi til 11. júlí 1987, með 15% ársvöxtum frá þeim degi til 21. september 1987, með 17% ársvöxtum frá þeim degi til 11. október 1987, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1987, með 20% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1987, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1988, en með vöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25, 27. mars 1987, frá þeim degi til greiðsludags og kr. 130.000 í málskostnað, þ.m.t. söluskattur.

Dráttarvextir bætist við höfuðstól skuldar á 12 mánaða fresti í frysta sinn 1. mars 1989.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 28. maí 1991.

Nr. 27/1991. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Guðmundi Rúnari Sveinssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Svik. Vátrygging.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Hrafn Bragason og Valtýr Sigurðsson borgarfógeti.

Héraðsdómi var skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 19. desember 1990, en einnig af hálfu ákæruvaldsins til þyngingar refsingar. Aðrir ákærðu í héraði vildu una dómi.

Af hálfu ákærða er þess krafist, að refsing verði lækkuð.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, að því er varðar ákærða, Guðmund Rúnar Sveinsson.

Ákærði skal greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og nánar greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Ákærði, Guðmundur Rúnar Sveinsson, greiði allan áfrýjunarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 8. nóvember 1990.

Ár 1990, fimmtudaginn 8. nóvember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 593-596/1990: Ákæruvaldið gegn Guðmundi Rúnari Sveinssyni, X, Y og Z, sem tekið er til dóms samdægurs.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 18. f.m., á hendur ákærðu, Guðmundi Rúnari Sveinssyni, áður að Baldursgötu 3 í Reykjavík, nú að Fjarðarvegi 29, Þórshöfn á Langanesi, fæddum 11. janúar 1965 í Hafnarfirði, X, Y og Z.

Í ákærunni segir, að málið sé höfðað á hendur ákærðu „fyrir vátryggingasvik sem hér greinir:

I. Ákærðu Guðmundi Rúnari og X er gefið að sök að hafa í júní 1990 sammælst um að útbúa tjónstilkynningu um árekstur bifreiðanna G-23117, sem er Nissan 1983, og DF-854, sem er Peugeot 1974, gagngert í því skyni að svíkja út tryggingabætur, en atburður þessi er sagður hafa orðið á horni Hringbrautar og Öldugötu í Hafnarfirði 1. júlí 1990, en átti sér aldrei stað. Með þessum hætti tókst X að svíkja kr. 100.000 í vátryggingabætur fyrir tjón á bifreið sinni, G-23117, frá Vátryggingafélagi Íslands hf., Ármúla 3, Reykjavík, en tjónið hafði orðið, er Guðmundur Rúnar ók bifreiðinni á vatnshana slökkviliðs, sem stóð við Dalshraun í Hafnarfirði, fyrri hluta júní 1990.

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

II. Ákærðu Y og Z er gefin að sök hlutdeild í ofangreindum tryggingasvikum með því að hafa undirritað tjónstilkynninguna sem ökumenn að beiðni ákærða Guðmundar Rúnars, og ákærða Y einnig fyrir að hafa skrifað allt varðandi ökutækið DF-854 á tilkynninguna og farið með tjónstilkynninguna á skrifstofu Vátryggingafélags Íslands hf. í Hamraborg, Kópavogi.

Telst þetta varða við 248. gr., sbr. 1. mgr. 22. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar".

Málavextir.

Með bréfi, dagsettu 23. júlí 1990, óskaði Vátryggingafélag Íslands hf. eftir því við rannsóknarlögreglu ríkisins, að fram færi rannsókn á því, hvort árekstur bifreiðanna DF-854, Peugeot, árgerð 1974, og G-23117, Nissan, árgerð 1983, hefði átt sér stað á horni Hringbrautar og Öldugötu í Hafnarfirði hinn 1. júlí sl., en félaginu hafði borist tilkynning um, að svo hefði verið. Jafnframt hafði félaginu borist vitneskja um, að bifreiðin G-23117 hefði áður laskast í árekstri við vatnshana og því væri ekki allt með felldu með tjónstilkynninguna, en samkvæmt henni dæmdist bifreiðin DF-854 í órétti.

Verður nú gerð grein fyrir niðurstöðum rannsóknarinnar og þá byggt á framburði ákærðu hjá rannsóknarlögreglu og fyrir dómi, en ákærðu hafa allir viðurkennt að eiga hlut að því, sem mál þetta fjallar um, og á þann veg, sem lýst er í ákærunni.

Ákærði Guðmundur Rúnar Sveinsson fékk í vikunni eftir sl. hvítasunnu, þ.e. fyrri hluta júní, lánaða bifreiðina G-23117 hjá eiganda hennar, ákærða X, til þess að sækja varahluti í bifreið sína, sem var biluð. Í umræddri

ferð ók ákærði Guðmundur Rúnar á vatnshana slökkviliðs við Dalshraun í Hafnarfirði, og skemmdist bifreiðin mikið og var talin ónýt.

Ákærði X krafði nú ákærða Guðmund Rúnar um greiðslu fyrir bifreiðina, en hann átti ekki fé til þess að greiða fyrir hana. Um tveim vikum eftir óhappið kom upp sú hugmynd að skrifa tjónstilkynningu, þar sem tilgreindur væri árekstur á milli tveggja bifreiða og fá þannig andvirði bifreiðarinnar G-23117 greitt út úr tryggingunum. Ákærði X kveðst ekki hafa viljað taka þátt í þessu, en eftir samtal þeirra um þetta hefði hann bent ákærða Guðmundi Rúnari á Peugeot-bifreið, sem hann gæti keypt fyrir lítið fé til þess að sviðsetja árekstur. Ákærði X kannast ekki við að hafa átt hugmyndina að svikunum, en því hélt ákærði Guðmundur Rúnar fram. Við samprófun þeirra hélt ákærði X fast við sinn framburð um þetta, en ákærði Guðmundur Rúnar taldi þetta hafa komið af sjálfu sér.

Ákærði Guðmundur Rúnar keypti bifreiðina DF-854 á bifreiðapartasölu í Garðabæ, sem ákærði X var í samstarfi við, og greiddi fyrir bifreiðina 5.000 krónur.

Eftir að ákærði Guðmundur Rúnar hafði keypt bifreiðina, fékk hann ákærða Y til þess að gefa sér leyfi til þess að skrá hana á hans nafn, en ákærði Y tryggði bifreiðina hjá Vátryggingafélagi Íslands hinn 15. júní sl.

Að nokkrum dögum liðnum kom ákærði Guðmundur Rúnar með Peugeot-bifreiðina DF-854 að Stórhöfða við Krýsuvíkurveg. Ók ákærði X síðan bifreiðinni G-23117 á bifreiðina DF-854, kyrrstæða og mannlausa. Var árekstur settur á svið til þess, að samræmi væri í skemmdunum á bifreiðunum.

Eftir að árekstur hafði verið settur á svið, leitaði ákærði Guðmundur Rúnar til ákærðu Z og áðurgreinds Y og bað þá að skrifa á tjónstilkynninguna fyrir sig og sagði þeim, hvernig hlutunum væri farið. Ákærðu Z og Y undirrituðu síðan tilkynninguna sem ökumenn, hinn fyrrnefndi sem ökumaður bifreiðarinnar G-23117, en ákærði Y sem ökumaður DF-854.

Ákærði Y fór síðan með tilkynninguna til Vátryggingafélags Íslands hf. Í henni er gerð grein fyrir árekstrinum, eins og í ákæru greinir. Þegar Guðmundur Rúnar vissi, að tilkynningin um áreksturinn væri komin til félagsins, sagði hann ákærða X frá því. Leitaði hann þá til tryggingafélagsins, og eftir að bifreiðin G-23117 hafði verið skoðuð, voru ákærða X boðnar 280.000 krónur fyrir bifreiðina, og af þeirri fjárhæð fékk hann fyrir fram 100.000 krónur til þess að greiða áfallin gjöld af bifreiðinni og skyldi fá afganginn að því frágengnu. En áður en til þess kæmi, kom upp grunur um svik þessi, og leiddi það til þess, að félagið greiddi ákærða ekki frekar.

Áður en ákærðu Y og Z undirrituðu tilkynninguna, hafði hinn fyrrnefndi

fyllt hana út, að því er varðaði bifreiðina DF-854, og um aðdragandann að tjónsatburðinum, en ákærði Z hafði fyllt út hluta af upplýsingum vegna bifreiðarinnar G-23117. En fremur telur ákærði Guðmundur Rúnar mögulegt, að hann hafi líka fyllt út eitthvað varðandi þá bifreið.

Niðurstaða.

Með játningum ákærðu, sem eru í samræmi við annað, sem fram er komið í málinu, er sannað, að ákærðu hafa gerst sekir um það, sem þeim er gefið að sök í ákærunni og þar er rétt fært til refsiákvæða.

Sakaferill ákærðu.

Samkvæmt vottorðum frá sakaskrá ríkisins hafa ákærðu sætt refsingum sem hér segir:

[Ákærði Guðmundur Rúnar Sveinsson hefur átta sinnum sæst á sektargreiðslu fyrir ýmis brot og þrisvar sætt refsidómum fyrir þjófnaðarbrot, síðast 22. apríl 1987 (3 mánaða fangelsi, skilorðsbundið 3 ár).]

— — —

Refsingar.

Refsing ákærðu Guðmundar Rúnars og X þykir hæfilega ákveðin fyrir hvorn um sig fangelsi í 4 mánuði, og er þá höfð hliðsjón af sakaferli þeirra svo og 78. gr. alm. hgl., að því er snertir ákærða X.

— — —

Skaðabætur.

Vátryggingafélag Íslands hf. krefst 100.000 króna í bætur úr hendi annarra ákærðu en Guðmundar Rúnars. Hefur ákærði X samþykkt kröfuna, en hinir tveir mótmæla henni, þar sem þeir hafi ekki notið ávinnings af brotinu.

Krafa Vátryggingafélags Íslands hf. er réttmæt, og þar sem ákærðu áttu allir þrír hlut að hinni refsiverðu háttsemi, ber að dæma þá til þess að greiða kröfuna óskipt.

Sakarkostnaður.

Loks ber að dæma ákærðu samkvæmt 2. mgr. 142. gr. laga nr. 74, 1974, um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað óskipt.

Dómsorð:

Ákærðu Guðmundur Rúnar Sveinsson og X sæti hvor um sig fangelsi í 4 mánuði.

Ákærði Y sæti fangelsi í 3 mánuði.

Ákærði Z sæti fangelsi í 2 mánuði, en fresta skal fullnustu refsingar hans, og niður skal hún falla að 2 árum liðnum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærðu X, Y og Z greiði óskipt Vátryggingafélagi Íslands hf. 100.000 krónur í bætur.

Ákærðu greiði allan sakarkostnað óskipt.

Þriðjudaginn 28. maí 1991.

Nr. 170/1991. **Vilhjálmur Árnason**
gegn
Bjarna Jónassyni.

Kærumál. Vitni. Skjöl.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Hrafn Bragason og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 3. apríl 1991. Kæra þessi er heimil samkvæmt c-lið 1. tl. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Gögn málsins bárust Hæstarétti 18. apríl 1991.

Kröfur sóknaraðila eru þær, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og að vísað verði frá héraðsdómi kröfu varnaraðila á hendur Brynjari Eiríkssyni um framlagningu skjals. Þá er krafist málskostnaðar í þessum þætti málsins í héraði og kærumálskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Frá varnaraðila hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Fram er komið, að héraðsdómari hefur gert Brynjari Eiríkssyni kost á að láta kærumál þetta til sín taka, en óskar ekki eftir því.

Mál þetta hefur varnaraðili höfðað sem einkarefsimál til ómerkingar ummæla, sem hann telur nafngreinda menn hafa haft um sig við nánar tilgreind tækifæri. Hefur hann nefnt til vitnisburðar nafngreint fólk um málsatvik.

Varnaraðili hefur krafist þess, að vitninu Brynjari Eiríkssyni sálfræðingi verði gert skylt að leggja fram skýrslu, sem hann samdi ásamt öðrum og um ræðir í hinum kærða úrskurði. Varnaraðili telur, að skýrsla þessi hafi sönnunargildi í málinu. Vitnið kveður skýrslu þessa hafa verið samda fyrir tiltekna aðila sem trúnaðarmál.

Varnaraðili á rétt á að fá úr því skorið, hvort efni skjals þessa hafi þýðingu fyrir úrlausn málsins og hvort aðstæður að öðru leyti séu slíkar, að vitninu verði gert skylt að leggja það fram, sbr. 148. og 149. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Ber því að staðfesta niðurstöðu hins kærða úrskurðar.

Málskostnaðarkröfu sóknaraðila er hafnað.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður bæjarþings Vestmannaeyja 22. mars 1991.

I.

Dómkröfur.

Mál þetta, sem er einkarefsimál, höfðað hér fyrir bæjarþinginu af Bjarna Jónassyni, kt. 041037-4909, Brekkugötu 1, Vestmannaeyjum, með stefnu, birtri 11. júní 1990, á hendur Vilhjálmi Árnasyni, kt. 190221-3329, Vestmannabraut 65 a, Vestmannaeyjum, var í gær tekið til úrskurðar í samræmi við 1. mgr. 190. gr. laga 85/1936 að undangengnum munnlegum málflutningi vegna fram kominnar frávísunarkröfu á tilteknum þætti málsins.

Dómkröfur málsaðila í þessum þætti málsins eru sem hér greinir:

Stefndi, sem er sóknaraðili í þessum þætti málsins, gerir eftirfarandi dómkröfu:

„Að vísað verði frá dómi kröfu stefnanda á hendur Brynjari Eiríkssyni um framlagningu skjals.

Stefnandi, sem er varnaðili í þessum þætti málsins, gerir hér eftirfarandi dómkröfur:

„Aðalkrafa: „Að frávísunarkröfu stefnda verði hrundið og að krafa mín samkvæmt dskj. 3, bls. 4, nái fram að ganga um, að Brynjar Eiríksson verði skyldaður með úrskurði að leggja fram skýrslur þær, er hann og Anna Karín Júlíussen eru höfundar að og eru dags. 15. júlí 1987 og 6. október 1987, að því leyti, sem þær varða mig."

Varakrafa: „Til vara er þess krafist, að nefndur Brynjar Eiríksson verði skyldaður með úrskurði að leggja fram þann hluta skýrslnanna, þar sem umstefnd ummæli koma fyrir."

Bæði stefndi og stefnandi krefjast málskostnaðar úr hendi hins, og krefst stefndi, að á málskostnað verði dæmdir dráttarvextir skv. vaxtalögum nr. 25/1987 frá 15. degi eftir uppsögu úrskurðar til greiðsludags, en stefnandi, að á málskostnað leggist aukaálag skv. 4. tl. 177. gr. laga 85/1936.

Dómkröfur stefnanda samkvæmt stefnu og stefnda skv. greinargerð eru aftur á móti eftirfarandi:

Í stefnu, sem þingfest var 14. júní sl., krefst stefnandi, að stefndi verði dæmdur til refsingar og að átalin ummæli, er stefnandi tilgreinir í 1. til 4. tl. I. kafla stefnunnar þannig: „Ég skal sjá til þess, að þér verði sparkað út.“ „Bjarni er geðveikur.“ „Ég hef unnið að því að bola honum úr starfi.“ „Hann er, sko - geðveikur maðurinn,“ verði dæmd dauð og ómerk, þ.e. þrjú (sic) síðasttöldu ummælin, og að stefndi verði dæmdur til greiðslu kostnaðar vegna birtingar dóms o.fl. Þá krefst stefnandi þess, að stefndi greiði sér miskabætur, og krefst loks málskostnaðar úr hendi stefnda sér til handa.

Stefndi, sem skilaði greinargerð í málinu 28. júní sl., krafðist þess, að hann yrði sýknaður af öllum kröfum stefnanda í málinu.

II.

Málsmeðferð og málsatvik.

Dómarinn fékk mál þetta til meðferðar í september sl. að afloknu réttarhléi, og boðaði dómarinn til þinghalds samkvæmt 1. mgr. 110. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 1. mgr. 15. gr. laga nr. 54/1988, hinn 28. febrúar sl. Í tilkynningu til stefnanda um þinghaldið, dskj. 18, segir m.a.: ..... „Í samræmi við tilvitnaða lagagrein mun dómarinn í þinghaldi þessu leita sátta með aðilum og taka við skriflegum gögnum, er málið snerta og ekki hefur áður verið tilefni til fyrir aðila að leggja fram í málinu. Sérstaklega verður fjallað um áskorun yðar um framlagningu á tilteknu skjali.“ Í þinghaldinu var lagt fram sem dskj. 20 bréf dómarans til Brynjars Eiríkssonar, dagsett 25. febrúar sl., og er svohljóðandi:

„Eins og yður er kunnugt, hefur Bjarni Jónasson, Brekkugötu 1, Vestmannaeyjum, höfðað einkarefsimál fyrir bæjarþingi Vestmannaeyja á hendur Vilhjálmi Árnasyni, Vestmannabraut 65 a, Vestmannaeyjum. Stefnandi, Bjarni, telur, að stefndi, Vilhjálmur, hafi viðhaft meiðandi ummæli um sig, en til þess að hann geti komið fram rétti sínum á hendur stefnda, telur hann sig þurfa að fá aðgang að skýrslu, sem þér ásamt Önnu Karín Júlíussen sömduð fyrir stjórn Verndaðs vinnustaðar, Vestmannaeyjum, en þar telur hann, að hin meiðandi ummæli sé að finna. Stefnandi fullyrðir, að hann hafi beint áskorun til yðar um að afhenda honum til notkunar staðfest eintak af þeim hluta skýrslunnar, sem hin ætluðu meiðandi ummæli er að finna, en þér eigi sinnt slíkri áskorun. Í þessu sambandi hefur

stefnandi á grundvelli 148. gr. óskað eftir aðstoð dómarans, til að þér verðið, ef þörf krefur, með úrskurði dómarans skyldaður til að leggja umbeðið skjal fram til notkunar í málinu.

Að þessu tilefni gefnu eruð þér kvaddur sem vitni til að mæta fyrir bæjarþingi Vestmannaeyja, sem háð verður í dómsalnum Heiðarvegi 15, Vestmannaeyjum, fimmtudaginn 28. febrúar nk. kl. 13.30, og mun dómarinn þá beina þeirri spurningu til yðar, hvort þér hafið fengið áskorun frá stefnanda, Bjarna Jónassyni, um að afhenda til framlagningar í málinu framangreint skjal og hvort þér gerið athugasemdir í því sambandi....“

Eins og af bréfi þessu má ráða, er meðal málsóknargagna áskorun stefnanda til Brynjars Eiríkssonar sálfræðings um, að hann leggi fram tvær skýrslur, sem Brynjar gerði ásamt Önnu Karín Júlíussen félagsráðgjafa að beiðni stjórnar Verndaðs vinnustaðar, Vestmannaeyjum. Stefnandi kveður skýrslur þessar hafa að geyma staðhæfingar um, hvaða sjónarmiðum hann hafi fylgt í starfi, er hann var framkvæmdastjóri V.V.V., og einnig hafi þær, sbr. álitsgerð Gauks Jörundssonar, umboðsmanns Alþingis, meðal annars að geyma frásagnir af því, hvernig stefnandi hafi komið fram í samskiptum sínum við starfsmenn og hver viðhorf hafi þar komið fram af hans hálfu. Þá sé þar greint frá áliti starfsmanna á stefnanda og svörum hans við spurningum skýrsluhöfunda. Umrædd álitsgerð umboðsmanns Alþingis, sem er frá 30. júní 1989, er meðal málsóknargagna, en skýrslur þær, sem stefnandi krefst, að Brynjar Eiríksson afhendi sér til framlagningar í málinu, eru frá 15. júlí 1987 og 6. október 1987. Hin ætluðu meiðandi ummæli telur stefnandi vera að finna í tilgreindum skýrslum, en varðandi áskorun um framlagningu vísar stefnandi til 147. og 148. gr. einkamálalaga nr. 85/1936.

Samkvæmt framangreindri kvaðningu dómarans kom vitnið Brynjar Eiríksson fyrir dóminn 28. febrúar sl. Staðfesti vitnið, að stefnandi hefði farið þess á leit við sig bæði formlega og óformlega, að vitnið afhenti honum skýrslurnar til notkunar í málinu. Kvaðst vitnið ávallt hafa gefið stefnanda þau svör, að hann teldi sér ekki fært að afhenda honum skýrslurnar, þar sem þær væru eign stjórnar V.V.V. og félagsmálaráðuneytisins, og hefði hann jafnframt vísað til siðanefndar Sálfræðingafélags Íslands frá 11. maí 1988, en nefndin teldi, að vitninu bæri ekki að afhenda öðrum afrit af skýrslunum en verkbeiðanda. Enn fremur kvaðst vitnið hafa bent stefnanda á, að viðtöl þau, sem skýrslurnar byggðust á, væru tekin á grundvelli yfirlýsinga skrásetjara um, að enginn fengi aðgang að þeim upplýsingum, sem skrásetjarar kynnu að afla, nema verkbeiðandi þeirra. Sagði vitnið, að aðeins á þeim forsendum hefði starfsfólk vinnustaðarins verið tilbúið til þess að tjá sig um þá samskiptaerfiðleika, sem hefðu verið í gangi á vinnustaðnum, auk annarra þátta, sem fólkið hefði haft þörf fyrir að tjá

sig um varðandi vinnustaðinn. Vitnið kvaðst hins vegar hafa tekið það skýrt fram við stefnanda, að persónulega hefði hann ekkert á móti því, að stefnandi hefði umráð yfir skýrslunum, en teldi hins vegar rétt, að réttir aðilar afhentu honum þær. Í sama þinghaldi beindi stefnandi þeirri spurningu að vitninu, hvort það stæði í umræddum skýrslum og haft eftir stefnda, Vilhjálmi Árnasyni, að hann (Vilhjálmur) hefði unnið að því að bola sér (Bjarna) úr starfi og að hann (Bjarni) væri geðveikur. Vitnið óskaði á þessu stigi málsins að vera undanþegið skyldu til að svara spurningunni.

Í lok þinghaldsins 28. febrúar sl. boðaði dómarinn í samráði við málsaðila til nýs þinghalds, og skyldi þar stefnanda og lögmanni stefnda gefið færi á að gera athugsemdir við framlagningu umbeðinna skjala, en áður en til þess þinghalds kom, hafði dómarinn kannað, hvort grundvöllur væri fyrir samkomulagi um þá málsmeðferð, að skjöl þau, er stefnandi hafði krafist framlagningar á, yrðu lögð fyrir dómarann í trúnaði. Ekki reyndist samkomulag um þá málsmeðferð, og kom málið síðan næst fyrir á boðuðum þingdegi 12. mars sl. Stefnandi, Bjarni Jónasson, ítrekaði þar kröfu sína um framlagningu á tilgreindum skýrslum, þ.e. þeim hluta þeirra, þar sem hin átöldu ummæli væri að finna. Lögmaður stefnda krafðist þá frávísunar á þeirri kröfu,og ákvað dómarinn þá, að munnlegur málflutningur færi fram um framkomna frávísunarkröfu stefnda varðandi kröfu stefnanda um framlagningu á tilgreindum skjölum. Var málið síðan að þessu leyti tekið til úrskurðar 20. mars sl. að afloknum munnlegum málflutningi.

Stefnandi, Bjarni Jónasson, sem er ólöglærður, fer með og flytur mál sitt sjálfur, en dómarinn hefur gætt leiðbeiningarskyldu sinnar.

III.

Sjónarmið málsaðila.

Af hálfu stefnda er frávísunarkrafan byggð á því, að stefnandi hafi ekki, að því er séð verði, getið þess í stefnu, að hann krefjist þess af Brynjari Eiríkssyni, að hann leggi fram umgetið skjal. Það sé að sjálfsögðu fullkomið rannsóknarefni, hvort hægt sé að hafa uppi kröfu, sem ekki sé getið um í stefnu. Einkamálalögin svari þessu vel, en þar komi skýrt fram, í 113. gr. þeirra laga, að kröfum, sem ekki sé getið um í stefnu, beri að vísa frá dómi. Það sé þannig ljóst, að hér sé um „ex officio"-atriði að ræða, sem dómara beri að taka afstöðu til, en ekki hafi hins vegar orðið komist hjá því að gera slíka frávísunarkröfu, þegar taka hafi átt afstöðu til þess, hvort umkrafin skjöl bæri að leggja fram. Ljóst sé enn fremur í þessu sambandi, að liggja eigi ljóst fyrir, þegar mál fari í gang, hvaða gagna sé þörf. Frávísunarkrafan byggist enn fremur á því, að það sé allsendis óeðlilegt, að hægt sé að hafa uppi kröfu á hendur aðila, sem ekki sé aðili að þessu máli. Afhending á umkröfðum skýrslum sé stefnda óviðkomandi, enda krafa

ekki gerð á hendur honum um afhendingu á skýrslunum. Þótt gerð sé þannig krafa af hálfu stefnda um frávísun á framlagningarkröfu stefnanda, þá sé þess á engan hátt krafist, að vísa beri öllu málinu frá dómi, heldur einungis þeirri kröfu stefnanda, að Brynjar Eiríksson leggi fram tiltekið skjal í málinu, enda eigi sú krafa að mati stefnda ekki heima í málinu.

Stefnandi byggir sjónarmið sín um, að frávísunarkröfu stefnda verði hrundið og að krafa hans um framlagningu á tilgreindum skjölum nái fram að ganga, á því, að mótbárur stefnda við kröfu hans byggist ekki á lagalegum grunni. Aftur á móti sé réttur hans til slíkrar kröfugerðar skýr og byggist á 148. gr. einkamálalaga nr. 85/1936 sem og 9. gr. laga nr. 121/1989 um skráningu og meðferð persónuupplýsinga. Staðreyndin sé hins vegar sú, að hann hafi ekki fengið aðgang að þessum skýrslum, þótt þær varði hann persónulega. Í málinu sé ekki beðið um meira úr þessum skýrslum en varði hann sjálfan, en slíka kröfu eigi hann fullan rétt á að bera fram í málinu, sbr. tilvitnaðar lagagreinar. Einkamálalögin geri einmitt ráð fyrir því, að upp geti komið slík tilvik, að ekki verði séð fyrir fram, að lagst sé á gögn, sem málspörtum séu nauðsynleg í málarekstrinum, og því sé málsaðilum í slíkum tilvikum veitt réttarúrræði 148. gr. einkamálalaganna.

IV.

Niðurstaða.

Í einkamálalögunum nr. 85/1936, 88. gr., liðum a til i, sbr. 10. gr. laga nr. 54/1988, er getið þeirra atriða, sem eigi að koma fram í stefnu. Meðal þeirra atriða eru dómkröfur stefnanda, liður c, og tilgreining á sönnunargögnum, liður f. Í stefnu, liðum I til V, tilgreinir stefnandi dómkröfur sínar í málinu. Á bls. 4 í stefnunni er tilgreining á málskjölum, sem stefnandi við útgáfu stefnu ráðgerði að leggja fram við þingfestingu í málinu, og þar á meðal getið um dskj. 3, sem í málsóknarlýsingu stefnanda ber heitið „Áskorun um framlagningu skjala". Dómskjal þetta er efnislega áskorun til Brynjars Eiríkssonar sálfræðings um að leggja fram í síðasta lagi við þingfestingu málsins samrit af tilgreindum skýrslum. Þetta áskorunarskjal er einnig tilgreint í greinargerð stefnanda, dskj. 2, og ekki verður betur séð en þar komi fram efnisleg lýsing á því, sem stefnandi telur, að skýrslurnar innihaldi. Við meðferð málsins, þ.e. í þinghaldi 28. febrúar sl., gerði stefnandi að beiðni dómarans og án andmæla lögmanns stefnda nánari grein fyrir þessu atriði og vísaði í því sambandi sérstaklega til dskj. 3, og kom það enn frekar til umfjöllunar, er vitnið Brynjar Eiríksson kom fyrir réttinn í sama þinghaldi.

Ljóst er af málsóknargögnum og þar á meðal stefnu, að stefnandi reisir kröfur sínar á hendur stefnda vegna ætlaðra meiðandi ummæla, er hann

telur, að stefnandi hafi viðhaft um sig. Tilgreinir stefnandi í stefnu hin ætluðu meiðandi ummæli og telur, að þau séu að minnsta kosti að hluta til að finna í skýrslum þeim, sem hann á grundvelli 147. og 148. gr. einkamálalaganna nr. 85/1936 hefur krafist framlagningar á. Við meðferð málsins hefur krafa stefnanda að þessu leyti enn frekar skýrst, enda hefur dómarinn kappkostað að gæta í þessu sambandi ákvæða 114. gr. laga nr. 85/1936.

Telja verður, að stefnandi hafi í málinu átt rétt á að nýta sér réttarúrræði 148. gr. einkamálalaganna nr. 85/1936 með því að krefjast skjala frá Brynjari Eiríkssyni og óska eftir úrskurði dómarans um skyldu Brynjars í því sambandi.

Ekki verður í þessu sambandi fallist á þá málsástæðu stefnda, að kröfugerð stefnanda sé slíkum annmörkum háð, að því er tekur til kröfu stefnanda um framlagningu á tilgreindum skýrslum, að vísa beri þeirri kröfu frá dómi. Hitt er svo annað mál, að við samningu greinargerðar hafði stefndi fullt tækifæri til að taka sérstaklega afstöðu til þessa atriðis og reifa stuttlega þau sjónarmið, er lytu að frávísun á kröfu stefnanda um framlagningu á tilgreindum skýrslum eða tilteknum hluta þeirra. Það tækifæri nýtti stefndi sér ekki.

Með því að þannig eru hvorki formleg né efnisleg rök til að vísa frá dómi kröfu stefnanda um, að dómarinn kveði á um það með úrskurði, hvort vitninu Brynjari Eiríkssyni sálfræðingi beri að leggja fram skýrslur þær, sem vitnið Brynjar ásamt Önnu Karín Júlíussen félagsráðgjafa gerðu að beiðni Verndaðs vinnustaðar, Vestmannaeyjum, eða tiltekinn hluta þeirra, þá verður framangreind frávísunarkrafa stefnda ekki tekin til greina, og nær hún því ekki fram að ganga.

Málskostnaður í þessum þætti málsins fellur niður.

Jón Ragnar Þorsteinsson héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Krafa stefnda um, að vísað verði frá dómi kröfu stefnanda á hendur Brynjari Eiríkssyni um framlagningu skjals, nær ekki fram að ganga.

Málskostnaður í þessum þætti málsins fellur niður.

Þriðjudaginn 28. maí 1991.

Nr. 180/1991. **Erla Kristín Gunnarsdóttir**
gegn
Rafmagnsveitum ríkisins.

Kærumál. Þinglýsing.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Hrafn Bragason og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 12. mars 1991, sem hingað barst 23. apríl. Kæruheimild er í 3. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978. Kærð er „synjun Sigurðar Sveinssonar borgarfógeta á að afmá úr veðmálabókum Reykjavíkur veðskuldabréf, sem gefið var út af Örvari Sigurðssyni, kt. 281045-5639, Víkurbakka 14, Reykjavík, til Rafmagnsveitna ríkisins, kt. 520269-2669, 30. júlí 1986, að fjárhæð upphaflega kr. 3.999.519,26, en bréf þetta var móttekið til þinglýsingar 1. ágúst 1986, en innfært 6. nóvember 1987".

Sóknaraðili krefst þess, að hin kærða ákvörðun verði úr gildi felld og lagt verði fyrir þinglýsingardómarann að aflýsa bréfinu. Jafnframt krefst hann kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar á hinni kærðu dómsathöfn og kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili færir þær ástæður fyrir kröfu sinni, að hún og eiginmaður hennar, Örvar Sigurðsson, útgefandi veðskuldabréfs þess, er um getur í málinu, hafi 12. október 1987 gert með sér kaupmála, m.a. um fasteignina Víkurbakka 14, Reykjavík, sem skyldi verða séreign hennar og hjúskapareign óviðkomandi. Kaupmálinn hafi verið skráður hjá yfirborgarfógetanum í Reykjavík 16. október 1987. Við gerð kaupmálans hafi veðskuldar við varnaraðila ekki verið getið á veðbókarvottorði, og hafi sér verið ókunnugt um tilvist þessarar skuldar. Umrætt veðskuldabréf sé þar að auki ekki undirritað af sér, svo sem ráð sé fyrir gert í 20. gr. laga nr. 20/1923 um réttindi og skyldur hjóna. Þegar veðskuldabréfinu var þinglýst 6. nóvember 1987, hafi Örvar Sigurðsson því ekki lengur verið þing-

lýstur eigandi fasteignarinnar, en bréfið hafi ekki verið tækt til þinglýsingar samkvæmt 15. gr. þinglýsingalaga fyrr en 6. nóvember 1987, þar sem fram að þeim tíma hafi þess verið óskað, að veðbréfinu væri þinglýst á tvær eignir.

Varnaraðili styður mál sitt aðallega því, að veðskuldabréfið hafi verið tækt til þinglýsingar á eignina að Víkurbakka 14, Reykjavík, þegar það var afhent og móttekið til þinglýsingar 1. ágúst 1986.

Þinglýsingardómarinn hefur samkvæmt 3. gr. þinglýsingalaga sent Hæstarétti ástæður sínar fyrir úrlausninni. Þar vitnar hann til forsendna að niðurstöðu sinni fyrir úrlausninni frá 19. febrúar 1991, en þar segir:

„Hinn 30. okt. 1990 barst embættinu erindi („kæra") frá Sigurði Georgssyni hrl. f.h. Erlu Kristínar Gunnarsdóttur, Víkurbakka 14, Reykjavík, þar sem þess er krafist, að veðskuldabréf með þingl. nr. 24424/86 verði afmáð af eigninni Víkurbakka 14. Veðhafa, Rafmagnsveitum ríkisins, var gerður kostur á að tjá sig um málið, og hafa embættinu borist kröfugerð og athugasemdir hans, undirr. 11/2 '91 af Bjarna Þór Óskarssyni hdl. f.h. Ásgeirs Thoroddsens hrl., en þar er aflýsingu mótmælt.

Til svars við sjónarmiðum aðila skal eftirfarandi tekið fram:

Þar sem ekki er lengur um að ræða kæru til Hæstaréttar skv. 3. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978, kemur til athugunar, hvort til greina komi, að þinglýsingardómari afmái umrætt veðbréf, en í 27. gr. sömu laga er gert ráð fyrir, að dómari geti bætt úr, ef færsla í fasteignabók er röng eða mistök hafa orðið við þinglýsinguna ella.

Í tilviki því, er hér um ræðir, var umrætt veðskuldabréf lagt inn til þinglýsingar 1. ágúst 1986, og voru skv. texta þess veðsettar tvær fasteignir, Víkurbakki 14 og Urriðakvísl 9.

Veðsali, Örvar Sigurðsson, var einn þinglýstur eigandi að Víkurbakka 14, en um þinglýstan eiganda að Urriðakvísl 9 var ekki að ræða á þessum tíma. Endanlegri afgreiðslu var frestað að sinni.

Hinn 6/11 1987 er veðskuldabréfinu svo endanlega þinglýst, en daginn áður hafði veðhafi með áritun á bréfið fallist á, að bréfinu yrði eingöngu þinglýst á Víkurbakka 14.

Meðan málið var í biðstöðu, hafði verið gefið út veðbókarvott-

orð, dags. 13/10 '87, þar sem fallið hafði niður að geta um umrætt veðskuldabréf.

Með kaupmála, dags. 12/10 1987, sem skráður var í kaupmálabók 19/10 1987, var fasteignin Víkurbakki 14 gerð að séreign eiginkonu Örvars, Erlu Kristínar Gunnarsdóttur.

Umrætt veðbréf var venju fremur lengi í biðstöðu, áður en hægt væri að þinglýsa því athugasemdalaust, og mistök urðu við útgáfu veðbókarvottorðsins, dags. 13/10 '87, þar sem láðist að geta veðskuldabréfsins, sem lagt var inn til þingl. 1/8 '86.

Hins vegar verður ekki séð, að mistök hafi orðið við þinglýsinguna í skilningi 27. gr. þingll. nr. 39/1978.

Varðandi það atriði, að bréfið hafi ekki verið tækt til þinglýsingar, er það barst embættinu 1/8 '86, af því að veðsala brast þinglýsta heimild til annarrar þeirrar fasteignar, sem veðsetja átti (Urriðakvísl 9), þykir verða að fallast á það sjónarmið veðhafa, að hægt hefði verið að þinglýsa bréfinu í upphafi, ef þess hefði verið óskað, með athugasemd um þann ágalla, því að veðsala skorti þá ekki þinglýsta heimild til fasteignarinnar Víkurbakka 14.

Þykir bréfið því hafa verið tækt til þinglýsingar, er það barst, og hafa öðlast forgangsáhrif þinglýsingar skv. 15. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978 strax við afhendingu 1/8 1986, og þykir það atriði, að hjónin gerðu með sér kaupmála, meðan málið var í biðstöðu, ekki hagga rétti veðhafa að þessu leyti.

Þar sem Örvar var einn þinglýstur eigandi að Víkurbakka 14, er bréfið barst til þinglýsingar, dugði undirskrift hans eins, að því er þinglýsinguna varðaði.

Með hliðsjón af því, sem rakið hefur verið hér að framan, þykir það því ekki á valdi þinglýsingardómara að aflýsa umræddu veðskuldabréfi gegn andmælum veðhafa.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður."

Eins og atvikum máls þessa er háttað, ber að fallast á ákvörðun þinglýsingardómara.

Átelja ber þann drátt, sem á því varð samkvæmt framanskráðu, að þinglýsingardómari tæki afstöðu til þinglýsingar umrædds veðskuldabréfs, svo og þau mistök, sem urðu við útgáfu veðbókarvottorðs.

Kærumálskostnaður er ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hin kærða dómsathöfn er staðfest.

Kærumálskostnaður er ekki dæmdur.

Þriðjudaginn 28. maí, 1991.

Nr. 45/1991. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Guðna Björnssyni
(Jón Oddsson hrl.).

Svik. Tékkalög. Sýkna.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Jónsson.

Ríkissaksóknari skaut héraðsdómi til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 27. desember 1990, en einnig af hálfu ákæruvalds til þyngingar á refsingu.

Ákærði krefst sýknu, en verði refsing dæmd, þá verði hún höfð skilorðsbundin.

Svo sem lýst er í héraðsdómi, gaf ákærði út tékka þá, sem í ákæru greinir, í nafni fyrirtækis þess, sem hann starfaði fyrir, til kaupa á hráefni í þarfir þess. Er ákæra eigi á því byggð, að til þess hafi ákærða skort heimild. Tékkarnir voru gefnir út 17. og 22. október 1987. Tékkar að fjárhæð 17.100 krónur og 64.746 krónur bera með sér, að þeir voru innleystir í Landsbanka Íslands 19. og 22. október 1987 og þá ritað á þá, að innstæða á reikningnum væri ekki næg. Tékki að fjárhæð 200.000 krónur ber með sér, að hann var sýndur til greiðslu í Landsbanka Íslands 19. október 1987 og þá ritað á hann, að innstæða væri ekki næg. Fram er komið, að Landsbanki Íslands innleysti þennan tékka einnig.

Í málinu liggur fyrir yfirlit um stöðu tékkareiknings fyrirtækisins, nr. 16858 hjá bankanum, tímabilið frá 31. ágúst 1987 til 11. desember sama ár. Ber það með sér, að inn á reikninginn hafa runnið afurðalán og aðrar greiðslur, meðal annars 23., 29. og 30. október og 11. desember 1987. Þá kemur og fram, að eftir 19. október 1987 var færður til gjalda á reikninginn fjöldi tékka og þá innstæða talin næg, m.a. framangreindur tékki, að fjárhæð 200.000 krónur, sem færður er til gjalda á reikningnum með 207.450 krónum.

Ákærði hefur borið því við sér til afsökunar, að fyrirtækið hafi

haft heimild til yfirdráttar á umræddum reikningi samkvæmt munnlegri heimild starfsmanns eða starfsmanna bankans. Einn starfsmanna Landsbanka Íslands bar vitni fyrir dóminum. Þykir framburður hans ekki skýra til fulls notkun tékkareiknings fyrirtækisins. Þegar gögn málsins eru virt, þykir varhugavert að fullyrða, að ákærði hafi brotið gegn lagaákvæðum þeim, sem í ákæru greinir. Ber því að sýkna hann af kröfum ákæruvaldsins.

Samkvæmt þessu ber að dæma allan kostnað sakarinnar í héraði úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða. Einnig ber að dæma allan áfrýjunarkostnað sakarinnar úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Ákærði, Guðni Björnsson, skal vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur sakarkostnaður í héraði svo og áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í héraði, Brynjólfs Eyvindssonar héraðsdómslögmanns, 28.000 krónur, og skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, 35.000 krónur.

Dómur sakadóms Hafnarfjarðar og Garðakaupstaðar 22. október 1990.

Ár 1990, mánudaginn 22. október, er á dómþingi sakadóms Hafnarfjarðar og Garða, sem háð er að Strandgötu 31, Hafnarfirði, af Guðmundi L. Jóhannessyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 1947/1988: Ákæruvaldið gegn Guðna Björnssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var 25. september sl., er með ákæruskjali ríkissaksóknara, dags. 14. júní 1988, höfðað gegn Guðna Björnssyni bílasmið, Hrísmóum 2 a Garðabæ, fyrir að hafa í október 1987 gefið út til handhafa í nafni fyrirtækisins Ísdans hf. eftirgreinda 3 tékka á reikning fyrirtækisins nr. 16858 í Landsbanka Íslands, aðalbanka, án þess að næg innstæða væri fyrir hendi á honum, og notað tékkana í viðskiptum, svo sem hér greinir nánar:

1. Nr. 8078303, kr. 64.746, dagsettur 22. október. Notaður í staðgreiðsluviðskiptum, er Ísdan hf. var að kaupa fisk.

2. Nr. 8062348, kr. 200.000, dagsettur 17. október. Notaður í staðgreiðsluviðskiptum á sama hátt til fiskkaupa af Þórlindi Jóhannssyni, Dúfnahólum 2, Reykjavík.

3. Nr. 8062347, kr. 17.100, dagsettur 17. október. Notaður í staðgreiðsluviðskiptum á sama hátt til fiskkaupa af Pétri Hanssyni, Mjölnisholti 4, Reykjavík.

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, en til vara við 73. gr. laga um tékka nr. 94, 1933, sbr. lög nr. 35, 1977.

Þess er krafist, að ákærður verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærður er sakhæfur, fæddur 22. júní 1952 í Reykjavík, og hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

Ákærði sættist 1974 á greiðslu sektar fyrir brot gegn 261. gr. hegnl. og 1980 á greiðslu sektar fyrir brot gegn 248. gr., sbr. 256. gr. sömu laga. Auk þess hefur hann sætt refsingu fyrir umferðarlagabrot og áfengislagabrot.

— — —

Málavextir.

Ákærður var haustið 1987 starfsmaður fyrirtækisins Ísdans hf., sem fékkst við fiskkaup, saltfisksverkun og útflutning á fiski. Samkvæmt því, sem fram hefur komið hjá ákærða, hafði hann unnið við markaðssetningu fyrirtækisins, og einnig hafi það verið í verkahring hans að sjá um fjármál fyrirtækisins og tilkynna fjármálastöðu þess til hluthafa þess. Hlutafélagið var með tékktareikning nr. 16858 í aðalbanka Landsbanka Íslands, sem stofnaður var með umsókn, dags. 11. mars 1987, af Júlíusi Högnasyni, prókúruhafa og hluthafa í félaginu, og hafði honum daginn áður af stjórn félagsins verið falið að stofna reikninginn og veitt umboð til að gefa út tékka á reikninginn. Ákærður kvað Júlíus hafa samþykkt, að hann gæfi út tékka í nafni fyrirtækisins, og aðrir eigendur fyrirtækisins vitað um það og látið viðgangast án athugasemda, og einnig hafi starfsmönnum Landsbankans verið kunnugt um, að hann hafði ekki prókúruumboð. Ákærður hafði yfirlit yfir reikninginn og fylgdist með stöðu hans hverju sinni. Hann hefur viðurkennt að hafa gefið út í nafni fyrirtækisins þá þrjá tékka í nafni Ísdans hf., sem í ákæru greinir, og notað á þargreindan hátt, og sé þeim þar rétt lýst. Hann kvað reikninginn hafa verið á svonefndu „fitti" í 3 - 4 mánuði, áður en framangreindir tékkar voru gefnir út, og verið ljóst, að raunverulega innstæðu skorti fyrir þeim, og hann jafnframt haldið því fram, að viðtakendum tékkanna hafi mátt vera það ljóst, að tvísýnt gæti verið um innstæðu fyrir þeim. Ákærður hefur hins vegar haldið því fram, að reikningurinn hafi verið nokkurs konar yfirdrætti, þar sem fyrir hafi

legið munnleg heimild frá bankanum, þannig að það hafi verið samþykkt, að þeir (sic) gæfu út tékka umfram innstæðu, sem færi í vanskil, en reikningnum ekki verið lokað, ef þeir greiddu þá ásamt dráttarvöxtum og innheimtuþóknun innan 10 daga, frá því að þeim var framvísað.

Lagt hefur verið fram í málinu auk reikningsyfirlits ljósrit af svonefndum „fitt"-lista eða lista yfir tékka án innstæðu, og náðu þeir aðallega yfir færslur í október 1987, og sést af þeim, að í lok október eru þessir tékkar samtals að fjárhæð langt á aðra milljón króna, og hefur ákærður viðurkennt að hafa, nokkru áður en reikningnum var lokað, fengið viðvörun um, að fyrirtækið yrði að gera eitthvað til að rétta reikninginn við og laga fjármálin. Ákærður sagði, að áður en fyrirtækið hefði byrjað í svona miklum viðskiptum við Landsbankann, hefði farið fisksending frá því til útlanda og greiðslur fyrir hana ekki skilað sér. Þá hefði verið haldinn fundur með æðstu mönnum bankans og þeim verið gerð grein fyrir, hvað gerst hafði, og þeir verið spurðir, hvort þeir væru tilbúnir að hjálpa til við að reyna að bjarga fyrirtækinu, og þeir verið tilbúnir til þess. Óbeint hafi bankanum mátt vera ljóst, að teflt var á tvær hættur. Sendingin hafi verið upp á tæpar 5 milljónir, og kannski um 10% líkur hafi verið á því, að greiðslur fengjust fyrir hana, og því mátt reikna með því, að það kæmi einhvers staðar við í ekki stærra fyrirtæki en þessu, og um leið og bankinn hafi tekið ákvörðun um að hjálpa því, hafi hann tekið ákveðna áhættu.

Ákærður var spurður um heimilaðan yfirdrátt á reikningnum og tryggingar, sem þá hafi þurft að setja til að fá þá heimild, og var honum ekki vel kunnugt um það og taldi trygginguna hafa verið breytilega, og verður helst ráðið af framburði hans, að fyrirtækið hafi fengið afurðalán, sem gengið hafi inn á reikninginn, og tryggingin fyrir lánunum og yfirdrættinum svo farið saman, að tryggingin hafi minnkað, er gengið hafi á birgðir fyrirtækisins vegna sölu eða annars, en hún svo aukist við birgðasöfnun og vinnslu fisks í húsi fyrirtækisins. Ákærður kvað enga sérstaka ástæðu hafa verið fyrir lokun reikningsins, þetta hafi bara verið vítahringur, beðið hafi verið eftir peningum, sem ekki hafi komið.

Vitnið Bjarni Jónsson bankastarfsmaður, Stekkjarhvammi 54, Hafnarfirði, kt. 130247-3939, starfaði í tékkadeild Landsbanka Íslands, aðalbanka, til októberloka 1987 og hafði fylgst með færslum á og notkun tékkareiknings Ísdans hf. nr. 16858 og kannaðist við, að ákærður kæmi í bankann vegna þessa reiknings, og hefði hann virst vera einn af fleirum, sem séð hefðu um þennan reikning. Það kvað þó nokkra veltu hafa verið á reikningi þessum og það viðgengist, að hann væri á svonefndu „fitti", þ.e., að starfsmenn Ísdans hf. gæfu út tékka umfram innstæðu og heimildir, en engar munnlegar heimildir eða samþykktir fyrir þessu hefðu verið frá bankanum. Einstaklingum og fyrirtækjum, sem fari í óleyfi yfir á reikn-

ingum, hafi samkvæmt venju og starfsreglu í tékkadeildinni verið gerð grein fyrir því munnlega eða bréflega, ef ástæða þótti til, að þeir mættu ekki gera þetta undir neinum kringumstæðum. Innstæðulausa tékka fá menn þó að greiða innan ákveðins tíma með innheimtukostnaði og vöxtum og jafna þannig reikninginn. Vitnið var spurt, hvort reikningur Ísdans hf. hefði verið jafnaður við og við. Kvað vitnið það hafa verið óreglubundið og minnti, að undir það síðasta hefðu ekki komið innlegg eftir því, sem vonir stóðu til, eða upplýsingum fyrirtækisins um, að von væri á því, og kannski hefðu umsvifin minnkað. Vitnið reiknaði með, að reikningi Ísdans hf. hefði verið lokað 29. október 1987, vegna þess að hann hefði verið ítrekað (sic) í vanskilum og ekki verið jafnaður með inngreiðslum, þó að reikningshafa hefði verið gefinn kostur á því og tilkynnt um, að honum yrði lokað ella. Vitnið kvað sér skiljast, að það væri matsatriði, hvenær kært væri eða reikningi lokað, sem væri á „fittinu", en svo lengi sem bankinn teldi einhverja von um, að reikningur yrði jafnaður með uppgreiðslu tékka í vanskilum, væri reynt að ná þeim inn án lokunar reiknings, þar sem það væri afskaplega alvarleg gerð og hefði hroðalegar afleiðingar fyrir hlutaðeigandi. Bankinn reyndi því eftir föngum að forðast þessa gerð, og til hennar kæmi almennt ekki, nema tékkar fengjust ekki borgaðir. Þá kom fram, að um þessa tékka gilti svonefnd 10 daga regla, þ.e. þá yrði að greiða innan 10 daga, því að ella ætti bankinn á hættu að tapa endurkröfurétti á innlausnarbankann, og því væri reynt að loka reikningi, áður en tékkarnir yrðu eldri en þetta, til þess að geta náð inn kröfunni hjá öðrum bönkum. Vitnið kvað þetta þó ekki algilt; það gæti orðið fyrir slys, að tékkar yrðu eldri eða að þá byggðist á mati bankans um, að ekki væri öll von úti um, að hann næði sjálfur inn andvirði tékkanna.

Niðurstöður.

Í málinu brestur sönnur um, að munnleg eða skrifleg heimild hafi verið frá forstöðumanni bankans um, að gefnir væru út um nokkurra mánaða skeið tékkar án innstæðu á reikningnum og þannig heimilaður óformlegur yfirdráttur. Hins vegar er ljóst, að þetta hafði viðgengist um nokkurt skeið, en ákærður nokkru fyrir lokunina fengið viðvörun um hana og mátti því vera ljóst, að með því að gefa út fleiri innstæðulausa tékka, meðan reikningurinn hafði ekki verið réttur af, stuðlaði hann að lokun hans, og var því við útgáfu tékkanna nokkuð fyrirsjáanlegt, að ekki yrði unnt að tryggja innstæðu fyrir þeim, enda staðan orðin þannig, að beðið var eftir peningum inn á reikninginn, en litlar líkur fyrir, að þær (sic) bærust, t.d. 10%, eins og ákærður hélt fram. Miðað við þessa stöðu hefði verið eðlilegt, að ákærður léti viðtakendur tékkanna vita af stöðunni og að innstæðu kynni að bresta fyrir þeim. Með því að dylja þá þess, hvaða áhættu þeir tækju um að fá

tékkana greidda, hefur ákærður beitt svikum, svo að varða við 248. gr. almennra hegningarlaga, en með sölu tékkanna hlaut ákærður ávinning eða fyrirtækið Ísdan, sem nam fjárhæð þeirra, þar sem fiskur sá, sem keyptur var með þeim, var fyrirtækinu til frjálsra umráða, en annaðhvort bankinn eða viðtakendur tékkanna hafa orðið fyrir samsvarandi fjárhagstjóni fyrst í stað, þó að innheimta þeirra kunni að hafa tekist síðar.

Refsing ákærða þykir samkvæmt framangreindu refsiákvæði og með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi í 45 daga, en eftir atvikum þykir mega fresta fullnustu refsingarinnar, og niður skal hún falla að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærðu almennt skilorð samkvæmt 57. gr. alm. hegningarlaga, sbr. lög nr. 22, 1955.

Dæma ber ákærðan til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talinna málsvarnarlauna til skipaðs verjanda ákærðs, Brynjólfs Eyvindssonar hdl., sem ákveðast kr. 28.000 auk virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Ákærður, Guðni Björnsson, sæti fangelsi í 45 daga, en fresta skal fullnustu refsingarinnar, og niður falli hún að liðnum 2 árum, haldi ákærður almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. lög nr. 22, 1955.

Ákærður greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Brynjólfs Eyvindssonar, kr. 28.000 auk virðisaukaskatts.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 29. maí 1991.

Nr. 475/1990. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Jökli Ægi Friðfinnssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Svik. Tékkar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Hrafn Bragason og Stefán Már Stefánsson prófessor.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 23. nóvember 1990. Af hálfu ákæruvaldins er krafist staðfestingar á sakfellingu ákærða, en að refsing verði þyngd. Af hálfu ákærða er krafist lækkunar refsingar.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð ný gögn.

Sakarefni er lýst í héraðsdómi. Eins og segir í niðurstöðu þess dóms, hefur ákærði viðurkennt að hafa framið þá háttsemi, sem um getur í ákæru, að öðru leyti en því, að fyrir dómi neitaði hann að hafa gefið út tékka samkvæmt 3., 5. og 6. lið ákæru, en þá háttsemi hafði hann viðurkennt við lögreglurannsókn. Hefur hann borið það á fyrrum sambýliskonu sína að hafa gefið út þá tékka með nafnritun hans. Sambýliskonan hefur ekki komið fyrir dóm, og þessi staðhæfing hefur ekki verið könnuð sérstaklega. Þegar bornar eru saman nafnritanir á þessa tékka og undirritanir ákærða í málinu, er varhugavert að telja sannað, að hann hafi gefið út þessa tékka. Að öðru leyti ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm um sakfellingu ákærða, og þykir þá ekki skipta máli, þótt reikningur ákærða hafi verið stofnaður með innleggi, því að líta verður á tékkaútgáfu ákærða í heild, en eingöngu er ákært út af tékkum, sem reyndust innstæðulausir, þegar þeim var framvísað.

Útgáfa tékka samkvæmt 1. tölulið ákæru varðar við 73. gr. tékkalaga nr. 94/1933, sbr. 1. gr. laga nr. 35/1977. Handhafi tékkans hefur ekki krafist opinberrar ákæru, og verður því ekki hér dæmt fyrir útgáfu þess tékka.

Brot ákærða eru að öðru leyti réttilega heimfærð til refsiákvæða.

Refsingu í máli þessu ber að dæma sem hegningarauka við 40.000

króna sekt, er ákærði gekkst undir með sátt 16. júlí 1990. Þykir hún hæfilega ákveðin 3 mánaða fangelsi.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og dæma ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar sakarinnar, svo sem greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærði, Jökull Ægir Friðfinnsson, sæti fangelsi í 3 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 13. nóvember 1990.

Ár 1990, þriðjudaginn 13. nóvember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 600/1990: Ákæruvaldið gegn Jökli Ægi Friðfinnssyni, sem var dómtekið í dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 31.október sl., á hendur ákærða, Jökli Ægi Friðfinnssyni, Vatnsstíg 11, Reykjavík, fæddum 23. desember 1964, fæðingarnúmer 485, ,,fyrir tékkasvik með því að hafa í nóvember 1989 gefið út og notað í viðskiptum eftirtalda tékka til handhafa á tékkareikning sinn nr. 55565 við Samvinnubanka Íslands hf., sem ákærði opnaði í bankanum 10. nóvember, þótt ákærða væri ljóst, að eigi var næg innstæða á reikningnum fyrir fjárhæð tékkanna. Tékkarnir eru framseldir af Kristínu Jónsdóttur, nema annars sé getið:

1. Nr. 3777965, kr. 30.000, útgefinn 21.11. 1989. Framseldur af Svölu Jóhannesdóttur, Írabakka 16, Reykjavík. Notaður til greiðslu skuldar við framseljanda.

2. Nr. 3777959, kr. 20.000, útgefinn 27.11. 1989, ekki framseldur. Notaður til greiðslu fyrir bifreið á leigu frá Bílaleigu Arnarflugs hf.

3. Nr. 3777975, kr. 20.000, útgefinn 21.11. 1989. Seldur í Sparisjóði Kópavogs, Digranesvegi 10, Kópavogi.

4. Nr. 3777971, kr. 20.000, útgefinn 21.11. 1989. Seldur í Alþýðubankanum hf., Laugavegi 31, Reykjavík.

5. Nr. 3777974, kr. 20.000, útgefinn 21.11. 1989. Seldur í Búnaðarbanka Íslands, Hamraborg 9, Kópavogi.

6. Nr. 3777970, kr. 20.000, útgefinn 21.11. 1989. Seldur í Landsbanka Íslands, Austurbæjarútibúi.

7. Nr. 3777968, kr. 20.000, útgefinn 21.11. 1989. Seldur í Búnaðarbanka Íslands, Austurbæjarútibúi, við Hlemmtorg, Reykjavík.

8. Nr. 3777958, kr. 23.000, útgefinn 21.11. 1989. Seldur í Iðnaðarbanka Íslands, Breiðholtsútibúi, Drafnarfelli 16-18, Reykjavík.

9. Nr. 3777926, kr. 20.000, útgefinn 21.11. 1989. Seldur í Búnaðarbanka Íslands, Garðatorgi 5, Garðabæ.

10. Nr. 3777973, kr. 20.000, útgefinn 21.11. 1989. Seldur í Búnaðarbanka Íslands, Miðbæjarútibúi, Laugavegi 3, Reykjavík.

11. Nr. 3775426, kr. 1.500, útgefinn 13.11. 1989. Seldur í Búnaðarbanka Íslands, Miðbæjarútibúi.

12. Nr. 3775435, kr. 3.000, útgefinn 21.11. 1989. Framseldur af Kristínu Jónsdóttur og stimpli Olís hf., Hafnarstræti 5, Reykjavík. Óvíst um notkun.

13. Nr. 3777951, kr. 2.000, útgefinn 18.11. 1989. Framseldur af Kristínu Jónsdóttur og stimpli, Vínberið, Laugavegi 43, Reykjavík. Óvíst um notkun.

14. Nr. 3777953, kr. 2.500, útgefinn 18.11. 1989. Framseldur af Kristínu Jónsdóttur og með stimpli, Söluturninn, Hverfisgötu 50. Óvíst um notkun.

15. Nr. 3777954, kr. 1.000, útgefinn 19.11. 1989. Framseldur með stimpli, Veitingahúsið Kabarett, Austurstræti 4. Óvíst um notkun.

16. Nr. 3777955, kr. 2.000, útgefinn 19.11. 1989. Framseldur með stimpli, Söluturninn, Hverfisgötu 74. Óvíst um notkun.

17. Nr. 3777956, kr. 2.000, útgefinn 18.11. 1989. Framseldur af Kristínu Jónsdóttur og með stimpli, Laugavegs Apótek. Óvíst um notkun.

18. Nr. 3777957, kr. 2.000, útgefinn 20.11. 1989. Framseldur af Kristínu Jónsdóttur og með stimpli, Fella-Ís hf. Óvíst um notkun.

19. Nr. 3777961, kr. 16.000, útgefinn 21.11. 1989. Framseldur af Kristínu Jónsdóttur og með stimpli, Sparisjóður Reykjavíkur og nágr., Hátúni 2B. Óvíst um notkun.

20. Nr. 3777964, kr. 20.000, útgefinn 21.11. 1989. Seldur í Verslunarbanka Íslands hf., Þarabakka, Reykjavík.

Framanlýst háttsemi ákærða þykir varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Málsatvik.

Ákærði kom fyrir dóminn í dag og viðurkenndi að hafa opnað tékkareikning í Samvinnubankanum í nóvember 1989 og gefið út tékka á reikning sinn nr. 55565, án þess að innstæða væri fyrir á tékkareikningnum. Ákærði viðurkenndi að hafa gefið út og notað, svo sem ákært er út af, tékka nr. 1-2, 4 og 7-20, og staðfesti ákærði útgáfu tékkanna, eftir að hafa skoðað

tékkana meðal gagna málsins. Ákærði kvaðst ekki hafa gefið út tékka nr. 3, 5 og 6 í ákærunni og kvað nafnritun sína ekki vera á þeim tékkum. Ákærði kvaðst telja líklegt, að Kristín Jónsdóttir, þáverandi sambýliskona sín, hefði komist í tékkhefti sitt og gefið þessa tékka út. Ákærði kvaðst ekkert vita um söluandvirði þessara tékka utan það, að söluandvirði allra tékkanna hefði komist í sínar vörslur og síðan í hendur lögreglu hinn 21. nóvember 1989. Ákærði hafði viðurkennt hjá lögreglunni að hafa gefið út alla þá tekka, er ákært er út af, utan ekki verður séð, að ákærði hafi hjá lögreglunni verið yfirheyrður vegna tékka nr. 1 og 2 í ákærunni. Ákærði staðfesti þennan framburð sinn fyrir dóminum utan framburð vegna tékka nr. 3, 5 og 6, og gaf ákærði engar skýringar á breyttum framburði sínum fyrir dóminum vegna þessara þriggja tékka.

Kristín Jónsdóttir var yfirheyrð hjá lögreglunni 22. nóvember 1989. Kristín viðurkenndi að hafa tekið að sér að skipta nokkrum tékkum fyrir sambýlismann sinn, ákærða í máli þessu, og kvaðst Kristín hafa verið í góðri trú og talið vera fé inni á tékkareikningi ákærða. Kristín kvaðst hafa afhent ákærða féð, eftir að ávísununum hafði verið skipt í bönkum og sparisjóðum, en Kristín kvaðst hafa framvísað vegabréfi sínu, er hún framseldi tékkana. Meðal þeirra tékka, er Kristín kvaðst hafa framvísað í bönkum eða sparisjóðum, voru þeir þrír tékkar, er ákærði kvaðst ekki hafa gefið út.

Ákærði bar hjá lögreglunni 23. ágúst sl., að Kristín Jónsdóttir hefði verið í góðri trú, er hún seldi tékkana fyrir ákærða. Ákærði gerði engar athugasemdir við framburð Kristínar, en ákærða var kynntur framburður hennar. Ákærði staðfesti þessa skýrslu sína fyrir dóminum í dag.

Niðurstöður.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa framið alla þá háttsemi, sem ákært er út af, nema ákærði kveðst ekki hafa gefið út tékka nr. 3, 5 og 6, en ákærði hafði áður viðurkennt þá háttsemi hjá lögreglunni og borið efnislega á sama veg um þá þrjá tékka sem og um aðra tékka, er bornir voru undir ákærða hjá lögreglunni. Ákærði viðurkenndi fyrir dóminum að hafa fengið allt féð, er svikið var út, í sínar vörslur, en lögreglan hefði síðan lagt hald á féð. Framburður Kristínar Jónsdóttur hjá lögreglunni styður þá niðurstöðu, að ákærði hafi í raun gefið alla tékkana út og fengið allt féð í sínar vörslur, svo sem ákærði hefur reyndar borið fyrir dóminum. Dóminum þykir með vísan til þessa og málavaxta að öðru leyti nægilega sannað, að ákærði hafi framið alla þá háttsemi, er honum er gefin að sök í ákærunni, og þykir hinn órökstuddi breytti framburður ákærða varðandi tékka nr. 3, 5 og 6 þar engu máli skipta.

Brot ákærða eru rétt heimfærð til refsiákvæða í ákærunni.

Lögreglan lagði 21. nóvember 1989 hald á kr. 255.300 í vörslum ákærða, en mestur hluti þess fjár er fé, er ákærði sveik út með þeim tékkum, er ákært er út af í máli þessu.

Ákærði hefur frá árinu 1983 hlotið 5 refsidóma fyrir brot gegn 1. mgr. 155., 244., 248., 1. mgr. 259. gr. alm. hgl. og fyrir brot gegn umferðarlögum og þar m.a. hlotið samtals 33 mánaða óskilorðsbundið fangelsi. Þá hefur ákærði frá árinu 1984 gengist undir 4 dómsáttir fyrir umferðar- og áfengislagabrot og fyrir brot gegn fíkniefnalöggjöfinni.

Refsing ákærða er hér ákvörðuð með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga og þykir hæfilega ákvörðuð fangelsi í fjóra mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómsorð:

Ákærði, Jökull Ægir Friðfinnsson, sæti fangelsi í 4 mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Mánudaginn 3. júní 1991.

Nr. 479/1989. **Guðbrandur Geirsson**
(Jón Oddsson hrl.)
gegn
Landsbanka Íslands
(Guðmundur Pétursson hrl.),
Húsum og lögnum h/f,
Steintaki h/f,
Sparisjóði Mýrasýslu,
Samvinnulífeyrissjóðnum,
Baldri Konráðssyni,
Benedikt Eyjólfssyni
f.h. Bílabúðar Benna,
Kreditkortum h/f,
bæjarsjóði Borgarness,
Hreðavatnsskála h/f,
Arelíusi Dagbjarti Sigurðssyni
(Guðmundur Pétursson hrl.)
og
Rúnari Guðjónssyni, sýslumanni
Mýra- og Borgarfjarðarsýslu,
sem innheimtumanni ríkissjóðs og
uppboðshaldara.

Ómerking. Heimvísun. Uppboð. Vanhæfi dómara.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason og Hjörtur Torfason, Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari, og Björn Þ. Guðmundsson prófessor.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. desember 1989 að fengnu áfrýjunarleyfi 22. nóvember sama ár samkvæmt heimild í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð, sbr. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Hann gerir þær dómkröfur, „að hið áfrýjaða nauðungaruppboð verði úr gildi fellt, því hrundið og synjað verði um framgang þess að öllu leyti eða að hluta til. Þá gerir áfrýjandi kröfur um málskostnað fyrir Hæstarétti, ... in solidum úr hendi stefndu, ...“

Arelíus Dagbjartur Sigurðsson og Landsbanki Íslands gera þær kröfur, að staðfest verði nauðungaruppboð það, sem fram fór 11. október 1989 á eign áfrýjanda, Þorsteinsgötu 4, Borgarnesi. Þá krefjast þeir málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Af hálfu annarra stefndu hafa ekki verið hafðar uppi kröfur fyrir Hæstarétti.

I.

Með bréfi, dagsettu 30. mars 1988, til sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu var þess krafist af hálfu Samvinnulífeyrissjóðsins í Reykjavík, að húseignin Þorsteinsgata 4 í Borgarnesi, eign áfrýjanda, yrði seld á nauðungaruppboði til lúkningar á skuld samkvæmt veðskuldabréfi, að eftirstöðvum 19.500 krónur. Síðar komu fram fleiri beiðnir um nauðungaruppboð á eigninni.

Málið var fyrst tekið fyrir í uppboðsrétti Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 15. ágúst 1988, og var því frestað til 20. október 1988. Á uppboðsþingi þann dag var m.a. fært til bókar: „Af hálfu uppboðsbeiðenda er mættur Gísli Kjartansson hdl. og einnig af hálfu Sparisjóðs Mýrasýslu, en af hálfu uppboðsþola mætir enginn.

Uppboðshaldari kynnti uppboðsskilmála, og komu engar athugasemdir. Uppboðshaldari leitaði tilboða í eignina. Gísli Kjartansson hdl. bauð kr. 500.000 f.h. Jóhanns Péturs Sveinssonar hdl. Fleiri boð komu ekki, og var sölutilraunum hætt.

Ákveðið var, að 2. og síðara nauðungaruppboð á eigninni færi fram mánudaginn 12. desember n.k. kl. 11.00.“

Málið var síðan tekið fyrir 12. desember 1988 og 9. febrúar, 16. mars, 12. apríl, 8. júní og 14. september 1989. Á uppboðsþinginu síðastgreindan dag var m.a. fært til bókar:

„Fyrir var tekið: Að selja á öðru og síðara nauðungaruppboði fasteignina Þorsteinsgötu 4, Borgarnesi ...

Uppboðið er auglýst í 75., 89. og 93. tbl. Lbbl. 1988 og blaðinu DV 8. júní sl.

Af hálfu uppboðsbeiðenda er mættur Gísli Kjartansson hdl., sem mætir einnig fyrir veðhafa, Sparisjóð Mýrasýslu. Af hálfu uppboðsþola er enginn mættur. ...

Uppboðshaldari óskaði eftir boðum í framangreinda eign. Þessi boð komu fram: Gísli Kjartansson hdl. bauð kr. 500.000 f.h. Jóhanns Péturs Sveinssonar hdl. Fleiri boð komu ekki. ...

Að kröfu uppboðsaðila var ákveðið, að þriðja og síðasta uppboð færi fram á eigninni miðvikudaginn 11. október kl. 14.00 ...“

Á uppboðsþingi 11. október 1989 var fyrir tekið að „halda 3ja og síðasta nauðungaruppboð á fasteigninni ...“ Var þá m.a. lögð fram uppboðsbeiðni Sparisjóðs Mýrasýslu til lúkningar á skuld að fjárhæð 500.000 krónur, sem tryggð var með 5. veðrétti í fasteigninni. Uppboðshaldari leitaði tilboða í eignina, og var hæstbjóðandi stefndi, Arelíus Dagbjartur Sigurðsson, sem bauð 2.500.000 krónur.

Öllum framangreindum þinghöldum í uppboðsréttinum stýrði Rúnar Guðjónsson sýslumaður.

II.

Sparisjóður Mýrasýslu átti veð í fasteigninni Þorsteinsgötu 4 og var einn af uppboðsbeiðendum. Fram er komið í málinu, að Rúnar Guðjónsson sýslumaður var í stjórn sparisjóðsins á þeim tíma, er hann fjallaði um mál þetta sem uppboðshaldari. Var hann því fyrirsvarsmaður stofnunar, sem var aðili uppboðsmálsins. Bar honum því að víkja sæti dómara í málinu, sbr. 1. tl. 36. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. 1. mgr. 37. gr. sömu laga. Ber þegar af þessari ástæðu að ómerkja hina áfrýjuðu uppboðsgerð og meðferð málsins frá og með þinghaldi 20. október 1988 og vísa málinu heim til löglegrar meðferðar.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hin áfrýjaða uppboðsgerð, sem fram fór 11. október 1989 á fasteigninni Þorsteinsgötu 4, Borgarnesi, eign áfrýjanda, Guðbrands Geirssonar, skal vera ómerk svo og meðferð uppboðsmáls þessa frá og með 20. október 1988, og er málinu vísað heim til löglegrar meðferðar.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.